Guðfinna Blöndal	64 649	
Guðlaug Magnúsdóttir	68 280	
Guðný Halldórsdóttir	32 325	
Guðný Sigurðardóttir	26 937	
Guðný Vigfúsdóttir	32 325	
Guðríður Sigurðardóttir	16 161	
Guðrún Guðnadóttir	26 937	
Guðrún Jóhannesdóttir	16 161	
Guðrún P. Jónsdóttir	41 031	
Guðrún Pálsdóttir	37 712	
Guðrún Ragúels	16 161	
Halldóra Þórðardóttir	20 518	
Helga Friðbjarnardóttir	32 325	
Helga Hinriksdóttir	26 937	
Helga Pétursdóttir	40 407	
Hildur Blöndal	102 534	
Hildur Sívertsen	67 344	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	40 407	
Hólmfríður Guðmundsdóttir	64 649	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	32 325	
Hulda Þ. Björnæs	32 370	
Indíana Sturludóttir	40 407	
Ingibjörg Björnsdóttir	21 342	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	40 407	
Ingibjörg Högnadóttir	16 161	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	48 488	
Ingibjörg Karlsdóttir	66 961	
Ingunn Hlíðar	25 692	
Ingveldur Ólafsdóttir	16 161	
Jakobína Thorarensen	26 937	
Jóhanna Vigfúsdóttir	16 161	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	29 459	
Jónína Ásmundsdóttir	15 703	
Jónína Gissurardóttir	39 225	

	Kr.	Kr.
Jónína Kristjánsdóttir	40 407	
Karen Louise Jónsson	40 407	
Katrín Ingibergsdóttir	29 459	
Katrín Sveinsdóttir	48 488	
Kolbrún Jónsdóttir	80 811	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	16 161	
Kristín Helgadóttir	15 703	
Kristín Pálmadóttir	32 325	
Kristín Pálsdóttir	26 937	
Kristjana Bjarnadóttir	15 703	
Kristjana G. Einarsdóttir	19 628	
Kristólína Kragh	16 161	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	25 883	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	21 550	
Lára Svansdóttir	16 161	
Lára M. Vigfúsdóttir	53 875	
Lelia Stefánsson	80 811	
Lilja H. Arndal	53 875	
Lilja Jörundsdóttir	32 325	
Lilja Steinsen	94 280	
Lovísa Sveinbjörnsson	107 100	
Lydia Einarsson	67 344	
Mabel Sigurjónsson	53 875	
Magdalena Ásgeirsdóttir	16 161	
Málfríður Bjarnadóttir	16 161	
Margrét Árnadóttir	40 407	
Margrét Björnsdóttir	20 554	
Margrét Eyjólfsdóttir	32 325	
Margrét Guðbrandsdóttir	48 488	
Margrét Jónasdóttir	67 344	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	65 426	
Margrét L. Lárusdóttir	16 161	
Marta Oddsdóttir	16 161	
Melitta Urbancic	25 692	
Ólafía Finnbogadóttir	16 161	
Olga E. Jónsson	30 493	
Ólöf Bjarnadóttir	42 691	
Petrína Ottesen	40 406	
Ragnheiður Hafstein	64 649	
Ragnheiður Konráðsdóttir	26 937	
Rósa Þórarinsdóttir	26 937	
Sigríður Árnadóttir	96 974	
Sigríður Bjarnason	68 515	
Sigríður Einarsson	105 205	
Sigríður Gísladóttir	16 161	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	52 018	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	17 151	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	32 325	
Sigrún Sigurbjörnsdóttir	40 407	
Sigrún Thorarensen	21 550	
Sigurbjörg Jónsdóttir	16 291	
Sigurlaug Jónsdóttir	40 407	
Sigurlaug Sigurðardóttir	32 325	

	Kr.	Kr.
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	30 493	
Sólveig Eggerz	90 433	
Stefanía Stefánsdóttir	33 543	
Steinunn P. Eyjólfsson	18 178	
Steinunn Tómasdóttir	26 937	
Svanborg Jónsdóttir	15 727	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	26 937	
Sveindís Hansdóttir	16 161	
Unnur Skúladóttir	65 426	
Valgerður Helgadóttir	26 976	
Valgerður Ólafsdóttir	24 397	
Vigdís Guðmundsdóttir	32 325	
Þóra Magnúsdóttir	21 550	
Þóra Sigfúsdóttir	16 161	
Þóra Sigurðardóttir	16 161	
Þóra Skaftason	16 161	
Þorbjörg Kjartansdóttir	40 407	
Þorbjörg Leifs	32 325	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	24 244	
Þórey Jóhannsdóttir	16 161	
Þórhildur Sveinsdóttir	16 161	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur	16 161	
Verðlagsuppbætur	1 138 000	
Samtals		6 173 804

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem endanlega var gengið frá fjárlagafrumvarpinu í lok ágústmánaðar, mótast það að sjálfsögðu af þeim horfum, sem þá voru um þróun í verðlagsmálum og launamálum. Þótt þá væri að vísu fyrirsjáanlegt, að sú þróun yrði með þeim hætti, að afkomu atvinnuvega yrði stefnt í hættu, ef sérstakar ráðstafanir yrðu ekki gerðar til þess að hafa hemil á verðlagsþróuninni, og viðræður væru um það leyti að hefjast milli ríkisstjórnar og samtaka launþega og vinnuveitenda um nauðsynlegar aðgerðir, þá var ekki auðið við gerð fjárlagafrumvarpsins að hafa hliðsjón af væntanlegum efnahagsaðgerðum. Kemur því frumvarpið til endurskoðunar undir meðferð þess í fjárveitinganefnd, þegar niðurstöður eru fengnar um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frumvarpið gefur hins vegar eftirtektarverða mynd af áhrifum hinna miklu launa- og verðlagshækkana á hag ríkissjóðs. Er um mjög miklar hækkanir að ræða bæði tekna og gjalda megin, og sé gert ráð fyrir því, að atvinnuvegirnir geti án beinnar aðstoðar ríkissjóðs staðið undir hinni miklu hækkun rekstrarkostnaðar, þá á ríkissjóður að geta mætt sínum útgjaldaauka án nýrra skatta.

Rúmlega þriðjungur útgjaldaaukningar ríkissjóðs stafar af hækkun launagjalda, en óbeint má segja, að launahækkanirnar valdi meginhluta allrar útgjaldaaukningarinnar, svo sem hækkun almannatrygginga og allra venjulegra rekstrarkostnaðarliða. Stafar hækkun gjalda að engu leyti af því, að slakað hafi verið á aðhaldi að ríkisstofnunum, og fjárbeiðnir bæði stofnana og ráðuneyta voru mjög verulega skornar niður. Hins vegar verða verulegar hækkanir vegna lögákveðinna útgjalda, m. a. vegna lagaákvæða frá síðasta þingi.

Ekki er í frumvarpinu áætlað neitt fé til að mæta launahækkunum vegna kjarasamninga við opinbera starfsmenn, sem nú standa yfir. Var ógerlegt að gera sér nokkra grein fyrir niðurstöðum þeirra samninga, þegar frumvarpið var samið. Á því stigi var heldur ekki hægt að áætla útgjöld vegna harðindaaðstoðar við bændur.

Með frumvarpinu fylgja drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1971. Er það fyrst og fremst gert til upplýsingar um viðfangsefni, sem þörf verði að afla fjár til auk framkvæmdafjár í fjárlögum, en ekki til endanlegrar ákvörðunar, því að framkvæmdaáætlunin mun að venju síðar verða lögð fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu.

Hér fer á eftir yfirlit um heildarbreytingar frá fjárlögum ársins 1970, sundurliðaðar í meginþætti og síðan sundurliðaðar skýringar á öllum einstökum breytingaliðum, auk ýmissa annarra upplýsinga, til þess að gera þingmönnum sem auðveldast að átta sig á frumvarpinu.

Yfirlit og samanburður við fjárlög 1970.

Gjaldahlið.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi nema 10 039 916 þús. kr. á móti 8 187 384 þús. kr. á fjárlögum ársins 1970. Nemur heildarhækkunin því 1 852 532 þús. kr., eða 22.6%, þar af er hækkun sérst. tekjustofna, sem ráðstafað er til vissra aðila eða verkefna 244 092 þús. kr., eða 14.1%. Hækkun eiginlegra rekstrarútgjalda ríkissjóðs, þ. e. að frátöldum ráðstöfuðum tekjustofnum, nemur þannig 1 608 440 þús. kr., eða 24.9% frá fjárlögum 1970. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð á fjárlögum 1970 og fjárlagafrumvarpi 1971:

	Fjárlög '70 Þús. kr.	Frumvarp '71 Þús. kr.	Hækkun Þús. kr.	Hækkun %
Útgjöld á rekstrarreikningi	8 187 384	10 039 916	1 852 532	22.6
Fyrirfr. ráðst. tekjustofnar	1 726 300	1 970 392	244 092	14.1
Útgj. án ráðst. tekjustofna	6 461 084	8 069 524	1 608 440	24.9

Í samræmi við lög nr. 73/1969 og reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, hafa orðið allverulegar breytingar frá fyrra ári á uppsetningu fjárlagafrumvarps. Eru þær fólgnar í fjölgun ráðuneyta og skiptingu stofnana og málefnaflokka á einstök ráðuneyti. Röð ráðuneyta í frumvarpinu er þó látin haldast eins og unnt er frá því sem áður var.

Í fjárlagafrumvarpinu er tekið tillit til þeirra launahækkana, sem orðið hafa frá síðustu áramótum til 1. september og þeirri hækkun dreift á einstakar stofnanir. Er hér um að ræða 3% meðaltalshækkun, er varð í marz 1970, 2.6% í júní, 15% í júlí og 4.2% í september. Þar að auki er á sérstökum fjárlagalið undir fjármálaráðuneytinu áætluð upphæð vegna væntanlegrar verðlagsuppbótar á laun hinn 1. desember nk., svo og vegna áætlaðra verðlagsuppbóta á árinu 1971, sem gert er ráð fyrir, að dreift verði á einstakar stofnanir, áður en fjárlög verða samþykkt á Alþingi, en þá verður áætlunargrundvöllur orðinn skýrari. Hins vegar er ekki tekin með nein áætlunarupphæð vegna væntanlegra breytinga á launum opinberra starfsmanna, þar eð allt er í óvissu um niðurstöðu kjarasamninga þeirra, er standa yfir milli B.S.R.B. og fjármálaráðuneytisins, þegar þetta er skrifað. Er því einnig gert ráð fyrir viðeigandi breytingum í meðförum þingsins, þegar niðurstaða er fengin, sem verða mun í síðasta lagi 1. desember nk.

Eins og fyrr segir hækka eiginleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs skv. frumvarpinu um rösklega 1 608 millj. kr., eða 24.9%, og skiptist hækkunin í meginatriðum þannig:

	Millj. kr.	%
Launahækkanir á yfirstandandi ári og áætluð vísitöluuppbót árið 1971	580	9.0
Framlag til almannatrygginga	359	5.5
Uppbætur á útfl. landbúnaðarafurðir	90	1.4
Bygging skólamannvirkja	70	1.1
Byggingasjóður verkamanna	48	0.8
Fiskveiðasjóður	35	0.5
Lánasjóður ísl. námsmanna	33	0.5
Framlög vegna togaralána	30	0.5
Nettóhækkun á öllum öðrum liðum	363	5.6
Samtals	1 608	24.9

Sé litið á breytingu einstakra útgjaldaflokka eftir þeirri meginskiptingu, sem gerð er í fjárlögum, sbr. 1. töflu í sérstökum yfirlitum hér að framan, er hundraðshlutaaukning hvers útgjaldaflokks frá fjárlögum 1970, að meðtöldum ráðstöfuðum tekjustofnum, sem hér segir:

		Hækkun í % frá fjárlögum 1970
0 10	Laun	42.4
0 20	Önnur rekstrargjöld	11.0
0 27	Viðhald	11.5
0 70	Vextir	+ 15.0
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	21.2
0 90	Yfirfærslur:	
91	Til fyrirtækja í B-hluta	20.9
92	Til sveitarfélaga	6.1
93	Til fyrirtækja og atvinnuvega	17.4
94	Til einstaklinga og samtaka	17.1
	Heildarhækkun	22.4

Loks sýnir eftirfarandi yfirlit aukningu útgjalda frá fjárlögum 1970 í hundraðshlutum, eftir hagrænu eðli, sbr. 4. töflu í kaflanum um sérstök yfirlit:

	Hækkun í % frá fjárl. 1970	
Kaup á vörum og þjónustu		28.0
Samneyzla	29.5	
Fjárfesting	21.2	
Tilfærslur		19.0
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	14.7	
Fjármagnstilfærslur	29.9	
Heildarhækkun		22.4

Verður nú gerð frekari grein fyrir því, í hverju breyting útgjalda í einstökum málefnaflokkum er fólgin frá fjárlögum 1970. Verður þar og sérstaklega getið, að hve miklu leyti tekjustofnar, sem fyrirfram er ráðstafað, hafa áhrif á útgjaldaþróunina árið 1971, og auk þess verður gerð grein fyrir heildaráhrifum launahækkana og verðlagsuppbóta á laun. Á eftir þessum hluta greinargerðarinnar verður fjallað nákvæmar um fjárreiður hinna ýmsu stofnana og breytingar á fjárveitingum til einstakra málefna. Ekki þykir þó ástæða til að rekja þar áhrif launahækkana og verðlagsuppbóta á útgjöld einstakra stofnana, en látið nægja að geta þess, þegar útgjaldabreytingar stafa af öðrum orsökum, svo sem breytingu á mannahaldi eða starfsemi stofnana að öðru leyti.

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Heildarhækkun á þessum lið nemur 10.5 m.kr. Launahækkanir og verðlagsuppbætur á laun eru 11.7 m.kr., en lækkun verður hjá Alþingi, þar sem niður fellur kostnaður vegna þings Norðurlandaráðs.

01 Forsætisráðuneytið. Útgjöld stofnana, er heyra undir forsætisráðuneytið, hækka um 6.7 m.kr., þar af eru launahækkanir og verðlagsuppbætur 2.2 m.kr. Á aðalskrifstofu ráðuneytisins er tekin inn sérstök fjárveiting, 5.0 m.kr., til nauðsynlegra breytinga á Arnarhvoli vegna hinna nýju ráðuneyta, en ráðgert er, að starfsemi tollstjóra og Hagstofu Íslands flytjist í annað húsnæði á árinu. Á hinn bóginn lækkar fjárveiting til húsameistara ríkisins um 1.5 m.kr., einkum vegna þess, að byggingaeftirlitið verður hluti af framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins í samræmi við lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Að öðru leyti eykst kostnaður við stofnanir ráðuneytisins um samtals 1.0 m.kr.

02 Menntamálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra, í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	7.6	—
Fræðslumál	436.4	13.5
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	22.8	÷4.9
	466.8	8.6

Yfirstjórn. Verðlagsuppbætur á laun nema 3.0 m.kr. Að öðru leyti er um að ræða aukningu kostnaðar við skólarannsóknir, 2.3 m.kr., vegna útfærslu á starfsemi og við aðalskrifstofu ráðuneytisins, 1.9 m.kr., sökum vanáætlunar í fjárlögum 1970. Þá hækkar kostnaður við fjármáladeild um 1.7 m.kr., en deildin tekur við starfsemi fjármálaeftirlits skóla, og loks lækkar kostnaður við byggingadeild um 1.3 m.kr., þar sem byggingaeftirlitsstarfsemi færist til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins skv. lögum um skipan opinberra framkvæmda.

Fræðslumál. Í þessum málaflokki nema launahækkanir og verðlagsuppbætur á laun samtals 199.6 m.kr., eða því nær helmingi heildarhækkunarinnar. Að öðru leyti er um eftirtaldar breytingar að ræða í meginatriðum: Kostnaður við skyldunámsstigið, barna- og gagnfræðaskóla, hækkun um 74.9 m.kr., er skiptist þannig, að kennslumagns- og almenn rekstrarkostnaðaraukning nemur 46.3 m.kr., hækkun byggingaframlaga 23.1 m.kr. og viðhalds 5.5 m.kr. Fjárveiting til Háskóla Íslands eykst um 47.8 m.kr., þar af byggingarframlag 30.0 m.kr. og 17.8 m.kr. einkum vegna fjölgunar kennaraliðs í samræmi við nýsettar reglugerðir um einstakar deildir háskólans. Framlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna hækkar um 32.6 m.kr. vegna aukningar á námsaðstoð, sbr. nánari greinargerð í næsta hluta hér á eftir. Kostnaður við menntaskólana eykst um 31.7 m.kr., þar af rekstur 16.3 m.kr. sökum sívaxandi nemendafjölda, og byggingaframlög 15.4 m.kr. Kostnaður við ríkisútgáfu námsbóka hækkar um 15.0 m.kr., annars vegar vegna nýrra verkefna í nánum tengslum við skólarannsóknir og hins vegar vegna mikillar hækkunar á prentkostnaði. Tveir þriðju hlutar þessarar hækkunar eru bornir uppi af námsbókagjaldi, sem telst til ráðstafaðra tekjustofna og hækkar um 10.0 m.kr. Fjárveiting til iðnskóla hækkar um 9.9 m.kr., þar af rekstur 5.1 m.kr. og byggingar 4.8 m.kr. Framlög til Heyrnleysingjaskólans hækka um 6.5 m.kr., að mestu vegna húsbyggingar, og til fræðslumálaskrifstofunnar um 5.0 m.kr., einkum vegna aðstoðar við að jafna námsaðstöðu, kennaranámskeiða og framkvæmdar sundskyldu í skólum. Þá hækkar fjárveiting til vélskólans um 5.0 m.kr. og til tækniskólans um 4.8 m.kr. vegna mikillar kennslumagnsaukningar, og loks hækkar framlag til byggingasjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna um 3.5 m.kr., en hér er um ráðstafaðan tekjustofn að ræða, — einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Á þessum lið kemur fram 22.8 m.kr. hækkun, þar af 12.6 m.kr. vegna verðlagsuppbóta á laun. Þar fyrir utan hækkar framlag til félagsheimilasjóðs um 6.0 m.kr., framlög til lista um 2.1 m.kr. og til ýmissa annarra liða um 7.0 m.kr., en á fyrirfram ráðstöfuðum tekjustofnum kemur fram 4.9 m.kr. lækkun.

03 Utanríkisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyting frá fjárl. 1970
Yfirstjórn	5.4
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	6.2
Sendiráð	11.1
Alþjóðastofnanir	0.8
Samtals	23.5

Yfirstjórn. Af hækkuninni, 5.4 m.kr., eru 2.0 m.kr. vegna verðlagsuppbóta á laun. Að öðru leyti stafar hækkunin af vanáætluðum rekstrarkostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins, svo sem nánar er skýrt í næsta hluta greinargerðarinnar, og auknum kostnaði við þátttöku í alþjóðaráðstefnum.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Verðlagsuppbætur á laun nema 5.1 m.kr., en að öðru leyti er einkum um að ræða kostnað við nauðsynlega viðgerð á kyndistöð o. fl.

Sendiráðin. Meginorsök hækkunarinnar, 11.1 m.kr., er sú, að nú er í fyrsta sinn tekin inn fjárveiting til rekstrar sendinefndar Íslands hjá EFTA í Genf, sem áætluð er 4.4 m.kr. Þá nema verðlagsuppbætur á laun vegna verðhækkana í viðkomandi löndum samtals 2.7 m.kr., og gert er ráð fyrir 1.2 m.kr. fjárveitingu til nauðsynlegra breytinga á sendiherrabústaðnum í Kaupmannahöfn. Hækkun af öðrum orsökum nemur samtals 2.8 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	0.7	—
Búnaðarmál	131.6	0.3
Skólar	6.0	—
Samtals	138.3	0.3

Yfirstjórn. Hækkunin, 0.7 m.kr., á að mestu rætur að rekja til verðlagsuppbóta á laun.

Búnaðarmál. Af heildarhækkuninni, sem verður á þessum málefnaflokki, 131.6 m.kr., nema verðlagsuppbætur á laun 13.1 m.kr. Þá hækka uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir um 90.0 m.kr., jarðræktarframlög um 17.3 m.kr., framlag til Landnáms ríkisins um 7.5 m.kr., til búfjárræktar 2.6 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 1.1 m.kr.

Önnur mál. Hér er um að ræða búnaðarskólana tvo og Garðyrkjuskólann á Reykjum. Verðlagsuppbætur nema 2.0 m.kr., en að öðru leyti hækka byggingaframlög um 2.0 m.kr. og ýmsir rekstrarliðir um 1.1 m.kr. Þá lækka áætlaðar eigin tekjur um 0.9 m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið. Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða þessar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	2.0	—
Útvegsmál	35.9	2.8
Önnur mál	2.4	—
Samtals	40.3	2.8

Yfirstjórn. Verðlagsuppbætur á aðalskrifstofu ráðuneytisins nema 0.8 m.kr., en að öðru leyti er hækkunin fólgin í fjölgun starfsfólks og auknum nefndakostnaði, svo og hækkun rekstrarkostnaðar, samtals 1.2 m.kr. Hér er um nýtt ráðuneyti að ræða.

Útvegsmál. Verðlagsuppbætur á þessum lið nema 13.8 m.kr. Framlag til Fiskveiðasjóðs, sem nú er tekið upp að nýju, er 35.0 m.kr., og kostnaður við rekstur Hafrannsóknastofnunar eykst um 2.7 m.kr. Á móti lækka framlög til aflatryggingarsjóðs um 8.4 m.kr. vegna áhafnadeildar, til byggingarsjóðs hafrannsóknaskips um 6.8 m.kr. og á öðrum liðum verður 0.4 m.kr. nettólækkun.

Önnur mál. Hér er um að ræða skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna, og af heildarhækkuninni, 2.4 m.kr., nema verðlagsuppbætur 1.1 m.kr. Að öðru leyti skýrist hækkunin af auknu viðhaldi og öðrum sameiginlegum kostnaði rannsóknastofnana atvinnuveganna á Keldnaholti, sem færist á skrifstofuna.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyting frá fjárl. 1970
Yfirstjórn	3.4
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	78.6
Kirkjumál	13.0
Samtals	95.0

Yfirstjórn. Hér nema verðlagsuppbætur 1.7 m.kr., sérstök fjárveiting vegna Alþingiskosninga 2.5 m.kr., en nettólækkun á öðrum liðum nemur 0.8 m.kr.

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Af þeirri 78.6 m.kr. hækkun, sem verður á þessum lið, nema verðlagshækkanir 57.4 m.kr. Kostnaður við embætti bæjarfógeta og sýslumanna hækkar um samtals 4.1 m.kr. Framlag til bifreiðaeftirlits hækkar um 6.3 m.kr., einkum vegna nýbyggingar, og hækka skoðunargjöld á móti. Fjárveiting til almannavarna hækkar um 3.8 m.kr., til landhelgisgæzlu um 2.0 m.kr. vegna tækjakaupa og til útgáfu nýs lagasafns um 2.2 m.kr. Loks nemur nettóhækkun á öðrum liðum 2.8 m.kr.

Kirkjumál. Verðlagsuppbætur á laun nema 10.0 m.kr., og framlag til kristnisjóðs hækkar um 1.2 m.kr. Aðrir liðir hækka um samtals 1.8 m.kr.

07 **Félagsmálaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	÷ 0.1	—
Húsnæðismál	168.5	120.2
Önnur félagsmál	16.2	31.5
Samtals	184.6	151.7

Húsnæðismál. Hækkun framlags til húsnæðismála stafar því nær eingöngu af hækkun þeirra föstu tekjustofna, er renna til byggingasjóðs ríkisins, eða 120.2 m.kr., og af hækkuðu framlagi til byggingasjóðs verkamanna skv. nýjum lögum um húsnæðismál, 47.9 m.kr.

Önnur félagsmál. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 16.2 m.kr., en þar sem ráðstafaðir tekjustofnar hækka um 31.5 m.kr., lækkar raunverulegt ríkisframlag í þrengri merkingu um 15.3 m.kr. Hækkun markaðra tekjustofna er sem hér segir: álgjald til atvinnujöfnunarsjóðs 21.8 m.kr., erfðafjárskattur til erfðafjársjóðs 3.0 m.kr., flöskugjald til styrktarsjóðs vangefinna 3.0 m.kr., skipulagsgjald til skipulagsstjóra 2.9 m.kr., sælgætisgjald til styrktarsjóðs fatlaðra og til aðstoðar við blinda 0.3 m.kr., gjald af seldum eldspýtum til styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 0.3 m.kr. og gjald af seldum vindlingum til Slysavarnafélags Íslands 0.2 m.kr. Helztu breytingar á ríkissjóðsframlögum í þrengri merkingu eru þær, að sérstakt framlag til atvinnujöfnunarsjóðs lækkar um 20.0 m.kr., framlag til lífeyrissjóða verkalýðsfélaga hækkar um 2.8 m.kr. og aðrir liðir hækka um samtals 1.9 m.kr.

08 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	3.9	—
Tryggingamál	406.7	48.2
Heilbrigðismál	90.3	2.2
Önnur mál	0.5	—
Samtals	501.4	50.4

Yfirstjórn. Þar sem hér er um nýtt ráðuneyti að ræða, kemur kostnaðurinn nú í fyrsta sinn inn á fjárlög, en aftur á móti er gert ráð fyrir nokkurri lækkun á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, svo sem skýrt er í næsta hluta greinargerðarinnar.

Tryggingamál. Útgjaldaaukning vegna almannatrygginga, þ. m. t. atvinnuleysistryggingar, nemur 406.7 m.kr. Sú tala inniheldur hlut hinna tryggðu og atvinnu-

rekenda, 48.2 m.kr., þannig að útgjaldaaukningin í þrengri merkingu nemur 358.5 m.kr. Skiptist hún þannig, að 135.4 m.kr. eru vegna lífeyristrygginga, 199.6 m.kr. vegna sjúkratrygginga og 23.5 m.kr. vegna atvinnuleysistrygginga, sbr. nánari skýringar síðar.

Heilbrigðismál. Af heildarhækkuninni, 90.3 m.kr., nema verðlagsuppbætur á laun 13.1 m.kr. Nettóframlag til ríkisspítalanna hækkar um 60.1 m.kr., þar af byggingar 30.8 m.kr. og rekstur 29.3 m.kr. Þeirri meginreglu hefur verið fylgt að samþykkja einungis fjölgun starfsfólks, þegar um opnun nýrra sjúkradeilda er að ræða. Útgjaldaaukningin er í raun mun meiri en þessar tölur gefa til kynna, þar sem reksturinn er að verulegu leyti fjármagnaður með daggjöldum. Kostnaður við framfærslu fávita hækkar um 12.5 m.kr. og aðrir liðir um samtals 2.4 m.kr. Loks nemur hækkun ráðstafaðra tekjustofna samtals 2.2 m.kr., þ. e. hluti flöskugjalds til Hjartaverndar 1.0 m.kr., samúðarskeyti landssímans til minningarsjóðs Landspítalans 0.8 m.kr., sérlyfjagjald til sérlyfjaeftirlits 0.2 m.kr. og hluti gjalds af seldum vindlingum til Krabbameinsfélags Íslands 0.2 m.kr.

09 **Fjármálaráðuneytið.** Á málefnaflokkum, sem undir þetta ráðuneyti heyra, verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	5.4	—
Toll- og skattheimta	30.7	3.0
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	11.6	—
Önnur mál	222.1	1.0
Samtals	269.8	4.0

Yfirstjórn. Af þeirri 5.4 m.kr. hækkun, sem fram kemur á þessum málefnaflokki, stafa 3.9 m.kr. af verðlagsuppbótum á laun, en að öðru leyti er um að ræða almenna rekstrarkostnaðarhækkun.

Toll- og skattheimta. Verðlagsuppbætur nema samtals 25.1 m.kr., önnur kostnaðaraukning skattstofanna, þ. m. t. ríkisskattstjóri, 2.3 m.kr., framlag til byggingar tollstöðvar, þ. e. tollstöðvargjald af innflutningi, hækkar um 3.0 m.kr. og aðrir liðir um samtals 0.3 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Hér er eingöngu um að ræða verðlagsuppbætur.

Önnur mál. Verðlagsuppbætur í þessum málefnaflokki nema 1.5 m.kr., en að öðru leyti verða eftirtaldar breytingar: Inn er tekin sérstök fjárveiting til að standa undir áætluðum verðlagsuppbótum á laun í des. nk. og á árinu 1971, 150.0 m.kr., nýr liður vegna togaralána að fjárhæð 30.0 m.kr. Vextir af lánum ríkissjóðs hækka um 26.5 m.kr., framlag til ríkisábyrgðasjóðs hækkar um 15.0 m.kr., fjárveiting til starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins skv. lögum um skipan opinberra framkvæmda nemur 4.7 m.kr., þar af tilfærsla af öðrum stofnunum 2.5 m.kr., og loks nemur nettóhækkun á öðrum liðum 0.6 m.kr. Á hinn bóginn lækka framlög til greiðslu á dagblöðum um 2.9 m.kr., til fasteignamats um 2.3 m.kr. og til endurnýjunar ríkisbifreiða um 1.0 m.kr., sbr. nánari skýringar í næsta hluta greinargerðarinnar.

10 **Samgönguráðuneytið.** Málefnaflokkar, sem tilheyra þessu ráðuneyti, breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	1.2	—
Vegamál	14.1	20.3
Önnur samgöngumál	54.9	1.0
Samtals	70.2	21.3

Yfirstjórn. Verðlagsuppbætur eru 0.4 m.kr. og aðrar hækkanir 0.8 m.kr.

Vegamál. Hækkun til vegamála skv. yfirlitinu hér að framan er 14.1 m.kr., en þar sem ráðstafaðir tekjustofnar hækka um 20.3 m.kr. felur það í sér 6.2 m.kr. lækkun á framlagi ríkissjóðs. Hér er þó ekki um raunverulega lækkun að ræða, heldur er framlag til Kísilvegar, sem var 7.0 m.kr. árið 1970, fært yfir á lánahreyfingar, og sérstakir styrkir til bættrar þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl. hækka um 0.8 m.kr.

Önnur samgöngumál. Af heildarhækkuninni á þessum lið, 54.9 m.kr., nema verðlagsuppbætur 23.4 m.kr. Að öðru leyti hækka fjárveitingar til flugmála um 15.2 m.kr., einkum vegna aukinna framkvæmda og lánaendurgreiðslna, til veðurstofu vegna byggingar um 5.8 m.kr., til endurgreiðslu landshafnalána um 4.5 m.kr. og til ferðamálasjóðs um 4.0 m.kr. Nettóhækkun á öðrum liðum er 2.0 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Málefnaflokkar á vegum iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1970	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	1.5	—
Iðnaðarmál	17.9	2.5
Orkumál	22.4	2.6
Samtals	41.8	5.1

Yfirstjórn. Verðlagsuppbætur nema 0.4 m.kr., en að öðru leyti er fyrst og fremst um að ræða mannaflaaukningu í þessu nýja ráðuneyti.

Iðnaðarmál. Heildarhækkunin, 17.9 m.kr., skýrist þannig: Verðlagsuppbætur 3.8 m.kr., framlag til Iðnlánasjóðs 5.0 m.kr., mótframlag vegna væntanlegrar tækniaðstoðar frá S. þ. nýr liður, 6.0 m.kr., og heildarhækkun annarra liða 3.1 m.kr.

Orkumál. Verðlagsuppbætur í þessum málefnaflokki nema 6.5 m.kr. Fjárveiting til endurgreiðslu lána hjá Orkusjóði hækkar um 9.5 m.kr., til rafvæðingar í sveitum um 4.9 m.kr. og til Orkustofnunar, fyrir utan verðlagsuppbætur, um 1.4 m.kr.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Helztu breytingar á málefnaflokkum, er tilheyra viðskiptaráðuneytinu, eru þessar:

	Breyting frá fjárl. 1970
Yfirstjórn	1.3
Niðurgreiðslur	÷ 5.0
Annað	1.3
Samtals	÷ 2.4

Yfirstjórn. Á aðalskrifstofu ráðuneytisins eru verðlagsuppbætur á laun 0.8 m.kr. og aðrar hækkanir 0.5 m.kr.

Niðurgreiðslur. Áætlun um niðurgreiðslur á vöruverði árið 1971 er miðuð við óbreytta niðurgreiðsluupphæð pr. magneiningu, og stafar hækkunin, 5.0 m.kr., af áætlaðri neyzluminnkun miðað við reynslu ársins 1970.

13 **Hagstofa Íslands.** Af heildarhækkuninni, 2.5 m.kr., er 1.9 m.kr. verðlagsuppbætur á laun og 0.6 m.kr. vegna fyrirhugaðs flutnings í nýtt húsnæði.

14 **Ríkisendurskoðun.** Hækkunin, 3.3 m.kr., stafar af verðlagsuppbótum á laun, 2.3 m.kr., og fjölgun starfsfólks o. fl. 1.0 m.kr.

Tekjuhlið.

Efnahagsstofnunin hefur gert áætlun um tekjur ríkissjóðs árið 1971, sem byggð er á þjóðhagsspá stofnunarinnar fyrir það ár. Í höfuðdráttum er í þjóðhagsspánni gert ráð fyrir 5% vexti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna árið 1971 og 5—6% aukningu vöruútflutnings, þar af rösklega 4% aukningu sjávarvöruútflutnings. Vegna þeirrar aukningar rauntekna einstaklinga, sem varð við kjarasamningana í vor, er vöxtur einkaneyzlu og verðmætaráðstöfunar almennt áætlaður nokkru meiri en þetta eða 7—8%, og miðast aukning einkaneyzluútgjalda í tekjuáætluninni almennt við það. Að því er verðlagsþróunina varðar, er á þessu stigi ekki gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum til að hefta það, að áhrif kjarasamninganna í vor muni endurspeglast í verðlaginu.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 10 593.0 m.kr., en 8 397.0 m.kr. í fjárlögum 1970, og nemur hækkunin því 2 196.0 m.kr. eða 26.2%. Af heildartekjunum eru ráðstafaðir tekjustofnar á rekstrarreikningi og lánahreyfingum 1 999.8 m.kr. á móti 1 749.6 m.kr. í fjárlögum 1970, og er hækkun þeirra þannig 250.2 m.kr. eða 14.3%. Samkvæmt þessu hækka eiginlegar tekjur ríkissjóðs, þ. e. án ráðstafaðra tekjustofna, um 1 945.8 m.kr. eða 29.3%.

Persónuskattar. Gert er ráð fyrir, að persónuskattar hækki um 58.2 m.kr. frá fjárlögum 1970. Er þar annars vegar um að ræða almannatryggingagjöld, sem hækka um 48.2 m.kr., einkum vegna iðgjaldahækkana, sem orðið hafa, og hins vegar námsbókagjald, sem hækkar um 10.0 m.kr. vegna aukinnar starfsemi ríkisútgáfu námsbóka og hækkunar prentkostnaðar.

Eignarskattar. Áætluð hækkun eignarskatta er 17.8 m.kr., þar af eignarskattur einstaklinga 6.7 m.kr. og eignarskattur félaga 8.0 m.kr. Er hér að sjálfsögðu miðað við óbreytt fasteignamat. Þá hækkar erfðafjárskattur um 3.0 m.kr. á grundvelli reynslu síðasta árs.

Tekjuskattar. Hækkun tekjuskatta er áætluð 289.4 m.kr. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 222.5 m.kr., og er sú áætlun grundvölluð á 21.3% meðalhækkun kauptaxta frá ársmeðaltali 1969 til ársmeðaltals 1970. Þá er og miðað við hærra atvinnustig á síðara árinu vegna bætts atvinnuástands og fólksfjölgunar, þannig að atvinnutekjur og nettótekjur til skatts eru taldar munu hækka um 27%. Í áætluninni er og gert ráð fyrir, að skattvísitala hækki til jafns við meðaltekjur. Tekjuskattur félaga er áætlaður 64.0 m.kr. hærri en í fjárlögum 1970, en það er 74.5% hækkun og á rætur að rekja til bætts efnahagsástands almennt. Loks hækka byggingasjóðsgjöld af tekjuskatti um 2.9 m.kr.

Gjöld af innflutningi. Þessi gjöld eru áætluð 586.8 m.kr. hærri en í fjárlögum 1970. Gert er ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist um 10% á árinu, miðað við 7—8% almenna verðmætaráðstöfun skv. þjóðhagsspánni. Í upphaflegu fjárlagafrumvarpi ársins 1970 var gert ráð fyrir, að meðaltollhlutfall yrði 27%, en þá var ekki tekið tillit til tollalækkunar þeirrar, er átti sér stað við aðild Íslands að EFTA. Reynsla yfirstandandi árs bendir til þess, að meðaltollhlutfallið muni reynast 21.6%, en í áætlun ársins 1971 er gert ráð fyrir nokkurri hækkun þess, eða í 22.2%. Af heildarhækkuninni í þessum tekjuflokki nema aðflutningsgjöld í ríkissjóð 572.3 m.kr., innflutningsgjald af benzíni hækkar um 14.6 m.kr., en á öðrum liðum kemur fram 0.1 m.kr. nettólækkun.

Skattar af framleiðslu. Þessi flokkur skatta hækkar um 40.6 m.kr., þar af álgjald, þ. e. hluti atvinnujöfnunarsjóðs af framleiðslugjaldi álverksmiðjunnar í Straumsvík, 21.8 m.kr., innl. tollvörugjald 14.5 m.kr., flöskugjald 4.0 m.kr. og sælgætisgjald 0.3 m.kr.

Gjöld af seldum vörum og þjónustu. Meginhluti hækkunarinnar í þessum flokki, 1 048.6 m.kr., kemur fram í hækkuðum söluskatti, en hann er áætlaður 851.3 m.kr. hærri en í fjárlögum 1970. Auk þeirrar veltuaukningar, sem felst í þjóðhagsspánni

fyrir árið 1971, munar verulega um þá hækkun söluskattsins úr 7.5% í 11%, sem gerð var hinn 1. marz sl. Rekstrarhagnaður ÁTVR eykst um 114.4 m.kr. Er þá miðað við reynslu fyrra helmings þessa árs og líklega þróun til áramóta. Árið 1971 er gert ráð fyrir tæplega 8% aukningu að óbreyttu verði á áfengi og tóbaki. Launaskattur hækkar skv. áætluninni um 79.1 m.kr., og nettóhækkun annarra liða í þessum tekjuflokki nemur 3.8 m.kr.

Aðrir óbeinir skattar hækka um samtals 124.6 m.kr., og munar þar mest um stimpilgjöld 52.7 m.kr., bifreiðaskatt, sem rennur í vegasjóð, 17.2 m.kr., hluta af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna 16.9 m.kr., þinglýsingar 13.4 m.kr. og skoðunargjald bifreiða 6.1 m.kr. Aðrir skattar í þessum flokki hækka um samtals 18.3 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Arðgreiðslur frá fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli hækka um 5.5 m.kr., en greiðslur frá flugmálastjórn þar hækka um 0.6 m.kr., og hafa þá verið lagðar til hliðar 6.0 m.kr. til væntanlegs kostnaðar við rannsóknir og undirbúningsvinnu við nýja flugstöðvarbyggingu. Að öðru leyti er um óverulegar breytingar að ræða í þessum tekjuflokki.

Ýmsar tekjur. Á þessum lið kemur fram samtals 23.3 m.kr. hækkun, þar af 9.5 m.kr. greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu bæjarfógeta og sýslumanna vegna almannatrygginga. Áður hefur þessi greiðsla verið dregin frá framlagi ríkissjóðs til tryggginganna í fjárlögum, en eðlilegra er, að hún komi sérstaklega fram í tekjuhlið, og hækkar framlagið þá að sama skapi. Tekjur af sameignum ríkisins hækka um 5.0 m.kr., ýmsar óvissar tekjur um 4.3 m.kr. og aðrir liðir um samtals 4.5 m.kr.

Lánahreyfingar.

Lánahreyfingar út, þ. e. afborganir af lánum ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta, nema samtals 243 388 þús. kr. og lánahreyfingar inn, þ. e. innheimtar afborganir af skuldabréfum ríkissjóðs eru 3 800 þús. kr. Kemur þannig fram halli á lánajöfnuði að fjárhæð 239 588 þús. kr. Afborganir af lánum ríkissjóðs og ríkisstofnana hækka um 57 004 þús. kr. frá fjárlögum 1970, og sýnir eftirfarandi yfirlit samanburð á lánahreyfingum út þessi tvö ár:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '70	Fjárl.frv. '71	Mism.
01 902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	—	2	2
02 201	Háskóli Íslands	—	260	260
02 232	Rannsóknaráð ríkisins	—	792	792
02 301	Menntaskólinn í Reykjavík	573	573	—
02 302	Menntaskólinn á Akureyri	479	507	28
02 303	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	750	—
02 304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3 236	2 653	÷ 583
02 321	Kennaraskóli Íslands	1 598	814	÷ 784
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	320	865	545
02 501	Tækniskólinn	287	287	—
02 521	Hjúkrunarskóli Íslands	242	308	66
02 605	Alþýðuskólinn á Eiðum	115	—	÷ 115
02 769	Heyrnleysingjaskólinn	3 767	3 722	÷ 45
02 921	Þjóðgarðurinn, Skaftafelli	—	326	326
02 931	Náttúruverndarráð	326	—	÷ 326
03 305	Sendiráðið í Osló	37	37	—
03 307	Sendiráðið í Stokkhólmi	861	841	÷ 20

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '70	Fjárl.frv. '71	Mism.
03 308	Sendiráðið í Washington	233	224	÷ 9
03 309	Sendinefnd Íslands hjá S. þ.	1 047	1 107	60
04 206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	—	290	290
04 231	Skógrækt ríkisins	263	370	107
06 207	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	3 986	5 434	1 448
08 371	Landspítalinn	8 449	7 607	÷ 842
09 208	Skattstofa Suðurlands, Hellu	7	7	—
09 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Lán vegna eignakönnunar 1947	374	374	—
	Lán vegna Túngötu 7	—	733	733
	Handhafalán v. Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	—
	Handhafalán v. Skjaldbreiðareignar	750	750	—
	Seðlabankinn v. Skjaldbreiðareignar	800	800	—
	Seðlabankinn v. Drangsness	14	14	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 12	352	—	÷ 352
	Seðlabankinn v. Vonarstrætis 12	350	350	—
	Seðlabankinn v. lánadeildar smáíbúða	2 344	2 344	—
	Seðlabankinn v. framlags til I.D.A.	969	969	—
	Seðlabankinn v. Áburðarsölu	4 500	4 900	400
	Seðlabankinn v. skólabygginga í Reykjavík	—	5 000	5 000
	Seðlabankinn v. yfirdráttarskuldar	100 000	100 000	—
	Seðlabankinn v. framlags til Atvinnumálanefndar ríkisins	—	14 300	14 300
	Tryggingast. v. húsnæðis fyrir geðsjúklinga	—	150	150
	Brunabótafélag v. Seyðisfj.húsa	14	14	—
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v. Kjarvalshúss	—	75	75
	Landsb. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðjunni	200	200	—
	Sparisj. Reykjavíkur v. biskupsbúst.	—	35	35
	Framkvsj. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðjunni	—	3 390	3 390
	PL-480 v. hlutabréfakaupa í Kísiliðjunni	1 803	1 805	2
	Lán v. Landsvirkjunar, stofnframl.	—	4 555	4 555
	Landsb. á Selfossi v. prestsseturs í Vík	—	86	86
10 211	Vegagerð ríkisins	44 300	71 430	27 130
10 656	Landmælingar	200	250	50
11 201	Iðnaðarmálastofnun Íslands	788	788	—
11 299	Iðja og iðnaður, framlög	—	250	250
	Samtals	186 384	243 388	57 004

Meginbreytingarnar milli þessara tveggja ára eru þessar: Afborganir lána Vegagerðar ríkisins hækka um 27 130 þús. kr., þar af greiðir vegasjóður 600 þús. kr. vegna hækkaðs áætlaðs veggjalds af Reykjanesbraut, sem gengur til endurgreiðslu lána, sem á henni hvíla, og 5 500 þús. kr. vegna lána til Skeiða- og Þjórsárdalsvegar og Vestfjarðaáætlunar tekinna eftir árslok 1968. Mismunurinn, 21 030 þús. kr., fellur á ríkissjóð skv. ákvörðun í sambandi við vegáætlun. Þess skal getið, að hér eru ekki teknar inn endurgreiðslur af lánum Reykjanesbrautar, nema sá hluti, er vega-

sjóður stendur undir, en í drögum að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1971 er gert ráð fyrir fjáröflun í því skyni. Þá koma til afborganir af 100 000 þús. kr. láni hjá Seðlabankanum vegna Atvinnumálanefndar ríkisins, 14 300 þús. kr., afborgun af lántöku í Seðlabankanum til greiðslu eftirstöðva vegna skólabygginga í Reykjavík nemur 5 000 þús. kr., endurgreiðsla af láni á framkvæmdaáætlun 1970 vegna aukins stofnframlags ríkisins í Landsvirkjun er 4 555 þús. kr. og af láni til hlutabréfakaupa í Kísiliðjunni 3 390 þús. kr. Nettóhækkun afborgana af öðrum lánum nemur 2 629 þús. kr.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Eins og að framan er getið, verður ekki gerð grein fyrir áhrifum verðlagsuppbóta á laun á fjárreiður einstakra stofnana í þessum hluta, heldur verður skýringin á heildaráhrifum þeirra á hvern málefnaflokk, sem þegar hefur verið gerð, látin nægja. Þó verður þessara áhrifa getið í einstökum tilvikum, þegar slíks þykir sérstök þörf til skýringar.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 **Alþingi.** Hér kemur fram lækkun um 1 197 þús. kr., og stafar hún einkum af því, að í fjárlögum ársins 1970 var gert ráð fyrir kostnaði við fund Norðurlandaráðs í Reykjavík, og auk þess fellur niður sérstök fjárveiting til útgáfu á Alþingiskantötu Páls Ísólfssonar, 280 þús. kr.

01 Forsætisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum lið nemur 5 647 þús. kr., þar af sérstök fjárveiting, 5 000 þús. kr., til að gera nauðsynlegar breytingar á Arnarhvoli vegna þeirra nýju ráðuneyta, sem komið var á fót með lögum nr. 73/1969. Mun embætti tollstjóra flytja í nýju tollstöðvarbygginguna á árinu, og ráðgert er, að Hagstofa Íslands flytji einnig í annað húsnæði. Þá hefur verið ráðinn ritari í forsætisráðuneytið, og er kostnaður 173 þús. kr., ráðning ráðuneytisstjóra í stað deildarstjóra auk nefndakostnaðar o. fl. veldur samtals 230 þús. kr. kostnaðarauka. Gert er ráð fyrir rekstri ríkisbifreiðar á vegum ríkisstjórnarinnar, 100 þús. kr., og annar kostnaður eykst um 144 þús. kr.

901 **Húsameistari ríkisins.** Á liðnum kemur fram 1 477 þús. kr. lækkun, sem skýrist að mestu af því, að byggingaeftirlitsstarfsemi embættisins færist nú yfir til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins í samræmi við ákvæði í 23. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

902 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.** Fjárveiting hækkar um 468 þús. kr. vegna almennrar aukningar starfsemi.

02 Menntamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaðarhækkun á þessum lið er samtals 4 608 þús. kr. og skiptist þannig eftir viðfangsefnum: Yfirstjórn 1 961 þús. kr. sökum þess, að reynslan hefur leitt í ljós, að nefndakostnaður og almenn rekstrargjöld munu vanáætluð í fjárlögum yfirstandandi árs sem þessu nemur. Fræðileg rannsókn á skólakerfinu 2 261 þús. kr. í samræmi við áætlun fyrir næsta áratug um heildarendurskoðun á námsefni í barna- og gagnfræðaskólum. Framkvæmd þessarar áætlunar hefur einnig áhrif á kennaranámskeið á vegum fræðslumálaskrifstofunnar og á starfsemi ríkisútgáfu námsbóka, eins og nánar er greint frá í athugasemdum við þær stofnanir. Byggingadeild lækkar um 1 285 þús. kr. vegna þess, að byggingaeftirlitsstarfsemin er færð á framkvæmdadeild

Innkaupastofnunar ríkisins í samræmi við lög um skipan opinberra framkvæmda. Fjármáladeild hækkar um 2 082 þús. kr., en sérstök verkefni unnin af Efnahagsstofnun, 410 þús. kr., falla niður, þannig að nettóhækkun nemur í raun 1 672 þús. kr. Er bætt við þremur fulltrúum, og nemur kostnaður við það 783 þús. kr., en önnur kostnaðarhækkun er 889 þús. kr. Þar með hefur deildin tekið við starfsemi fjármálaeftirlits skóla, sem lögð hefur verið niður sem sérstök stofnun, en fjárveiting til hennar árið 1970 nam 1 341 þús. kr. miðað við hálft árið.

201 **Háskóli Íslands.** Fjárveiting til háskólans hækkar, utan verðlagsuppbóta, um 47 780 þús. kr., þar af 30 000 þús. kr. vegna byggingaframkvæmda. Samþykkt hefur verið áætlun um starfsmannafjölgun á grundvelli tillagna háskólanefndar og nýrra reglugerða fyrir einstaka deildir. Heildarkostnaður vegna starfsmannafjölgunar nemur 9 874 þús. kr. Hér er um að ræða 31 starfsmann í fullu starfi eða hluta úr starfi, er skiptist þannig eftir deildum: Guðfræðideild: dósent í kirkjusögu. Læknadeild: prófessor í barnalækningum í stað dósentsstarfs, 3 lektorar og 1 aðjúnkt. Lagadeild: prófessor í ættfræði og prófessor í borgararétti. Viðskiptadeild: 2 lektorar og 2 aðjúnktar. Heimspekideild: prófessor í sálfræði og 7 lektorar, en á móti falla niður stöður 6 dósenta. Verkfræði- og raunvísindadeild: 4 prófessorar (rafmagnsverkfr., vélaverkfr., efnafræði og líffræði), 6 dósentar, 3 lektorar og 1 aðjúnkt. Þjóðfélagsfræði: prófessor í félagsfræði og 3 lektorar. Fjárveiting til bókakaupa hækkar um 1 000 þús. kr. vegna nauðsynlegra handbókakaupa fyrir stúdenta, til stundakennslu um 2 341 þús. kr., til rekstrar fasteigna m. a. vegna aukins húsnæðis 1 260 þús. kr., til smærri tækjakaupa 712 þús. kr., og afgangur hækkunarinnar, 2 593 þús. kr., skiptist á ýmsa kostnaðarliði, einkum í tengslum við hinn aukna nemendafjölda.

202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Hækkun fjárveitingar á þessum lið nemur 670 þús. kr., einkum til að standa undir tekjulækkun af sérstökum erlendum styrk, sem nú fellur niður.

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Hækkun fjárveitingar er 749 þús. kr. vegna ráðningar sérfræðings til starfa á sviði bylgjumælinga, 296 þús. kr., en almennar rekstrarhækkanir nema 453 þús. kr.

205 **Handritastofnun Íslands.** Vegna flutnings í nýtt og stærra húsnæði, Árnagarð, hækkar fjárveiting til rekstrar um 576 þús. kr.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Hækkun á þessum lið nemur 1 034 þús. kr., þar af vextir af lánum vegna saltvinnslurannsókna 594 þús. kr., aðildargjald að Nordforsk 150 þús. kr. og ýmsir rekstrarliðir 290 þús. kr.

276 **Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Hækkunin, 3 500 þús. kr., á rætur að rekja til aukinna tekna Happdrættis Háskóla Íslands, en hluti ágóðans, 20%, rennur í sjóðinn.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Sökum nauðsynlegra viðgerða á gólfi og annars viðhalds hækkar fjárveiting um 1 400 þús. kr. Þá hækkar stundakennsla um 664 þús. kr., en gert er ráð fyrir fjölgun um eina bekkjardeild. Láðst hafði að áætla launatengd gjöld í fjárlagaáætlun 1970, samtals 825 þús. kr., og hækkun á öðrum rekstrarliðum nemur 233 þús. kr. Samtals er hækkun þessara liða 3 122 þús. kr.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Á liðnum kemur fram 713 þús. kr. lækkun. Byggingarframlag lækkar um 1 000 þús. kr., en ýmsir rekstrarliðir hækka um samtals 287 þús. kr.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Liðurinn hækkar um 793 þús. kr., þar af vextir af byggingarlánum 150 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir 643 þús. kr. vegna vanáætlunar til fjárlaga 1970.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Samtals nemur hækkun fjárveitingar 20 776 þús. kr. Byggingarframlag hækkar um 16 400 þús. kr. til að halda ráðgerðum

byggingarhraða, og rekstrarframlag hækkar um 4 376 þús. kr. vegna fjölgunar um fimm til sex bekkjardeildir, auk þess sem húsrými í rekstri eykst um tvo þriðju hluta.

305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Á þessum lið verður 6 814 þús. kr. hækkun, en nemendafjöldi tvöfaldaðist á árinu, og verða árgangar þá tveir. Verður því meðal annars að auka stofnbúnað verulega.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Kostnaðaraukning er 903 þús. kr. miðað við heilt ár, en í fjárlögum 1970 miðast fjárveiting einungis við hluta ársins.

321 **Kennaraskóli Íslands.** Hér kemur fram 4 532 þús. kr. lækkun. Niður fellur stofnkostnaðarframlag, sem var 5 690 þús. kr. í fjárlögum 1970, en rekstrarkostnaður hækkar um 1 158 þús. kr., einkum vegna fjölgunar bekkjardeilda.

322 **Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskóla Íslands.** Á liðnum kemur fram 195 þús. kr. nettóhækkun. Stofnkostnaðarframlag lækkar um 2 000 þús. kr., þannig að eftir standa 3 000 þús. kr., sem ásamt framlagi Reykjavíkurborgar nægir til að ljúka skólahúsinu sjálfu. Rekstrarliðir hækka um 2 195 þús. kr., en átta bekkjardeildir bætast við á skólaárinu.

331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Framlag lækkar um 1 569 þús. kr. Stofnkostnaður lækkar um 1 750 þús. kr., en rekstrarframlag hækkar um 181 þús. kr.

401 **Fræðslumálaskrifstofan.** Hækkun á þessum lið nemur 4 997 þús. kr., sem skiptist þannig á viðfangsefni: Yfirstjórn: 241 þús. kr., að mestu vegna vanáætlunar í fjárlögum 1970. Námsstjórar: lækkun 349 þús. kr., en námsstjórum fækkar um einn. Kennaranámskeið: hækkun 1 749 þús. kr., fyrst og fremst vegna fjölgunar námskeiða í tengslum við fyrrgreinda áætlun skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins um endurskoðun námsefnis í barna- og gagnfræðaskólum. Framkvæmd sundskyldu í skólum: hækkun 1 138 þús. kr. vegna kostnaðarhækkana, sem áætlaðar eru á árinu 1970, en kostnaðarhluti ríkisins greiðist eftir á. Framlag til að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli til framhaldsnáms hækkar um 2 000 þús. kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 218 þús. kr.

422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Framlag til ríkisútgáfunnar hækkar um 13 502 þús. kr. Til þess að kleift sé að framkvæma þá breytingu á námsefni, sem skólarannsóknadeildin stendur að, er áætlað, að til útgáfunnar þurfi að koma sérstakt framlag að fjárhæð 5 950 þús. kr. Hinn hluti hækkunarinnar, 7 552 þús. kr., stafar fyrst og fremst af verulegri hækkun prentkostnaðar á sl. tveimur árum, en í fjárlögum 1970 var ekki tekið tillit til hækkunarinnar, nema að óverulegu leyti. Heildarhækkunin á kostnaði við ríkisútgáfuna, sem með verðlagsuppbótum og afborgun lána nemur 15 023 þús. kr., er að tveimur þriðju hlutum borin uppi af námsbókagjaldi, sem mun tvöfaldast, en einn þriðji hluti fellur á ríkissjóð.

501 **Tækniskólinn.** Kostnaðaraukning nemur 4 802 þús. kr. og stafar að meginhluta af því, að bekkjardeildum fjölgar um því nær helming, auk þess sem í ljós hefur komið nokkur vanáætlun í fjárlögum 1970. Vegna þessarar fjölgunar hefur m. a. verið tekið á leigu nýtt húsnæði í Hótel Esju við Suðurlandsbraut.

506 **Vélskólinn.** Hækkunin, 4 964 þús. kr., stafar einkum af aukningu kennslumagns, en samkvæmt áætlun skólastjóra er um nálægt tvöföldun að ræða. Tekur sú aukning bæði til skólahalds í Reykjavík og námskeiða úti á landi.

507 **Stýrimannaskólinn.** Liðurinn hækkar um 587 þús. kr., m. a. vegna þess, að bekkjardeildum fjölgar um eina.

514—516 **Iðnskólar.** Kostnaður við iðnfræðslu hækkar um 9 852 þús. kr., þar af byggingaframlög um 4 800 þús. kr. og viðhald um 542 þús. kr. Af hækkun almenns rekstrarkostnaðar, sem nemur 4 510 þús. kr., eru 3 653 þús. kr. vegna Iðnskólans í Reykjavík og 857 þús. kr. vegna iðnskóla úti á landi. Orsök hækkunarinnar í Reykjavík er, samkvæmt athugun fjármáladeildar mennta-

málaráðuneytisins, að verulegu leyti fólgin í ófullkominni áætlunargerð af hendi skólans til fjárlaga 1970.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Hækkunin, 849 þús. kr., stafar af áhaldakaupum, 400 þús. kr., vaxtagreiðslu 165 þús. kr. og afgangurinn af greiðslu launa nemenda í bóklegu námi vegna fjölgunar þeirra.

561 **Myndlista- og handíðaskólinn.** Framlag hækkar um 765 þús. kr. vegna þess, að tekin verður upp kennsla í vefnaði, og auk þess er gert ráð fyrir aukinni kennslu í teiknikennaradeild skólans.

581 **Verzlunarskólar.** Fram kemur 481 þús. kr. hækkun á þessum lið. Framlag til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 584 þús. kr., en kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda flyzt á annan stað í fjárlögum (1 09 999 08).

611—647 **Gagnfræða- og miðskólar.** Heildarhækkun rekstrarkostnaðar, án verðlagsuppbóta á laun, nemur 18 368 þús. kr. og verður samtals 210 632 þús. kr. Hér er ekki tekinn með viðhaldskostnaður. Hækkun rekstrarkostnaðar nemur þannig 9.8%, og er áætlun fjármáladeildar menntamálaráðuneytisins tekin óbreytt.

701—716 **Barnaskólar.** Almennur rekstrarkostnaður, að frátöldu viðhaldi, hækkar um 2 327 þús. kr. án verðlagsuppbóta á laun, eða 0.8%, og nemur í heild 283 998 þús. kr. Hér er áætlun fjármáladeildar einnig tekin óbreytt, en mismunurinn á hundraðshlutahækkun gagnfræðaskóla og barnaskóla stafar að nokkru leyti af tilflutningi milli þessara skólastiga í uppsetningu til fjárlaga, auk þess sem fjölgun nemenda er fyrst og fremst á gagnfræðastigi.

761 **Barna- og gagnfræðastigsskólar almennt.** Framlög á þessum lið hækka um 30 336 þús. kr. Inn eru teknir þrír nýir liðir: Greiðsla vegna fráviks frá hámarki reiknaðra stunda, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. laga nr. 49/1967, 9 000 þús. kr., til kennslu 6 ára barna 8 000 þús. kr. og til kennslu í framhaldsdeildum gagnfræðastigs 4 500 þús. kr. Viðhaldskostnaður hækkar um 5 453 þús. kr., eða 14.4%, forfalla- og orlofskennsla um 1 392 þús. kr., laun ráðskvenna og aðstoðarstúlkna um 1 809 þús. kr., og loks hækkar kostnaður vegna tví- og þrískipunar skóla um 182 þús. kr.

762 **Framlög til byggingar barnaskóla, gagnfræðaskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Byggingaframlög undir þessum lið hækka um 23 140 þús. kr. og verða samtals 230 000 þús. kr. Nemur hækkunin 11.2%.

769 **Heyrnleysingjaskólinn.** Hækkunin, 6 524 þús. kr., stafar af því, að inn er tekið byggingarframlag að fjárhæð 6 000 þús. kr. til viðbótar því 11 000 þús. kr. láni, sem tekið var á vegum Atvinnumálanefndar ríkisins, húsaleigukostnaður hækkar um 376 þús. kr., flutningskostnaður nemenda hækkar um 155 þús. kr., en á öðrum liðum verður 7 þús. kr. nettólækkun.

871 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Á þessum lið verður 1 452 þús. kr. hækkun, þar af byggingarframlag 1 360 þús. kr. og ýmsir rekstrarliðir 92 þús. kr. Mun þetta byggingarframlag nægja til þess að fullgera húsið.

872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um aukna námsaðstoð hækkar framlag ríkissjóðs til lánasjóðsins um 32 635 þús. kr. Þá aukast eigin tekjur sjóðsins, þ. e. endurgreiðslur veittra lána, um 2 500 þús. kr. og ráðgerð bankalán um 14 000 þús. kr. Fjáröflun eykst þannig um samtals 49 135 þús. kr. Endurgreiðslur tekinna lána og rekstrarkostnaður hækkar um samtals 4 741 þús. kr., þannig að ráðstöfunarfé til námsaðstoðar eykst um 44 394 þús. kr. frá árinu 1970.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Á þessum lið kemur fram 2 616 þús. kr. lækkun. Sérstakt byggingarframlag til Félagsstofnunar stúdenta, 5 000 þús. kr., fellur niður, en inn er tekið 1 500 þús. kr. framlag til endurgreiðslu lána vegna sömu stofnunar og auk þess 550 þús. kr. hækkun á rekstrarframlagi. Styrkur til út-

gáfustarfa hækkar um 170 þús. kr. vegna Sögufélagsins til útgáfu Alþingisbóka eftir tilmælum frá forsetum Alþingis. Aðrir liðir hækka um samtals 164 þús. kr.

902 **Þjóðminjasafn.** Hækkunin, 1 043 þús. kr., skýrist þannig, að kostnaður við nauðsynlegar viðgerðir vegna galla, sem fram hafa komið á safnsbyggingunni, hækkar um 1 357 þús. kr., en á öðrum liðum verður 314 þús. kr. nettólækkun. Gerð hefur verið sérstök kostnaðaráætlun um viðgerðir á byggingunni, en samkvæmt henni mun þeim ljúka á árinu 1972.

906 **Listasafn Einars Jónssonar.** Þessi liður hækkar um 533 þús. kr. vegna nauðsynlegs viðhaldskostnaðar.

973 **Þjóðleikhús.** Fyrir utan verðlagsuppbætur á laun kemur fram hækkun á ríkissjóðsframlagi um 100 þús. kr., en þá hefur verið gert ráð fyrir um 20% hækkun á aðgöngumiðaverði. Hins vegar ber þess að gæta, að í fjárlögum 1970 var hluti skemmtanaskatts talinn með ríkissjóðsframlaginu, en með lagabreytingu um skemmtanaskatt frá síðasta þingi verður þessum hluta nú ráðstafað á annan hátt. Hækkar framlag ríkissjóðs til Þjóðleikhússins því í raun sem þessu nemur, en skemmtanaskattshlutinn er 9 000 þús. kr. í fjárlögum 1970.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag hækkar um 1 000 þús. kr. í 1 500 þús. kr., sem ætlað er til nauðsynlegra undirbúningsaðgerða, áður en raunverulegar framkvæmdir geta hafizt.

982 **Listir, framlög.** Þessi liður hækkar í heild um 2 107 þús. kr. Listamannalaun hækka um 946 þús. kr., heiðurslaun listamanna um 311 þús. kr. og starfslaun listamanna um 189 þús. kr., og hefur þá verið gert ráð fyrir verðlagsuppbótum. Þá hækka framlög til tónlistarskóla um 1 000 þús. kr., til Barnamúsikskólans um 386 þús. kr. og til listasafna um 25 þús. kr., en niður fellur sérstakt framlag til Listahátíðar í Reykjavík, 750 þús. kr.

984 **Norræn samvinna.** Á þessum lið verður 322 þús. kr. hækkun, sem skiptist þannig: Styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum, sbr. lög nr. 28/1967, 85 þús. kr., Menningarsjóður Norðurlanda 119 þús. kr., Norræna félagið vegna sumarnámskeiðs kennara 1970, 100 þús. kr., og aðrir liðir 18 þús. kr.

985 **Félagsheimilasjóður.** Hér er um að ræða hluta skemmtanaskatts, sem hækkar um 6 000 þús. kr. Þessi tala byggist á bráðabirgðaáætlun, en skv. lögum nr. 58/1970 ber að endurgreiða tilteknum kvikmyndahúsum skattinn.

987 **Endurbætur á Viðeyjarstofu.** Hækkunin, 500 þús. kr., miðast við, að viðgerðum verði lokið árið 1974.

999 **Ýmislegt.** Á þessum lið verður lækkun á fjárveitingu um 360 þús. kr., og eru breytingar þessar: Inn eru teknir tveir nýir liðir, Pólýfonkórinn vegna utanferðar 1970 150 þús. kr. og vettvangskennsla á Akureyri 35 þús. kr. Þá hækkar framlag til Samb. ísl. barnakennara vegna menningar- og félagsstarfsemi um 50 þús. kr., en niður falla eftirtaldir liðir: Kanadasjóður 45 þús. kr., til ritunar og útgáfu sögu stjórnarráðsins 250 þús. kr., minnisvarðar um Jón Eiríksson konferensráð, Guðmund góða og Ara fróða, samtals 75 þús. kr., til íslenzks dýrasafns 50 þús. kr., til kirkjutónlistarmóts 125 þús. kr. og til Þjóðdansafélagsins vegna utanferðar 50 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 3 145 þús. kr. og skýrist þannig: Risna utanríkisráðherra, 380 þús. kr., er færð á þennan lið af æðstu stjórn, flutningskostnaður starfsfólks sendiráða milli landa hækkar um 500 þús. kr. og ýmsir rekstrarliðir um samtals 555 þús. kr., en reynslan hefur leitt í ljós nokkra vanáætlun þessara tveggja liða í fjárlögum 1970. Þá hækkar viðhald um 100 þús. kr. og minni háttar stofnkostnaður

um 25 þús. kr., þannig að eiginlegur rekstrarkostnaður aðalskrifstofunnar eykst um 1 560 þús. kr. að meðtalinni tilfærslu á risnu. Að öðru leyti hækkar kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum um 1 000 þús. kr. skv. reynslu yfirstandandi árs, vegna samninga við erlend ríki um 250 þús. kr., vegna kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráðin um 200 þús. kr. og ýmsir aðrir liðir um samtals 270 þús. kr., en niður fellur framlag til kaupa á ritinu Iceland, 135 þús. kr.

201 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.** Hækkun á þessum lið nemur 1 183 þús. kr., þar af hækkun viðhalds, einkum vegna viðgerðar á kyndistöð og hitalögn í lögreglustöð og Grænáshúsum, 916 þús. kr. Aðrir liðir hækka um samtals 267 þús. kr.

301—312 **Sendiráðin.** Heildarfjárveiting til sendiráðanna hækkar um 11 061 þús. kr., þar af 4 438 þús. kr. vegna sendinefndar Íslands hjá EFTA í Genf, sem nú kemur á fjárlög í fyrsta sinn. Mismunurinn, 6 623 þús. kr., skýrist þannig: Hækkun launa og staðaruppbóta eftir tillögu utanríkisráðuneytisins í samræmi við verðlagsbreytingar í viðkomandi löndum o. fl., 2 685 þús. kr., eða 6.5% að meðaltali, til viðbyggingar sendiherrabústaðar í Kaupmannahöfn, lokagreiðsla, 1 175 þús. kr., viðhaldskostnaður sendiráðsbygginga og sendiherrabústaða 398 þús. kr., og almennur rekstrarkostnaður hækkar um 2 365 þús. kr., þar af um helmingur í sendiráðunum í New York og Washington.

401 **Alþjóðastofnanir.** Heildarhækkun á framlögum vegna alþjóðastofnana nemur 783 þús. kr. og kemur þannig fram: Tillag til S. þ. hækkar um 115 þús. kr., til FAO um 219 þús. kr., til Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar um 28 þús. kr., til UNESCO um 9 þús. kr., til GATT um 31 þús. kr., til tollasamvinnuráðsins um 115 þús. kr., til EFTA um 50 þús. kr., til NATO um 500 þús. kr., til WHO um 76 þús. kr. og til þingmannasambands NATO um 50 þús. kr. Hins vegar lækkar tillag til útgáfu alþjóðlegra tollalaga um 110 þús. kr. og niður fellur framlag vegna heimssýningarinnar í Japan, 300 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Á þessum lið verður 538 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Gert er ráð fyrir ráðningu tölfræðings, búfræðings við bútæknideild á Hvanneyri og stúlku við símvörzlu, og er kostnaður samtals 684 þús. kr., yfirfærslur til tilraunastöðvanna lækka um 651 þús. kr., en í fjárlögum 1970 er sérstakt framlag til stöðvarinnar á Sámsstöðum vegna endurbóta á húsum, 1 400 þús. kr., þannig að raunveruleg hækkun er 749 þús. kr. Að öðru leyti er um 821 þús. kr. hækkun að ræða á ýmsum rekstrarliðum, en eigin tekjur stofnunarinnar hækka um 316 þús. kr.

231 **Skógrækt ríkisins.** Hækkun framlags nemur 1 330 þús. kr. Tillag til Skógræktarfélags Íslands hækkar um 300 þús. kr., og afgangurinn miðast við 10% aukningu á framlagi ríkissjóðs.

235 **Landgræðsla.** Hækkunin, 1 470 þús. kr., er miðuð við 10% aukningu framlags.

241 **Landnám ríkisins.** Hækkun á framlagi til landnámsins nemur 7 500 þús. kr., en fallið er úr gildi ákvæði laga nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda og framlenging þess ákvæðis með lögum nr. 65/1970, er gerðu ráð fyrir lækkun framlags til landnámsins, er þessari upphæð nemur.

243 **Sauðfjárveikivarnir.** Á liðnum kemur fram 915 þús. kr. lækkun, sem stafar af áætlaðri lækkun kostnaðar vegna búfjársjúkdóma..

247 **Embætti yfirdýralæknis.** Hækkunin, 203 þús. kr., skýrist þannig: Skv. lögum nr. 31/1970, um dýralækna, er tekið inn framlag til bifreiðalánasjóðs dýralækna 350 þús. kr. og til staðaruppbótar dýralækna 547 þús. kr. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 38 þús. kr. Hins vegar fækkar dýralæknum um einn, eða 257

þús. kr., og áætlaður kostnaður vegna búfjársjúkdóma lækkar um 475 þús. kr.

286 **Landbúnaður, framlög.** Þessi framlög hækka um 106 671 þús. kr. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 90 000 þús. kr. samkvæmt bráðabirgðaáætlun Hagstofu Íslands, jarðræktarframlög hækka um 17 307 þús. kr., framlag til búfjárræktar skv. lögum hækkar um 2 604 þús. kr., inn er tekinn nýr liður, fiskræktarsjóður, í samræmi við lög nr. 38/1970, um lax- og silungsveiði, 1 000 þús. kr., framlag til fyrirhleðslna hækkar um 760 þús. kr., en niður fellur aukastyrkur til súgþurrkunar, 5 000 þús. kr.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Þessi liður hækkar um 1 681 þús. kr., þar af 1 200 þús. kr. vegna byggingarframkvæmda, 252 þús. kr. vegna lækkunar eigin tekna og 229 þús. kr. vegna ýmissa rekstrarliða.

503 **Garðyrkjuskólinn á Reykjum.** Af hækkun þessa liðar, 2 216 þús. kr., stafar 1 000 þús. kr. af auknu byggingarframlagi, 500 þús. kr. framlag er tekið inn vegna ylræktartilrauna, vextir hækka um 180 þús. kr., og rekstrarkostnaður hækkar að öðru leyti um 536 þús. kr. vegna fjölgunar nema og aukins húsnæðis.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Heildarhækkun á liðnum er 1 216 þús. kr. Með tilliti til þess, að ráðuneytið er nú aðskilið frá hinu eldra atvinnumálaráðuneyti hafa eftirtaldar breytingar orðið á mannahaldi: Ráðinn hefur verið ráðuneytisstjóri í stað deildarstjóra, tveir fulltrúar í stað fulltrúa í hálfu starfi áður, og ein ritarastaða hefur verið tekin upp í stað hálfrar. Samtals er hér um að ræða 557 þús. kr. launakostnað. Þá eru færð á þetta ráðuneyti laun bifreiðarstjóra, 242 þús. kr., og ýmis laun, þ. m. t. nefndarlaun, hækka um 187 þús. kr. Launaliður hækkar þannig um samtals 986 þús. kr. Ýmsir rekstrarliðir hækka um 230 þús. kr.

202 **Hafrannsóknastofnun.** Á þessari stofnun verður 2 655 þús. kr. hækkun. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum aðstoðarmönnum, og nemur kostnaður við það 346 þús. kr. Hækkunin stafar að öðru leyti af því, að nú er gert ráð fyrir rekstri Bjarna Sæmundssonar allt árið í stað hálfs árs í fjárlögum 1970, en hins vegar mun rekstri Hafþórs á vegum stofnunarinnar hætt.

211 **Fiskmat ríkisins.** Liðurinn hækkar um 1 252 þús. kr. Stafar sú hækkun ekki að neinu leyti af útþenslu starfseminnar, heldur hafa reikningar ársins 1969 og reynslan það sem af er þessu ári leitt í ljós, að þessi hækkun er óhjákvæmileg til að halda í horfinu.

271 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Ríkissjóðsframlag lækkar um 6 760 þús. kr., og nemur greiðsla vaxta og afborgana af lánum vegna smíði skipsins samtals 27 240 þús. kr. Hluti ríkissjóðsframlagsins er útflutningsgjald, 7 170 þús. kr., þannig að hrein greiðsla úr ríkissjóði er 20 070 þús. kr., en sambærileg tala í fjárlögum 1970 er 27 950 þús. kr.

273 **Byggingarsjóður síldarleitarskips.** Framlag til endurgreiðslu lána lækkar um 1 130 þús. kr. og verður 11 570 þús. kr. Inni í ríkissjóðsframlaginu er síldargjald, sem lækkar um 1 770 þús. kr., þannig að hreinn kostnaður ríkissjóðs eykst um 640 þús. kr., þrátt fyrir minni greiðslubyrði vegna lánanna.

274 **Aflatryggingarsjóður sjávarútvegsins.** Framlag lækkar um 8 381 þús. kr. Sérstakt framlag til áhafnadeildar, 15 000 þús. kr., fellur niður, en útflutningsgjald hefur verið hækkað til að standa undir útgjöldum deildarinnar. Hins vegar hækkar mótframlag ríkissjóðs til sjóðsins um 6 619 þús. kr. og miðast við fjórðung þess hluta útflutningsgjalds, sem rennur til sjóðsins.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlög á þessum lið hækka um 34 050 þús. kr., sem skýrist þannig: Inn er að nýju tekið framlag til Fiskveiðasjóðs, 35 000 þús. kr., sem fellt var niður með lögum nr. 5/1968 og aftur með lögum nr.

33/1970. Þá fellur niður sérstakt framlag vegna FAO-ráðstefnu, 700 þús. kr., og framlag til greiðslu halla á sýningunni Íslendingar og hafið, 250 þús. kr.

901 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Hækkun er 1 325 þús. kr., einkum vegna sameiginlegs rekstrarkostnaðar og viðhalds rannsóknastofnananna á Keldnaholti, 900 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir ráðningu bókara á skrifstofuna, 163 þús. kr., og ýmsir rekstrarliðir hækka um 262 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður lækkar um 1 219 þús. kr., ef ekki er tekið tillit til verðlagsuppbóta á laun. Niður fellur sérstakt framlag vegna sveitarstjórnarkosninga, 675 þús. kr., en að öðru leyti stafar lækkunin af því, að nokkrir kostnaðarliðir, svo sem nefndastörf o. fl., færast yfir á hið nýja heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

103 **Alþingiskosningar 1971.** Hér er um nýjan lið að ræða, og er kostnaður áætlaður 2 500 þús. kr.

204 **Borgarfógetaembætti.** Liðurinn hækkar um 898 þús. kr., vegna ráðningar fulltrúa í skiptarétti 270 þús. kr., og ýmsir rekstrarliðir hækka um 628 þús. kr.

206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Á þessum lið kemur fram 1 657 þús. kr. hækkun. Kostnaður við lögregluskólann, 382 þús. kr., hefur verið færður af liðnum „löggæzla“ á þennan fjárlagalið. Að öðru leyti á hækkunin rætur að rekja til flutnings embættisins í nýju lögreglustöðina, sem m. a. hefur í för með sér aukinn ræstingarkostnað og nauðsynlegan minni háttar stofnkostnað.

211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun kostnaðar við embættin nemur 4 183 þús. kr., eða 6.3% að meðaltali. Er þá gert ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi.

251 **Landhelgisgæzla.** Fjárveiting hækkar um 2 000 þús. kr. vegna kaupa á fjarskiptatækjum. Er þá gert ráð fyrir rekstri Ægis og Óðins allt árið, en Þórs og Árvakurs í sex mánuði hvors.

252 **Bifreiðaeftirlit.** Þessi liður hækkar um 6 336 þús. kr., þar af 5 800 þús. kr. vegna byggingar skoðunarstöðvar, og hafa skoðunargjöld bifreiða verið hækkuð sem því nemur. Þá er gert ráð fyrir ráðningu eins manns til álesturs ökumæla vegna innheimtu þungaskatts af dieselbifreiðum, 190 þús. kr., en almenn rekstrarkostnaðarhækkun nemur 346 þús. kr.

253 **Almannavarnir.** Framlag til almannavarna hækkar um 3 824 þús. kr. Á undanförnum árum hafa framlög verið mjög takmörkuð, og er hér gert ráð fyrir allverulegum kaupum á tækjabúnaði til fjarskipta, svo og sjúkra- og hjúkrunarbúnaði, auk hækkunar á framlagi til almannavarnanefnda.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Þessi liður hækkar um 2 150 þús. kr., eða sem hér segir: Inn er tekinn nýr liður, til útgáfu lagasafns, 2 200 þús. kr., kostnaður við meðdómsmenn hækkar um 250 þús. kr., við setu- og varadómara um 170 þús. kr. og nokkrir aðrir liðir hækka um samtals 30 þús. kr., en á hinn bóginn lækkar málskostnaður um 500 þús. kr.

282 **Löggæzla.** Fjárveiting til löggæzlu, sem án verðlagsuppbóta hækkar um 576 þús. kr., miðast við það, að vissar breytingar verði gerðar á ákvæðum laga um lögreglumenn, en eins og greint var frá í athugasemdum við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1970, hefur fjárveitinganefnd gert tillögur til dómsmálaráðuneytisins um þetta efni. Beinast þær einkum að endurskoðun þeirra ákvæða, er gera ráð fyrir sjálfkrafa fjölgun lögreglumanna eftir fólksfjölda í einstökum umdæmum, og einnig að breytingu ákvæða, er varða rannsóknarlögreglu, þannig að lögð verði ríkari áherzla á miðstjórn slíkra verkefna af hagkvæmnisástæðum.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Liðurinn hækkar í heild um 225 þús. kr. Gert er ráð fyrir kostnaði við sérmenntun starfskrafta til fangahjálpar, 150 þús. kr.,

en smávægilegar breytingar verða að öðru leyti, eða nettóhækkun um 75 þús. kr.

301 **Þjóðkirkjan.** Framlög til þjóðkirkjunnar hækka um 1 833 þús. kr., og eru helztu breytingar sem hér segir: Kostnaður við presta og prófasta, þ. m. t. sjúkrahúsaprestur, sem fellur inn í þennan undirlið, hækkar um 1 405 þús. kr. vegna fjölgunar presta, og er hér um að ræða sendiráðsprest, sjúkrahúsaprest í fullu starfi og eitt prestsembætti í Reykjavík, svo og hækkun á embættiskostnaði. Inn er tekin 250 þús. kr. fjárveiting til umbóta á kristindómsfræðslu í skólum, kostnaður við æskulýðsstörf eykst um 200 þús. kr., við sumarbúðir þjóðkirkjunnar um 200 þús. kr. vegna Eiða, en kostnaður við biskupsbústað lækkar um 276 þús. kr. Nettóhækkun annarra liða er 54 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins lækkar um 701 þús. kr., þar sem hluti kostnaðarins flyzt yfir á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Á liðnum kemur fram 120 573 þús. kr. hækkun af þessum orsökum: Launaskattur hækkar um 79 130 þús. kr., framlag skv. lögum nr. 30/1970, þ. e. hluti eignarskatts, hækkar um 35 000 þús. kr., byggingasjóðsgjöld hækka um 5 999 þús. kr., og laun húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra hækka um 444 þús. kr.

272 **Byggingasjóður verkamanna.** Áætlun um framlag til Byggingasjóðs verkamanna byggist á greinargerð, er fylgdi frumvarpi því til laga um húsnæðismálastofnun ríkisins, sem samþykkt var á síðasta þingi. Samkvæmt því er ráðgerð bygging 350 verkamannabústaða á árinu 1971 fyrir samtals 420 millj. kr., eða 1 200 þús. kr. á hvern bústað. Er gert ráð fyrir, að kaupendur greiði 20% kostnaðar, eða 84 millj. kr., úr byggingasjóðnum fáist 600 þús. kr. lán á hvern bústað, eða samtals 210 millj. kr., og framlag ríkis og sveitarfélaga nemi 63 millj. kr. frá hvorum aðila. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins í fjárlögum 1970 nemur 15.1 millj. kr., og er hækkunin því 47.9 millj. kr.

301 **Skipulagsstjóri.** Hækkun framlags með verðlagsuppbótum nemur 2 833 þús. kr., sem er í samræmi við áætlaða hækkun skipulagsgjalds, en það rennur allt til stofnunarinnar.

399 **Sveitarfélög, framlög.** Á þessum lið verður 330 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Kostnaður við heimilishjálp skv. lögum hækkar um 650 þús. kr., en niður fellur liðurinn „vatnsveitur, aðrar", 320 þús. kr.

973 **Framlag til atvinnujöfnunarsjóðs.** Hluti sjóðsins af álgjaldi hækkar um 21 800 þús. kr., en sérstakt ríkissjóðsframlag lækkar um 20 000 þús. kr., þannig að nettóhækkun er 1 800 þús. kr.

981 **Vinnumál.** Liðurinn lækkar um 272 þús. kr. Kostnaður vegna aðstoðar við hagræðingarstarfsemi lækkar um 326 þús. kr., framlag til norræns lýðháskóla í Genf, 120 þús. kr., fellur niður, en styrkur til B.S.R.B. hækkar um 150 þús. kr. Á öðrum liðum verður 24 þús. kr. hækkun.

999 **Ýmis framlög** hækka um 4 364 þús. kr. þannig: Framlag til lífeyrissjóða verkalýðsfélaga 2 750 þús. kr., til SVFÍ 834 þús. kr., til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (þ. e. gjald af seldum eldspýtum) 317 þús. kr., meðlög skv. lögum 310 þús. kr., aðstoð við blinda (sælgætisgjald) 77 þús. kr. og SÍBS, læknislaun, 76 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins, sem nú er í fyrsta sinn færður sérstaklega í fjárlögum, nemur 3 482 þús. kr. Erfitt er að gera grein fyrir því, hversu mikill hluti er hreinn viðbótarkostnaður, en eins og

þegar hefur verið getið færist nokkur kostnaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu yfir á þetta ráðuneyti, og lækkar fjárveiting til þessara tveggja ráðuneyta um 1 920 þús. kr. án verðlagsuppbóta.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Heildarframlög til almannatrygginga, að frátöldum atvinnuleysistryggingum, hækka um 372 300 þús. kr., þar af persónuskattar til almannatrygginganna um 37 300 þús. kr., þannig að eiginlegt framlag ríkissjóðs hækkar um 335 000 þús. kr. Skiptist sú hækkun þannig, að 135 400 þús. kr. eru vegna lífeyristrygginga og 199 600 þús. kr. vegna sjúkratrygginga. Framlag til lífeyristrygginga var áætlað 749 500 þús. kr. í fjárlögum 1970, og var sú upphæð allmiklu lægri en áætluð útgjöld lífeyristrygginganna gáfu tilefni til, sökum innstæðu ríkissjóðs um áramótin. Áætlunin fyrir árið 1971 er 884 900 þús. kr., og er orsök hækkunarinnar, auk áðurnefndra áhrifa innstæðu ríkissjóðs, einkum fjórþætt: Í fyrsta lagi hækkuðu fjölskyldubætur hinn 1. apríl 1970, og koma áhrif þeirrar hækkunar því með meiri þunga á árið 1971, þ. e. á allt árið í stað þriggja fjórðu hluta ársins á undan. Í öðru lagi veldur sú 20% hækkun lífeyristrygginganna, sem gerð var 1. júlí sl., 88 000 þús. kr. aukningu ríkissjóðsframlags á heilsársgrundvelli. Í þriðja lagi er áætluð allveruleg fjölgun bótaþega, einkum að því er tekur til elli- og örorkulífeyris, og í fjórða lagi er 7 500 þús. kr. greiðsla trygginganna fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta nú tekin inn í tekjuhlið fjárlaga, en var dregin frá ríkissjóðsframlaginu í fjárlögum ársins 1970. Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga var áætlað 868 700 þús. kr. í fjárlögum 1970, en er nú áætlað 1 068 300 þús. kr. Meginorsök hækkunarinnar er fólgin í áhrifum daggjaldahækkunar þeirrar, er gerð var 1. júlí sl. og veldur 138 000 þús. kr. hækkun á ríkissjóðsframlagi á heilsársgrundvelli. Þá er á sama hátt og í lífeyristryggingum bætt við 2 000 þús. kr. þjónustugjaldi til sýslumanna og bæjarfógeta, en mismunur hækkunarinnar, 59 600 þús. kr., skýrist af áætlaðri fjölgun tryggðra, auk þess sem veruleg kostnaðaraukning hefur átt sér stað vegna læknishjálpar utan sjúkrahúsa.

273 **Framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs.** Hækkun framlags nemur 34 400 þús. kr., þar af iðgjald atvinnurekenda 10 900 þús. kr., þannig að hreint framlag ríkissjóðs hækkar um 23 500 þús. kr. Orsök hækkunarinnar er fyrst og fremst að rekja til þeirra kauplagshækkana, sem orðið hafa á árinu 1970, en við það miðast álagning og innheimta á árinu 1971.

302 **Skrifstofa ríkisspítalanna.** Hækkunin, 652 þús. kr., stafar af auknum kostnaði vegna flutnings í nýtt húsnæði.

371—376 **Ríkisspítalar.** Framlag til rekstrar spítalanna miðast við daggjaldabreytingu þá, er tók gildi 1. júlí sl. Eftirfarandi yfirlit sýnir hækkanir á framlögum til einstakra sjúkrahúsa frá fjárlögum 1970, og er þar um að ræða nettóáhrif verðlagsuppbóta, daggjaldahækkana og annarra orsaka, er áhrif hafa á ríkissjóðsframlög:

	Rekstur	Fjárfestingar og afborganir	Samtals
Landspítalinn	9 713	11 667	21 380
Fæðingardeild Landspítalans	860	20 000	20 860
Kleppsspítalinn	6 863	1 500	8 363
Heilsuhælið á Vífilsstöðum	1 460	2 250	3 710
Heilsuhælið í Kristnesi	1 991	570	2 561
Kópavogshælið	3 273	—	3 273
Samtals	24 160	35 987	60 147

Í fjárveitingum til rekstrar hefur verið miðað við þær verðlagshækkanir, sem áætlað er að verði frá afgreiðslu fjárlaga 1970. Að auki hefur rekstrarfjárveiting til Landspítalans verið hækkuð með tilliti til þess, að þar munu

taka til starfa tvær nýjar sjúkradeildir, þ. e. geðdeild barna og bæklunarsjúkdómadeild. Auk þess hefur verið gert ráð fyrir ráðningu aðstoðarforstöðukonu við heilsuhælið á Vífilsstöðum. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum á starfsmannahaldi. Kostnaður við byggingaframkvæmdir Landspítalans er áætlaður 47 000 þús. kr., sem nægja mun til að ljúka innréttingum í austurálmu og eldhúsbyggingu. Þá er kostnaður við byggingaframkvæmdir fæðingardeildar áætlaður 30 000 þús. kr. og varið verður 2 000 þús. kr. til breytinga á Vífilsstaðahæli, og loks 1 640 þús. kr. til framkvæmda við viðbótarbyggingu í Kristnesi.

381 **Til sjúkrahúsa og læknabústaða.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 2 453 þús. kr., er skiptist þannig: Framlög til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknabústaða hækka um 1 758 þús. kr. og rekstrarstyrkir til heilsuverndarstöðva um 695 þús. kr.

382 **Fávitar, framfærsla.** Hækkun framlags er 12 479 þús. kr., þar af 3 337 þús. kr. vegna legudagafjölgunar og 9 142 þús. kr. vegna áðurnefndrar daggjaldahækkunar.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Á þessum lið verður 1 359 þús. kr. hækkun, og eru helztu breytingar þessar: Sérstakir tekjustofnar, sem ráðstafað er til Hjartaverndar, Minningarsjóðs Landspítalans og Krabbameinsfélags Íslands, hækka um samtals 2 012 þús. kr. og framlög til ýmissa verkefna hækka um samtals 447 þús. kr. Á hinn bóginn fellur niður fjárveiting til þings norrænna hjúkrunarkvenna, 150 þús. kr., og styrkir til sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs og til aðstoðar við sjúklinga vegna læknishjálpar erlendis, samtals 950 þús. kr., færast á almannatryggingakerfið.

09 Fjármálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður hækkar um 1 150 þús. kr., þar af ráðning fulltrúa í launadeild 244 þús. kr. Þá hækka ýmis rekstrargjöld um 450 þús. kr., eða 6.6%, og kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu o. fl. um 456 þús. kr., og er þá byggt á reynslu ársins 1969.

103 **Ríkisbókhald.** Á þessum lið verður 523 þús. kr. hækkun sökum hækkunar á prentkostnaði ríkisreiknings og aukinnar skýrsluvélavinnu, en ráðgert er, að ríkisbókhaldið taki að sér reikningshald fyrir ýmsar ríkisstofnanir.

201—212 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Áætlaður kostnaður við þessi embætti vex í heild um 2 295 þús. kr., þar af hækkar liðurinn „sameiginleg útgjöld", þ. e. prentun og skýrsluvélavinna, um 1 250 þús. kr. sökum hækkaðra taxta. Þá er gert ráð fyrir ráðningu ritara við embætti ríkisskattstjóra, 163 þús. kr., og skattendurskoðanda við skattstofu Reykjanesumdæmis, 237 þús. kr. Afgangurinn 645 þús. kr. skiptist á hin ýmsu embætti.

402 **Fasteignamat.** Framlag lækkar um 2 300 þús. kr., en fyrir næstu áramót mun lokið því umfangsmikla verki, sem unnið hefur verið við gerð nýs fasteignamats. Ekki er endanlega ákveðið, hvernig starfsemi fasteignamatsins verður háttað í framtíðinni, en við gerð fjárlagaáætlunar hefur verið stuðzt við rekstrarkostnað þjóðskrárinnar.

901 **Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.** Hér er um að ræða framkvæmd ákvæða í 23. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Heildarkostnaður er áætlaður 4 684 þús. kr. án verðlagsuppbóta, en af þeirri upphæð eru 2 584 þús. kr. færðar af embætti húsameistara ríkisins og byggingadeild menntamálaráðuneytisins, sbr. athugasemdir við þær stofnanir. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaði að fjárhæð 2 100 þús. kr. vegna launa forstöðumanns, ritara og aðkeyptrar þjónustu ásamt ýmsum rekstrarkostnaði.

971 **Ríkisábyrgðasjóður.** Fram kemur hækkun að fjárhæð 15 000 þús. kr. Áhættuiðgjald vegna ríkisábyrgða hækkar um 1 000 þús. kr. og hreint ríkisframlag um 14 000 þús. kr.

981 **Ríkisbifreiðar, framlag.** Á þessum lið verður 1 000 þús. kr. lækkun, þar sem bifreiðum í eigu ríkisins hefur fækkað verulega í samræmi við framkvæmd reglugerðar nr. 6/1970 um bifreiðamál ríkisins.

991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Framlag á þessum lið hækkar um 26 520 þús. kr., einkum vegna áætlaðra yfirdráttarvaxta, 20 000 þús. kr., en nettóhækkun vaxtagreiðslna af öðrum lánum ríkissjóðs nemur 6 520 þús. kr. Um afborganir lána á þessum lið vísast til sérstakrar greinargerðar um lánahreyfingar hér að framan.

999 **Ýmislegt.** Þessi liður hækkar um 177 618 þús. kr., og er meginskýringin fólgin í því, að hér er færð áætlunarupphæð vegna verðlagsuppbóta á laun í desember nk. og á árinu 1971, 150 000 þús. kr., sem ætlunin er að skipt verði niður á einstaka fjárlagaliði, áður en fjárlög verða afgreidd frá Alþingi, en í desember mun áætlunargrundvöllur hafa skýrzt verulega. Þá er tekið inn áætlað 30 000 þús. kr. framlag til togaralána í samræmi við lög nr. 40/1970 um kaup á sex skuttogurum. Hins vegar lækkar framlag til greiðslu á dagblöðum um 2 850 þús. kr., en nettóhækkun á öðrum liðum er 468 þús. kr.

10 Samgönguráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum lið nemur 745 þús. kr., þar af 257 þús. kr. vegna ráðningar fulltrúa og 488 þús. kr. vegna ýmiss rekstrarkostnaðar.

211 **Vegagerð.** Framlag til vegagerðar hækkar um 14 130 þús. kr., og er hér átt við útgjöld önnur en endurgreiðslur lána, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Tekjustofnar vegasjóðs hækka um samtals 20 300 þús. kr., þannig að framlag ríkissjóðs í þrengri merkingu til rekstrar og framkvæmda lækkar um 6 170 þús. kr. Þessi lækkun skýrist af því, að framlag til Kísilvegar, sem var 7 000 þús. kr. í fjárlögum 1970, færist nú yfir á lánahreyfingar, en styrkir til að bæta þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl. hækka um 830 þús. kr.

321 **Strandferðir, framlög.** Á liðnum kemur fram lækkun um 1 121 þús. kr. Byggingarstyrkir til flóabáta lækka um 2 121 þús. kr. vegna minnkaðrar greiðslubyrði lána, en framlag til Skipaútgerðar ríkisins eykst um 1 000 þús. kr. vegna tækjakaupa, en rekstrarstyrkur er óbreyttur.

333 **Hafnamál.** Framlag hækkar um 4 788 þús. kr., þar af endurgreiðslur landshafnalána 4 488 þús. kr. og til hafnarannsókna og mælinga vegna tækjakaupa 300 þús. kr.

341 **Siglingamálastofnun ríkisins.** Hækkun á þessum lið nemur 456 þús. kr. vegna ráðningar tveggja manna, annars vegna sjóslysarannsókna og hins vegna tollendurgreiðslna í sambandi við skipaviðgerðir.

471 **Flugmálastjórn.** Framlag hækkar um 15 226 þús. kr., þar af 9 126 þús. kr. vegna aukinna framkvæmda og 3 220 þús. kr. vegna afborgana af lánum. Rekstrarframlag eykst því um 2 880 þús. kr.

651 **Ferðamál.** Framlag til Ferðamálasjóðs eykst um 4 000 þús. kr., inn er tekið 1 000 þús. kr. framlag vegna innlends kostnaðar við ferðamálaathugun á vegum Sameinuðu þjóðanna, og aðrir liðir hækka um samtals 404 þús. kr. Samtals er því um 5 404 þús. kr. hækkun að ræða til ferðamála.

652 **Veðurstofan.** Byggingarframlag hækkar um 5 000 þús. kr., og eðlilegar rekstrarkostnaðarhækkanir nema 960 þús. kr., eða samtals 5 960 þús. kr.

672 **Sérleyfissjóður.** Framlag hækkar um 1 000 þús. kr., sem er hækkun á sérleyfisgjaldi, og vegna þeirrar tekjuhækkunar fellur niður ríkissjóðsframlag til umferðarmiðstöðvar, sem er 500 þús. kr. í fjárlögum 1970.

11 Iðnaðarráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun nemur 1 147 þús. kr., en vegna þess, að hér er um nýtt ráðuneyti að ræða, verða eftirtaldar breytingar á mannahaldi. Ráðinn er ráðuneytisstjóri og ritari, við bætist hálf deildarstjórastaða og deildarstjórastaða breytist í skrifstofustjórastöðu, og nemur kostnaðaraukning af þessum sökum 754 þús. kr. Þá er nettóhækkun rekstrarkostnaðar 393 þús. kr.

202 **Rannsóknastofnun iðnaðarins.** Framlag hækkar um 503 þús. kr., sem á rætur að rekja til flutnings í nýtt húsnæði á Keldnaholti.

203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Brúttóútgjaldaaukning er 1 849 þús. kr. vegna aukinna verkefna, en tekjur stofnunarinnar hækka að sama skapi.

205 **Stjórnunarnámskeið.** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að koma á föstu námskeiðahaldi í stjórnun fyrirtækja á vegum iðnaðarráðuneytisins. Er kostnaður áætlaður 552 þús. kr. að frádregnum tekjum af þátttökugjöldum.

299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Liður þessi hækkar um 12 529 þús. kr., og skýrist hækkunin þannig: Framlag til Iðnlánasjóðs hækkar um 5 000 þús. kr. og mótframlag vegna tækniaðstoðar frá Sameinuðu þjóðunum nemur 6 000 þús. kr. Þá er í stað þriggja liða úr fjárlögum 1970, þ. e. til útflutningsskrifstofu Félags ísl. iðnrekenda, til að stuðla að nýjungum í iðnaði og til tækninýjunga, tekin inn fjárveiting til eflingar útflutnings á iðnaðarvörum, markaðskannana og til að stuðla að nýjungum og hagræðingu í iðnaði, og nemur sú hækkun 1 250 þús. kr. Loks er tekin inn fjárveiting til greiðslu vaxta af lánum vegna perlusteinsrannsókna, 279 þús. kr.

301 **Orkustofnun.** Án verðlagsuppbótar á laun hækkar fjárveiting til Orkustofnunar um 1 446 þús. kr., og er þá miðað við eðlilegar verðlagshækkanir aðrar. Hins vegar er gert ráð fyrir samtals 42 500 þús. kr. lántöku til tækjakaupa og framkvæmda á vegum stofnunarinnar í drögum þeim að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1971, sem birt er sem fylgiskjal með fjárlagafrumvarpinu.

371 **Orkusjóður.** Fjárveiting hækkar um 14 444 þús. kr., sem skýrist þannig: Framlag til rafvæðingar í sveitum hækkar um 4 900 þús. kr. og mun það nægja til að ljúka áætlun um rafvæðingu býla, þar sem meðalfjarlægð milli býla, sem tengd eru veitum, er að hámarki 1.5 km. Þá hækka lánagreiðslur um 9 544 þús. kr.

12 Viðskiptaráðuneytið.

201 **Niðurgreiðslur á vöruverði.** Á grundvelli óbreyttra niðurgreiðslna pr. magneiningu er áætlað, að útgjöld ríkissjóðs til þessa málefnaflokks lækki um 5 000 þús. kr. sökum neyzluminnkunar.

13 Hagstofa Íslands.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting án verðlagsuppbóta hækkar um 765 þús. kr., fyrst og fremst vegna ráðgerðs flutnings í nýtt húsnæði.

14 Ríkisendurskoðun.

101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið verður 1 041 þús. kr. hækkun. Gert er ráð fyrir ráðningu löggilts endurskoðanda og eins fulltrúa, samtals 593 þús. kr., en afgangurinn 448 þús. kr. stafar af nauðsynlegri endurnýjun á vélakosti og hækkun ýmissa rekstrargjalda.

Fylgiskjöl og skrá yfir stofnanir og sjóði.

Fylgiskjal I.

EFNAHAGSSTOFNUNIN OG
FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN

Drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1971 fyrir opinberar framkvæmdir.

Fjáröflun. Seðlabankinn hefur gert áætlun um fjáröflun til opinberra framkvæmda innan framkvæmdaáætlunar ársins 1971. Er gert ráð fyrir, að fjáröflun eftir venjulegum leiðum geti numið 300 m.kr. Ný spariskírteinalán eru áætluð 75 m.kr., endurgreiðslur af áður útgefnum spariskírteinalánum 160 m.kr. og PL-480 lán 65 m.kr. Er hér um nokkurn veginn jafn mikla fjáröflun að ræða og skv. áætlun yfirstandandi árs, er nemur 295 m.kr., og kemur munurinn fram á PL-480 láninu.

Auk ofangreinds lánsfjár, sem kemur til skiptingar milli ýmissa opinberra framkvæmda, hafa verið ákveðnar vegaframkvæmdir fyrir lánsfé frá Alþjóðabankanum. Fjárhæðir þessara lána standa í sambandi við kostnaðarfjárhæðir framkvæmda, sem enn hefur ekki að fullu verið komizt að niðurstöðu um. En gert er ráð fyrir 140.4 m.kr. láni til vegaframkvæmdanna sjálfra á árinu 1971 og jafnframt 55.6 m.kr. láni til kaupa á vélum til vegaviðhalds, eða alls 196.0 m.kr. Alls nemur væntanleg fjáröflun til áætlunarinnar þannig 496 m.kr.

Skipting lánsfjár. Sem fyrr hefur verið lögð áherzla á að anna fjármagnsþörf til venjulegra ríkisframkvæmda beint af fjárlögum, og gengur því nú ekkert lánsfé skv. áætluninni til hinna almennustu framkvæmdagreina, að undanskildu hinu sérstaka átaki við lagningu hraðbrauta og byggingu lögreglustöðvar í Reykjavík, sem nú er á lokastigi. Fyrirferðarmestar í áætluninni eru framkvæmdir og rannsóknir á sviði orkumála, svo og til iðnaðaráforma tengdra hagnýtingu orkunnar. Fyrirætlanir hlutaðeigandi stofnana hafa í heild reynzt nema hærri fjárhæð en fjármagn til ráðstöfunar. Hafa þarfir þeirra framkvæmda, sem komnar eru á rekspöl og útheimta skýrt afmarkaðar fjárhæðir, verið látnar sitja í fyrirrúmi, en öðrum liðum verður óhjákvæmilega að halda innan viðráðanlegra marka miðað við fjáröflun í heild. Þó hefur að sinni verið látið við það sitja, að heildarupphæð fjárþarfar sé talsvert hærri en áætluð fjáröflun Á móti 300 m.kr. fjáröflun til skipta, auk lána Alþjóðabankans, stendur þannig fjárþörf að upphæð 339.6 m.kr. Við það bætist væntanleg fjárvöntun frá áætlun yfirstandandi árs 31.8 m.kr. (að slepptum 30 m.kr. vegna bygginga á vegum háskólans, sem ekki koma til framkvæmda í ár), þannig að alls þarf að sjá fyrir fjárþörf að upphæð 371.4 m.kr. Að meðtöldum lánum Alþjóðabankans nemur fjárþörfin í heild 567.4 m.kr.

Að svo miklu leyti, sem ekki verður dregið frekar úr framkvæmdum samkvæmt áætluninni, er því milli tveggja kosta að velja, annað hvort að fella niður einhverjar framkvæmdanna eða hluta þeirra, eða að öðrum kosti að taka nokkurn hluta framkvæmdanna inn á fjárlög. Hér fer á eftir yfirlit yfir fjárþörf hinna einstöku framkvæmdagreina, ásamt skýringum við hvern lið.

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	38.0
Landshafnir	12.0
Rafmagnsveitur ríkisins	40.0
Vatnsorkurannsóknir	20.0

	Millj. kr.
Jarðhitarannsóknir	15.0
Jarðboranir ríkisins	7.5
Jarðvarmaveitur ríkisins	1.7
Laxárvirkjun	118.0
Áburðarverksmiðja ríkisins	63.2
Sjóefnarannsóknir	5.7
Rannsóknastofnun iðnaðarins	6.5
Lögreglustöð í Reykjavík	12.0
Alls fjárþörf 1971	339.6
Eftirstöðvar fjárþarfar 1970	31.8
Alls fjárþörf	371.4
Alþjóðabankalán til vegaframkvæmda:	
Hraðbrautalagning	140.4
Viðhaldsvélar	55.6
Alls	567.4

Reykjanesbraut. Fjáröflun til Reykjanesbrautar fer til endurgreiðslu skulda, sem á henni hvíla. Afborganir og vextir af lánum eru áætluð 60.5 m.kr., að meðtöldum greiðslum vegna Breiðholtskaflans. Nettótekjur af veggjaldi eru áætlaðar 15.7 m.kr., og af fé vegasjóðs greiðast 6.8 m.kr. Fjárvöntun er því 38.0 m.kr.

Í þessu sambandi skal þess getið, að framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi eru í áætlun yfirstandandi árs studdar 12 m.kr. lánsfjárframlagi, auk lánafyrirgreiðslu utan áætlunarinnar að fjárhæð 5.5 m.kr. Tillögur munu væntanlegar frá framkvæmdanefnd vegarins um framkvæmdir árið 1971, til lúkningar yfirstandandi áætlunaráfanga, og því enn ekki tekin afstaða til þess, hvernig að fjáröflun til þeirra skuli staðið.

Landshafnir. Nokkuð af framkvæmdum, sem ráðgerðar voru í ár, frestast vegna bilunar á dýpkunarskipinu Gretti. Auk þeirra er gert ráð fyrir framkvæmdum við Rifshöfn og lítils háttar viðhaldsframkvæmdum við Þorlákshöfn, en nánari ákvarðanir um skiptingu fjárhæðarinnar, 12 m.kr., bíða frekara undirbúnings framkvæmdanna.

Rafmagnsveitur ríkisins. Á vegum Rafmagnsveitnanna eru ýmis áform á prjónunum, þar sem fyrirliggjandi orkuver á Austurlandi og Norðurlandi vestra eru í þann veginn fullnýtt, og þörf er smærri aðgerða til aukinnar orkuöflunar á öðrum svæðum, auk venjulegrar útfærslu dreifikerfisins og styrkingar þess með stofnlánum. Nauðsynlegt er að raða þessum framkvæmdum skynsamlega á næstu ár og í sem beztu samræmi við tímabærni einstakra framkvæmda. Sökum nýlegra endurskoðana á kostnaðaráætlunum helztu mannvirkja eru áformin í nánari atriðum enn í deiglunni. Áætluð lánsfjárhæð, 40 m.kr., er því sett fram til bráðabirgða og þá jafnframt höfð hliðsjón af, hve þungt orkuframkvæmdir vega í áætluninni miðað við takmarkað lánsfé til ráðstöfunar.

Vatnsorkurannsóknir. Frumrannsókn helztu vatnasvæða og virkjunarstaða, sem nú er unnið að, er komið svo langt, að taka verður skrefið til hinna dýrari jarðfræðirannsókna með borunum o. þ. h. Í áætlun Orkustofnunar er gert ráð fyrir mestum útgjöldum til þriggja virkjanasvæða: Jökulsár á Fjöllum með áherzlu á Dettifossvirkjun, Austurlandsvirkjun, og þá Jökulsá á Fljótsdal sérstaklega, og Skaftárveitu til aukningar á vatnsmagni Tungnaárvirkjana og Búrfellsvirkjana.

Þrátt fyrir stóraukið fjármagn til rannsóknanna skv. fyrirhugaðri fjáröflun, verður að fresta einhverju þessara áforma eða draga úr fyrirhuguðum útgjöldum til þeirra allra.

Jarðhitarannsóknir. Svipuðu máli gegnir um jarðhitarannsóknir. Auka þarf rannsóknarboranir á þeim háhitasvæðum, sem búa yfir mestum nýtingarmöguleikum til efnaiðju og hitaveituframkvæmda, en það eru svæðin á Reykjanesskaga og í nágrenni höfuðstaðarins. Hins vegar setur takmarkað lánsfé skorður við því, hve miklu verður annað af hinum stærri, vinnsluhæfum borholum, fyrr en ákveðnir nýtingarmöguleikar liggja ljóst fyrir.

Jarðboranir ríkisins. Í samræmi við auknar rannsóknarboranir hafa verið ákveðin kaup nýs jarðbors, sem hentar sérstaklega til þess háttar borana. Auk tækjakaupaláns þurfa að ganga 7.5 m.kr. til kaupanna. Lánin verða greidd niður af leigugjaldi borverka.

Jarðvarmaveitur ríkisins. Með framkvæmdum yfirstandandi árs er lokið virkjun jarðhita vegna stækkunar kísilgúrverksmiðjunnar og jarðgufuaflsstöðvar. Eftir standa útgjöld að fjárhæð 1.7 m.kr. vegna nokkurs umframkostnaðar og lánagreiðslna.

Laxárvirkjun. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir, að ríkið leggi Laxárvirkjun til fjármagn í mismunandi formi, þ. e. bæði sem eigið stofnfé og lánsfé. Eru þau mál nú á umræðustigi. Heildarkostnaður mannvirkja er áætlaður um 310 m.kr., en þar af falli um 216 m.kr. á árin 1970 og 1971. Að frátöldu eiginfjárframlagi Laxárvirkjunar og Akureyrarbæjar og lánsfé skv. áætlun ársins 1970, stendur eftir fjárvöntun að upphæð 118 m.kr., sem sjá verður fyrir á árinu 1971.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Kostnaðaráætlun hefur hækkað nokkuð við þau útboð, sem farið hafa fram, svo og við almennar hækkanir kaupgjalds og verðlags, og nemur endurskoðuð áætlun um 265 m.kr. Að teknu tilliti til tækjakaupaláns, væntanlegs framlags eigin fjár úr rekstri og láns skv. áætlun 1970, er nemur 55 m.kr., er óleyst fjárþörf áætluð 63.2 m.kr.

Sjóefnarannsóknir. Rannsóknir yfirstandandi árs eru liður í áætlun til tveggja ára, og falla 4.7 m.kr. á árið 1971. Við það bætast lánagreiðslur, sem ekki hefur verið séð fyrir með öðrum hætti og fjárþörf því alls um 5.7 m.kr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins. Kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar í heild hefur hækkað úr 22 m.kr. í 26.5 m.kr., eða um 4.5 m.kr. Auk þess stendur eftir fjárvöntun um 2 m.kr. miðað við fyrri áætlunina. Í heildarupphæð fjárvöntunar, 6.5 m.kr., er þá innifalin lagning vatnsveitu að fjárhæð um 1 m.kr. til sameiginlegra nota fyrir stofnanir á svæðinu.

Lögreglustöð í Reykjavík. Bygging lögreglustöðvarinnar er nú að komast á lokastig og æskilegt að ljúka henni sem mest í samfelldri lotu. Endurskoðuð kostnaðaráætlun sýnir talsverða hækkun, svo sem vænta mátti. Umfram fyrirliggjandi fé er ólokið framkvæmdum fyrir um 21.4 m.kr., auk tækja, húsmuna og áhalda fyrir um 7 m.kr., eða alls 28.4 m.kr. Þykir ekki fært að ætla framkvæmdinni meira en 12 m.kr. af áætluninni, en ásamt fjárlagaframlagi, 3.2 m.kr., mundi það fleyta byggingunni langleiðina til lúkningar.

Eftirstöðvar fjárvöntunar 1970. Út af áætlun ársins 1970 stóðu 61.8 m.kr., enda var búizt við, að ýmsar framkvæmdir frestuðust. Byggingaframkvæmdir á vegum háskólans, áætlaðar 30 m.kr., hafa þannig frestazt og falla nú út úr áætluninni,

þar sem fyrir þeim er séð á fjárlögum. Enda þótt nokkur frestun verði á einstökum öðrum framkvæmdum, er gert ráð fyrir því í sambandi við þær, að lánsfé skv. áætlun 1970 sé þegar fengið. Koma þannig fram í einu lagi eftirstöðvar fjárvöntunar 1970, 31.8 m.kr. Nemur óleyst fjárþörf áætlunarinnar í heild þannig 71.4 m.kr. miðað við áætlaða fjáröflun.

Hraðbrautaframkvæmdir og tækjakaup vegagerðar. Framkvæmdir þessar og tækjakaup, sem tekin eru með til yfirlits um ríkisframkvæmdir fyrir lánsfé, eru sérstaks eðlis. Eru lánin tekin skv. sérstakri lánsheimild og standa þau fyrir reikning vegasjóðs ásamt annarri fjármögnun vegaframkvæmda. Verður því ekki gerð nánari grein fyrir þeim á þessum vettvangi.

Fylgiskjal II.

Starfsmannaskrá.

Starfsmannaskrá sú sem hér fer á eftir er gerð eftir launaskrám launadeildar fjármálaráðuneytisins, póst- og símamálastjórnarinnar og ríkisspítalanna.

Taldir eru þeir starfsmenn sem á þessum launaskrám voru í maí 1970 og laun tóku samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

Launaupphæðir þær sem í skránni eru byggja á mánaðarlaunum eins og þau voru í maímánuði síðast liðnum. Mánaðarlaunin eru hér tólffölduð til jafngildis við árslaun.

	A-HLUTI Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
00 101	**Embætti forseta Íslands:**			
	Forseti Íslands	1	U.	
	Forsetaritari	1	24.	
	Ráðskona að Bessastöðum	1	16.	
	Bókari	1	14.	
	Bifreiðarstjóri	1	10.	
	Samtals	5		1 324
00 201	**Alþingi:**			
	Skrifstofustjóri	1	28.	
	Deildarstjóri	1	24.	
	Fulltrúi	1	22.	
	Eftirlitsmaður	1	18.	
	Eftirlitsmaður	1	14.	
	Skjalavörður	1	14.	
	Fulltrúar	2	12.	
	Húsvörður	1	08.	
	Samtals	9		2 155
00 301	**Ráðherrar:**			
	Ráðherrar	7	U.	
	Samtals	7		2 906
00 401	**Hæstiréttur:**			
	Hæstaréttardómarar	5	U.	
	Samtals	5		2 085
01 101	**Forsætisráðuneytið:**			
	Ráðuneytisstjóri	1	28.	
	Bréfritari	1	13.	
	Bifreiðastjóri	1	10.	
	Dyravörður	1	08.	
	Samtals	4		887

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
01 901	**Húsameistaraembættið:**			
	Húsameistari ríkisins	1	27.	
	Yfirarkitekt	1	25.	
	Skrifstofustjóri	1	23.	
	Arkitektar	3	23.	
	—	5	21.	
	Fulltrúi	1	20.	
	Forstöðumaður byggingaeftirlits	1	19.	
	Byggingaeftirlitsmenn	2	18.	
	Samtals	15		4 099
02 101	**Menntamálaráðuneytið:**			
	Ráðuneytisstjóri	1	28.	
	Deildarstjórar	4	24.	
	Sérfræðingar	2	23.	
	Fulltrúar	2	22.	
	Námsstjórar	2	22.	
	Fulltrúi	1	20.	
	Eftirlitsmenn	3	18.	
	Aðstoðarmaður	1	14.	
	Fulltrúar	2	14.	
	Bréfritari	1	13.	
	Bókarar	3	11.	
	Símavarðstjóri	1	11.	
	Símaverðir	1	07.	
	Samtals	25		5 493
02 201	**Háskóli Íslands:**			
	Rektor	1	28.	
	Prófessorar	49	26.	
	Háskólabókavörður	1	26.	
	Háskólakennarar	3	26.	
	Háskólaritari	1	26.	
	Bókavörður	1	24.	
	Dósent í lyfjafræði	1	24.	
	Dósentar	3	23.	
	Lektorar	6	23.	
	Styrkþegi	1	23.	
	Fulltrúar	2	22.	
	Íþróttakennari	1	21.	
	Bókavörður	1	21.	
	Tanntæknir	1	18.	
	Aðalgjaldkeri	1	17.	
	Fulltrúi	1	14.	
	Ritari	1	13.	
	Bókari	1	11.	
	Ritari	1	10.	
	Húsvörður	1	08.	
	Aðstoðarkona	1	07.	

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
	Aðjunktar	17	U.	
	Dósentar	25	U.	
	Lektorar	9	U.	
	Sendikennarar	6	U.	
	Samtals	136		29 940
02 202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum:**			
	Forstöðumaður	1	26.	
	Dýralæknir	1	26.	
	Sérfræðingur	1	24.	
	Efnafræðingur	1	23.	
	Bóluefnisstjóri	1	17.	
	Bústjóri	1	15.	
	Meinatæknar	3	15.	
	Gjaldkeri	1	14.	
	Sérhæfðir aðstoðarmenn	5	12.	
	Aðstoðarmenn	3	10.	
	Aðstoðarmaður	1	07.	
	Samtals	19		3 753
02 203	**Raunvísindastofnun Háskólans:**			
	Deildarstjóri	1	24.	
	Sérfræðingar	8	23.	
	Skrifstofustjóri	1	20.	
	Sérhæfður aðstoðarmaður	1	16.	
	Umsjónarmaður	1	15.	
	Sérhæfðir aðstoðarmenn	2	14.	
	Sérhæfðir aðstoðarmenn	2	12.	
	Samtals	16		3 941
02 205	**Handritastofnun Íslands:**			
	Forstöðumaður	1	26.	
	Sérfræðingar	3	22.	
	Starfsmaður	1	21.	
	Ritari	1	10.	
	Styrkþegar	4	U.	
	Samtals	10		2 164
02 206	**Orðabók Háskólans:**			
	Forstöðumaður	1	26.	
	Sérfræðingar	2	22.	
	Samtals	3		904
02 231	**Náttúrufræðistofnun Íslands:**			
	Forstöðumaður	1	26.	
	Deildarstjóri	2	24.	
	Sérfræðingar	3	23.	
	Hamskeri	1	16.	
	Sérhæfðir aðstoðarmenn	1	12.	
	Samtals	8		218

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
02 232	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
	Framkvæmdastjóri	1	26.	
	Fulltrúi	1	12.	
	Samtals	2		531
02 271	**Reiknistofnun háskólans:**			
	Fulltrúi	1	14.	
	Samtals	1		139
02 301	**Menntaskólinn við Lækjargötu:**			
	Rektor	1	26.	
	Kennarar	36	21.	
	Fulltrúi	1	14.	
	Húsvörður	1	08.	
	Samtals	39		9 675
02 302	**Menntaskólinn á Akureyri:**			
	Skólameistari	1	26.	
	Kennarar	19	21.	
	Íþróttakennari	2	18.	
	Húsvörður	1	08.	
	Umsjónarmaður	1	08.	
	Samtals	24		5 958
02 303	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**			
	Skólameistari	1	26.	
	Kennarar	8	21.	
	Íþróttakennari	1	18.	
	Samtals	10		2 513
02 304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð:**			
	Rektor	1	26.	
	Kennarar	24	21.	
	Fulltrúi	1	14.	
	Húsvörður	1	08.	
	Samtals	27		6 726
02 321	**Kennaraskólinn:**			
	Skólastjóri	1	26.	
	Kennarar	29	21.	
	Kennarar	5	18.	
	Fulltrúi	1	14.	
	Samtals	41		9 127
02 322	**Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Kennarar	4	21.	
	Kennarar	3	16.	
	Samtals	8		2 024

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
02 331	**Íþróttakennaraskólinn:**			
	Skólastjóri	1	22.	
	Kennarar	2	18.	
	Samtals	3		607
02 336	**Húsmæðrakennaraskóli Íslands:**			
	Skólastjóri	1	22.	
	Húsmæðrakennarar	2	18.	
	Samtals	3		744
02 401	**Fræðslumálastjóri:**			
	Fræðslumálastjóri	1	27.	
	Deildarstjóri	1	23.	
	Íþróttafulltrúi	1	22.	
	Fulltrúi	1	20.	
	Bókafulltrúi	1	20.	
	Fulltrúi	1	12.	
	Bókari	1	11.	
	Ritari	1	10.	
	—	1	07.	
	Samtals	9		2 061
02 401	**Námsstjórar:**			
	Námsstjórar	3	22.	
	Samtals	3		846
02 402	**Fjármálaeftirlit skóla:**			
	Eftirlitsmaður	1	25.	
	Fulltrúi	1	20.	
	Bókari	1	08.	
	Samtals	3		733
02 421	**Fræðslumyndasafnið:**			
	Forstöðumaður	1	19.	
	Safnvörður	1	17.	
	Aðstoðarmaður	1	10.	
	Samtals	3		623
02 422	**Ríkisútgáfa námsbóka:**			
	Framkvæmdastjóri	1	23.	
	Deildarstjóri	1	23.	
	Samtals	2		591
02 501	**Tækniskólinn:**			
	Skólastjóri	1	26.	
	Kennarar	6	21.	
	Samtals	7		1 932

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
02 506	**Vélskólinn:**			
	Skólastjóri	1	24.	
	Kennarar	2	19.	
	Kennarar	6	18.	
	Samtals	9		2 109
02 507	**Stýrimannaskólinn:**			
	Skólastjóri	1	24.	
	Kennarar	1	19.	
	—	5	18.	
	Samtals	7		1 660
02 514	**Iðnskólinn í Reykjavík:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Kennarar	4	19.	
	Kennarar	8	18.	
	Kennarar	20	17.	
	Samtals	33		7 259
02 514	**Iðnskólar utan Reykjavíkur:**			
	Skólastjórar	5	20.	
	Kennari	1	19.	
	Kennarar	2	18.	
	Kennarar	6	17.	
	Samtals	14		3 134
02 517	**Matsveina- og veitingaþjónaskólinn:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Kennari	1	19.	
	Kennari	1	17.	
	Samtals	3		716
02 521	**Hjúkrunarskóli Íslands:**			
	Skólastjóri	1	23.	
	Kennarar	5	17.	
	Matráðskona	1	17.	
	Hjúkrunarkona	1	15.	
	Ritari	1	12.	
	Saumakona	1	08.	
	Saumakona	1	05.	
	Símaverðir	3	05.	
	Umsjónarkona	1	05.	
	Nemar	40	U.	
	Samtals	55		5 880
02 541	**Húsmæðraskóli Reykjavíkur:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Húsmæðrakennarar	3	18.	
	—	2	17.	
	Samtals	6		1 398

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
02 542	**Húsmæðraskólinn á Varmalandi:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Húsmæðraskólakennarar	3	17.	
	Samtals	4		853
02 543	**Húsmæðraskólinn á Staðarfelli:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Húsmæðraskólakennarar	3	17.	
	Samtals	4		848
02 544	**Húsmæðraskóli Ísafjarðar:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Húsmæðrakennari	1	18.	
	—	2	17.	
	Samtals	4		914
02 545	**Húsmæðraskólinn á Blönduósi:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Húsmæðraskólakennari	1	18.	
	—	2	17.	
	Samtals	4		881
02 546	**Húsmæðraskólinn á Löngumýri:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Húsmæðraskólakennari	1	18.	
	Húsmæðraskólakennarar	2	17.	
	Samtals	4		868
02 547	**Húsmæðraskólinn á Laugalandi:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Húsmæðraskólakennarar	2	18.	
	Húsmæðraskólakennari	1	17.	
	Samtals	4		908
02 548	**Húsmæðraskóli Akureyrar:**			
	Húsmæðrakennari	1	18.	
	Samtals	1		221
02 549	**Húsmæðraskólinn á Laugum:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Húsmæðraskólakennari	1	18.	
	Húsmæðraskólakennarar	2	17.	
	Samtals	4		875
02 551	**Húsmæðraskólinn á Hallormsstað:**			
	Skólastjóri	1	20.	
	Húsmæðraskólakennari	1	18.	
	Húsmæðraskólakennarar	2	17.	
	Samtals	4		771

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
02 552	**Húsmæðraskólinn á Laugavatni:**			
	Skólastjóri	2	20.	
	Húsmæðraskólakennarar	2	17.	
	Samtals	4		895
02 561	**Myndlista- og handíðaskóli Íslands:**			
	Skólastjóri	1	23.	
	Kennarar	6	19.	
	Samtals	7		1 109
02 571	**Sjómannaskólahúsið:**			
	Húsvörður	1	08.	
	Samtals	1		171
02 601	**Héraðsskólinn í Reykholti:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Kennari	1	19.	
	Kennari	1	18.	
	Kennarar	5	17.	
	Samtals	8		1 664
02 602	**Héraðsskólinn á Núpi:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Kennarar	2	19.	
	Kennarar	1	18.	
	Kennarar	3	17.	
	Samtals	7		1 566
02 603	**Héraðsskólinn í Reykjanesi:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Kennarar	5	17.	
	Samtals	6		1 327
02 604	**Héraðsskólinn á Reykjum:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Kennari	1	19.	
	Kennarar	3	18.	
	Kennarar	4	17.	
	Samtals	9		1 986
02 605	**Alþýðuskólinn á Eiðum:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Kennarar	2	18.	
	Kennarar	6	17.	
	Samtals	9		1 945
02 606	**Héraðsskólinn í Skógum:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Kennarar	2	18.	
	Kennarar	4	17.	
	Samtals	7		1 536

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
02 607	**Héraðsskólinn að Laugarvatni:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Kennari	1	19.	
	Kennarar	3	18.	
	Kennarar	2	17.	
	Samtals	7		1 579
02 611	**Gagnfræðaskólar í Reykjavík:**			
	Skólastjórar	4	25.	
	—	1	24.	
	Skólastjóri	1	22.	
	—	1	21.	
	Kennarar	39	19.	
	Kennarar	94	18.	
	Kennarar	100	17.	
	Samtals	238		50 378
02 612	**Gagnfræðaskólar í Kópavogi:**			
	Skólastjóri	1	25.	
	Skólastjóri	1	20.	
	Kennarar	5	19.	
	Kennarar	9	18.	
	Kennarar	24	17.	
	Samtals	40		7 800
02 613	**Gagnfræðaskólar í Hafnarfirði:**			
	Skólastjóri	1	24.	
	Kennarar	3	19.	
	Kennarar	9	18.	
	Kennarar	18	17.	
	Samtals	31		5 778
02 614	**Gagnfræðaskólinn í Keflavík**			
	Skólastjóri	1	24.	
	Kennari	1	19.	
	Kennarar	4	18.	
	Kennarar	12	17.	
	Samtals	18		3 793
02 615	**Gagnfræðaskólinn í Garðahreppi:**			
	Skólastjóri	1	23.	
	Kennari	1	18.	
	Kennarar	10	17.	
	Samtals	12		2 241
02 616	**Gagnfræðaskólinn á Seltjarnarnesi:**			
	Kennari	1	19.	
	Kennarar	4	18.	
	Kennarar	4	17.	
	Samtals	9		1 497

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
02 617	**Gagnfræðaskólinn í Mosfellshreppi:**			
	Skólastjóri	1	23.	
	Kennarar	3	18.	
	Kennarar	2	17.	
	Samtals	6		1 147
02 618	**Gagnfræðaskólinn á Akranesi:**			
	Skólastjóri	1	23.	
	Kennarar	1	19.	
1	07	999	05	Geðverndarfélag Íslands.
1	07	999	06	Geðverndarfélagið, byggingarstyrkur.
1	08	321		Geislavarnir ríkisins.
1	09	251		Gjaldheimtan í Reykjavík.

1	04	299	11	Gróðurvernd í Búðahrauni.
1	02	881	04	Grænlenzkur stúdent, styrkur til námsdvalar.
1	08	471		Gæzluvistarsjóður, framlag.
1	10	333	07	Hafnabótasjóður, framlag.
1	10	333		Hafnamál.
1	10	333	06	Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlag.
1	10	333	03	Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
1	10	333	02	Hafnarannsóknir og mælingar.
1	05	202		Hafrannsóknastofnun.
1	12	999	02	Hagráð.
1	13	101		Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.
1	06	301	22	Hallgrímskirkja.
1	02	205		Handritastofnun Íslands.
1	02	201		Háskóli Íslands.
1	06	241		Hegningarhúsið í Reykjavík.
1	08	101		Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	08	375		Heilsuhælið í Kristnesi.
1	08	374		Heilsuhælið á Vífilsstöðum.
1	07	271	03	Heilsuspillandi húsnæði.
1	02	982	11	Heimildakvikmyndir um merka Íslendinga.
1	07	399	06	Heimilishjálp skv. lögum nr. 10/1952.
1	11	299	09	Heimilisiðnaðarfélag Íslands.
1	02	999	42	Herferð gegn hungri.
1	08	399	24	Heyrnardaufir, aðstoð.
1	07	999	04	Heyrnarhjálp.
1	02	769		Heyrnleysingjaskólinn.
1	08	399	17	Héraðshjúkrunarkonur, skv. lögum nr. 43/1965.
1	08	301	03	Héraðslæknar.
1	02	608		Héraðsskólar almennt.
1	02	607		Héraðsskólinn á Laugarvatni.
1	02	602		Héraðsskólinn á Núpi.
1	02	601		Héraðsskólinn í Reykholti.
1	02	603		Héraðsskólinn á Reykjanesi.
1	02	604		Héraðsskólinn á Reykjum.
1	02	606		Héraðsskólinn í Skógum.
1	06	301	25	Hið íslenzka biblíufélag.
1	02	999	22	Hið íslenzka náttúrufræðifélag.
1	08	399	08	Hjartavernd.
1	02	521		Hjúkrunarskóli Íslands.
1	09	972		Hlutabréf ríkisins.
1	08	361		Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.
1	02	999	67	Hreindýraeftirlit.
1	04	299	12	Hrossaræktarbúið að Kirkjubæ.
1	01	901		Húsameistari ríkisins.
1	02	336		Húsmæðrakennaraskóli Íslands.
1	02	553		Húsmæðraskólar almennt.
1	02	548		Húsmæðraskólinn á Akureyri.
1	02	545		Húsmæðraskólinn á Blönduósi.
1	02	551		Húsmæðraskólinn á Hallormsstað.
1	02	544		Húsmæðraskólinn á Ísafirði.
1	02	547		Húsmæðraskólinn á Laugalandi.
1	02	552		Húsmæðraskólinn á Laugarvatni.

1 02	549		Húsmæðraskólinn á Laugum.
1 02	546		Húsmæðraskólinn á Löngumýri.
1 02	541		Húsmæðraskólinn í Reykjavík.
1 02	543		Húsmæðraskólinn á Staðarfelli.
1 02	542		Húsmæðraskólinn á Varmalandi.
1 08	271		Húsnæðismálastofnun ríkisins.
1 06	201		Hæstiréttur.
1 00	401		Hæstiréttur (laun hæstaréttardómara).
1 02	999	13	Iceland Review.
1 11	299		Iðja og iðnaður, framlög.
1 11	201		Iðnaðarmálastofnun Íslands.
1 11	101		Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa.
1 02	431		Iðnfræðsluráð.
1 11	299	02	Iðnlánasjóður.
1 07	981	11	Iðnnemasamband Íslands.
1 11	299	03	Iðnráð.
1 02	514–516		Iðnskólar.
1 11	299	05	Iðnþróun, efling.
1 11	221		Iðnþróunarsjóður.
1 02	999	43	Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn.
1 02	999	23	Íslenzka stærðfræðifélagið.
1 02	331		Íþróttakennaraskóli Íslands.
1 02	986		Íþróttamál.
1 02	986	02	Íþróttasamband Íslands.
1 02	986	03	Íþróttasjóður.
1 02	986	05	Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar.
1 04	172		Jarðeignasjóður ríkisins.
1 04	171		Jarðeignir ríkisins, framlög.
1 04	286	09	Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir.
1 04	286	07	Jarðræktarframlög.
1 02	983	06	Jöklarannsóknir og mælingar.
1 06	301	18	Kaup á eignum á kirkjujörðum.
1 02	401	03	Kennaranámskeið.
1 02	321		Kennaraskólinn.
1 02	999	50	K.F.U.M., styrkur til starfsemi í Vatnaskógi.
1 06	371		Kirkjubyggingasjóður.
1 06	372		Kirkjugarðasjóður.
1 06	401	02	Kirkjuráð.
1 06	401	03	Kirkjuþing.
1 09	999	05	Kjarasamningar, kostnaður.
1 08	399	10	Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnalögum og lögum um ónæmisaðgerðir.
1 08	399	14	Kostnaður vegna laga nr. 16/1938.
1 08	399	09	Krabbameinsfélag Íslands.
1 06	301	26	Kristindómsfræðsla í skólum, umbætur.
1 06	373		Kristnisjóður.
1 02	999	45	Kvenfélagasamband Íslands, laun ráðunautar.

1	02	999	44	Kvenfélagasamband Íslands til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju.
1	02	999	46	Kvenréttindafélag Íslands.
1	08	399	13	Kynsjúkdómavarnir skv. lögum nr. 91/1932.
1	06	281	09	Lagasafn, útgáfa.
1	07	372		Landakaup kaupstaða og kauptúna.
1	04	101		Landbúnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	04	286		Landbúnaður, framlög.
1	04	235		Landgræðsla.
1	04	271		Landgræðslusjóður, framlag.
1	06	251		Landhelgisgæzla.
1	06	251	07	Landhelgissjóður.
1	08	301		Landlæknisembættið.
1	10	656		Landmælingar.
1	04	241		Landnám ríkisins.
1	10	333	05	Landshafnir, framlag.
1	11	299	04	Landssamband iðnaðarmanna.
1	04	299	04	Landssamband íslenzkra hestamannafélaga.
1	04	299	05	Landssamband ísl. hestamannafélaga til leiðbeininga um hestamennsku.
1	07	981	13	Landssamband verzlunarmanna.
1	02	901		Landsbókasafnið.
1	08	371		Landspítalinn.
1	04	286	04	Landþurrkun.
1	07	271	04	Launaskattur.
1	02	872		Lánasjóður íslenzkra námsmanna.
1	07	371		Lánasjóður sveitarfélaga.
1	02	999	66	Leiðbeiningar um starfsfræðslu utan Reykjavíkur.
1	02	999	20	Leikfélag Reykjavíkur.
1	02	982	08	Leiklistarstarfsemi.
1	02	982	19	Listamenn.
1	02	905		Listasafn Ásgríms Jónssonar.
1	02	906		Listasafn Einars Jónssonar.
1	02	907		Listasafn Íslands.
1	02	982	12	Listasöfn.
1	02	982		Listir, framlög.
1	02	982	13	Listkynning í skólum.
1	02	982	10	Listkynningar erlendis.
1	02	982	09	Listmálarahús, byggingarfé.
1	07	999	25	Lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga.
1	08	301	09	Ljósmæðralaun.
1	08	501		Ljósmæðraskóli Íslands.
1	08	399	04	Lyfjabúðaeftirlit.
1	08	399	03	Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit.
1	08	399	01	Lyfjaverðlagsnefnd.
1	08	301	04	Læknaráð.
1	08	301	08	Lækningaferðir sérfræðinga..
1	08	377		Læknishéraðasjóður.
1	02	999	14	Lögberg–Heimskringla.
1	06	262		Löggildingarstofan.
1	09	999	08	Löggiltir endurskoðendur, kostnaður við próf.
1	06	282		Löggæzla.

1 06	217		Lögreglustjórinn, Bolungarvík.
1 03	201		Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.
1 06	206		Lögreglustjórinn í Reykjavík.
1 06	207		Lögreglustöð í Reykjavík, bygging.
1 04	242		Mat á landbúnaðarafurðum.
1 02	999	02	Matthíasarsafnið á Akureyri.
1 02	517		Matsveina- og veitingaþjónaskólinn.
1 08	399	11	Matvælarannsóknir.
1 02	999	24	Málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl.
1 06	281	01	Málskostnaður.
1 06	281	02	Meðdómsmenn.
1 07	999	19	Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga.
1 07	999	20	Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947.
1 02	999	40	Menningarsamband við Vestur-Íslendinga.
1 02	999	47	Menningarsjóður Blaðamannafélags Íslands.
1 02	976		Menningarsjóður, framlag.
1 02	984	06	Menningarsjóður Norðurlanda.
1 02	101		Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1 02	101	03	Menntamálaráðuneytið, byggingadeild.
1 02	101	04	Menntamálaráðuneytið, fjármáladeild.
1 02	307		Menntaskóli á Austurlandi, byggingarstyrkur.
1 02	306		Menntaskólinn á Ísafirði.
1 02	305		Menntaskólinn við Tjörnina.
1 02	302		Menntaskólinn á Akureyri.
1 02	304		Menntaskólinn við Hamrahlíð.
1 02	303		Menntaskólinn á Laugarvatni.
1 02	301		Menntaskólinn í Reykjavík.
1 02	881	08	Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi.
1 02	401	08	Miðskólapróf í bóknámsdeild, landspróf.
1 08	399	25	Minningarsjóður Landspítalans.
1 02	999	03	Minningarlundir og skrúðgarðar.
1 04	286	12	Mjólkurbú og smjörsamlög.
1 02	802	06	Munaðarlausir, vanræktir eða fatlaðir unglingar, námsstyrkir.
1 02	561		Myndlista- og handíðaskólinn.
1 07	999	07	Mæðrastyrksnefndir.
1 04	286	15	Nautgriparæktunarsambönd.
1 02	881		Náms- og fræðimenn, framlög.
1 02	802	05	Náms- og hælisvist unglinga, styrkur.
1 08	301	07	Námsferðir héraðslækna og embættislækna.
1 02	401	09	Námsflokkar.
1 05	201	03	Námskeið í meðferð fiskleitartækja.
1 08	399	18	Námskeið sjúkraliða.
1 08	378		Námslán læknastúdenta skv. lögum nr. 43/1965.
1 02	401	02	Námsstjórar.
1 02	231		Náttúrufræðistofnun Íslands.
1 02	999	07	Náttúrugripasafn Akureyrar.
1 02	999	08	Náttúrugripasafn Neskaupstaðar.
1 02	999	09	Náttúrugripasafn Vestmannaeyja.
1 02	931		Náttúruverndarráð.
1 07	999	21	Neytendasamtökin.

1	12	201		Niðurgreiðslur á vöruverði.
1	02	983	07	Norræn rannsóknastofnun í fræðilegum atómvísindum.
1	02	984		Norræn samvinna.
1	08	399	02	Norræn samvinna í lyfsölumálum.
1	04	299	03	Norræna búfræðifélagið.
1	02	984	03	Norræna félagið.
1	02	984	51	Norræna húsið, bygging.
1	02	984	04	Norræna húsið, rekstur.
1	02	984	08	Norræna læknakennslusambandið.
1	02	984	07	Norræna tölfræðistofnunin.
1	02	984	02	Norrænt samstarf.
1	02	999	64	Northern Scholars Committee.
1	02	206		Orðabók háskólans.
1	11	371		Orkusjóður, framlag.
1	11	301		Orkustofnun.
1	09	999	02	Orlofsheimili BSRB.
1	07	981	06	Orlofsheimili verkalýðssamtakanna.
1	07	999	22	Orlofssjóður húsmæðra.
1	09	999	09	Óviss útgjöld.
1	02	999	68	Polýfónkórinn vegna utanferðar.
1	06	301	15	Prestar og prófastar.
1	06	301	19	Prestsembættisbústaðir, viðhald.
1	06	281	04	Próf málflytjenda.
1	02	232		Rannsóknaráð ríkisins.
1	08	311		Rannsóknastofa háskólans.
1	11	203		Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.
1	05	203		Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
1	11	202		Rannsóknastofnun iðnaðarins.
1	04	206		Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
1	07	999	08	Rauðikross Íslands.
1	02	203		Raunvísindastofnun háskólans.
1	05	201	02	Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins.
1	02	271		Reiknistofnun háskólans.
1	10	325		Rekstrardeild ríkisskipa.
1	08	301	12	Rhesusvarnir.
1	02	999	21	Rithöfundasamband Íslands.
1	02	981	06	Rithöfundasjóður Íslands.
1	09	971		Ríkisábyrgðasjóður, framlag.
1	09	981		Ríkisbifreiðar, framlag.
1	09	103		Ríkisbókhald.
1	14	101		Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa.
1	09	104		Ríkisféhirzla.
1	03	201	03	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.
1	08	302		Ríkisspítalar, skrifstofa.
1	00	301		Ríkisstjórn.
1	02	422		Ríkisútgáfa námsbóka.
1	02	972		Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld.

1	02	904		Safnahúsið.
1	06	205		Sakadómarinn í Reykjavík.
1	06	202		Saksóknari ríkisins.
1	02	999	48	Samband íslenzkra barnakennara til menningar- og félagsstarfsemi.
1	02	679		Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni.
1	10	101		Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	02	581	02	Samvinnuskólinn.
1	04	243		Sauðfjárveikivarnir.
1	07	981	03	Sáttanefndir í vinnudeilum.
1	03	311		Sendinefnd Íslands hjá NATO, Brussels.
1	03	309		Sendinefnd Íslands hjá S. þ., New York.
1	03	301		Sendiráðið í Bonn.
1	03	302		Sendiráðið í Kaupmannahöfn.
1	03	303		Sendiráðið í London.
1	03	304		Sendiráðið í Moskvu.
1	03	305		Sendiráðið í Osló.
1	03	306		Sendiráðið í París.
1	03	307		Sendiráðið í Stokkhólmi.
1	03	308		Sendiráðið í Washington.
1	06	281	03	Setu- og varadómarar.
1	10	672		Sérleyfissjóður.
1	01	101	05	Sérstök fjárveiting vegna breytinga á Arnarhvoli.
1	06	281	05	Siglingadómur.
1	10	341		Siglingamálastofnun ríkisins.
1	02	974		Sinfóníuhljómsveitin.
1	07	999	09	S.Í.B.S., læknislaun.
1	07	999	10	S.Í.B.S., styrkur.
1	05	212		Síldarmat ríkisins.
1	09	999	04	Símakostnaður og símastöð fyrir stjórnarráðið.
1	07	999	11	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.
1	07	999	12	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur.
1	05	101		Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	07	999	23	Sjómannaheimili, rekstrarstyrkir.
1	02	571		Sjómannaskólahúsið.
1	07	999	24	Sjómannastofur, byggingar.
1	06	254		Sjómælingar og sjókortagerð.
1	10	333	08	Sjóvarnargarðar.
1	08	999	27	Sjúkraflug.
1	06	283	06	Sjúkrakostnaður refsifanga.
1	09	207		Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum.
1	09	206		Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra, Akureyri.
1	09	205		Skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra, Siglufirði.
1	09	211		Skattstofa Reykjanesumdæmis, Hafnarfirði.
1	09	202		Skattstofan í Reykjavík.
1	09	208		Skattstofa Suðurlands, Hellu.
1	09	204		Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði.
1	09	209		Skattstofa Vestmannaeyja.
1	09	203		Skattstofa Vesturlandsumdæmis, Akranesi.
1	09	212		Skattstofur, sameiginleg útgjöld.
1	02	999	29	Skáksamband Íslands.
1	06	301	21	Skálholtsstaður, framlag.
1	10	321	02	Skipaútgerð ríkisins.
1	07	301		Skipulagsstjóri.

1	02	401	14	Skíðakennsla í skólum.
1	04	231		Skógrækt ríkisins.
1	05	299	06	Skólabátur, framlag.
1	08	301	02	Skólayfirlæknisembættið.
1	05	901		Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.
1	07	999	13	Slysavarnafélag Íslands.
1	08	381	05	St. Franciscusarreglan, Stykkishólmi, byggingarstyrkur sjúkrahúss.
1	08	381	04	St. Jósefsspítali, byggingarstyrkur.
1	02	881	11	Starfsemi stúdenta.
1	05	299	02	Starfsfræðsla sjávarútvegsins.
1	01	101	02	Stjórnarráðshús, viðhald.
1	06	102		Stjórnartíðindi.
1	11	205		Stjórnunarnámskeið.
1	05	274	03	Stofnfé almennrar deildar togaraflotans.
1	04	286	06	Stofnlánadeild landbúnaðarins.
1	08	481	05	Stórstúka Íslands.
1	10	321		Strandferðir, framlög.
1	08	381	06	Styrkir til heilsuverndarstöðva.
1	08	399	26	Styrktar- og sjúkrasjóðir.
1	09	384		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur og börn.
1	09	383		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.
1	07	999	14	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.
1	07	999	15	Styrktarfélag vangefinna.
1	07	999	16	Styrktarfélag vangefinna, dagheimili.
1	07	974		Styrktarsjóður fatlaðra.
1	07	975		Styrktarsjóður vangefinna.
1	02	984	09	Styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum.
1	09	999	03	Styrkur til dagblaða.
1	02	881	05	Styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga.
1	02	982	07	Styrkur til lúðrasveita samkv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins.
1	02	882		Styrkur til myndlistarskóla.
1	02	881	09	Styrkur til útgáfustarfa.
1	02	507		Stýrimannaskólinn.
1	02	582		Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum.
1	06	301	12	Sumarbúðir þjóðkirkjunnar.
1	02	999	51	Sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili fyrir börn úr bæjum og kauptúnum.
1	02	983	04	Surtseyjarfélagið.
1	07	399		Sveitarfélög, framlög.
1	02	982	15	Sýningarskáli á Miklatúni, bygging.
1	06	225		Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri.
1	06	236		Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði.
1	06	226		Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík.
1	06	218		Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði.
1	06	222		Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkróki.
1	06	227		Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisfirði.
1	06	221		Sýslumaðurinn, Blönduósi.
1	06	213		Sýslumaðurinn, Borgarnesi.
1	06	215		Sýslumaðurinn, Búðardal.
1	06	229		Sýslumaðurinn, Eskifirði.
1	06	219		Sýslumaðurinn, Hólmavík.
1	06	232		Sýslumaðurinn, Hvolsvelli.
1	06	216		Sýslumaðurinn, Patreksfirði.

1	06	234		Sýslumaðurinn, Selfossi.
1	06	214		Sýslumaðurinn, Stykkishólmi.
1	06	231		Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal.
1	06	301	10	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.
1	02	999	28	Taflfélag Reykjavíkur.
1	08	481	04	Templarahöllin, byggingarstyrkur.
1	07	999	17	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis.
1	02	401	16	Til fyrrverandi barnakennara eftir tillögum fræðslumálastjóra.
1	02	883		Til lektora í íslenzku við erlenda háskóla.
1	08	399	16	Til lækningatækja skv. lögum nr. 43/1965.
1	08	381		Til sjúkrahúsa og læknabústaða.
1	02	401	19	Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra.
1	02	202		Tilraunastöð háskólans á Keldum.
1	02	999	16	Tímaritið Veðrið.
1	09	999	07	Togaralán, framlag.
1	09	282		Tollamál, sameiginlegur kostnaður.
1	03	201	02	Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli.
1	09	261	03	Tollgæzla í Reykjavík.
1	09	263		Tollgæzla utan Reykjavíkur.
1	09	261		Tollstjórinn í Reykjavík.
1	09	281		Tollstöðvar, framlag.
1	02	982	02	Tónlistarskólar.
1	02	982	04	Tónlistarstarfsemi.
1	08	271		Tryggingastofnun ríkisins.
1	11	299	07	Tækniaðstoð S. þ., mótframlag.
1	02	501		Tækniskólinn.
1	07	999	28	Umbúðasmíði vegna fatlaðra.
1	02	999	12	Umbætur við Geysi í Haukadal.
1	02	999	52	Ungmennafélag Íslands, skógrækt í Þrastaskógi.
1	02	999	53	Ungmennafélag Íslands, styrkur.
1	02	999	54	Ungmennafélag Íslands til starfsíþrótta.
1	09	381		Uppbætur á lífeyri.
1	04	286	13	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.
1	02	802	07	Uppeldisheimili fyrir ungar stúlkur.
1	02	871		Upptökuheimilið í Kópavogi.
1	06	301	07	Utanfarir presta.
1	03	101		Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	02	986	06	Útgáfa handbóka um skólaíþróttir.
1	06	281	06	Útgáfa norræns dómasafns.
1	06	301	24	Útgáfustarfsemi, þjóðkirkjan.
1	09	481		Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum.
1	06	301	20	Útihús á prestssetrum.
1	03	102		Varnarmáladeild.
1	03	201	04	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar.
1	07	399	02	Vatnsveitur skv. lögum.
1	10	652		Veðurstofan.
1	10	211		Vegagerð.
1	04	246		Veiðimálaskrifstofan.
1	04	205		Veiðistjóri.
1	04	244		Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða.

1	05	221		Verðlagsráð sjávarútvegsins.
1	12	902		Verðlagsskrifstofan.
1	11	204		Verkstjórnarnámskeiðin.
1	08	471	04	Vernd.
1	02	802		Vernd barna og ungmenna.
1	02	581		Verzlunarskólar.
1	02	581	01	Verzlunarskóli Íslands.
1	06	301	05	Vestur-íslenzkar kirkjur.
1	04	272		Vélasjóður, framlag.
1	02	506		Vélskólinn.
1	02	999	69	Vettvangsskóli á Akureyri.
1	02	987		Viðeyjarstofa, endurbætur.
1	06	301	19	Viðhald prestssetra.
1	12	101		Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	06	243		Vinnuhælið á Kvíabryggju.
1	06	242		Vinnuhælið á Litla-Hrauni.
1	07	981		Vinnumál.
1	07	399	07	Vinnumiðlun.
1	02	801		Vistheimilið Breiðavík.
1	10	331		Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa.
1	10	332		Vitamál.
1	08	399	12	Vírusrannsóknir.
1	02	983	03	Vísinda- og fræðimenn.
1	02	999	26	Vísindarannsóknir.
1	02	975		Vísindasjóður.
1	12	999	03	Vörusýningar erlendis.
1	07	999		Ýmis framlög, félagsmálaráðuneytið.
1	08	399		Ýmis heilbrigðismál.
1	09	991		Ýmis lán ríkissjóðs.
1	04	299		Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.
1	02	983		Ýmis vísindaleg starfsemi.
1	12	999		Ýmis önnur mál, viðskiptaráðuneytið.
1	09	999		Ýmislegt, fjármálaráðuneytið.
1	05	299		Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.
1	02	999	55	Zontaklúbbur Akureyrar vegna kaupa á Nonnahúsi.
1	02	999	56	Þjóðdansafélagið.
1	01	902		Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.
1	01	921		Þjóðgarðurinn, Skaftafelli.
1	01	101	04	Þjóðhátíð 1974.
1	06	301		Þjóðkirkjan.
1	02	973		Þjóðleikhús, framlög.
1	02	902		Þjóðminjasafnið.
1	02	903		Þjóðskjalasafnið.
1	13	102		Þjóðskráin.
1	02	322		Æfinga- og tilraunaskóli kennaraskólans.
1	02	999	59	Æskulýðsnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
1	02	999	60	Æskulýðsnefnd Eyjafjarðar.
1	02	999	61	Æskulýðssamband Íslands.
1	06	301	11	Æskulýðsstörf, þjóðkirkjan.
1	06	261		Öryggiseftirlit.

B-HLUTI

2 04 221 Áburðarverksmiðja ríkisins.
2 05 274 Aflatryggingarsjóður sjávarútvegsins.
2 09 931 Arnarhvoll.
2 07 973 Atvinnujöfnunarsjóður.
2 08 273 Atvinnuleysistryggingasjóður.

2 04 222 Áburðarsala ríkisins.
2 09 101 Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
2 10 211 Áhaldahús vegagerðarinnar.

2 08 321 Bifreiðalánasjóður héraðslækna.
2 07 972 Bjargráðasjóður Íslands.
2 02 981 Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
2 09 932 Borgartún 7.
2 08 911 Brunabótafélag Íslands.
2 05 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.
2 05 271 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.
2 02 907 Byggingarsjóður Listasafns Íslands.
2 02 276 Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.
2 07 271 Byggingasjóður ríkisins.
2 05 273 Byggingarsjóður síldarleitarskips.
2 07 272 Byggingasjóður verkamanna.
2 02 977 Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.
2 04 502 Bændaskólabúið á Hólum.
2 04 501 Bændaskólabúið á Hvanneyri.

2 07 971 Erfðafjársjóður.

2 08 376 Fávitahælið í Kópavogi.
2 10 673 Ferðaskrifstofa ríkisins.
2 05 211 Fiskimálasjóður.
2 10 471 Flugmálastjórn.
2 03 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.
2 04 236 Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti.
2 03 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli.
2 08 372 Fæðingardeild Landspítalans.

2 04 503 Garðyrkjuskólabúið á Reykjum.
2 08 373 Geðveikrahælið á Kleppi.
2 04 235 Gunnarsholtsbúið.
2 08 471 Gæzluvistarsjóður.

2 10 332 Hafnabótasjóður.
2 02 201 Happdrætti Háskóla Íslands.
2 02 211 Háskólabíó.
2 08 375 Heilsuhælið í Kristnesi.
2 08 374 Heilsuhælið á Vífilsstöðum.
2 09 972 Hlutabréf ríkisins.

2 09 103 Innkaupastofnun ríkisins.

2 11 331 Jarðboranir ríkisins.
2 04 172 Jarðeignasjóður ríkisins.
2 04 171 Jarðeignir ríkisins.
2 11 332 Jarðvarmaveitur ríkisins.

2 06 371 Kirkjubyggingasjóður.
2 06 372 Kirkjugarðasjóður.
2 08 332 Kópavogsbúið.
2 06 373 Kristnisjóður.

2 07 372 Landakaup kaupstaða og kauptúna.
2 04 271 Landgræðslusjóður.
2 06 251 Landhelgissjóður.
2 10 334 Landshöfn, Keflavík, Njarðvík.
2 10 335 Landshöfn, Rifi.
2 10 333 Landshöfn, Þorlákshöfn.
2 08 371 Landspítalinn.
2 11 232 Landssmiðjan.
2 11 311 Landsvirkjun.
2 11 312 Laxárvirkjun.
2 04 246 Laxeldisstöð í Kollafirði.
2 02 872 Lánasjóður íslenzkra námsmanna.
2 07 371 Lánasjóður sveitarfélaga.
2 09 102 Lyfjaverzlun ríkisins.
2 08 377 Læknishéraðasjóður.
2 06 101 Lögbirtingablaðið.

2 02 976 Menningarsjóður.

2 08 378 Námslán læknastúdenta.

2 11 371 Orkusjóður.

2 10 101 Póstur og sími.

2 11 321 Rafmagnsveitur ríkisins.
2 02 271 Reiknistofnun háskólans.
2 09 971 Ríkisábyrgðasjóður.
2 11 233 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
2 02 422 Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúð.
2 02 971 Ríkisútvarp, hljóðvarp.
2 02 972 Ríkisútvarp, sjónvarp.

2 03 121 Sala varnarliðseigna.
2 09 923 Sameignir ríkisins.
2 02 679 Sameignir skólanna á Laugarvatni.
2 11 231 Sementsverksmiðja ríkisins.
2 10 672 Sérleyfissjóður.
2 02 974 Sinfóníuhljómsveit.
2 05 231 Síldarútvegsnefnd.
2 05 221 Síldarverksmiðjur ríkisins.
2 02 571 Sjómannaskólahúsið.
2 10 321 Skipaútgerð ríkisins.

2 09 922 Skuldabréf ríkisins.
2 07 974 Styrktarsjóður fatlaðra.
2 07 975 Styrktarsjóður vangefinna.

2 04 206 Tilraunabúið á Hesti.
2 04 208 Tilraunastöðin á Akureyri.
2 04 207 Tilraunastöðin á Reykhólum.
2 04 211 Tilraunastöðin á Sámsstöðum.
2 04 209 Tilraunastöðin á Skriðuklaustri.
2 08 271 Tryggingastofnun ríkisins, lífeyris- og sjúkratryggingar.
2 08 271 Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar.
2 05 223 Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2 10 671 Umferðarmiðstöð.
2 02 871 Upptökuheimilið í Kópavogi.

2 04 272 Vélasjóður ríkisins.
2 08 421 Vistheimilið í Gunnarsholti.
2 10 331 Vitamálastjórn, áhaldahús.
2 08 331 Vífilsstaðabúið.
2 02 975 Vísindasjóður.

2 09 939 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

2 02 973 Þjóðleikhúsið.
2 08 311 Þvottahús ríkisspítalanna.

Efnisyfirlit.

Bls.

A-hluti: Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana 1
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs 1
Rekstrarreikningur 2
Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda 8
Æðsta stjórn ríkisins 8
Forsætisráðuneytið 9
Menntamálaráðuneytið 11
Utanríkisráðuneytið 34
Landbúnaðarráðuneytið 38
Sjávarútvegsráðuneytið 43
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 46
Félagsmálaráðuneytið 55
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 58
Fjármálaráðuneytið 63
Samgönguráðuneytið 68
Iðnaðarráðuneytið 72
Viðskiptaráðuneytið 75
Hagstofa Íslands 76
Ríkisendurskoðun 76

B-hluti: Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign 77

Heimildir 115

Sérstök yfirlit 117
1. Heildarútgjöld eftir tegundum útgjalda. A-hluti 117
2. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta 117
3. Samandregið yfirlit yfir útgjöld ríkisins eftir tegundum útgjalda 118
4. Skipting ríkisútgjalda eftir hagrænu eðli 118
5. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málefnaflokkum 119
6. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir tekjustofnum 120
7. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir viðtakendum 122
8. Hlutfallsleg skipting tekna eftir tegundum skatta og gjalda 124
9. Skipting á lögbundnum og ólögbundnum eftirlaunum og styrktarfé 124

Athugasemdir 132
Yfirlit og samanburður við fjárlög 1970 132
Gjaldahlið 132
Tekjuhlið 140
Lánahreyfingar 141
Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins 143

Fylgiskjöl: I. Drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1971 fyrir opinberar framkvæmdir 156
II. Starfsmannaskrá 160
III. Talnalykill 208
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð 211

Nd. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1971 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölul. sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1971 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Þórisvatnsmiðlunar og undirbúnings virkjana í Tungnaá umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59, 1965 og breytingu á sömu lögum 7. maí 1969, um 704 Mkr. (8 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að Landsvirkjun þurfi á að halda ríkisábyrgð vegna lána til byggingar miðlunarmannvirkja við Þórisvatn og hönnunar og undirbúnings framkvæmda í þágu nýrra orkuvera í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun vegna virkjana við Sigöldu og Hrauneyjafoss verður lagt fyrir næsta Alþingi, en ríkisstjórnin telur, að brýna nauðsyn beri til, að lögin öðlist þegar gildi að því er tekur til heimildar til ríkisábyrgðar á lánum þessum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Þórisvatnsmiðlunar og undirbúnings virkjana í Tungnaá umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59, 1965 og breytingu á sömu lögum 7. maí 1969, um 704 Mkr. (8 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. september 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1968 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Útborganir:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	46 109	49 283
01	Forsætis- og menntamálaráðuneytið	956 405	990 117
02	Utanríkisráðuneytið	91 722	107 705
03	Atvinnumálaráðuneytið	844 546	1 203 060
04	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	694 564	768 135
05	Félagsmálaráðuneytið	1 887 340	1 973 657
06	Fjármálaráðuneytið	361 300	435 058
07	Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið	661 372	799 431
08	Viðskiptamálaráðuneytið	580 570	563 073
09	Hagstofa Íslands	7 629	7 934
10	Ríkisendurskoðun	8 206	9 297
	Mismunur	101 722	
	Samtals	6 241 485	6 906 750

	Innborganir:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	6 193 967	6 657 769
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	12 218	23 056
13	Ýmsar tekjur	35 300	60 224
	Mismunur		165 701
	Samtals	6 241 485	6 906 750

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1968. Það var lagt fyrir síðasta þing, en varð ekki útrætt og er því lagt fyrir þing að nýju.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um undirbúning löggjafar um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lögð fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skal leitazt við að gera skattheimtukerfið það einfalt, að staðgreiðsla opinberra gjalda auki ekki kostnað og fyrirhöfn við álagningu og innheimtu gjaldanna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á árinu 1966 var unnið á vegum fjármálaráðuneytisins að rækilegri athugun á staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, sem tekið hefur verið upp í mörgum löndum, þótt með nokkuð mismunandi hætti sé. Var lögð fyrir Alþingi skýrsla um málið, svo að alþingismönnum gæfist kostur á að kynna sér ýmis helztu atriði kerfisins og gætu tekið afstöðu til þess, hvort þeir teldu þessa nýskipan skattamála til bóta. Augljóst var, að ef kostir slíks kerfis ættu að geta notið sín, yrði að gera verulegar breytingar á gildandi skattalöggjöf.

Viðbrögð Alþingis urðu þau að kjósa sjö manna milliþinganefnd, skv. þingsályktun 18. apríl 1967, „er haldi áfram athugunum á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skal, auk mats á hagsmunum ríkissjóðs og skattgreiðenda almennt, leitað álits sveitarfélaga og helztu samtaka vinnumarkaðarins. Leiði athuganir þessar og viðræður til jákvæðrar niðurstöðu og samkomulags um viðhlítandi kerfi, skal ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlega löggjöf í því sambandi“, svo sem segir í þingsályktuninni.

Nefndin hefur síðan unnið að framhaldskönnun málsins og tillögugerð á grundvelli þessarar ályktunar Alþingis, og hefur áliti nefndarinnar nýlega verið útbýtt á Alþingi. Nefndin hefur í flestum efnum orðið sammála, og allir nefndarmenn mæla með því að lögleiða staðgreiðslukerfið. Hins vegar er þó nokkur ágreiningur um veigamikil framkvæmdaratriði, og varðandi ýmis mikilvæg atriði er bent á fleiri en eina leið til úrlausnar. Að meginstefnu er valin sú leið að gera ekki róttækar breytingar á núverandi sköttum, heldur aðlaga staðgreiðslukerfið svo sem verða má gildandi skattheimtu, nema hvað óhjákvæmilegt er að gera breytingu á álagningu og innheimtu. Loks eru dregnir fram ýmsir kostir og annmarkar, sem komið hafa í ljós við athugun málsins í einstökum atriðum.

Nefndin hefur unnið ágætt starf og skilgreint rækilega margvísleg framkvæmdaatriði, þótt enn vanti mikið á, að grundvöllur sé lagður að öllum einstökum atriðum löggjafar um málið. Nefndarálitið gerir hins vegar öllum veigamestu efnisatriðum

það glögg skil, að menn ættu að geta myndað sér ákveðnar skoðanir um, hvort þyngri séu á metunum kostir eða ókostir staðgreiðslukerfisins, og þá einnig, hvort velja skuli þá leið að reyna að samræma eftir megni staðgreiðslukerfið núverandi skattheimtukerfi eða stefna að róttækari breytingum á því í því skyni að gera það einfaldara og laga það betur að staðgreiðsluskipulaginu.

Þótt þingsályktunin frá 1967 geri ráð fyrir því, að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um staðgreiðslukerfið, ef nefndin að meginstefnu mæli með því, þá er ljóst, að um verður að ræða svo víðtækar breytingar á ýmsum veigamiklum þáttum gildandi skattkerfis, ef staðgreiðslukerfið á að geta leitt til þeirra umbóta, sem að hefur verið stefnt, að rétt þykir að óska nýrrar viljayfirlýsingar Alþingis, eftir að þingmönnum hefur gefizt kostur á að kynna sér hið greinargóða nefndarálit milliþinganefndarinnar.

Þar sem tillaga um málið, sem lögð var fram á síðasta þingi í sambandi við nefndarálit staðgreiðslukerfisnefndar, hlaut ekki afgreiðslu, hefur ekki verið meira að gert varðandi undirbúning löggjafar um staðgreiðslukerfið. Hins vegar þykir rétt að Alþingi láti uppi endanlegt álit, og er því tillagan endurflutt.

Ed. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

I. KAFLI

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Lífeyrissjóður bænda og starfar með því markmiði, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. málsgr., allir bændur á lögbýlum, sem þar eiga lögheimili og náð hafa 20 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan, þar með taldir aðilar að félagsbúum. Séu hjón bæði talin bændur, skal aðeins annað þeirra talið sjóðfélagi, og sama á við um sambúðarfólk.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á lögbýlum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbýlum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal skipaður af landbúnaðarráðherra, einn af þeim ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og einn af stjórn Stéttarsambands bænda. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn. Skal annar tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda sam-

eiginlega, en hinn af þeim ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða. Verði ekki samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um skipun endurskoðanda, skal hann tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Stjórn sjóðsins skal sjá um reikningshald hans og annan rekstur. Heimilt er henni að semja við Búnaðarbanka Íslands eða aðra aðila um, að þeir annist reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn gegn umsaminni þóknun, og enn fremur er henni heimilt að ráða umboðsmenn fyrir sjóðinn, þó eigi fleiri en einn í hverju sýslufélagi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans með það fyrir augum, að fé ávaxtist vel og á tryggilegan hátt.

Stofnlánadeild landbúnaðarins á rétt á lánum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans. Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni.

Heimilt er og sjóðsstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa o. fl. stofnana, er starfa á vegum sjóðfélaga, enda séu skuldabréfin tryggð með ríkisábyrgð, veði í fasteignum eða öðrum tryggilegum hætti.

Lausafé sjóðsins skal ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Þó er sjóðsstjórn heimilt að víkja frá þessu í þeim byggðarlögum, er Búnaðarbankinn hefur ekki útibú í, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafizt skal við lánveitingar og verðbréfakaup.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Þyki honum rannsókn sú leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til sjóðsstjórnar um aðgerðir til að efla hann.

Nú hrökkva árlegar tekjur sjóðsins ekki fyrir ársútgjöldum hans, og er þá Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því, sem á vantar, þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar.

7. gr.

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrirfram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr., í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og við álagningu hans skal farið eftir sömu reglum og gilda um búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr., skulu ekki greiða hærra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald af allt að grundvallarlaunum. Hámörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsgr. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur.

Í reglugerð skal ákveða iðgjöld og framlög af tekjum af eggjatöku, fuglatekju, dún, selveiði, grásleppuveiði, lax- og silungsveiði og reka. Skal við það miðað, að iðgjald samkvæmt 1. málsgr. nemi 4%, en framlag samkvæmt 3. málsgr. 6% af þeim hluta þessara tekna, sem talinn er vinnutekjur. Aldrei skal þó reikna iðgjald af veiðileigu.

Nú hefur bóndi atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og greiðir ekki af þeim iðgjöld til lífeyrissjóðs, og skal honum þá heimilt að greiða af slíkum tekjum iðgjöld til þessa sjóðs, en ekki mega þó heildariðgjaldagreiðslur fara fram úr mörkum þeim, sem tilgreind eru í 2. málsgr. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum, og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 3. málsgr. 2. gr., skulu vera 10% af umsömdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. málsgr. þessarar greinar. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Þeir aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verzlanir, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 3. málsgr. eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. málsgr. Nú innheimtist hærra iðgjald samkvæmt 1. málsgr. en greiða ber, sbr. 2. málsgr., og fer þá um endurgreiðslu eftir ákvæðum 2. málsgr. 14. gr. Gjalddagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga, ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

8. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Grundvöllur stigaútreiknings hvert almanaksár skal vera samanlagt dagvinnukaup bónda og húsfreyju samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan að viðbættum 10%, og nefnist fjárhæð þessi grundvallarlaun ársins. Verði útreikningur verðlagsgrundvallar lagður niður eða svo veigamiklar breytingar gerðar á honum, að hann verði að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði að þessu leyti, skal ráðherra að fengnum tillögum frá sjóðsstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll fyrir stigaútreikning.

Stig hvers árs reiknast þannig, að deilt skal með grundvallarlaunum ársins í 25-föld iðgjöld sjóðfélaga, ef hann hefur greitt iðgjöld af grundvallarlaunum eða lægri fjárhæð, en ella í 25-föld iðgjöld af grundvallarlaunum að viðbættum 10-földum þeim iðgjöldum, sem umfram eru.

Bóndi, sem greitt hefur iðgjöld af lægri fjárhæð en grundvallarlaunum og sannar, að hann hafi einvörðungu haft atvinnutekjur af búvöruframleiðslu, á rétt á, að stig hans séu reiknuð þannig, að deilt sé með grundvallarlaunum ársins í 35-föld iðgjöld, ef hann hefur greitt iðgjöld af hálfum grundvallarlaunum eða lægri fjárhæð, en ella í 35-föld iðgjöld af hálfum grundvallarlaunum að viðbættum 15-földum þeim iðgjöldum, sem umfram eru. Heimilt er sjóðsstjórn að beita sömu reglu, ef sjóðfélagi hefur að mestu leyti atvinnutekjur sínar af búvöruframleiðslu. Stjórn sjóðsins setur reglur um, hvernig umsóknum um stigaútreikning samkvæmt þessari málsgrein skuli hagað, en aldrei má beita þessari aðferð lengra aftur í tímann en þrjú ár, reiknuð frá byrjun þess almanaksárs, er umsókn berst.

Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma, eftir að taka ellilífeyris er hafin.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlazt hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 8. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0.4% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarandi 18 mánuði, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi til langframa, er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur óskertum þeim tekjum, er hann hafði áður, og aldrei skal örorkulífeyrir verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 9. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðsstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða slæms árferðis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Aldrei skal miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorka óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár nái þeim mörkum, sem af 2. málsgr. 7. gr. leiðir.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans undanfarandi 18 mánuði, og á þá maki, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn eftirlifandi maki verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir þó veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lézt. Enn fremur skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans, ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Sambúð karls og konu, sem bæði eru ógift, veitir sama rétt og hjúskapur samkvæmt 1. og 2. málsgr., enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins

verið fullnægt. Það skal enn fremur vera skilyrði fyrir lífeyrisrétti samkvæmt 2. málsgr., að tilkynning um sambúð hafi borizt sjóðnum eigi síðar en einu ári fyrir andlát sjóðfélaga.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgr. 10. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris undanfarandi 6 mánuði, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Nú hættir bóndi búskap vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Sama gildir, ef launagreiðslur til sjóðfélaga, sem er launþegi, falla niður vegna veikinda.

Hætti sjóðfélagi búskap eða láti af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, af öðrum ástæðum en veikindum, telst hann ekki lengur til sjóðfélaga, og sama gildir, ef iðgjaldagreiðslur vegna launþega falla niður í meira en 6 mánuði samfleytt. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafizt sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 14. gr. Eigi endurgreiðsla sér ekki stað og hafi sjóðfélaginn greitt iðgöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur og öðlazt samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 8. gr., fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd

iðgjöld þau, sem hann telst sjálfur hafa greitt til sjóðsins (4% iðgjöld), með almennum innlánsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma. Það er skilyrði fyrir slíkri endurgreiðslu, að hlutaðeigandi sjóðfélaga hafi ekki borið að greiða iðgjöld til sjóðsins næstu 6 mánuði, áður en endurgreiðsla á sér stað, og hafi ekki áunnið sér réttindi, er nemi fullum 5 stigum, sbr. 8. gr.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna manna, sem ekki eru sjóðfélagar, og sjóðfélaga, sem hafið hafa töku ellilífeyris, skal hann endurgreiða þann hluta, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt, enda komi krafa þar um innan þriggja ára frá lokum iðgjaldagreiðsluárs. Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 2. málsgr. 7. gr., endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

15. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með 4% vöxtum p. a. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og segir í lögum þessum.

Fé, sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki viðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó því aðeins bindandi fyrir sjóðinn, að þeir hljóti staðfestingu ráðherra þess, sem fer með málefni lífeyrissjóða.

II. KAFLI

17. gr.

Þessi flokkur verður ræddur á grundvelli eftirfarandi skiptingar:

a. Fiskimjölsverksmiðjur.
b. Sementsverksmiðjan, Akranesi.
c. Hvalstöðin, Hvalfirði.
d. Mjólkurbúin.
e. Kísilgúrverksmiðjan, Mývatni.
f. Áburðarverksmiðjan, Gufunesi.
g. Álbræðslan, Straumsvík.

a. Fiskimjölsverksmiðjur.

48 fiskimjölsverksmiðjur voru starfandi á Íslandi 1968. Staðsetning verksmiðja þessara er að sjá í mynd 1. Tölur um heildarolíunotkun fiskimjölsverksmiðja eru ekki fyrir hendi. Rannsóknarstofnanir sjávarútvegsins hafa hins vegar reiknað olíuneyzlustuðla á hvert unnið tonn einstakra mjöltegunda. Áætluð olíuneyzla hvers árs og neyzlustuðlar eru birtir í töflu 29 og línuriti 7.

Heildarnotkunin 1968 var 18 507 tonn svartolíu samkvæmt ofangreindum útreikningum.

b. Sementsverksmiðjan, Akranesi.

Olíunotkun í Sementsverksmiðjunni var 11 908 tonn svartolíu samkvæmt ársskýrslu fyrirtækisins 1968.

c. Hvalstöðin, Hvalfirði.

Notkun olíu í Hvalstöðinni, Hvalfirði, var 1 583 tonn svartolíu (hvalbátar ekki meðtaldir) árið 1968, samkvæmt viðtali við Kristján Loftsson, verksmiðjustjóra.

d. Mjólkurbúin.

Heildarolíunotkun mjólkurbúanna nam 8 238 tonnum svartolíu. (Sjá töflu 30). Þessi tala nær einnig yfir verksmiðjur KEA á Akureyri. Nokkur minni háttar mjólkurbú nota gasolíu, en tölur yfir notkun þeirra eru ófáanlegar.

e. Kísilgúrverksmiðjan, Mývatni.

Olíunotkun verksmiðjunnar var eftirfarandi árin 1966—1968, samkvæmt tölum frá söludeild Olíufélagsins hf.

1966	172	tonn svartolía
1967	290	tonn svartolía
1968	829	tonn svartolía

f. Áburðarverksmiðjan, Gufunesi.

Verksmiðjan notaði 1966—1968 eftirfarandi magn af olíu:

1966	620	tonn svartolía
1967	763	tonn svartolía
1968	489	tonn svartolía

Þessar tölur eru fengnar frá söludeild Olíufélagsins.

g. Álbræðslan, Straumsvík.

Bræðslan var í byggingu 1968 og var ekki tekin í notkun fyrr en á miðju sumri 1969.

2.1.8 Önnur notkun.

Þessi hópur hefur að geyma alla þá notkun, sem ekki er getið annars staðar. Stærsti þáttur flokksins mun ugglaust vera farandvélar alls konar: heflar, ámoksturs-vélar, lyftarar, ýtur, skurðgröfur, loftpressur o. fl. Því miður munu engar heillegar upplýsingar af neinu tagi vera fyrir hendi um farandvélar á Íslandi.

Annar meiri háttar þáttur þessa flokks er erlend skip, sem neyðast til að taka hér olíu, en um þau skip eru heldur engar heildartölur til.

Notkunartölur þessa flokks áætlast á þann veg, að samtala annarra flokka er dregin frá heildarsölu hverrar tegundar.

Annarri notkun verður gerð nánari skil í næsta kafla.

Eftirmáli við 2.1: Varnarliðið.

Notkun Varnarliðsins 1968 var, sem hér segir:

Þotueldsneyti	33.220	tonn
Flugbenzín	6.365	tonn
Benzín	2.450	tonn
Marin dísel	33.500	tonn
Alls	75.535	tonn

Þessi geiri markaðarins er ræddur sérstaklega ýmissa hluta vegna. Í fyrsta lagi er notkun markaðsgeirans algerlega óháð afkomu íslenzka hagkerfisins ólíkt því, sem er um aðra notkun, sem hér er rædd. Í öðru lagi gilda ýmsar aðrar reglur um þennan markaðsgeira en almennt gerist, t. d. varðandi gæðakröfur (only American products rule). Í þriðja lagi er erfitt að spá nokkru um þróun þessa hluta markaðar-ins. Samningar eru gerðir í samræmi við árlegar fjárveitingar og því eingöngu til eins árs í senn. Þess ber að geta, að notkunin hefur verið mjög stöðug. Olíunotkunar-hluti NATO af heildarnotkuninni er sýndur í töflu 22 til frekari glöggvunar.

2.2 Neyzlusamsetningin 1968.

Olíutegundir þær, sem hér eru teknar til umræðu, eru eftirfarandi (sjá töflu 1): Svartolía, gasolía, benzín, flugbenzín og þotueldsneyti.

Gæðaákvarðanir þessara olíutegunda er að finna í töflu 17—21.

Ástæða er til að leggja áherzlu á nauðsyn þess að gera sér fulla grein fyrir gæðakröfum íslenzka markaðarins, áður en lengra er haldið.

Í töflu 1 má sjá skiptingu olíuneyzlunnar á einstaka notkunarflokka. Stærð flokksins „önnur notkun“ er fengin með því að draga samtölu hinna flokkanna frá heildarnotkun hverrar olíutegundar. Mismunurinn, sem þannig kemur fram fyrir árið 1968, var 22 650 tonn gasolíu og 10 424 tonn svartolíu.

Í töflu 2 birtist hlutfallsleg olíunotkun hvers notkunarhóps, svo og hlutfallsleg notkun einstakra olíutegunda. Tafla 31 hefur að geyma frekari fróðleik um notkun einstakra olíutegunda á síðastliðnum áratug. Sambærilegar upplýsingar um þróun í einstökum notkunarflokkum eru ekki fyrir hendi.

Hlutfallsleg notkun einstakra olíutegunda í hverjum notkunarflokki birtist í töflu 3. Ógerlegt er að greina á viðhlítandi hátt frá þróun í þessu tilviki sökum upplýsingaskorts.

Tafla 1. Olíunotkunin 1968 í einstökum tegundum og notendahópum.
Tonn á ári.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.	Alls
Bifreiðar	23.000		52.200			75.200
Flug				4.365	40.746	45.111
Upphitun	76.160	18.242				94.402
Rafmagnsframleiðsla	8.840	2.270				11.110
Siglingar	106.136	16.578				122.714
Landbúnaður	50.000					50.000
Iðnaður		41.554				41.554
Önnur notkun	22.650	10.424				33.074
Alls	286.786	89.068	52.200	4.365	40.746	473.165

Tafla 2. Hlutfallsleg skipting olíunotkunarinnar 1968 samkvæmt notkunarflokkum og olíutegundum.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.	Alls
Bifreiðar						15.9%
Flug						9.5%
Upphitun						20.0%
Rafmagnsframleiðsla						2.3%
Siglingar						25.9%
Landbúnaður						10.6%
Iðnaður						8.8%
Önnur notkun						7.0%
Alls	60.7%	18.8%	11.0%	0.9%	8.6%	100.0%

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting notkunar hverrar olíutegundar á notkunarflokka árið 1968.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.
Bifreiðar	8.0%		100%		
Flug				100%	100%
Upphitun	26.6%	20.5%			
Rafmagnsframleiðsla	3.1%	2.5%			
Siglingar	37.0%	18.6%			
Landbúnaður	17.4%				
Iðnaður		46.7%			
Önnur notkun	7.9%	11.7%			
Alls	100.0%	100.0%	100%	100%	100%

2.3 Spá um olíunotkun á Íslandi 1969—1980.

2.3.1 Bifreiðar.

a. *Spá.*

Tafla 4. Eldsneytisnotkun bifreiða í tonnum einstök ár.

	Notkun 1968	Spánotkun 1972	Spánotkun 1976	Spánotkun 1980
Benzín	52.200 tonn	47.740 bifreiðar x 1.37 tonn = 65.404 tonn	62.200 bifreiðar x 1.35 tonn = 83.970 tonn	76.400 bifreiðar x 1.33 tonn = 101.612 tonn
Gasolía	4.600 bifreiðar x 5 tonn = 23.000 tonn (áætlað)	5.300 bifreiðar x 5.2 tonn = ca. 28.000 tonn	5.800 bifreiðar x 5.4 tonn = ca. 31.000 tonn	6.200 bifreiðar x 5.6 tonn = ca. 35.000 tonn

Þróun: Vaxandi notkun gasolíu á tímabilinu 1968—80 er talin verða sakir fjölgunar og hlutfallslegrar aukningar díselbifreiða. Sú fjölgun á sér ýmsar rætur. Í fyrsta lagi mun þróun sú að öllum líkindum viðhaldast, að díselknúnar almenn-ings- og flutningabifreiðar komi í stað benzínknúinna. Í öðru lagi munu betri vegir auðvelda notkun stærri og aflmeiri bifreiða, en díselbifreiðar eru að mestu einráðar í því tilviki. Vaxandi neyzlustuðull á bifreið er talinn verða sakir stærri bifreiða og betri nýtingar vegna sífellt bættra vegasamgangna.

Áætluðum neyzlustuðli benzínknúinna farartækja er spáð lækkun á árunum 1968—80, andstætt því, sem er um gasolíuna. Þessi andhverfa spá er byggð á þeirri ætlan, að fólksbifreiðum á hvern Íslending fjölgi hraðar en nemur aukinni flutn-ingaþörf. Reynsla annarra þjóða bendir mjög til þess, að svo verði.

Ætlað er, að heildarnotkun benzíns tvöfaldist á spátímabilinu. Orsakir þessarar þróunar eru bæði ör fólksfjölgun svo og fjölgun bifreiða á hvern íbúa. Talið er, að Íslendingum muni fjölga um á að gizka 25% á þessu tímabili.

b. *Athugasemdir við spá.*

Aðstaða til breytingar spánotkunar: Bifreiðar nota nú annaðhvort benzín eða gasolíu. Breytingar á hlutfallslegu verðlagi þessara tveggja olíutegunda mundu tæp-lega hafa teljandi áhrif á notkunarsamsetninguna í þessum flokki, þar sem markað-urinn fyrir gasolíu er mjög bundinn við flutningabifreiðar og almenningsvagna.

Samkeppnisaðstaða flutningabifreiða og almenningsvagna gagnvart öðrum sam-göngutækjum er eðlilega að nokkru leyti háð olíuverðlagi. Vöruflutningar í lofti hafa aukizt á síðustu árum hér innanlands. Breytingar á hlutfallslegu verðlagi flug-eldsneytis og gasolíu mundu ugglaust hafa áhrif á þessa þróun, svo og hlutfallslega notkun þessara tveggja olíutegunda.

2.3.2 Flug.

Tafla 5. Eldsneytisnotkun flugvéla einstök ár.

	Notkun 1968		Spánotkun 1972		Spánotkun 1976		Spánotkun 1980	
	ATK	ATG	ATK	ATG	ATK	ATG	ATK	ATG
Flugfélag Íslands	5.507	1.175	6.200	700	11.100	300	11.800	300
Loftleiðir	15.000	1.118	21.000	0	28.000	0	33.200	0
Erlend flugfélög	18.000	1.500	24.000	1.500	27.000	1.000	29.000	500
Aðrir aðilar	2.239	572	2.500	500	3.000	400	3.200	400
Alls (tonn)	40.746	4.365	53.700	2.700	69.100	1.700	77.200	1.200

a. *Spá.*

Fjallað verður um þennan notkunarflokk í fjórum hlutum, svo sem var í markaðslýsingunni að ofan.

a.1 Flugfélag Íslands.
a.2 Loftleiðir.
a.3 Erlend flugfélög.
a.4 Aðrir aðilar.

a.1 Flugfélag Íslands.

Flugfélag Íslands átti eftirfarandi vélar 1968:

1 Boeing 727.
1 Vickers Viscount.
2 Fokker F. 27.
1 DC 6B.
2 DC 3.

Allar Douglasvélar Flugfélagsins eru hafðar til vara. Þotan (Boeing 727) er nær eingöngu höfð til millilandaflugs. Fokker-vélarnar og Viscount-vélin eru að mestu notaðar til innanlandsflugs.

Engar langtímaáætlanir eru fáanlegar um framtíð Flugfélags Íslands. Reynt verður þó að setja fram slíka áætlun, hvað varðar flugvélakaup, á grundvelli viðræðna við Flugfélagsmenn (10). Ólíklegt er, að Flugfélagið festi kaup á fleiri vélum á næstu árum vegna þeirrar umframafkastagetu, sem fyrir hendi er. Umframafkastagetu þá, er hér um ræðir, má einkum rekja til versnandi afkomu almennings síðustu árin. Á hinn bóginn virðist allt benda til ört vaxandi ferðamannastraums til landsins. Því verður að telja mjög líklegt, að Flugfélagið muni kaupa nýja þotu sambærilega þeirri, sem það nú rekur, í kringum 1975—76. Álitið er af sérfræðingum Kampsax stofnunarinnar, að eftirspurn eftir loftflutningum muni aukast um 10% á ári næstu 10 árin (11). Mikill vöxtur hefur t. d. orðið á vöruflutningum með flugvélum síðustu 2—3 árin. Flugfélagsmenn telja hins vegar, að vöruflutningar í lofti hafi náð hámarki í bili, þar sem auknir flutningar, miðað við núverandi skilyrði, færu að mestu aðra leið. Því verður einungis gert ráð fyrir aukningu, sem nemur einni Fokkervél fjórða hvert ár fram til 1980.

Spánotkun Flugfélagsins getur að líta í töflunni við upphaf þessa kafla, en spáin er byggð á tölulegum upplýsingum, sem sjá má í töflu 32.

a.2 Loftleiðir.

Loftleiðir ráku 5 Cl 44 1968 á leiðum til og frá Íslandi. Félagið hafði og 2 DC 6 vélar til vara. Nýlega áskotnaðist Loftleiðum flugfélagið Air Bahamas, sem hefur eina Boeing 727 í ferðum utan þess markaðar, sem hér er til umræðu.

Loftleiðir láta lítið uppi um sínar framtíðaráætlanir. Erfitt er og mjög að setja saman spá um framtíð Loftleiða. Allt er á hverfanda hveli á sviði flugmála. Tæknibreytingar eru örar og samkeppnin virðist mjög harðnandi. Höfuðmarkaður Loftleiða hefur verið lágtekjufólk beggja vegna hafs, og hafa þeir því lagt áherzlu á verðstefnu sína. Fargjaldasamningar IATA og afstaða bandarísku flugmálastjórnarinnar voru þess lengi valdandi, að Loftleiðir áttu ekki í harðri samkeppni. Á síðustu árum hafa ýmis leiguflugfélög aukið mjög samkeppni á markaðshluta Loftleiða, og nú á þessu ári (1969) hafa jafnvel IATA félögin brotið innbyrðissamninga og lagt út í fargjaldastríð.

Þrátt fyrir vaxandi samkeppni hafa Loftleiðir haldið sínu. Atlantshafsmarkaðurinn hefur vaxið mjög hratt um árabil eða um 15% árlega hin síðari ár. Hlutur Loftleiða hefur jafnvel aukizt enn meira. Augljóst er, að þessi markaður á eftir að vaxa mikið og lengi. Ekki virðist óeðlilegt að ætla, að Loftleiðir haldi hlutfallslegri aukningu a. m. k. næstu árin.

Loftleiðir munu nú hafa hug á að kaupa DC 8-63 flugvél til viðbótar við flugflotann, sem fyrir er. Þetta mun leiða til endanlegrar endurnýjunar flugflota félagsins, og kæmi DC 8 eða sambærileg vél í stað Rolls Royce vélanna. DC 8-63 eyðir 2200 (amerískum) gallonum af þotueldsneyti á hvern flugtíma. Sé gert ráð fyrir 8 stunda flugi á dag 360 daga ársins, yrði árleg notkun 19 200 tonn. Sé enn fremur gert ráð fyrir, að þotan taki 36% eldsneytisþarfa sinna á Íslandi, svo sem var á síðasta ári, mundi eldsneytismagn keypt innanlands vegna þotunnar verða 6 912 tonn. Þar sem eldsneytisþörf skrúfuvéla er allmiklu minni en þotna, má búast við verulegri eldsneytisaukningu vegna fluggerðaskiptanna.

Í ljósi þess, sem að ofan greinir, er gert ráð fyrir, að neyzlan 1972 verði 21 000 tonn þotueldsneytis. Frá 1972—78 verður gert ráð fyrir 8% aukningu eldsneytisnotkunar félagsins og um 4% aukningu til 1980. Spánotkunin birtist í töflu 5 við upphaf þessa kafla.

a.3 Erlend flugfélög.

Notkun þessa hluta markaðarins hefur vaxið stórlega á síðustu árum, t. d. úr 12 000 í 18 000 tonn þotueldsneytis árið 1968. Aukningu þessa má að nokkru rekja til vaxandi fjölda áætlunarferða erlendra flugfélaga til Íslands, t. d. PAA og sér í lagi SAS. Bæði þessi félög hafa opnað söluskrifstofu í Reykjavík. PAA og SAS hafa vikulega viðkomu í Keflavík á vetrum, en SAS flýgur tvisvar í viku til Íslands á sumrum. Athyglisvert er, að óáætlaðar lendingar þessara félaga í Keflavík jukust margfalt, þegar þau opnuðu skrifstofur á Íslandi. Þegar á allt er litið, virðast aukin eldsneytiskaup af hendi PAA og SAS vera til frambúðar. Bæði PAA og SAS virðast hafa fullan hug á að auka þann farþegafjölda, sem þau flytja til Íslands. PAA mun jafnvel áætla að koma upp hóteli á Íslandi — fáist nauðsynleg leyfi.

Vaxandi leiguflug er annar helzti þátturinn í hinni miklu aukningu sölu þotueldsneytis á Keflavíkurflugvelli. Erfitt er að henda reiður á einstökum kaupendum í þessu tilviki, en þó hefur t. d. eitt dótturfyrirtæki KLM tíðar viðkomur á Keflavíkurflugvelli.

Í þriðja lagi má rekja þessa aukningu til þrengsla á loftleiðum yfir Norður-Atlantshafi, svo og yfir flugvöllum beggja vegna hafs. Fjöldi flugvéla neyðist til að taka eldsneyti á Íslandi vegna þessa. Forsvarsmenn flugmála sjá alls ekki fyrir endann á þessum loftþrengslum.

Í ljósi ofanskráðs virðast auknar lendingar erlendra flugvéla á Íslandi vera til frambúðar. Sú aukning, sem hér er áætluð fyrir næstu ár, er ekki jafnmikil og verið hefur. Sjálf spáin birtist í töflu 5 við upphaf þessa kafla.

a.4 Aðrir notendur.

Þessi markaðshluti samanstendur af minni flugfélögum innlendum, flugskólum, einkaflugvélum o. s. frv. Sjálf spáin er í töflu 5 við upphaf kaflans.

b. *Athugasemdir við spá.*

Aðstaða til breytingar spánotkunar: Væri hlutfallslegu verðlagi gasolíu og þotueldsneytis breytt, mætti búast við nokkurri hreyfingu notkunar milli olíutegunda. Hlutfallslega lægra verð á gasolíu en á þotueldsneyti kynni að draga verulega úr loftflutningum almennt og auka fólks- og vöruflutninga með bifreiðum. Það magn, sem hér er um að ræða, er ugglaust heldur smávægilegt — a. m. k. sem stendur.

Hinn erlendi hluti markaðarins er öllu athyglisverðari en sá innlendi. Í því tilviki virðist svo sem auka mætti sölu þotueldsneytis um tugi þúsunda tonna. Loftleiðir kaupa t. d. einungis 36% eldsneytis á Íslandi og Flugfélagið kaupir um 25% til nota á erlendum flugleiðum. Að öllum líkindum er svo um önnur flugfélög, sem hér kaupa eldsneyti, þ. e. þau kaupa eins lítið og mögulegt er. Kauptregðu þá, sem ríkir í þessum markaðshluta, má rekja til einkar hárra skatta, sem íslenzka ríkið leggur á flugvélaeldsneyti. Lendingargjöld munu hins vegar allmiklu lægri hér en annars staðar. Lendingargjöld munu yfirleitt jöfn alls staðar annars staðar, og því er það, að eldsneytisverð er að jafnaði látið ráða, hvar lent er og hvar ekki.

Sé gert ráð fyrir, að þær flugvélar, sem lent hafa á Íslandi í millilandaferðum, íslenzkar eða erlendar, taki 30% af eldsneytisþörf sinni á Íslandi og að auki 50% væru keypt hér, ef verð væri samkeppnisfært, þá mundi salan aukast um 66% eða um 25 000 tonn árið 1968 og 50 000 tonn 1980 umfram spánotkun. Engin tilraun verður gerð hér til að áætla þann fjölda flugvéla, sem mundi lenda á Íslandi umfram það, sem nú er, ef eldsneytisverð væri samkeppnishæft. Samkvæmt viðtölum við flugvallarumsjónarmenn, flugeldsneytissala og starfsmenn flugfélaga mundi viðkomum erlendra flugfélaga fara mjög fjölgandi, væri verðlag eldsneytis samkeppnishæft.

2.3.3 Upphitun.

Tafla 6. Eldsneytisnotkun til upphitunar í tonnum einstök ár.

	Notkun 1968	Spánotkun 1972	Spánotkun 1976	Spánotkun 1980
Gasolía	76.160	79.420	82.100	85.040
Svartolía	18.242	20.606	20.606	20.606

a. *Spá.*

Tveir helztu þættir þróunarinnar á þessu sviði eru íbúafjöldinn og jarðhitamálin.

Samkvæmt spám Efnahagsstofnunarinnar mun íbúum landsins fjölga um 40 000 á árunum 1968—80 og verða um 240 000 árið 1980. Áætlað er, að fjöldi notenda hitaveitu á Íslandi sé um 77 000 (12). Að auki er talið, að fjöldi notenda muni vaxa um 40 000 á tímabilinu 1968—80 og verða 117 000 árið 1980. Árið 1980 munu því verða 72 000 notendur gasolíu, sem munu kaupa 85 040 tonn og 22 000 svartolíunotendur, sem nota 20 606 tonn. Notkun svartolíu til upphitunar verður ekki rædd sérstaklega, svo sem í markaðslýsingunni, þar sem ekki verða séðar neinar breytingar, sem réttlættu slíkt.

Það kann að virðast nokkuð vægt farið í sakirnar að áætla, að notkun olíu til upphitunar á tímabilinu 1968—80 standi í stað. Sé þess hins vegar gætt, hversu afar mikið kapp er lagt á jarðhitarannsóknir og jarðhitanýtingu um land allt, þá verður ljóst, að sízt er of varlega farið.

b. *Athugasemdir við spá.*

Aðstaða til breytingar spánotkunar: Ekki er ólíklegt, að þeir aðilar, sem rækju olíuhreinsunarstöð á Íslandi, verðlegðu þyngstu framleiðslutegundirnar hlutfallslega lægra verði en nú er. Verðteygni eftirspurnar og flutningsgjöld mundu hér ráða mestu um. Næsta erfitt er að gera sér grein fyrir hitakostnaði við hina ýmsu valkosti eldsneytis til upphitunar. Þó mun ljóst, að hitunarkostnaður hitaveitu er nú að jafnaði 62% af hitunarkostnaði gasolíu. Munurinn mun allmiklu minni í stórum húsum og hverfum kyntum svartolíu. Sterkar líkur benda hins vegar til þess, að beztu möguleikarnir til nýtingar jarðhita til upphitunar muni á þrotum, a. m. k. á Reykjavíkursvæðinu. Líklegt mun talið, að Reykjavíkurhitaveitan taki næst Hengilssvæðið inn á veituna, en sökum fjarlægðar má ætla, að takmarkakostnaður (marginal cost) vaxi mjög frá síðasta viðfangsefni. Má þá búast við, að kyndingarkostnaður olíu og hitaveitu verði sambærilegri.

Sé verð svartolíu lækkað í hlutfalli við gasolíuverð, kann notkun gasolíu að færast yfir á svartolíu, svo ekki sé minnzt á betri samkeppnisaðstöðu svartolíu við hitaveitu. Tilflutningur notkunar milli gasolíu og svartolíu er nokkrum annmörkum háður, þ. e. í fyrsta lagi vegna þess, að svartolíubrennarar henta yfirleitt ekki öðrum húsum en stórhýsum, og í öðru lagi er töluverður stofnkostnaður samfara slíkri breytingu.

2.3.4 Rafmagnsframleiðsla.

a. *Spá.*

Tafla 7. Eldsneytisnotkun til rafmagnsframleiðslu í tonnum einstök ár.

	Notkun 1968	Spánotkun 1972	Spánotkun 1976	Spánotkun 1980
Gasolía	8.840	10.700	12.700	14.900
Svartolía	2.270	700	700	1.100

Skipta má þessum flokki í tvennt:

a.1 Bæjar- og ríkisveitur.
a.2 Einkastöðvar.

a.1 Bæjar- og ríkisveitur.

Hér verður þessi hópur ræddur í tvennu lagi:

1) Svartolíunotendur.
2) Gasolíunotendur.

1) Svartolíunotendur.

Í Reykjavík er einungis ein meiri háttar olíurafstöð, Elliðaárstöðin. Stöð þessi er bæði notuð sem vararafstöð og til hverfisupphitunar. Olíunotkun Elliðaárstöðvar á tímabilinu 1960—68 var eftirfarandi:

Tafla 8. Olíunotkun Elliðaárstöðvar 1960—68.

	Rafmagn	Upphitun	Alls
1960	661 tonn		661 tonn
1961	26 tonn		26 tonn
1962	64 tonn		64 tonn
1963	253 tonn	2.805 tonn	3.058 tonn
1964	13 tonn	1.799 tonn	1.812 tonn
1965	909 tonn	4.703 tonn	5.612 tonn
1966	5.171 tonn	8.533 tonn	13.704 tonn
1967	2.432 tonn	12.820 tonn	15.252 tonn
1968	1.802 tonn	6.204 tonn	8.006 tonn

Mikil aukning hefur orðið á olíunotkun þessa markaðshluta á síðustu árum. Augljós orsök þessarar aukningar er, að kerfi það, sem Reykjavík fær allt sitt rafmagn frá, hefur verið starfrækt við hámarksafköst hin síðari ár. Nú er hins vegar nýlokið mikilli stækkun kerfisins að Búrfelli (105 MW). Mestur hluti þessarar auknu framleiðslu er notaður af álbræðslunni í Straumsvík. Því mun ekki líða á löngu, þrátt fyrir að Búrfellsvirkjun hafi tengzt kerfinu, að enn muni verða orkuskortur. Orkuverið við Búrfell mun því verða stækkað um helming nú á næstu árum.

Augljóst er, að búast má við, að eftirspurn þessa markaðshluta muni haldast í lágmarki fram til 1975—76. Samkvæmt því verður gert ráð fyrir, að svartolíunotkun verði 200 tonn 1969—1976, en vaxi og verði 600 tonn 1980.

2) Gasolíunotkun.

Það eru allmargar gasolíukyntar rafstöðvar um allt Ísland í sambandi við opinberar rafveitur. Stöðvar þessar notuðu (13) eftirfarandi olíumagn:

1964	3.520 tonn
1967	6.498 tonn
1968	6.800 tonn

Tölur um notkun frá fyrri árum eru ófáanlegar. Sumar stöðvanna eru varastöðvar, en notkun þeirra sveiflast alltítt með fiskiðnaðinum. Þegar fiskimjölsverksmiðjur starfa við full afköst, verður oft rafmagnsskortur.

Umfangsmiklar virkjanaframkvæmdir eru nú í athugun, einkum á Austurlandi. Allar líkur eru þó á því, að slíkar virkjanir verði ekki að veruleika utan í tengslum við stóriðju, sem mundi nota meiri hluta hinnar auknu orkuframleiðslu.

Þrátt fyrir mikla aukningu núverandi afkastagetu íslenzkra rafveitna, eru sterkar líkur, sem benda til þess, að gasolíunotkun við rafmagnsframleiðslu muni einnig vaxa. Á þetta einkum við um varastöðvar (toppstöðvar). Vaxandi iðnvæðing Íslendinga í framtíðinni gerir t. d. mjög strangar kröfur til stöðugrar rafmagnsframleiðslu í landinu.

Í ljósi þeirra stóru átaka, sem eru í vændum í framleiðslu rafmagns, er reiknað með, að aukningin fram til 1980 nemi um 6000 tonnum (tæp 6% á ári) og að notkunin verði þá 12 800 tonn.

a.2 Einkarafstöðvar.

Rafmagnsframleiðsla einkarafstöðva (landbúnaður undanskilinn) mun sem fyrr verða að mestu í formi varaframleiðslu fyrir iðnaðinn og aðra aðila, sem þarfnast stöðugs rafmagns.

Notkun þessa hóps hefur verið fremur jöfn síðustu árin: 2040 tonn gasolíu og 468 tonn svartolíu árið 1968 (áætlað). Notkunin tímabilið 1968—80 er því áætluð

2100 tonn gasolíu og 500 tonn svartolíu, enda er ekki að sjá, að aðstæður breytist að ráði í þessu tilviki á næstu árum.

b. *Athugasemdir við spá.*

Aðstaða til breytingar spánotkunar: Við núverandi verðlag rafmagns og olíu er fráleitt að framleiða eigið rafmagn með olíu, sé rafmagn á annað borð fáanlegt frá opinberu veitunum. Þar sem opinberar veitur eru að miklu leyti einokendur, mundi þeim veitast létt að reka af höndum sér samkeppni af hálfu olíuframleiðenda, með viðeigandi breytingum á verðskrám sínum. Lægra olíuverð mundi því tæplega hafa nein teljandi áhrif á olíunotkun á þessu sviði.

2.3.5 Siglingar.

Hér verður notuð sama skipting efnisins og notazt var við í markaðslýsingunni hér að framan.

1. Fiskiskip.
2. Togarar.
3. Hvalveiðiskip.
4. Flutningaskip.
5. Varðskip.
6. Önnur skip.

Tafla 9. Eldsneytisnotkun skipa í tonnum einstök ár.

	Notkun 1968		Spánotkun 1972		Spánotkun 1976		Spánotkun 1980	
	Gasolía	Svartolía	Gasolía	Svartolía	Gasolía	Svartolía	Gasolía	Svartolía
Fiskiskip	88.800		99.989		112.510		126.611	
Togarar	3.680	10.900	3.680	13.420	3.680	16.280	3.680	21.768
Hvalveiðiskip		5.678		6.000		6.000		6.000
Flutningaskip	9.325		8.500		8.100		8.500	
Varðskip	2.211		2.600		2.600		3.500	
Önnur skip	3.000		3.507		4.104		5.000	
Alls	107.016	16.578	118.276	19.420	130.994	22.280	147.291	27.768

a. *Spá.*

1. Fiskiskip.

Þróunin í þessum markaðshluta hefur verið sú, að smærri bátum hefur farið fækkandi en hinum stærri fjölgað mikið. Breytingar þessar hafa verið mjög hraðar, svo sem sjá má í töflu 25. Olíunotkunin var eftirfarandi árin 1964—68 (tafla 25).

1964	96.000	tonn
1965	108.200	tonn
1966	95.000	tonn
1967	85.500	tonn
1968	88.800	tonn

Sjá má, að hámarki var náð 1965. Sé þetta borið saman við línurit 7, sést einnig, að árið 1965 var síldaraflinn mestur og mjölframleiðsla í hámarki.

Vísindamenn virðast á einu máli um, að þeir aldurshópar síldarinnar, sem hæfir eru til veiða, hafi náð hámarki 1966—67 og muni dragast verulega saman á næstu árum. Gönguleiðir síldarinnar eru og mjög mikilvægar í þessu tilliti. Veðurfarsbreytingar kunna að hafa hér veruleg áhrif. Margir sérfræðingar álíta, að

lækkandi hitastig í Norður-Atlantshafi hafi breytt gönguleiðum síldarinnar. Að dómi þessara sérfræðinga er líklegt, að nokkur tími muni líða þar til síld kemur aftur upp að Íslandsströndum. Veiðihorfur annarra fisktegunda en síldar munu hins vegar allgóðar.

Sem áður var sagt, er greinilegt, að þróun í uppbyggingu bátaflotans er þess eðlis, að stærri bátum fjölgar mjög hlutfallslega. Hér hefur verið gert ráð fyrir, að þessi þróun haldi áfram (sjá línurit 2). Samkvæmt því hefur bátaflotinn verið áætlaður 1980:

Bátar yfir 100 GRT	450
Bátar undir 100 GRT	250

Stuðzt er við töflu 25 við útreikninga neyzlustuðla, og eru eftirfarandi útreikningar miðaðir við árið 1980:

Bátar yfir 100 GRT	300.000 lítrar/bát
Bátar undir 100 GRT	100.000 lítrar/bát

450 x 300 x 0.85 =	114.750 tonn
250 x 100 x 0.85 =	21.250 tonn
Samtals	136.000 tonn gasolíu

Þessi samlegð, sem felur í sér 4% árlega aukningu, kann að vera nokkuð há. Erfitt er að spá um sjávarafla, og bátasmíðar hafa dregizt saman á ný. Vart verður talið, að bátakaup aukist næstu árin. Í ljósi þessa verður hér gert ráð fyrir tæplega 3% aukningu á ári. Olíunotkun bátaflotans er því áætluð 126 611 tonn gasolíu árið 1980.

Vert er að benda á, að vera kann, að tilraunir þær, er nú fara fram á svartolíubrennurum við díselvélar í bátum og togurum, leiði til breytinga í olíunotkuninni, sbr. fylgiskjal 3.

2. Togarar.

Sérfræðingar um sjávarútveg hafa næsta skiptar skoðanir á framtíðarhlutverki togara í íslenzkum útvegi. Það er álit sumra, að togarar muni hverfa af sjónarsviðinu hér á landi á næstu árum, en aðrir telja endursköpun togaraflotans í nánd.

Innan næsta áratugs mun gömlu svartolíutogurunum lagt fyrir elli sakir. Allir nýrri togarar eru díselknúnir. Að öllu óbreyttu liði því vart á löngu, þar til svartolíuknúnir togarar yrðu úr sögunni. Nú munu hins vegar möguleikar á því, að á annan veg fari. Nýlokið er eins árs tilraunum á togaranum Narfa með nýtt brennslukerfi, sem gerir brennslu svartolíu hagkvæma. Virðist svo, sem mikill sparnaður sé af þessu nýja fyrirkomulagi, og mun nú eiga að breyta fleiri togurum þannig, að þeir brenni svartolíu í stað gasolíu.

Hina síðustu mánuði hefur ýmislegt komið fram, sem bendir til þess, að efling togaraflotans sé á næstu grösum. Sérstaklega er hér átt við yfirlýsingar opinberra aðila um væntanlega skuttogara. Vaxandi mikilvægi fjarlægra miða og þörf á að tryggja nýtingu æ fullkomnari og dýrari fiskvinnslustöðva undirstrika þörfina fyrir fleiri úthafsfiskiskip. Tæplega munu þó einkaaðilar eða bæjarfélög leggja í kaup nýrra togara styrkjalaust, þar sem ljóst er, að slík kaup gætu engan veginn borið sig án styrkja.

Árið 1969 voru 28 togarar á skipaskrá. 22 þessara togara voru í notkun, en 12 þeirra brenndu svartolíu.

Mjög erfitt er að áætla þróunina fram að 1980. Gert er ráð fyrir, að 30 togarar verði í notkun 1980. Litið er svo á, að 20 þeirra verði svartolíuknúnir, en 10 díselknúnir. Notkun þessara togara yrði $20 \times 2721 = 54\,420$ tonn svartolíu og $10 \times 960 = 9\,600$ tonn gasolíu. Ætlað er, að skiptingin milli olíu, keyptrar hér á landi og

olíu keyptrar erlendis, sé 40% hérlendis og 60% erlendis. Notkun olíu keyptrar á Íslandi er því áætluð 21 768 tonn svartolíu og 3 840 tonn gasolíu árið 1980.

Áætluð tala togara í lok spátíma, 30 togarar, mun ugglaust talin næsta handahófskennd. Má vera, að svo sé. Hins vegar fer það varla milli mála, að þeir möguleikar, sem úthafsmið veita til jafnrar nýtingar fiskiðjuvera, hljóta að verða nýttir. Hvort svo verður í krafti togara eða annarra úthafsfiskiskipa, skiptir í rauninni litlu máli. Í þessu tilviki er það einungis olíunotkun, sem varðar.

a.3 Hvalveiðiskip.

Útgerð á hvalveiðar hefur verið á undanhaldi um heim allan á síðustu árum og áratugum. Svo hefur einnig verið við Íslandsstrendur, en erlendir hvalfangarar hafa algerlega lagt niður veiðar á þeim slóðum. Hvalur hf. virðist hafa notið þessa samdráttar í sókn erlendra skipa á íslenzk mið, þar sem veiði hefur glæðzt nokkuð síðustu ár. Því er talið óhætt að ætla 6000 tonn svartolíu árlega til hvalveiða árin 1968—80.

a.4 Flutningaskip.

Hentugt er að ræða þennan markaðshluta í tvennu lagi:

1) Millilandasiglingar.
2) Strandsiglingar.

1) Millilandasiglingar.

Í lýsingu íslenzka olíumarkaðarins kom í ljós, að 4 stærri skipafélaganna og lítill hópur félaga með eitt skip í förum hafa skip sín í millilandasiglingum. Öll þessi skip fá olíu að langmestu leyti erlendis.

Notkun einstakra skipa tveggja stærstu félaganna árin 1963—68 má sjá í töflu 26. Hér á eftir fer heildarnotkun þessara skipa í tonnum.

1963	1964	1965
15.914.060	16.973.394	16.035.205
4.404.600	5.837.676	6.319.323
20.318.660	22.811.070	22.354.528

1966	1967	1968
17.070.064	18.011.414	17.679.998
5.914.023	5.500.402	5.845.726
22.984.087	23.511.816	23.525.724

Heildarhestorkutala skipa SÍS og E.Í. er	35.735	hestöfl
	11.270	hestöfl
Alls	47.005	hestöfl
Heildarhestorkutala allra íslenzkra millilandaskipa er	47.005	hestöfl
	11.595	hestöfl
	58.600	hestöfl

það er: 58.600 gera 100% og 47.005 gera 80% hestaflafjöldans.

Hér er gert ráð fyrir, að olíunotkunin sé í réttu hlutfalli við hestaflatölu. Einnig er hér ætlað, að hlutfallið milli tveggja stærstu félaganna og annarra félaga hafi verið

hið sama allt frá 1963. Samkvæmt þessu var heildarnotkunin eftirfarandi árin 1963—68:

$$1963 \ldots \frac{20.319}{0.8} = 25.398 \text{ tonn}$$

$$1964 \ldots \frac{22.811}{0.8} = 28.514 \text{ tonn}$$

$$1965 \ldots \frac{22.355}{0.8} = 27.943 \text{ tonn}$$

$$1966 \ldots \frac{22.904}{0.8} = 28.630 \text{ tonn}$$

$$1967 \ldots \frac{23.512}{0.8} = 29.390 \text{ tonn}$$

$$1968 \ldots \frac{23.526}{0.8} = 29.407 \text{ tonn}$$

Vöxtur notkunar árin 1963—68 er u. þ. b. 4000 tonn eða 2.7% á ári. Sé gert ráð fyrir sama vexti til loka spátímabilsins, verður notkunin 40 000 tonn af marin-dísel-olíu árið 1980. Þess ber að geta í þessu sambandi, að Eimskipafélag Íslands (14) hefur látið gera rekstraráætlun fram í tímann, þar sem gert er ráð fyrir, að flutningar félagsins aukist um 5% á ári næstu 10 árin. Eimskipafélagið hefur nýlega fest kaup á skipi af meðalstærð og selt minna skip í staðinn (Mánafoss). Félagið mun hafa þrjú skip í smíðum um þessar mundir og hefur einnig í athugun smíði farþegaskips. Skipadeild SÍS á nú miðlungsstórt véruflutningaskip í smíðum.

Svo sem fyrr var sagt, er spáð 40 000 tonna notkun af marin-dísel árið 1980 á þessum hluta markaðarins. Hér mun gert ráð fyrir, að 2000 tonn af þessari olíutegund verði keypt hérlendis.

Öll ofangreind skipafélög eru íslenzk. Erlend skip koma oft í íslenzka höfn. Samkvæmt upplýsingum hafnarstjóra Reykjavíkurhafnar voru erlendar skipakomur í Reykjavík 1968 428, en samanlögð tonnatala viðkomandi skipa 969 165 brúttó-tonn. Á sama tíma voru íslenzkar skipakomur 2969, en brúttó-tonnatala þeirra 1 760 443.

Mjög er sjaldgæft, að erlend skip taki olíu á Íslandi, nema í ítrustu neyð, enda er olía hér helmingi dýrari en erlendis. Verðmunur þessi er annars vegar vegna skorts á réttri olíutegund (marin dísel) og einnig vegna tiltölulega hárra skatta — söluskatts og verðjöfnunargjalds á öllum olíutegundum.

2) Strandsiglingar.

Umsvifamesta útgerðarfélagið á sviði strandsiglinga er tvímælalaust Ríkisskip. Olíunotkun félagsins nam 2025 tonnum árið 1968. Notkun skipa annarra félaga, sem gera út á ströndina, var gróft áætluð 6000 tonn í markaðslýsingunni hér að framan. Heildarnotkunin var áætluð 8025 tonn gasolíu 1968 (sjá markaðslýsingu).

Höfundar Kampsax-skýrslunnar um samgöngumál á Íslandi spá samdrætti í strandflutningum á næstu árum. Gert er ráð fyrir mjög auknum flutningum með bifreiðum og flugvélum á sama tímabili (15). Því mun hér gert ráð fyrir, að olíunotkun þessa markaðshluta dragist saman fram til 1976, en standi síðan í stað í nokkurn tíma — eða 7000 tonn gasolíu 1972 og 6500 tonn 1976 og 1980.

a.5 Varðskip.

Landhelgisgæzlunni áskotnaðist nýtt flaggskip 1968. Níu ár eru nú liðin síðan nýtt skip bættist í flotann. Varðskip voru alls 5 árið 1968. Hér mun gert ráð fyrir, að nýtt varðskip bætist í hópinn á 10 ára fresti eða litlu oftar en verið hefur til þessa. Varðskip þetta mun talið vera af stærð, sem eyðir að meðaltali 1200 tonnum gasolíu á ári. Notkun varðskipanna nam 2211 tonnum gasolíu árið 1968, en það ár voru 2 skip óstarfandi meiri hluta árs. Spánotkun 1972 og 1976 er því áætluð 2600 tonn gasolíu, en 3800 tonn 1980.

a.6 Önnur skip.

Skip í þessum hóp eru af ýmsu tagi. Fjöldi „annarra skipa" hefur tvöfaldazt á síðustu árum. Fjölgun þessi hefur þó eingöngu orðið á einni tegund skipa, þ. e. dýpkunar- og sanddæluskipum. Orsakir fjölgunar sanddæluskipa má rekja til aukinnar hafnargerðar og nýrra möguleika til öflunar malar og sands fyrir byggingariðnaðinn. Notkun þessa markaðshluta var áætluð 3000 tonn gasolíu 1968. Með tilliti til þess mikla vaxtar, sem verið hefur í þessum markaðshluta og að því er virðist stöðuga vaxtarmöguleika, er reiknað með, að olíunotkunin 1980 muni verða 5000 tonn gasolíu (4% árlegur vöxtur), 3500 tonn 1972 og 4104 tonn 1976.

b. *Athugasemdir við spá.*

Aðstaða til breytingar spánotkunar: Augljóst er af ofanskráðu, að verulegur hluti siglingamarkaðarins er ónýttur af núverandi olíusölum. Sá hluti markaðarins, sem auðveldast er að áætla, er notkun íslenzkra skipa, sem sigla á erlendar hafnir. Gert er ráð fyrir, að heildarnotkun kaupskipa 1968 hafi verið 29 400 tonn marin-dísel. Sömuleiðis voru erlend olíukaup togara áætluð 5900 tonn marin-dísel og 21 780 tonn svartolíu. Sé gert ráð fyrir, að 50% olíunotkunar kaupskipa og 30% erlendra olíukaupa togaraflotans mætti selja á Íslandi, ef verð væri samkeppnishæft, mundi söluaukningin nema 16 470 tonnum marin-díselolíu og 6500 tonnum svartolíu.

Möguleg sala til erlendra skipa er óþekkt stærð. Hitt er vitað mál, að hér mætti selja erlendum skipum margfalt það magn, sem nú er selt. Stórir flotar erlendra fiskiskipa eru allt í kringum Ísland, en fá olíu til allra þarfa annaðhvort í erlendum höfnum eða frá olíuskipum á hafi úti. Um mikilvægi erlendra skipa, sem í höfn koma í Reykjavík, var rætt hér að framan.

Líklegt er, með tilliti til ofanskráðs, að selja mætti 25—40 000 tonn af marin-dísel og 15—20 000 tonn af svartolíu, auk þess magns, sem nú er selt, ef verð væri samkeppnishæft. Slíka verðstefnu mætti marka á ýmsa vegu, t. d. með verðmismunun á þann veg, að skip, sem sigla á erlenda höfn, fái skattfrjálsar olíur. Hluti opinberra gjalda, t. d. í gasolíuverðinu, er 55 aurar af 322 aurum eða 17% verðsins. Hér hefur verið gert ráð fyrir, að marin-díselolía sé fáanleg, sem ekki er, enda hafa Ráðstjórnarríkin ekki getað látið þessa olíutegund í té, þrátt fyrir margítrekaðar óskir íslenzku olíufélaganna. Ekki hefur fengizt leyfi íslenzkra stjórnvalda til innflutnings marin-dísel frá öðrum löndum.

2.3.6 Landbúnaður.

a. *Spá.*

Tafla 10. Gasolíunotkun í landbúnaði í tonnum einstök ár.

	Notkun 1968	Spánotkun 1972	Spánotkun 1976	Spánotkun 1980
Gasolía	50.000	53.978	52.772	52.100

Landbúnaður verður hér ræddur þrískiptur, sem fyrr:

a.1 Upphitun.
a.2 Rafmagnsframleiðsla.
a.3 Dráttarvélar.

a.1 Upphitun.

Gengið er hér að því sem vísu, eins og í markaðslýsingunni, að allir sveitabæir séu kyntir gasolíu og að olíunotkun til upphitunar verði 23 800 tonn gasolíu árið 1980 (27 132 tonn 1976 og 31 178 tonn 1972). Möguleg umskipti til „intensívari" landbúnaðar og stærri búa kunna að valda olíunotkun langt umfram spánotkun.

a.2 Rafmagnsframleiðsla.

Einkaframleiðsla á rafmagni í landbúnaðinum hefur dregizt saman á síðustu árum, þar sem opinberar rafveitur hafa fært mjög út starfsemi sína. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnuninni mun þessi þróun þó hafa náð hámarki (16). Því er áætlað, að notkunin verði 300 tonn gasolíu til loka spátímabils.

a.3 Dráttarvélar.

Í markaðslýsingunni var heildarolíunotkun dráttarvéla reiknuð 26 900 tonn af gasolíu, samkvæmt tölum frá Búnaðarfélagi Íslands. Við útreikninga heildarnotkunar var gert ráð fyrir 4.2 tonna notkun á dráttarvél, sem virðist mjög í hærra lagi. Hér er gert ráð fyrir, að hver dráttarvél noti 3.1 tonn af gasolíu á ári og heildarnotkun nú sé því 20 000 tonn.

Gert er ráð fyrir, að býlum muni fara fækkandi á spátímabilinu. Hins ber að gæta, að flatarmáli ræktaðs lands er spáð þó nokkrum vexti samfara fækkun býlanna. Jafnframt þessu er líklegt, að vélvæðing aukist enn og um leið fjöldi dráttarvéla. Þróunin í ræktarmálum birtist í línuriti 4. „Spálína" hefur verið dregin í framhaldi af þeirri línu, er sýnir raunverulega þróun, og sýnir hún áætlaða þróun til ársins 1980. Heildarhektaratala ræktaðs lands 1968 var 10 700 samkvæmt línuritinu, en 14 000 hektarar 1980. Vöxtur sá, sem spáð er, nemur því um 3% á ári. Sé gengið út frá hliðstæðum vexti í notkun dráttarvéla, sem virðist mjög eðlilegt, má ætla, að notkunin verði 28 000 tonn gasolíu 1980 (22 500 tonn árið 1972 og 25 340 tonn árið 1976).

b. *Athugasemdir við spá.*

Aðstaða til breytingar spánotkunar: Mjög virðist óhægt um vik að hafa nokkur áhrif á olíunotkun í landbúnaði með verðstefnu. Þessi atvinnugrein bregður ekki við kostnaðarbreytingum í sama mæli og aðrar greinar, þ. e. landbúnaðarvörur eru yfirleitt umyrðalaust hækkaðar við hvern þann kostnaðarauka, sem á þær kann að falla.

Íslenzkur landbúnaður er einangraður frá heimsmarkaðnum með innflutningsbönnum annars vegar og mjög háum framleiðslukostnaði hins vegar. Segja má, að ástand landbúnaðarins sé í alla staði mjög ósveigjanlegt. Lægra olíuverð kynni að auka „intensívan" landbúnað á Íslandi. Magn það, sem hér um ræðir, er þó bersýnilega sáralítið.

2.3.7 Iðnaður.

a. *Spá.*

Tafla 11. Eldsneytisnotkun í iðnaði í tonnum einstök ár.

	Notkun 1968	Spánotkun 1972	Spánotkun 1976	Spánotkun 1980
Svartolía	41.554	63.032	70.209	73.603
Gasolía	0	500	500	500

Íslenzka ríkisstjórnin, svo og allur almenningur, hefur á síðustu árum tekið miklu jákvæðari afstöðu til erlends fjármagns en áður var. Erfitt er að spá, hvað þessi breytta afstaða kann að hafa í för með sér. Margt er á döfinni samt sem áður, svo sem sjóefnavinnslan á Reykjanesi, ný álbræðsla, perlusteinsnámur á Austurlandi og olíuhreinsunarstöð, e. t. v. í sambandi við efnaiðnað. Öll þessi fyrirtæki eru á umræðustigi, sem stendur, og munu því ekki tekin með í þessari spá. Augljóst er hins vegar, að verði sum þessara fyrirtækja sett á laggirnar, þá kann olíunotkunin í iðnaði að aukast verulega. Hér verður að mestu fjallað um fyrirtæki, sem þegar eru starfandi á Íslandi, en þó tekið nokkurt tillit til ókomins reksturs.

Þessi markaðshluti verður ræddur í samræmi við eftirfarandi skiptingu:

a.1. Fiskimjölsverksmiðjur.
a.2. Sementsverksmiðjan, Akranesi.
a.3. Hvalstöðin, Hvalfirði.
a.4. Mjólkurbúin.
a.5. Kísilgúrverksmiðjan, Mývatni.
a.6. Áburðarverksmiðjan, Gufunesi.
a.7. Álbræðslan, Straumsvík.
a.8. Annar iðnaður.

a.1. Fiskimjölsverksmiðjur.

Lagt hefur verið í miklar fjárfestingar í fiskimjölsvinnslu á síðustu árum. Síldin hefur breytt göngum sínum, veiðisvæðin hafa færzt úr stað, og nýjar verksmiðjur hafa verið byggðar sem næst nýju svæðunum. Afleiðing þessa hefur verið sú, að fjarlægari stöðvar hafa misst af hráefninu til hinna nýrri. Nú er því mikil umframafkastageta í greininni, jafnvel þótt miðað sé við metár. Fiskimjölsverksmiðjurnar eru nú tiltölulega jafnt dreifðar um allt landið, sbr. mynd 1.

Þeirri skoðun er nú mjög fram haldið, svo sem oft áður, að leggja skuli meiri áherzlu á að vinna fiskinn betur og draga heldur úr hráefnaframleiðslu og óæðri framleiðslu. Ólíklegt er, að svo verði, fyrr en verðgildi íslenzks gjaldmiðils verður stöðugra en undanfarið. Væri fiskurinn hins vegar fullunninn á Íslandi, mætti ætla að fiskimjölsverksmiðjur fengju stöðugra hráefni, þar sem fiskimjöl er að nokkru unnið úr fiskúrgangi. Hins vegar mundi aðalhráefnauppistaðan, síld og annað slíkt, dragast saman.

Í línuriti 7 má sjá olíunotkun fiskimjölsverksmiðjanna, svo sem hún hefur verið áætluð af Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Augljóst er, að olíunotkun er nær algerlega háð afla hverju sinni. Sé gert ráð fyrir, að 1963 hafi verið meðalaflaár, verður olíunotkunin á slíku ári 26 000 tonn svartolíu. Í samræmi við það, sem áður er sagt um þróun báta- og togaraflotans, er þess að vænta, að afli aukist með sókn, þ. e. betri, stærri og fleiri bátar draga að öllum líkindum meiri afla á land. Því er búizt við vaxandi afla á spátímabilinu. Gert er þó ráð fyrir, að mestur hluti þessarar aukningar fari til fullnýtingar, m. a. með tilliti til betri tækni við varð-

veitingu matvæla. Því er áætlað, að notkun svartolíu standi í stað á spátímabilinu og miðist við meðalafla, þ. e. verði 26 000 tonn af svartolíu.

a.2. Sementsverksmiðjan, Akranesi.

Verksmiðjan hóf starfsemi sína árið 1958. Framleiðslan 1959 var 78 156 tonn, en 76 000 tonn árið 1968 (1967 103 167 tonn).

Samkvæmt spá Svavars Pálssonar, forstjóra Sementsverksmiðjunnar, mun eftirspurnin verða um 90 000 tonn 1970, en vaxa úr því um 3% á ári að jafnaði. Má því ætla, að eftirspurn muni verða um 125 000 tonn sements árið 1980. Stækkunin er hins vegar ekki hagkvæm, nema hér sé tryggður markaður fyrir 130 000 tonn. Því er gert ráð fyrir, að olíunotkun standi í stað allt spátímabilið og verði 12 000 tonn.

a.3. Hvalstöðin, Hvalfirði.

Í samræmi við það, sem áður er sagt um hvalbátana, er gert ráð fyrir, að notkunin verði 1600 tonn svartolíu til loka spátímabilsins.

a.4. Mjólkurbúin.

Í línuriti 6 má sjá, að magn innveginnar mjólkur árið 1968 var 101 000 tonn. Íbúafjöldinn á Íslandi var þá 201 852, og var því mjólkurneyzla á íbúa 101 000/201 852 eða um 500 kg. Nokkuð hefur neyzla á mann farið minnkandi, t. d. var mjólkurneyzla á íbúa 525 kg árið 1964. Allar líkur benda til þess, að mjólkurneyzla á íbúa fari ekki vaxandi úr þessu, bæði vegna þess, að mjólkurneyzla mun yfirleitt lækka með meiri velmegun þjóða, sem eru á líku afkomustigi og Íslendingar, og einnig vegna þess, að Íslendingar neyta nú þegar mjólkur umfram flesta aðra. Hér er gert ráð fyrir, að neyzla á mann standi í stað á spátímabilinu, þ. e. verði 500 kg/mann. Mannfjöldaspá Efnahagsstofnunarinnar er notuð til áætlunar íbúafjölda á hverjum tíma. Samkvæmt henni er áætlað, að íbúar Íslands verði 238 752 árið 1980, en það samsvarar 1.5% aukningu á ári. Mun hér gert ráð fyrir sömu aukningu á neyzlu mjólkur, mjólkurafurða og olíunotkun við vinnslu mjólkurinnar, þ. e. 1.5%. Því er ætlað, að svartolíunotkun mjólkurbúa verði 9803 tonn árið 1980 (1.19 × 8238 tonn), 8732 tonn 1972 og 9309 tonn 1976.

a.5. Kísilgúrverksmiðjan, Mývatni.

Verksmiðjan, sem er nýbyggð, notaði 829 tonn svartolíu árið 1968. Hún starfar enn talsvert undir afkastagetu. Búizt er við, að framleiðslan muni hafa náð 24—30 000 tonnum á ári eftir 6—7 ár. Olíunotkun á hvert unnið tonn mun vera um 100 kg. Í ljósi þessa er áætlað, að olíunotkunin verði 3000 tonn 1980 (1900 tonn 1972 og 2800 tonn 1976).

a.6. Áburðarverksmiðjan, Gufunesi.

Áburðarverksmiðjan hefur notið mjög ódýrrar afgangsorku frá ríkisrafveitunum. Á allra síðustu árum hefur þessi sala þó verið í lágmarki og verksmiðjan því rekin að hluta langt undir afkastagetu. Mikill innflutningur hefur orðið á ammoníaki af þessum sökum. Tilkoma Búrfellsvirkjunar hefur breytt þessu mjög, og starfar verksmiðjan nú við eðlileg afköst. Áformað er að tvöfalda afkastagetu Áburðarverksmiðjunnar á næstu árum. Svartolíunotkun verksmiðjunnar var 489 tonn árið 1968. Hér mun áætlað, að þessi notkun verði orðin 1200 tonn 1980 (800 tonn 1972 og 1000 tonn 1976).

a.7. Álbræðslan, Straumsvík.

Álbræðslan mun nota um 6000 tonn svartolíu á ári á fyrstu starfsárunum. Búast má við, að þetta magn tvöfaldist, þegar bræðslan verður stækkuð. Álbræðslan mun og nota 250—480 tonn af LPG og 18—42 000 tonn af olíukoxi.

Áætluð olíunotkun álbræðslunnar 1980 er hér talin 12 000 tonn svartolíu (9000 tonn 1972 og 12 000 tonn 1976).

Tvær vararafstöðvar hafa verið settar upp í Straumsvík, 30 000 kw hvor. Báðar stöðvarnar eru díselkyntar. Ekki virðist nokkur leið til þess að meta skynsamlega líkurnar á því, að stöðvarnar verði notaðar. Þó virðast þær líkur næsta litlar. Notkunin áætlast því 500 tonn á ári allt spátímabilið.

a.8. Annar iðnaður.

Margs konar iðnaður er nú á döfinni, svo sem drepið var á í upphafi þessa kafla. Mun hér áætlað, að 1980 fari 8000 tonn svartolíu til þessa eða annars, er komið verður á laggirnar (3000 tonn árið 1972 og 5500 tonn árið 1976).

2.3.8 Önnur notkun.

Eins og kom fram í markaðslýsingunni, er verulegt magn gasolíu og svartolíu, sem ekki verður gerð viðhlítandi grein fyrir, eða:

Gasolía	22.650	tonn
Svartolía	10.424	tonn

Bent var á, að því er við kemur gasolíu til „annarra nota", þá mun hún að miklu leyti notuð af farandvélum, en um þær eru engar nýtilegar tölur finnanlegar. Erlend skip og nokkur hinna minni mjólkurbúa eiga einnig heima í þessum hópi. Með tilliti til þess vaxtar, sem talinn er, að verði á spátímabilinu í vegagerð og byggingastarfsemi, virðist hóflegt að ætla þessari notkun að vaxa 4% á ári yfir spátímabilið og nema 33 522 tonnum 1980 (26 500 tonnum 1972 og 30 000 tonnum 1976).

Erlend skip munu einnig vera verulegur þáttur í svartolíunotkun til „annarra nota", og sömu sögu er að segja af ýmsum iðnaði. Ókleift reyndist hins vegar að finna jafnmikilvægan hóp sem farandvélar í þessum flokki. Gert er ráð fyrir, að vöxtur magns svartolíu til „annarra nota" verði 3% eða nái 14 860 tonnum árið 1980 (11 772 tonnum 1972 og 13 217 tonnum 1976).

2.3.9 Athugasemdir við notkunarsamsetninguna 1980.

Framleiðslutegundir þær, sem teknar eru hér til umræðu, eru hinar sömu og koma fram í markaðslýsingunni að framan eða: gasolía, svartolía, benzín, flugbenzín og þotueldsneyti. Reiknað er með sömu verðhlutföllum og 1968, svo og skorti á marin-díselolíu. Leggja skal áherzlu á, að nokkrar þær breytingar, er verða kynnu á þessum grundvallaratriðum, gætu haft veruleg áhrif á eftirspurn, t. d. sala marin-díselolíu á samkeppnishæfu verði o. s. frv.

Samanburður taflna 1—3 og 12—15 er eðlilegur í því skyni að fá fram þróun olíumarkaðarins á spátímabilinu, þ. e. 1969—80. Sé litið á heildarniðurstöðutölur 1969 og 1980, má sjá, að vöxturinn er áætlaður 686 302/473 165 = 1 450, eða um 3% á ári. Séu þessar tölur bornar saman við tímabilið frá 1958—1968, kemur út 473 165/354 479 = 1.3348, eða 3%. Það er athyglisvert að bera þróun olíunotkunar saman við þróun þjóðarframleiðslu. Þjóðarframleiðslan óx um tæp 3% á ári á tímabilinu 1958—1968. Segja má því, að þróun þjóðarframleiðslu og olíunotkunar á þessum árum hafi haldizt mjög í hendur.

Sé litið á hlutfallsþróun einstakra framleiðslutegunda, má sjá, að gasolía er 53.7% heildarnotkunar 1980, en 60.7% hennar 1968. Svartolía er 20.1% 1980, en 18.8% 1968. Benzín er 14.8% 1980, en 11.0% 1968. Flugbenzín er 0.2% 1980, en 0.9% 1968. Þotueldsneyti er 11.2% af heildarolíunotkun 1980, en 8.6% 1968.

Ekki hefur farið fram sérstök athugun á öðrum hugsanlegum olíuframleiðsluvörum en þeim, sem að ofan eru nefndar.

Það sakar hins vegar ekki að geta þess, að innflutningur brennisteins var 1961 kg árið 1968. 438 tonn af olíugasi (LPG) fluttist og þá til landsins. Olíugasnotkun mun ugglaust tvöfaldast með tilkomu álbræðslunnar og verða um 1000 tonn. Af öðrum olíuafurðum er það að segja, að asfaltnotkun mun nú tæp 10 000 tonn, en olíukoxnotkun 18 000 tonn.

Olíunotkun Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli verður ekki rædd sérstaklega, sbr. eftirmála við 2.1.

2.4 Ýmsar töflur og línurit varðandi íslenzka olíumarkaðinn.

Tafla 12. Heildarspánotkun 1980 samkv. notkunarflokkum og framleiðslutegundum.

Tonn á ári.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.	Alls
Bifreiðar	35.000		101.612			136.612
Flug				1.200	77.200	78.400
Upphitun	85.040	20.606				105.646
Rafmagnsframleiðsla	14.900	1.100				16.000
Siglingar	147.291	27.768				175.059
Landbúnaður	52.100					52.100
Iðnaður	500	73.603				74.103
Önnur notkun	33.522	14.860				48.382
Alls	368.353	137.937	101.612	1.200	77.200	686.302

Tafla 13. Hlutfallsleg skipting heildarspánotkunar 1980 eftir notkun og framleiðslutegund.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.	Alls
Bifreiðar						19.9%
Flug						11.4%
Upphitun						15.4%
Rafmagnsframleiðsla						2.3%
Siglingar						25.5%
Landbúnaður						7.6%
Iðnaður						10.8%
Önnur notkun						7.0%
Alls	53.7%	20.1%	14.8%	0.2%	11.2%	100.0%

Tafla 14. Hlutfallsleg spánotkun einstakra framleiðslutegunda samkv. notkunarflokkum árið 1980.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.
Bifreiðar	9.5%		100%		
Flug				100%	100%
Upphitun	23.1%	14.9%			
Rafmagn	4.0%	0.8%			
Skip	40.0%	20.1%			
Landbúnaður	14.1%				
Iðnaður	0.1%	53.4%			
Önnur not	9.1%	10.7%			
Heild	100.0%	100.0%	100%	100%	100%

Tafla 15. Heildarspánotkun 1976 samkv. notkunarflokkum og framleiðslutegundum.

Tonn á ári.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.	Alls
Bifreiðar	31.000		83.970			114.970
Flug				1.700	69.100	70.800
Upphitun	82.100	20.606				102.706
Rafmagn	12.700	700				13.400
Siglingar	130.994	22.280				153.274
Landbúnaður	52.772					52.772
Iðnaður	500	70.209				70.700
Önnur notkun	31.000	13.217				44.217
Heild	341.066	127.012	83.970	1.700	69.100	622.839

Tafla 16. Heildarspánotkun 1972 samkv. notkunarflokkum og framleiðslutegundum.

Tonn á ári.

	Gasolía	Svartolía	Benzín	Flugbenzín	Þotueldsn.	Heild
Bifreiðar	28.000		65.404			93.404
Flug				2.700	53.700	56.400
Upphitun	79.420	20.606				100.026
Rafmagn	10.700	700				11.400
Siglingar	118.276	19.420				137.696
Landbúnaður	53.978					53.978
Iðnaður	500	63.032				63.532
Önnur notkun	26.500	14.860				41.360
Heild	317.374	118.618	65.404	2.700	53.700	557.796

Tafla 17. Gæðakröfur á Íslandsmarkaði.

Benzín A-93.

1.	Eðlisþyngd við 20° C	max.	0.745
2.	Fjöldi okteina (research method)	min.	93
3.	Fjöldi okteina (motor method)	min.	85
4.	Tetraethylblý ml/kg benzín	max.	0.73
5.	Stigeiming: Suðumark, ° C	ekki undir	40
	10% eimað við ° C	ekki yfir	70
	50% eimað við ° C	ekki yfir	120
	90% eimað við ° C	ekki yfir	180
	Endapunktur, ° C	ekki yfir	190
6.	Gufuþrýstingur mm hg	max.	500
7.	Óreikul efni (existent gum) mg/100 ml benzín fyrir ethylation	max.	2
8.	Brennisteinsinnihald	max.	0.05
9.	Oxideringshraði (Ind. period) mínútur	min.	500
Í sambandi við viðræður og athugun þessa máls á liðnum vetri hefur eins og áður, þegar upphaflegar athuganir fóru fram, verið haft samráð við brezkt ráðgjafafirma, Cooper Brothers & Co., okkur til ráðuneytis. Á þessu síðasta tímabili hefur iðnaðarráðuneytið haft forgöngu í málinu, en notið aðstoðar dr. Jóhannesar Nordal, seðlabankastjóra, og annarra sérfræðinga, sem til hafa verið kvaddir.

Í því, sem nú hefur verið rakið, felst aðeins lauslegt yfirlit um gang þessa máls frá því það síðast var rætt hér á Alþingi á árinu 1964. Alger óvissa ríkir enn um það, hver framvinda máls þessa getur orðið. Jafnan hefur verið gert ráð fyrir því, ef til byggingar olíuhreinsunarstöðvar hér á landi kæmi, að hún yrði framkvæmd í samvinnu og sameign með erlendum aðilum. Einnig hefur verið gert ráð fyrir því, að íslenzkir aðilar væru meirihluta aðilar, og gæti þá verið um að ræða þátttöku ríkisins, olíufélaganna, sem hér starfa og annarra einkaaðila, sem kynnu að óska þess að vera hluthafar, þannig, að um opið hlutafélag væri að ræða. Um aðild erlendra aðila vil ég láta þess getið, að við höfum jafnan rætt um að samið væri um, að þeir væru á vissu árabili skuldbundnir til að selja Íslendingum sín hlutabréf eða hluta af hlutafjáreigninni.

Ekki er hægt á þessu stigi málsins að gera neina grein fyrir því, hvaða líkur eru á framvindu málsins. Málið er verulega flókið, því að um mismunandi leiðir getur verið að ræða, sem erfitt er að velja á milli, og á þessu stigi málsins ekki vitað, til hvers konar samstarfs kann að verða stofnað til þess að hrinda málinu í framkvæmd.

Ástæða þykir til þess að gera nú nokkra grein fyrir því, hvers konar fyrirtæki hér gæti verið um að ræða. Nokkuð var að því vikið á sínum tíma á Alþingi, en aðstæður hafa mikið breytzt síðan og ný sjónarmið komið til álita.

2. HAGFRÆÐILEG ATRIÐI

2.1 Þjóðhagslegt gildi olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi.

Ef unnt er að reka olíuhreinsunarstöð á Íslandi á arðbæran hátt, án þess að til hærra olíuverðs komi en nú er, er ástæðulaust fyrir okkur að kaupa unna olíu að öllu leyti erlendis frá. Hagkvæmni stöðvarinnar er þó fyrst og fremst fólgin í þeim mikilvægu áhrifum, er stöðin mundi hafa á þjóðarbúið og vikið verður að hér á eftir.

Gjaldeyrissparnaður. Verulegur gjaldeyrissparnaður verður að þessu fyrirtæki strax og það er komið í gang, en ætla má, að byggingartími sé um 2 ár. Sparnaðurinn verður a. m. k. 300 millj. kr. á fyrsta ári, en vex í hlutfalli við aukna neyzlu innanlands, og gæti orðið um 400 millj. kr. eftir 5 ár.

Efnaiðnaður. Þar sem alls konar efnaiðnaður byggist á efnum unnum úr olíu, yrði ekki aðeins gjaldeyrissparnaður þegar fram í sækir, heldur mundi beinlínis nýr gjaldeyrisstofn myndast, þegar olíuefnaiðnaður kæmist á laggirnar.

Atvinna. Sjálf stöðin mun þurfa um 150 manns að staðaldri í starfrækslu. Auk þess yrðu ýmsar framkvæmdir um skamman tíma í sambandi við uppsetningu stöðvarinnar. Áætlað er, að innlendur kostnaður yrði nálægt 20% af heildarkostnaði við uppsetningu, og að vinnuaflsþörfin yrði um 300 manns. Sumum kann að finnast, að betur væri, ef slík framkvæmd stuðlaði að meiri atvinnuaukningu í rekstri, en það fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig atvinnuástandið í landinu er á hverjum tíma. Það ber og að hafa í huga, að slíkar framkvæmdir hafa í eðli sínu margfeldisáhrif á þjóðfélagið, þannig, að raunveruleg aukning á atvinnu og þjóðartekjum gæti orðið 3—4 sinnum meiri en stöðin ein segir til um.

Áhættudreifing. Í sambandi við atvinnuaukningu er rétt að hafa í huga, að olíuhreinsunarstöðin mundi stuðla að því að dreifa og þar með draga úr áhættunni í framleiðslu þjóðarbúsins.

Lítið álag á innlendum peningamarkaði. Enginn byggir upp fyrirtæki með handafli einu saman. Þar þarf einnig fjármagn að koma til. Einn kostur við að velja olíuhreinsunarstöð sem næstu stórframkvæmd á Íslandi er sá, að búast má við, að hún muni auka álagið á innlendum peningamarkaði fremur lítið. Líklegt er, að unnt sé að koma upp samstarfi við erlenda aðila, er sæju fyrir 80% af fjármagninu og þar með öllum erlendum gjaldeyri fyrst í stað. En eins og flestum er kunnugt er stundum erfiðara að afla fjár en manna til fyrirtækja á Íslandi.

2.2 Helztu stefnumarkandi atriði.

Það hefur jafnan verið áformað af hálfu ríkisstjórnarinnar, að íslenzkir aðilar ættu meirihluta fyrirtækisins, þ. e. a. s., að minnsta kosti 51% hlutafjárins yrði í höndum Íslendinga. Jafnframt hefur verið ráðgert að semja strax í upphafi um kaup á hinum erlenda hluta á ákveðnum árafjölda. Hin innlenda hlutafjáreign gæti skipzt milli ríkisins, íslenzku olíufélaganna og almennings, þannig, að um opið hlutafélag væri að ræða.

Ríkisstjórnin ætlar sér ekki að ábyrgjast erlend lán vegna uppsetningar stöðvarinnar. Hins vegar er eðlilegt, að hið væntanlega fyrirtæki fái tryggingu fyrir því, að ekki verði fluttar inn samkeppnisvörur um nokkurt árabil, eða þangað til verksmiðjan hættir að geta fullnægt innlendri eftirspurn á framleiðslusviði sínu. Eru þetta raunar engar nýjar samkeppnishömlur frá því sem nú er, því aðeins einn aðili semur um innflutning á olíu, þ. e. íslenzka ríkið, en afhendir samninginn olíufélögunum til framkvæmda.

Reiknað er með því, eins og áður hefur verið minnzt á, að erlendir aðilar standi undir öllum erlendum kostnaði og rekstrarfé.

Eðlilegt er, að hin íslenzku olíufélög sjái um dreifingu framleiðslunnar á innanlandsmarkaði.

Stærð stöðvarinnar skal miðast við olíunotkun á Íslandi fyrst og fremst, en neyzlumynstrið er hér talsvert frábrugðið því, er almennt gerist í Vestur-Evrópu. Við notum tiltölulega miklu meira af gasolíu en minna af svartolíu. Einnig þarf að ákveða framleiðslugerðir stöðvarinnar með möguleikum á efnaiðnaði í huga.

Gengið er út frá því, að olíuverð verði í meginatriðum hið sama og nú er, enda ber að gæta hagsmuna neytenda. Auðvitað markast núverandi eftirspurn af þeim verðhlutföllum, sem nú gilda á ýmsum olíutegundum, svo og á samkeppnisorkugjöfum, eins og hitaveitu og raforku. Þessi verðhlutföll gætu breytzt í framtíðinni, en það fer meðal annars eftir stærð og afurðategundum olíuhreinsunarstöðvarinnar sjálfrar, hvernig verðhlutföllin koma til með að verða.

Ekki er talið álitlegt að byggja mikið á útflutningi á hinum einföldustu tegundum, eins og svartolíu og nafta, sökum flutningskostnaðar, sölukostnaðar og slæmrar samkeppnisaðstöðu við stórar stöðvar, sem hafa mun lægri einingarkostnað en væntanleg stöð hér mundi hafa.

Ástæða er til að ætla, að hentugt sé að gera heildarsamning við einhvern aðila, þ. e. að semja á „einu bretti“ um hráefniskaup, vinnslu og útflutning, ef til kemur. Áhætta í sambandi við hráefnisöflun og sölu á umframframleiðslu verður þá minni en ella.

Miðað hefur verið við, að kaup hráolíu gætu verið frá Sovétríkjunum, ef það þætti af öðrum viðskiptaástæðum nauðsynlegt, a. m. k. að vissu marki.

2.3 Kostnaðarútreikningar.

Það fer aðallega eftir stærð markaðarins og orkukostnaði, hvort það borgar sig betur almennt séð, að staðsetja olíuhreinsunarstöð nálægt uppsprettunni eða markaðnum. Sé orðinn markaður fyrir 3—4 milljón tonn af olíu á ári, mun vafalítið borga sig að staðsetja hreinsunarstöðina sem næst markaðnum. Sú stærð á stöð, sem mest hefur verið rætt um að reisa hér, er fyrir 750 000—1 000 000 tonn á ári. Enn stærri

stöð gæti að vísu komið til álita í sambandi við annan kemiskan iðnað og samstarf við aðra erlenda aðila um markað. Minnsta og einfaldasta stöð, sem til greina kæmi, miðað við núverandi markaðsþörf, er 500 000 tonna stöð með eimingu einvörðungu, en innanlandsneyzlan var rúmlega 550 000 tonn 1968. Stærsta og dýrasta stöð, er til athugunar kæmi miðað við gildandi eftirspurn, væri stöð fyrir framleiðslu á 1 milljón tonna á ári, sem byggði bæði á eimingu og öðrum aðferðum til að breyta hlutföllum efna, er fást við eiminguna, til samræmis við eftirspurnina eftir hinum ýmsu afurðategundum (gasolíu, svartolíu, benzíni).

Áætlaður kostnaður við uppsetningu olíuhreinsunarstöðvarinnar, að meðtöldum lóðakaupum, kostnaði við ýmsar framkvæmdir á stöðvarsvæðinu m. m., er 1300—1750 milljónir króna (15—20 millj. dollarar), eftir því hvaða stærð og framleiðsluleiðir eru valdar, sbr. töflu 1. Árlegur rekstrarkostnaður er talinn nema 175—265 millj. kr. (2—3 millj. dollurum).

Tafla 1. Stofn- og reksturskostnaður við íslenzka stöð.

Stærð tonn/ári	Stofnkostnaður millj. kr.	Reksturskostnaður millj. kr./ári	Gjaldeyrissparnaður millj. kr./ári
750.000	1.300	175	300
1.000.000	1.750	265	?

Beinn gjaldeyrissparnaður við 750 000 tonna stöðina yrði mismunurinn á að kaupa jarðolíu og unna olíu, eða um 280 millj. kr. á ári. Sé tekið tillit til vaxtagreiðslna, kaupa á erlendu hlutafé og arðgreiðslum, yrði gjaldeyrissparnaðurinn nokkru minni fyrstu 7—10 árin.

Erfitt er að meta gjaldeyrissparnaðinn við stærri stöðina, þar sem mikil óvissa ríkir um tekjur af útflutningi. Einnig mundi stærri gerðin geta veitt væntanlegum efnaiðnaði meiri stuðning, sbr. síðar, en um arðsemi þessa er erfitt að spá sökum þess, hve undirbúningur er skammt á veg kominn.

Hafa ber í huga skattatekjur ríkis og sveitarfélags af rekstri stöðvarinnar.

Það gæti verið fróðlegt að rekja helztu annmarka í sambandi við uppsetningu og rekstur olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi.

1. Hvaða framleiðsluleið, sem valin verður, kemur mjög stór stöð (3 millj. tonn á ári eða meira) ekki til greina sökum smæðar markaðsins, nema í sambandi við aðrar stórframkvæmdir í efnaiðnaði eða samvinnu við erlenda aðila í markaðsmálum.
2. Erfitt er að láta hlutföll í framleiðslu og eftirspurn falla saman.
3. Ódýrari flutningar fást með stórum skipum. Heppilegasta flutningamagn finnst með því að vega magnafslátt og afgreiðslukostnað á móti birgða- og vaxtakostnaði. Hjá okkur kemur til álita umskipun einhvers staðar á flutningaleiðinni úr stóru olíuflutningaskipi (250 000 tonn) yfir í minna (50 000 tonn).
4. Það eru takmörk fyrir því, hversu mikla umframframleiðslu hægt er að byggja fyrir í upphafi, þar sem slíkt veldur auknum uppsetningar- og reksturskostnaði.
5. Olíuhreinsunarstöð, er gerði meira en að anna innanlandsmarkaði, mundi eiga við útflutningsvandamál að stríða.

Segja má í stórum dráttum, að aðalflutningaæðarnar liggi til stórmarkaðanna með stórum olíuflutningaskipum og að þær greinist þaðan til smærri markaða.

Það ber að hafa í huga, að hér á landi er sterkur markaður fyrir olíuafurðir, en í hinum ýmsu þróunarlöndum, sem hafa viljað koma upp olíuhreinsunarstöðvum hjá sér, er vandamálið það, að verðið á afurðunum hefur verið of lágt til að stöðvarnar stæðu undir sér.

Það mætti draga þetta saman og orða á þann veg, að við verðum að taka á okkur eitthvert óhagræði miðað við hagkvæmustu olíuhreinsunarstöð að öllu leyti, en vandinn er að velja þann kost, er hefur minnst óhagræði í för með sér og gefur þó samtímis mestan arð.

3. TÆKNILEG ATRIÐI

3.1 Hráolía.

Hráolía er blanda kolvetnissambanda, sem hafa myndazt við klofnun lífrænna sameinda úr plöntuleifum, sem legið hafa undir þrýstingi jarðlaga í tugmilljónir ára.

Fjöldi kolefnisfrumeindanna í hinum einstöku efnum blöndunnar er breytilegur, allt frá tveimur til þremur kolvetnisfrumeindum í sameindum léttustu efnanna upp í tugi kolefnisfrumeinda í hverri sameind.

Efnin með fæstu kolefnisfrumeindirnar í hverri sameind hafa lægsta suðumarkið og eru eldfimust, og öfugt.

Vegna hinna mismunandi suðumarka hinna ýmsu efna blöndunnar má aðgreina þau með eimingu, og vegna hinnar mismunandi eldfimni þeirra hafa þau mismunandi gildi til ýmissa nota.

Þannig eru þau eldfimustu og léttustu, svo sem nafta, ekki notuð sem orkugjafar fyrir vélar, en einkum notuð í öðrum efnaiðnaði eða til ýmissa sérnota.

Önnur létt kolvetni, sem fást úr hráolíunni (um það bil átta kolefnisfrumeindir í sameind), eru notuð sem eldsneyti á litla mótora, sem oft þarf að ræsa (benzín, steinolía).

Meðalþung efni í blöndunni (sautján eða fleiri kolefnisfrumeindir í sameind) mynda svo gasolíu og dieselolíu, þyngri efni svartolíu, og loks eru þyngstu efnin þykkar smurolíur, og að síðustu föst efni, svo sem asfalt, er eftir verður þegar búið er að eima allt hitt burt.

3.2 Vinnsluaðferðir.

Eins og áður er getið, er eiming einfaldasta og ódýrasta aðferðin við að skilja sundur hin ýmsu efni hráolíublöndunnar. (Í þessu sambandi má geta þess, að hveragufa hefur ekki nægilega hátt hitastig til þess konar eimingar).

Hráolía er eimuð í háum turnum og gufa þeirra efna, er hæsta suðumarkið hafa, þéttist neðst í turninum, og er vökvinn fjarlægður þaðan, en efst í turninum fæst vökvi, er myndast við þéttingu á gufu léttustu efnanna.

Hin ýmsu önnur efni blöndunnar þéttast svo þar á milli og eru fjarlægð jafnóðum.

Eiming skilar að sjálfsögðu hinum ýmsu efnum hráolíublöndunnar í þeim sömu hlutföllum og þau hafa í blöndunni, en þessi hlutföll eru oftast allt önnur en henta markaðnum bezt.


Því fylgir sá galli eimingu sem vinnsluaðferð, að framleiðslan verður ekki í samræmi við markaðinn, ef notuð er eðlileg hráolía.

Því eru einnig notaðar vinnsluaðferðir, sem geta breytt hinum einstöku efnum blöndunnar í önnur, þannig, að hlutföllin hæfi markaðnum betur. Til dæmis má fá léttari efnin til að bindast og mynda þyngri kolvetni („reforming"). Á þennan hátt má búa til benzín úr nafta.

Einnig má sundra sameindum þyngri kolvetnanna og mynda þannig léttari efni („cracking"). Til dæmis má breyta dieselolíu í benzín á þennan hátt. Ástæðan fyrir því, að framhaldsvinnsluaðferðin miðar yfirleitt að því að auka benzinframleiðsluna, er sú, að víðast hvar er tiltölulega mest eftirspurn eftir benzíni.

Við klofnun þyngri efnanna myndast einnig gas („kósangas"), sem má nota ýmist sem hitagjafa eða til áframhaldandi efnaiðnaðar. Einnig má kljúfa nafta í gas.

Tæki til framhaldsvinnslu auka að sjálfsögðu á kostnað olíuhreinsunarstöðvarinnar og borga sig ekki nema að litlu leyti við smáar stöðvar.



Mynd 1. 1 000 000 tonna árleg olíuhreinsun með útflutningi.

Til er önnur aðferð til að hagræða hlutföllum efnanna, sem fást við olíuhreinsunina, eftir markaðsþörfinni. Hún er sú að blanda hráolíuna með þegar hreinsuðum efnum í því magni sem þarf til þess, að efnahlutföllin, sem fást við eimingu á þannig „lagaðri“ hráolíu, henti markaðnum. Að sjálfsögðu er „löguð“ hráolía venjulega nokkuð dýrari en eðlileg hráolía, en þó geta sérstakar aðstæður (flutningsmáti o. fl.) leitt til þess, að munurinn þarf ekki að vera mikill.

3.3 Vinnsla á Íslandi.

Tvö vandamál takmarka mjög val framleiðsluaðferða við olíuhreinsunarstöð, sem einkum væri ætlað að hreinsa fyrir íslenzkan markað, en þau eru: a) smæð stöðvarinnar, og b) hlutföll í markaðnum, einkum hve eftirspurnin eftir gasolíu og dieselolíu er tiltölulega mikil.

Frá tæknilegu sjónarmiði koma þrjár aðferðir til greina:

a) Eiming á nægilegu magni af hráolíu til þess að fullnægja innanlandseftirspurn eftir benzíni og svartolíu, ásamt innflutningi á hreinsaðri gasolíu til að fullnægja viðbótarþörf á henni.
b) Eiming á lagaðri hráolíu, sem gæfi framleiðsluefni í réttum hlutföllum við íslenzkan markað.
c) Eiming og nokkur framhaldsvinnsla á nægilegu magni af hráolíu til þess að fullnægja eftirspurninni eftir gasolíu og útflutningur á umframframleiðslu benzíns (eða nafta) og svartolíu.

Frá fjárhaglegu sjónarmiði borgar aðferð a) sig ekki, þar eð olíuhreinsunarstöðin yrði þá allt of smá.

Tafla 2 sýnir líklega markaðsþörf 1972 og enn fremur, hvað fæst með hinum tveimur aðferðunum. Enn fremur sýna myndir 1 og 2, hvernig fyrirkomulag flutninga og vinnslu gæti orðið.

Hagkvæmni beggja aðferðanna er háð því, að núverandi innanlandsverð verði greitt áfram fyrir þá vöru, sem seld er á innlendum markaði. Hagkvæmni seinni aðferðarinnar, c), er enn fremur háð því, að nægilegt verð fáist fyrir útflutta umframframleiðslu. Þessi aðferð er því áhættusamari.

Tafla 2. Áætluð markaðsþörf 1972 og framleiðsla með mismunandi aðferðum.


Efni	Þörf tonn/ári	Framleiðsluaðferð b	c
Benzín	64.000	64.000	64.000
Þotueldsneyti	31.000	31.000	31.000
Gasolía	378.000	378.000	362.000
Svartolía	160.000	160.000	210.000
Nafta	0	0	(144.000)[2]
Kósangas	[1]	0	27.000

1) Upplýsingar vantar.
2) Eða sem benzín.

4.4 Tengsl við annan efnaiðnað.

Ef annar efnaiðnaður, svo sem sjóefnavinnsla, kemst á laggirnar hér á landi, mun það auka hagkvæmni olíuvinnslunnar, og öfugt. Þannig myndu þau 144 000 tonn af nafta, sem flytja verður út, ef aðferð c) er notuð, geta bundið um 30 000 tonn af klóri, sem mundi verða framleitt sem hálfgert aukaefni í sjóefnavinnslu.

Þessi tengsl við sjóefnavinnsluna væru þó ekki bundin við framleiðsluaðferð



Mynd 2. 750 000 tonna árleg olíuhreinsun með lagaðri hráolíu.

c), heldur mætti byggja umframgetu í tækin, sem framleiðsluaðferð b) nýtir, og bæta við naftaframleiðslu á seinna stigi, ef sjóefnavinnslan kæmi seinna.

Klórið og naftað yrðu notuð til framleiðslu á polyvinylklóríð plasti. Þó ber að gæta þess, að tækin til að umbreyta nafta í ethylen, sem notað er til að binda klórið, eru tiltölulega dýr fyrir þetta litla verksmiðju.

Þá væru einnig möguleikar á að umbreyta hluta af hráolíunni í olíukox („petroleum coke"). Þetta efni er notað í sambandi við álframleiðslu.

Fylgiskjal III.

Iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið fólu þremur embættismönnum að athuga hugmyndir, sem fram hafa komið um að nota svartolíu í stað gasolíu í fiskiskipum. Þessir embættismenn skiluðu eftirfarandi áliti, sem byggt er á hugmyndum og rannsóknum Ólafs Eirikssonar tæknifræðings.

Hagkvæmnisathugun á breytingu á vélum fiskiskipa til þess að nota svartolíu í stað gasolíu.

1. Athugasemdir.

Kunnugt er, að tilraunir sama eðlis og þær, sem Ólafur Eiríksson hyggst gera, hafa fyrr verið framkvæmdar erlendis, með jákvæðum árangri tæknilega séð. Ástæða er hins vegar til að ætla, að hagkvæmni svartolíubrennslu í bátavélum yrði miklu meiri á Íslandi, að öllu óbreyttu, þar sem þær olíutegundir, sem hentugastar eru bátaflotanum, eru ófáanlegar hér á landi. Verða því bátar að notast við miklu dýrari olíur.

Eftirfarandi yfirlit er um mögulegan brúttósparnað fiskiskipa, svo og sparnað gjaldeyris, er kynni að hljótast af notkun svartolíu í stað gasolíu á íslenzkum fiskiskipum.

2. Olíukostnaður fiskiskipa 1969.

(Gasolía/svartolía).

2.1 Meðalverð hérlendis[1]).

1. Svartolía kr./tonn	2.120.00
2. Gasolía kr./tonn	3.545.00
3. 1. í hlutfalli af 2.	60%

2.2 Olíukostnaður stærri báta og togara, sem brenna gasolíu (skv. upplýsingum úr rekstrarreikningum).

166 bátar, 111—500 brl.	Þús. kr.
1. Brennslu- og smurolía	159.755
2. ÷ Smurolíukostnaður, um 8%	12.780
3. ÷ Gasolía v. ljósavéla um 10%	15.976
4. Gasolía á aðalvél	130.999
5. Áætlaður brúttósparnaður í olíunotkun, ef svartolía kemur í stað sama magns af gasolíu, 40% af 4.	52.400

10 dísiltogarar, 609—987 brl.	Þús. kr.
1. Brennsluolía	37.266
2. ÷ Gasolía, vegna ljósavéla um 12%	4.472
3. Gasolía á aðalvél	32.794
4. Áætlaður brúttósparnaður í olíunotkun, ef svartolía kemur í stað sama magns af gasolíu, 40% af 3.	13.118

1) Geta ber þess, að hlutfallslegt verðlag á olíum er sambærilegt hér og erlendis.

2.3 Hlutfall alls olíukostnaðar af heildargjöldum.
1. Bátar, 111—500 brl. um 8%.
2. Diseltogarar, 609—987 brl. um 10%.

2.4 Kostnaður við tækjabúnað til þess að geta brennt svartolíu í stað gasolíu er, samkv. upplýsingum frá vélaeftirlitsmanni BÚR og með hliðsjón af greinargerð Ólafs Eirikssonar, um 350—500 þús. kr. pr. skip. Breytingin á togurunum er jafnvel ódýrari, þar sem flestir diseltogararnir hafa nú þegar hluta af þeim tækjum, sem með þarf, þ. e. skilvindur.

2.5 Ekki er vitað með vissu, hvort slit á aðalvél eykst, ef svartolía er notuð, og óljóst er, hver upphitunarkostnaður yrði á svartolíunni annar en beinn stofnkostnaður. Enn fremur eru ýmis önnur atriði óljós, sem þarfnast frekari athugunar.

2.6 Samkvæmt útreikningum í B-lið gæti gasolíunotkun, er nemur 163 793 þús. kr., eða um 46 000 tonnum, færzt yfir á svartolíu. Gjaldeyrissparnaður sá, er af þessari tilfærslu hlytist, mundi við núverandi verðlag, nema 32.0 millj. króna á ári.

2.7 Hvað afkomu olíuhreinsunarstöðvar snertir, þá má slá því föstu, að sú breyting, sem hér um ræðir, á notkunarsamsetningu íslenzks olíumarkaðar yrði mjög til hagsbóta. Stöðin verður, að öllu óbreyttu, að flytja út a. m. k. 50 000 tonn svartolíu á ári næstu 6—7 ár. Hagnaður af því, að geta losnað við 46 000 tonn á innanlandsmarkað, yrði 28.3 millj. íslenzkra króna á ári.

3. Niðurstöður.

Vegna þeirra margþættu tilrauna, sem hafa verið framkvæmdar erlendis um notkun svartolíu í diselvélum, þá geta undirritaðir ekki lagt mat á vísindalegt gildi umræddra tilrauna. Hins vegar er ljóst, að verði þessar tilraunir til þess, að fiskiskipaflotinn noti almennt svartolíu í stað gasolíu, þá má ætla, af útreikningum hér að framan, að um verulegan þjóðhagslegan sparnað geti verið að ræða. Þar sem svo mikið virðist í húfi, má eðlilegt telja, að hið opinbera leggi til fé í tilraun þessa.

Jón L. Arnalds. *Sigurður R. Helgason.* *Kristinn Zimsen.*

Efnisyfirlit.

		Bls.
	Frumvarp til laga um olíuhreinsunarstöð á Íslandi	1
	Athugasemdir 1	2
	Athugasemdir 2	5
	Fylgiskjöl:	
	Fylgiskjal I. Rannsóknir og áætlanir um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.	
	1. kafli	
	Inngangur	6
	2. kafli	
	Íslenzki olíumarkaðurinn	9
2.1	Lýsing íslenzka olíumarkaðarins 1968	9
2.1.1	Bifreiðar	9
2.1.2	Flug	9
2.1.3	Upphitun	10
	a. Gasolíunotkun.	
	b. Svartolíunotkun.	
	b.1 Stórhýsi.	
	b.2 Hverfamiðstöðvar.	
2.1.4	Rafmagnsframleiðsla	11
	a. Bæjar- og ríkisveitur.	
	b. Einkarafstöðvar.	
2.1.5	Siglingar	12
	a. Fiskiskip.	
	b. Togarar.	
	c. Hvalveiðiskip.	
	d. Flutningaskip.	
	e. Varðskip.	
	f. Önnur skip.	
2.1.6	Landbúnaður	14
2.1.7	Iðnaður	16
	a. Fiskimjölsverksmiðjur.	
	b. Sementsverksmiðjan, Akranesi.	
	c. Hvalstöðin, Hvalfirði.	
	d. Mjólkurbúin.	
	e. Kísilgúrverksmiðjan, Mývatni.	
	f. Áburðarverksmiðjan, Gufunesi.	
	g. Álbræðslan, Straumsvik.	
2.1.8	Önnur notkun	17
	Eftirmáli við 2.1: Varnarliðið	17
2.2	Neyzlusamsetningin 1968	17
2.3	Spá um olíunotkun á Íslandi 1969—1980	19

Bls.
2.3.1 Bifreiðar 19
a. Spá.
b. Athugasemdir við spá.
2.3.2 Flug 20
a. Spá.
a.1 Flugfélag Íslands.
a.2 Loftleiðir.
a.3 Erlend flugfélög.
a.4 Aðrir notendur.
b. Athugasemdir við spá.
2.3.3 Upphitun 22
a. Spá.
b. Athugasemdir við spá.
2.3.4 Rafmagnsframleiðsla 23
a. Spá.
a.1 Bæjar- og ríkisveitur.
a.2 Einkarafstöðvar.
b. Athugasemdir við spá.
2.3.5 Siglingar 25
a. Spá.
a.1 Fiskiskip.
a.2 Togarar.
a.3 Hvalveiðiskip.
a.4 Flutningaskip.
a.5 Varðskip.
a.6 Önnur skip.
2.3.6 Landbúnaður 29
a. Spá.
a.1 Upphitun.
a.2 Rafmagnsframleiðsla.
a.3 Dráttarvélar.
b. Athugasemdir við spá.
2.3.7 Iðnaður 31
a. Spá.
a.1 Fiskimjölsverksmiðjur.
a.2 Sementsverksmiðjan á Akranesi.
a.3 Hvalstöðin í Hvalfirði.
a.4 Mjólkurbúin.
a.5 Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn.
a.6 Áburðarverksmiðjan í Gufunesi.
a.7 Álbræðslan í Straumsvík.
a.8 Annar iðnaður.
2.3.8 Önnur notkun 33
2.3.9 Athugasemdir við notkunarsamsetninguna 1980 33
2.4 Ýmsar töflur og línurit varðandi íslenzka olíumarkaðinn 34

3. kafli

Tegund stöðvar 53

4. kafli

Rekstrarhagfræðileg atriði 56

Bls.

5. kafli

Þjóðhagslegt gildi olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi 60

6. kafli

Niðurstöður 63

Fylgiskjal II. Greinargerð um olíuhreinsunarstöð.

1. kafli

Inngangur 65

2. kafli

Hagfræðileg atriði 66
2.1 Þjóðhagslegt gildi.
2.2 Stefnumarkandi atriði.
2.3 Kostnaðarútreikningar.

3. kafli

Tæknileg atriði 69
3.1 Hráolía.
3.2 Vinnsluaðferðir.
3.3 Vinnsla á Íslandi.
3.4 Tengsl við annan efnaiðnað.
Myndir: 1. 1 000 000 tonn/ári olíuhreinsun með útflutningi 70
2. 750 000 tonn/ári olíuhreinsun með lagaðri hráolíu .. 72

Fylgiskjal III. Hagkvæmnisathugun á breytingu á vélum fiskiskipa til þess að nota svartolíu í stað gasolíu.

1. kafli

Athugasemdir 73

2. kafli

Olíkostnaður fiskiskipa 73
2.1 Meðalverð hérlendis.
2.2 Olíukostnaður stærri báta og togara, sem brenna gasolíu.
2.3 Hlutfall alls olíukostnaðar af heildargjöldum.
2.4 Kostnaður við tækjabúnað.
2.5 Slit.
2.6 Gjaldeyrissparnaður.
2.7 Afkoma olíuhreinsunarstöðvar.

3. kafli

Niðurstöður 74

Skrá yfir töflur.

		Bls.
1.	Notkun einstakra olíutegunda eftir neytendaflokkum 1968	18
2.	Hlutfallsleg skipting olíunotkunar 1968 samkvæmt notkunarflokk og olíutegund	18
3.	Hlutfallsleg skipting notkunar einstakra olíutegunda eftir neytendaflokkum	18
4.	Eldsneytisnotkun bifreiða í tonnum einstök ár	19
5.	Eldsneytisnotkun flugvéla í tonnum einstök ár	20
6.	Eldsneytisnotkun til upphitunar í tonnum einstök ár	22
7.	Eldsneytisnotkun til rafmagnsframleiðslu í tonnum einstök ár	23
8.	Olíunotkun Elliðaárstöðvar 1960—1968	24
9.	Eldsneytisnotkun skipa í tonnum einstök ár	25
10.	Gasolíunotkun í landbúnaði í tonnum einstök ár	29
11.	Eldsneytisnotkun í iðnaði í tonnum einstök ár	31
12.	Heildarspánotkun 1980 samkvæmt notkunarflokk og olíutegund	34
13.	Hlutfallsleg skipting heildarspánotkunar 1980 samkvæmt notkunarflokk og olíutegund	34
14.	Hlutfallsleg spánotkun einstakra olíutegunda 1980 samkvæmt notkunarflokk	35
15.	Heildarspánotkun 1976 samkvæmt notkunarflokk og olíutegund	35
16.	Heildarspánotkun 1972 samkvæmt notkunarflokk og olíutegund	35
17.	Gæðakröfur á Íslandsmarkaði — Benzín	36
18.	Gæðakröfur á Íslandsmarkaði — Gasolía 48/52	36
19.	Gæðakröfur á Íslandsmarkaði — Gasolía 53/57	36
20.	Gæðakröfur á Íslandsmarkaði — Svartolía 5° C	37
21.	Gæðakröfur á Íslandsmarkaði — Svartolía „F—5“	37
22.	Olíusala á Íslandi 1/1—31/12 1968. Skipt á olíufélög	37
23.	Flugvélaeldsneytisnotkun einstakra aðila á Íslandi	38
24.	Útreikningar á olíunotkun íslenzka bátaflotans, byggðir á úrtaksathugun	38
25.	Olíunotkun báta af mismunandi stærð 1964—1968, skv. Reikningaskrifstofu sjávarútvegsins	39
26.	Olíunotkun vöruflutningaskipa, farþegaskipa og olíuskipa á síðustu árum	40
27.	Fjöldi og stærð nokkurra skipategunda	41
28.	Innfluttar dráttarvélar 1918—1968	41
29.	Fiskimjölsframleiðsla og olíunotkun	41
30.	Svartolíunotkun mjólkurbúa	42
31.	Olíunotkun á Íslandi 1958—1968	42
32.	Þotueldsneytisnotkun Flugfélags Íslands á 12 mánuðum (1967—1968)	43
33.	Notkunartími dráttarvéla 1967	43
34.	Olíunotkun togara samkv. bókum Bæjarútgerðar Reykjavíkur (1967)	44
35.	Kostnaður og endurgreiðslutímabil stöðva af mismunandi stærð, miðað við árið 1967 á verðlagi ársins 1970	57
36.	Áætluð framleiðsla, sala, eftirspurn, inn- og útflutningur árið 1976. Stærð stöðvar 670 000 tonn	58

Bls.
lagaða jarðolíu 58
37. Kostnaður og endurgreiðslutímabil fyrir 670 000 tonna stöð, sem notar lagaða jarðolíu 58
38. Áætluð framleiðsla, sala, eftirspurn, inn- og útflutningur árið 1976 fyrir 670 000 tonna stöð, sem notar lagaða jarðolíu 59

Skrá yfir línurit og myndir.

Línurit.

1. Notkun þotueldsneytis og flugvélabenzíns 45
2. Fjöldi fiskibáta 1963—1968 46
3. Fjöldi bænda á Íslandi 1954—1968 47
4. Ræktað land 1955—1969 og spá hins sama 1970—1980 48
5. Innvegin mjólk í mjólkurbúum 1950—1969 og spá fyrir 1970—1980 49
6. Fiskimjölsframleiðsla á Íslandi 1930—1968 50
7. Olíunotkun fiskimjölsverksmiðja 1950—1967 51

Myndir.

1. Síldarverksmiðjur á Íslandi 52
2. Atriði er varða ákvörðun um tegund stöðvar 54
3. Frumáætlanir mismunandi aðila um stofnkostnað stöðvar (670 000 tonn/ári og 2. millj. tonn/ári til samanburðar) 55
4. Einföld olíuhreinsunarstöð (670 000 tonn/ári) 64

Nd. **8. Frumvarp til laga** [8. mál]

um virkjun Lagarfoss.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði til raforkuvinnslu í allt að 8000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er Rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 180 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58, 29. apríl 1967.

5. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi 9. töluliður 1. gr. laga nr. 65, 8. maí 1956 um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 30. apríl 1969 endurskipaði þáverandi ráðherra orkumála, Ingólfur Jónsson, raforkumálanefnd Norður- og Austurlands, er starfað hafði á árunum 1966—1967 að athugunum á raforkumálum í þessum landshlutum.

Nefndin skilaði áliti í desembermánuði 1969.

Er þar fjallað ítarlega um raforkumál Austurlands og bornir saman aðallega tveir valkostir, virkjun í Lagarfossi og samtenging við Laxárvirkjun. Niðurstaðan var sú, að kostnaður reyndist nálega hinn sami, hvor leið sem valin væri.

Rafmagnsveitum ríkisins var síðan falið að kanna þessi mál nánar, og hinn 20. ágúst s.l. skrifuðu rafmagnsveiturnar iðnaðarráðuneytinu bréf það, sem hér fer á eftir:

Rafmagnsveitur ríkisins hafa að undanförnu unnið að framhaldsathugunum á fjárhagslegri hagkvæmni Lagarfossvirkjunar á grundvelli nýendurskoðaðra kostnaðaráætlana um virkjun í áföngum. Var greinargerð um útreikningana send ráðuneytinu með bréfi dags. 18. þ. m., en niðurstöður þeirra eru, að svo sem nú horfir um orkunotkun á Austurlandi, geti Lagarfossvirkjun orðið hagkvæm og væntanlega tímabær til innsetningar árið 1973, eða jafnvel í árslok 1972, og það því fremur, sem veruleg aukning náist á orkusölu til hitunar. Framhaldsstig virkjunarinnar gefa góða möguleika til áframhaldandi aukningar hitaorkusölu. Aukin rafhitun mun að vísu kalla á verulega styrkingu kerfisins með tímanum, en það mun ekki raska hagkvæmni um fyrirsjáanlegan tíma, þótt það muni kalla á aukið fjármagn til framkvæmda næstu árin.

Sömu útreikningar sýna þó heldur meiri hagkvæmni línu frá Laxá næstu árin. Rafmagnsveitur ríkisins hafa leitazt við að kanna möguleika á tryggri og hagkvæmri orkuöflun til langs tíma eftir þeirri leið. Hins vegar hafa niðurstöður hingað til verið neikvæðar, enda ríkir mikil óvissa um endanlega stærð og áfangaskiptingu Laxárvirkjunar.

Að vandlega athuguðum ofangreindum gögnum og aðstæðum telur stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og rafmagnsveitustjóri, að nauðsynlegt sé að taka bráðlega ákvörðun um meginstefnuna í orkuöflun fyrir Austurland. Er því hér með lagt til:

1. Að aflað verði lagaheimildar fyrir fullri stærð Lagarfossvirkjunar.
2. Að undirbúningi 1. stigs virkjunarinnar verði haldið áfram af fullum krafti.
3. Stefnt verði að útboði og framkvæmd í tæka tíð fyrir hagkvæman innsetningartíma.

Þá er hér með bent á, að eðlilegast og hagfelldast eignar- og rekstrarform virkjunarinnar hlýtur að vera það, að það falli inn í kerfi Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi, sem hafa með höndum svo til alla orkuframleiðslu og orkudreifingu á Austurlandi. Hingað til hefur halli á þeim rekstri verið mjög mikill, en vonazt er til, að úr hallanum geti dregið verulega, eftir að frekari vexti orkunotkunar verður mætt með aukinni vinnslu vatnsorku.

Að tekinni þeirri grundvallarákvörðun, sem hér um ræðir, myndu Rafmagnsveitur ríkisins stefna að sem hagfelldastri uppbyggingu orkumarkaðar á Austurlandi með hliðsjón af væntanlegum innsetningartíma virkjunar og með tilliti til hagsmuna orkunotenda, eftir því sem unnt er. Jafnframt yrði unnið að áætlun um nauðsynlega styrkingu kerfisins á byrjunarstigi.

Fyrirvari er gerður um það, að jákvæðar undirtektir, er bærust alveg á næstunni frá Laxárvirkjun, þyrfti að sjálfsögðu að taka til athugunar. Þá hafa niðurstöður athugana Rafmagnsveitna ríkisins verið sendar Orkustofnun, og mun umsagnar að vænta, en hún liggur enn ekki fyrir. Loks skal þess getið, að einn stjórnarmanna, Jóhann Indriðason, er erlendis, þegar þessi ályktun er gerð.

Að endingu vilja Rafmagnsveitur ríkisins ítreka, að ákvörðun um virkjun í Lagarfljóti verður að taka mjög bráðlega, þar sem mikil aukning orkunotkunar á Austurlandi hefur átt sér stað á þessu ári og horfur eru á eðlilegri aukningu framvegis.

Sá tími, sem er til ráðstöfunar til undirbúnings framkvæmda er því mun styttri en horfur voru á til skamms tíma.

Í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins:

Bjarni B. Jónsson. Valgarð Thoroddsen,
Kjartan Jóhannsson. rafmagnsveitustjóri.

Eins og fram kemur í bréfi þessu verður að telja virkjun Lagarfoss hagkvæma.

Til þess að unnt sé að hefjast handa um virkjunarframkvæmdir við Lagarfoss, er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

6. málsgrein 6. greinar laga nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, orðist svo:

Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal fé endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs. Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða, enda tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera breytingar á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð.

Samkvæmt nefndum lögum sé Iðnlánasjóði eigi heimilt að endurlána erlent lánsfé til tiltekinna framkvæmda nema með gengisákvæði. Stjórn Iðnþróunarsjóðs hafi nú veitt Iðnlánasjóði lán til endurlána til tiltekinna

framkvæmda, en slík endurlán mundu samkvæmt ofannefndu lagaákvæði verða að vera með gengisákvæði. Þetta hefði í för með sér það misræmi, að þeir aðilar, sem sjóðurinn endurlánaði af lánsfé Iðnþróunarsjóðs, nytu annarra kjara en aðrir lánþegar Iðnlánasjóðs. Til þess að koma í veg fyrir slíkt misræmi og þar sem nauðsynlegt sé að hraða útlánum sjóðsins sem mest, beri brýna nauðsyn til að gera breytingar á nefndum lögum um Iðnlánasjóð í samræmi við tillögur stjórnar sjóðsins, sem feli í sér heimild fyrir Iðnlánasjóð til að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

6. málsgrein 6. greinar laga nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð orðist svo:

Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal fé endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs. Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða, enda tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. júlí 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóði svo:

Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.

2. gr.

Í stað 2. málsgr. 5. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til sem höfuðstól allt að 350 millj. kr. gegn jöfnu framlagi frá Reykjavíkurborg. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán innan lands eða utan til greiðslu á höfuðstólsframlagi ríkissjóðs. Af höfuðstól þessum greiðir Landsvirkjun aðilum arð skv. nánari ákvörðun í reglugerð.

3. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna samkvæmt 1. mgr., sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

4. gr.

Í stað 1. málsgr. 13. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Við virkjanir Landsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá, sbr. 6. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjananna. Hið sama gildir um eldsneytisaflstöðvar Landsvirkjunar.

5. gr.

Í stað 1. málsgr. 15. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar og virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, sbr. 6. gr., að fjárhæð allt að 5 900 millj. króna (67 millj. Bandaríkja dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framleiðslugeta vatnsaflstöðva Landsvirkjunar í Sogi og í Þjórsá við Búrfell verður rúm 300 MW og 2200 GWst/ári, þegar Búrfellsvirkjun er fullgerð að upphaflegu marki árið 1972. Ætla má, að álag á þessar aflstöðvar fari upp í um 300 MW og 2000 GWst á árinu 1974, og þurfi því að sjá fyrir nýjum virkjunum til að mæta vaxandi álagi eftir þann tíma. Lokaundirbúningur, fjáröflun og framkvæmdir vegna meiriháttar virkjunar tekur að jafnaði um 5—6 ár. Er því nauðsynlegt að hefjast þegar handa í þessu efni, ef haldið skal þeirri stefnu í orku- og iðjumálum, er mörkuð var með virkjuninni við Búrfell og byggingu álbræðslunnar í Straumsvík, þannig að í senn verði lagður grundvöllur að meiriháttar atvinnugreinum og ódýrri orkuframleiðslu í þágu hins almenna notanda. Verið er að leggja drög að þeim ráðstöfunum, sem beinast liggja við á þessu sviði í framhaldi af Búrfellsvirkjun, og er frumvarpi þessu ætlað að afla þeirra lagaheimilda, sem nauðsynlegar eru til að hrinda þeim í framkvæmd.

Fyrirhugað er af hálfu Landsvirkjunar, að næstu stórvirkjanir hennar verði í Tungnaá, við Sigöldu og Hrauneyjafoss. Er þetta ráðgert með tilliti til hinna miklu miðlunarmöguleika, sem Þórisvatn býr yfir, en þeir verða jafnframt nýttir í þágu Búrfellsvirkjunar, sbr. neðanritað. Unnið er nú að rannsóknum og hönnun á þessum nýju virkjunum, og verður að því stefnt, að taka megi endanlega ákvörðun um byggingu þeirra á næsta ári, ef því er að skipta. Virkjanirnar áætlast álíka stórar, og mun hvor um sig gefa 800—900 GWst á ári með miðluninni úr Þórisvatni. Samsvarar þetta um 100 MW á hvorum stað miðað við stöðugt álag, en með tilliti til samkeyrslu stöðva, toppafls og varaafls, er líklegt, að rétt þyki að hafa vélaaflið allt að 170 MW í hvorri virkjun. Jafnframt er þá haft í huga að auka síðar miðlunarrýmið í Þórisvatni svo og að gera hugsanlegar veitur úr Skaftá og Þjórsá til Tungnaár og Þórisvatns og þannig auka orkuframleiðslu virkjananna með slíku viðbótarvatni.

Sameiginleg fyrir þessar virkjanir og Búrfellsvirkjun eru miðlunarmannvirki þau við Þórisvatn, sem nú eru í smíðum. Í áætlunum um Búrfellsvirkjun var gert

ráð fyrir byrjunarmiðlun í Þórisvatni, sem þannig var hugsuð, að gerður yrði um 3 km langur opinn skurður suður úr vatninu vestanvert við Vatnsfell (1. mynd) með tilheyrandi stjórnlokum. Um hann skyldi veita vatni í Tungnaá ofan við Sigöldu og þannig auka rennslið í ánni og í Þjórsá neðan ármóta. Átti skurðbotninn að vera 8 m neðar en vatnsborð Þórisvatns, sem er í 571 m hæð yfir sjávarmáli.

Með hliðsjón af vatnamælingum áranna 1966—1969 og athugunum á hagkvæmustu stærð Tungnaárvirkjana, en ekki var tekið tillit til þeirra áður, hefur þótt rétt að auka þessa miðlun úr Þórisvatni með því að dýpka skurðinn við Vatnsfell úr 8 m í 14 m. Er þetta jafnframt gert með tilliti til þess, að samkvæmt prófunum í rekstri skila vélar Búrfellsvirkjunar meira afli en áður var reiknað með í áætlunum. Ef ná á hagkvæmustu stærðum á Tungnaárvirkjunum og fullnýta vélar Búrfellsvirkjunar, er þessu til viðbótar nauðsynlegt að auka innrennsli í Þórisvatn með því að stífla Kölduvísl og veita henni í vatnið og jafnframt að loka með stíflu vatnsrennslinu úr Þórisvatni um Þórisós eins og sýnt er á 1. mynd. Framkvæmdir standa nú yfir við fyrsta áfanga Þórisóssstíflu og Vatnsfellsveitu, en ráðgert er að ljúka þeim á árinu 1971 og byggja þá einnig Köldukvíslarveitu.

Virkjanirnar í Tungnaá eru í aðalatriðum ráðgerðar þannig, sbr. 2. og 3. mynd.

Hrauneyjafossvirkjun.

Tungnaá er stífluð 2.5 kílómetrum ofan við Hrauneyjafoss með jarðstíflu, um 2500 m langri. Er mesta hæð hennar í árgljúfrinu um 15 m, en annars staðar er hún mun lægri. Í stíflunni eru flóðgáttir, 3×10 m og steypt yfirfall, 200 m langt. Við stífluna myndast inntakslón með vatnsborði í 425 m hæð y. s. Með 2.5 m niðurdrætti fæst um 20 milljón teningsmetra miðlun í lóninu, en heildarrúmmál þess er um 40 milljón teningsmetrar. Aðrennslisskurður er í Sporðöldu, 1000 m langur með 30 m botnbreidd, og við enda hans er inntak með ristum og hraðlokum. Síðan taka við stálpípur, 270 m langar að stöðvarhúsi, sem verður í Þóristungum við rætur Sporðöldu. Frárennslisskurður, um 800 m langur með 25 m botnbreidd liggur um Þóristungur og árkvíslar yfir í Tungnaá.

Virkjunaraðstæður við Hrauneyjafoss eru sérstæðar að því leyti, að stíflan og stíflulónið er á eftirísaldarhrauni, en virkjunin að öðru leyti í móbergsmyndun. Hefur Tungnaá farið víða um virkjunarstæðið, og þó eru allverulegir kaflar, sem hún hefur ekki runnið um, svo gera má ráð fyrir talsverðum leka þar í byrjun. Hraunið er þó á þessum köflum verulega sandorpið, svo að búast má við, að þétting frá jökulvatninu verði þar hröð. Reynsla um þetta atriði er þegar fengin af Langölduveitu, sem er tilraunaveita til athugunar á þessu atriði.

Sigölduvirkjun.

Tungnaá er stífluð ofan við Sigöldu með jarðstíflu, um 760 m langri. Í gljúfrinu er mesta hæð hennar um 46 m, og undir henni botnrás. Lokulaust steinsteypt yfirfall er á syðri enda stíflunnar, 300 m langt. Fyrir ofan stífluna myndast vatn, Króksvatn, sem er um 15.0 ferkílómetrar að stærð með vatnshæð 500 m. y. s. Rúmmál þess er um 200 milljón teningsmetrar, og með 10 m niðurdrætti, fæst um 1300 milljón teningsmetra miðlun. Aðrennslisgöng verða steypt í opnum skurði, sem síðar verður fylltur, frá Króksvatni þvert í gegnum Sigöldu að inntaksmannvirkjum. Aðrennslisgöngin eru steinsteypt og um 1000 m löng. Þversnið þeirra er um 100 fermetrar. Inntak er steinsteypt og er þar komið yfir jöfnunarþró og úttöku fyrir þrýstivatnspípur að stöðvarhúsi með ristum og hraðlokum. Þrýstivatnspípur úr stáli liggja frá inntaki að stöðvarhúsi, lengd um 190 m. Stöðvarhús er niðurgrafið neðst í hlíð Sigöldu.

Frárennslisskurður er um 500 m langur og liggur frá stöðvarhúsi gegnum rananн, sem norðurendi brúarinnar yfir Tungnaá hvílir á, og kemur út í Tungnaá

neðan við þrengslin, sem nú eru brúuð. Ný brú verður byggð yfir frárennslisskurðinn.

Jarðfræðilegar rannsóknir sýna, að í Tungnaárkróki hafi verið stöðuvatn með yfirborði í 500 m h. y. s. um langan tíma. Hefur vatnið myndað botnleðju, sem þekur allt það svæði, sem nú fer undir vatn. Athuganir hafa verið gerðar á þéttleika botnsins, og benda allar rannsóknir til þess, að hætta á miklum leka sé hverfandi.

Á síðastliðnu ári var lokið við allnákvæma kostnaðaráætlun um 135 MW virkjun við Sigöldu ásamt aðalorkuveitu og áætlaðist heildarkostnaður miðað við verðlag í maí í fyrra 2129 milljónir króna. Eru þá vextir á byggingatíma meðtaldir en ekki aðflutningsgjöld. Í fyrra var einnig gerð áætlun um 135 MW virkjun við Hrauneyjafoss, en miklu lauslegri þó, og er sambærileg stofnkostnaðartala 1886 millj. kr. Unnið er nú að fullnaðaráætlunum um þessar virkjanir og má búast við að þær liggi fyrir fyrir lok þessa árs. Stærð virkjananna hefur enn ekki verið fyllilega ákveðin, en flest bendir til, að rétt þyki að stækka þær úr 135 MW upp í allt að 170 MW og er ekki ólíklegt, að hvor virkjunin um sig muni endanlega áætlast kosta um 2400 millj. kr. að aðalorkuveitu meðtalinni. Eru þá eins og áður vextir innifaldir en ekki aðflutningsgjöld. Enn hefur ekki verið ákveðið í hvora virkjunina sé rétt að ráðast fyrst, en þá ákvörðun má taka fljótlega eftir að endanlegar kostnaðaráætlanir liggja fyrir.

Miðlun Þórisvatns, eins og hún var upphaflega ráðgerð, áætlaðist kosta um 130 millj. kr. án vaxta og aðflutningsgjalda. Eins og miðlunin er hugsuð nú og áður hefur verið lýst, áætlaðist hún miðað við núverandi verðlag hins vegar kosta 700 millj. kr. að vöxtum meðtöldum en aðflutningsgjöldum frátöldum.

Með frumvarpi þessu er það lagt til, að þegar verði veitt lagaheimild fyrir byggingu beggja hinna nýju virkjana og hún felld inn í gildandi lög um Landsvirkjun. Jafnframt verði núverandi heimild um lántökur og ríkisábyrgð í 15. gr. laganna og höfuðstólsframlög ríkissjóðs í 5. gr. laganna aukin að því marki, sem ætla má að nægi til fjármögnunar á undirbúningi beggja virkjananna og fullnaðarbyggingar þeirrar, sem fyrr verður í ráðizt, svo og miðlunarmannvirkjanna við Þórisvatn og lúkningu Búrfellsvirkjunar.

Hins vegar bíður það síðari ákvörðunar, hvaða frekari heimildir muni þurfa vegna fjáröflunar til þeirra virkjana, sem síðar byggist. Aukning heimildarinnar í 15. gr. laganna hefur þegar verið gerð að hluta með bráðabirgðalögum, sem falla mundu úr gildi við samþykkt þessa frumvarps.

Auk þessa gerir frumvarpið ráð fyrir nokkrum öðrum breytingum á lögunum um Landsvirkjun, sem flestar miða að því að gera virkjanir þessar jafnsettar Búrfellsvirkjun í þeim efnum, sem lögin taka til.

Með tilliti til þess, sem að framan var greint um undirbúningstíma þessara virkjana, þurfa viðræður við hugsanlega lánveitendur til þeirra, og þá einkum Alþjóðabankann, að hefjast við fyrstu hentugleika. Hið sama gildir um viðræður við hugsanlega kaupendur orkunnar frá þeim. Hefur málið þegar verið kynnt að nokkru í báðar áttir. Mikilvægt er, ef slíkar viðræður eiga að bera tilætlaðan árangur, að Alþingi hafi lýst yfir vilja sínum í málinu með heimildarlögum af þessu tagi.

Hér verður á eftir vikið sérstaklega að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hinar umræddu virkjanir Landsvirkjunar í Tungnaá gera það óhjákvæmilegt, að Landsvirkjun öðlist nauðsynleg vatnsréttindi og önnur réttindi þeirra vegna, sem ríkið á yfir að ráða, og er lagagrein þessari ætlað að tryggja Landsvirkjun þessi réttindi.

Um 2. gr.

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965, og í árslok það ár var höfuðstóll hennar þessi:

		Millj. kr.
Sogsvirkjun		203.30
Framlag ríkisins:		
Undirbúningur Búrfellsstöðvar	39.50	
Vatnréttindi Búrfellsstöðvar	42.25	
Peningar	20.00	
		101.75
Framlag Reykjavíkurborgar:		
Gufuaflstöð við Elliðaár	81.75	
Peningar	20.00	
		101.75
Hreinar tekjur 1965		16.00
		422.80

Eins og fram kemur af þessu og einnig lögunum um Landsvirkjun, lögðu eigendur hennar, ríki og Reykjavíkurborg í upphafi fram Sogsvirkjunina, Gufuaflstöðina við Elliðaár, vatnsréttindin í Þjórsá við Búrfell, undirbúningskostnað Búrfellsvirkjunar eins og hann þá var orðinn og 40 m.kr. í peningum. Meðan á smíði 1. áfanga Búrfellsvirkjunar stóð, lögðu eigendurnir þessu til viðbótar fram 60 m.kr. í peningum og loks nú á þessu ári 82 m.kr. með hliðsjón af lúkningu Búrfellsvirkjunar og miðlunarinnar í Þórisvatni. Þessi fjárframlög þóttu nauðsynleg, því Sogsvirkjunin átti aðeins 15 m.kr. í handbæru fé þegar Landsvirkjun tók við henni og ekki þótti sýnt, að á næstu árum gæti orðið um verulegan hagnað af rekstri að ræða. Þetta kemur og heim við reynzluna og áætlast höfuðstóll Landsvirkjunar í árslok 1970 þannig:

	Millj. kr.
Sogsvirkjun (1965)	203.3
Peningaframlög eigenda (1965—70)	182.0
Eignaframlög eigenda (1965)	163.5
Hreinar tekjur (1965—70)	75.5
Endurmat eigna (1967—68)	108.5
	732.8

Enda þótt reiknað sé með, að allverulegur hagnaður verði af rekstri Landsvirkjunar eftir að álbræðslan í Straumsvík er tekin til starfa að fullu, er ljóst, að fé úr rekstri verður ekki aflögu til nýrrar virkjunar á næstu árum vegna hinna miklu framkvæmda við Þórisvatn og þess, að Búrfellsvirkjun er nú lokið á miklu skemmri tíma en áður var reiknað með. Ef í nýja virkjun verður ráðizt, er því nauðsynlegt, að eigendur Landsvirkjunar leggi fram verulegar fjárupphæðir eins og áður, og er hér lagt til, að ríkissjóði sé heimilað að leggja Landsvirkjun til höfuðstól er nemi allt að 350 m.kr. eða 259 m.kr. umfram það sem ríkissjóður hefur þegar lagt fram enda komi jafnt framlag frá Reykjavíkurborg. Enn fremur er lagt til, að arðgreiðslur af þeim höfuðstól, sem þannig myndast, verði ákveðnar í reglugerð þannig, að eigendur hafi frjálsari hendur um ákvörðun slíkra arðgreiðslna.

Um 3. gr.

Lagagrein þessari er ætlað að veita Landsvirkjun umrædda heimild fyrir tveimur virkjunum í Tungnaá, hvorri allt að 170 MW, og að árétta heimildir hennar varðandi Þórisvatnsmiðlun.


Um 4. gr.


Lagagrein þessi gerir ráð fyrir, að sömu reglur gildi varðandi niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af efni, tækjum og vélum til virkjana Landsvirkj-


unar í Tungnaá og nú gilda um virkjun Þjórsár við Búrfell og eldsneytisaflstöðvar Landsvirkjunar. Einnig felur lagagrein þessi í sér, að ákvæði í 2. málsgr. 13. gr. laganna um Landsvirkjun varðandi heimild til frestunar á innheimtu aðflutningsgjalda og söluskatts af vinnuvélum, muni gilda vegna virkjanaframkvæmdanna í Tungnaá á sama hátt og við Búrfellsvirkjun.

Um 5. gr.

V. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með botnvörpu, án tillits til stærðar.
VI. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með dragnót, án tillits til stærðar.

3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skul vera sem hér segir:

a) Fyrir skip í I. flokki. Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabilið skal vera frá 1. janúar til 31. maí.
b) Fyrir skip í II. og III. flokki:
1. svæði: Dyrhólaey — Reykjanes
1. janúar — 31. maí
2. svæði: Reykjanes — Öndverðarnes
1. janúar — 31. maí
3. svæði: Öndverðarnes — Bjargtangar
1. janúar — 31. maí
4. svæði: Bjargtangar — Sléttanes
1. febrúar — 31. maí
5. svæði: Sléttanes — Horn
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember

6. svæði: Horn — Siglunes
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
7. svæði: Siglunes — Langanes
1. marz — 30. nóvember
8. svæði: Langanes — Vattarnes
1. marz — 31. desember
9. svæði: Vattarnes — Hornafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember

c) Fyrir skip í IV. flokki:
1. svæði: Dyrhólaey — Hellissandur
1. janúar — 31. maí
2. svæði: Ólafsvík — Horn
1. apríl — 30. nóvember
3. svæði: Horn — Rifstangi
1. marz — 30. nóvember
4. svæði: Rifstangi — Langanes
15. maí — 15. október
5. svæði: Langanes — Digranes
15. maí — 30. september
6. svæði: Digranes — Kollumúli
1. júní — 15. október
7. svæði: Kollumúli — Glettinganes
1. júní — 15. september
8. svæði: Glettinganes — Gerpir
1. júní — 15. október
9. svæði: Gerpir — Hornafjörður
1. marz — 31. október

d) Fyrir skip í V. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes
1. febrúar — 15. júní
2. svæði: Reykjanes — Horn
1. febrúar — 15. júní
15. júní — 31. október
3. svæði: Horn — Langanes
15. febrúar — 15. júní
15. september — 15. nóvember
4. svæði: Langanes — Hornafjörður
1. febrúar — 1. júní

e) Fyrir skip í VI. flokki:
Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabil skal vera frá 1. júní til 30. nóvember, nema á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi frá 1. febrúar til 30. nóvember.

Reynslan virtist skjótlega skera úr um, að þetta fyrirkomulag, einkum það er snerti svæðaskiptinguna, væri ekki heppilegt og fullnægði ekki því ákvæði laganna, að á hverju veiðisvæði og í hverjum flokki skipa verða þær verstöðvar og þau skip, er líkust skilyrði hafa fyrir sama meðalveiðimagni. Reyndist m. a. þungt í vöfum að safna nægilega áreiðanlegum skýrslum af stórum svæðum, sem meta skyldi bótaskyldu eftir. Þá kom berlega í ljós, að fiskiskipastóllinn, einkum hin smærri fiskiskip, en einnig þau, sem stunduðu dagróðra með línu og netjum, voru yfirleitt staðbundin eða e. t. v. öllu heldur háð ákveðnum miðum í ríkari mæli en síðar varð. Gaf meðaltal stórra svæða af þessum sökum oft skakka mynd af aflabrögðum í ein-

stökum verstöðvum viðkomandi svæða. Stærðarflokkun skipanna var og þannig háttað, að flest stunduðu dagróðra frá sömu verstöðinni alla vertíðina (bótatímabil) og lönduðu yfirleitt með fáum undantekningum afla sínum í þeirri verstöð. Stærð þessi leyfði vart þá tegund úthalds, sem síðar varð algeng (útilegu, veiðar með nót o. þ. h.), og vikið verður að hér á eftir.

Skjótlega komu því fram ákveðnar óskir frá þeim, er hlut áttu að máli og hagsmuna höfðu að gæta, um endurskoðun reglugerðarinnar. Fór endurskoðun fram á árunum 1952—1953, og tók ný reglugerð gildi á árinu 1953. Er til glöggvunar birt 2. og 3. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og salta aflann um borð.
II. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með netjum og salta aflann um borð.
III. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og netjum og salta aflann um borð.
IV. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
V. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með netjum og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
VI. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og netjum og leggja aflann ísaðan á land hérlendis.
VII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.
VIII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með netjum.
IX. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu og netjum.
X. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.
XI. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með netjum.
XII. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu, netjum eða handfæri.
XIII. flokkur: Opnir vélbátar, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
XIV. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með botnvörpu.
XV. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með dragnót.

3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skulu vera sem hér segir:

a) Sjóðsstjórnin ákveður hverju sinni veiðisvæði og bótatímabil fyrir skip í I.—III. flokki.
b) Fyrir skip í IV., VI., VII., IX., og X. og XII. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar
10. janúar — 15. maí
2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
1. febrúar — 15. maí
3. svæði: Þorlákshöfn
15. janúar — 15. maí
4. svæði: Grindavík
1. janúar — 15. maí
5. svæði: Hafnir og Sandgerði
1. janúar — 15. maí
6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
1. janúar — 15. maí
7. svæði: Hafnarfjörður
1. janúar — 15. maí
8. svæði: Reykjavík
1. janúar — 15. maí
9. svæði: Akranes
1. janúar — 15. maí

10. svæði: Hellissandur, Rif og Ólafsvík
1. janúar — 15. maí
11. svæði: Grundarfjörður
1. janúar — 15. maí
12. svæði: Stykkishólmur
1. janúar — 15. maí
13. svæði: Flatey
1. janúar — 15. maí
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
1. febrúar — 31. maí
15. svæði: Arnarfjörður
1. janúar — 31. maí
16. svæði: Dýrafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
17. svæði: Önundarfjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
18. svæði: Súgandafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
19. svæði: Bolungarvík
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
20. svæði: Hnífsdalur, Ísafjarðarkaupst. og Álftafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
21. svæði: Steingrímsfjörður
1. janúar — 10. júní
1. október — 31. desember
22. svæði: Höfðakaupstaður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
23. svæði: Skagafjörður
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
24. svæði: Siglufjörður
1. janúar — 20. júní
1. október — 10. desember
25. svæði: Ólafsfjörður
1. febrúar — 20. júní
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd og Grenivík
1. febrúar — 20. júní
27. svæði: Akureyri
1. marz — 30 júní
28. svæði: Flatey og Húsavík
1. apríl — 15. desember
29. svæði: Raufarhöfn og Þórshöfn
1. júní — 15. nóvember
30. svæði: Vopnafjörður
1. júní — 15. september
31. svæði: Seyðisfjörður
1. maí — 31. október
32. svæði: Neskaupstaður
1. maí — 31. október

33. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður
15. apríl — 31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. febrúar — 31. maí
1. júní — 31. október
35. svæði: Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík
1. febrúar — 31. maí
1. júní — 31. október
36. svæði: Djúpivogur
1. janúar — 31. maí
1. júní — 31. október
37. svæði: Hornafjörður
1. janúar — 31. maí

c) Fyrir skip í V., VIII. og XI. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar
1. marz — 11. maí
2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
1. marz — 11. maí
3. svæði: Þorlákshöfn
1. marz — 11. maí
4. svæði: Grindavík
1. marz — 11. maí
5. svæði: Hafnir og Sandgerði
15. febrúar — 11. maí
6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. febrúar — 11. maí
7. svæði: Hafnarfjörður
15. febrúar — 11. maí
8. svæði: Reykjavík
15. febrúar — 11. maí
9. svæði: Akranes
15. febrúar — 11. maí

d) Fyrir skip í XIII. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar
15. febrúar — 15. september
3. svæði: Grindavík
1. maí — 30. september
4. svæði: Hafnir, Sandgerði og Garður
1. maí — 30. september
5. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. marz — 15. maí
6. svæði: Hafnarfjörður
15. maí — 30. september
7. svæði: Reykjavík
15. maí — 30. september
8. svæði: Akranes
15. maí — 15. ágúst
9. svæði: Hellissandur
1. janúar — 31. maí
1. október — 31. desember
12. svæði: Stykkishólmur
1. maí — 30. júní
1. september — 15. desember

14. svæði: Arnarfjörður
1. maí — 31. júlí
1. september — 30. nóvember
17. svæði: Súgandafjörður
1. maí — 31. október
18. svæði: Bolungarvík
1. maí — 31. ágúst
20. svæði: Ísafjarðarkaupstaður
1. maí — 15. október
21. svæði: Álftafjörður
15. maí —30. september
22. svæði: Steingrímsfjörður
1. maí — 30. júní
1. september — 30. nóvember
23. svæði: Höfðakaupstaður
15. maí — 15. desember
24. svæði: Sauðárkrókur
1. apríl — 31. desember
25. svæði: Hofsós
1. apríl — 31. desember
26. svæði: Siglufjörður
1. apríl — 31. október
27. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl — 31. október
28. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsstr. og Grenivík
1. apríl — 30. júní
1. ágúst — 30. nóvember
30. svæði: Húsavík
1. apríl — 15. nóvember
31. svæði: Raufarhöfn
15. maí — 15. október
32. svæði: Þórshöfn
15. maí — 15. október
33. svæði: Bakkafjörður
15. maí — 30. september
34. svæði: Vopnafjörður
1. júní — 15. október
35. svæði: Borgarfjörður
15. maí — 20. september
36. svæði: Seyðisfjörður
1. júní — 15. október
37. svæði: Mjóifjörður og Neskaupstaður
1. júní — 15. október
38. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður
15. apríl — 30. september
39. svæði: Vattarnes
1. maí — 30. september
40. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. maí — 15. nóvember
41. svæði: Stöðvarfjörður
1. marz — 31. október
42. svæði: Djúpivogur
1. marz — 31. október

e) Fyrir skip í XIV. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes
1. febrúar — 15. júní
2. svæði: Reykjanes — Horn
1. febrúar — 15. júní
15. júní — 31. október
3. svæði: Horn — Langanes
15. febrúar — 15. júní
15. september — 15. nóvember
4. svæði: Langanes — Hornafjörður
1. febrúar — 1. júní

f) Fyrir skip í XV. flokki:
Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabil skal vera frá 1. júní til 30. nóvember, nema á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi frá 1. febrúar til 30. nóvember.

g) Séu bátar gerðir út til fiskveiða frá einhverjum þeirra staða, sem ekki eru nefndir í þessari grein reglugerðarinnar, skal sjóðsstjórnin ákveða hverju sinni, til hvaða veiðisvæðis þeir bátar skuli teljast.

Eins og berlega kemur í ljós, þegar þessar tvær framangreindu reglugerðir eru bornar saman, eru meginbreytingarnar fólgnar í fjölgun stærðar- og veiðarfæraflokka báta, úr 6 í 15 rúml. og í verulegri fjölgun veiðisvæða. Einnig var bótatímabilum breytt og ný tekin upp.

Reglugerðin frá 1953 hélzt í öllum meginatriðum lítið breytt til ársins 1963. Þó var bætt við tveimur flokkum fyrir handfærabáta ásamt viðeigandi veiðisvæðum og bótatímabilum. Ýmsar tilfærslur voru og gerðar á þessu tímabili — mest á 3. gr. reglugerðarinnar. Var einkum um að ræða breytingar á bótatímabilum.

Í sambandi við endurskoðun og breytingu laganna um sjóðinn á árinu 1962, sem getið var um að framan, var einnig gefin út ný reglugerð nr. 94 18. júní 1963, sem enn er í gildi og hér verður að vísa til án þess að taka hana upp í skýringar þessar. Kemur í ljós, að enn hafa verið gerðar breytingar á stærðarflokkun svo og fjölgað veiðarfæraflokkum frá fyrri reglugerð.

Eins og greinilega kemur í ljós við samanburð á þessum þremur reglugerðum, einkum á 2. og 3. gr. þeirra allra, hefur rík tilhneiging verið í þá átt að fjölga veiðieða bótasvæðum, jafnvel svo að hver verstöð sé sjálfstætt svæði. Í þessu tilfelli er samt tekið nokkuð tillit til tegunda veiðarfæra. Þannig gildir þessi þróun almennt um þau veiðarfæri, sem kalla mætti föst, svo sem línu og net, en síður um þau, sem nefna mætti laus, svo sem botnvörpu, dragnót, nót og handfæri. Þó ber að geta þess, að opnir vélbátar eru álitnir staðbundnir, hvaða veiðarfæri sem þeir nota.

Enda þótt stærðarflokkun samkvæmt reglugerð hafi breytzt allmikið frá 1951—1953, var ástæðan til þess miklu fremur sú, að um réttlætismál þótti vera að ræða en að orðið hefðu verulegar breytingar á stærðarsamsetningu fiskiskipastólsins. Um tímabilið 1953—1963 gegndi aftur á móti öðru máli og stafaði breyting sú, er þá var gerð á stærðarflokkun samkvæmt reglugerð, einkum af hinni breyttu stærðarsamsetningu, sem hófst um og eftir 1959 og hefur verið mjög mikil síðan.

b) Reglugerðir síldveiðideildar.

Hin fyrsta reglugerð síldveiðideildar var sett hinn 26. október 1950. Fara hér á eftir fjórar fyrstu greinar þessarar reglugerðar:

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka einungis til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót á sumarvertíð.

2. gr.

Vertíð sumarsíldveiða skal talin frá 20. júní til 15. september, þó skal ekki skerða bótarétt þeirra skipa, sem hafa eigi styttri úthaldstíma en nemur meðalúthaldstíma skipa í sama flokki á vertíðinni.

3. gr.

Veiðisvæði sumarsíldveiða skal vera eitt fyrir allt landið.

4. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

I. fl. Herpinótaskip.

II. fl. Hringnótaskip.

Þessi reglugerð hélzt óbreytt allt til ársins 1958, að lögum sjóðsins var breytt 1962 eins og að framan getur. Í samræmi við lagabreytinguna var gerð tilsvarandi breyting á reglugerð síldveiðideildar, dags. 16. júlí 1958 sem hér segir.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót, hringnót og reknet.

2. gr.

3. grein orðist svo:

Veiðisvæði sumarsíldveiða skal vera eitt fyrir allt landið fyrir þau skip, sem veiða með herpinót eða hringnót. Veiðisvæði og bótatímabil fyrir síldveiðiskip, sem veiðar stunda með reknetjum, skulu vera sem hér segir:

1. svæði: Dyrhólaey að Horni
15. maí til 30. september
1. október til 22. desember

2. svæði: Norðurland (austan Horns)
15. júlí til 30. september.

3. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðiskipum á sumarsíldveiðum með herpinót eða hringnót skal skipt í flokka, sem hér segir:

I. fl. Herpinótaskip.

II. fl. Hringnótaskip.

Með fyrrgreindri reglugerð frá 1950, svo og breytingum frá 1958, var engin stærðarflokkun ákveðin. Hins vegar leiddi skipting í „herpinóta- og hringnótaskip" til nokkurrar stærðarskiptingar, því að lengi framan af voru hin stærri skip með „herpinót" og tvo báta, en hin minni skip með hringnót og einn bát.

Þess ber líka að minnast, að á árinu 1958 var síldveiðibátum skipt í flokka eftir því, hvort þeir voru búnir fiskileitartækjum eða ekki. Á næstu árum þar á eftir kom þessi flokkun hins vegar ekki til framkvæmda m. a. vegna þess, að fiskileitartæki voru sett í flest ef ekki öll skip. Einnig tók síldveiðin þá að glæðast, þannig að sjaldnar var um bótaskyldu að ræða.

Eins og að framan getur, hófst allmikil endurnýjun fiskiskipastólsins um þetta leyti. Bættust flotanum mörg ný skip og stærri en áður höfðu tíðkazt.

Jafnframt voru menn að komast upp á lag með að nota hringnótafyrirkomulagið á stærri skipum. Síðustu herpinótaskipin heltust úr lestinni eftir sumarsíldveiðarnar 1961. Var þá svo komið, að síldveiðiskip frá 50—250 brúttórúmlestir tilheyrðu hringnótaflokknum. Þar við bættist, að göngur síldarinnar tóku breytingum frá því sem áður var. Hætti síldin að ganga nær landi í nokkrum mæli, en hélt sig djúpt undan. Breyttust veiðimöguleikar bátanna allverulega, og urðu hinir smærri bátar afskiptir.

Um það leyti sem lagabreytingin kom til framkvæmda, var flokkun síldveiðiskipa eftir stærð orðin aðkallandi, enda var það tekið til greina, er ný reglugerð var samin í árslok 1962. Hins vegar voru breytingar allar á þróun síldveiða svo örar á þessum síðustu árum, að reglugerðin hefur tekið nokkrum breytingum frá því að hún var samin. Eru þær einkum fólgnar í nýjum bótatímabilum og veiðisvæðum. Virðist óþarfi að rekja þessa þróun hér. Hún mun flestum í fersku minni. Þó má geta haust- og vetrarsíldveiða austanlands með hringnót, sams konar veiða sunnanlands með hringnót og loks samdrætti og síðan niðurfellingu síldveiða með reknetjum.

Fer hluti núgildandi reglugerðar síldveiðideildar hér á eftir:

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til allra þeirra fiskiskipa, sem síldveiðar stunda með herpinót, hringnót, reknetjum eða botnvörpu.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

3. gr.

I. flokkur: Skip yfir 140 rúml., sem veiðar stunda með hringnót.
II. flokkur: Skip 90—140 rúml., sem veiðar stunda með hringnót.
III. flokkur: Skip undir 90 rúml., sem veiðar stunda með hringnót.
IV. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með herpinót.
V. flokkur: Skip yfir 100 rúml., sem veiðar stunda með reknetjum.
VI. flokkur: Skip undir 100 rúml., sem veiðar stunda með reknetjum.
VII. flokkur: Skip yfir 100 rúml., sem veiðar stunda með síldarvörpu.
VIII. flokkur: Skip undir 100 rúml., sem veiðar stunda með síldarvörpu.

Við skiptingu veiðiskipa í flokka skal farið hverju sinni eftir skipaskrá sjómannaalmanaksins.

4. gr.

Veiðisvæði skulu vera:
I. Fyrir Norður- og Austurlandi
15. júní — 31. ágúst
1. október — 31. desember
II. Fyrir Suðvesturlandi
1. janúar — 28. febrúar
1. júní — 31. ágúst
15. október — 31. desember

Aðrar greinar reglugerðanna eru efnislega eins og finna má í reglugerð hinnar almennu deildar bátaflotans.

C. Reglugerð hinnar almennu togaradeildar.

Um þessa reglugerð er óþarfi að fara mörgum orðum, enda skýrir hún sig að mestu sjálf. Fara fyrstu þrjár greinar reglugerðarinnar hér á eftir.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa togaraflotans, sem veiðar stunda með botnvörpu eða flotvörpu.

Reglugerðin tekur ekki til síldveiða.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:
I. fl. Skip yfir 750 rúmlestir.
II. fl. Skip 450—750 rúmlestir.

Við skiptingu veiðiskipa í stærðarflokka skal farið hverju sinni eftir skipaskrá sjómannaalmanaksins.

3. gr.

Veiðisvæði skal vera eitt. Bótatímabil skal vera eitt, miðað við 335 úthaldsdaga.

Aðrar greinar eru samhljóða reglugerðum hinnar almennu deildar bátaflotans og síldveiðideildar. Hér ber að gæta þess, að samkvæmt sérstakri heimild Alþingis hverju sinni hafa bætur til togaranna alltaf nema einu sinni verið reiknaðar á hvern úthaldsdag en ekki samkvæmt reglugerð.

c) *Framkvæmd laga og reglugerða.*

Eins og gefur að skilja verða seint settar algildar reglur um starfsemi stofnunar sem aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins. Til þess er atvinnuvegurinn, sem stofnunin á að þjóna, háður of mörgum breytilegum þáttum og er auk þess sífellt að þróast. Af þessu leiðir, að lög og sérstaklega reglugerðir hafa hlotið að taka allmiklum breytingum á þeim árum, er sjóðurinn hefur starfað. Hafa þessar breytingar og orsakir þeirra að nokkru verið raktar hér að framan.

Augljóst má líka vera, að í því tilfelli, er hér um ræðir, verða því ekki þær reglur settar með lagaboði, er spanna öll þau atriði og margvíslegu vandamál, sem sífellt hljóta að skapast í jafn fjölbreytilegum atvinnuvegi og fiskveiðum. Þetta mun löggjafanum hafa verið fullljóst, enda mun hann hafa ætlað lögum það aðalhlutverk að mynda umgerð eða vettvang þess starfs, er sjóðurinn á að inna af höndum og sem fólgið er í því að draga úr því, er miklar almennar sveiflur í aflabrögðum hafa í för með sér.

Lögin marka því — eins og áður segir — meginstefnuna og kveða á um höfuðreglur. Það gefur þess vegna auga leið, að þeir, sem stjórna málefnum sjóðsins, hljóta að verða að skýra og túlka ýmis mikilvæg lagaákvæði í framkvæmd, svo og að mynda reglur um þau afbrigðilegu mál og mál sérstaks eðlis, sem sífellt skjóta upp kollinum, og sem engar reglur settar í eitt skipti fyrir öll gætu með nokkru móti náð yfir.

Verða nokkur hinna helztu þessara atriða gerð að umræðuefni hér á eftir.

1. *Bótatímabil og skipting veiðiskipa og verstöðva í flokka.*

Þessum atriðum, sem um er fjallað í 4. gr. núgildandi laga um aflatryggingasjóð, hafa þegar verið gerð nokkur skil hér að framan. Þeim er það sameiginlegt, að breytingar, sem taldar eru nauðsynlegar, verður að miða við áramót eða a. m. k. vertíðarskipti. Ella er hætta á, að ýmis mismunun milli báta geti átt sér stað — t. d. ef þegar er búið að ljúka útreikningi fyrir ákveðna vertíð, er rökstuddar óskir koma um breytingar.

2. *Meðalveiðimagn.*

Í 4. gr. laganna um aflatryggingasjóð er sjóðsstjórninni uppálagt að setja meðalveiðimagn svokallað, sem útreikningar bóta til einstakra skipa miðist við. Er þetta gert árlega fyrir hverja vertíð og flesta flokka báta, og eru nauðsynlegir útreikningar mikið verk. Frá upphafi hefur meðalveiðimagn verið fundið með tveimur aðalaðferðum: Að taka að mestu leyti tillit til aflabragða og að hafa hliðsjón af kauptryggingu áhafna. Hið fyrrnefnda er algengasta aðferðin og gildir um alla báta og veiðarfæraflokka hvarvetna um land, nema báta, sem fiska með (borsk-, síldar-, loðnunót o. s. frv.). Um þá gildir að mestu síðarnefnda aðferðin. Verður nánar vikið að þeim hér á eftir.

Við ákvörðun meðalveiðimagns eftir fyrrgreindu aðferðinni er venjulega lagður til grundvallar meðalafli undanfarinna fimm ára. Þar sem því er ekki til að dreifa, sem stundum getur komið fyrir um einstaka stærðar- eða veiðarfæraflokka, er stuðzt við reynslu nærliggjandi svæða eða á annan hátt reynt að gera sér grein fyrir aflamöguleikum á viðkomandi svæði. Samkvæmt tillögum Fiskiþings, sem vitnað var í hér að framan, var sú regla upp tekin fyrir allmörgum árum að setja ákveðin efri mörk, sem meðalveiðimagn færi ekki upp fyrir, þó að aflamagn gæfi tilefni til.

Á sama hátt hefur meðalveiðimagn yfirleitt verið látið lækka hægar en aflabrögð ýmissa staða gáfu tilefni til og víða hefur meðalveiðimagni verið haldið óbreyttu á mörgum svæðum um allmörg ár, enda þótt aflabrögð hafi dregizt þar verulega saman. Hins vegar hefur aldrei verið sett hærra meðalveiðimagn en skýrslur um aflabrögð viðkomandi svæðis og flokks báta sýna, að unnt er að ná eða hefur náðst á því tímabili, sem skýrslur eru til um.

Við síðarnefndu aðferðina við útreikninga meðalveiðimagns, sem einkum hefur verið beitt við alla flokka báta, sem veiðar stunda með nót, er höfð hliðsjón af kauptryggingu sem fyrr segir. Afli nótaskipa hefur fram á síðustu ár jafnan verið háður meiri og skjótari sveiflum en svo, að tækt þætti að miða við meðalafla ákveðins árabils, auk þess sem munur á aflabrögðum einstakra skipa er jafnan langtum meiri en hjá skipum, er veiðar stunda með öðrum veiðarfærum. Sveiflur í aflabrögðum þessarar veiðiaðferðar eru enn áberandi, ekki sízt hjá hinum minni stærðarflokkum.

Töluverður eðlismunur er á veiðum með nót og veiðum með öðrum hefðbundnum veiðarfærum hér á landi. Í fyrra tilfellinu má segja, að aflinn sé svo til algjörlega háður kunnáttu skipstjórnarmanna á meðferð þess tækniútbúnaðar, sem nauðsynlegur er talinn. Í hinu síðara tilfelli er tækniútbúnaðurinn ekki eins margbrotinn, né virðist þörf jafnnákvæmrar þekkingar á því sviði. Þar er e. t. v. í ríkara mæli þörf annarra mikilvægra eiginleika sjómanna, svo sem þekkingar á fiskimiðum, göngum fisks o. fl.

Meðal almennra atriða, sem sjóðsstjórnin þarf sérstaklega að fjalla um og ekki eru til um nein reglugerðarákvæði, má einkum nefna tvö:

Í fyrsta lagi kemur oft fyrir, að skip leggi afla sinn á land á fleiri en einu bótasvæði á bótatímabilinu, þannig að vafi kann að leika á hvar því skuli skipað, ef til bótagreiðslna kemur. Hefur þetta farið allmjög í vöxt á undanförnum árum. Var sú venja upp tekin fyrir allmörgum árum að telja skip þau, er þannig er ástatt um, til þeirrar verstöðvar, þar sem mestum hluta afla þeirra er landað. Þetta fyrirkomulag hefur stundum sætt nokkurri gagnrýni. Finnst ýmsum, að fremur eigi að miða við þann tíma, sem skipið er gert út frá hverri verstöð. Ýmsar gildar, praktískar ástæður eru til þess, að miðað er við aflamagn.

Í öðru lagi ber oft við, að skip stunda veiðar með öðrum og fleiri veiðarfærum en reglugerðin gerir ráð fyrir á ákveðnu bótatímabili. Myndast þá nýir samsettir veiðarfæraflokkar. Eini samsetti veiðarfæraflokkurinn, sem núgildandi reglugerð gerir ráð fyrir er línu- og netjaflokkur. Þessir samsettu veiðarfæraflokkar geta verið margvíslegir t. d. net og nót, lína, net og nót, lína og handfæri o. s. frv. Fjölbreytni þessara samsetninga getur verið mikil, og er nær ómögulegt að gera ráð fyrir öllum möguleikum í reglugerð. Verður því að leitast við að leysa þennan vanda á annan hátt. Þar sem ekki er talið annað fært en að miða bótaútreikning og greiðslur sem næst við heil bótatímabil, er ekki hægt að miða við hvert veiðarfæraúthald um sig, enda oftast um mjög stutt tímabil að ræða, þegar margar tegundir veiðarfæra eru notaðar á einni og sömu vertíðinni. Sjóðsstjórnin hefur því reynt að sameina þessa mismunandi flokka innan hverrar vertíðar eftir beztu getu.

Og þar sem gert er ráð fyrir bótatímabilum og meðalveiðimagni fyrir hvern veiðarfæraflokk, er þar með auðveldað það starf að sameina veiðarfæraflokka og setja þeim meðalveiðimagn.

3. Reglur um bótaútreikning.

Samkvæmt 2. gr. laga sjóðsins er hlutverk hans að bæta aflahlut skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum. „Almennur aflabrestur“ telst vera samkv. 6. gr. laganna, „ef meðalafli í einhverjum flokki síldveiðideildar eða hinnar almennu deildar bátaflotans er minni en 75% eða í hinni almennu deild togaraflotans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni“, sem fjallað var um hér að framan. **Hér er sagt berum orðum, að ekki skuli greiddar bætur til einstakra skipa, jafnvel þótt þau hafi fiskað illa, ef meðalafli skipa í þeim flokki er fyrir ofan**

ákveðinn hundraðshluta ákvarðaðs meðalveiðimagns. Þetta er grundvallaratriði, sem oft er misskilið.

Í 4. gr. 1. tölul. er kveðið á um, að stundi skip ekki veiðar allt (bóta)tímabilið, skerðist bótaréttur við það hlutfallslega. Á sama hátt virðist rökrétt að bæta úthald, sem lengra er en bótatímabilið, ef ástæðan til þess er eðlileg. Hefur það og jafnan verið gert. Þá hefur og verið reynt að fylgjast með fjölda sjóferða og athuga hlutfallið milli þeirra og heildarúthaldstíma viðkomandi skips. Hefur sjóðsstjórnin með skírskotun til 12. gr. laganna talið sér heimilt og skylt að setja reglur um, hvað telja beri eðlilegan sjóferðafjölda hinna ýmsu flokka skipa. Er þá tekið tillit til ytri aðstæðna, svo sem gæfta, fjölda lagna í sjóferð o. fl. Á þetta að sjálfsögðu einkum við hina almennu deild bátaflotans. Í 12. gr. laganna um aflatryggingasjóð sbr. 10. gr. reglug. 94/1963 er sjóðsstjórninni gert að rannsaka sérstaklega, ef grunur leikur á um rangar skýrslur, óstjórn eða óreiðu í útgerð og haga aðgerðum sínum samkvæmt því.

Ekki eru nein sérstök ákvæði um stærð áhafnar í lögum sjóðsins eða reglugerð. Þar sem hins vegar meðal veiðimagn er miðað við eðlilega stærð áhafnar í hverjum flokki og jafnframt gengið út frá því, að þá sé um eðlilega, venjubundna veiðarfæranotkun að ræða (fjöldi netja í sjó, línulengd o. fl.), hefur sjóðsstjórnin ávallt haft hliðsjón af stærð áhafnar og skert bætur, ef um færri menn er að ræða en eðlilegt má teljast.

Frátafir skips vegna vélbilunar eða annars tjóns hafa ekki verið viðurkenndar við útreikning bóta — heldur aðeins tekið tillit til þess tíma, sem skipið hefur sannanlega verið að veiðum. Hér er um allviðkvæmt mál að ræða. Þó mun ekki of mikið fullyrt, þótt því sé haldið fram, að ótrúlegir erfiðleikar myndu vera á því að meta vélbilanir og annað tjón. Kemur bæði til greina mismunandi aldur skipa og véla, misjöfn umhirða, auk möguleika til misnotkunar, þar sem vilji til slíks kynni að vera fyrir hendi.

D. Skýrslusöfnun og trúnaðarmenn.

Undirstaða skýrslukerfis aflatryggingasjóðs eru skýrslur Fiskifélags Íslands. Er raunar vandséð, hvernig sjóðurinn kæmist af án þeirra, nema komið yrði á fót sjálfstæðu kerfi með tilheyrandi starfsliði, fyrirhöfn og öðrum kostnaði.

Fiskifélagið miðar skýrslusöfnun sína við þarfir hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja, sem þessarar þjónustu þurfa með, þ. m. t. aflatryggingasjóður.

Trúnaðarmenn Fiskifélagsins í hinum ýmsu verstöðvum eru jafnframt trúnaðarmenn aflatryggingasjóðs.

Á tuttugu ára starfstíma sjóðsins hefur allra bragða verið leitað til að flýta bótaákvörðunum og bótaútreikningi. Að áliti nefndarinnar hafa orðið miklar framfarir á því sviði, einkum frá árinu 1956 að telja, en þá voru gerðar gagngerar endurbætur á skýrslusöfnun og úrvinnslu frá Fiskifélaginu.

Þá hefur það verið venja nokkur undanfarin ár að reyna að greiða útvegsmönnum upp í væntanlegar bætur strax, þegar starfsmenn sjóðsins hafa sannfærzt um bótaskyldu. Hefur þetta fyrirkomulag auðveldað útvegsmönnum að standa við skuldbindingar sínar sbr. 13. gr. laganna.

IV. Fylgiskjöl.

Eins og áður er getið, ritaði nefndin mörgum aðilum bréf 11. janúar og 15. febrúar 1966, sem var ítrekað 17. nóvember 1966 og skýrði þeim frá því, að hún hefði hafizt handa um endurskoðun laganna um aflatryggingasjóð í samræmi við þingsályktunartill. frá árinu áður um það efni. Í bréfinu óskaði nefndin eftir tillögum og ábendingum þessara aðila um hugsanlegar breytingar á lögunum. Eins og skýrt er frá í greinarg. varð eftirtekjan harla rýr um fjölda svara, þótt oft væri eftir leitað munnlega. Bárust svör frá aðeins fjórum aðilum. Voru þau gaumgæfilega athuguð af nefndinni og tekið tillit til þeirra, eftir því sem efni stóðu til. Eigi þykir tilefni hér

til að gera grein fyrir ástæðum fyrir því, að sum atriði þótti ekki rétt að taka í lagafrumv. þetta, en sum þeirra gætu átt heima í reglugerð og enn önnur gætu orðið til hliðsjónar við framkvæmd gildandi laga og þeirra breytinga, sem hér eru gerðar till. um, ef að lögum verða. En að öðru leyti verður að skoða þau í ljósi gildandi laga og lagafrumvarpsins og skýringa með því. Bréf þessi fara hér á eftir:

ÚTVEGSMANNAFÉLAG EYJAFJARÐAR
OG NÁGRENNIS

Ódagsett.

Tillögur um breytingar á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Á fundi í Útvegsmannafélagi Eyjafjarðar og nágrennis hinn 19. febrúar s.l., var bréf yðar um breytingar á lögum aflatryggingasjóðs, dags. 5. febrúar s.l., tekið til umræðu.

Fundarmenn voru sammála um, að breytinga væri þörf á lögum sjóðsins og benda á tillögu um þetta mál, sem samþykkt var á Fjórðungsþingi fiskideilda í Norðlendingafjórðungi í nóvember s.l. svo hljóðandi:

A. Bætur úr sjóðnum, ef um aflabrest er að ræða, verði miðaðar við að fáist sem lágmark bætt það, sem á skortir, að náist full kauptrygging þeirra manna, sem við veiðarnar starfa, og tilsvarandi upphæð til útgerðarinnar, samkvæmt skiptakjörum.
B. Unnið verði að því, að sömu bætur við aflabresti verði um landið allt í sömu skipastærð.

Fundurinn telur, að sjóðurinn þurfi að hafa trúnaðarmenn út um land, a. m. k. einn í hverjum fjórðungi, til þess að fylgjast með aflabrögðum og útgerð báta svo og gefa útvegsmönnum upplýsingar og sjá um greiðslu bóta á sínum svæðum. Eðlilegast væri, að trúnaðarmenn Fiskifélags Íslands tækju að sér þessi störf.

F. h. Útvegsmannafélags Eyjafjarðar og nágrennis,

Bjarni Jóhannesson
(sign.).

Útvegsbændafélag Vestmannaeyja.

Vestmannaeyjum, 8. marz 1966.

Þér skrifið samtökum okkar bréf, dags. 5. febrúar 1966, þar sem þér óskið eftir athugasemdum og sjónarmiðum okkar Vestmannaeyinga um breytingar á lögum aflatryggingasjóðs, sem nú á að fara að vinna við.

Því miður eru lög þessi orðin að landslögum, sem þvinga útgerðarsvæði að vera í sjóðnum, hvort sem þau vilja vera eða ekki. Við myndum nú að fenginni reynslu samþykkja strax niðurfellingu á aflatryggingasjóði, þar sem við höfum í heild látið miklu meira fé í hann en við höfum úr honum fengið. Í stað þess fengju Vestmannaeyjar beint 1.4% af útflutningi sínum, sem lagt yrði hér heima í sjóð, er við sjálfir hefðum alla ákvörðun og umsjón með, til úthlutunar á bátaflota okkar.

Með hinum lélega útgerðargrundvelli, sem nú er, vegna lágs hráefnisverðs til útgerðar, og sívaxandi verðbólgu, sem allt gleypir, höfum við enga löngun til að gefa eða lána óafturkræft, okkur óþekktum og óviðkomandi bótasvæðum, fjárhæðir, sem skipta miljónum, eins og við höfum gert hin seinni ár hér í Eyjum. Væri ekki orðin þörf á að láta fara fram skoðanakönnun á bótasvæðum sjóðsins, um þetta atriði?

Þá mótmælum við og lýsum hreinni undrun okkar á, hvernig nefnd sú er skipuð, sem annast á umrædda endurskoðun á lögum aflatryggingasjóðs. 6 menn eru tilskipaðir að vinna mjög þýðingarmikið verk í þágu útgerðarinnar, sem þeim er að

helming nokkuð sama um og geta ekki talið sig neinu skipta, hvernig um afgreiðslu fer á, þar sem þetta er algerlega utan þeirra hagsmuna sem launþega, enda sér 13. gr. laganna, með smábreytingu, að á eftir 1. setning komi: „og ber stjórn sjóðsins þá að krefjast o. s. frv., þeirrar tryggingar". Þessi grein tryggði þá sjómönnum fulla greiðslu sinna launa, þó enginn fulltrúi væri frá sjómannasamtökunum, en þeir eru 3. 4. maður er svo frá F.Í.B., rígbundinn við þeirra sjónarmið, og hlýtur að vera miklum hæfileikum gæddur, ef tekið er tillit til, hvað miklu hann hefur áorkað fyrir F.Í.B. í sjóðsstjórninni, en einmitt þeir 2 aðiljar, sem nefndir hafa verið, eru líklegastir að þurfa samvinnu við til hagsbóta fyrir sína umbjóðendur.

L.Í.Ú.-maðurinn getur í sumum tilfellum orðið skiptur milli báta og togara, ef svo ber undir. Þannig eiga bátarnir, sem þó leggja margfaldan meiri hluta af fjármagninu til sjóðsins, aðeins 1½—2 menn, sem örugglega styðja sjónarmið þeirra í ágreiningsmálum.

Við lítum svo á, að sanngjarnt væri, að 1 sameiginlegur fulltrúi væri frá Sjómannasamtökunum, bæði í þessari nefnd og í sjóðsstjórninni, fiskimálastj. oddamaður eins og verið hefur, hinir stjórnarmeðlimirnir hljóta að eiga að vera frá Landsfjórðungunum 4, Reykjav. og Vestm., kosnir af útgerðarsamtökum bátadeildanna á hverju þessara svæða.

Þá teljum við, að reynslan sé búin að sanna það, að nú beri algjörlega að aðskilja F.Í.B. frá bátadeildunum, þar eiga engin samskipti að eiga sér stað meira, annað en að innheimta útistandandi skuldir við F.Í.B.

Frá upphafi hafa bátadeildirnar verið látnar lána F.Í.B. stórfé, sem í mörgum tilfellum hefur dregið úr bótum til bátanna, jafnframt því að sýna þeirra afkomu betri en hún raunveruleg hefur verið. Þetta hefur verið gert á móti vilja útgerðarmanna almennt á bátaflotanum, eins og oft hefur komið fram á L.Í.Ú.-þingum, en togarasjónarmiðin hafa ráðið í sjóðsstjórninni, illu heilli, í þessu máli og lánveitingar réttlættar með því, að á þeim væri ríkisábyrgð.

Verði eitthvert tillit tekið til þessara 2 höfuðsjónarmiða okkar, teljum við svo mikið hafa áunnizt, að aðrar breytingar, sem gerðar kunna að verða, séu hreinir smámunir miðað við þessar tvær. Þó viljum við lýsa andstöðu okkar við fyrri hluta tillögu Sjávarútvegsnefndar varðandi aflatryggingasjóð, a-lið, á nýlega afstöðnu Fiskiþingi, þingskjal nr. 23, þar segir: „Að bátar í sama stærðarfl. o. s. frv." Þetta er framsett til að draga enn meira af fé sjóðsins til dauðu svæðanna en verið hefur, en í sama hlutfalli minnkaði þá bótavon betri veiðisvæðanna.

Þá eiga bótatímabil að vera 2 yfir árið á öllum bolfiskveiðum, vetrarvertíð til 15. maí, sumar- og haustúthald út árið. Síldveiðar, stór skip, vetrarvertíð, sameiginleg notkun síldar-, fisks- og loðnunótar til 15. maí, síðan 1 bótatímabil út árið, minni síldarskip að 120 tonnum, sem aðeins stunda sumarveiðar, verði í sérbótaflokki.

Þá er ein breytingartillaga, sem við leggjum áherzlu á að fá inn í lögin. Í samningum um togveiðikjörin er kveðið á um, að á bátum 50—90 tonn skuli vera 9 menn á báti, (annars staðar 50—110 tonn, 8 menn). Þessari hámarkstölu hefur verið reiknað með til bóta. Nú höfum við reynslu fyrir því, að svona marga menn þarf alls ekki á þessa báta. Í hinni gífurlegu manneklu, sem er, fæst jafnvel alls ekki þessi samningstala, auk þess vilja áhafnir ekki vera fleiri en nauðsyn krefur, vegna þess að þá lækka kjörin hjá þeim. Vegna þessa höfum við Vestmannaeyingar verið nær eingöngu með 5—6 menn á þessum bátum.

Nú hefur sjóðsstjórnin á liðnum árum lækkað bæturnar til bátanna frá áður nefndri hámarkstölu, eftir því hve margir menn hafa verið á bát. Þetta er því óskiljanlegra sem það er staðreynd, að fáir menn eru miklu dýrari í skiptaprósentu en fleiri menn fyrir útgerðina, og ættu bæturnar því að fara hækkandi en ekki lækkandi með færri mönnum. Það er ákveðin skoðun okkar, að þessi bátastærð eigi að miðast við 6 manna áhöfn, og bætur við það miðaðar, sem þá myndi verða sú algengasta eins og er.

Þá er nauðsynleg breyting á niðurlagi 12. greinar, en þar segir: „Skip, sem stundað hafa veiðar ⅓ bótatímabils eða skemur, koma ekki til greina við bótaútreikning.“ Í beinu tilfelli er ekkert við þetta atriði að athuga, en þó geta orðið til útgerðartilfelli, sem óréttlátt er að láta heyra undir þennan lið laganna, t. d. byrjar togbátur 15. maí á fiskitrolli, er á því til miðs júní. (Hann gæti alveg eins verið með humartroll á sama tíma).

Þá skiptir hann yfir á hitt trollið, og er með það í mánuð og tuttugu daga. Nú hefur aflinn brugðizt þennan tíma, og þess vegna tekur þessi bátur aftur fiskitrollið og er með það út veiðitímann, jafnvel árið. Þetta hefur oft átt sér stað hér. Í heild er veiðitímabilið bótaskylt, en nú á samkv. lögunum að draga frá 1 mánuð til bóta.

Þessi veiðarfæri eru svo til alveg eins í öllum rekstri, báturinn var við veiðar allt bótatímabilið. Er ekki ranglátt að hegna útgerðinni í bótum fyrir það að hún gerði tilraun til að bæta rekstur bátsins með yfirskiptingunni? Eru þarna ekki of þröng sjónarmið, sem nauðsynlegt er að verði löguð?

Við höfum nú bent á það helzta, sem okkur finnst ábótavant við sjóðinn og lög hans, og teljum, að ef nefndin tekur ekki ábendingar okkar til greina, skaði hún sjóðinn stórlega með því. Þá koma vonandi önnur útvegsmannafélög, með það sem okkur hefur sézt yfir í endurskipulagningu aflatryggingasjóðs.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Útvegsbændafélags Vestmannaeyja,

Jóhann Pálsson,
(sign.).

LANDSSAMBAND ÍSL. ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 20. desember 1966.

Vísa til bréfa yðar frá 5. febrúar 1966 og 17. nóvember 1966, þar sem þér farið fram á, að vér greinum yður frá athugasemdum vorum og sjónarmiðum, varðandi breytingar á gildandi lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Vér viljum sérstaklega leggja áherzlu á, að vér teljum mjög nauðsynlegt, að útreikningum sjóðsins sé hraðað sem unnt er. Vildum vér leggja til, að athugað yrði gaumgæfilega, hvort nauðsynlegt sé, að beðið sé eftir aflaskýrslum frá einstökum útvegsmönnum, í stað þess að leggja til grundvallar þær skýrslur, er Fiskifélagi Íslands berast yfir landaðan afla í hverri verstöð, en þær skýrslur berast mun fyrr.

Á framangreindan hátt ættu að fást mun fyrr upplýsingar um það, hvort viðkomandi bátaflokkar séu bótaskyldir, en eins og að líkum lætur, er afar nauðsynlegt fyrir eigendur báta, sem aflað hafa það illa, að fá bæturnar sem fyrst greiddar, ef um þær er að ræða.

Bætur vegna s.l. tveggja vetrarvertíða hafa að stærstum hluta verið greiddar út í ágúst/september, og má sjá á því, hve afgreiðsla hefur gengið illa.

Eins og segir hér að framan, þá viljum vér leggja sérstaka áherzlu á, að afgreiðslu bóta verði hraðað sem mest.

Varðandi aðrar breytingar, þ. e. skiptingu bótasvæða o. þ. h., þá ætlum vér að stjórn sjóðsins og starfsmenn geti upplýst hverra breytinga sé þörf, þar eð kvörtunum varðandi það efni hefur væntanlega verið komið á framfæri við þessa aðila.

Vér viljum taka fram, að framangreint teljum vér eindreginn vilja Landssambandsins, svo og hinna einstöku útvegsmannafélaga, og þar sem samtökin tilnefndu fulltrúa af sinni hálfu til að endurskoða lögin um aflatryggingasjóð, þá væntum vér þess, að fulltrúi vor komi fram með þær breytingar aðrar, sem hann telur til bóta í sambandi við endurskoðun laganna.

Að lokum viljum vér geta eftirfarandi ályktunar, sem samþykkt var á nýafstöðnum aðalfundi vorum:

„Aðalfundur L.Í.Ú. 1966 samþykkir að kjósa 5 manna aðalnefnd og 2 til vara, er geri tillögur til breytinga á lögum eða reglugerð um aflatryggingasjóð bátaútvegsins. Þessi nefnd athugi sérstaklega um: Skjótari og einfaldari afgreiðslu bóta, skiptingu bótasvæða, útreikning á bótaskyldu og truflanir á úthaldstíma. Fundurinn treystir því að nefndin ljúki störfum fyrir 1. marz n.k. Kostnað vegna þessara nefndarstarfa telur fundurinn eðlilegt að samtökin greiði."

Á aðalfundinum voru valdir 5 menn í nefnd þá, sem getið er um í ályktuninni. Nefnd þessi er eigi búin að skila áliti, og getur það dregizt eitthvað. Teljum vér eigi ástæðu til þess að þér frestið endurskoðun laganna vegna þess, þar eð unnt verður að koma þeim úrbótum, sem nefndin kann að koma með, á framfæri á seinni stigum málsins.

Í trausti þess, að þér ljúkið störfum sem allra fyrst, og komið með raunhæfar breytingar, sem hafa í för með sér hraðari afgreiðslu á málum þeim, sem aflatryggingasjóð er ætlað að fjalla um.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sig. H. Egilsson,
(sign.).

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 1. marz 1967.

Sjómannasambandið viðurkennir að hafa móttekið heiðrað bréf aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins dags. 17. nóvember 1966, þar sem beðið er um athugasemdir eða sjónarmið Sjómannasambandsins um breytingar á lögum um aflatryggingasjóð og/eða framkvæmd laganna.

Eftir að sambandið hafði móttekið bréf dags. 11. janúar 1966, frá nefnd þeirri, er skipuð var 16. júlí 1965, til þess að annast endurskoðun á lögunum um aflatryggingasjóð, sendi það öllum sambandsfélögum sínum lögin eins og þau voru og eru, og óskaði tillagna þeirra um hugsanlegar breytingar á lögunum, ef uppi væru óskir um það.

Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um að sambandsfélögin létu eitthvað til sín heyra, varðandi þessi mál, hefur ekkert komið frá þeim.

Þar sem svo er, og einnig það, að í nefnd þeirri er á sínum tíma var falin endurskoðun á lögunum eru ágætir fulltrúar flestra þeirra aðila er lögin varða, vill stjórn Sjómannasambandsins fyrir sitt leyti, fela þeirri nefnd að taka nú þegar til starfa við verkefni það, sem henni var falið, í trausti þess, að það verði þann veg unnið, að allir viðkomandi megi vel við una.

Virðingarfyllst,

f. h. Sjómannasambands Íslands,

Jón Sigurðson,
(sign.).

Reykjavík, 12. desember 1969.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um námskostnaðarsjóð.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist námskostnaðarsjóður.

2. gr.

Hlutverk námskostnaðarsjóðs er að veita námsstyrki nemendum í skólum landsins, sem verða að dveljast fjarri heimilum sínum, meðan á námi stendur, enda njóti þeir ekki fjárhagsaðstoðar úr öðrum sjóðum eða fríðinda umfram aðra námsmenn.

3. gr.

Tekjur námskostnaðarsjóðs skulu vera:

1. Leggja skal gjald á allar vörur frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, svo og á hvers konar öl og gosdrykki. Skal gjaldið nema fimm af hundraði af söluverði nefndra vara. Ráðherra setur nánari reglur um álagningu gjaldsins og innheimtu þess.
2. Framlag ríkissjóðs, er nema skal kr. 150.00 á hvern íbúa landsins, samkvæmt síðasta manntali.

4. gr.

Námskostnaðarsjóður skal vera undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö mönnum kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann stjórnarinnar. Kostnaður af stjórn sjóðsins greiðist úr námskostnaðarsjóði.

5. gr.

Stjórn námskostnaðarsjóðs annast fjárreiður sjóðsins, úthlutar námsstyrkjum og aflar hvers konar gagna, sem með þarf vegna starfsemi hans. Skólastjórnum, sveitarstjórnum, aðstandendum skólanemenda og hverjum öðrum, er hlut eiga að máli, er skylt að láta stjórn sjóðsins í té hvers konar upplýsingar, er hún óskar og að því miða, að hún geti metið sem réttast námskostnað skólanemenda.

Stjórn námskostnaðarsjóðs sendir menntamálaráðuneytinu árlega skýrslu um fjárhag sjóðsins og úthlutun námsstyrkja.

6. gr.

Við úthlutun námsstyrkja skal fyrst og fremst meta, hversu miklu meiri námskostnaður þeirra nemenda er, sem dveljast fjarri heimilum sínum, en hinna, sem stunda námið heiman frá sér daglega.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Réttur æskufólks til menntunar er ótvíræður og á að vera jafn fyrir alla. Fjárhagsleg aðstaða nemenda til náms er þó svo misjöfn, að ýmsir þeirra eiga örðugt með að hagnýta sér þennan rétt.

Skólar verða ekki byggðir við hvers manns dyr, og verður því ekki hjá því komizt, að margir skólanemendur verða að hverfa að heiman til náms. Aðrir geta stundað nám í skóla daglega heiman frá sér. Þessi aðstöðumunur veldur því, að námskostnaður þeirra, er að heiman fara, verður miklum mun meiri en hinna. Mörg eru dæmi þess, að foreldrar hafa staðið frammi fyrir þeirri staðreynd, að um tvennt var að

velja: flytjast brott úr byggðarlagi sínu þangað, sem skólar eru fyrir hendi, eða verða að neita börnum sínum um skólagöngu. Er þó hvorugur kosturinn viðunandi.

Þjóðfélaginu ber skylda til að nema brott það misrétti, sem af þessum aðstöðumun stafar, og koma á sem jafnastri aðstöðu æskufólks til menntunar, hvar sem það er búsett á landinu. Verði það ekki gert, stefnir óðfluga í þá átt, að skólar verði aðallega fyrir þá, sem við skólaveggina búa.

Því miður liggja ekki fyrir upplýsingar um það, hversu mikill fjöldi skólanemenda verður að hverfa frá heimilum sínum til náms, eins og sakir standa. Þá eru ekki heldur handbærar upplýsingar um það, hversu miklum mun dýrara skólanám er þeim, er verða að dveljast fjarri heimilum sínum, en hinum, sem stunda námið í heimabyggð sinni.

Líklegt má telja, að fjöldi skólanemenda, er nám stunda nú fjarri heimilum sínum, sé um eða yfir 6 þúsund. Það er því augljóst mál, að eigi að veita þessum nemendum umtalsverða námsstyrki, verður að afla til þess allmikils fjár.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að afla námskostnaðarsjóði fjár á tvennan hátt: annars vegar með því að leggja gjald á nokkrar vörutegundir, er ekki geta talizt til nauðsynja, hins vegar með framlagi úr ríkissjóði, enda er vísir að slíku framlagi á fjárlögum þessa árs. Áætla má, að þessar tekjur sjóðsins geti numið um eða yfir 100 millj. kr. á ári, en fjarri fer því samt, að með þessu sé jafnaður að fullu fjárhagslegur aðstöðumunur skólanemenda. Mikilsverðum áfanga á þeirri leið væri þó náð.

Þetta vandamál æskufólks hefur mjög borið á góma að undanförnu, þ. á m. á Alþingi, í blöðum og á mannfundum. Er svo að heyra, að almennur vilji sé á því að leysa þennan vanda. Verður því að vænta þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir alþingismanna og verði efnislega í lög tekið á yfirstandandi Alþingi.

Nd. 16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumi.

Flm.: Magnús Kjartansson, Geir Gunnarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að mæla svo fyrir, að tafarlaust verði komið upp fullkomnum hreinsitækjum í álbræðslunni við Straumsvík til þess að takmarka mengun svo sem kostur er.

Greinargerð.

1. október s. l. birtist í dagblaðinu Tímanum greinargerð frá Ingólfi Davíðssyni grasafræðingi, þar sem hann skýrði frá athugunum sínum á gróðri í Hafnarfirði og í Straumsvík. Var greinargerðin á þessa leið:

„Síðari hluta ágúst fór undirritaður nokkrar ferðir til Hafnarfjarðar að skoða garða. Trjágróðurinn var óvenju vesæll að sjá, einkum reyniviðartegundir, en einnig birki, víðir, heggur, hlynur og jafnvel ribsrunnar. Laufið var víða með þornaða, sérkennilega rauðbrúna jaðra. Ungir heggsprotar voru sums staðar vanskapaðir, dökkir og kringvafðir í endann. Hlynblöð hvítrákótt. Börkur á nokkrum reynitrjám skorpinn og óvenju dökkur. Toppar víða þurrir og visnir, einkum á stórum reynitrjám, og sömuleiðis greinar ofan til á trjánum. Trén laufguðust seint í vor og sum felldu laufið í byrjun júlí, þótt þau virtust laufguð að eðlilegum hætti í fyrstu.

Ég skoðaði laufið og fann ekki í því neinar skemmdir af völdum sveppa, og til frekari fullvissu sendi ég nokkur sýnishorn utan til rannsóknar og fundust þar heldur ekki sveppir í laufinu, en allt benti til þess, að um einhvers konar sviðnun

væri að ræða, helzt loftborna. Samkvæmt efnagreiningu reyndust sýnishorn trjálaufs úr Hafnarfirði menguð af flúor. Við sumarbústað rétt hjá Straumsvík reyndist flúormengunin miklu meiri, bæði í laufi og grasi. Bendir það til, hvaðan hún er komin í hafnfirzku garðana. Lítur ekki vel út með trjárækt Hafnfirðinga, ef slíku fer fram til lengdar. Flúormengun gæti og hæglega borizt til Reykjavíkur frá Straumsvík, þó mistur þaðan leggi eðlilega oftar og meir yfir Hafnarfjörð. Hreinsitæki í verksmiðjunni virðist augljós nauðsyn."

Í viðtali við Þjóðviljann 3. okt. s. l. greindi Ingólfur Davíðsson frá því, að efnagreining, sem framkvæmd var í Rannsóknastofnun iðnaðarins á sýnishornum af hinu mengaða svæði, hefði leitt í ljós, að flúorinnihald í hlyni hafi verið 49 p. p. m. (P. p. m. merkir einn hluti af milljón eða 1 mg í 1 kg), í reyni 50 p. p. m. og í furu 19 p. p. m. Til samanburðar má geta þess, að venjulega hafa aðeins mælzt 5—10 p. p. m. í trjátegundum hér á landi.

Þessi frásögn Ingólfs Davíðssonar grasafræðings vakti mikla athygli. Hins vegar brá svo við, að iðnaðarráðuneytið og forstöðumaður Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Pétur Sigurjónsson, lögðu á það mikið kapp að reyna að gera rannsóknir og niðurstöður Ingólfs Davíðssonar tortryggilegar. Eru þau viðbrögð þeim mun furðulegri sem rannsóknir Ingólfs staðfesta aðeins það, sem áður var vitað. Álbræðslur eru engin nýlunda í veröldinni, og það er alkunna, að við slíka framleiðslu myndast úrgangsefni, sem spilla umhverfinu, og koma þar einkum til tjöruefni, brennisteinssambönd, áloxýðryk, krýólít, flúorvetni, kolsýra og kolsýringur. Flúorvetnið er talið hafa mest áhrif á umhverfið, og þau áhrif eru vel kunn. Þegar leyft var að koma upp álbræðslu í Straumsvík, var mönnum því vel ljóst, hvað af því mundi hljótast fyrir umhverfið, ef ekki yrði komið upp hreinsitækjum. Þetta var m. a. viðurkennt í frumvarpi til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, sem lagt var fram á 86. löggjafarþingi, 1965—66. Þar var á bls. 217—218 fjallað um mengun, og á síðari blaðsíðunni var sagt, að samkvæmt reynslu erlendis megi búast við því, að flúormagn í grasi og laufi verði 30—50 p. p. m. innan þriggja kílómetra fjarlægðar, en mengunin minnki síðan smátt og smátt með vaxandi fjarlægð. Niðurstöður þær, sem Ingólfur Davíðsson grasafræðingur hefur gert grein fyrir, eru innan þeirra marka, sem hér voru sögð fyrir; þær staðfesta aðeins þá reynslu, sem kunn var frá öðrum.

Mengun frá álbræðslum hefur leitt til þess, að í þjóðfélögum, þar sem þekking er á sæmilegu háu stigi, er talið óhjákvæmilegt að hafa fullkomin hreinsitæki í slíkum verksmiðjum. Álbræðslan í Straumsvík er algert einsdæmi að því leyti. Ástæðan til þess, að eigendur verksmiðjunnar hafa þverskallazt við að ástunda hreinlæti siðaðra manna, er sú, að hreinsitækin eru kostnaðarsöm og sömuleiðis rekstur þeirra. Voru það mikil mistök hjá íslenzkum stjórnarvöldum að láta undan þessum ábatasjónarmiðum Swiss Aluminium, þegar álbræðslan var leyfð. Úr þeim mistökum þarf að bæta án tafar. Er þess að vænta, að skilningur á þeirri nauðsyn aukist, þegar mengunin er ekki lengur fræðileg vitneskja, heldur veruleiki, sem birtist í útliti gróðurs og hefur óhjákvæmileg áhrif á menn og dýr.

Ed. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 39 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

1. málsgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal greiða ár hvert 2½% í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostn-

aði af framkvæmd laga þessara og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á Alþingi 1968, en náði þá eigi fram að ganga.

Með lögum frá 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, var gæzluvistarsjóði ákveðið árlegt framlag, 7½ millj. kr. af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins af áfengissölu. Þegar þessi ákvæði voru lögleidd, nam framlagið um það bil 2.3% af gjaldstofninum. Sjóðurinn fær enn 7½ millj. kr. á ári, þótt tekjur Áfengisverzlunarinnar hafi hækkað úr 320 millj. kr. í 730 millj. kr. á síðasta ári. Framlag til sjóðsins 1969 var aðeins tæpt 1% af tekjum Áfengisverzlunarinnar það ár fyrir selt áfengi. Þá hefðu 2.3%, sem Áfengisverzlunin lagði fram 1964, gert 16.8 millj. kr. til gæzluvistarsjóðs.

Efni frumvarps þessa er að breyta ákvæðum laganna í það horf, að framlag til gæzluvistarsjóðs verði eftirleiðis ákveðinn hundraðshluti af tekjum Áfengisverzlunarinnar. Miðað við áfengissölu á s. l. ári mundu hafa runnið til sjóðsins um 18.2 millj. kr., ef ákvæði þessa frumvarps hefðu þá gilt.

Augljóst er, að vaxandi verðbólga gerir gæzluvistarsjóði ókleift að valda þeim verkefnum, sem honum eru fengin, ef ekkert verður gert til að afla honum aukinna tekna. Nú er svo komið, að langmestur hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins gengur til að standa straum af rekstri drykkjumannaheimilisins að Akurhóli á Rangárvöllum.

Afleiðingin er sú, að ekkert fjármagn er aflögu til að sinna þeim höfuðviðfangsefnum, sem sjóðnum voru ætluð í upphafi, svo sem þeim að reisa sjúkrahús og sjúkradeildir fyrir drykkjusjúklinga, sbr. 4. gr. laganna, og bera þann aukakostnað, sem af starfsemi þeirrra leiðir, sbr. 9. gr.

Ekki þarf löngu máli að eyða til rökstuðnings þess, hversu mikilvægt það er, að þeir sjúklingar, sem hér um ræðir, geti fengið beztu aðhlynningu, sem völ er á, og eru þjóðfélagsverðmætin ómæld, sem hér eru í húfi, auk þess sem þau mannlegu bágindi, sem hugsanlega er unnt að afstýra, verða ekki í tölum talin.

Nýlega hefur borgarstjórn Reykjavíkur sent Alþingi bréf (dagbók 70 nr. 49), þar sem greint er frá ályktun, er þar var gerð hinn 17. f. m., þar sem samþykkt var að beina þeirri eindregnu áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar, að framlag til gæzluvistarsjóðs verði tvöfaldað á næsta ári, þannig að unnt verði þegar að hefja undirbúning að stofnun lokaðs hælis fyrir áfengissjúklinga. Jafnframt er í bréfinu frá því skýrt, að tillagan hafi verið samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum.

Það er vel, að almennur áhugi virðist vaknaður til úrbóta á umræddu þjóðfélagsmeini, sem áreiðanlega er víðar fyrir hendi en í Reykjavík.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að Alþingi eigi að sýna hug sinn til málsins með því að auka tekjur gæzluvistarsjóðs, svo sem hér er lagt til, og skapa á þann hátt skilyrði til raunhæfra aðgerða.

Það er skoðun flutningsmanna, að réttara sé og meira til frambúðar að ákveða framlag til sjóðsins hundraðshluta af tekjustofninum fremur en ákveðna fjárhæð, sem hætt er við að rýrni í verði, eftir því sem árin líða, svo sem reynsla hefur verið á undanförnum verðbólguárum.

Því er enn lagt til, að framlagið verði ákveðið 2½% þrátt fyrir þá samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur, sem áður var um getið.

Ed. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

2. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarness-, Borgarfjarðar- og Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
3. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
4. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
5. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
6. Múla- og Austfjarðaprófastsdæmi.
7. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessprófastsdæmi.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Kjörstjórn telur atkvæði og úrskurðar kosningar. Skal við talningu reikna fyrsta manni eitt atkvæði, öðrum manni ⅔ atkvæðis og þriðja manni ⅓ atkvæðis. Sá, sem flest hlýtur atkvæði, skal taka sæti á kirkjuþingi sem aðalmaður, en hinir vera fyrsti og annar varamaður eftir atkvæðamagni. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, sker hlutkesti úr. Kjörstjórn sendir kirkjuþingsmönnum kjörbréf og varamönnum skírteini um það, að þeir séu 1. og 2. varamaður í því kjördæmi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem lög um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, nr. 35 9. maí 1970, sem samþykkt voru í lok síðasta Alþingis, hafi í för með sér breytingar á skipun prófastsdæmanna, sem jafnframt eru kjördæmi í kosningum til kirkjuþings, samkvæmt lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957, en kosningar til kirkjuþings eiga að fara fram á þessu sumri, beri brýna nauðsyn til að gera breytingar á síðarnefndu lögunum, til samræmis við hina breyttu skipan, og jafnframt að gera lagfæringu á óhagkvæmu fyrirkomulagi á kjöri varamanna, samkvæmt tillögu kirkjuþings.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. málsgr. 2. greinar laga nr. 43 3. júní 1957, um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, orðist svo:

Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarness-, Borgarfjarðar- og Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
3. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
4. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
5. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
6. Múla- og Austfjarðaprófastsdæmi.
7. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessprófastsdæmi.

2. gr.

9. grein laganna orðist svo:

Kjörstjórn telur atkvæði og úrskurðar kosningar. Skal við talningu reikna fyrsta manni eitt atkvæði, öðrum manni ⅔ atkvæðis og þriðja manni ⅓ atkvæðis. Sá, sem flest hlýtur atkvæði, skal taka sæti á kirkjuþingi sem aðalmaður, en hinir vera fyrsti og annar varamaður eftir atkvæðamagni. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, sker hlutkesti úr. Kjörstjórn sendir kirkjuþingsmönnum kjörbréf og varamönnum skírteini um það, að þeir séu 1. og 2. varamaður í því kjördæmi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 9. júlí 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

Ed. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bondesen, Jens Erik Rosendal, Reykjavík, landbúnaðarverkamaður, f. í Danmörku 10. nóvember 1952. Fær réttinn 23. október 1971.
2. Hirche, Hedvig Bärbel, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 31. maí 1945.
3. Höfner, Zäzilla, húsmóðir á Seyðisfirði, f. í Austurríki 12. júlí 1943.
4. Hunger, Fritz Martin, tónlistarmaður, f. í Þýzkalandi 24. apríl 1939.
5. Jörgensen, Hans Christian, Reykjavík, verzlunarmaður, f. í Danmörku 23. apríl 1926.
6. Kennedy, Molly Moffatt McCarthy, Reykjavík, rithöfundur. f. í Bandaríkjunum 20. ágúst 1943.
7. Pitt, Davis Louis Catham, Reykjavík, verzlunarmaður, f. í Englandi 15. febrúar 1946.
8. Samara, Issa George, Reykjavík, iðnverkamaður, f. í Jersúsalem 1. maí 1941.
9. Sólheim, Einar, Neskaupstað, verkamaður, f. í Noregi 7. ágúst 1931.
10. Vasulka, Bohuslav, Reykjavík, kvikmyndatökumaður, f. í Tékkóslóvakíu 20. janúar 1937.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefnd beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 741 á 90. löggjafarþingi 27. apríl 1970.

Sþ. 20. Fyrirspurnir. [20. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um haf- og fiskirannsóknir o. fl.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvaða skipakost er fyrirhugað að hafa á næsta ári til haf- og fiskirannsókna, fiskileitar og veiðitilrauna?

II. Til menntamálaráðherra um Listasafn Íslands.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður framkvæmdum á þingsályktun frá 2. maí 1969 þess efnis, að sem fyrst verði teknar ákvarðanir um lóð handa Listasafni Íslands og hafinn undirbúningur að byggingum, jafnframt því sem ríkisstjórnin geri áætlanir og tillögur um nauðsynlega fjáröflun, til þess að framkvæmdir geti gengið sem greiðlegast?

III. Til ríkisstjórnarinnar um vöruflutninga innanlands.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvað hefur verið gert til þess að bæta aðstöðu Skipaútgerðar ríkisins til vöruafgreiðslu í Reykjavík?
2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að greiða fyrir hagkvæmum framflutningi innfluttrar vöru með strandferðaskipunum?
3. Eru nokkrar sérstakar ráðstafanir fyrirhugaðar til þess að stuðla að sem fyllstri nýtingu á flutningagetu nýju strandferðaskipanna, t. d. með samræmingu á hafnargjöldum og breytingu á farmgjöldum eða á annan hátt?

IV. Til menntamálaráðherra um endurskoðun fræðslulaganna.

Frá Einari Ágústssyni, Ingvari Gíslasyni og Sigurvin Einarssyni.

Hvenær verða lagðar fyrir Alþingi niðurstöður nefndar þeirrar, er að undanförnu hefur starfað að endurskoðun fræðslulaganna?

V. Til heilbrigðismálaráðherra um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst heilbrigðismálaráðherra gera til þess að ráða bót á þeim skorti hjúkrunarfólks, sem nú veldur því, að nýjar, fullbúnar sjúkradeildir geta ekki tekið til starfa?

VI. Til iðnaðarráðherra um aðstoð við Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði (Siglóverksmiðjuna) vegna hráefniskaupa.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hver hafa verið viðbrögð iðnaðarráðuneytisins við áskorun starfsfólks Siglóverksmiðjunnar um, að verksmiðjunni verði veitt fyrirgreiðsla til þess að kaupa hráefni til vinnslu?

VII. Til samgönguráðherra um endurskoðun og samræmingu gjaldskrár og gjaldsvæða Landssímans.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hvað líður endurskoðun og samræmingu á gjaldskrám og gjaldsvæðum Landssímans, t. d. að því er varðar Suðurnes sem sérstakt gjaldsvæði og gjaldskrá fyrir símtöl milli Reykjavíkur og Brúarlandssvæðisins?

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

H-liður 4. gr. laganna (Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.

2. gr.

a. Á eftir orðinu „nýmjólk“ í 2. tölul. 6. gr. laganna komi: smjör, ostur, skyr, kjöt og kjötvörur.
b. Á eftir 2. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:
   1. Kaffi, sykur og kornvörur.
   2. Olía.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi fluttum við, er þetta frv. flytjum, frv. um afnám söluskatts af mestu nauðsynjum. Það frv. náði ekki fram að ganga þá, heldur tóku stjórnvöld á málinu með þeim hætti að hækka söluskattinn úr 7.5% í 11%. Afleiðingar af þessari stjórnarráðstöfun hafa ekki látið standa á sér. Verðbólga vex nú í landinu með meiri hraða en oftast áður, verðbólga, sem ógnar efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar og hefur brennimerkt sér fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið

1971. Það er skoðun okkar flutningsmanna, að ef frv. okkar um afnám söluskatts af mestu nauðsynjum hefði náð fram að ganga á síðasta Alþingi, hefði ekki til þeirrar verðbólguþróunar þurft að koma, sem nú er staðreynd. Okkur er það einnig ljóst, að til þess að spornað verði gegn óðaverðbólgu, er leiða muni til glundroða í efnahagsmálum og atvinnuleysis, verður að gera raunhæfar aðgerðir. Boð og bönn nægja þar ekki, nema í skjóli þeirra séu raunhæfar aðgerðir gerðar.

Forustan í raunhæfri baráttu gegn verðbólgu verður að koma frá ríkisvaldinu. Þess vegna er frv. þetta flutt. Aðgerðir þess ná til allra þegna þjóðfélagsins, en þó fyrst og fremst til þeirra, sem ekki hafa tekjur nema til nauðþurfta. Það er gott upphaf að baráttu gegn verðbólgu í landinu. Á það er því reynt með flutningi þessa frv., hvort á Alþingi er fyrir hendi raunverulegur vilji til baráttu gegn verðbólgu eða eigi.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um stöðvun verkfalls stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenzkum farskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði fyrir 1. september 1970, kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenzkum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta í meginatriðum miða við eftirfarandi:

a. Kjarasamninga stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta, frá 22. maí 1969.
b. Launa- og kjarabreytingar, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í júní 1970.
c. Gildandi kjarasamninga sambærilegra starfshópa, sem vinna í landi.
d. Þau kjaraatriði, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli fulltrúa nefndra stétta og eigenda farskipa, skuli tekin til greina í úrskurði gerðardómsins.

3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna og Félags bryta, sem hófst 21. júní 1970.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem um ræðir í 3. gr., gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 22. maí 1969, að viðbættu 15% álagi á útborgað kaup, eins og það var 1. júní 1970 og fullum vísitölubótum, gilda þar til gerðardómur fellur.

5. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi gilda til 31. desember 1970, nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna og Félags bryta. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma.

Eftir 30. nóvember 1970 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig, með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1970 gildir úrskurður gerðardóms, meðan honum er ekki löglega sagt upp.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um lagafrumvarp þetta, sem lagt er fram samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenzkum farskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að verkfall hafi staðið yfir hjá félögum í Stýrimannafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Félagi íslenzkra loftskeytamanna og Félagi bryta, frá 21. þ. m. Hafi sáttatilraunir ekki borið árangur og engar horfur séu á lausn deilunnar í bráð. Verkfall þetta hafi valdið stöðvun farskipa landsmanna og margvíslegum truflunum og erfiðleikum og sé nú svo komið, að erfitt sé með geymslu frystra fiskafurða, því frystigeymslur séu að fyllast og aðkallandi að geta rýmt þar til með útflutningi afurðanna. Einnig sé þegar orðinn skortur á olíu og benzíni, svo og ýmsum hráefnum til iðnaðar og þannig fyrirsjáanleg alger stöðvun helztu atvinnugreina landsmanna.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði fyrir 1. september 1970, kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenzkum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta í meginatriðum miða við eftirfarandi:

a. Kjarasamninga stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta, frá 22. maí 1969.
b. Launa- og kjarabreytingar, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í júní 1970.
c. Gildandi kjarasamninga sambærilegra starfshópa, sem vinna í landi.
d. Þau kjaraatriði, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli fulltrúa nefndra stétta og eigenda farskipa, skuli tekin til greina í úrskurði gerðardómsins.

3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna og Félags bryta, sem hófst 21. júní 1970.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem um ræðir í 3. gr., gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 22. maí 1969, að viðbættu 15% álagi á útborgað kaup, eins og það var 1. júní 1970 og fullum vísitölubótum, gilda þar til gerðardómur fellur.

5. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Lög þessi gilda til 31. desember 1970, nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna og Félags bryta. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma.

Eftir 30. nóvember 1970 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig, með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1970 gildir úrskurður gerðardóms, meðan honum er ekki löglega sagt upp.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Nd. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. desember 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Á árunum 1972—1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 milljónir, kr. 10 milljónir hvert ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum nr. 89, 17. desember 1966. Hlutverk sjóðsins skyldi vera að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Mátti jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miðuðu að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefndu að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innanlands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki mátti m. a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Stofnframlag sjóðsins skyldi vera 50 m.kr. Af þeirri upphæð skyldu 20 m.kr. greiðast á árinu 1966 og vera ráðstafað að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar voru á árinu 1966. Eftirstöðvar, 30 m.kr., skyldu greiðast með árlegum 10 m.kr. greiðslum á árunum 1967 til 1969.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur nú starfað í 4 ár. Hefur stjórn sjóðsins leitazt við að einbeita starfsemi hans að fáum verkefnum, þar sem um er að ræða nýjungar í tækni og vinnubrögðum, er geta haft verulega aukningu framleiðni í för með sér. Hefur stjórn sjóðsins talið, að með þessu móti mætti búast við, að það takmarkaða fjármagn, sem sjóðurinn hefði yfir að ráða, gæti komið að verulegum notum. Einkum eru það þrjú verkefni, sem unnið hefur verið að á þessu tímabili:

1) Tankvæðing í sambandi við mjólkurflutninga.
2) Tæknibúnaður sláturhúsa í sambandi við nýjar vinnuaðferðir við slátrun.
3) Rannsóknir á bættri vinnutilhögun í gripahúsum.

Af hálfu sjóðsstjórnarinnar hefur verið aflað ítarlegra upplýsinga um þessi mál og álit fengið frá sérfróðum mönnum. Þá hefur, fyrir tilverknað stjórnar sjóðsins, farið fram sérstök athugun á endurnýjun og tæknibúnaði sláturhúsa og verið samin um þau mál ítarleg skýrsla ásamt tillögum um fyrsta áfanga um uppbyggingu sláturhúsa. Þessar tillögur eru nú í endurskoðun með tilliti til breyttra viðhorfa í efnahagsmálum.

Í samræmi við þau meginsjónarmið, sem hér hefur verið lýst og sjóðsstjórnin markaði í upphafi, hefur því fé, sem sjóðurinn hefur haft til umráða, verið varið til útlána og styrkveitinga fyrst og fremst í þeim þremur greinum, sem áður eru nefndar. Hefur þremur mjólkurbúum á Suð-Vesturlandi verið veitt lán til tankvæðingar, að upphæð samtals 7 900 þús. kr. Þá hefur sex sláturhúsum verið veitt lán eða fyrirheit um lán, að uppfylltum vissum skilyrðum, til endurbyggingar og tæknibúnaðar í sláturhúsum, að því tilskildu, að Stofnlánadeild landbúnaðarins veiti samhliða lán til framkvæmdanna. Enn fremur hefur einum aðila, er framleiðir tæknibúnað fyrir sláturhús, verið veitt lán. Samtals nema þessi lán á árunum 1967 til 1969 12 980 þús. kr.

Fjórum aðilum hafa verið veittir styrkir til rannsókna á vinnutilhögun í gripa- og mjólkurhúsum, samtals að upphæð 1 290 þús. kr. Meginhluti upphæðarinnar hefur gengið til Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, en allar eru þessar rannsóknir framkvæmdar undir eftirliti hennar.

Auk þessara þriggja meginverkefna hefur sjóðurinn veitt Búnaðarfélagi Íslands lán til byggingar djúpfrystistöðvar að upphæð 2 m.kr., og Ræktunarsambandi Austurlands lán að upphæð 2 m.kr., til fjárhagslegrar endurskipulagningar í sambandi við sameiningu ræktunarsambanda á Austurlandi í eitt samband.

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit yfir lánveitingar á árinu 1967—1969, sbr. fylgiskjal.

Eins og getið er um í upphafi var stofnfé sjóðsins ákveðið 50 m.kr. Af þessari upphæð var, í samræmi við ákvæði laganna, úthlutað 20 m.kr. í desember 1966, sem óafturkræfum styrk til mjólkurvinnslustöðva, samkvæmt tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Á árinu 1967 til 1969 hefur sjóðurinn fengið til umráða á hverju ári 10 m.kr. af fjárveitingum, eða alls 30 m.kr. Auk þess hefur sjóðurinn haft um 2.5 m.kr. tekjur af vöxtum. Hefur ráðstöfunarfénu verið varið til útlána og styrkveitinga, eins og þegar hefur verið lýst. Samtals nema útlánin um 25 m.kr., en styrkveitingarnar 1.3 m.kr. Alls hefur verið ráðstafað til útlána og styrkveitinga 26.2 m.kr. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins, þar með talinn kostnaður vegna sérstakra athugana, sem framkvæmdar hafa verið, hefur numið 500 þús. kr. á þessum þremur árum. Í árslok 1969 átti sjóðurinn bankainnistæðu að upphæð um 12 m.kr., en af henni hafði 6 m.kr. verið ráðstafað til útlána. Ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1970 mun því nema um 8 m.kr., þ. e. a. s. um 6 m.kr. sem nú er óráðstafað af fjárveitingum fyrri ára og um 2 m.kr. í vaxtatekjum og endurgreiðslu fyrri lána.

Mikilvægt verður að teljast, að sú starfsemi, sem hafin hefur verið á vegum sjóðsins, geti haldið áfram. Uppbygging og tæknivæðing sláturhúsanna er enn á frumstigi og þýðingarmikið er, að sú forusta, sem framleiðnisjóðurinn hefur veitt í þessu máli, geti haldizt og unnt sé að veita viðbótarlán til framkvæmda umfram venjuleg lán Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Árangur tankvæðingar hefur verið góður og ástæða er til að styðja áframhaldandi útbreiðslu hennar. Mikilvægt er, að framhald verði á þeim rannsóknum, sem hafnar hafa verið. Þá koma ný rannsóknarverkefni stöðugt á dagskrá. Miklu máli skiptir, að einhver aðili sé starfandi, er hafi þann sveigjanleika í starfsemi sinni, sem framleiðnisjóðurinn hefur, til þess að stuðla að könnun og eflingu mikilvægra nýjunga.

Starfsemi sjóðsins gat haldið áfram á árinu 1970, þar sem sjóðurinn hafði nokkuð fjármagn enn til ráðstöfunar. Til þess að frekara framhald geti þar á orðið, verður aukning stofnfjárframlags hins vegar að koma til. Í þessu frumvarpi er lagt til, að stofnfjárframlagið verði aukið um 50 m.kr., eða um 10 m.kr. á ári á næstu 5 árum. Með þessu móti gæti sjóðurinn haldið áfram starfsemi sinni, bæði að þeim verkefnum, sem hann hefur starfað að fram að þessu, og tekið að sér ný verkefni, eftir því sem ástæða gefst til.

Fylgiskjal.

Lán og styrkir Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 1967, 1968 og 1969.

	Þús. kr.
Heimilistankar	7 900
Tæknibúnaður sláturhúsa	12 980
Djúpfrystingarstöð	2 000
Endurskipulagning ræktunarsambanda	2 000
Rannsóknir á vinnutilhögun í gripa- og mjólkurhúsum (styrkir)	1 290
Alls	**26 170**

Ed. **24. Frumvarp til laga** [24. mál]

um breyting á lögum nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Álag á söluvörur landbúnaðarins:
1% árin 1971—1975
0.75% árin 1976—1980
0.50% árin 1981—1985
0.25% árin 1986—1990.

Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarsjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

1. og 2. málsliður 4. tölulíðs 4. gr. laganna orðist svo:

Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er skal nema sem svarar 0.75% til ársloka 1980, 0.50% árið 1981—1985, og 0.25% árin 1986—1990 af verði sömu afurða samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma. Við ákvörðun gjaldsins á vörum unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli, reiknast hinar síðarnefndu á grundvallarverði að viðbættum þeim hundraðshluta sem segir í 1. málslið þessa tölulíðs.

2. gr.

Á eftir 22. gr. laganna komi ný grein, er verður 23. gr., og breytist greinatalan í samræmi við það svo hljóðandi:

Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bænda á tímabilinu 1. janúar 1971 til 1. janúar 1986 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37.5% árlegra lífeyrisgreiðslna.

Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bænda framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöldum hans, enda á Stofnlánadeild landbúnaðarins rétt á lánum, er nemi 10% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið og gert til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð bænda, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Í frumvarpi að lögum um Lífeyrissjóð bænda er gert ráð fyrir að bændur greiði sjálfir í sjóðinn 4% iðgjald af tryggðum tekjum, en álagningargrundvöllur verði framleiðsluverðmæti búsins. Samkvæmt lögum nr. 38/1945 greiða bændur búnaðarsjóðsgjald 1% af brúttóframleiðsluverðmæti landbúnaðarvara og 1% stofnlánasjóðsgjald af sama stofni. Hér er um slíka gjaldabyrði að ræða, að vegna framangreindrar iðgjaldagreiðslu ber nauðsyn til að afnema stofnlánasjóðsgjaldið í áföngum fram til ársins 1990. Til samræmis við þessa tillögu er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar lækki hlutfallslega, svo og gjald af söluverði landbúnaðarins samkvæmt 4. tölulið 4. gr. laganna.

Með lífeyrissjóðsfrumvarpinu er gert ráð fyrir, að Stofnlánadeildin greiði um 15 ára skeið 37.5% lífeyris þess, sem greiddur verður öldruðum bændum á tímabil-

inu 1. jan. 1971 til 1. jan. 1986, og auk þess er henni ætlað að taka bakábyrgð á greiðslum sjóðsins um lengri tíma skv. 6. gr. þess frumvarps. En í staðinn er gert ráð fyrir, að deildin fái 10% af árlegum tekjum lífeyrissjóðsins að láni, svo að útlánamöguleikar hennar skerðist ekki. En auk þess mundi fé lífeyrissjóðsins verða ávaxtað að mestu í Búnaðarbanka Íslands og mundi hann þá líka geta hlaupið frekar undir bagga með stofnlánadeildinni með lánveitingum til hennar, ef deildina skortir fé til útlána.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um sérstakan útreikning framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig.

Flm.: Karl Guðjónsson, Bragi Sigurjónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Kauplagsnefnd og Hagstofuna að reikna út og birta framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig miðað við verðlag og þjónustu eins og það er á hverjum tíma.

Reglur um vísitölureikning þennan skulu vera hinar sömu og Kauplagsnefnd og Hagstofan nota við gildandi útreikning framfærsluvísitölu hverju sinni að öllu því leyti, sem við getur átt eða nefndir aðilar telja eðlilegan á hverjum tíma, en að auki meti þeir til hækkunar eða lækkunar þau framfærsluatriði, sem þeir telja sérstæð fyrir viðkomandi kaupstað.

Verði kaupsamningar gerðir með viðmiðun við þessar staðarvísitölur, skal einnig birta kaupgjaldsvísitölur staðanna eftir sömu reglum og tíðkast um hina almennu kaupgjaldsvísitölu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en fékkst þá ekki afgreidd. Hún er hér endurflutt af sömu flm. og með sömu greinargerð.

Almennir kaupgjaldssamningar eru yfirleitt miðaðir við fast grunnkaup og síðan bætt ofan á dýrtíðaruppbót, sem framfærsluvísitalan er grundvöllur að. Það hefur svo verið mismunandi á hinum ýmsu tímum, hvort allar breytingar framfærsluvísitölunnar hafa komið fram í kaupgjaldinu eða aðeins hluti þeirra. Þetta hefur líka stundum verið og er nú breytilegt eftir hæð grunnlaunanna.

Engu þessu er ætlunin að breyta með tillögu þessari. Eftir sem áður verður það samningsatriði, hver áhrif framfærslukostnaðurinn á að hafa á kaupupphæðina. Hitt er augljóst, að þegar samið er um kaupbreytingar eftir framfærslukostnaði, þurfa samningsaðilar að vita, hver sá kostnaður er og hvernig hann breytist.

Samningsréttur um kaup og kjör verkafólks, sjómanna, iðnaðarmanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar er hjá stéttarfélögum þessara aðila á hverjum stað fyrir sig, og samningar milli þeirra ættu samkvæmt því að fara fram heima í héraði, þótt þróun hafi á síðustu árum orðið sú, að oftast fara samningar fram í Reykjavík, gagnstætt því, sem til var ætlast í öndverðu. Ýmsir telja þó, að þetta sé ekki óeðlilegt, og margir, að það sé óhjákvæmilegt.

En að því er verðlagsuppbætur á kaup varðar, er þá auðvitað alger nauðsyn, að sá hópur, sem semur fyrir hönd Vestmanneyinga, Seyðfirðinga, Akureyringa, Ísfirðinga, svo að einhver dæmi séu nefnd, hafi eitthvað annað og nákvæmara að styðjast við en framfærslukostnað Reykvíkinga, sem allir vita að ekki er sambærilegur við framfærslukostnaðinn á stöðum, sem verr liggja við aðdráttum, eins og flutningum er háttað.

Auk mismunarins á hinu almenna vöruverði, sem að sjálfsögðu hlýtur að vera meginþáttur framfærslukostnaðarins, er aðstöðumunurinn við nútíma þjóðfélags-

hætti orðinn mjög mikill og varðar beinum og ósmáum fjármunum fyrir svo til hvern einstakling. Gert er ráð fyrir því í þessari tillögu, að þetta sé metið og tekið inn í vísitölu hvers staðar, svo sem við verður komið. Sem dæmi má nefna: Læknisþjónusta má heita að orðin sé ófullnægjandi víðast hvar utan höfuðborgarsvæðisins, og knýr það margan manninn til kostnaðarsamra ferða heiman frá sér. Skólakerfið er að mestu uppbyggt í höfuðborginni, að því er til æðri skóla tekur, og kallar til sín fjölda fólks til lengri og skemmri dvalar. Ráðstefnur af mörgum gerðum og samningsgerðir stéttarfélaga kalla á fjölda fólks. Það yrði langt mál að telja allt það, sem rekur fólk í ferðir frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar, og er óþarft að gera það hér. — En af því fáa, sem hér er nefnt, má glöggt sjá, að á stöðum, sem liggja utan höfuðborgarsvæðisins, er ástæða til að telja fargjöld að og frá höfuðborginni, til almenns framfærslukostnaðar.

Af sérstöðu einstakra kaupstaða er vert að nefna, að Vestmannaeyjar búa í sambandsleysi við þjóðvegakerfið. Þurfa íbúar þar því auðvitað að flytja bifreiðar sínar inn á þjóðvegakerfið öðru hverju og gera það, þrátt fyrir kostnað, sem raunar virðist með öllu hóflaus. Flutningskostnaður bifreiða að og frá þjóðvegakerfinu ætti því að fást reiknaður inn í framfærslukostnað byggðarlagsins.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir kaupstöðum landsins sem útreikningssvæðum vísitölu. Kaupsamningar eru að vísu gerðir á ýmsum svæðum utan þeirra. En ætla má, að það sé víðast verðlag á vörum og þjónustu í næsta kaupstað, svo og aðstaðan þar, sem við megi miða á þeim svæðum, svo að skapleg mynd fáist af framfærslukostnaði á samningssvæðinu.

Ætla má, að þegar þær framfærsluvísitölur kaupstaðanna, sem hér er gert ráð fyrir, eru þekktar, verði þær notaðar sem viðmiðun í kaupsamningum, á svipaðan hátt og nú er um þá allsherjarframfærsluvísitölu, sem út er reiknuð.

Þegar svo væri komið, að hinar nýju vísitölur væru orðnar ákvarðandi fyrir kaupgreiðslur, er hér að sjálfsögðu lagt til, að kaupgjaldsvísitölur þær, sem samningar gera ráð fyrir, verði birtar af opinberri hálfu með sama hætti og nú er gert um gildandi kaupgjaldsvísitölu.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um ráðstafanir til varnar gegn mengun.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um ráðstafanir til varnar gegn skaðlegri mengun í lofti og vatni.

Greinargerð.

Mengun í lofti og vatni er orðið eitt mesta vandamál í þéttbýlum og iðnvæddum löndum. Eitrun lofts og vatns er orðið alvarlegt böl hjá iðnaðarþjóðum. Andrúmsloft sumra stórborga er orðið svo mengað, að til vandræða horfir. Fiskur drepst víða í ám og vötnum vegna mengunar. Særinn við strendur landa er sums staðar orðinn hættulega mengaður. Kunnáttumenn spá því, að í sumum stórborgum verði orðið nær ólíft eftir nokkur ár, ef svo heldur fram sem nú horfir. Þessi sívaxandi mengunarhætta er að verða einn mesti ógnvaldur mannkynsins.

Þetta böl hefur enn að mestu leyti sneitt hér hjá garði. Þó hefur þegar orðið vart nokkurrar mengunar hér. Það eru þó smámunir hjá því, sem annars staðar er. Enn er loftið hér hreint og tært, landið tiltölulega hreint og vötn og sjór að mestu laus við mengun. En hættan er hér augljós og vaxandi, eftir því sem verksmiðjum fjölgar og

iðnvæðing færist í aukana. Hér þarf því að vera vel á verði og gera í tæka tíð viðeigandi varnarráðstafanir. Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Við megum ekki glata þeim auði, sem við eigum í óspilltri náttúru. Við megum ekki láta mengun spilla lífinu í sjónum við strendur landsins. Við megum ekki láta spilla hinu hreina andrúmslofti. Við megum ekki láta óhreinindi og mengun eyðileggja hinar dýrmætu ár okkar og fiskivötn. Hér má ekki sofa á verðinum. Það þarf þegar að rannsaka, hvernig ástatt er. Það þarf að athuga löggjöf alla, sem að þessu lýtur. Og það þarf að hefjast handa um setningu nauðsynlegrar löggjafar um viðeigandi varnarráðstafanir. Þeirri löggjöf þarf síðan að fylgja fram án allra undanbragða. Það þarf að vekja menn til skilnings á þeirri miklu og vaxandi hættu, sem hér er á ferð. Og það þarf að hefja nauðsynlegar aðgerðir, áður en það er um seinan.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta Alþingi, en náði eigi afgreiðslu. Er hún því endurflutt.

Nánar í framsögu.

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um athugun á framkvæmd skoðanakannana.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar, að kosin skuli 5 manna nefnd að viðhafðri hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, er framkvæmi athugun á því, hvernig skoðanakannanir verði bezt framkvæmdar með tilliti til þess, að niðurstaða þeirra leiði í ljós sem bezt má verða vilja þess hóps, er skoðanakönnunin tekur til. Skal hlutverk nefndarinnar vera tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa út leiðbeiningar um það, hvaða grundvallarreglum beri að fylgja við framkvæmd skoðanakannana, þannig að þær gefi sem réttasta mynd af því, hvaða skoðun sé ríkjandi meðal þess hóps, er könnunin nær til. Í öðru lagi skal nefndin athuga, hvort grundvöllur mundi vera fyrir því, að komið yrði á fót stofnun, er gegndi því hlutverki að framkvæma skoðanakannanir á hlutlausan hátt, annaðhvort að eigin frumkvæði eða fyrir aðra, er til stofnunarinnar kynnu að leita.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi flutti ég till. til þál. um athugun á framkvæmd skoðanakannana með svo hljóðandi greinargerð:

„Áhugi á skoðanakönnunum virðist hafa verið vaxandi hér á landi undanfarin ár og töluvert kveðið að því, að slíkar kannanir hafi verið framkvæmdar, bæði á vegum einstakra blaða og tímarita svo og félagasamtaka. Ber það auðvitað sízt að lasta, að þannig sé leitazt við að kynna sér á þrengri eða breiðari grundvelli, hverjar séu skoðanir almennings á því, hvernig ákveðnum málefnum skuli ráðið til lykta, svo að í samræmi sé við vilja meiri hluta þeirra, er ákvarðanir þessar snerta. En mörg vandamál koma fram í sambandi við framkvæmd slíkra skoðanakannana, ef til þess er ætlazt, að þær gefi sem réttasta mynd af vilja þess hóps, sem þeim er ætlað að ná til. Þessari hlið málsins virðist til þessa hafa verið lítill gaumur gefinn, og hygg ég það ekki ofmælt, að undantekning sé, ef skoðanakannanir eru framkvæmdar þannig, að virtar séu þær reglur, sem hlýða þykir að fylgt sé, ef mark eigi að vera takandi á niðurstöðum þeirra í þeim skilningi, að slíkar niðurstöður túlki vilja meiri hlutans. Mun þetta þó í miklu fleiri tilvikum stafa af ókunnugleika hjá þeim, sem að skoðanakönnunum standa, heldur en vilja á því að misnota þær.

Erlendis hefur það um alllangt skeið verið sérstakt vísindalegt rannsóknarefni, hvernig skoðanakannanir megi framkvæma þannig, að niðurstöður þeirra gefi sem réttasta mynd af viðhorfum þess hóps, er þær ná til, og hefur þar, sem kunnugt er, verið komið á fót sérstökum stofnunum, er slíkum viðfangsefnum sinna.

Ég lít svo á, að skoðanakannanir geti átt mikilvægu hlutverki að gegna hér á landi sem annars staðar. En til þess að svo megi verða, þarf framkvæmd þeirra að vera í samræmi við almennt viðurkenndar reglur í þessum efnum, annars er hætta á grófri misnotkun þeirra, sem fyrr eða síðar leiðir til þess, að ekkert mark verður á þeim tekið. Allir þeir flokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, tjá sig fylgjandi lýðræðislegum stjórnarháttum, og lít ég því svo á, að Alþingi eigi forustuhlutverki að gegna í þessu efni.

Ekki er svo að skilja, að ég telji rétt, að Alþingi gefi út fyrirskipanir um það af neinu tagi til blaða, tímarita, félagasamtaka eða annarra aðila, sem skoðanakannanir vilja framkvæma, á hvern hátt þeim skuli haga. Hlutverk nefndar þeirrar, er hér er lagt til að skipuð verði, yrði einvörðungu það að hrinda af stað leiðbeininga- og upplýsingastarfsemi, sem hverjum þeirra aðila, er óskar að framkvæma skoðanakannanir, væri frjálst að nota sér eða nota sér ekki.

Sem sýnishorn af þeim viðfangsefnum, sem ég teldi eðlilegt, að nefndin fjallaði um, má í fyrsta lagi nefna það að gefa leiðbeiningar um grundvallarreglur, sem fylgja ber við framkvæmd skoðanakannana. Má þar nefna eftirfarandi: 1) Spurningar þær, sem beint er til þátttakenda í skoðanakönnuninni, séu hlutlaust orðaðar, þannig að í þeim felist ekki dulbúinn áróður í þágu ákveðinnar niðurstöðu. 2) Ef ekki þykir framkvæmanlegt eða æskilegt, að könnunin nái til allra einstaklinga í hópnum, þá sé það úrtak, sem valið er, nægilega stórt og að öðru leyti þannig valið, að ætla megi, að sú niðurstaða, sem þannig fæst, gefi rétta mynd af skoðunum alls hópsins. 3) Reynt sé að torvelda sem mest og helzt fyrirbyggja, að baktjaldaáróður í þágu ákveðinnar niðurstöðu verði hafður í frammi. Ef slíkt á sér stað, er hætt við, að niðurstaðan gefi ekki rétta mynd af hinni raunverulegu skoðun meiri hlutans, auk þess sem aðstaðan til slíks áróðurs er venjulega ójöfn, og getur niðurstaðan jafnvel oltið á því, hverjir geti lagt mesta fjármuni af mörkum til slíkrar áróðursstarfsemi.

Þá er það og sérstakt vandamál í sambandi við framkvæmd skoðanakannana, hvernig fá megi niðurstöðu, er hægt sé að túlka sem vilja meiri hlutans, ef um fleiri kosti en tvo er að velja eða raða á niður fleiri valkostum. Lausnin er einföld, ef um aðeins tvo kosti er að velja, eða þótt um fleiri kosti sé að velja, ef hægt er að þrengja valið svo, að aðeins sé að lokum valið um tvo kosti, eins og t. d. þegar kjósa á mann í tiltekna trúnaðarstöðu, svo sem til formennsku í félagasamtökum. Þetta verður flóknara, þegar margir kostir koma til greina, t. d. fleiri en tvær leiðir til lausnar tiltekins vandamáls, eða ef kjósa á í einu marga menn í stjórn félagasamtaka. Hafa þungvæg rök verið borin fram fyrir því, að í slíkum tilvikum sé ekki hægt að komast að neinni niðurstöðu, er túlkuð verði sem vilji meiri hlutans. En þetta er eitt þeirra viðfangsefna, sem ræða þarf málefnalega og kryfja til mergjar, ef setja á skynsamlegar reglur um framkvæmd skoðanakannana."

Tillaga þessi er nú endurflutt með breytingu, sem meiri hl. allshn. Sþ. (6 af 7 nm.) lagði til að gerð yrði á henni, áður en hún yrði samþykkt. Mun áhugi á skoðanakönnunum vera sízt minni nú en þá var. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur síðustu mánuði staðið mikill styrr um ákveðna tegund skoðanakannana, eða prófkjör fyrir val frambjóðenda til sveitarstjórna- og alþingiskosninga. Auðvitað er það hinna einstöku flokka að ákveða, hvort slík prófkjör skuli viðhafa og á hvern hátt. Fyrirmynd þessa fyrirkomulags er bandarísk, eins og kunnugt er, en þar þykir hlýða, að rekin sé öflug áróðursstarfsemi fyrir prófkjör, þannig að enginn getur vænzt árangurs af þátttöku í þeim, nema sá hinn sami og stuðningsmenn hans leggi mikla fjármuni í kosningabaráttu. Innan sumra stjórnmálaflokkanna eða a. m. k. einstakra kjördæmaráða þeirra virðist sú skoðun hafa orðið ofan á, að slíkum leik-

reglum, sem brjóta mjög í bága við reglur skoðanakannana, beri að fylgja. Er í sjálfu sér ekkert við því að segja. En séu menn þeirrar skoðunar, að réttara sé í því efni að fylgja almennum leikreglum skoðanakannana, þannig að reynt sé að fyrirbyggja það, að fjármagn, sem lagt er í áróðursstarfsemi, hafi í þessu efni úrslitaáhrif, þá gætu niðurstöður þeirrar athugunar, sem hér er lagt til að gerð verði, komið að miklu gagni.

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um strandferðir.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Eysteinn Jónsson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta gera áætlanir um smíði og rekstur strandferðaskips til farþegaflutninga.

Greinargerð.

Í þann mund sem Skipaútgerð ríkisins hafði byggt upp skipastól sinn með sex ágætum skipum varð breyting í farþegaflutningum hér á landi, er flugið ruddi sér til rúms með undraskjótum hætti.

Farþegaskipin, Esja og Hekla, voru jafnframt vöruflutningaskip, sem stundum töfðu dægurlangt í sömu höfn við lestun og losun. Þau hentuðu því ekki vel sem farþegaskip við gerbreyttar aðstæður.

Engu að síður veittu þessi skip, á meðan þeirra naut við, íbúum fjarðanna eystra og vestra mikilvæga farþegaþjónustu og öryggi, einkum á vetrum, þegar aðrar samgöngur eru örðugastar. Og með þessum skipum voru að sumarlagi byggðar upp hringferðir fyrir farþega, innlenda og erlenda.

Með sölu Esju og Heklu má telja, að farþegaflutningar á sjó á lengri leiðum séu niður lagðir. Hefur meginþungi fólksflutninga á langleiðum innanlands færzt yfir á flugið. Ýmsir telja, að þar með séu fólksflutningar á sjó orðnir úreltir og eigi að hverfa úr sögunni. Flutningsmenn þessarar tillögu eru á annarri skoðun.

Þarfir nútímaþjóðfélags fyrir góðar og greiðar samgöngur eru margvíslegar. Að því er fólksflutninga varðar, þá eru verkefnin mjög breytileg og sum þannig, að þau verða trauðla leyst með fluginu einu saman.

Í sumum landshlutum veldur vetrarríki truflunum á samgöngum á landi og í lofti, mismunandi miklum eftir veðurfari.

Þótt „loftbrú“ tengi nokkra helztu þéttbýlisstaði landsins höfuðstaðnum, þá gefur flugið ekki nauðsynlega tengingu þessara staða innbyrðis.

Ferðir með Esju og Heklu umhverfis Ísland á sumardegi hafa notið vinsælda sem og einstakar hópferðir með þessum skipum, en æskilegt er að greiða fyrir því, að fólk geti ferðazt innanlands í orlofi sínu.

Talað er um, að þrefalda megi gestkomur erlendra á fáum árum. Hringferðir ríkisskipa hafa verið einn þátturinn í fyrirgreiðslu erlendra ferðamanna. Hann ber að efla, en eigi afnema.

Allt þetta þarf að skoða vandlega, áður en því er slegið föstu, að útgerð farþegaskips til siglinga með ströndum fram sé úrelt og heyri fortíðinni til. Þyki á einhverjum árstíma of lítið að gera fyrir farþegaskip á ströndinni, ber að athuga um önnur verkefni. Og minna má á það, að engin þjóð með líka landshætti og Íslendingar, langa strönd með dreifðri byggð og ágætum höfnum, hefur horfið frá farþegaflutningum á sjó.

Flutningsmenn tillögunnar telja því auðsætt, að nú þegar beri að hefjast handa um undirbúning að byggingu farþegaskips í stað Esju og Heklu. En þá verður fyrst að gera nauðsynlegar áætlanir um byggingarkostnað og rekstur skipsins. Veldur það vissulega óþægindum við slíka áætlunargerð, að einhliða farþegaskip af þeirri stærð, sem til greina kæmi, hefur ekki verið gert hér út áður. Verður þá að sjálfsögðu fyrst og fremst að byggja á þeirri þekkingu, sem forsjármenn strandferðanna hafa á þessum málum, enda þótt hagkvæmt kynni að þykja að leita einnig til erlendra kunnáttumanna.

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, sem ræður 1—2 framkvæmdastjóra.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Stjórn hans skal vera í höndum fimm manna, sem kosnir eru til tveggja ára í senn, þannig að Alþingi kýs tvo með hlutfallskosningu, stjórn Seðlabankans einn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn og Sjómannasamband Íslands einn. Varamenn skal kjósa jafnmarga á sama hátt og til sama tíma. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

a. Ákvarðanir um lántökur og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi.
b. Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánskjör.
c. Ákvarðanir um rekstraráætlun Fiskveiðasjóðs, er gerð skal fyrir fram fyrir eitt ár í senn.
d. Úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans.
e. Ráðning eins eða tveggja framkvæmdastjóra sjóðsins, sem annist alla daglega stjórnsýslu hliðstætt því, sem bankastjórar gera.
f. Skipun matsnefndar.

Framkvæmdastjóri Fiskveiðasjóðs eða framkvæmdastjórar, ef tveir eru, ráða starfsmenn sjóðsins og segja þeim upp starfi í samráði við stjórn sjóðsins. Um laun, kjör og réttarstöðu framkvæmdastjóra og starfsmanna gilda sömu ákvæði og um starfsmenn ríkisbankanna.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins, svo og töp vegna afskrifaðra lána. Forstjóri sjóðsins eða

forstjórar skulu sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að breyta lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, þannig að hann verði sjálfstæð stofnun og forstjóri hans eða forstjórar hafi hliðstæða aðstöðu við afgreiðslu lána og innheimtu og bankastjórar ríkisbankanna hafa nú.

Til ársins 1966 var Fiskveiðasjóður sjálfstæð lánastofnun undir yfirstjórn Útvegsbankans. Þó að málum væri þannig hagað, var þess eigi vart, að forstjóri Fiskveiðasjóðs væri borinn ráðum eða viðskiptamenn sjóðsins þyrftu til annarra að leita um úrskurð mála. Árið 1966 var lögum um sjóðinn breytt, þannig að hann var settur undir yfirstjórn þriggja banka. Við umræður um málið komu lítil rök fram fyrir nauðsyn á þessari breytingu. Sjóðnum var vel stjórnað. Ákvarðanir, sem gerðar voru 1960 um hækkun vaxta og styttingu lánstíma til mikils óhagræðis fyrir útvegsmenn og sjómenn, voru ekki sök sjóðsstjórnarinnar. Þar réð hin svo nefnda viðreisnarstefna, sem ríkisstjórnin hefur skapað og fóstrað.

Eignir Fiskveiðasjóðs eru nú rúmur milljarður króna. Vera má, að það fé sé ekki allt innheimtanlegt, en svipað má vafalaust segja um fleiri lánastofnanir. Þessi sjóður nemur viðlíka upphæð og allir bankar eiga til samans í hreinni eign. Að nokkru er sjóður þessi myndaður með framlögum úr ríkissjóði, en meginhluti hans er til orðinn með beinum eða óbeinum framlögum útvegsmanna og sjómanna. Það er því ekki óeðlilegt, að útvegsmenn og sjómenn fái íhlutunarrétt um stjórn þessa sjóðs, sem þeir hafa lagt stórfé í og hefur veruleg áhrif á lífsafkomu þeirra. Lagt er því til í þessu frv., að samtök þessara aðila fái fulltrúa í stjórn sjóðsins, þeir fái þar eigi meirihlutaaðstöðu, en geti komið á framfæri skoðunum sínum og tillögum.

Sjávarútvegur hefur meiri og margþættari áhrif á peningamál okkar en aðrir atvinnuvegir, að minnsta kosti enn sem komið er. Iðnaður, verzlun og landbúnaður hafa fengið sjálfstæðar lánastofnanir til að skipta við. Enginn dregur í efa, að það er hagkvæmt. Því á sjávarútvegurinn að búa við önnur og óaðgengilegri kjör? Nauðsyn ber til, að útvegsmenn geti fengið fljóta og ákveðna afgreiðslu sinna mála í einum stað, en þurfi eigi að hlaupa milli margra aðila í ýmsum stofnunum til að skýra sín mál. Þess ber og að gæta, að bankastjórar viðskiptabankanna hafa næg verkefni, þó að þeir þurfi ekki að stjórna Fiskveiðasjóðnum. Erfiðleikar útvegsmanna eru og nægilega miklir, þó að þeir þurfi eigi að eyða mörgum dögum til að ná tali af hinum ýmsu stjórnendum sjóðsins, sem eru uppteknir í störfum í þremur bönkum. Það ætti því að vera lágmarkskrafa, að framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar Fiskveiðasjóðs hafi hliðstæða starfsaðstöðu og vald eins og bankastjórar viðskiptabankanna. Á þann eina hátt geta útvegsmenn fengið mál sín afgreidd án óþarfa vafninga.

Nd. **30. Frumvarp til laga** [30. mál]

um verðstöðvun.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson, Jónas Árnason, Geir Gunnarsson, Steingrímur Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal með sérstakri tilkynningu ákveða, að verð á hvers konar vöru megi eigi vera hærra en það var 15. október 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau þá eigi leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru. Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Enn fremur skal ríkisstjórnin ákveða, að hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu megi eigi vera hærri en hann var 15. okt. 1970. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Fyrirmæli fyrri málsgr. þessarar greinar taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

2. gr.

Nú hefur á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var flutt á Alþingi og þar til þau öðluðust gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bág við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á grundvelli 1. gr., og er þá slík verðhækkun ógild, og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem var á þeim tíma, er frumvarp til þessara laga var flutt á Alþingi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigar útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

4. gr.

Með brot út af lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. september 1971.

Greinargerð.

Á undanförnum mánuðum hefur hver verðlagshækkunin rekið aðra. Ljóst er, að stjórnarvöld hafa gjörsamlega brugðizt þeirri skyldu sinni að vinna gegn vaxandi verðbólgu og síhækkandi verðlagi.

Opinberar stofnanir hafa í mörgum tilfellum gengið á undan með verðhækkanir, og fulltrúar ríkisstjórnarinnar í verðlagsnefnd hafa ekki látið á sér standa að heimila hækkanir á álagningu og ýmiss konar þjónustu.

Reynt hefur verið að réttlæta hinar gífurlegu verðhækkanir með kauphækkunum verkalýðsfélaganna, sem samið var um í júnímánuði s. l. Þá var samið um hækkun á kaupi verkafólks um 15—18%, og gerði sú kauphækkun ekki meira en að jafna upp þá lækkun á kaupi, sem knúin hafði verið fram á undangengnum tveimur árum.

Öll rök mæltu með kauphækkuninni, sem samið var um í júní. Framleiðsla fór vaxandi, og verð á útfluttum afurðum hafði hækkað mjög mikið. Það hefði því vissulega átt að vera hægt að tryggja þá kauphækkun, sem um var samið, ef stjórnvöld landsins hefðu gætt skyldu sinnar.

Eins og nú er komið dýrtíðar- og verðlagsmálum í landinu, teljum við Alþýðubandalagsmenn, sem þetta frv. flytjum, að ekki sé um annað að ræða en að ákveða verðlagsstöðvun um tiltekinn tíma. Okkur er fyllilega ljóst, að fyrirskipun um verðstöðvun leysir ekki dýrtíðarvandamálið í sjálfu sér. En bann við verðhækkunum mundi hafa áhrif í bili og draga úr því tryllta kapphlaupi, sem nú á sér stað um hækkanir á vörum og þjónustu í flestum greinum. Verðstöðvun gæfi einnig nokkurn tíma til undirbúnings á nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að draga úr verðhækkunarvandanum.

Það er skoðun okkar, að jafnhliða tímabundinni verðstöðvun þyrfti að hefjast handa um að ná sem víðtækustu samstarfi um eftirtaldar ráðstafanir í dýrtíðar- og verðlagsmálum:

1. Löggjöf um eignakönnun í því skyni að fá réttan grundvöll til að skattleggja verðbólgugróða.
2. Lög og framkvæmdareglur til að koma í veg fyrir skattsvik og lækka þannig verðlag.
3. Að fella niður eða lækka verulega söluskatt og tolla á nauðsynjavörum.
4. Að gera núgildandi verðlagseftirlit haldbetra og virkara en það er.
5. Að afnema nefskatta, en afla fjár í þeirra stað með hækkun skatta á stóreignum og gróða.
6. Að rækileg athugun fari fram á núgildandi verðlagi og verðlagningarreglum og verð lækkað, þar sem þess er kostur.

Ýmsar fleiri ráðstafanir til að draga úr dýrtíð kæmu til greina, og er sjálfsagt, að þær verði athugaðar, eftir því sem kostur er á.

Með frv. þessu leggjum við til, að þegar verði ákveðin verðstöðvun, sem gildi til 1. sept. 1971.

Miklu máli skiptir, að staðið verði að framkvæmdinni undanbragðalaust. Samið er um laun flestra verkalýðsfélaga til 1. október á næsta ári og mundu þau laun ekki breytast nema í samræmi við breytt verðlag.

Við lítum á verðstöðvun samkv. frv. þessu sem bráðabirgðalausn, en leggjum áherzlu á, að verðstöðvunartímann þarf að nota til að gera varanlegri ráðstafanir í dýrtíðarmálum.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um vetrarorlof.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Eðvarð Sigurðsson, Eysteinn Jónsson, Pétur Sigurðsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa um það forgöngu við ASÍ og önnur stéttarsambönd í landinu, að kannað verði, hvernig auðvelda megi almenningi að njóta orlofs á vetrum sér til hressingar og hvíldar, bæði innanlands við útilíf og í hóporlofsferðum til Suðurlanda. Verði m. a. leitað samvinnu við Flugfélag Íslands og Loftleiðir um mál þetta, svo og innlendar ferðaskrifstofur.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt seint á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu sökum tímaskorts. Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Nú er litið svo á, að í raun réttri eigi hver vinnandi þegn rétt á tilteknu leyfi árlega frá störfum sér til hressingar og hvíldar, svonefndu orlofi. Sívaxandi vélvæðing í atvinnulífi, síaukið þéttbýli, hraði og hávaði eykur á þörf manna til að njóta orlofs síns sem bezt, komast úr sínum venjuhring sér til andlegrar og líkamlegrar endurnæringar. En svo að orlofin verði raunveruleg almenningseign, þurfa menn að geta notið þeirra á ódýran og hagkvæman hátt, og þau þurfa að falla á þann tíma, sem almenningur getur leyft sér að taka þau vegna atvinnuafkomu sinnar. Sökum legu Íslands eru sumur hér stutt, en vetur langir. Þjóðinni veitir þess vegna ekki af að nota sumartímann sem bezt til vinnu, en þá verða orlofin afskipt hjá mörgum, nema annar háttur komi til, það er að nota vetrartímann, þegar minna er um atvinnu og erfiðara um ýmsar vinnuframkvæmdir.

Nú verður það aldrei svo, að stórir hópar manna taki sér ekki a. m. k. við og við orlof á sumrin, enda æskilegt, svo að almenningur kynnist landi sínu í sumarbúningi. En þegar haft er í huga, hve stór hluti þjóðarinnar er á orlofsaldri, ef svo má segja, og margir af þeim stóra hluta komast ekki í orlof á sumrin vegna aðstæðna, gefur auga leið, að hér er þörf úrbóta. Verður þá fyrst fyrir að hugsa til bættrar aðstöðu til að njóta útilífs innanlands á veturna, svo sem skíða- og sleðaferða og skautaiðkana, en hins vegar að auðvelda mönnum að sækja sér sumarauka á vetrum til Suðurlanda. Eitt á við þennan, annað við hinn.

Undanfarin ár hafa stéttarfélög og ýmsir aðrir aðilar unnið giftudrjúgt starf að orlofsmálum, og kvenfélög hafa barizt ötullega fyrir orlofi húsmæðra. Samt sem áður er staðreynd, að fjölmargir, sem rétt eiga á orlofi og þurfa þess ekki síst við, geta ekki tekið það nema endrum og eins, sumir aldrei, ýmist vegna fjárskorts eða tímaskorts á venjulegum orlofstíma. Hér þarf að verða gerbreyting á. Hún verður ekki, nema orlofin færist í verulegum mæli á vetrartímann líka, en það gerist ekki, nema það takist að gera vetrarorlof eftirsótt sem slík. Hér er það, sem forusta ríkisvaldsins í samvinnu við stéttarfélög, ferðaskrifstofur og flugfélögin gæti valdið straumhvörfum. Sé þetta skipulagt í stórum stíl og af myndarskap jafnframt ýtrustu hagsýni, er ekki fjarri sanni að álykta, að sá beini kostnaður, sem af slíkri framkvæmd yrði, skilaði sér aftur og vel það í þjóðarbúið um auknar sumarvinnustundir.

Varðandi hóporlofsferðir á vetrum til Suðurlanda skal svo loks bent á það, hvort þar sé ekki athyglisvert verkefni fyrir þotu F.Í., eða auðgert fyrir Loftleiðir að grípa hópa og hópa í sínar vélar, þegar fátt er um farþega á auglýstum leiðum. Hitt má engum dyljast, að þessar ferðir verða að vera mun ódýrari en þær gerast nú, eigi þær að verða á almennings færi. Slíku á fjöldaþátttaka að koma til leiðar, og þær mega ekki vera skipulagðar sem eyðsluferðir, heldur hressingarferðir.

Nd. 32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 1967.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Stefán Valgeirsson, Björn Pálsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Orkustofnun skal gera áætlun um það, hvernig hagkvæmast verði að ljúka rafvæðingu landsins eigi síðar en fyrir árslok 1973, og skal hún leggja tillögur sínar fyrir ráðherra eigi síðar en þrem mánuðum eftir gildistöku þessara laga.

2. Að fenginni áætlun Orkustofnunar skal ráðherra undirbúa tillögur um öflun þess fjár, sem talið er þurfa til þess að ljúka framkvæmdum innan þeirra tímamarka, sem getur í 1. tölulið, og leggja þær fyrir Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar hafizt var handa um rafvæðingu sveitanna, var þegar í upphafi ljóst, að framkvæmdin tæki alllangan tíma. Á 14 ára tímabili fyrir 1969 var framkvæmdahraðinn nokkuð jafn. Voru þá tæplega 200 býli tengd samveitum á ári að meðaltali.

Í árslok 1969 var talið, að 3752 býli hefðu verið tengd samveitum og 1153 nytu rafmagns frá einkarafstöðvum. Órafvædd býli voru þá talin nálægt 400.

Dreifingin í þéttbýlustu héruðunum er komin vel á veg. Í árslok 1968 eru t. d. aðeins 5.3% býla í Rangárvallasýslu utan samveitusvæða og 2.6% í Eyjafjarðarsýslu. Í hinum strjálbýlli héruðum er allt annað uppi á teningnum. Þannig eru þá í Norður-Múlasýslu 72.1% býla utan samveitusvæðanna, og í Barðastrandarsýslu eru þau 71.9%. — Þessar tölur, þótt háar séu, segja þó ekki til um ástandið í einstökum sveitum, sem alls enga samveitu hafa, bæði í þessum sýslum og fleiri.

Á árunum 1968 og 1969 dró verulega úr framkvæmdahraðanum, enda þótt þau ár væri unnið fyrir allmikið lánsfé heiman úr héraði.

Þessi þróun olli að sjálfsögðu megnri óánægju. Hafa forustumenn héraða og alþingismenn mjög þrýst á stjórnarvöld að halda uppi eigi minni framkvæmdahraða en áður, þar til lokið er rafvæðingu sveitanna.

Nú lítur út fyrir, að ríkisstjórnin ætli að verða við þessum kröfum að nokkru, þar sem hún gerir ráð fyrir, að lokið verði á þessu og næsta ári lögnum um þau svæði, þar sem meðalfjarlægð á milli býla er undir 1.5 km. Enn þá hefur þó ekki verið tekin ákvörðun um það á Alþingi nema að nokkru leyti, hvernig fjár verði aflað til framkvæmdanna.

Um framhaldið er svo allt í óvissu. Það telja flutningsmenn þessa frumvarps óviðunandi. Þeir telja óhjákvæmilegt, að allir landsmenn fái með einhverjum hætti aðgang að raforku. Og þeir álíta viðráðanlegt að ljúka rafvæðingu landsins fyrir árslok 1973, ef markvíst og skipulega er að unnið.

Þegar í stað þarf að snúa sér að því að meta, hvaða svæði skynsamlegt sé að tengja samveitum. Síðan verður að gera sér grein fyrir því, með hverjum hætti greitt verði fyrir rafvæðingu annarrar byggðar. Er það skoðun flutningsmanna, að við nánari athugun muni þykja þjóðfélagslega hagkvæmt í ýmsum tilvikum að láta samveiturnar ná langt út yfir 2 km mörkin, eins og þau hafa verið skilgreind að undanförnu.

Orkustofnunin hefur í sínum vörzlum yfirgripsmiklar upplýsingar um þetta efni, svo að ætla má, að stofnunin geti í megindráttum gert grein fyrir viðfangsefninu innan þeirra tímamarka, er í frumvarpinu greinir.

Flutningsmenn telja eðlilegt og nauðsynlegt, að málið sé undirbúið hjá Orkustofnun og ráðuneyti, svo sem fyrir er mælt í frumvarpi þessu, og það síðan lagt fyrir Alþingi til endanlegrar afgreiðslu.

Það er fráleitt að hugsa sér, að hluti þjóðarinnar búi til langframa við ekkert eða allsendis ófullnægjandi rafmagn, m. ö. o. án rafljósa, sjónvarps og allra þeirra mörgu heimilistækja og annarra véla, sem knúin eru raforku.

Þrátt fyrir fámenni og erfiða staðhætti ákváðu Íslendingar að koma síma og útvarpi til allra landsmanna og að tengja sérhvert byggt ból vegakerfinu. Þetta tókst. Það er í fullu samræmi við þá stefnu að veita öllum landsmönnum aðgang að raforku.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er því endurflutt nú.

Nd. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Það skal skipað 11 mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, þrír tilnefndir af Iðnnemasambandi Íslands, einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

Iðnfræðsluráð fer með mál, sem greinir í lögum þessum og reglugerð, er ráðherra setur.

Greinargerð.

Iðnfræðsluráð sér um framkvæmd mála, er varða iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla. Það sér um, að fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, t. d. varðandi skólahald og verknám.

Það er efalaust, að það skiptir enga meira en iðnnema, hvernig iðnfræðslan er framkvæmd. Þetta sjónarmið viðurkenndi Alþingi 1965 að nokkru, þegar það samþykkti, að einn fulltrúi frá Iðnnemasambandi Íslands skyldi eiga sæti í iðnfræðsluráði. Það var spor í rétta átt. En erfitt getur reynzt einum fulltrúa að halda fram rétti umbjóðenda sinna í níu manna ráði. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að Iðnnemasambandið tilnefni þrjá fulltrúa í iðnfræðsluráð og fjölgi fulltrúum í ráðinu samkvæmt því.

Þetta er í samræmi við þá stefnu, sem nú ryður sér hvarvetna til rúms, að tryggja aukinn hlut nemenda til áhrifa á kennsluhætti og fræðslumál.

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/1965.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Vilhjálmur Hjálmarsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Nú breytist framfærsluvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1964, og skal þá hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., A-lið 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., í réttu hlutfalli við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um þá breytingu á tekjuskatts- og eignarskattslögum, að persónufrádráttur einstaklinga og hjóna, frádráttur vegna barns og frádráttur vegna heimilisstofnunar, og svo þrepin í skattstiganum, skuli breytast til hækkunar

eða lækkunar í samræmi við framfærsluvísitölu. Nú ákveður fjármálaráðherra breytingar á skattvísitölunni, án þess að vera bundinn af nokkrum ákveðnum reglum.

Skattvísitala mun fyrst hafa komið hér til sögu á árinu 1953. Þá beitti þáv. fjármálaráðherra, Eysteinn Jónsson, sér fyrir því, að það ákvæði var sett í lögin um tekju- og eignarskatt, að tekjutölur skattstiga skyldu breytast í samræmi við kaupgjaldsvísitölu, sem þá var í reynd hin sama og framfærsluvísitalan. Laun höfðu þá hækkað á undanförnum árum vegna dýrtíðarbóta og skattgreiðendur því greitt síhækkandi skatta án tilsvarandi hækkunar á rauntekjum. Þótti því rétt og nauðsynlegt að veita skattgreiðendum þá tryggingu, sem fólst í setningu umrædds lagaákvæðis.

Rétt er að geta þess, að á þinginu 1952 höfðu tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Jóhann Hafstein og Magnús Jónsson, flutt frumvarp um breytingu á skattalögunum, þar sem m. a. var lagt til, að skattar breyttust til hækkunar og lækkunar í samræmi við kaupgjaldsvísitöluna. Jóhann Hafstein mælti fyrir frumvarpinu, og sagðist honum m. a. á þessa leið:

„Það, sem menn hafa ekki gert sér nægjanlega grein fyrir á undanförnum árum, er, að enda þótt Alþingi hafi ekki með nýrri skattalöggjöf lagt nýja skatta á einstaklingana í þjóðfélaginu, þá hafa skattarnir stöðugt verið að hækka stórkostlega, og það er vegna þess, að dýrtíðin í landinu, hin sívaxandi dýrtíð, hefur gegnt hlutverki vaxandi skattpíningar ár frá ári.“ (Alþt. 1952, C. 474).

Ljóst er það einnig af þessari ræðu Jóhanns, að fyrir flutningsmönnum vakti með umræddri tillögu, að umreikningur á sköttum skyldi miðast við breytingar á verðlagi, en tilgangur framfærsluvísitölunnar er að sýna þær. Um þetta sagði Jóhann:

„Þetta ákvæði á að miða að því, að verðbreytingar, hækkandi dýrtíð í landinu, verki ekki ein út af fyrir sig sem stórkostleg skattahækkun á þegnana, þó að skattalöggjöfin að öðru leyti breytist ekki neitt, heldur að skattaálagningin að þessu leyti hreyfist til og frá eftir því, sem verðhækkanir eða verðlækkanir kunna að verða í þjóðfélaginu.“ (Alþt. 1952, C. 480).

Það ákvæði laganna frá 1953, að tekjuskattar breyttust til hækkunar eða lækkunar í samræmi við kaupgjaldsvísitölu, helzt óbreytt til 1960. Þá beitti „viðreisnarstjórnin“ svonefnda sér fyrir setningu nýrra skattalaga. Sagt var, að tilgangur þeirra væri m. a. sá að „fella niður tekjuskatt á almennum launatekjum“. Þetta fór þó á annan veg. Vegna þess, að umrætt ákvæði var fellt niður, hækkuðu skattgreiðslur stöðugt næstu árin sökum vaxandi dýrtíðarbóta, án þess að rauntekjur ykjust nokkuð tilsvarandi. Þetta varð sérstaklega eftirminnilegt sumarið 1964, þegar gengið var svo nærri skattgreiðendum, að efnahagsráðgjafar ríkisstjórnarinnar lögðu til, að þeim yrðu veitt sérstök lán til greiðslu á sköttum. Ríkisstjórnin var því tilneydd að gera nýja breytingu á skattalögunum vorið 1965, þar sem ýmsir frádrættir voru auknir og jafnframt sett í lögin það ákvæði, að frádrættir og skattstigar skyldu hækka eða lækka „í samræmi við skattavísitölu, sem ákveðin er af fjármálaráðherra, í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra“.

Framkvæmd þessa lagaákvæðis hefur orðið á þann veg, að fjármálaráðherra hefur ákveðið skattvísitöluna frá ári til árs án þess að leita nokkuð álits þeirra aðila, er lögin mæla fyrir um, að hann geri. Skattvísitalan virðist hafa verið ákveðin af hreinu handahófi og tekjuþörf ríkisins verið látin ráða henni miklu meira en greiðslugeta skattþegnanna. Á þessu ári var t. d. skattvísitalan ákveðin 140 stig, en hefði átt að vera um 173 stig, ef framfærsluvísitölunni hefði verið fylgt og meðaltal hennar á árinu 1964, þegar skattalögin voru sett, lagt til grundvallar. Því er nú svo komið, að verulegur hluti af tekjum lágtekjufólks lendir í hæsta skattþrepi.

Fjármálaráðherra hefur enn ekki ákveðið skattvísitöluna fyrir næsta ár, en í greinargerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1971 segir, að „gert sé ráð fyrir, að skattvísitalan hækki til jafns við meðaltekjur“. Ekki er ljóst, hvað hér er átt við.

Hitt er víst, að fáist ekki skattvísitalan hækkuð miklu meira en svarar þeim verðhækkunum eða launahækkunum, sem verða í ár, mun láglaunafólk verða að greiða um 60% í skatt af þeim launahækkunum, sem það hefur fengið á þessu ári, eða 27% í tekjuskatt og 30% í útsvar. Þessu valda m. a. þau 33 stig, sem vantaði á skattvísitöluna á þessu ári, miðað við framfærsluvísitölu.

Það er skattgreiðendum bæði réttlætismál og hagsmunamál, að skattvísitalan sé ekki ákveðin af handahófi, heldur fylgi hún ákveðinni reglu. Einkum á þetta þó við á verðbólgutímum. Skattar eiga því aðeins að hækka, að rauntekjur hækki. Þetta verður bezt tryggt með því, að skattvísitalan fylgi framfærsluvísitölunni.

Nd. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 199. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Öll íslenzk fiskiskip, svo og skip, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út, eru skyldug til að hjálpa hvert öðru úr hættu, án þess að útgerðarmenn eða áhöfn eigi rétt til björgunarlauna. Fyrir slíka hjálp skal sá, er aðstoð þiggur, aðeins greiða aðstoðarþóknun, sem miðast við beint tjón það og kostnað, sem sá, er aðstoð veitti, leggur í vegna aðstoðarinnar, þ. á m. áætlað aflatjón. Reglur þessar gilda þó eigi, ef skipi er bjargað úr stórkostlegri neyð, svo að allar líkur séu til, að það hefði annars farizt eða eyðilagzt að miklu leyti. Skip telst t. d. ekki vera í stórkostlegri neyð, þó að það hafi orðið fyrir vélarbilun eða fengið veiðarfæri í skrúfu og komist ekki til hafnar hjálparlaust af þeim sökum, ef aðstæður eru ekki óvenjulega hættulegar. Nefnd þriggja manna úrskurðar, hvort skipi hafi verið bjargað úr stórkostlegri neyð, og upphæð aðstoðarþóknunar eða björgunarlauna. Í nefnd þessa tilnefna Samband íslenzkra tryggingafélaga og Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn mann hvor aðili til þriggja ára og annan til vara, en þriðji maðurinn og varamaður hans skal tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands í sameiningu til sama tíma. Sjávarútvegsráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, en hún leggst við kostnað aðstoðarinnar. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna. Ákvæði þessarar málsgreinar breyta ekki ákvæðum 14. gr. laga nr. 41/1967.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi (90. löggjafarþingi) var samhljóða frumvarp og hér liggur fyrir flutt af sömu flm., en málið varð ekki útrætt, en því frumvarpi fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Samkvæmt 14. gr. laga nr. 41/1967 gildir sú regla um öll skip, sem vátryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, svo og varðskip og önnur skip ríkisins eða ríkisstofnana, að þau eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska, án þess að fyrir hjálpina komi björgunarlaun skv. siglingalögunum, heldur skal aðeins greiða fjártjón og tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti.

Öll fiskiskip undir 100 lestum að stærð eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgðinni, en aðeins fá stærri skip eru tryggð þar. Stærri skipin lúta því flest hinum almennu reglum siglingalaganna um björgun, þ. á m. að því leyti, að þau verða að greiða björgunarlaun, þegar þau þiggja hjálp af varðskipi, ef hjálpin

telst vera björgun í skilningi siglingalaganna. Skilyrði til björgunarlauna eru almennt talin vera fyrir hendi, ef sýnt þykir, að skip hefði ekki komizt til hafnar hjálparlaust. Þetta á til dæmis oftast við, ef skip verður fyrir vélarbilun og er dregið til hafnar, eða ef það fær nót í skrúfuna og þarf að fá aðstoð froskmanns af öðru skipi, og eru það e. t. v. algengustu afbrigði björgunar. Björgunarlaun eru yfirleitt allrífleg. Þau greiðast af vátryggjanda skipsins, en iðgjald skips fer eftir tjónareynslu þess, og hafa því björgunarlaun eins og aðrar tjóngreiðslur þau áhrif, að iðgjald skipsins hækkar.

Regla bátaábyrgðarfélaganna um hjálp, sem getið er að framan, var fyrst lögtekin árið 1938 og hefur gilt síðan. Fram undir 1960 var meginhluti bátaflotans innan þeirra stærðartakmarka, sem skyldutrygging bátaábyrgðarfélaganna náði til, og féll þannig undir samhjálparregluna. Með hinni miklu endurnýjun flotans frá 1960 hefur þetta gjörbreytzt, og er nú svo komið, að aðeins um þriðjungur bátaflotans að rúmlestatölu er undir 100 lestum, en tveir þriðju eru stærri. Samhjálparreglan hefur því nú orðið hlutfallslega miklu minna gildi en áður. Síðustu árin hafa tryggingafélögin gert út hjálparskipið Goðann, sem veitir hjálp eftir gjaldskrá, til að forðast björgunarkröfur frá varðskipum og öðrum aðilum. Telja félögin sig hafa sparað mikið fé með þessu, en langt er þó frá því, að þetta eina skip geti þjónað öllum flotanum. Þegar á heildina er litið, mun vera hagkvæmara, að varðskipin veiti aðstoðarþjónustu á svipuðum grundvelli.

Samhjálparákvæði það, sem í frumvarpinu felst, er ekki eins víðtækt og hliðstætt ákvæði bátaábyrgðarlaganna. Ákvæði frumvarpsins er ætlað að koma í veg fyrir, að greiða þurfi björgunarlaun fyrir hjálp veitta skipi, sem ekki er í stórkostlegri neyð, t. d. þótt skip sé með bilaða vél eða veiðarfæri í skrúfu, ef aðstæður eru ekki óvenjulega hættulegar. Hins vegar þykir ekki ráðlegt að afnema björgunarlaun í þeim tilvikum, þegar verulega mikið veltur á skjótum viðbrögðum til björgunar, þ. e. ef skip er í stórkostlegri neyð, enda verða þá bjargendur oft að leggja sig í verulega hættu við björgunina. Þá þykir ekki heldur rétt að taka úrskurðarvald um aðstoðarlaun undan lögsögn dómstóla, eins og gert er í bátaábyrgðarlögunum.

Frumvarp þetta er einn liður í aðgerðum til lækkunar á vátryggingarkostnaði fiskiflotans, sem er hin brýnasta nauðsyn. Það er samið af nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipaði hinn 27. apríl 1968 til að gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr útgjöldum Tryggingasjóðs fiskiskipa. Í nefndinni áttu sæti Jón Erlingur Þorláksson tryggingafr., form., Bjarni Bragi Jónsson hagfr., tilnefndur af Efnahagsstofnuninni, Baldvin Einarsson forstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. tryggingafélaga, Jón Sigurðsson framkvstj., tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, Matthías Bjarnason alþm., stjórnarform. Samábyrgðar Íslands, og Sverrir Júlíusson alþm., tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna. Nefndin leitaði álits próf. Magnúsar Torfasonar, kennara í sjórétti við Háskóla Íslands, um frumvarpið, og tók til greina ýmsar ábendingar hans við endanlega gerð þess.

Gert var ráð fyrir, að frumvarp þetta yrði flutt sem stjórnarfrumvarp, en á því hefur orðið dráttur. Frumvarpið er flutt með vitund sjávarútvegsráðherra.“

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Jónas Árnason, Gils Guðmundsson, Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Steingrímur Pálsson, Karl Guðjónsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum, er gekk í gildi 24. ágúst 1949.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. gr. samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Greinargerð.

Hinn 30. marz 1949 samþykkti meiri hluti Alþingis tillögu til þingsályktunar, þar sem ríkisstjórninni var falið að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi „um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis", eins og kveðið var að orði. Var samningur þessi undirritaður í Washington 4. apríl 1949 og gekk í gildi 24. ágúst sama ár. Á grundvelli þessa samnings varð til Norður-Atlantshafsbandalagið (North Atlantic Treaty Organization, skammstafað NATO).

Í 13. gr. Norður-Atlantshafssamningsins segir á þessa leið:

„Þegar tuttugu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstjórnum annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga."

Svo sem kunnugt er, urðu á sínum tíma mjög harðar deilur um það, hvort Ísland skyldi gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Alla stund síðan hafa skoðanir verið skiptar um þá ákvörðun, svo og um Atlantshafsbandalagið, gildi þess og áhrif á sambúð þjóða.

Í ágústmánuði 1969 voru 20 ár liðin frá því er Norður-Atlantshafssamningurinn gekk í gildi. Frá þeim tíma getur hvert aðildarríki sem er sagt honum upp með einhliða ákvörðun, og tekur úrsögnin gildi að ári liðnu frá því er hún var afhent.

Undanfarin ár höfum við Alþýðubandalagsmenn lagt á það áherzlu í umræðum um utanríkismál og með tillöguflutningi á Alþingi, að Íslendingar gerðu sér þess sem ljósasta og rökstuddasta grein, hver vera eigi afstaða Íslands til aðildar að hernaðarbandalagi í framtíðinni. Við höfum bent á, hve sjálfsagt væri að vega það og meta, að hverju leyti aðstæður kynnu að hafa breytzt í heimsmálum frá þeim tíma, er samningurinn var gerður. Við höfum talið einsætt, að hér yrði hafður á sami háttur og með ýmsum öðrum bandalagsþjóðum, þar sem rökræður hafa átt sér stað um aðild að Atlantshafsbandalagi, byggðar á upplýsingum og gögnum, sem aflað hefur verið. Margt hefur breytzt og er að breytast á alþjóðavettvangi, þar á meðal viðhorf ýmissa þjóða til hernaðarbandalaga. Innan margra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins eru skoðanir þegnanna á gildi þess mjög skiptar.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum frá upphafi verið algerlega andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Teljum við öll rök mæla með því, að friðsöm og vopnlaus smáþjóð sem Íslendingar standi utan hernaðarbandalaga. Því flytjum við nú tillögu um það, að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu.

Þegar Atlantshafssamningurinn var gerður 1949, var því sérstaklega lýst yfir af ríkisstjórn Íslands og staðfest af utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að hér á landi skyldi ekki vera her á friðartímum. Árið 1951 gerði ríkisstjórn Íslands samning við Bandaríkjastjórn um dvöl bandarísks herliðs hér á landi. Alla stund síðan hefur erlent herlið verið í landinu. Hefur hin langvinna herseta reynzt íslenzkri þjóð skaðsamleg siðferðislega og þjóðernislega.

Íslendingar þurfa að losna úr þeim hlekkjum, sem samningur um aðild að hernaðarbandalagi og erlend herseta hafa hneppt þá í. Með því móti einu geta þeir mótað sjálfstæða og heilbrigða utanríkisstefnu. Þess verður að vænta, enda sjást þess ýmis merki, þrátt fyrir allt, að smám saman vaxi skilningur á því, að fækkun herstöðva og afvopnun sé eina leiðin til að tryggja friðinn. Tortryggni sú og ótti, sem er afleiðing hernaðarbandalaga og dreifðra herstöðva um allan heim, á sinn ríka þátt í að torvelda friðsamlega sambúð. Hver herstöð, sem niður er lögð, léttir

gönguna í átt til friðsamlegra samskipta. Úrsögn úr NATO og uppsögn herstöðvasamningsins frá 1951 eru réttmætar ráðstafanir vegna lífshagsmuna Íslendinga sjálfra, og jafnframt hið eina og sjálfsagða framlag þeirra til að draga úr spennu og auðvelda friðsamlega sambúð þjóða.

Sþ. 37. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa.

Flm.: Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara vísindalega fiskileit og nákvæmar fiskirannsóknir í Húnaflóa undir stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands. Rannsóknir þessar skulu miða að leit nýrra fiskimiða, könnun á því, hvers konar fiskveiðar væru hagkvæmastar og hvaða stærð fiskiskipa hentaði bezt á þessum slóðum. Þá verði einnig rannsakað, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskrækt eða fiskuppeldi í Húnaflóa.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði ekki afgreiðslu. Hún er hér endurflutt.

Með hverju ári sem líður verður mönnum það ljósara, að stærra og samstilltara átak verður að gera til að byggja upp atvinnulíf þjóðarinnar, sem tryggi meiri fjölbreytni í framleiðsluháttum og skapi fulla nýtingu atvinnutækja þjóðarinnar. Það dylst engum, að vísindalegar fiskirannsóknir eru þýðingarmikill þáttur í þessari þróun. Með sívaxandi sókn á þekkt fiskimið er nauðsynlegt að leita að nýjum miðum, því að sjávarútvegurinn mun um langa framtíð eins og hingað til verða veigamesti þátturinn í þjóðarbúskapnum.

Það er nauðsynlegt, að nú þegar verði framkvæmd nákvæm athugun á fiskimiðum í Húnaflóa. Fyrir rúmlega 20 árum var flóinn ein af gullkistum þjóðarinnar, allir firðir fullir af fiski, og þá var blómaskeið þéttbýlismyndunar við flóann. Á þeim árum voru byggðar þar þrjár síldarverksmiðjur, við Ingólfsfjörð, í Djúpuvík og á Skagaströnd. Þegar síldin hvarf og færðist austur á bóginn, var samt mikið um annan fisk, en þróunin hefur orðið sú, að hann hefur minnkað mikið. Á undanförnum árum hefur verið mjög mikil aflatregða í Húnaflóa.

Á svokölluðu Húnaflóasvæði búa rúmlega 5000 manns. Talið er, að um 3000 manns búi í strjálbýli og byggi afkomu sína að mestu leyti í landbúnaði. Á svæðinu eru blómlegar sveitir. En í byggðarkjörnum eða þéttbýli búa um 2000 manns, sem byggja afkomu sína á útgerð, fiskvinnslu og þjónustustörfum. Á þessu svæði er því ekki jafnvægi á milli byggðarkjarnanna og sveitanna, en orsök þess er aflatregðan í Húnaflóa á undanförnum árum, enda má sjá í opinberum skýrslum, að meðallaunatekjur fólks í þessum sjávarþorpum eru yfirleitt lægri en annars staðar á landinu. Afleiðing minnkandi afla hefur orðið atvinnuleysi og jafnframt tilhneiging til að flytja brott til annarra staða, þar sem lífsafkoman hefur verið betri eða tryggari. Unga fólkið getur valið þessa leið, en fjölskyldufólkið ekki, því að það hefur bundið allt sitt í húseignum eða öðru á þessum stöðum, og þó að það vildi selja, eru kaupendur tæpast finnanlegir, enda er hægara sagt en gert að ganga frá eignum sínum og flytja annað með tvær hendur tómar. Þetta fólk er í sjálfheldu, en hefur lifað í þeirri von, að fiskurinn kæmi aftur og atvinnulífið yrði aftur eðlilegt, en biðin er orðin bæði löng og ströng.

Á undanförnum árum hafa rækjuveiðar verið töluverðar og að verulegu leyti bjargað afkomu fólks á þessu svæði. En meira þarf til en rækjuveiðar og rækju-

vinnslu. Því er nauðsynlegt, að nú verði gerðar af opinberri hálfu víðtækar fiskirannsóknir í Húnaflóa með það fyrir augum að kanna aðra útgerðarmöguleika frá sjávarplássum við flóann. Sjávarútvegurinn mun áfram verða aðalgrundvöllur atvinnulífsins á stöðum eins og Drangsnesi, Hólmavík og Skagaströnd. Á þessum stöðum eru allgóð frystihús, hafnir og atvinnutæki og þjálfað starfsfólk í fiskvinnslu, sem gæti afkastað miklu meira framleiðslumagni en nú er, ef nægilegt hráefni væri fyrir hendi. Nú er verið að vinna að svokallaðri Norðurlandsáætlun um alhliða uppbyggingu atvinnulífsins á þessu svæði. Það er því brýn þörf á, að einmitt nú verði framkvæmdar þær rannsóknir í Húnaflóa, sem tillaga þessi fjallar um.

Nd. 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband sem gerður var í Vínarborg hinn 18. apríl 1961 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og viðbótarbókunum með samningnum. Ákvæði samningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

2. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1952 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun um að fela þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna að skrásetja reglur þjóðaréttarins um stjórnmálasamband ríkja. Nefndin gekk frá frumdrögum að alþjóðasamningi um þetta efni árið 1957 og sendi það aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna til umsagnar. Síðan endurskoðaði nefndin frumdrög sín í ljósi athugasemda þeirra sem bárust.

Árið 1959 ákvað allsherjarþingið að kveðja saman alþjóðaráðstefnu í Vínarborg til að fjalla um málið. Ráðstefnan var haldin dagana 2. marz til 14. apríl 1961 og sátu hana fulltrúar frá 81 ríki. Ráðstefnan samþykkti með samhljóða atkvæðum Vínar-samninginn um stjórnmálasamband. Einnig samþykkti hún tvær bókanir við samninginn, þ. e. kjörfrjálsa bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar og kjörfrjálsa bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála vegna samningsins. Samningurinn ásamt bókununum tveimur gekk í gildi hinn 24. apríl 1964, þegar 22 ríki höfðu gerzt aðilar. 92 ríki eru nú aðilar að samningnum.

Samningurinn hefur að geyma skrásetningu á reglum þjóðaréttarins varðandi friðhelgi og önnur réttindi sendiráða er ríki hafa lengi fylgt samkvæmt venjurétti. Þykir rétt, að Ísland gerist aðili að samningnum og viðbótarbókununum tveimur.

Hvað snertir íslenzku þýðinguna á samningnum skal þess getið, að á nokkrum stöðum eru notuð frönsk eða latnesk orð eða orðtök og er þá fylgt fordæmi nágrannalandanna, enda um að ræða alþjóðlegar venjur í þessu efni. Sérstaklega skal bent á, að í íslenzku þýðingunni er orðið sendiherra látið tákna bæði „ambassador“ og „nuncio“ annars vegar og „envoy“, „minister“ og „internuncio“ hins vegar, enda er notkun síðarnefndu titlanna að hverfa í heiminum; óþarft virðist því að nota orðið „ambassador“ í íslenzku máli.

Fylgiskjal I.

VÍNAR-SAMNINGURINN UM STJÓRNMÁLASAMBAND

RÍKI ÞAU, SEM AÐILAR ERU AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

MINNA Á, að allar þjóðir hafa frá fornu fari viðurkennt sérstöðu sendierindreka,

HAFA Í HUGA markmið og meginreglur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi fullveldis-jafnrétti ríkja, varðveizlu alþjóða friðar og öryggis og eflingu vinsamlegra samskipta þjóða,

TREYSTA ÞVÍ, að alþjóðlegur samningur um forréttindi og friðhelgi í samskiptum ríkja muni stuðla að aukinni vinsemd í sambúð þjóða, hvert sem stjórnskipulag eða þjóðfélagskerfi þeirra er,

ERU ÞEIRRAR SKOÐUNAR, að markmið slíkra forréttinda og friðhelgi sé ekki að vera einstaklingum í hag, heldur að tryggja árangursríkan sendierindrekstur á vegum ríkja,

STAÐFESTA, að venjureglur þjóðaréttarins skuli gilda áfram um þau atriði, er ákvæði þessa samnings taka ekki tvímælalaust til,

GERA SAMKOMULAG um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Í samningi þessum skulu eftirfarandi orðasambönd hafa þessa merkingu:

a) „forstöðumaður sendiráðs“ er maður, sem sendiríkið hefur falið að gegna slíkri stöðu;

b) „sendiráðsmenn“ eru forstöðumaður, sendiráðs og starfsmenn þess;

c) „starfsmenn sendiráðs“ eru stjórnarsendimenn, skrifstofu- og tæknistarfsmenn og þjónustustarfsmenn sendiráðs;

VIENNA CONVENTION ON DIPLOMATIC RELATIONS

THE STATES PARTIES TO THE PRESENT CONVENTION,

RECALLING that peoples of all nations from ancient times have recognized the status of diplomatic agents,

HAVING IN MIND the purposes and principles of the Charter of the United Nations concerning the sovereign equality of States, the maintenance of international peace and security, and the promotion of friendly relations among nations,

BELIEVING that an international convention on diplomatic intercourse, privileges and immunities would contribute to the development of friendly relations among nations, irrespective of their differing constitutional and social systems,

REALIZING that the purpose of such privileges and immunities is not to benefit individuals but to ensure the efficient performance of the functions of diplomatic missions as representing States,

AFFIRMING that the rules of customary international law should continue to govern questions not expressly regulated by the provisions of the present Convention,

HAVE AGREED as follows:

Article 1

For the purpose of the present Convention, the following expressions shall have the meanings hereunder assigned to them:

(a) the "head of the mission" is the person charged by the sending State with the duty of acting in that capacity;

(b) the "members of the mission" are the head of the mission and the members of the staff of the mission;

(c) the "members of the staff of the mission" are the members of the diplomatic staff, of the administrative and technical staff and of the service staff of the mission;

d) „stjórnarsendimenn“ eru starfsmenn sendiráðs, sem hafa réttindi stjórnarsendimanna;
e) „sendierindrekar“ eru forstöðumenn sendiráðs og stjórnarsendimenn;
f) „skrifstofu- og tæknistarfsmenn“ eru þeir starfsmenn sendiráðs, sem vinna að skrifstofu- og tæknistörfum sendiráðsins;
g) „þjónustustarfsmenn“ eru starfsmenn sendiráðs, er starfa að heimilisstörfum hjá sendiráði;
h) „einka-þjónustustarfsmaður“ er starfsmaður, sem vinnur að heimilisstörfum hjá sendiráðsmanni, en er ekki í þjónustu sendiríkisins;
i) „sendiráðssvæði“ er byggingar eða hluti bygginga og tilheyrandi lóð, hver sem eigandinn er, sem nýtt er af sendiráði, þar á meðal íbúð forstöðumanns sendiráðs.

(d) the "members of the diplomatic staff" are the members of the staff of the mission having diplomatic rank;
(e) a "diplomatic agent" is the head of the mission or a member of the diplomatic staff of the mission;
(f) the "members of the administrative and technical staff" are the members of the staff of the mission employed in the administrative and technical service of the mission;
(g) the "members of the service staff" are the members of the staff of the mission in the domestic service of the mission;
(h) a "private servant" is a person who is in the domestic service of a member of the mission and who is not an employee of the sending State;
(i) the "premises of the mission" are the buildings or parts of buildings and the land ancillary thereto, irrespective of ownership, used for the purposes of the mission including the residence of the head of the mission.

2. gr.

Stofnun stjórnmálasambands milli ríkja og stofnun fastra sendiráða fer fram með gagnkvæmu samkomulagi.

Article 2

The establishment of diplomatic relations between States, and of permanent diplomatic missions, takes place by mutual consent.

3. gr.

1. Viðfangsefni sendiráða eru einkum þessi:
a) að vera fulltrúi sendiríkisins í móttökuríkinu;
b) að vernda hagsmuni sendiríkisins og ríkisborgara þess í móttökuríkinu, innan þeirra takmarka sem þjóðaréttur setur;
c) að annast samningagerð við ríkisstjórn móttökuríkisins;
d) að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um það;
e) að efla vinsamleg samskipti milli sendiríkisins og móttökuríkisins og auka efnahagsleg, menningarleg og vísindaleg samskipti þeirra.

2. Ekki skal túlka nein ákvæði samnings þessa á þann hátt að þau hindri

Article 3

1. The functions of a diplomatic mission consist *inter alia* in:
(a) representing the sending State in the receiving State;
(b) protecting in the receiving State the interests of the sending State and of its nationals, within the limits permitted by international law;
(c) negotiating with the Government of the receiving State;
(d) ascertaining by all lawful means conditions and developments in the receiving State, and reporting thereon to the Government of the sending State;
(e) promoting friendly relations between the sending State and the receiving State, and developing their economic, cultural and scientific relations.

2. Nothing in the present Convention shall be construed as preventing the

sendiráð í því að annast ræðismannsstörf.

4. gr.

1. Sendiríkið verður að ganga úr skugga um að móttökuríkið hafi veitt *agrément* vegna þess manns, sem það hyggst veita umboð sem forstöðumanni sendiráðs í því ríki.

2. Móttökuríkið er ekki skyldugt til að skýra sendiríkinu frá ástæðu, ef það neitar um *agrément*.

5. gr.

1. Sendiríkið má skipa forstöðumann sendiráðs eða, eftir atvikum stjórnarsendimann, til þjónustu í fleiri ríkjum en einu, ef eigi koma til ótvíræð mótmæli einhvers móttökuríkisins, enda verður á undan skipun að gefa þeim móttökuríkjum sem hlut eiga að máli upplýsingar um hana.

2. Ef sendiríkið skipar forstöðumann sendiráðs til að gegna því starfi í einu eða fleiri ríkjum öðrum, getur það stofnað sendiráð sem *chargé d'affaires ad interim* veitir forstöðu, í hverju þessara ríkja sem forstöðumaður sendiráðsins hefur ekki fasta búsetu í.

3. Forstöðumaður sendiráðs, eða hver annar stjórnarsendimaður sendiráðs, getur starfað sem fulltrúi sendiríkisins hjá hvaða alþjóðastofnun sem er.

6. gr.

Tvö ríki eða fleiri geta skipað sama manninn forstöðumann sendiráðs í öðru ríki, enda beri móttökuríkið eigi fram mótmæli gegn því.

7. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í ákvæðum 5., 8., 9. og 11. greina, getur sendiríkið skipað starfsmenn sendiráðs að eigin vali. Að því er varðar skipun hermála-, flota- eða flugmálafulltrúa getur móttökuríkið óskað eftir að nöfn þeirra séu tilkynnt fyrirfram til samþykktar.

8. gr.

1. Það skal vera meginregla, að stjórnarsendimenn sendiráðs hafi ríkisfang sendiríkisins.

performance of consular functions by a diplomatic mission.

Article 4

1. The sending State must make certain that the *agrément* of the receiving State has been given for the person it proposes to accredit as head of the mission to that State.

2. The receiving State is not obliged to give reasons to the sending State for a refusal of *agrément*.

Article 5

1. The sending State may, after it has given due notification to the receiving States concerned, accredit a head of mission or assign any member of the diplomatic staff, as the case may be, to more than one State, unless there is express objection by any of the receiving States.

2. If the sending State accredits a head of mission to one or more other States it may establish a diplomatic mission headed by *a chargé d'affaires ad interim* in each State where the head of mission has not his permanent seat.

3. A head of mission or any member of the diplomatic staff of the mission may act as representative of the sending State to any international organization.

Article 6

Two or more States may accredit the same person as head of mission to another State, unless objection is offered by the receiving State.

Article 7

Subject to the provisions of Articles 5, 8, 9 and 11, the sending State may freely appoint the members of the staff of the mission. In the case of military, naval or air attachés, the receiving State may require their names to be submitted beforehand, for its approval.

Article 8

1. Members of the diplomatic staff of the mission should in principle be of the nationality of the sending State.

2. Þá er hafa ríkisfang móttökuríkisins má eigi skipa stjórnarsendimenn sendiráðs, nema til komi samþykki þess ríkis, en slíkt samþykki má afturkalla hvenær sem er.

3. Móttökuríkið getur áskilið sér sama rétt að því er varðar ríkisborgara þriðja ríkis, sem hafa ekki jafnframt ríkisfang sendiríkisins.

9. gr.

1. Móttökuríkið getur hvenær sem er, og án þess að þurfa að gefa skýringar á ákvörðun sinni, tilkynnt sendiríkinu að forstöðumaður sendiráðs eða annar stjórnarsendimaður sé *persona non grata* eða einhver annar úr hópi starfsmanna sendiráðs sé ekki viðtökuhæfur. Í öllum slíkum tilvikum skal sendiríki, eftir því sem við á, annaðhvort kalla hlutaðeigandi mann heim eða binda endi á starf hans í sendiráðinu. Lýsa má yfir að maður sé *persona non grata*, eða ekki viðtökuhæfur, áður en hann kemur í land móttökuríkisins.

2. Ef sendiríkið neitar eða lætur undir höfuð leggjast að framkvæma skyldur sínar samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar innan hæfilegs frests, getur móttökuríkið neitað að viðurkenna hlutaðeigandi mann sem sendiráðsmann.

10. gr.

1. Tilkynna skal utanríkisráðuneyti móttökuríkisins, eða öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, eftirfarandi:

a) skipun sendiráðsmanna, komu þeirra og endanlega brottför, eða lok starfa þeirra í sendiráðinu;

b) komu og endanlega brottför manns, sem er í fjölskyldu sendiráðsmanns, og þar sem við á, þegar maður bætist í eða fer úr fjölskyldu sendiráðsmanns;

c) komu og endanlega brottför einkaþjónustustarfsmanna í þjónustu manna, sem nefndir eru í a) lið þessarar

2. Members of the diplomatic staff of the mission may not be appointed from among persons having the nationality of the receiving State, except with the consent of that State which may be withdrawn at any time.

3. The receiving State may reserve the same right with regard to nationals of a third State who are not also nationals of the sending State.

Article 9

1. The receiving State may at any time and without having to explain its decision, notify the sending State that the head of the mission or any member of the diplomatic staff of the mission is *persona non grata* or that any other member of the staff of the mission is not acceptable. In any such case, the sending State shall, as appropriate, either recall the person concerned or terminate his functions with the mission. A person may be declared *non grata* or not acceptable before arriving in the territory of the receiving State.

2. Hvenær má ætla, að byggingarframkvæmdum verði lokið, svo að starfsemi geti hafizt í hinum nýju húsakynnum?

V. Til menntamálaráðherra um úthlutun fjárveitingar til jöfnunar námskostnaðar skólafólks.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Eftir hvaða reglum var úthlutað því fé — 10 millj. kr. — sem ætlað var á fjárlögum þessa árs til jöfnunar námskostnaðar skólafólks, er stunda verður nám fjarri heimilum sínum?
2. Til hve margra náði úthlutunin, og á hvaða skólastigum voru þeir?
3. Til hvers bendir reynsla þessa árs um fjármagnsþörf til viðunandi jöfnunar á aðstöðumun námsfólks að þessu leyti?

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um rannsókn og skipulag skelfisk- og rækjuveiða á Breiðafirði.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jón Árnason, Ásberg Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því, að settar verði nú þegar reglur um skelfiskveiðar á Breiðafirði. Jafnframt verði áherzla lögð á aukna leit að rækju, skelfiski og öðrum slíkum verðmætum á þesum slóðum með skynsamlega hagnýtingu fyrir augum.

Greinargerð.

S. l. sumar fundust hörpudiskamið inni á Breiðafirði, skammt frá Stykkishólmi. Veiðar hófust, og afli var góður. Nokkur hluti aflans hefur verið unninn í Stykkishólmi, en mestur hluti hans fluttur á bifreiðum til vinnslu í Reykjavík. Nú munu 5 bátar af stærðinni 30—70 tonn stunda þessar veiðar, þar af 3 aðkomubátar að sunnan. Fleiri munu hafa í hyggju að reyna þennan veiðiskap bráðlega. Að sjálfsögðu ber að fagna því, að hafizt sé handa um hagnýtingu verðmæta, sem hingað til hafa legið ónotuð á hafsbotni. Á hinn bóginn álíta menn alveg nauðsynlegt, að fullrar hófsemi sé gætt, meðan mið þessi eru lítt könnuð og veiðar á tilraunastigi. Að því hnígur efni þeirra bréfa, sem hér eru prentuð sem fylgiskjöl og skýra sjónarmið heimamanna.

Rækjuvinnsla hófst í Grundarfirði í maí 1969. Á því ári fengust um 100 tonn upp úr sjó. Mikil atvinna var við móttöku aflans í landi. Í júnímánuði s. l. var byrjað að taka á móti rækju til vinnslu í Stykkishólmi. Rækjan, sem veiðist í Breiðafirði, er stór og falleg, en fjörðurinn má enn heita lítt kannaður og nánast óplægður akur að þessu leyti. Mikill tími fer hjá bátunum í leit að rækjumiðum. Auka þarf leit á þessum slóðum, svo sem gert er annars staðar, að opinberri tilhlutan.

Á aðalfundi sýslunefndar Snæfellinga í maí-mánuði 1970 var svofelld tillaga samþykkt:

„Aðalfundur sýslunefndar flytur þeim mönnum þakkir, sem haft hafa forgöngu um rækjuleit og rækjuveiðar við Breiðafjörð. Framtak þeirra hefur þegar leitt til mikillar verðmætasköpunar og aukins atvinnuöryggis.

Jafnframt skorar fundurinn á yfirstjórn hafrannsóknarmála að láta nú þegar á þessu ári fara fram ýtarlega leit að rækju á þessum slóðum og efla að öðru leyti á allan hátt hvers konar rannsóknir á verðmætum hafsins, sem til heilla og nytja horfa á miðum Breiðfirðinga."

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðar að aukinni hagnýtingu áðurgreindra verðmæta með hliðsjón af fenginni reynslu og rannsóknum okkar færustu manna á þessu sviði.

Fylgiskjal I.

SÝSLUMAÐURINN
Í SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stykkishólmi.
P. t. Reykjavík, 30. sept. 1970.

Með skírskotun til símtala við hr. ráðuneytisstjóra Jón Arnalds og hr. fiskifræðing Hrafnkel Eiríksson er hér vakin athygli hins háa ráðuneytis á eftirfarandi:

S. l. sumar fundust hörpudiskamið inni á Breiðafirði. Var þegar hafizt handa um veiðar. Er talið, að þarna megi veiða hörpudisk með góðum árangri, ef svo heldur fram sem horfir og hófs verður gætt við veiðarnar.

Nú er þegar tekið að stunda þessar veiðar af kappi. Tveir bátar frá Stykkishólmi, Björgvin og Smári, fast að 70 tonna bátar, og einn frá Reykjavík, eru nú að veiðum. Heyrzt hefur og, að fleiri bátar séu væntanlegir frá Reykjavík næstu daga á þessi sömu mið.

Það er álit manna hér um slóðir, að mjög varhugavert sé að flykkja stórum bátum á Breiðafjörð í þessu skyni. Afleiðing þess geti vart orðið önnur en sú, að verðmæti þessi verði uppurin á örskammri stund, öllum til skaða og skammar. Á hinn bóginn sé mjög sennilegt, að þarna geti orðið um ábatasaman atvinnuveg að ræða hjá smábátum frá heimahöfnum Breiðafjarðar nokkra mánuði árlega, undir vísindalegu eftirliti, enda sé full aðgæzla viðhöfð í hvívetna.

Frá mínu leikmannssjónarmiði má ekki minna vera en nú þegar verði unnið að því að koma nauðsynlegu skipulagi á umræddar veiðar, t. d. þannig, að bátum verði gert skylt að afla leyfis til veiðanna og útiloka, að stórir aðkomubátar láti greipar sópa rétt við fiskhelgi heimamanna.

Vænti þess, að erindi þetta verði athugað við allra fyrsta þóknanlegt tækifæri.

Samrit bréfs þessa er sent Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélagi Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytið,
Arnarhváli, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

STYKKISHÓLMSHREPPUR

30. sept. 1970.

Sjávarúsvegsráðuneytið
og
Fiskifélag Íslands,
Reykjavík.

Á fundi í hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, þann 21. sept. s. l., var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps samþykkir að skora á Fiskifélag Íslands og sjávarútvegsráðuneytið að takmarka skelfiskveiðar nú þegar í nágrenni Stykkishólms og að veiðiheimildir verði bundnar vinnslu í Stykkishólmi, einnig að óska eftir umsögn sérfróðra manna um magn og dreifingu skelfisks í Breiðafirði. Með hliðsjón af þeim rannsóknum og álitsgerð verði síðan fundið út jákvætt árlegt aflamagn, til þess að hægt verði að koma í veg fyrir ofveiði og þar með að hindra óeðlilega þróun skelfiskveiða.“

Nd. 46. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 12 1970, um menntaskóla.

Flm.: Jónas Pétursson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist svo:
Í stað orðanna „einn á Ísafirði og einn á Austurlandi“ í lok 1. málsgreinar komi: einn á Ísafirði og einn á Eiðum á Fljótsdalshéraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntaskólalögin kveða á um menntaskóla á Austurlandi. En Austurland er stórt og er því býsna óákveðið, hvar hann skuli rísa. Og víst er, að hann rís aldrei á legg, nema þrengt sé að, hvar grunnur hans skal vera. Nokkrir tilburðir hafa verið um staðarval. Menntaskólanefnd, sem sett var á stofn á Austurlandi að frumkvæði alþingismanna kjördæmisins, spurði allar hreppsnefndir og bæjarstjórnir í kjördæminu álits um, það, hvar skólinn skyldi vera. Fjórir staðir voru tilgreindir: Neskaupstaður, Egilsstaðir, Eiðar, Reyðarfjörður. Aðeins ein tillaga var um Reyðarfjörð, en flestar með Eiðum og Egilsstöðum. Tvær leiðir voru farnar til að meta niðurstöðu: Fjöldi hreppsnefnda og fjöldi íbúa bak við hreppsnefndirnar. Niðurstaða er þó engin. Mér leiðist þóf þetta. Menntaskóli er tekinn til starfa á Ísafirði. Þrír eru þeir orðnir í Reykjavík. Nýjar raddir eru að koma fram um nýja staði, t. d. Flensborg, jafnvel víðar. Á meðan horfa Austfirðingar hver á annan og hver situr við sinn keip. Lágar tölur halda áfram að prýða fjárlög og fjárlagafrumvarp til menntaskóla á Austurlandi. En þær koma þó að gagni — um sinn reyndar öðrum menntaskólum, þar sem eining er betri að baki.

Hér þarf að höggva á hnút. Alþingi á að gera það. Menntaskólar hafa yfirleitt vaxið upp af áður byggðum grunni. Elzta menntastofnun Austurlands er á Eiðum. Alþingi skuldbatt ríkið fyrir meira en 50 árum til að halda uppi „æðri alþýðuskóla“ á Eiðum eða öðrum hentugum stað í Múlaþingi. Hvað er „æðri alþýðuskóli“ í skólakerfinu nú? Ekkert annað en menntaskóli. Nú er að standa við það eftir breyttri tíð. Og byggja á þeim grunni, sem á Eiðum er, og auka við eftir þörfum. Fyrsti bekkur fyrsta ár og svo áfram. Stöðva eftir megni „atgervisflótta“ frá Austurlandi — og veita viðnámið nú þegar. Til þess þarf að taka ákvörðun um staðinn. Eiðar hafa skólamerki, þrjú M, sem tákna: Manngöfgi. Manntak. Mannvit. Á þessum grunni er gott að byggja. Breytt tilhögun í skólakerfi gerir það að verkum, að hlutverki Eiðaskóla er brátt meira og minna lokið í núverandi mynd. Staðurinn þar fer að bíða eftir menntaskólanum. Ákvörðunin á að koma nú þegar, og þess vegna er þetta frv. flutt. Nánar verður væntanlega að málinu vikið í umræðu.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Jón Árm. Héðinsson, Gils Guðmundsson, Sverrir Júlíusson, Geir Gunnarsson, Axel Jónsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðuneytinu að láta nú þegar hefja athugun á því, hvar og hvenær stofnsetja skuli menntaskóla á þéttbýlissvæðum Reykjaneskjördæmis.

Verði sérstaklega athugað við bæjarstjórn Hafnarfjarðar um stofnsetningu menntaskóla í Hafnarfirði á næsta ári.

Greinargerð.

Aðsókn að menntaskólum landsins fer sívaxandi: Nú í haust innrituðust í menntaskóla landsins um 2796 nemendur, sem skiptast þannig skv. upplýsingum frá skólunum:

Menntaskólinn	í Reykjavík við Lækjargötu	um 1025
—	- — — Hamrahlíð	— 700
—	- — — Tjörnina	— 356
—	á Akureyri	— 520
—	- Laugarvatni	— 160
—	- Ísafirði	— 35
	Samtals um	2796

Nemendur úr Reykjaneskjördæmi í menntaskólunum í Reykjavík eru um 396 og skiptast þannig:

Menntaskólinn	við Lækjargötu	um 245
—	— Hamrahlíð	— 70
—	— Tjörnina	— 81
	Samtals um	396

Af þessum tölum sýnist tímabært, að næsti menntaskóli verði stofnsettur í Reykjaneskjördæmi, og kemur Hafnarfjörður þá til athugunar af fjölmörgum ástæðum.

Hinn 4. febr. 1965 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. tillögu fræðsluráðs Hafnarfjarðar að beita sér fyrir stofnun menntaskóla í Hafnarfirði, og hefur bæjarstjórnin ítrekað þá samþykkt tvívegis síðan, nú síðast 22. sept. s. l., sbr. bréf, sem birt eru sem fylgiskjöl. Hefur þá jafnan verið haft í huga, að Flensborgarskóli yrði gerður að menntaskóla, samtímis því, að reistur yrði nýr gagnfræðaskóli í Hafnarfirði, en á fjárlögum þessa árs var veitt fjárhæð til greiðslu undirbúningskostnaðar.

Yrði hafin kennsla haustið 1971 við 1. bekk menntaskóla, mundu fyrstu stúdentarnir útskrifast 1975, og ætti þá bygging gagnfræðaskólans að einhverjum hluta að vera komin í notkun.

Það er skoðun flutningsmanna, að öll söguleg rök mæli með því, að Flensborgarskóli verði gerður að menntaskóla, og það sýnist nú orðið tímabært að stofna næsta menntaskóla á þéttbýlissvæðunum í Reykjaneskjördæmi.

Fylgiskjal I.

HAFNARFJARÐARBÆR
BÆJARSTJÓRI

Hafnarfirði, 6. maí 1969.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 29. apríl 1969 var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Í tilefni frumvarps til laga um menntaskóla, sem nú liggur fyrir Alþingi, ítrekar bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkt sína frá 4. febrúar 1965 um stofnun mennta-

skóla í Hafnarfirði og beinir því jafnframt til hæstvirts Alþingis, að við afgreiðslu frumvarpsins verði ákveðið að staðsetja menntaskóla í Hafnarfirði.“

Virðingarfyllst,

Kristinn Ó. Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR
BÆJARRITARI Hafnarfirði, 23. sept. 1970.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 22. þ. m. var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Í framhaldi af fyrri samþykkt bæjarstjórnar um stofnun menntaskóla í Hafnarfirði og samkvæmt ósk fræðsluráðs þá samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að beina því til alþingismanna kjördæmisins, að þeir beiti sér fyrir því við Alþingi og stjórnvöld landsins, að stofnaður verði menntaskóli í Hafnarfirði. Yrði að því stefnt, að skólinn gæti hafið starfsemi sína haustið 1971, þannig að fyrstu nemendur ljúki námi 1975.“

Virðingarfyllst,

Guðbjörn Ólafsson.

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um lagningu varanlegs slitlags á vegi á Reykjanesskaga.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Jón Árm. Héðinsson, Geir Gunnarsson, Sverrir Júlíusson, Karl G. Sigurbergsson, Axel Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðuneytinu að hefja nú þegar undirbúning að lagningu varanlegs slitlags á vegina til verstöðvanna á Reykjanesskaga og kanna jafnframt leiðir til fjármögnunar og gera tillögu til Alþingis þar að lútandi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, liggja einhver auðugustu fiskimið okkar Íslendinga fyrir ströndum Reykjanesskaga.

Það er því af eðlilegum ástæðum, sem fiskibátafloti okkar freistar þess að koma afla sínum á land í höfnunum á Reykjanesskaga, þar sem hagkvæmast er hverju sinni vegna nálægðar við miðin. Aflanum er síðan ekið til vinnslu í hinar fjölmörgu fiskverkunarstöðvar í byggðarlögunum á Suðurnesjum og við sunnanverðan Faxaflóa, en af 295 235 tonnum af bolfiski, sem lagður var á land frá 1. janúar til 31. maí þessa árs, voru 87 680 tonn lögð á land í verstöðvum á Suðurnesjum.

Með sívaxandi aflabrögðum og aukinni fiskvinnslu eykst umferðin um vegina út frá Reykjanesbraut til verstöðvanna á Suðurnesjum, jafnframt því að reynt er að gera flutningana sem hagkvæmasta með stækkun flutningatækjanna, sem notuð eru.

Venjulega byggðir malarvegir þola af eðlilegum ástæðum ekki svo mikla né þunga flutninga sem hér um ræðir öðruvísi en stórskemmast, og af því leiðir, að hið mikla fiskmagn, sem um þá er flutt, fær mun verri meðferð en ella og verður

að lélegra hráefni til fiskvinnslu, en vöruvöndun er að sjálfsögðu grundvallarskilyrði fyrir góðum árangri í útflutningsverzlun.

Sveitarstjórnirnar á Suðurnesjum hafa lagt mikla áherzlu á, að hafizt verði handa svo fljótt sem unnt er við framkvæmdir þær, sem tillaga þessi fjallar um, og síðasta fiskiþing samþykkti ályktun þar að lútandi einróma.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um stuðning við æðarrækt.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Gísli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, á hvern hátt bezt verði unnið að stuðningi við ræktun og verndun æðarfugls.

Sérstaklega láti ríkisstjórnin nú þegar endurskoða ákvæði laga um eyðingu svartbaks og annarra vargfugla með það fyrir augum að beita raunhæfari aðgerðum en hingað til hefur verið beitt í þessum efnum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Fyrsti flutningsmaður hennar var Sigurður Bjarnason frá Vigur, nú ambassador Íslands í Kaupmannahöfn. Aðrir flutningsmenn eru hinir sömu og þá. Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð:

„Æðarfugl hefur löngum verið talinn mesti nytjafugl á Íslandi. Dúntekja hefur verið og er meðal dýrmætustu kosta hlunnindajarða að fornu og nýju. Dúnninn hefur jafnan verið eftirsótt vara og oft í mjög háu verði. Á hinn bóginn krefjast varplönd nákvæmrar umhirðu og mikillar vinnu. Dúnhreinsun var og erfitt verk og seinunnið, en á síðari árum hafa hugvitsmenn fundið upp vélar, sem gjörbreytt hafa allri aðstöðu í þeim efnum. Æðarfuglinn er gæfur og spakur og verður því oft að sæta ágangi og árásum ránfugla og vargdýra. Slík árásarhætta eykst, þar sem byggð dregst saman eða leggst í eyði og vargfugli fjölgar.

Að sjálfsögðu hefur æðarfugl lengi verið alfriðaður með löggjöf, sbr. sérstaklega lög nr. 58 frá 1913, sem marka stærsta sporið í þessa átt, en áður giltu lög frá 1890 og tilskipun um veiði á Íslandi frá 1849. Einn helzti hvatamaður að setningu laganna frá 1913 var sr. Sigurður Stefánsson í Vigur, þingmaður Ísfirðinga.

Í athugasemdum, er fylgdu því frumvarpi, sagði m. a.:

„Hér er um einn hinn arðmesta og jafnframt skemmtilegasta atvinnuveg landsins að ræða, sem, ef vel er á haldið, getur átt mikinn þátt í efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar. Þess vegna er það líka sjálfsögð skylda löggjafarvaldsins að hlynna að honum á allan hátt.

Það er enginn efi á því, að koma má upp æðarvörpum á miklu fleiri stöðum á landinu en nú er reynt, en aðalskilyrði fyrir því er strönd friðun fugls og eggja.“

Núgildandi ákvæði um þetta efni eru í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 frá 1966. Í 9. grein þeirra laga eru ýmis sérákvæði sett æðarfugli til verndar, svo sem það, að frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til, ákvæði þess efnis, að lögreglustjórar skuli ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum og loks ákvæði, sem fjallar um nauðsynlegar aðgerðir ábúanda, sem koma vill á fót æðarvarpi í landareign ábýlisjarðar sinnar og fá það friðlýst. — Þá eru og í gildi lög um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu), þar

sem lagt er fé til höfuðs þessum skæðasta óvini æðarstofnsins í landinu. — Þrátt fyrir þessa lögvernd hefur æðarstofninum hnignað svo mjög á undanförnum árum, að eftirtekja hans er nú talin nema aðeins tæpum helmingi þess, sem hún hefur mest orðið, eða innan við 2000 kg árlega, en talið er auðvelt að koma henni yfir 4000 kg eða a. m. k. andvirði 20 milljóna króna á ári.

Á síðustu árum hefur vaknað áhugi manna til eflingar þessari nytsömu og þjóðlegu búgrein. Hefur nýlega verið haldinn stofnfundur félags um ræktun og verndun æðarfugls, svo sem greint hefur verið frá í blöðum. Þetta nýja félag hefur hlotið nafnið Æðarræktarfélag Íslands. Félagsmenn eru eigendur æðarbyggða og aðrir áhugamenn um þessi mál, og sýna samþykktir um fyrstu hlutverk félagsins, að myndarlega er af stað farið.

Tillaga þessi er flutt til að vekja athygli á þessum þarfa félagsskap og leita ráða, er verða mættu þessu málefni til eflingar og styrktar í framtíðinni.“

Nd. 50. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um hitun húsa með raforku.

Flm.: Jónas Pétursson, Friðjón Þórðarson, Ásberg Sigurðsson, Bjartmar Guðmundsson, Guðlaugur Gíslason, Óskar E. Levy.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir aukinni notkun raforku til húsahitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa. Stefnt skal að því að gera 5 ára áætlun um framkvæmd hitunarmálsins þannig, að innlendar orkulindir hiti hvert híbýli landsins að þeim tíma liðnum.

Greinargerð.

Íslendingar þurfa á mikilli hitaorku að halda í íbúðarhús og vinnustöðvar innanhúss. Landið er fremur kalt. Ísland hefur oft verið nefnt land elds og ísa. Er það þá tákn andstæðna. En í því felst það, að landið býr yfir mikilli orku. Orku eldstöðvanna ráðum við ekki við að nýta. En orku jarðhita og fallvatna nýtum við, og má því að vissu leyti segja, að hér ríki jafnvægi milli þarfa og möguleika að fullnægja þeim. Hér er jarðhitanotkun til húsahitunar mikil. En ekki að sama skapi notkun vatnsorkunnar í formi raforku. Það er skoðun flutningsmanna, að hér sé um að gera svo stórt þjóðhagslegt mál, að átaka sé þörf til að hrinda því áleiðis — og mæta þeim áhuga fólksins, sem sífellt fer vaxandi fyrir rafhitun, og þrýsta á aukinn hraða í framkvæmdum.

Það er einfalt mál að nota innlenda orku fremur en innflutta. Og þótt nýframkomin hækkun á olíu hafi enn aukið á hagkvæmni raforkunnar í samanburði við olíuhitun, þá er sú ekki ástæðan fyrir flutningi þessarar tillögu. Ærin ástæða var fyrir flutningi hennar áður. Líklegt er, að víðast, þar sem jarðhita er völ í nálægð byggðar, sé hitaveita eins hyggileg, en víða skortir jarðhitann. Þar þarf rafhitunin að koma. Á það skal lögð áherzla, að greiðslu fyrir olíuhita eru þeir fjármunir tapaðir Íslendingum að mestu, en greiðsla fyrir rafhitun er að verlegu leyti greiðsla á orkuveri og því hliðstæð greiðslu á bundinn sparifjárreikning, sem kemur síðar til ráðstöfunar.

Hér er lagt til að gera 5 ára áætlun um að koma rafhitun á, þar sem jarðhiti leysir ekki hitaþörfina. En hér eru ekki gefin fyrirmæli um framkvæmdamáta, en við teljum, að iðnaðarráðuneytið eigi að hafa forustuna, og með samstarfi við sveitarstjórnir og almenning og stjórnir rafveitna ætti þetta að vera auðvelt, svo stórfellt hagsmunamál er hér um að ræða.

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta framkvæma rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi. Sérstaklega skal rannsóknin beinast að því, hvernig háttað er raunverulegu jafnrétti karla og kvenna að því er varðar menntun, störf, launakjör og hvers kyns þátttöku í félagslegum verkefnum. Jafnframt skal kannað, hverjar breytingar á gerð þjóðfélagsins gætu stuðlað að því að auka jafnrétti manna. Að rannsókn lokinni skulu niðurstöður hennar birtar.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur víða um lönd verið fjallað mikið um jafnrétti manna í þjóðfélaginu, og hefur athyglin ekki sízt beinzt að ólíkri aðstöðu karla og kvenna. Umræður þessar hafa m. a. leitt til þess, að framkvæmd hefur verið rannsókn á þessum málum í ýmsum grannlöndum okkar, og hefur komið í ljós, að mikið skortir á, að um raunverulegt jafnrétti sé að ræða, m. a. fari því fjarri, að konur hafi raunverulegt jafnrétti til menntunar á við karla, launatekjur þeirra séu að jafnaði mun lægri en launatekjur karla, ef þær vinna utan heimilis, og þátttaka þeirra í opinberu lífi allt of lítil.

Einnig hér á Íslandi hafa þessi mál verið rædd af vaxandi kappi að undanförnu, og margt bendir til þess, að hér sé ástandið á ýmsan hátt enn lakara en í nágrannalöndum okkar. Hér skal minnt á nokkur dæmi:

Veturinn 1969—70 stunduðu nám í öllum menntaskólum landsins 2400 nemendur. Af þeim voru stúlkur aðeins 850 eða rétt rúmlega þriðjungur.

Í Háskóla Íslands voru árið 1969—70 skráðir 1400 stúdentar. Af þeim voru 325 konur eða 23%.

Af þeim, sem stunduðu nám við Háskóla Íslands í fyrra, fengu 716 lán úr lánasjóði námsmanna, samkvæmt þeim lágmarkskröfum, sem hann hefur sett. Af þeim voru 96 konur eða 13%.

Nýlega hafa tvær konur, Edda Svavarsdóttir og Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, gert í Bankablaðinu grein fyrir skipan karla og kvenna í launaflokka í öllum bönkum landsins. Þar reyndust vera 979 starfsmenn, 525 konur og 454 karlar. Í fimm kauplægstu flokkunum reyndust konur vera í yfirgnæfandi meiri hluta, en í efri flokkunum voru karlar í þeim mun stærri meiri hluta sem ofar dró, unz þeir voru einir í þeim efsta. Samt var meðalstarfsaldur kvenna í bönkunum hærri en meðalstarfsaldur karla.

Alkunnar eru þær staðreyndir, að á Alþingi Íslendinga situr aðeins ein kona og tiltölulega mjög fáar í sveitarstjórnum, að ekki eru liðnar nema nokkrar vikur síðan kona var í fyrsta skipti skipuð ráðherra á Íslandi, að fyrsta konan var skipuð prófessor við Háskóla Íslands á síðasta ári, að engin kona gegnir sendiherrastarfi eða öðrum æðstu embættisstörfum í þjóðfélaginu.

Þessi atriði, sem hér hafa verið rakin, gefa vísbendingu um, að mikið skortir á um raunverulegt jafnrétti karla og kvenna í þjóðfélagi okkar. Hins vegar væri fróðlegt, að þetta viðfangsefni yrði kannað gaumgæfilega, m. a. væri þarflegt að fá heildarvitneskju um launakjör kvenna og hvernig þeim er skipað í flokka í því starfsmati, sem kaupsamningar bera með sér. Því er þessi tillaga flutt. Við framkvæmd hennar væri hægt að hafa gagn af hliðstæðum könnunum, sem framkvæmdar hafa verið annars staðar á Norðurlöndum, og raunar væri athyglisvert að fá nokkra vitneskju um það, hvar við erum á vegi staddir í samanburði við þau þjóðfélög, sem eru okkur skyldust.

Nd. 52. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Magnús H. Gíslason, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó skulu tilraunir um innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu.

2. gr.

Í stað „⅓“ í 3. gr. laganna komi: ⅗.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 25 milljónum króna á ári.

Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitsgerðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir, þegar fjárveitinganefnd gerir tillögur sínar til Alþingis um framlag til sjóðsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi, og var ekki meiri áhugi þá á framgangi þess hjá stjórnarflokkunum en svo, að það var aldrei afgreitt úr nefnd. Nú er það endurflutt með lítils háttar breytingum.

Samkvæmt gildandi lögum má ekki veita í styrk nema ⅓ af því fé, sem ráðstafað er á hverju ári. Við teljum þessa heimild of þrönga og leggjum til, að þetta hlutfall breytist í ⅗, með tilliti til þess, að sjóðurinn rynni í vaxandi mæli til tilraunastarfsemi og uppbyggingar sláturhúsa. Við leggjum enn fremur til, að framlag ríkissjóðs verði a. m. k. 25 milljónir á ári í stað 20 í fyrra frumvarpi. Að öðru leyti skýrir frv. sig sjálft.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum í desember 1966. Stofnframlag ríkissjóðs var 50 milljónir króna, sem skyldu greiðast á fjórum árum. Fyrsta greiðslan fór til að greiða upp í þann halla, sem varð á útflutningssjóði 1966. Stofnfé sjóðsins var því raunverulega aldrei nema 30 milljónir króna.

Miðað við þau verkefni, sem sjóðnum eru ætluð lögum samkvæmt, ná þeir fjármunir skammt, sem til umráða eru, og því mikið nauðsynjamál að efla hann nú.

Það hefur komið glöggt fram á liðnum árum, hvað bændur eru vanbúnir að mæta misjöfnu veðurfari, þrátt fyrir mikla ræktun og góðan tæknibúnað víðast hvar.

Í miklum óþurrkum, eins og voru sumarið 1969, stórskemmdist og eyðilagðist mikið af heyi í stærstu landbúnaðarhéruðum landsins. Og nú á haustnóttum horfa margir bændur upp á að verða að skerða bústofn sinn og það verulega vegna kalskemmda og sprettuleysis á liðnu sumri. En þrátt fyrir kalda veðráttu spratt víðast hvar grænfóður, a. m. k. hafrar, væri þeim sáð nógu snemma.

Það er ekki mál bændanna einna, eins og sumir telja, hvernig til tekst með öflun fóðurs handa búpeningi landsmanna og hvernig gæði fóðursins eru. Gæði afurðanna eru mest undir því komin, hvernig fóðrið er, og enginn vafi leikur á því, að það hefur veruleg áhrif á heilsufar þjóðarinnar, að þessi þáttur framleiðslunnar, fóðuröflunin, sé í sem beztu lagi.

Við hljótum að stefna að því að gera innlenda fóðuröflun árvissa, en þá þurfum við að breyta henni frá því, sem nú er, eða vera við því búnir, þegar veðurfar eyðir gróðri úr túnum, eins og skeð hefur víða um land á síðustu árum. Og það er ekki síður áríðandi að finna leiðir til þess, að það sé ekki háð veðurfari, hvert fóðurgildi fóðursins er hverju sinni.

Þar sem afkomuöryggi landbúnaðarins og gæði búvaranna byggjast fyrst og fremst á þessum tveim þáttum, verður ekki séð, að önnur verkefni sé meira aðkallandi fyrir þjóðina að leysa. Og þar sem tilgangur Framleiðnisjóðsins er að vinna að hagræðingu og framleiðniaukningu í landbúnaði, lítum við flutningsmenn svo á, að þótt mörg verkefni séu brýn, sem sjóðurinn þurfi að hjálpa til að leysa, þá eigi þessi verkefni að ganga fyrir öllu öðru.

Á þessum sviðum er mörgum spurningum ósvarað og verður ekki svarað á viðhlítandi hátt nema að undangengnum umfangsmiklum rannsóknum. Hraðþurrkun á heyi og grænfóðri er á byrjunarstigi. Margir bændur tengja við hana miklar vonir, ekki síst þar sem jarðhiti er fyrir hendi eða í næsta nágrenni. Sumir telja, að það muni einnig svara kostnaði að hraðþurrka hey og grænfóður með raf- eða olíuhitun. Það munu vera mörg atriði í þessu sambandi, sem þarf að kanna af gaumgæfni og gera samanburðartilraunir með til að fá ódýrustu lausnina fram. Reynist þessi heyverkun hagkvæm við venjuleg skilyrði, mun hún valda gjörbyltingu í landbúnaði okkar og skapa honum öryggi. Á sviði votheysverkunar þarf einnig að gera umfangsmiklar tilraunir með votheysgeymslur og tæknibúnað og fá samanburð á þessum verkunaraðferðum, hvað kostnað og gæði fóðursins varðar.

Áföllin, sem landbúnaðurinn hefur orðið fyrir síðustu árin, ættu að hafa aukið skilning almennings á því, hvað þá Alþingis, að nú þurfi að bregða við og leita eftir úrræðum til að koma í veg fyrir slík áföll, eftir því sem hægt er. Það verður ekki gert nema með víðtækum rannsóknum og leiðbeiningastarfsemi, sem kosta mikið fjármagn.

En til að tryggja það, að þær rannsóknir, sem ráðizt verður í, séu gerðar á skipulegan hátt og það fjármagn, sem til þeirra verður varið, nýtist sem bezt, komum við ekki auga á heppilegri eða eðlilegri leið, en að Framleiðnisjóður inni þetta hlutverk af hendi, enda í fullu samræmi við tilgang hans, sbr. 1. grein laganna.

Með því stofnframlagi, sem ríkissjóður lagði fram til Framleiðnisjóðs, var ekki þess að vænta, að hann gæti valdið þeim verkefnum, sem í eðli sínu eru þannig vaxin, að hann ætti að sinna þeim, miðað við tilgang hans, markmið og þarfir. Óðaverðbólgan hefur minnkað framkvæmdamátt sjóðsins um meira en helming. Áföllin í landbúnaðinum síðustu árin kalla nú mjög á aukna starfsemi hans. Annars er hætt við, að heil byggðarlög leggist í auðn, verði tíðarfar með líkum hætti og síðustu árin og öflun fóðurs og verkun þess eins háð veðurfari og verið hefur.

Þau verkefni, sem sjóðurinn hefur aðallega sinnt fram að þessu, eru endurbygging sláturhúsanna og að koma upp mjólkurtönkum. Mörg sláturhúsanna eru í þannig ástandi, að þau uppfylla engan veginn þær kröfur, sem nú eru gerðar til slíkra húsa, miðað við kröfur erlendra aðila. Uppbyggingu sláturhúsanna og í sumum tilfellum endurbyggingu þarf að ljúka á fáum árum, en það verður ekki framkvæmanlegt, nema verulegur hluti þess fjármagns, sem til þess þarf, verði veittur í óafturkræfum framlögum. Að öðrum kosti mundi slík fjárfesting hækka kjötverðið til neytendanna óhæfilega mikið. Það þarf einnig að stuðla að því að ljúka sem fyrst tankvæðingu í öllum stærri mjólkurframleiðsluhéruðum landsins. Það mundi lækka flutningskostnað og auka hreinlæti.

Margt fleira mætti nefna, sem er þess eðlis, að Framleiðnisjóður ætti að veita því stuðning, væri hann þess megnugur. En þar sem þau viðfangsefni, sem hér hefur verið fjallað um, eru stór og aðkallandi og ekki líklegt, að öðru verði hægt að sinna að neinu ráði á næstunni, er ekki ástæða til að ræða um fleira að sinni.

Flutningsmönnum er ljóst, að það fjármagn, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða, er allt of naumt, þó að samþykkt verði sú fjárveiting til sjóðsins, sem gert er ráð

fyrir í frumvarpi þessu. En ekki þótti vænlegt til árangurs að gera tillögu um hærri upphæð, enda auðvelt að hækka hana, ef meiri hluti fæst fyrir því í meðförum þingsins.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er m. a. tryggi henni öruggan fjárhagsgrundvöll og kveði á um hljómleikaferðir hennar um landið. Stefnt skal að því, að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er tuttugu ára gömul. Hún var stofnuð af fjórum aðilum, þ. e. ríkinu, Reykjavíkurborg, Ríkisútvarpinu og Þjóðleikhúsinu, og starfaði um 10 ára skeið sem sjálfstætt fyrirtæki undir stjórn sérstaks hljómlistarráðs, sem framangreindir aðilar munu hafa kosið. Árið 1961 var stjórn hennar og rekstur falin Ríkisútvarpinu, en sömu aðilar hafa haldið áfram að skipta á milli sín kostnaði við rekstur hennar. Skiptingin milli þessara aðila mun nú vera þessi: Ríkið 36.6%, Reykjavíkurborg 21.4%, Þjóðleikhúsið 14% og Ríkisútvarpið 28%. Enginn skriflegur, bindandi samningur mun vera til um þessa skiptingu, og getur því hver aðilinn um sig dregið sig til baka, þegar honum þóknast. Óhætt er því að segja, að Sinfóníuhljómsveitin byggi á ótraustum fjárhagslegum grundvelli. Hún er orðin alldýrt fyrirtæki, og mun sennilega ekki fjarri lagi, að rekstrarkostnaður hennar á þessu ári verði 25—26 millj. kr. Á næsta ári mun hann verða nokkrum millj. kr. meiri sökum almennrar launahækkunar.

Það er vitanlega fjarri öllu lagi, að slík menningarstofnun sem Sinfóníuhljómsveitin er hvíli á svo ótraustum grunni og engin lög séu til um starfsemi hennar. Þá er mikilsvert að tryggja það, að fleiri landsmenn geti notið hljómleika hennar en þeir, sem búa í þéttbýlinu við Faxaflóa. Af þessum ástæðum er framangreind tillaga flutt.

Nd. 54. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Á eftir orðunum „þurrkvíar, kranar“ í síðustu málsgrein 4. gr. laganna komi: framkvæmdir til varnar mengun sjávar í höfnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mengun sjávar er vaxandi vandamál víða um heim. Má vera, að Íslendingar séu eitthvað betur settir í þessum efnum en sumar þjóðir aðrar. Þó er mengun sjávar

í mörgum eða ef til vill flestum höfnum landsins mjög áberandi. Stafar þetta af því, að frárennsli frá fiskvinnslustöðvum og fiskimjölsverksmiðjum er mjög víða veitt út í hafnirnar, auk þess sem víða hagar svo til, að frárennsli, sem fer í gegnum holræsakerfi viðkomandi byggðarlaga, er að mestu eða öllu leyti látið renna í höfnina. Veldur þetta víða óhóflegri og óviðunandi mengun sjávar í höfnum landsins.

Í flestum höfnum á sér stað löndun þess fisks, sem lagður er á land til vinnslu, og þá einnig afskipun þeirra afurða, sem úr aflanum eru unnar. Og þegar þess er gætt, að margar þær þjóðir, sem kaupa sjávarafurðir okkar, eru í vaxandi mæli að herða allar kröfur um aukið hreinlæti í sambandi við framleiðslu matvæla, sem þær leyfa innflutning á, er alveg augljóst, að ráða verður bót á því máli, sem hér um ræðir, enda sjálfsagt, að Íslendingar geri ráðstafanir til að firra sig öllum hugsanlegum aðfinnslum í sambandi við þessa helztu útflutningsframleiðslu sína. Sums staðar kunna framkvæmdir til varnar mengun sjávar í höfnum að vera litlum vandkvæðum bundnar, en annars staðar getur orðið um allfjárfrekar framkvæmdir að ræða. Telur flm. eðlilegt, að slíkar framkvæmdir sem hér um ræðir verði teknar inn í þann kafla hafnalaganna, þar sem tilgreindar eru þær framkvæmdir, sem styrkhæfar skuli teljast úr ríkissjóði.

Sþ. 55. Breytingartillaga [45. mál]

við till. til þál. um rannsókn og skipulag skelfisk- og rækjumiða á Breiðafirði.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við tillögugreinina bætist:

Jafnframt ályktar Alþingi, að leyfi til þessara veiða á Breiðafirði beri eingöngu að veita þeim útgerðarmönnum, sem búsettir eru við Breiðafjörð og landa aflanum þar til vinnslu.

Nd. 56. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Á eftir 3. málsgr. 42. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Fram skal fara ýtarleg rannsókn á framtölum 10% allra framtalsskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, sem hún setur. Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina, sem máli skiptir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi á síðastliðnum vetri, en náði þá ekki fram að ganga. Flutningsmenn telja jafnmikla nauðsyn á breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt nú sem þá. Þess vegna er þetta frumvarp endurflutt. Í greinargerð frumvarpsins var gerð grein fyrir nauðsyn þess, og er sú greinargerð endurprentuð hér á eftir:

Ekki orkar það tvímælis, að skattframtöl eru ekki svo örugg sem skyldi. Mikla nauðsyn ber til, að hér verði ráðin bót á, því að ekkert er fráleitara en að þeir heiðarlegu séu látnir greiða hærri gjöld en ella vegna hinna, er svíkja undan skatti.

Með þessu frv. er lagt til, að breytt verði um vinnuaðferð við úrvinnslu á framtölum. Er það skoðun flutningsmanna, að þessi aðferð muni reynast örugg í framkvæmd, ef henni er fylgt svo eftir sem hér er lagt til. Auk þess mætti með því að nota þessa vinnuaðferð draga verulega úr kostnaði við endurskoðun á skattframtölum frá því, sem nú er, enda væri þá hætt óþörfum og þýðingarlausum bréfaskriftum, svo sem nú eiga sér stað.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um leit að bræðslufiski.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Bjarni Guðbjörnsson, Magnús H. Gíslason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta efla skipulega leit og rannsóknir ásamt veiðarfæra- og veiðitilraunum í því skyni að auka veiðar á bræðslufiski og gera þær veiðar fjölþættari.

Athugunum þessum verði einkum beint að loðnu, kolmunna, spærlingi og sandsíli.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfiðlega hefur gengið að afla síldarverksmiðjunum hráefnis og láta rekstur þeirra bera sig.

Síldin hefu reynzt okkur Íslendingum eins og fleirum harla duttlungafull. Fyrrum var mokafli árum saman úti fyrir Norðurlandi. Seinna bauð hún Sunnlendingum blíðu sína. Og Austurland hefur sannarlega ekki farið varhluta af atlotum síldargangna. Hvarvetna hafa menn tekið opnum örmum á móti ævintýrinu. Verksmiðjur hafa verið reistar, fyrst vestra og nyrðra, þá syðra og loks í síðustu og stærstu hrotunni við nálega hverja höfn á Austfjörðum.

Við þessar tilfærslur síldveiðanna á milli landshluta hefur orðið vandræðaástand í rekstri síldarverksmiðjanna. Viðleitni til bjargar hefur verið þríþætt. Vélar hafa verið fluttar frá eldri verksmiðjum landshluta í milli og settar upp á nýjum stöðum. Eftir hefur staðið mikill hluti mannvirkjanna ónýtanlegur, og atvinnulíf viðkomandi staða hefur lamazt. Reynd var útgerð verksmiðjuskips, Hærings. En sú tilraun fór út um þúfur. Loks voru fengin stór skip til flutninga af fjarlægum miðum. Við það björguðust töluverð aflaverðmæti og nokkrar stærstu verksmiðjurnar fengu hráefni þar til síðustu 2—3 árin, að veiði síldar í bræðslu hefur nær engin orðið. Margar verksmiðjur höfðu hins vegar engin not af flutningum þessum, og þeir urðu yfirleitt mjög dýrir. Vafalaust verður þeim þó haldið áfram í einhverri mynd, þegar síld veiðist á fjarlægum miðum, en þó innan þeirra endimarka, að flutningar þyki framkvæmanlegir.

En hafið er auðugt. Fiskimiðin umhverfis Ísland bjóða upp á ýmsa möguleika. Og því fer fjarri, að þeir hafi allir verið kannaðir til nokkurrar hlítar.

Í Ægi, riti Fiskifélags Íslands, 3. hefti 1969, birtist grein eftir Jakob Jakobsson fiskifræðing og nefnist **Bræðslufiskur.** Í inngangsorðum víkur Jakob að hráefnaskorti síldarverksmiðjanna, en ræðir síðan möguleika á aukinni hráefnisöflun.

Fiskifræðingurinn telur líklegt, að unnt sé að stunda loðnuveiði miklu lengur á ári en nú er gert og þá einnig á öðrum veiðisvæðum og á þeim árstímum, þegar loðnan er feitust og gefur mestar afurðir.

Þá er rætt um þrjár aðrar fisktegundir, spærling, sandsíli og kolmunna, og komizt að þeirri niðurstöðu, að þær megi allar nýta sem bræðslufisk, ef að líkum láti. Væri hér um fjölþætta möguleika að ræða, þar sem spærlingur og kolmunni mundu væntanlega veiðast hvor á sínu hafsvæði og á mismunandi árstímum, en sandsílið sennilega veiðanlegt á grunnsævi víðsvegar um landið.

Í niðurlagi greinar sinnar kemst Jakob Jakobsson svo að orði, að „til þess að vel takist til um slíka nýbreytni, þarf samstillt átak í rannsóknum, fiskileit og veiðarfæratilraunum.“ Ætti að mega vænta þess, að allir þeir, er hugleiða þessi mál, komist að sömu niðurstöðu. Hér eru svo fjölmörg atriði ókönnuð, að nauðsyn slíkra aðgerða er óumdeilanleg.

Í erindi, sem Þórður Þorbjarnarson, Ph. D., forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, flutti á ráðstefnu um vinnslu sjávarafurða 1967 og síðar var sérprentað, er og fjallað um hugsanlega vinnslu allra þessara fisktegunda. Af því má sjá, að það eru fleiri en fiskifræðingar, sem komið hafa auga á gildi þess að auka fjölbreytni í veiðum bræðslufisks. En samræmdar meiri háttar könnunaraðgerðir á vegum hins opinbera hafa ekki átt sér stað enn.

Þjóðhagslegt gildi þess, ef takast mætti að nýta í miklum mæli nú ónotaða afkastagetu síldarverksmiðjanna og veita þar með fjölda manna arðbæra atvinnu og auka útflutningsframleiðsluna, ætti að vera augljóst hverjum manni.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja því einsýnt, að hefjast beri handa um þær aðgerðir, sem í tillögunni greinir, og þá að sjálfsögðu á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, sem nú annast fiskileit Íslendinga. Flutningsmenn leggja áherzlu á, að vart er hugsanlegt, að einstakir útgerðarmenn eða félög ráðist í áður óþekktar veiðar, þar sem allar líkur eru á að veiðarnar yrðu ekki arðvænlegar fyrr en að fenginni talsverðri reynslu og eftir að lagt hefði verið í verulegan kostnað. Að svo miklu leyti sem aðstaða er ekki fyrir hendi á skipum Hafrannsóknastofnunarinnar, þyrfti af þessum ástæðum að gera út fiskiskip með stuðningi hins opinbera til þess að kanna, hvaða veiðiaðferðir hentuðu bezt og hver grundvöllur væri fyrir veiðum á þeim fisktegundum, sem tillagan fjallar um, öðrum en loðnunni. Að fengnum jákvæðum niðurstöðum væri svo unnt að hefja almennar veiðar og fyrr ekki.

Flutningsmennirnir leggja sérstaka áherzlu á það, að aðgerðir þær, sem þingsályktunartillagan fjallar um, verði eigi framkvæmdar á kostnað annarrar fiskileitar. Þorsk- og síldarrannsóknum ber t. d. að þeirra dómi að sinna af fullum krafti og efla rannsóknir og leita að öðrum stofnum, svo sem rækju, humar og skelfiski, svo að dæmi séu nefnd. Mun það mála sannast, sem sagt hefur verið, að langarðbærasta fjárfestingin, sem hugsanleg er til aukinna fiskveiða, sé vel skipulögð fiskileit ásamt tilheyrandi rannsóknum og veiðarfæratilraunum. Því hagga ekki sveiflur þær, er ætíð verða á aflamagni milli ára eða einstakra vertíða.

Ed. 58. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nm. til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. (AJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 21. okt. 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Björn Jónsson.	Einar Ágústsson.	Sveinn Guðmundsson.

Nd. 59. Frumvarp til laga [57. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 1967.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Stefán Valgeirsson, Magnús H. Gíslason, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Við 71. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Orkusjóður skal endurgreiða vexti af lánum þeim, er sveitarfélög eða einstaklingar hafa tekið — eða kunna að taka — og endurlánað héraðsrafmagnsveitum í því skyni að flýta fyrir dreifingu raforku um heimabyggð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í orkulögunum er gert ráð fyrir því, að notendur raforku í sveitum greiði svonefnd heimtaugargjöld, um leið og bústaðir þeirra eru tengdir samveitum.

Á síðari árum hefur sá siður komizt á, að væntanlegir rafmagnsnotendur í sveitum taki í ýmsum tilvikum sjálfir lán til þess að standa undir byggingarkostnaði dreifilínanna að hluta. Hafa menn því orðið að greiða sjálfir fulla vexti af þeim lánum, auk þess sem þeir greiða heimtaugargjöld eins og aðrir.

Af þessu hefur hlotizt mikið ósamræmi, sem telja verður með öllu óviðunandi. — Flutningsmenn þessa frv. telja það eitt eðlilegt, að hér sitji allir við sama borð og greiði fyrir dreifilínurnar aðeins þau gjöld, er orkulögin ætla öllum að greiða.

Samkvæmt niðurlagi 71. gr. orkulaga er Orkusjóði ætlað að greiða hluta kostnaðar við dreifilínur. Flutningsmönnum virðist það eftir atvikum eðlilegt að ætla sjóðnum einnig að greiða þau vaxtagjöld, sem frv. þetta fjallar um.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Gísli Guðmundsson, Magnús H. Gíslason, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að athuga vöruflutninga landsmanna og gera tillögur um bætta skipan þeirra.

Stefna ber að því að gera flutningakerfið sem hagkvæmast og hraðvirkast án óhæfilegs tilkostnaðar. Leita skal leiða til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þeim efnum, eftir því sem við verður komið.

Greinargerð.

Ekki þarf orðum að því að eyða, hversu greiðar og öruggar samgöngur eru mikilsverður þáttur í nútíma þjóðfélagi.

Íslenzka ríkið ver miklum fjárhæðum til vega, flugvalla, hafna og annarra samgöngumannvirkja. Ýmsir þættir samgangna njóta beinna styrkja úr ríkissjóði. Og aðrir, t. d. strandferðirnar, eru reknar af ríkinu.

Miklar sviptingar hafa orðið í samgöngumálum Íslendinga síðustu áratugina. Gildir það einnig um þann þáttinn, sem þessi tillaga fjallar um. Má minna á eftirfarandi:

Fastar áætlunarferðir millilandaskipa frá nokkrum helztu viðskiptaborgum Íslendinga til hinna ýmsu hafna víðsvegar á landinu eru lagðar niður að mestu.

Strandferðaskip, sem sérhæfð eru til vöruflutninga, leysa af hólmi eldri skip, sem önnuðust jöfnum höndum flutning farms og farþega.

Teknir eru upp í allstórum stíl vöruflutningar með bifreiðum héraða í milli og landshluta.

Hafnir eru vöruflutningar með flugvélum, bæði innanlands og landa í milli.

Þegar þetta er haft í huga, þarf engan að undra, þótt skipan þessara mála sé nokkuð laus í reipunum um þessar mundir og þurfi íhugunar við.

Eins og fram kemur í tillögugreininni, telja flutningsmenn, að gera þurfi hvort tveggja, auka hagkvæmni í vöruflutningunum sjálfum og finna leiðir til jöfnunar á flutningskostnaði.

Hið síðarnefnda hefur þegar verið framkvæmt að nokkru, að því er varðar tiltekna vöruflokka, svo sem olíur og benzín, tóbak og áfengi og tilbúinn áburð. Og minna má á það, að flutningskostnaður á innlendum landbúnaðarvörum er yfirleitt jafnaður út. Þannig eru t. d. mjólk og mjólkurvörur seldar á sama verði í Reykjavík og í næsta nágrenni mjólkurbúanna, jafnvel þótt flytja þurfi norðan frá Akureyri. Telja flutningsmenn þessarar tillögu réttmætt og eðlilegt að jafna á líkan hátt kostnað við aðra flutninga margs konar.

Með margvíslegu móti má stuðla að aukinni hagkvæmni í vöruflutningum innanlands. Sumar þjóðir, t. d. Vestur-Þjóðverjar, hafa beinlínis komið í veg fyrir tiltekna flutninga, sem þeir töldu þjóðhagslega óhagkvæma. Vissulega má hér miklu til leiðar koma án þess að grípa til svo róttækra aðgerða. Skal þó ekkert fullyrt um það fyrir fram, hvort slíkt kynni að reynast réttmætt undir einhverjum kringumstæðum.

Atvinnuhættir, landslag og búseta fólksins í strjálbýlu landi valda því, að flutningar allir eru, eins og nú er háttað, misjafnlega dýrir fyrir atvinnuvegina og heimilin. Fyrir því er það brýn nauðsyn að gera allt, sem unnt er, til þess að gera þá byrði sem léttbærasta og jafna henni á landsfólkið.

Ed. 61. Frumvarp til laga [59. mál]

um sölu á íbúðum, sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Enginn, sem keypt hefur íbúð af Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem byggð er af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar, má selja hana, nema Húsnæðismálastofnunin hafi áður hafnað forkaupsrétti, og ekki framleigja nema með leyfi hennar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram.

En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt þessari mgr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur Húsnæðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð stofnuninni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði samkvæmt þessari mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari stofnuninni hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Þegar Húsnæðismálastofnun ríkisins neytir forkaupsréttar skv. framansögðu, skal hún endurselja íbúðirnar láglaunafólki í verkalýðsfélögum.

2. gr.

Þegar íbúðir, sem byggðar hafa verið samkvæmt ákvæðum laga um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, hafa verið seldar einstaklingum og lán frá ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi hafa verið a. m. k. eins hagstæð eða hagstæðari en lán, sem veitt voru til íbúða, sbr. 1. gr. laga þessara, skal hlutaðeigandi sveitarstjórn eiga forkaupsrétt með sama hætti og Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur við frjálsa sölu eða við nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. Um kaupverð íbúða þessara gilda og ákvæði 1. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins var numin úr gildi heimild ríkisstjórnarinnar til þess að láta byggja íbúðir fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögum í samvinnu við sveitarfélög, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 97 22. des. 1965, sbr. og 3. tl. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 9. júlí 1965.

Í ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 30 frá 1970 er hins vegar gert ráð fyrir, að byggingaframkvæmdir ríkisins og Reykjavíkurborgar, samkvæmt áðurnefndum lögum frá 1965, geti haldið áfram, unz áætluðum framkvæmdum við byggingu 1250 íbúða er lokið. Byggingaframkvæmdir samkvæmt þessum ákvæðum hafa ekki hafizt annars staðar en í Reykjavík.

Þar eð lög nr. 30 frá 1970 gera ekki ráð fyrir byggingum ríkisins og sveitarfélaga samkvæmt framanskráðu, þótti ekki við hæfi að fella ákvæði laga nr. 8 frá 1968 um sölu slíkra íbúða inn í lögin. Talið var eðlilegra að setja sérstök lög um sölu þessara íbúða.

Ákvæði þessa frumvarps eru samhljóða ákvæðum þeim, sem voru í lögum nr. 8 frá 1968, sbr. og hliðstæð ákvæði, sem gilda um sölu verkamannabústaða, sbr. 26. gr. laga nr. 30 12. maí 1970.

Um íbúðir, sem byggðar eru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, gilda mjög hagstæð lánakjör, sem munu ekki vera lakari en þau, sem hið opinbera veitir í sambandi við íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Þykir því eðlilegt, að sömu ákvæði gildi um þær íbúðir.

Ed. **62. Frumvarp til laga** [60. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963, sbr. l. nr. 24 20. maí 1969.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Helgi Bergs, Bjarni Guðbjörnsson.

1. gr.

a) a-liður 19. gr. laganna orðist svo:
Vegir að öllum býlum, sem eru yfir 200 metra langir frá þjóðvegi.
b) Síðasta málsgr. falli niður.

2. gr.

a) Á eftir orðunum „andvirði þriggja" í 21. gr. laganna komi: eða fjögurra.
b) Næstsíðasti málsliður sömu lagagreinar orðist svo:
Sýslunefnd ákveður hámarksgjald viðkomandi sýslu, og reiknar sýslumaður út gjald hvers hrepps o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Ástæðan fyrir því, að frv. þetta er flutt, er m. a. sú, að verkefni sýsluvegasjóða hafa stórum aukizt á þessu ári, þar sem sýsluvegir hafa lengzt um 653.3 km.

Vegalögin frá 1963 gerðu svo ráð fyrir, að allir vegir, sem þá voru í þjóðvegatölu, yrðu það áfram næstu 5 ár, eða til ársloka 1968, en að þeim tíma liðnum skyldu þeir vegir, sem ekki samrýmdust þeim reglum, sem gilda um þjóðvegi, teljast til sýsluvega, og á þann hátt bættust í tölu sýsluvega 430.1 km. Þar að auki var vegalögum breytt þannig, að hliðarvegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum, heilsuhælum og orkuverum skyldu teljast til sýsluvega í stað landsbrauta áður. Á þennan hátt bættust 223.2 km í sýsluvegatölu, en þeim fylgir 1 millj. króna frá vegasjóði á ári hverju til endurbyggingar og viðhalds. Lengd sýsluvega er því orðin 2795 km, en framlög til þeirra árið 1968 voru áætluð 21 201 032 kr., bæði til nýbyggingar og viðhalds.

Þjóðvegakerfið, þ. e. hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, er sem næst 8712 km, en til þeirra er veitt til nýbyggingar og viðhalds á þessu ári 320.1 millj. kr. eða sem næst 36 000 kr. á km, og má ekki minna vera. Það gefur auga leið, þar sem sýsluvegasjóðir hafa sem næst 5 sinnum minna fjármagn en þjóðvegir miðað við km, að hlutur þeirra er stór, og mun frv. þetta, ef að lögum verður, bæta nokkuð úr brýnustu þörfum.

Í vegalögum segir um sýsluvegi, að þeir megi eigi vera styttri en 200 metra og eigi ná nær býli en 200 metra. Hér gætir mikils misræmis, því að sá, sem býr við þá aðstöðu, að vegur hans er allt að 399 metra langur, verður að kosta allan veginn sjálfur, en hinn, sem býr við veg, sem er t. d. 400 metra eða lengri, kostar aðeins 200 metra vegagerð. Hér getur mismunurinn orðið býsna mikill á kostnaði, jafnvel nokkuð á annað hundrað þúsund krónur. Varla getur talizt sanngjarnt að hafa svo mikinn aðstöðumun á milli heimila. Réttara virðist vera að jafna þeim kostnaði, sem af þessu misræmi leiðir, með því að láta félagsheildir bera þann mismun, eins og lagt er til í 1. gr. þessa frv., að sýsluvegasjóðir beri þann kostnað, sem er umfram 200 metra.

Þá er í 2. gr. frv. lagt til að heimila sýslunefndum að miða tekjur sýsluvegasjóðanna við andvirði fjögurra dagvinnustunda á íbúa í stað þriggja. Hækkun þessi getur talsvert greitt fyrir vegagerð sýsluveganna, því að mótframlag vegasjóðs samkv. 28. gr. vegalaga er ekki minna en tvöfalt á við tekjur þær, sem tiltækar eru heima

fyrir, á meðan vegir eru ekki fullgerðir. Sýslunefnd Dalasýslu óskaði eftir hliðstæðri breytingu á vegalögum og þeirri, sem hér um ræðir. Þótt svo virðist í fljótu bragði, að tillaga þessi auki útgjöld sveitarfélaga, þá þarf það ekki að vera alls staðar. Alþekkt er, að sýslu- og sveitarsjóðir taka lán til þess að flýta vegalagningu og standa undir vöxtum lánanna. Hugsanlegt er, að lántökur þessar hverfi, ef fjárráð sýsluvegasjóða batna, eins og hér er lagt til."

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um haf- og fiskirannsóknir o. fl.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera 5 ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskveiðaflotann.

Áætlunin sé gerð af sérfræðingum í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Áætlunina skal leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Alltaf skýrist betur og betur, að velmegun og efnalegt sjálfstæði þjóðarinnar veltur framvegis, sem fram að þessu, meira á því en öðru, að vel takist að hagnýta auðæfi hafsins og landgrunnsins.

Rétt er að gera sér grein fyrir því, að hagnýting hafsins og landgrunnsins verður að byggjast framvegis á þekkingu í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr. Menn verða að þekkja hafið, sem bezt má verða, og lífið í sjónum og á hafsbotninum.

Skynsamlegar fiskveiðar og önnur hagnýting sjávargæðanna, samhliða nauðsynlegri verndun þeirra auðæfa, sem í hafinu er að finna, hljóta í vaxandi mæli að byggjast á þekkingu, sem hverjum einstaklingi verður alveg ofviða að afla sér á eigin spýtur og eigin kostnað. Flm. vill leggja áherzlu á, að þetta á ekki aðeins við um rannsóknir á hafstraumum, hafsbotninum, fiskistofnum, stærð þeirra og öðru, sem snertir verndun þeirra og viðhald, heldur á þetta einnig við um sjálfar fiskveiðarnar. Ekki má horfa í að leggja fram það fé, sem þarf til þess að rannsaka hafið og lífið í sjónum, og einnig verður í vaxandi mæli að veita fiskiflotanum þjónustu við fiskileit og öflun þeirrar þekkingar, sem þarf við nýtízku fiskveiðar, en einstaklingum er um megn að kosta.

Æði mikið hefur verið unnið hér í þessa átt, og ber að meta það og virða mikils. Samt kemur allt af betur og betur í ljós, að það nær skammt og að því fer fjarri, að hægt hafi verið að kanna hafið og fiskistofnana sem skyldi eða veita fiskiflotanum þá þjónustu, sem þörf er á. Hér er því þörf nýrra stórátaka í þessum efnum.

Ný sókn verður að hefjast í landgrunnsmálinu og varðandi hafsbotninn, og koma þá nýir rannsóknarþættir til, sem verður að sinna. Það verður sem sé að efla rannsóknir í tengslum við landgrunnsmálið.

Okkur er lífsnauðsyn að vita, hvernig ástatt er um fiskistofnana og annað líf í sjónum, hvað má veiða, hvað þarf að vernda, og alltaf er að koma betur og betur í ljós, að nýtízku fiskiskipafloti þarf að styðjast við margs konar þjónustu, svo sem fiskileit, veiðitilraunir, veiðarfæratilraunir o. fl., ef fullur árangur á að nást. Aðkallandi verkefni í þessum greinum eru óþrjótandi.

Flm. er þeirrar skoðunar, að nú sé þörf úttektar á því, hvernig við erum á vegi stödd í þessum efnum, og hvers við þörfnumst, og leggur því til, að sérfræðingum verði nú falið að gera 5 ára áætlun um nauðsynleg verkefni á þessu sviði og verði

sú áætlun gerð í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. — Væri sú áætlunargerð hliðstæð því, sem nú hefur verið gert varðandi rannsóknir á vatnsaflinu. Það er sannfæring flm., að viðhorf allt sé nú svo gerbreytt orðið varðandi fiskistofnana og annað, sem í sjónum býr, fiskveiðarnar og möguleikana til þess að fá vitneskju um hafið sjálft og hafsbotninn, að skoða verði þessi rannsóknarmál frá nýjum sjónarhól og í nýju ljósi.

Nánar í framsögu.

Nd. 64. Frumvarp til laga [62. mál]

um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

I. KAFLI
Markmið skólans.

1. gr.

Hlutverk skólans skal vera að veita fræðslu í fiskiðnaði og útskrifa fiskvinnslufræðinga.

2. gr.

Að afloknu prófi hafa nemendur öðlast undirstöðukunnáttu, bóklega og verklega, til þess að geta tekið að sér verkstjórn, eftirlitsstörf, matsstörf, verkþjálfun, vinnuhagræðingu, stjórn fiskvinnsluvéla og önnur hliðstæð störf í fiskiðnaðinum.

3. gr.

Á vegum fiskiðnskólans skal starfsfólki í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins veitt almenn fræðsla með námsskeiðum eða á annan hátt um meðferð og vinnslu sjávarafurða.

II. KAFLI
Skipulagsatriði.

4. gr.

Skólinn skal vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra.

5. gr.

Ráðherra skipar 3 menn í skólanefnd til 4 ára í senn. Skal einn tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, einn tilnefndur af bæjarstjórn Vestmannaeyja og einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

III. KAFLI
Skólatími, inntökuskilyrði, námsefni.

6. gr.

Skólatími skal vera 3 ár, bóklegt nám á tímabilinu 1. sept. til 31. marz fyrstu tvö árin, verklegt nám á tímabilinu 1. apríl til 31. júlí og auk þess að loknu námi 12 mánaða verleg þjálfun í þeirri grein eða greinum, sem nemandi vill sérhæfa sig í.

7. gr.

Umsækjendur séu fullra 17 ára og hafi gagnfræðapróf eða hliðstæða bóklega menntun. Skólastjóra skal þó heimilt að veita undanþágu frá inntökuskilyrðum innan takmarka, sem skólanefnd setur.

8. gr.

Helztu bóklegar námsgreinar skulu vera: Fiskvinnslufræði, sem nái yfir greinar fiskiðnaðarins og vélbúnað hans, lög og reglur um fiskvinnslu og fiskmat, gæðaeftirlit og fiskmat, efnafræði og næringarfræði, gerlafræði og hreinlæti, fiskifræði og líffræði, eðlisfræði, stærðfræði, bókhald og skýrslugerðir, vinnuhagræðing, markaðsmál, framleiðslufræði og verkstjórn, og auk þess aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.

9. gr.

Helztu verklegar námsgreinar skulu vera: Meðferð á nýjum fiski, ísun, flökun, frysting, söltun, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, vinnsla lýsis úr lifur, fiskmat, vinnuhagræðing, meðferð og notkun fiskvinnsluvéla, og auk þess aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.

10. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi skólans skulu sett með reglugerð.

IV. KAFLI
Kostnaður.

11. gr.

Kostnaður við skólann skal greiddur úr ríkissjóði og fái nemendur ókeypis skólavist.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1971 og 1972 skulu á vegum skólans haldin námskeið, ef nægileg þátttaka fæst að dómi skólanefndar, fyrir starfandi verkstjórnarmenn í fiskiðnaðinum, þar sem þeim verði veitt aukin fræðsla í sambandi við starf þeirra í þeim greinum, sem skólanefnd telur nauðsynlegt. Námskeiðin skulu standa í þrjá mánuði á tímabilinu 15. sept. til 15. des. hvort ár.

Greinargerð.

Mikill áhugi er ríkjandi fyrir stofnun fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum. Hafa ýmsar stofnanir og einstaklingar þegar gefið allverulegt fé til kaupa á nauðsynlegum tækjum, áhöldum og greiðslu annars kostnaðar við að koma skólanum á fót. Er þessi áhugi Vestmanneyinga fyrir stofnun fiskiðnskóla þar eðlilegur. Vestmannaeyjar hafa um langan aldur, eins og kunnugt er, verið stærsta vélbátaútgerðarstöð landsins. Fiskiðnaður er þar meiri en í nokkurri einstakri útgerðarstöð annarri hér á landi. Útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Vestmannaeyjum nam árið 1969 920 milljónum króna og mun nú í ár verða nokkuð yfir einn milljarð króna. Sýnir þetta, að umsvif í fiskiðnaði eru þar mikil og áberandi meiri en í nokkurri verstöð annarri. Það er því eðlilegt, að Vestmanneyingar sæki það fast, að fyrsti fiskiðnskóli, sem stofnað verður til, verði þar staðsettur. Aðstæður allar eru þar fyrir hendi, að svo megi verða. Fiskvinnsla á sér þar stað samfellt allt árið, og munu fiskiðjuverin fá til úrvinnslu allar tegundir nytjafiska, sem til þekkist hér á landi. Fiskiðnaður er þar einnig mjög fjölbreyttur. Þar eru fimm hraðfrystihús, og eru fjögur þeirra í hópi hinna stærstu og bezt búnu hraðfrystihúsa hér á landi. Auk þess eru þar saltfiskverkunarstöðvar og þurrkhús fyrir saltfiskverkun, tvær stórar síldar- og fiskimjölsverksmiðjur, lifrarbræðsla, niðursuðuverksmiðja og síldarsöltunarstöðvar. Af þessu

má sjá, að þar er fyrir hendi aðstaða til framleiðslu allra tegunda sjávarafurða, sem Íslendingar framleiða til sölu á erlendum markaði.

Vestmanneyingar hafa alla tíð gert sér það ljóst, að aukin þekking og menntun í sambandi við fiskveiðarnar og fiskiðnaðinn er höfuðnauðsyn. Þar er nú starfandi stýrimannaskóli, sem útskrifar skipstjórnarmenn með fullum réttindum til skipstjórnar á fiskiskipum af hvaða stærð sem er, og fer aðsókn að skólanum árlega vaxandi, og hafa ávallt verið þar við nám menn hvaðanæva af landinu. Einnig er þar starfandi vélskóli, sem veitir full réttindi fyrsta og annars stigs vélstjóranámsins. Matsveinanámskeið hafa einnig verið haldin þar undanfarin tvö ár, og veita þau tiltekin réttindi lögum samkvæmt. Verður því að telja, að í Vestmannaeyjum sé þegar fyrir hendi aðstaða fyrir þá, sem vilja afla sér fullkominnar menntunar og réttinda í sambandi við fiskveiðarnar. Hins vegar er ekki nein aðstaða þar frekar en annars staðar fyrir þá, sem vilja afla sér aukinnar þekkingar og menntunar og einhverra réttinda í sambandi við fiskiðnaðinn, og telja Vestmanneyingar, að við svo búið megi ekki lengur una, og er áhugi þeirra á stofnun fiskiðnskóla þar af þeim rótum runninn. Og þegar fiskiðnskóla hefur einnig verið komið þar á fót, hefur mjög verið um það rætt að fella allar þær stofnanir, sem hér hefur verið rætt um, í eina heild, eina stofnun, að svo miklu leyti sem við verður komið, og yrði það án efa til fjárhagslegs sparnaðar í sambandi við aðstöðu og kennslu í bóklegum greinum. Er einnig rétt í þessu sambandi að geta þess, að forráðamenn fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum eru með í athugun að koma á fót fullkominni rannsóknastofu fyrir fiskiðnaðinn og mundi hún starfa í nánum tengslum við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Reykjavík.

Sú skoðun hefur komið fram, að fyrsti fiskiðnskólinn, sem stofnað verður til, þurfi að vera staðsettur í Reykjavík eða þéttbýlinu við Faxaflóa. Flm. telur, að slíkt sé ekkert afgerandi, nema síður sé. Sú skoðun er mjög að ryðja sér til rúms á hinu háa Alþingi, að þær menntastofnanir, sem með eðlilegum hætti verður við komið, skuli frekar staðsettar úti á landsbyggðinni heldur en í höfuðstað landsins eða þéttbýlinu við Faxaflóa, og má segja, að það sé grundvallaratriði í sambandi við hugmyndina um jafnvægi í byggð landsins. Verður að telja, að meðal annars hafi Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum sannað, að þessi skoðun er rétt, þar sem aðsókn að þessum skóla hefur farið árlega vaxandi, ekki síst af nemendum víðsvegar að af landinu. Og ef litið er á aðstöðu til stofnunar fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum, þá er hún þar öll fyrir hendi. Mjög góð aðstaða til bóklegs náms mun vera til reiðu. Aðstaða til verklegs náms er þar einnig fyrir hendi í hvaða grein fiskiðnaðarins sem er, í þeim fyrirtækjum, sem þar eru starfandi samfellt allt árið. Fullnægjandi rannsóknastofu fyrir skólann verður komið þar á fót. Og einnig er þar aðstaða til heimavistar fyrir þá aðila utan af landsbyggðinni, sem skólann vildu sækja.

Í öllum athugunum um stofnun fiskiðnskóla hér á landi hefur mjög verið stuðzt við upplýsingar, sem fengizt hafa um fiskiðnskólann í Vardö í Noregi. En skóli þessi er einmitt staðsettur á eyju norðarlega við Noreg, þar sem búa um 4 þús. manns, en á svæði, þar sem umsvif í fiskiðnaði eru einna mest og fjölbreyttust, og er ekki kunnugt um, að þetta hafi í nokkru háð þessum skóla. Mættu Íslendingar gjarnan feta í fótspor Norðmanna hvað þetta atriði snertir.

Nd. 65. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 68 12. maí 1970, um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

1. málsliður 1. efnismálsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal og greiða eigendum fiskibáta, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til úthalds fiskibáta frá og með 19. febr. 1969.

Greinargerð.

Eftir breytingu aflatryggingasjóðslaga 1969, þar sem tekin var upp ákveðin greiðsla upp í fæðiskostnað áhafna á fiskibátum, sem skylt er að skrá á, bar þegar á mikilli óánægju sjómanna á smærri bátum, sem eigi komu undir þessa reglu og kjarabót. Fannst þeim ranglátt, að þeir nytu ekki þessara fríðinda, þar sem viss hundraðshluti af útfluttum aflaverðmætum þeirra rynni til aflatryggingasjóðs jafnt og annarra. Til að minnka þetta misrétti samþykkti Alþingi á s. l. vori að greiða eigendum þilfarsbáta, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, 85 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann í fæðiskostnað, en reynslan hefur leitt í ljós, að mikið misrétti hélzt eftir sem áður, því að þilfar getur verið á bátum niður í 3—3.5 tn. stærð og 7—10 tn. trilla þilfarslaus, og sést af því, að þilfarsmarkið er næsta hæpið. Hér er því lagt til, að fæðispeningar verði greiddir, svo sem kveðið er á, til allra bátaáhafna, enda sé fullnægt öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í 17. grein aflatryggingasjóðslaganna um tryggingar og atvinnu af sjósókn.

Þar sem sjómenn á fiskibátum með þilfari fengu þessa kjarabót frá og með 19. febr. 1969, þykir rétt að miða leiðréttinguna nú við þann dag, svo að sjómenn á smærri bátunum sitji allir við sama borð.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um Útflutningsráð.

Flm.: Tómas Árnason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um Útflutningsráð, er hafi það hlutverk að efla íslenzka útflutningsstarfsemi og annast um útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Útflutningsráð verði sjálfstæð stofnun, skipað fulltrúum helztu samtaka íslenzkra útflytjenda og atvinnuvega. Viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar verði að hluta starfsmenn Útflutningsráðs.

Greinargerð.

Í nágrannalöndum okkar hefur verið komið á fót sérstökum útflutningsráðum til þess m. a. að greiða fyrir framleiðendum með sölu á framleiðsluvörum sínum á erlendum mörkuðum.

Að dómi flutningsmanna er hér um að ræða þýðingarmikið og tímabært málefni. Mjög er áríðandi að örva og efla útflutningsverzlun þjóðarinnar og finna

markaði fyrir vaxandi útflutningsframleiðslu, sérstaklega í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði. Með tilkomu markaðsbandalaga og aðildar okkar að EFTA vex nauðsyn á að tengja á lífrænan hátt framleiðslustarfsemi atvinnuveganna við erlenda markaði í þeim tilgangi að greiða fyrir sölu á framleiðsluvörum okkar. Ætla verður, að erfiðleikum sé bundið fyrir einstök fyrirtæki að standa fyrir markaðskönnun á erlendri grund. Hér þarf til að koma samstillt átak ríkisvaldsins og íslenzkra atvinnuvega.

Útflutningsráð færi fyrst og fremst með útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Á skipulegan hátt yrði unnið að því að afla markaða erlendis fyrir íslenzkar framleiðsluvörur. Útflutningsráð þyrfti að vera upplýsinga- og kynningarmiðstöð fyrir útflytjendur og atvinnuvegina. Það væri útflytjendum til ráðuneytis um verzlun og viðskipti milli landa. Þá hefði Útflutningsráð forgöngu um framleiðslu nýrra vörutegunda, sem ætla mætti að markaður væri fyrir eða möguleikar á að skapa nýjan markað fyrir.

Lagt er til, að Útflutningsráð verði sjálfstæð stofnun, skipuð fulltrúum helztu samtaka íslenzkra útflytjenda og atvinnuvega. Ef hagkvæmt þætti, gætu utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið einnig átt fulltrúa í Útflutningsráði.

Með því að Útflutningsráð verður sjálfstæð stofnun íslenzkra atvinnuvega, ætti að vera tryggður áhugi þessara aðila á stofnuninni.

Þá stæðu vonir til lífrænna starfs og þróttmeira, þar sem starfsemin sjálf og starfsmenn stæðu föstum fótum í atvinnulífinu, en hefðu jafnframt þekkingu á viðskiptamálum.

Starfsmenn Útflutningsráðs erlendis þyrftu ekki allir að vera fastir opinberir starfsmenn. Þeir yrðu að hafa trausta þekkingu á þörfum atvinnulífsins, verzlun og viðskiptum, en njóta jafnframt aðstoðar og fyrirgreiðslu utanríkisþjónustunnar.

Æskilegast væri, að viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar verði að hluta starfsmenn Útflutningsráðs og ráðnir til starfa í samráði við eða eftir tilnefningu ráðsins.

Flutningsmenn gera ekki tillögu um, hverjir eða hvernig afla skuli fjár til að greiða kostnað af störfum Útflutningsráðs. Þeir telja eðlilegt, að það mál verði sérstaklega athugað í samráði við þá aðila, sem hlut eiga að máli. Þó virðist eðlilegt, að þeir aðilar, sem standa að Útflutningsráði, greiði kostnað af starfseminni.

Ed. 67. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Í stað orðanna „lán að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar“ í 71. gr. laganna 2. tölulið komi: lán að upphæð allt að ¾ stofnkostnaðar.

2. gr.

Á eftir 2. tölulið 71. gr. laganna komi nýr töluliður þannig:

Að veita bændum og öðrum aðilum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota og svo eru í sveit settir sem um getur í 2. tölulið, óafturkræft framlag. Lán og framlag má nema samtals allt að 90% stofnkostnaðar vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg. Framlag skal veitt af eigin fé sjóðsins eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkisvaldinu ber að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum, að allir landsmenn, hvar sem þeir búa, geti sem fyrst átt kost á nægilegri raforku.

Mikill meiri hluti þjóðarinnar fær raforku frá samveitum. Rafmagnsveitur ríkis eða sveitarfélaga leggja rafmagnslínurnar, en notendur greiða heimtaugargjöld, sem nema aðeins litlum hluta stofnkostnaðar. Þeir, sem eru svo í sveit settir að eiga þess ekki kost að fá raforku frá samveitu, verða að afla hennar með því að reisa litlar rafstöðvar.

Samkvæmt orkulögum er heimilt að veita þeim, er koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum, lán úr Orkusjóði, að upphæð allt að 80% stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. En lán til þess að koma upp vatnsaflsstöð til heimilisnota er samkvæmt lögum takmarkað við 67% stofnkostnaðar rafstöðvar og línu heim að bæjarvegg. Vatnsaflsstöðvar eru þó fullkomnari og endast lengur en mótorrafstöðvar, ef virkjunarskilyrði eru sæmileg. Og víða þarf að leggja alllanga línu frá vatnsfalli, sem virkjað er, heim að bæjarvegg, en mótorrafstöð er yfirleitt hægt að reisa heima við bæ.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að leiðrétta þetta misræmi þannig, að lán út á vatnsaflsstöð megi nema allt að 75% stofnkostnaðar. Enn fremur, að heimilt verði að veita úr Orkusjóði óafturkræft framlag til þeirra vatnsaflsstöðva til heimilisnota, sem reistar eru utan þess svæðis, er héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, og að lán og framlag megi nema samtals allt að 90% af stofnkostnaði rafstöðvar og línu heim að bæjarvegg.

Sþ. 68. Fyrirspurnir. [66. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um undirbúning leirverksmiðju í Dalasýslu o. fl.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 13. febrúar 1957 um undirbúning leirverksmiðju í Dalasýslu o. fl.?

II. Til félagsmálaráðherra um Vesturlandsáætlun.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvenær má vænta þess, að Atvinnujöfnunarsjóður láti hefja gerð Vesturlandsáætlunar?

III. Til menntamálaráðherra um endurbætur á sjónvarpsmóttöku í Ólafsvík, Rifi, Hellissandi og nágrenni.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Jóni Árnasyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Hvað líður aðgerðum til úrbóta á móttöku sjónvarps í Ólafsvík, Rifi, Hellissandi, Arnarstapa og nágrenni þessara staða?

IV. Til samgönguráðherra um endurbætur á símasambandi milli Reykjavíkur og Vesturlands o. fl.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Jóni Árnasyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1) Er unnið að því að gera eða eru til áætlanir um endurbætur á talsímasambandi milli Reykjavíkur og Vesturlands?
2) Er fyrirhuguð sú breyting á gjaldskrá Landssímans, að eitt gjald gildi á Vesturlandi, þ. e. innan svæðis 93, svo sem er um innanbæjarsímtöl í Reykjavík og Hafnarfirði?

Nd. 69. Frumvarp til laga [67. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Flm.: Jónas Pétursson.

1. gr.

Ríkissjóður gefur út, til sölu innanlands, happdrættisskuldabréf í 5 flokkum, hvern að fjárhæð 40 milljónir króna á ári í 5 ár, samtals 200 millj. króna.

2. gr.

Happdrættisskuldabréfin, sem eru á handhafa og hvert að fjárhæð 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 5. gr.

4. gr.

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu, og vinningar eru skattfrjálsir.

5. gr.

Dregið skal um vinninga og þeim úthlutað 1. desember og 1. júní ár hvert samkvæmt eftirgreindri skrá, er gildir fyrir 5 flokka, samtals 20 útdrættir fyrir hvern flokk eða 100 útdrættir fyrir alla flokkana á 10 árum.

1	vinningur	500	þús.	kr.,	samtals	500	þús.	kr.
1	—	100	—	—	—	100	—	—
6	vinningar	25	—	—	—	150	—	—
15	—	10	—	—	—	150	—	—
100	—	5	—	—	—	500	—	—
123	vinningar				Samtals	1 400	þús.	kr.

Þannig verða á ári 1230 vinningar í öllum flokkunum, að fjárhæð samtals 14 millj. kr.

6. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið til að greiða kostnað af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 30 km kafli á Skeiðarársandi hindrar hringkeyrslu bifreiða um landið. Fá ár eru frá því bílfært varð í Öræfin að austan, þannig að nú fyrst er viðgangsefnið, að opna hringveginn, í fangi okkar. Og nú er að takast á við það og sigra.

Þessu máli hefur oft verið hreyft á Alþingi. Ég hef áður komið fram með þá tillögu, þó ekki á Alþingi, að afla fjár til þessa verkefnis með happdrætti. Við nánari athugun var staðnæmzt við þá leið, sem í frv. þessu er mörkuð. Ríkið gefi út happdrættisskuldabréf, 5 flokka á 5 árum, 40 milljónir árlega, í 1000 kr. bréfum, þ. e. samtals 200 milljónir til 10 ára. Vextir eru greiddir í happdrættisvinningum, en stofnverð bréfanna verður endurgreitt eftir 10 ár. Fyrirmyndin er frá happdrættislánum ríkissjóðs, sem voru í gangi fyrir nokkrum árum.

Lagt er til, að farið sé út á þessa braut vegna vissunnar um það, að fjöldi Íslendinga skilur mikilvægi þessa máls og vill styðja það eftir mætti. Þarfirnar á fjármagni í samgöngukerfið — vegakerfið yfirleitt — eru svo miklar, að ég tel sjálfsagt að reyna hér afbrigðilega leið, þar sem leitazt er við að njóta áhuga fólks og ná þannig fjármunum til glæsilegs og nauðsynlegs átaks, fjármunum, sem ella kynnu að renna til miður nauðsynlegra hluta, að einhverju leyti a. m. k.

Þeirri mótbáru verður vafalaust hreyft, að nú standi yfir rannsókn á Skeiðarársandi, garðar hafi verið byggðir og beðið sé hlaups í Skeiðará.

Verkið verður ekki unnið á einu ári og ekki tveimur. En ég held, að flestum sé að verða ljóst, að það **kemur vegur og koma brýr** þessa leið. Rannsóknir á Skeiðará halda áfram, meðan unnið er vestan til á sandinum að því að brúa Núpsvötn, Súlu og Sandgígjukvísl og byggja veginn í áttina að Skeiðará. Og þegar staðnæmzt verður á bökkum Skeiðarár, beggja vegna, þá **verður** það torleiði sigrað. Vesturvötnin eru ekki öllu erfiðari viðfangs en önnur jökulfljót, sem þegar hafa verið brúuð í Austur-Skaftafellssýslu. Skeiðará er mesta viðfangsefnið. Það leysa verkfræðingar okkar og hafa til þess einlægan stuðning svo til allra landsmanna. Fjármagnsleið happdrættislánsins er sett fram í trú á skilning og áhuga fólksins almennt á þessu stórfellda hagsmuna- og framfaramáli allra Íslendinga.

Áætlunartölur eru enn ekki til um kostnað þessara framkvæmda, en e. t. v. ágizkunartölur. En víst er, að happdrættislán þetta mundi draga langt, að hringvegurinn opnaðist.

Það yrði einhver stærsta sigurstund.

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um iðnþróunaráætlun fyrir næsta áratug.

Flm.: Helgi Bergs, Einar Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Þórarinn Þórarinsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um iðnþróun í landinu fram til ársins 1980. Áætlunin skal miða að því að gera grein fyrir, hvernig skapa megi sem arðbærust viðfangsefni ört vaxandi þjóð innan þeirra ramma, sem auðlindir hennar og framkvæmdageta leyfa.

Til undirbúnings áætlunargerðinni skal fara fram sérfræðileg, kerfisbundin könnun á því, hvaða iðngreinar hafi beztan starfsgrundvöll og henti bezt aðstæðum í landinu yfirleitt og einstökum landshlutum sérstaklega. Einnig skulu dregnar saman niðurstöður þeirra athugana á möguleikum til stóriðju (orkufreks iðnaðar), sem fram hafa farið á vegum stjórnvalda, í því skyni að skapa heildaryfirlit yfir þá möguleika, sem fyrir hendi eru á því sviði, og innbyrðis samhengi þeirra.

Þá séu athugaðar og metnar þær aðgerðir af hálfu löggjafans og stjórnvalda, sem til greina koma til að efla iðnþróun og stýra henni í þær stefnur, sem hagkvæmastar teljast samkvæmt því mati, sem í áætluninni felst. Einnig skal höfð hliðsjón af þeim aðferðum, sem aðrar þjóðir beita í þessu skyni, og reynslunni af þeim.

Iðnþróunaráætlunin verði lögð fyrir Alþingi og birt þjóðinni svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Það er skoðun okkar framsóknarmanna, að mikla nauðsyn beri til þess, að íslenzka þjóðin geri sér glögga grein fyrir því, af hvaða atvinnurekstri hún ætlar að lifa í framtíðinni. Miklar breytingar í atvinnuháttum eiga sér nú stað og eru fram undan á næstu árum, og það getur orðið mjög afdrifaríkt, ef ákvarðanir, sem teknar eru í því sambandi, eru ekki byggðar á traustum grunni.

Þetta á að sjálfsögðu ekki við um iðnaðinn einan, heldur einnig aðrar atvinnugreinar, en flestir munu þó sammála um, að það sé á sviði iðnaðarins, sem flesta nýja möguleika sé að finna. Íslenzka þjóðin er í örum vexti. Fyrir nokkrum árum birti Efnahagsstofnunin áætlun um fjölda atvinnufólks á næstu áratugum, og var niðurstaða hennar sú, að á árinu 1970 yrði fjöldi þess 82 þúsund, 1980 yrði hann 100 þúsund, 1990 119 þúsund og árið 2000 146 þúsund. Á næsta áratug má því gera ráð fyrir, að á vinnumarkaðinn bætist um 18 þúsund manns, auk þess sem gera verður ráð fyrir framleiðniaukningu í þeim atvinnugreinum, sem nú eru stundaðar. Ný störf þurfa því að verða til fyrir miklu fleiri en þessi 18 þúsund.

Það ber því að fagna því, að skilningur og samstaða virðist ríkja um það meðal þjóðarinnar, að hraða þurfi iðnþróuninni í landinu. Á hinn bóginn verður ekki sagt, að sama samstaða ríki um það, með hvaða hætti skuli að því unnið. En við stöndum nú á tímamótum. Við höfum gerzt aðilar að EFTA. Þegar sú aðild var til umræðu, gagnrýndum við framsóknarmenn það, að ekki skyldi þá þegar hafa verið gerð iðnþróunaráætlun af því tagi, sem hér er lagt til að gera. Okkur virtist eðlilegt að tengja þetta tvennt saman, því að auðvitað er aðild okkar að samtökum um fríverzlun með iðnaðarvörur meiningarleysa, ef hún miðar ekki að hraðri iðnvæðingu landsins.

Bygging stórrar verksmiðju á sviði orkufreks iðnaðar á einnig þátt í að marka þessi tímamót. Hvað sem mönnum sýnist um samninga þá, sem gerðir voru við hina erlendu eigendur verksmiðjunnar í einstökum atriðum, verður ekki um það deilt, að orkufrekur iðnaður er eðlilegur þáttur í atvinnulífi þjóðar, sem býr í landi mikilla orkulinda. En þeim þætti eru þröng takmörk sett. Fámenn þjóð og fjárvana verður að byggja meira á þeim greinum, þar sem vinnan skapar verðmætin, en hinum, þar sem fjármagnið gegnir því hlutverki. Í orkufrekum stóriðnaði er það algengt, að fjárfesta þurfi 15—20 milljónir fyrir hvern mann, sem vinna skapast fyrir, en í öðrum greinum iðnaðar er 1—2 milljónir algengast. Þegar þess er gætt, hve mikið verkfærum Íslendingum fjölgar á næstu áratugum, er ljóst, að sjálfir höfum við ekki fjármagn til að byggja iðnþróunina að verulegu leyti á orkufrekum iðnaði, og að flytja inn fjármagn í svo stórum stíl, hvort sem væri sem lánsfé eða áhættufé, gæti stofnað fjárhagslegu sjálfstæði í tvísýnu.

Iðnaðaruppbyggingin verður því aðeins að mjög takmörkuðum hluta byggð á orkufrekum iðnaði. Í meginatriðum verður hún að verða á öðrum sviðum iðnaðar. En hverjum?

Vissulega höfum við þegar hafið iðnaðarstarfsemi á ýmsum sviðum. Sumt hefur gefizt vel, annað miður en skyldi. En öll mistök eru dýr, og á þeim er mikil hætta á miklum breytingatímum, einkum ef hver og einn þarf að móta viðbrögð sín á eigin spýtur án þjóðfélagslegrar forustu og leiðsagnar.

Það er skoðun okkar flm., að við eigum sameiginlega, Íslendingar, að móta viðhorf okkar til þessara viðfangsefna og það sé hlutverk ríkisvaldsins að hafa um það frumkvæði og forustu. Tillaga þessi miðar að því, að við skilgreinum markmið okkar með iðnþróuninni og vörðum leiðir til að ná þeim. Okkur virðist eðlilegt, að tekið sé mið af því að skapa sem arðbærust störf fyrir allt verkfært fólk með þeim auðlindum og þeirri framkvæmdagetu, sem þjóðin ræður yfir. Við teljum, að undanfari áætlunarinnar þurfi að vera skipuleg, sérfræðileg könnun á því, hvaða iðngreinar hafi beztan starfsgrundvöll í landinu og einstökum landshlutum sérstaklega og henti bezt aðstæðum. Ástæða er til að ætla, að iðngreinar, sem kunna að eiga vel við á einum stað, henti ekki á öðrum. Kemur þar margt til: aðstaða til hráefnisöflunar, afstaða til markaða og margt fleira. Bezt er að gera sér grein fyrir slíkum aðstæðum sem fyrst.

Þá gerir tillagan ráð fyrir því, að athugaðar séu og metnar þær aðferðir af hálfu löggjafans og stjórnvalda, sem til greina koma til að efla iðnþróun og stýra henni eftir þeim brautum, sem hagkvæmastar teljast þjóðfélagslega. Sjálfsagt eru menn ekki á eitt sáttir um það, hversu rík áherzla skuli lögð á að stýra þróuninni samkvæmt áætlunum, en í því skyni koma ýmsar aðferðir til greina, svo sem sérstök lánafyrirgreiðsla, skattaívilnanir, atvinnufræðsla og margt fleira, sem þarf að kanna. Flm. leggja áherzlu á það, að hverjum aðferðum sem beitt kann að verða í þessum efnum, þá sé framkvæmdin á þann veg, að farið sé að almennum reglum, en það sé ekki lagt í vald þeirra fjölmörgu stjórna og embættismanna, sem um slíka hluti fjalla, að gera það, sem hverjum og einum kann að lítast bezt á þá og þá.

Tillagan kveður svo á, að áætlunin skuli lögð fyrir Alþingi og birt almenningi svo fljótt sem verða má. Það er skoðun okkar flm., að okkur liggi á. Við gerum okkur ljóst, að frumsmíð af þessu tagi kann að verða ófullkomin fyrst í stað, en við teljum, að áætlun af þessu tagi eigi að vera í sífelldri endurskoðun allt áætlunartímabilið. Við teljum nauðsynlegt, að á hverjum tíma ríki ákveðin stefna í þessum málum, þó að hún kunni að taka breytingum öðru hverju.

Ed. 71. Frumvarp til laga [69. mál]

um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Flm.: Ólafur Björnsson, Björn Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Karl Guðjónsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Komið skal á fót opinberri stofnun, er nefnist Aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera:

1. Að gera tillögur um hugsanlegar framkvæmdir í þágu þróunarlandanna, er kostaðar yrðu af íslenzka ríkinu samkvæmt fjárlagaheimild, annaðhvort eingöngu eða í samstarfi við önnur lönd, skipuleggja slíkar framkvæmdir og hafa eftirlit með þeim.
2. Að vinna á annan hátt að auknum samskiptum Íslands og þróunarlandanna, bæði á sviði menningarmála og viðskipta. Skal í því sambandi einkum lögð áherzla á eftirtalin verkefni:

a. Að vinna að kynningu á þróunarlöndunum og málefnum þeirra með það fyrir augum að efla áhuga almennings á aukinni aðstoð við þau.
b. Að vinna að auknum menningartengslum við þróunarlöndin, m. a. með því að rannsaka möguleika á því, að Ísland taki þátt í menntun ungs fólks frá þróunarlöndunum, bæði með því að veita því aðgang að hérlendum menntastofnunum og með því að fá hæfa íslenzka menn til þess að annast kennslu við erlendar menntastofnanir, er reknar eru í þágu þróunarlandanna.
c. Að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin, eftir atvikum í samvinnu við aðra opinbera aðila og einkaaðila, er áhuga kynnu að hafa á slíku.
d. Að veita opinberum aðilum og einkaaðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þágu þróunarlandanna, upplýsingar og leiðbeiningar, eftir því sem þessir aðilar kunna að óska.

3. Að skipuleggja og hafa eftirlit með framkvæmdum í þágu þróunarlandanna, er Íslandi kynnu að vera faldar á vegum Sameinuðu þjóðanna eða stofnana þeirra.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að stofna til samskota meðal almennings í þágu ákveðinna verkefna í þágu þróunarlandanna, þó því aðeins að slík verkefni falli ekki undir starfssvið hérlendra einkaaðila, sem að slíkum málum starfa, er lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, er sameinað Alþingi kýs, en utanríkisráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að leita sérfræðilegrar aðstoðar, eftir því sem fjárveiting til starfsemi hennar leyfir, sbr. 6. gr.

6. gr.

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er flutt, var samið af nefnd, skipaðri af utanríkisráðherra haustið 1965, en hún skyldi gera um það tillögur, á hvern hátt mætti auka aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Nefnd þessi lauk störfum um síðastliðin áramót, og var útdrætti úr nefndarálitinu ásamt tillögum nefndarinnar útbýtt meðal þingmanna fyrir lok síðasta Alþingis. Í þinglok 1968 fluttu fjórir þingmenn í neðri deild, þeir Pétur Sigurðsson, Benedikt Gröndal, Jón Skaftason og Jónas Árnason, frv. til l. um aðstoð við þróunarlöndin. Þetta frv. var byggt á bráðabirgðatillögum, sem umrædd nefnd skilaði til ríkisstjórnarinnar haustið 1966. Var frv. endurflutt á síðasta þingi, en nefndin óskaði þá, að það yrði ekki tekið fyrir, fyrr en nefndinni hefði gefizt kostur á því að skila endanlegu áliti, og urðu flm. við þeirri ósk. Þar sem hinar nýju tillögur nefndarinnar byggja á öðrum grundvelli en hinar eldri, svo sem að nokkru kemur fram í meðfylgjandi greinargerð fyrir einstökum greinum frumvarsins og nánar verður skýrt í framsögu, teljum við rétt, að tillögur um aðstoð Íslands við þróunarlöndin komi nú fyrir Alþingi í þeirri mynd, sem í frv. þessu felst. Að öðru leyti fer hér á eftir grg. nefndarinnar fyrir einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Það verður auðvitað álitamál, hvort nauðsyn beri til þess, að komið sé á fót sérstakri stofnun, er annist framkvæmd aðstoðar við þróunarlöndin. Afstaða til slíks hlýtur að markast af því, hvort aðstoðin á að vera í þeirri mynd, að lagt sé fram fé til alþjóðlegra stofnana, sem slíka aðstoð veita, eða hvort Íslendingar eigi sjálfir að taka virkan þátt í framkvæmd hennar. Í fyrra tilvikinu yrði ekki þörf fyrir slíka stofnun og tæplega þörf fyrir það, að nokkur löggjöf yrði sett í þessu efni. Í síðara tilvikinu er hins vegar óhjákvæmilegt, að til sé opinber aðili, sem hafi stjórn þessara mála með höndum. Þar sem nefnin er þeirrar skoðunar, eins og rakið hefur verið í áliti hennar hér að framan, að síðarnefndu leiðina beri að velja, leggur hún einnig til, að stofnun verði komið á fót, sem gegni þeim hlutverkum, er 2. gr. kveður nánar á um. —

Um 2. gr.

Hlutverk stofnunar þeirrar, sem lagt er til skv. 1. gr. að komið verði á fót, er hliðstætt þeim hlutverkum, sem samsvarandi stofnanir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð gegna, enda er greinin sniðin eftir samsvarandi ákvæðum dönsku og norsku löggjafarinnar, einkum þeirrar dönsku. Nefndin tók upp það nýmæli, miðað við eldri tillögurnar, að stofnunin gegni m. a. því hlutverki að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin. Á hinum Norðurlöndunum er það talinn eðlilegur þáttur aðstoðarinnar við þróunarlöndin, og gegna stofnanir þar, sem hliðstæðar eru stofnun þeirri, sem hér er lagt til að komið sé á fót, m. a. því hlutverki að kanna slíka möguleika. Verður og að telja slíkt hagkvæmt, þar sem gera má ráð fyrir því, ef fjárhagsaðstæður leyfa, að stofnunin njóti a. m. k. að einhverju leyti starfskrafta þeirra manna, er fróðastir eru hér á landi um þróunarlöndin og málefni þeirra. Er auðvitað gert ráð fyrir því, að stofnunin hafi að því leyti sem hún lætur þessi mál til sín taka, samráð við opinbera aðila og einkaaðila, er þeim málum vilja sinna.

Um 3. gr.

Rétt þykir eftir atvikum að veita stofnuninni þá heimild, er hér um ræðir, þó með þeim varnagla, að ekki sé seilzt inn á svið einkaaðila, sem að sams konar málefnum starfa, er lögin öðlast gildi.

Um 4. gr.

Á hinum Norðurlöndunum er stjórn hliðstæðra stofnana yfirleitt skipuð af utanríkisráðherra. Nefndin telur þó eftir atvikum rétt, að sú leið sé farin, að sameinað Alþingi kjósi stjórn stofnunarinnar, þar sem slíkt mundi veita nokkra tryggingu fyrir víðtækri pólitískri samstöðu um málefnið.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki nánari skýringa.

Nefndin hefur ekki séð ástæðu til þess að gera tillögur um ákveðnar fjárhæðir, er lagðar skuli fram af hinu opinbera til aðstoðar þróunarlöndunum, né heldur það, að hve miklu leyti aðstoðin skuli veitt í mynd gjafafjár eða lána. Slíkt hlýtur líka frá ári til árs að verða háð fjárhagsafkomu þjóðarbúsins og ríkissjóðs.

Það er þó skoðun nefndarinnar, að eðlilegt sé, að Íslendingar stefni að því marki, á sama hátt og aðrar þjóðir, er slíka aðstoð veita, sem samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að 1% þjóðartekna skuli renna til aðstoðarinnar. Í sambandi við þessa tölu, sem sumum kann að þykja nokkuð há, enda tiltölulega fáar þjóðir, sem náð hafa því marki enn þá, ber þess þó að gæta, að þá er talin öll aðstoð, sem veitt er, bæði lán og gjafafé, og bæði aðstoð veitt af opinberum aðilum og einkaaðilum, þannig að framlög ríkisins þurfa ekki að vera nema hluti af þessu.

Ed. 72. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 45 12. maí 1969 var hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps heimilað að selja Ingu Þórarinsdóttur jörðina Þykkvabæ I í Landbroti. Skilyrði fyrir sölu jarðarinnar er skv. lögunum, að kaupandinn geri jörðina að ættaróðali.

Inga Þórarinsdóttir vill ekki kaupa jörðina, verði hún skylduð til að gera hana að ættaróðali, og hefur í bréfi til Alþingis 16. marz s.l. farið fram á, að söluheimildarlögunum verði breytt, þannig að skyldan til að gera jörðina að ættaróðali verði felld niður.

Hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps hefur í bréfi til Alþingis, dags. 15. marz s.l., einnig farið fram á, að nefndum lögum verði breytt á þann veg, að ákvæðið um, að skylt sé að gera jörðina að ættaróðali, verði fellt úr lögunum.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu, enda lá þá ekki fyrir, hver afstaða dætra Höllu Einarsdóttur og Helga Þórarinssonar var til málsins, en foreldrar þeirra höfðu afhent Kirkjubæjarhreppi jörðina. Nú hafa þær lýst því yfir, að þær muni ekki beita sér gegn ráðstöfun jarðarinnar til bróðurdóttur þeirra, Ingu Þórarinsdóttur, með þeim hætti, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Nd. 73. Frumvarp til laga [71. mál]

um velferð aldraðra.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson, Birgir Finnsson, Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að samhæfa og efla starfsemi allra þeirra, opinberra jafnt sem einkaaðila, er vinna að velferð aldraðra.

Samkvæmt lögum þessum teljast þeir aldraðir, sem eru 65 ára eða eldri.

2. gr.

Komið skal á fót Velferðarstofnun aldraðra, og skal hún starfa í nánum tengslum við Tryggingastofnun ríkisins.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

3. gr.

Verkefni Velferðarstofnunar aldraðra eru þessi:

1) Að halda uppi stöðugum rannsóknum á vandamálum aldraðra í landinu, þ. á m. fjárhagslegri afkomu þeirra.
2) Að gera tillögur um lausn þeirra vandamála til allra aðila, sem láta sig þau skipta eða gætu stuðlað að lausn þeirra.

3) Að gera tillögur um lausn vandamála, sem einstök sveitarfélög eða aðrir aðilar beina til stofnunarinnar.
4) Að örva og styðja hvers konar félagsstarfsemi fyrir aldraða.
5) Að annast fræðslu um nútímaviðhvorf til vandamála aldraðra og þróun þeirra mála erlendis.
6) Að gefa út leiðbeiningarit fyrir aldraða um vandamál ellinnar og lausn þeirra.
7) Að efna til námskeiða í félagslegu og öðru starfi, sem vinna þarf fyrir aldraða.

4. gr.

Ráðherra skipar sjö manna stjórn fyrir Velferðarstofnun aldraðra til fjögurra ára í senn. Sex skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu tryggingaráðs, Sambands íslenzkra sveitarfélaga, Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Læknafélags Íslands, Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Þjóðkirkjunnar. Hinn sjöunda skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar.

Varamenn eru skipaðir jafnmargir á sama hátt.

5. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir starfsemi hennar. Ráðherra staðfestir áætlunina að fengnu áliti tryggingaráðs.

Allur kostnaður við stofnunina greiðist af lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

6. gr.

Ráðherra gefur út reglugerð um starfsemi Velferðarstofnunar aldraðra.

7. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Er það endurflutt óbreytt.

Síðustu áratugi hefur sú skoðun fest rætur hér á landi, sem og í mörgum öðrum löndum, að þjóðfélaginu beri að sjá farborða þeim einstaklingum, sem af einhverjum ósjálfráðum ástæðum standa höllum fæti í lífsbaráttunni. Fyrst í stað var þessi hugsjón framkvæmd með stofnun sjúkrasamlaga og almannatrygginga, aðstoð við íbúðabyggingar og ráðstöfunum til að greiða götu æskunnar til náms. Síðar hefur vaknað skilningur á því, að gera þurfi margvíslegar fjárhagslegar og félagslegar ráðstafanir til aðstoðar við þá aldursflokka, sem ýmist eru að búa sig undir starfsárin eða hafa lokið þeim, þar eð þeir hafa misst starfsorku að meira eða minna leyti vegna elli. Undanfarin ár hafa málefni unga fólksins verið mjög í sviðsljósi, en það hefur einnig vaknað nýr áhugi og nýr skilningur á vandamálum aldraðra, þótt minna hafi á því borið. Hér á landi hefur ríkisvaldið skipað nefndir til að fjalla um þau mál, og hefur verið unnið gott starf á vegum þeirra, svo og ýmissa stofnana og félaga.

Tilgangur þessa frumvarps er að samhæfa og efla starfsemi allra þeirra, opinberra jafnt sem einkaaðila, sem vinna að velferð aldraðra. Lagt er til, að í stað þeirra nefnda, sem fjallað hafa um þessi mál, komi föst stofnun í nánum tengslum við Tryggingastofnun ríkisins.

Slíkar stofnanir eru til víða erlendis og þykja hafa unnið mjög gott starf. Má nefna „The National Old People's Welfare Committee“ í Englandi, sem starfað hefur síðan 1940, og á Norðurlöndum eru til stofnanir, þar sem saman koma ýmis frjáls samtök og opinberir aðilar, er vinna að málefnum aldraðra.

Fyrr á árum var það trú manna, að fátt þyrfti að gera fyrir aldraða annað en að koma upp elliheimilum. Nú hafa gerólíkar og miklu mannúðlegri skoðanir rutt sér til rúms. Þær byggjast á því, að ekki sé nóg að bæta árum við lífið, heldur verði

einnig að bæta lífi við árin. Aldraðir eiga að búa á eðlilegan hátt með yngra fólki og börnum, eins lengi og unnt er. Þeir þurfa að hafa vel fyrir nauðþurftum og létt starf eða áhugamál að fást við. Yngra fólk þarf að aðstoða þá eldri, þegar þrekið minnkar, en getur þegið margvíslega aðstoð af öldungunum í staðinn. Að sjálfsögðu verða að vera til sjúkradeildir og hjúkrunarheimili fyrir þá aldraða, sem þess þurfa.

Nú eru á mörgum stöðum í öðrum löndum reyndar nýjar hugmyndir á þessu sviði, og er okkur mikils virði að fylgjast með þeim og læra af þeim. Þess vegna er nauðsynlegt, að til sé sérstök stofnun, sem um þessi mál fjallar og safnar saman vitneskju og sérþekkingu á málefnum aldraðra, veitir sveitarfélögum og öðrum aðilum ráð og minnir á þessi mál með því að birta niðurstöður af sífelldum athugunum og halda uppi fræðslu.

Ekki er þörf skýringa við einstakar greinar frumvarpsins. Hins vegar er prentuð sem fylgiskjal greinargerð eftir Erlend Vilhjálmsson formann þeirrar velferðarnefndar aldraðra, sem skipuð var 1967. Eru þar skýrðar nánar þær hugmyndir, sem liggja að baki þessu frumvarpi, og fjallað um þau margþættu verkefni, sem óleyst eru hér á landi á þessu sviði.

Fylgiskjal.

Vandamál aldraðra.

Fyrr á tímum var staða aldraðra allt önnur en nú er. Með myndun þéttbýlis, auknum hraða og hinni öru framsókn æskunnar, verður hinn aldraði meira og meira afskiptur og hrökklast til hliðar og fær þá skoðun, að hann sé ekki til gagns lengur. Þetta skeður um leið og læknavísindi og auknir hollustuhættir sjá um, að fleiri og fleiri nái háum aldri.

Þessi þróun er slæm og kannske sérstaklega hjá okkur, þar sem allir menn eru vinnandi, — við lifum í þjóðfélagi, þar sem allir vinna, — og vinnan skapar stöðu — „status" —, en maður, sem ekki vinnur er stöðulaus — „status"-laus —.

Lífeyrisþeginn, sem er hættur öllum arðbærum störfum, er „status"-laus maður, og verkar slíkt oft lamandi á einstaklinginn og er því þar þörf mótvægis. Og hér vil ég benda á þau lífssannindi, að við krefjumst ætíð nokkurs af þeim, sem standa okkur nærri og okkur er annt um, en gerum yfirleitt ekki kröfur til þeirra, sem okkur standa fjær, okkur er sama um og væntum einskis af. Þess vegna m. a. eigum við að skipuleggja starfsemi aldraðra þannig að vænta virkrar þátttöku þeirra sjálfra, en ekki þannig, að þeir séu aðeins óvirkir þiggjendur.

Sú skoðun hefur verið rótgróin hér á landi, að er aldur færist yfir og heilsufari hrakar, skuli hlutaðeigandi vistast á elliheimili, þar til yfir lýkur. Hugmyndir okkar um velferð aldraðra hafa ekki náð miklu lengra en til greiðslu ellilífeyris og byggingar og rekstrar elliheimila.

Hugmyndin um elliheimili, eins og við höfum þekkt hana um áratugi og lifir enn góðu lífi hérlendis, er ekki ofarlega á blaði í nágrannalöndum okkar, heldur er í staðinn komin hugmyndin um hjúkrunarheimili, og þó að mörkin séu ekki alls staðar skörp, er mikill eðlismunur á þessum tveimur stofnunum.

Skoðun nágranna okkar er sú, að elliheimili fyrir heilbrigða aldraða, sé ekki lengur nauðsyn, í þeirra stað eigi að koma íbúðir fyrir aldraða, hjúkrunarheimili fyrir þá, er þurfa á tímabundinni aðhlynningu að halda, og svo sjúkrahús fyrir þá, sem eru veikir og þurfa á sérstakri læknismeðferð að halda, svo sem gerist um aðra aldursflokka.

Ef við nú, að loknum þessum inngangi, gerum okkur lítillega grein fyrir þessum hópi fólks, er við köllum aldraða, sjáum við, að þessi hópur stækkar stöðugt. Árið 1970, er talið, að þeir, sem náð hafa 67 ára aldri, þ. e. ellilífeyrisaldri, verði um 15 800 og árið 1975 um 17 500 og árið 1980 um 19 000 og árið 1990 um 22 200. Aftur á móti fer þeim ekki hlutfallslega fjölgandi, miðað við fjölda á vinnualdri, og er þessi hópur hlutfallslega minni en gerist í nágrannalöndum okkar, og byrðar þær, sem fólk á

vinnualdri hlýtur að taka á sig vegna aldraðra, sem eru ekki lengur að fullu við arðbær störf, eru því léttari fyrir okkur en í nágrannalöndum okkar. Þegar við tölum um aldraða sem hóp, er það að vísu rétt, að þar er um hóp að ræða, sem ýmislegt á sameiginlegt, en hópurinn er myndaður af fólki með fastmótaðar lífsskoðanir og hver og einn með sín séreinkenni, já, jafnvel oft sérvizku, og eru þessi einkenni ríkari hjá þessu fólki en í öðrum aldursflokkum.

Þetta aldursskeið getur náð yfir áratugi, og eru þarfir hinna ýmsu tímabila mjög misjafnar og hæfni hinna öldruðu til að leysa vandamál á eigin spýtur yfirleitt minni, eftir því sem hærra aldri er náð.

Ef við gerum lauslegan samanburð á manni 30—40 ára og 70—80 ára, sjáum við, að miklar breytingar á þörfum hans og áhugamálum hafa átt sér stað, þannig að er sjötíu ára aldri er náð, ættum við að reikna með öðrum þörfum og viðhorfum einstaklinganna en fyrr á lífsleiðinni.

Þetta atriði er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar rætt er um aldraða eða unnið fyrir þá eða með þeim. Við skulum líka hafa í huga, að ekki er nema lítill hluti hópsins, sem þarf á aðstoð að halda, að undanteknum lífeyri, en sú aðstoð er margháttuð og umfangsmikil, þó að hver þáttur hennar sé mjög mismunandi kostnaðarsamur.

Aðstoðin á að vera tilboð til hinna öldruðu, en þeir, sem ekki óska eftir henni eða kæra sig ekki um þátttöku í hinum ýmsu greinum starfsemi aldraðra, eiga að fá að vera í friði.

Sækjast ber eftir, að starfsemi aldraðra eða fyrir þá sé hagað þannig, að hjálpað sé til að skapa sem mesta lífshamingju með sem minnstum tilkostnaði, en forðast ber að setja lög eða reglur, er bjóða þeirri stefnu heim, að hinn aldraði velji aðeins vegna fjárhagslegs öryggis e. t. v. þá leið, er dýrust verður fyrir þjóðarheildina, þ. e. vistun á stofnun eða elliheimili, og er alveg víst og áreiðanlegt, að hægt er að létta ásóknina á elli- eða hjúkrunarheimilin með ýmsum ráðstöfunum.

Sagt hefur verið, að ekki sé nóg að bæta árum við lífið, heldur verði líka að bæta lífi við árin, og sett hafa verið á blað 6 atriði, sem talin eru nauðsynleg til að eiga hamingjusöm efri ár, þ. e.:

1. Góð heilsa.
2. Hentug íbúð.
3. Fjárráð, sem hrökkva fyrir meiru en brýnustu nauðsynjum.
4. Nægur samgangur við annað fólk.
5. Áhugamál, eitt eða fleiri, er grípi hug hins aldraða.
6. Jákvæð og uppbyggileg lífsviðhorf.

Við skulum nú virða þessi atriði lítillega fyrir okkur.

Fyrsta atriði: Góð heilsa.

Með háum aldri verðum við kvillasamari en á unga aldri, og auk þess koma til einkenni, er fylgja háum aldri, þ. e. minnkandi andleg afkastageta og þverrandi líkamlegt afl, aukin slysahætta, t. d. í stigum og í umferðinni, seinlæti, minnkandi aðlögunarhæfileikar, daprari sjón og lélegri heyrn. Sálfræðingar heyrast halda því fram, að ellisljóleiki (senil demens) komi oft af því, að hinn aldraði telur sig ekki hafa neitt að lifa fyrir, og vegna skorts á starfi eða áhugamálum láti hann sér leiðast og sljóvgist. Sljóleikinn getur læknazt, ef sjúklingurinn er endurhæfður og hann fær eitthvað að lifa fyrir.

Á sama hátt og gleraugu eru notuð til að bæta sjóndepru, eru margs konar ráð til að vega upp á móti ýmsum kvillum, er fylgja háum aldri.

Fæðan hefur mikið gildi fyrir heilsuna, hollusta hennar og efni. Ótrúlega margir aldraðir vanrækja þennan þátt, finnst ekki taka því að leggja mikið upp úr matarefni eða eldamennsku og bjóða þar með sjúkdómshættunni heim. Ótrúlega margir einbúar, og þótt um hjón sé að ræða, láta sér nægja brauðbita og skyrspón,

eflaust hvort tveggja mjög holl fæða, en án efa of einhæf. Almennur þrifnaður er atriði. Tennur þurfa að vera í lagi. Ótrúlega mikla þýðingu virðist fótasnyrting hafa til að auka vellíðan aldraðra, og oft virðast aldraðar konur yngjast um allan helming við hárlagningu. Þannig er hægt að telja upp fjölmörg atriði, sem bæta andlega og líkamlega heilsu aldraðra, þó að þau séu ekki læknisfræðilegs eðlis, en *ég læt þetta nægja rétt til þess að gefa hugmynd um efnið. En augljóst virðist*, að aldraðir ættu að vera undir stöðugra læknseftirliti en nú er.

Í nágrannalöndum okkar skrifa læknar og aðrir sérfræðingar bæklinga og pésa um, hvers vænta má með háum aldri. Þessum bæklingum er dreift til aldraðra og þeirra, sem eru að komast á ellilífeyrisaldur. Er slík útgáfa talin borga sig. Engri slíkri útgáfu er hér til að dreifa hjá okkur enn þá.

Annað atriði: Hentug íbúð.

Íbúðir fyrir aldraða verða umfram allt að vera þeim hentugar, t. d. ekki of stórar og ekki of hátt uppi. Eldhús og baðherbergi verður að innrétta þannig, að auðvelt sé að athafna sig. Að taka tillit til þarfa hinna öldruðu þarf ekki alltaf að kosta mikið, en getur haft úrslitaáhrif á, að hinn aldraði kunni vel við sig.

Yngri aldursflokkar gætu búið í íbúðum, sem ætlaðar væru öldruðu fólki, en aldraðir geta ekki á sama hátt búið í íbúðum, sem ætlaðar eru yngri aldursflokkum.

Tvær stefnur eru aðallega uppi um byggingu íbúða fyrir aldraða: Í fyrsta lagi að byggja fjölbýlishús eingöngu ætluð öldruðum og í öðru lagi að ætla öldruðum íbúðir í fjölbýlishúsum, sem annars eru byggð fyrir fólk á vinnualdri. Báðar leiðirnar hafa sína kosti og galla, en ýmsir, er ég hef talað við erlendis, telja að góða raun hafi gefið, að ungir og aldraðir búi í sama húsi. Ég nefni aðeins eitt dæmi þessu til skýringar. Þá gæti hinn aldraði setið yfir börnum að kvöldi, er ungu hjónin færu í bíó, og unga frúin þá annazt innkaup og smáútréttingar fyrir hinn aldraða í staðinn. Oft rekur maður sig á það, að öldruð hjón búa í allt of stórri og óhentugri íbúð. Íbúðin, sem var góð, á meðan börnin voru heima og frúin í fullu fjöri, verður síðar of stór og óhentug.

Um þessi mál höfum við þó nokkra sérstöðu, þar sem miklu algengara er á Íslandi en annars staðar, að menn eigi sínar íbúðir sjálfir, og þar af leiðandi minna um leiguíbúðir, og væri ekki ólíklegt, að það skapaði nokkra tregðu til skipta.

Þriðja atriði: Fjárráð, sem hrökkva fyrir meiru en brýnustu nauðsynjum.

Við þekkjum öll þessa nauðsyn. Uppfylling hennar gefur okkur nokkurt valfrelsi. Nauðþurftartekjur gefa ekkert valfrelsi. Nokkurt valfrelsi er öldruðum nauðsynlegt. Það sjáum við strax, ef við lítum í eigin barm, við sem aldrei teljum okkar valfrelsi nóg. Lífeyrismál aldraðra eru nú í deiglunni á Íslandi, og skulum við vona, að eitthvað gott komi þar út. Vinnumiðlun fyrir aldraða, t. d. vinna stund úr degi, kemur líka inn í þessa mynd.

Fjórða atriði: Nægur samgangur við annað fólk.

Einangrun og einmanaleiki fylgir oft háum aldri, og víða hefur „Rauði krossinn", kirkjufélög, ýmiss konar líknarfélög og verkalýðshreyfing skipulagt heimsóknir til að brjóta niður einmanakenndina, og virðast þarna oft skapast kunningja- og vináttubönd, báðum til gleði og ánægju.

Hér hjá okkur er starfsemi þessi í mjög smáum stíl, en þyrfti að aukast verulega, og beinist hugurinn þá m. a. að ýmiss konar kvennasamtökum, er víða hafa reynzt burðarás þessarar starfsemi. Væri ekki verðugt verkefni fyrir verkalýðsfélög kaupstaða og kauptúna eða fulltrúaráð verkalýðsfélaga þessara staða að taka að sér a. m. k. þennan þátt velferðarmála aldraðra fyrir aldna meðlimi sína?

Aldraðir ættu að eiga kost á ferðum gegn engu eða mjög vægu gjaldi, t. d. í leikhús, kvikmyndahús og á sundstaði, og ferðum í strætisvögnum á þeim tíma dags, er vagnarnir eru ekki fullsetnir af öðrum. Reynslan erlendis frá af ókeypis ferðum

aldraðra með strætisvögnum er sú, að aldraðir nota sér ókeypis ferð til að skoða borgina og koma út án annars erindis.

Fimmta atriði: Áhugamál, eitt eða fleiri, er grípi hug hins aldraða.

Í Reykjavík hefur verið komið á stofn vísi að tómstundaheimili fyrir aldraða, þ. e. Tónabæ, þar sem unglingarnir ólmast á kvöldin. Fyrir tilstuðlan þeirrar starfsemi gefst öldruðum tækifæri til að taka þátt í námskeiðum eða námsflokkum, mörgum tugum verkefna, bóklegum og verklegum, og ferðalögum. Þátttaka fór langt fram úr því, sem nokkur maður hafði búizt við, og er vaxandi. Hugmyndin var að hafa opnunarhátíð einn dag, en ekki nægðu færri en þrír dagar vegna mjög mikillar aðsóknar. Ég get ekki stillt mig um hér að skýra frá, hversu undrandi ég var, er ég úti í Kaupmannahöfn kom inn í leikfimissal og sá um sextíu aldraða karla og konur við léttar leikfimisæfingar og var tjáð, að þessi flokkur kæmi tvisvar í viku til leikfimisæfinga og ástundun væri mjög góð.

Sjötta atriði: Jákvæð og uppbyggileg lífsviðhorf.

Um þetta atriði þarf ég ekki að fara mörgum orðum, það gildir eiginlega jafnt um alla. Menn finna brautina á ýmsan hátt, t. d. með bóklestri, hljómlistaráhuga, kirkjusókn, þátttöku í ýmsum góðum félögum, fórnfýsi, alúð og mannkærleika. Sem sagt, gefa frekar gaum að því góða, sem lífið hefur upp á að bjóða, en bæla niður illkvittnina og sífrið og er nú oft hægara sagt en gert.

Að lokum vil ég gera lítillega grein fyrir, hvað er að gerast í málefnum aldraðra fyrir tilstuðlan hins opinbera.

Ríkisstjórnin skipaði nefnd til að gera tillögur um bætta aðbúð aldraðra á öðrum sviðum en í lífeyrissjóðs- og tryggingamálum, og er nefndin hafði aflað sér gagna frá nágrannalöndum okkar, en þar eru öll þessi mál í deiglunni og þróun mjög hröð, var ákveðið að snúa sér fyrst að heimilishjálp fyrir aldraða, en hún er alls staðar einn snarasti þátturinn í velferðarmálum aldraðra og fer ört vaxandi bæði með tilliti til umfangs og skipulagningar. T. d. ákváðu dönsk lög, að öll þarlend sveitarfélög skyldu hafa komið á hjá sér heimilishjálp fyrir aldraða fyrir 1. apríl 1968.

Með heimilishjálp er ekki átt við heimilishjúkrun, heldur aðstoð við aldraða í heimahúsum til að inna þau störf af höndum, sem eru þeim erfið eða ofviða.

Starfið felst í því að ræsta heimilið, búa til mat, fara í smásendiferðir, hjálpa til við snyrtingu og yfirleitt að hlynna þannig að heimilinu og hinum aldraða, að hann uni sér vel, og gefur auga leið, að slík starfsemi getur dregið úr aðsókn að elli- og hjúkrunarheimili og að nokkru er til kostandi að taka upp slíka starfsemi.

Íslenzk sveitarfélög, er slíka starfsemi taka upp og reka, eru líka betur sett hvað viðkemur endurgreiðslu kostnaðar við heimilishjálpina en sveitarfélög nágrannalandanna. Ekkert virðist því vera til fyrirstöðu í lagasetningu eða reglugerðum, að þessi starfsemi verði hér upp tekin í ríkum mæli, en tregðan skapast af skorti á skipulagningu og framkvæmd.

Nú er verið að skipuleggja námskeið fyrir þær konur, er þessi störf vilja stunda, og vinna að lausn ýmissa framkvæmdaatriða, og verður þessu starfi lokið á næstu mánuðum. Heimilishjálp fyrir aldraða hér hjá okkur ætti því fljótlega að geta haft sömu jákvæðu áhrifin á velferð aldraðra og annars staðar hefur reynzt.

Nú lætur nefndin fara fram nokkuð umfangsmikla rannsókn á elli- og hjúkrunarheimilum hérlendis og þörf slíkra stofnana og mun, er niðurstöður þeirra rannsókna liggja fyrir, væntanlega senda félagsmálaráðuneytinu álit sitt.

Í velferðarríki, sem við erum svo hamingjusöm að búa í, verður að gera þessum málum full skil og ekki viðunandi, að málefni aldraðra séu í vanrækt og standi langt að baki slíkum málum nágranna okkar.

Tími er kominn til, að við Íslendingar tileinkum okkur nútímasjónarmið til aldraðra og högum okkur samkvæmt þeim og leggjum sem fyrst fyrir róða úrelt

og óraunhæf sjónarmið. Þetta er ekki aðeins nauðsynlegt af menningarástæðum og til að bæta sambúð eldri og yngri kynslóða, heldur er þetta ekki síður fjárhagsspursmál og sparnaðaratriði, sem snertir ekki svo lítið þá, sem verða á vinnualdri næstu áratugi og bera allan kostnað samfélagsins.

Og vil ég svo að lokum benda á samþykkt ráðstefnu félagsmálaráðherra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, er lét í ljós þá skoðun, að félagslegar framfarir ættu að vera endanlegt markmið allrar þróunar.

Nd. 74. Frumvarp til stjórnskipunarlaga [72. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Magnús Kjartansson, Jónas Árnason.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 28. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þriðjungur þingmanna getur krafizt þess, að Alþingi sé þegar kvatt til aukafundar í tilefni af útgáfu bráðabirgðalaga.

2. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir íslenzkir ríkisborgarar, karlar og konur, sem búsettir eru í landinu, þegar kosning fer fram, og verða 20 ára eða eru eldri á því ári, sem kosning fer fram. Lækka má kosningaaldur með lögum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

3. gr.

Á eftir 45. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Nú hefur frumvarp til laga eða annarrar samþykktar hlotið samþykki Alþingis, og getur þriðjungur þingmanna krafizt þess, að frumvarpið sé borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykkis eða synjunar. Sama rétt hefur fimmtungur kosningabærra manna. Krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu skal vera skrifleg og þarf að hafa borizt forseta Alþingis innan 8 vikna frá **samþykkt frumvarpsins.** Einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum. Nú eru lög staðfest af forseta, en hljóta ekki samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu, og falla þau úr gildi 14 dögum eftir að forsætisráðherra hefur tilkynnt um úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Fjórðungur þingmanna eða fjórðungur kosningabærra manna getur með skriflegri beiðni til forsætisráðherra krafizt þess, að leitað sé álits þjóðarinnar um til**tekið málefni. Forsætisráðherra, hæstiréttur og umboðsmaður þeirra, sem krafana gera, tilnefna þrjá menn í nefnd, er ákveður orðalag atkvæðaseðilsins.**

Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðis skulu settar með lögum.

4. gr.

Á eftir 45. gr. kemur önnur ný grein, svo hljóðandi:

Frumvarp til laga eða þingsályktunar, sem felur í sér, að ríkisvaldið sé að einhverju leyti selt í hendur alþjóðlegrar stofnunar, telst ekki samþykkt, nema hlotið hafi fimm sjöttu hluta greiddra atkvæða í báðum deildum Alþingis. Nú hlýtur **frumvarpið ekki tilskilinn meiri hluta, en þó einfaldan meiri hluta greiddra atkvæða í báðum deildum, og getur þá ríkisstjórnin borið frumvarpið undir atkvæði allra** kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Ef minnst 50% kosn**ingabærra manna taka þátt í atkvæðagreiðslunni og tveir þriðju hlutar þeirra greiða atkvæði með frumvarpinu, telst það samþykkt.**

5. gr.

68. gr. orðist svo:

Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga, eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir. Veita má sendiráðum, alþjóðastofnunum og erlendum mönnum, sem hér eiga lögheimili, undanþágu frá þessu ákvæði með lögum.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslenzk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis, skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

6. gr.

Á eftir 68. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Öll núverandi óbyggð, — það er almenningar, afréttir, aðrar lendur og svæði, sem eigi hafa verið í byggð undanfarin 20 ár, — og öll hveraorka, vatnsorka og auðæfi í jörðu, sem þar eru, er ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar. Ákveða skal með lögum beitirétt, veiðirétt og annan hefðbundinn afnotarétt á þessum svæðum, svo og hvernig með eyðijarðir, sem þar eru, skuli fara.

7. gr.

Framan við 69. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hver maður á rétt á atvinnu. Ríkið skal stefna að því að tryggja öllum fulla atvinnu. Með lögum skal skipa um öryggi manna við vinnu, hæfilegan vinnutíma og ráðstafanir gegn ofþjökun.

8. gr.

70. gr. orðist svo:

Hver maður á rétt á læknishjálp og ókeypis sjúkrahúsvist, þegar slys og sjúkdóma ber að höndum. Hver maður á og rétt á slíkum styrkjum úr almennum tryggingasjóðum, er slys, sjúkdóma, örorku og elli ber að höndum, að nægi honum til framfærslu. Sérstaklega skal tryggja rétt barna, mæðra og ekkna á sama hátt. Sá, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, á rétt á styrk úr almennum sjóði. Nánar skal ákveða öll þessi réttindi með lögum.

9. gr.

71. gr. orðist svo:

Öll börn og unglingar á aldrinum 7 til 16 ára eiga rétt á ókeypis fræðslu, svo og allir þeir, er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga. Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.

10. gr.

75. gr. orðist svo:

Ísland er friðlýst land. Herskyldu má aldrei í lög leiða.

Greinargerð.

Þegar stjórnarskrá lýðveldisins var sett 1944, gafst því miður ekki tækifæri til að framkvæma heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, og þess vegna var aðeins breytt þeim ákvæðum, sem óhjákvæmilegt var að breyta við stofnun lýðveldis. Síðan hefur það verið ætlun þings og þjóðar, staðfest af mörgum ríkisstjórnum, að lýðveldinu yrði sett ný stjórnarskrá, sem tryggði íbúum landsins stjórnarfarsleg og félagsleg réttindi í samræmi við nútímaviðhorf.

En af framkvæmdum hefur ekki orðið þrátt fyrir síendurteknar ráðagerðir. Einu breytingarnar, sem gerðar hafa verið á stjórnarskránni síðustu 26 árin, snerta kosningarrétt og kjördæmaskipan, og hafa harðar deilur um þau efni raunar torveldað þá

heildarendurskoðun, sem nauðsynleg hefði verið. Að undanförnu hefur hins vegar vaknað almennur áhugi á því, að fjallað verði um þetta mikilvæga verkefni og að menn setji sér það mark að ljúka endurskoðuninni um sömu mundir og minnzt verður ellefu alda afmælis Íslands byggðar. Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram og hefur áður verið flutt, vilja flutningsmenn taka undir þá hugmynd. Frumvarpið felur vissulega ekki í sér neina heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar af hálfu Alþýðubandalagsins; hins vegar felast í því ákveðnar tillögur um tíu mikilvæg réttindamál sem við teljum óhjákvæmilegt að sett verði ákvæði um í nýrri stjórnarskrá.

Hér fer á eftir stutt greinargerð um hvert þessara réttindamála:

1. Bráðabirgðalög.

Samkvæmt 28. gr. stjskr. getur ríkisstjórnin með atbeina forseta gefið út bráðabirgðalög, þegar Alþingi situr ekki. Ákvæði þetta verður rakið til fyrstu stjórnarskrárinnar 1874, og hefur það haldizt síðan lítt breytt. En óneitanlega var talsvert meiri þörf á slíku ákvæði áður fyrr, þegar Alþingi kom ekki saman nema annað hvert ár og mátti ekki sitja að störfum lengur en 6—8 vikur, nema með konungsleyfi.

Mörgum virðist, að heimildin til útgáfu bráðabirgðalaga hafi oft verið misnotuð. Þótt skylt sé að leggja lögin fyrir næsta Alþingi, er nauðsynlegt að tryggja rétt Alþingis frekar, og er því hér lagt til, að þriðjungur þingmanna geti krafizt þess, að Alþingi sé kvatt saman til aukafundar í tilefni af útgáfu bráðabirgðalaga.

2. Kosningaaldur.

Ákvæði um kosningarréttarskilyrði hafa nýlega verið endurskoðuð, og m. a. hefur kosningaaldur verið lækkaður niður í 20 ár. Margt mælir með því, að aldurslágmarkið verði lækkað enn frekar og jafnvel í 18 ár. Hér er lagt til, að kosningaaldur verði ekki bundinn með stjórnarskrárákvæði, heldur fái Alþingi heimild til að lækka aldurslágmarkið með lögum. Jafnframt eru felld burt skilyrðin um, að kjósendur skuli vera fjárráðir og hafa óflekkað mannorð. Virðist hæpið, að unnt sé að dæma af mönnum slík mannréttindi sem kosningarrétt.

3. Þjóðaratkvæði.

Í stjskr. er ekkert almennt ákvæði um þjóðaratkvæði og hefur aldrei verið. Þó er skylt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu, ef Alþingi samþykkir frumvarp til breytinga á kirkjuskipun ríkisins, sbr. 79. gr., og ef forseti synjar að staðfesta lagafrumvarp, sbr. 26. gr. Eins og kunnugt er, er forseti Íslands þjóðkjörinn, en ekki þingkjörinn, og í fullu samræmi við það hefur hann rétt til að skjóta lagafrumvörpum undir þjóðardóm. En á þeim rúmu tveimur áratugum, sem liðnir eru frá stofnun lýðveldis, hefur þjóðin aldrei fengið tækifæri til að leggja dóm sinn á neitt einstakt mál.

Hér er lagt til, að 20 þingmenn eða 20% kjósenda geti krafizt þjóðaratkvæðis um sérhvert mál, sem samþykkt er á Alþingi, og ráði sú atkvæðagreiðsla úrslitum. Einnig er lagt til, að 25% kjósenda eða 15 þingmenn geti krafizt þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni, en úrslit atkvæðagreiðslunnar væru ráðgefandi, en ekki bindandi. Með samþykkt slíkra ákvæða væri lýðræði í landinu verulega aukið.

4. Ríkisvald og alþjóðlegar stofnanir.

Sjálfstæði þjóðarinnar er dýrmætasta eign hennar. Með ótvíræðum ákvæðum stjórnarskrár er nauðsynlegt að tryggja, að knappur meiri hluti Alþingis geti ekki selt ríkisvaldið og heimildir þess að einhverju leyti í hendur alþjóðlegum stofnunum eða ríkjabandalögum. Hér er aukinn meiri hluti áskilinn, hvort heldur slík

samþykkt er gerð á Alþingi eða í þjóðaratkvæðagreiðslu, en slík ákvæði eru í stjórnskipunarlögum margra þjóða, m. a. í stjórnarskrá Dana.

5. Fasteignir og náttúruauðæfi á Íslandi.

Íslendingar verða að tryggja sér, að allar náttúruauðlindir hér á landi haldist í eigu landsmanna, og verður það bezt tryggt með ótvíræðu stjórnarskrárákvæði. Hið sama gildir um fasteignir, en ýmsar undantekningar verður þó að gera, hvað þær snertir, og yrðu þá undanþáguheimildir veittar með lögum.

6. Íslenzk óbyggð.

Eignarréttur að óbyggðum landsins hefur verið umdeildur, og er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það, að óbyggðirnar og sú orka og auðæfi, sem þar eru, séu ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar, alþjóðareign, sem einstaklingar geti ekki sölsað undir sig með neinum ráðum. Þeir, sem nú eiga óbein eignarréttindi á þessum svæðum, svo sem beitirétt, veiðirétt eða annan hefðbundinn afnotarétt, mundu þó halda sínum réttindum, og yrði nánar ákveðið með lögum um takmörk þessara svæða og réttindi yfir þeim.

7. Réttur til atvinnu.

Í 69. gr. stjskr. segir, að ekki megi leggja nein bönd á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Ákvæði þetta hefur ekki mikið raunhæft gildi, enda mun löggjafinn hafa fullnaðarmat um það, hvenær almenningsheill krefjist þess, að atvinnufrelsið sé skert. Hér er lagt til, að við greinina bætist ákvæði, sem meira máli skiptir fyrir alþýðu manna: að öllum sé tryggð full atvinna og hvers konar vinnuvernd.

8. Sjúkrahjálp og framfærsluréttur.

70. gr. stjskr. er ein af þeim greinum, sem ekki hefur verið endurskoðuð í tæpa öld. Ákvæði greinarinnar er breytt í það horf, sem hæfir nútímanum: það er samrýmt núgildandi tryggingalöggjöf og þó gengið feti framar með því að mæla fyrir um ókeypis sjúkrahúsvist.

9. Efnahagslegt jafnfrétti til menntunar.

Í 71. gr. stjskr. eru ákvæði um uppfræðslu barna, og eru þau orðin mjög úrelt. Greininni er breytt til samræmis við gildandi fræðslulög, en jafnframt er löggjafanum lögð sú skylda á herðar að tryggja efnahagslegt jafnrétti til menntunar. Í því felst, að allir skuli eiga rétt til menntunar í samræmi við áhuga sinn og hæfileika og sá réttur megi ekki vera háður efnahag eða búsetu. Ríkisvaldið verður sem sagt að jafna slíkan mismun með fullnægjandi styrkjum og námslánum.

10. Friðlýst land.

Í 75. gr. stjskr. er sérhver vopnfær maður skyldaður að taka sjálfur þátt í vörn landsins samkvæmt nánari ákvörðun í lögum. Íslendingar hafa þó aldrei lögtekið nánari fyrirmæli um herskyldu, enda er þetta ákvæði upprunalega tekið orðrétt upp úr dönsku stjórnarskránni 1849, þegar konungur setti landinu stjórnarskrá 1874 án atbeina Alþingis, og hefur það staðið óbreytt síðan. Íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa aldrei sýnt neinn áhuga á því að lögbjóða herskyldu hér á landi,

og sjaldan hefur það verið fráleitara en nú, með tilkomu margvíslegra vopna, sem enginn getur varizt.

Það væri siðferðilegur stuðningur við friðaröflin í heiminum, ef Ísland væri friðlýst land, þar sem aldrei mætti leiða herskyldu í lög.

Nd. 75. Frumvarp til útvarpslaga. [73. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

I. KAFLI
Ríkisútvarpið.

1. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eign íslenzka ríkisins.

2. gr.

Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, það er útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin þeim skilyrðum um öldutíðni, útgeislun o. fl., sem ákveðið er samkvæmt alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenzka tungu. Það skal flytja efni um listir, bókmenntir, vísindi og trúarbrögð, efla alþýðumenntun og veita kennslu í einstökum fræðigreinum. Það skal halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem fyrir koma í þjóðfélaginu, á þann hátt að almenningur geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslenzks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu, sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.

Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstaklingum.

4. gr.

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra. Hann annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess, að settum reglum um hana sé fylgt.

5. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu ráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum, og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda.

Ráðið setur reglur, eins og þurfa þykir, til gæzlu þess, að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar, nema þær varði mjög fjárhag stofnunarinnar, en þá má útvarpsstjóri vísa þeim til úrskurðar ráðherra.

7. gr.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum, fjármáladeild, sem fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál, sem fyrir hana verða lögð.

Menntamálaráðherra ræður starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem taka laun í 16. eða hærri launaflokki, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Annað starfsfólk ræður útvarpsstjóri.

II. KAFLI

Dreifing og réttindi.

8. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Landssíma Íslands um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

Öðrum kosti skulu Ríkisútvarpið og Landssíminn hafa náið samstarf til að tryggja, að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

9. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Landssími Íslands um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir, að þær trufli lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins.

Reynist raflagnir, vélar eða tæki, hvers kyns sem eru, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins, er því heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Starfsmönnum Ríkisútvarpsins er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnum.

10. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að leggja nauðsynlegar leiðslur fyrir upptöku eða útsendingu útvarpsefnis um kirkjur, leikhús, félagsheimili, samkomuhús, iðnaðarmannvirki, skóla, veitingasali og hvarvetna þar, sem mannfundir eru haldnir og koma þarf fyrir tækjum í því skyni, ljósabúnaði eða öðru, sem því fylgir. Allar slíkar framkvæmdir skulu vera húseigendum að skaðlausu. Réttur til að útvarpa því, sem fram fer á þessum stöðum, er óviðkomandi þessu ákvæði.

11. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa án endurgjalds öllu því efni, sem lög um höfundarétt eða prentrétt heimila að prenta megi eða birta án gjalds. Heimilt er einnig að útvarpa messugjörðum án endurgjalds.

12. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru efni en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má

ekki flytja slíkar fregnir af öðrum og ekki heldur hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

III. KAFLI
Fjármál.

13. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar eða útvarpsnota.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði, en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega.

Menntamálaráðherra ákveður afnotagjöld og auglýsingataxta að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

14. gr.

Í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins skal árlega leggja 5% af afnotagjöldum hljóðvarps og sjónvarps.

Fé framkvæmdasjóðs skal, samkvæmt ákvörðun útvarpsstjóra, verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

15. gr.

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis, er nota má til að hagnýta útvarp ríkisins, skal greiða Ríkisútvarpinu árlegt afnotagjald. Innheimta skal hljóðvarpsgjald og sjónvarpsgjald. Í reglugerð má ákveða, að afnotagjald skuli greiða af hverju sjónvarpsviðtæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun, og að gjald skuli greiða af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- eða talstöðvartækjum. Einnig má ákveða, að gjald skuli greiða af viðtækjum, sem notuð eru í bifreiðum eða skipum. Ef stofnun greinist í deildir, má ákveða, að greiða skuli fyrir útvarpsafnot í hverri deild um sig.

Heimilt er með reglugerð að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjöld í eitt gjald.

Í reglugerð má ákveða um undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

16. gr.

Hver sá, er hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal tilkynna viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins. Nær þetta til allra sjónvarpsviðtækja og eins hljóðvarpsviðtækis á hverju heimili eða í hverri stofnun, sbr. þó ákvæði 15. gr. um notkun hljóðvarpsviðtækja í bifreiðum og skipum, svo og í stofnunum, sem greinast í deildir.

Þegar eigendaskipti verða að viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, þar á meðal vegna sölu frá aðila, sem verzlar með viðtæki, skal nýr eigandi, svo og afhendandi, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Nú hefur eigandi viðtækis bústaðaskipti, og ber honum þá að tilkynna Ríkisútvarpinu það án tafar.

Hver sá, er fæst við sölu hljóðvarps- eða sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það Ríkisútvarpinu.

Tilkynningar samkvæmt grein þessari skulu skráðar á eyðublöð, sem Ríkisútvarpið lætur í té og fá má hjá því og lögreglustjórum. Í tilkynningu um eigendaskipti skal greina fullt nafn og heimilisfang nýs eiganda, nafnnúmer hans, ef um einstakling er að ræða, svo og tegund sjónvarpsviðtækis og framleiðslunúmer. Enn fremur skal rita á eyðublöðin aðrar þær upplýsingar, sem þar kann að vera gert ráð fyrir og nánar greinir í reglugerð.

17. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki, sem notuð eru hér á landi og í íslenzkum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

Í skránni skal greina:

1. Skráningarnúmer, sem helzt óbreytt, meðan viðtækið er skráð hjá Ríkisútvarpinu.
2. Tegund viðtækis og framleiðslunúmer.
3. Dagsetningu frumskráningar.
4. Fullt nafn og heimilisfang eiganda, svo og nafnnúmer hans, sé um einstakling að ræða.
5. Dagsetningu bústaðaskipta eiganda og hið nýja heimilisfang hans.
6. Dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og tilgreiningu um nýjan eiganda, eins og segir í 4. tölulið. Einnig skal greina, hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu.
7. Tilgreiningu um lögtak, sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 20. gr., ásamt dagsetningu.

Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá, ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar, að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps samkvæmt 1. mgr.

18. gr.

Afnotagjaldi af sjónvarpsviðtæki ásamt dráttarvöxtum eða öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðréttur í viðtækinu, sem helzt, þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum, eignarréttarfyrirvörum og öðrum höftum, sem á viðtæki kunna að hvíla. Lögveðið helzt í þrjú ár frá gjalddaga.

Ef skráðum eiganda sjónvarpsviðtækis er skylt að greiða afnotagjald af hljóðvarpsviðtæki, skal því gjaldi einnig fylgja lögveðréttur í sjónvarpsviðtæki hans, eins og segir í 1. mgr.

Eigendur hljóðvarpsviðtækja og sjónvarpsviðtækja bera persónulega ábyrgð á greiðslu gjalda af þeim til Ríkisútvarpsins, sem á hafa fallið, áður en tilkynning um eigendaskipti samkvæmt 16. gr. hefur borizt Ríkisútvarpinu.

19. gr.

Ráðherra skipar innheimtustjóra Ríkisútvarpsins, sem fullnægja skal almennum dómaraskilyrðum.

Innheimtustjóri hefur heimild til að gera lögtök til tryggingar afnotagjöldum til Ríkisútvarpsins án tillits til þess, hvar á landinu gjaldandi á heimilisfang, og sama máli gegnir um dómsathafnir þær, sem honum er heimilt að framkvæma samkvæmt 21. gr.

Nú skipar ráðherra löglærðan fulltrúa við innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins, og hefur hann þá sama rétt til að framkvæma dómsathafnir og mælt er um innheimtustjóra.

Skrá skal í löggilta dómsmálabók lögtaksgerðir og aðrar dómsathafnir, sem að framan greinir.

20. gr.

Þegar liðinn er mánuður frá því, að afnotagjöld af útvarpsviðtækjum féllu í gjalddaga, úrskurðar innheimtustjóri lögtak á ógreiddum gjöldum ásamt dráttarvöxtum eða öðru vangreiðsluálagi og auglýsir úrskurðinn, eins og mælt er um opinber gjöld í 4. gr. lögtakslaga nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 19 6. júlí 1931.

Að því er varðar gjöld, sem lögveðréttur fylgir samkvæmt 18. gr., er heimilt að gera lögtak til tryggingar þeim sem hér segir: Að liðnum vikufresti frá auglýsingu úrskurðar samkvæmt 1. mgr. ritar innheimtustjóri í fógetabók ákvörðun um lögtak

í sjónvarpsviðtæki fyrir umræddum gjöldum. Jafnframt ritar hann á blað viðtækis á sjónvarpsviðtækjaskrá tilgreiningu um lögtakið. Hefur ritun í fógetabók í för með sér öll áhrif lögtaks eftir lögtakslögum. Tilkynna skal skráðum eiganda viðtækisins lögtakið í ábyrgðarbréfi.

Um framkvæmd lögtaks fyrir öðrum gjöldum fer eftir reglum lögtakslaga, hvort sem innheimtustjóri eða viðkomandi fógeti framkvæmir lögtakið.

Eftir að lögtak hefur verið gert samkvæmt 2. eða 3. mgr., getur innheimtustjóri krafizt uppboðs á lögtekinni eign eftir venjulegum reglum.

Nú vill eigandi sjónvarpsviðtækis eða annar aðili, sem telur sig hafa réttar að gæta, koma fram vörnum, að því er varðar lögtak samkvæmt 2. mgr., og er þá heimilt að bera mótmæli upp við innheimtustjóra, sem að undangengnum málflutningi, ef til kemur, leggur á þau úrskurð. Ef mótmæli koma ekki fram fyrr en við uppboð, ber úrskurðarvald, þar á meðal um lögmæti lögtaksins, undir uppboðshaldara.

21. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á útvarpsviðtæki:

1. Ef það er hagnýtt til útvarpsmóttöku, án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins.
2. Ef vanskil eru orðin á greiðslu afnotagjalds af því.
3. Ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr., eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu afnotagjaldi, og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörzlum eiganda eða annars vörzlumanns.

Innheimtustjóri eða viðkomandi héraðsdómari kveða upp dómsúrskurði, ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

IV. KAFLI
Ábyrgð á útvarpsefni.

22. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög, fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá, sem flytur sjálfur efni í eigin nafni, ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni, sem útvarpað er samtímis því, að það er flutt, og efni, sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni, sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð, sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal, sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók, hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber Ríkisútvarpið þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

23. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann, sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 22. gr.

Skylt er Ríkisútvarpinu að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður, ef 6 mánuðir

líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti, ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Brot gegn einkarétti Ríkisútvarpsins samkvæmt 2. gr. og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 12. gr. varða sektum. Beita má varðhaldsrefsingu, ef sök er stórfelld. Upptæk má gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt, sbr. 2. gr., svo og viðtæki, sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 12. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 16. gr. varðar sektum. Ef um er að ræða aðila, sem verzlar með viðtæki, skal sektarupphæð ekki vera lægri en kr. 10 000.00.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir viðeigandi ákvæðum almennra hegningarlaga.

25. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð, að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögunum.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 68 28. des. 1934, svo og lög um breytingu á þeim lögum, nr. 64 31. des. 1939, nr. 34 29. apríl 1966 og nr. 88 23. des. 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var lagt fyrir síðasta þing, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er menntamálaráðherra skipaði í júlí 1969 og skilaði áliti í janúar 1970. Frumvarpið er lagt fram óbreytt eins og nefndin samdi það. Svofelld greinargerð, ásamt fylgiskjölum, fylgdi frumvarpinu:

Hinn 4. júlí 1969 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um Ríkisútvarpið. Í nefndina voru skipaðir þeir Andrés Björnsson, útvarpsstjóri, dr. Þórður Eyjólfsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Benedikt Gröndal, formaður útvarpsráðs, sem var formaður. Þess var jafnframt óskað, að nefndin endurskoðaði allar reglur, sem settar hafa verið um flutning dagskrár og frétta, og gerði tillögur um nýjar, ef nauðsynlegt yrði talið.

Nefndin hefur haldið marga fundi, aflað gagna frá öðrum löndum og haft samráð við ýmsa starfsmenn Ríkisútvarpsins, svo og aðra aðila, um einstök atriði. Hefur nefndin samið frumvarp til útvarpslaga, gert drög að reglugerð fyrir Ríkisútvarpið, reglum um fréttaflutning Ríkisútvarpsins, reglum um auglýsingar í hljóðvarpi og reglum um auglýsingar í sjónvarpi. Segja má, að frumvarpið og drögin að reglugerð og auglýsingareglum fyrir hljóðvarp séu alger nýsmíði, enda þótt allmörg einstök atriði haldist lítt breytt frá gildandi lögum, reglugerð og reglum. Hins vegar eru reglur um auglýsingar í sjónvarpi lítt breyttar, enda eru þær aðeins þriggja ára.

Helztu breytingar.

Frumvarpið til útvarpslaga felur í sér margar efnisbreytingar frá gildandi lögum. Eru þessar helztar:

1. Ríkisútvarpið er gert að „sjálfstæðri stofnun í eign íslenzka ríkisins".
2. Ríkisútvarpið fær einkarétt á útvarpi, sem ríkisstjórn hefur eftir gildandi lögum. Einkarétturinn er nánar skilgreindur en áður.

3. Hlutverk Ríkisútvarpsins er ákveðið í stórum dráttum.
4. Útvarpsráð verði kosið til 4 ára, en hefur verið kosið af hverju nýkjörnu Alþingi. Lögfest verður, að ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni séu endanlegar.
5. Nánari ákvæði um skipulag Ríkisútvarpsins eru sett í frumvarpið, og komið á fót framkvæmdastjórn innan stofnunarinnar.
6. Lagt er til, að 5% afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps renni í framkvæmdasjóð til að tryggja stofnuninni viðunandi húsnæði og tækjakost.
7. Veigamiklar breytingar eru gerðar til hagræðingar á innheimtu afnotagjalda fyrir sjónvarp. Ríkisútvarpið fái lögveð í hverju sjónvarpstæki og innheimtustjóri fái fógetavald.
8. Felld er niður heimild starfsmanna Ríkisútvarpsins til að fara inn á heimili manna til eftirlits með útvarpsnotum.
9. Sett eru í frumvarpið ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni, en um það hefur ekkert verið í lögum til þessa.

Þróun útvarpslöggjafar.

Árið 1924 fjallaði Alþingi í fyrsta sinn um útvarp, sem í þá tíð breiddist ört út víða um lönd. Var það frumvarp Jakobs Möllers til laga um „sérleyfi handa Ottó B. Arnar o. fl. til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi". Frumvarpið varð ekki útrætt, en var endurflutt á næsta þingi og samþykkt í maí 1925 sem „Lög um sérleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi".

Samkvæmt þessum lögum var Útvarp h.f. stofnað og hóf starfsemi í Reykjavík. Félagið lenti fljótlega í fjárhagsvandræðum og átti við margvíslega erfiðleika að stríða. Í maí 1927 ályktaði Alþingi samkvæmt tillögu Jakobs Möllers að setja nefnd til að semja frumvarp um ríkisrekstur útvarps. Í nefndina voru skipaðir Gísli J. Ólafsson landssímastjóri, dr. Páll Eggert Ólason fyrir hönd Háskóla Íslands, og Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri fyrir Félag viðvarpsnotenda, en í forföllum hans starfaði Jón Eyþórsson í nefndinni. Um þær mundir voru um 500 útvarpsnotendur í landinu.

Árið 1928 var lagt fyrir Alþingi „Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til rekstrar á viðvarpi". Í meðförum þingsins var orðinu „viðvarp" breytt í „útvarp" áður en frumvarpið varð að lögum. Fjárhagsleg og tæknileg yfirstjórn Ríkisútvarpsins skyldi vera hjá landssímastjóra, en sett var þriggja manna útvarpsráð, skipað af atvinnumálaráðherra til eins árs í senn. Átti ríkisstjórn að ráða forseta ráðsins, háskólinn að skipa annan mann, en Félag viðvarpsnotenda hinn þriðja, ef fjórðungur notenda væri í þeim samtökum.

Samkvæmt þessum lögum var hafin bygging útvarpsstöðvar, skipaður útvarpsstjóri, Jónas Þorbergsson, og hið fyrsta útvarpsráð, þeir Helgi Hjörvar, Páll Ísólfsson og Alexander Jóhannesson.

Þegar á árinu 1930 áður en „Útvarpsstöð Íslands" sendi út fyrstu dagskrá sína, samþykkti Alþingi breytingar á lögunum. Var fjölgað í útvarpsráði í fimm menn og bætt við fulltrúum presta og kennara. Þá var og ákveðin ríkiseinkasala á viðtækjum, en fjárhagsleg stjórn stofnunarinnar var flutt frá landssímastjóra til útvarpsstjóra.

Árið 1934 var gerð stórbreyting á útvarpslögunum. Var heitið Ríkisútvarp þá lögfest og stofnunin sett undir kennslumálaráðherra, en hafði til þessa lotið atvinnumálaráðherra. Þá skyldi skipa dagskrárstjórn (sem í meðförum Alþingis hlaut aftur nafnið útvarpsráð) á nýjan hátt. Skyldi ráðið skipað til þriggja ára sjö mönnum, þrem kosnum hlutfallskosningu á Alþingi, þrem kosnum hlutfallskosningu af öllum útvarpsnotendum í landinu, en hinn sjöunda skyldi kennslumálaráðherra skipa. Ríkisútvarpið skyldi annast kosningu á fulltrúum notenda eftir listum sex manna, sem hver skyldi hafa meðmæli 200 notenda minnst.

Samkvæmt þessari skipan var kosið í útvarpsráð vorið 1935 í fyrsta og síðasta sinn. Áður en kjósa skyldi í annað sinn 1939, fluttu þrír alþingismenn (Þorsteinn

Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson og Jónas Jónsson) frumvarp um þá breytingu á útvarpsráði, að það skyldi skipað fimm mönnum og þeir kosnir hlutfallskosningu á Alþingi. Tvær ástæður voru bornar fram fyrir þessari breytingu, hin fyrri að almenn kosning væri of kostnaðarsöm, og hin síðari að kosning meðal útvarpsnotenda hefði verið skipulögð af stjórnmálaflokkunum og mundi því leiða til sömu niðurstöðu og kosning á Alþingi.

Haustið 1939, eftir að ófriðurinn var hafinn, var gerð önnur breyting á útvarpslögunum. Var ráðherra heimilað að gera fréttastofu útvarpsins að sérstakri deild undir stjórn útvarpsráðs, og mátti semja við blöð lýðræðisflokkanna um þátttöku í starfrækslu fréttastofunnar. Með þessu var nokkuð dregið úr valdi útvarpsstjóra, en breytingin var sögð vera til sparnaðar.

Þegar kjósa skyldi í útvarpsráð í annað sinn samkvæmt skipan þess frá 1939, var enn gerð á þeim málum breyting. Með lögum nr. 25 18. febrúar 1943 var svo ákveðið, að útvarpsráð skyldi ekki lengur kosið til þriggja ára, heldur kosið á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Var þetta talið nauðsynlegt til þess að skipan útvarpsráðs yrði ávallt í samræmi við styrkleikahlutföll flokkanna á Alþingi, hvernig sem þau breyttust í kosningum.

Lögunum um útvarpsrekstur ríkisins var síðan ekki breytt fyrr en 1961, en sú breyting fjallaði eingöngu um skatta- og útsvarsgreiðslu viðtækjaeinkasölunnar. Með lögum nr. 34 29. apríl 1966 var fjölgað í útvarpsráði í sjö menn, í samræmi við breyttar venjur um stærð nefnda, sem Alþingi kaus. Þótti þetta nauðsynlegt til að allir þingflokkar fengju fulltrúa í ráðinu.

Hinn 30. janúar 1957 tilkynnti menntamálaráðuneytið Ríkisútvarpinu, í tilefni fyrirspurnar frá útvarpsráði, að það teldi sjónvarpsmál falla undir Ríkisútvarpið. Byggðist sú túlkun á þeim skilningi, að útvarp þýddi bæði hljóðvarp og sjónvarp, enda í meginatriðum notuð sama tækni við hvorttveggja. Átti þessi skilningur stoð í alþjóða-fjarskiptasamningnum, sem Ísland hafði gerzt aðili að.

Af þessum sökum hófst Ríkisútvarpið handa um undirbúning sjónvarps án þess að um það væru sérstök lög. Sett var ákvæði í lög um tollskrá þess efnis, að ríkisstjórninni væri heimilt að verja aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum til stofnkostnaðar sjónvarps. Gildir þetta ákvæði enn og er fjárhagslegur hornsteinn sjónvarpsins. Þegar sjónvarpssendingar hófust og ákveða varð sérstakt afnotagjald, þótti skorta til þess heimild í lögum. Voru þá sett lög nr. 88 21. desember 1966, en samkvæmt þeim voru ákvæði um sjónvarp felld inn í útvarpslögin á nokkrum stöðum.

Ekki verður þróun Ríkisútvarpsins í 40 ár eingöngu rakin í lagabreytingum. Þar koma einnig til breytingar á reglugerðum og reglum, svo og ýmsar skipulagsbreytingar, sem unnt var að gera samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Má þar til nefna, að um langt árabil annaðist Ríkisútvarpið sjálft rekstur sendistöðva sinna, en hefur hin síðari ár falið Landssíma Íslands það hlutverk með samningi. Þá var með ákvörðun menntamálaráðuneytisins í apríl 1966 komið á skiptingu stofnunarinnar í þrjár deildir, fjármáladeild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Lengi hafði útvarpsráð sérstakan skrifstofustjóra og skrifstofu, en hin síðari ár hefur dagskrárstarfsemi verið ein. Loks hefur Ríkisútvarpið tekið að sér samkvæmt sérstöku samkomulagi rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og er það mikið verkefni.

Einstakar greinar frumvarpsins.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Ríkisútvarpið er samkvæmt þessari grein gert að sjálfstæðri stofnun í eign íslenzka ríkisins. Það heyrir þó að sjálfsögðu stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneytið, eins og fram kemur á viðeigandi stöðum í hinum ýmsu greinum frumvarpsins.

Sú skoðun er mjög útbreidd, bæði hér á landi og í öðrum lýðræðisríkjum, að áhrifamikil menningarstofnun eins og ríkisútvarp eigi að vera sem sjálfstæðust, en megi ekki mótast af dægurbaráttu um stjórn landsins. Í dönsku útvarpslögunum frá 1959 er Danmarks Radio skilgreint sem „en selvstændig offentlig institution". Á sama hátt er Norsk Rikskringkasting í norskum lögum kallað „en selvstendig statsinstitution". Sænska útvarpið er hlutafélag með miklum ítökum ríkisvaldsins, en í reglum þess segir: „Bolagets organisation skall kännetecknas av långgående självständighet för programenheterna ...."

Um 2. gr.

Í gildandi lögum segir, að ríkisstjórnin hafi einkarétt til að reka útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) á Íslandi, og hún láti starfrækja í Reykjavík hljóðvarps- og sjónvarpsstöð og endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu.

Eðlilegra virðist, að Alþingi veiti þeirri stofnun einkaréttinn, sem á að annast útvarpsstarfsemina. Sjálfsagt er, að Ríkisútvarpið reisi sjálft nauðsynlegar sendistöðvar og endurvarpsstöðvar, en ríkisstjórnin í heild þurfi ekki að hafa afskipti af slíku tækniverkefni, nema innan heildarramma fjármála Ríkisútvarpsins.

Í frv. er einkarétturinn nákvæmlega skilgreindur, en það er ekki gert í gildandi lögum. Skilgreiningin fylgir efnislega þeim skilum milli útvarps og fjarskipta, sem dregin hafa verið í alþjóðlegum samningum um þessi efni, sem Ísland er aðili að.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er hlutverk Ríkisútvarpsins hvergi skilgreint. Hefur að vandlega yfirlögðu ráði þótt rétt að setja slíkt ákvæði í frumvarpið.

Í annarri málsgrein er svo kveðið á, að útvarpsefni (bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi) skuli miða við fjölbreytni íslenzks þjóðlífs, þannig að sérstakt tillit sé tekið til tungu og menningararfs hinnar dreifðu byggðar, ólíkra atvinnuvega og alþýðumenntunar. Miða skal og „við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta", og er því fyrir það girt, að höfðatöluregla verði ein alls ráðandi um efnisval, enda er margt hið bezta efni sniðið fyrir takmarkaða hópa landsmanna. Loks er lögð áherzla á, að Ríkisútvarpið gegni margvíslegu þjónustuhlutverki, sem má almenningi að gagni koma.

Í síðustu málsgrein eru hin þýðingarmiklu ákvæði um, að Ríkisútvarpið haldi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, virði tjáningarfrelsi og gæti fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstaklingum. Hér er orðið „tjáningarfrelsi" tekið upp í staðinn fyrir „skoðanafrelsi" í gildandi lögum, og þykir eiga betur við.

Um 4. gr.

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, en það hefur ráðherra gert til þessa. Er þessi breyting til samræmis við ýmis önnur embætti ríkisins.

Engar efnisbreytingar eru gerðar á hlutverki útvarpsstjóra, en það er í megindráttum skilgreint í þessari grein.

Um 5. gr.

Þeirri skipan er haldið óbreyttri, að Alþingi kjósi sjö manna útvarpsráð hlutfallskosningu.

Í upphafi var útvarpsráð skipað fulltrúum frá ýmsum stéttum og stofnunum, svo sem prestum, kennurum og Háskóla Íslands. Frá þessu var horfið 1934 og ákveðið, að allir skráðir útvarpsnotendur skyldu kjósa hluta ráðsins. Þeirri skipan var breytt þegar eftir eitt kjörtímabil, árið 1939, en síðan hefur Alþingi kosið ráðið, 5 og síðar 7 menn. Þrátt fyrir nokkra gagnrýni hafa ekki komið fram tillögur um aðra skipan, sem ætla má að betur dugi en þessi, er valin var að fenginni reynslu af öðrum kerfum, og hefur dugað í þrjá áratugi.

Þá er gert ráð fyrir, að útvarpsráð sé kosið til fjögurra ára hverju sinni. Árið 1939 var ráðið kosið til þriggja ára, en 1942 var lögunum breytt á þann veg, að hvert nýkjörið þing skyldi kjósa útvarpsráð. Hefur komið fyrir, að kosið væri í útvarpsráð tvisvar á sama ári og kjörtímabil ráðs væri innan við hálft ár.

Með núverandi skipan er Ríkisútvarpið nátengt við stjórnmálabaráttuna og sveiflur hennar. Virðist hyggilegra, og meira í samræmi við hugmyndir samtíðarinnar um sjálfstæði Ríkisútvarpsins, að útvarpsráð hafi fast kjörtímabil eins og mikill meiri hluti þeirra stjórna og ráða, sem Alþingi kýs. Mundi það skapa meiri festu í störf útvarpsráðs og stofnunarinnar í heild.

Um 6. gr.

Efni þessarar greinar um starfssvið útvarpsráðs er óbreytt frá gildandi lögum, nema hvað bætt er við ákvæði þess efnis, að ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni séu endanlegar. Hefur verið litið svo á hingað til, að svo væri, samanber t. d. Stjórnarfarsrétt eftir próf. Ólaf Jóhannesson, Reykjavík 1955, bls. 52.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipulag Ríkisútvarpsins og er hún nýmæli í lögum, enda þótt sú skipting í þrjár deildir, sem nefnd er í 1. mgr., hafi verið framkvæmd síðan í apríl 1966.

Hins vegar er ákvæðið um innri framkvæmdastjórn nýtt, en í henni skulu eiga sæti útvarpsstjóri, sem verður formaður, framkvæmdastjórar þrír og formaður útvarpsráðs. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar á að verða samræming á starfsemi deildanna, ekki síst hljóðvarps og sjónvarps.

Samkvæmt gildandi lögum skipar menntamálaráðherra starfsmenn Ríkisútvarpsins að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Ástæðulaust er að blanda ráðherra í ráðningu alls þorra starfsmanna, sem eru í 15. eða lægri launaflokkum, og er útvarpsstjóra falin ráðning þeirra í frumvarpinu.

Um II. kafla.

Um 8. gr.

Frá stofnun Ríkisútvarpsins hefur verið náin samvinna milli þess og Landssíma Íslands. Árum saman var sami maður yfirverkfræðingur beggja stofnana, en starfsemi að öðru leyti aðskilin. Ríkisútvarpið annaðist sjálft byggingu og rekstur sendistöðva sinna og öll önnur tæknistörf.

Á síðari árum hefur útsending hljóðvarps orðið umsvifameiri og stöðvum hefur fjölgað. Þá kom til uppbygging dreifikerfis fyrir sjónvarp, sem er tæknilegt stórvirki í víðáttumiklu fjallalandi eins og Íslandi.

Árið 1963 ákvað Ríkisútvarpið að fela Landssíma Íslands með sérstökum samningi að annast byggingu og rekstur á útvarpskerfi landsins öllu, hljóðvarpi og sjónvarpi. Ákvörðun þessi byggðist á þeirri staðreynd, að Landssíminn hafði á að skipa fjölda sérfræðinga á viðkomandi sviðum, hafði tækjakost og margvíslega aðstöðu til að leysa af hendi verk á þessu sviði, og loks var sýnilegt, að margt mundi verða sameiginlegt með dreifikerfi þráðlauss síma og sjónvarps. Þótti Ríkisútvarpinu ekki rétt að koma upp annarri svo fjölmennri og umfangsmikilli tæknideild, sem þurft hefði til að annast þetta starfssvið.

Erlendis má það heita regla, að landssímastofnanir annist dreifikerfi útvarps, og er það ýmist lögboðið eða gert samkvæmt samningum.

Rétt þykir, að fenginni reynslu, að halda áfram þeirri skipan, sem verið hefur hér á landi síðari ár. Er því útvarpsstjóra, að fengnu samþykki ráðherra, heimilað að semja við Landssíma Íslands um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru nauðsynlegar heimildir fyrir Ríkisútvarpið til að koma fyrir lögnum og verja það gegn ýmiss konar truflunum. Er þetta efnislega óbreytt frá ákvæðum í 8. gr. og 9. gr. gildandi laga, að undanteknu einu þýðingarmiklu atriði. Í gildandi lögum segir: „Mönnum, sem eru í þjónustu Ríkisútvarpsins þessara erinda og til eftirlits með útvarpsnotum, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, ef nauðsyn krefur vegna starfsins, enda fari þeir ekki um híbýli manna fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi".

Með þessu 35 ára gamla lagaákvæði er Ríkisútvarpinu veitt óvenjuleg og mjög víðtæk heimild, m. a. til að senda starfsmenn inn á heimili manna. Hefur þessu ákvæði að vísu sjaldan eða aldrei verið beitt, en samt þykir rétt að fella það niður. Er rétt að Ríkisútvarpið þurfi, eins og aðrir aðilar framkvæmdavaldsins, að fá dómsúrskurð, ef þörf er að raska heimilisfriði.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega hin sömu og í 10. gr. gildandi laga, nema hvað nú er orðalag miðað bæði við hljóðvarp og sjónvarp.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að Ríkisútvarpinu verði heimilt að útvarpa án endurgjalds öllu því, sem prenta má án endurgjalds samkvæmt lögum um höfundarétt og prentrétt, svo og messugjörðum. Gildandi ákvæði um að útvarpa án endurgjalds háskólaerindum og fræðsluerindum, stjórnmálafundum eða almennum mannfundum eru úrelt, enda hafa þau ekki verið framkvæmd árum saman.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar um útvarpsnot er að finna í 17. gr. gildandi reglugerðar um útvarpsrekstur ríkisins. Þykir rétt að þessi atriði verði í lögunum sjálfum.

Um III. kafla.

Um 13. gr.

Þessi grein fjallar um grundvallaratriði í fjármálum Ríkisútvarpsins.

1. mgr. kveður svo á, að Ríkisútvarpið hafi sjálfstæðan fjárhag og tekjum þess megi eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota. Fyrra atriðið hefur ekki staðið í lögum, en þó verið meginlögmál um starfsemi stofnunarinnar í 40 ár. Síðara atriðið er að finna í 2. mgr. 2. gr. gildandi laga.

2. mgr. hermir, að megintekjustofnar Ríkisútvarpsins skuli vera gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða. Með þessu ákvæði er veitt lagaheimild fyrir innheimtu afnotagjalda og auglýsingum í hljóðvarpi og sjónvarpi. Af öðrum tekjustofnum, sem Alþingi hefur ákveðið, má nefna ákvæði laga um tollskrá þess efnis að ríkisstjórninni sé heimilt að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps.

3. mgr. fjallar um fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins. Skal útvarpsstjóri kynna áætlunina fyrir útvarpsráði, sem er nýmæli, og senda hana síðan menntamálaráðherra, sem leggur hana fyrir Alþingi. Hingað til hefur áætlunin ávallt verið hluti fjárlaga, og er ekki lagt til að því verði breytt.

4. mgr. er þess efnis, að menntamálaráðherra ákveði afnotagjöld og auglýsingataxta að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Er það óbreytt núverandi skipan.

Um 14. gr.

Ríkisútvarpið hóf útsendingu dagskrár 20. desember 1930, og er stofnunin því senn 40 ára. Hefur útvarpið á þessum tíma orðið ein áhrifamesta menningar- og þjónustustofnun landsins.

Útvarpsnotendur hafa með afnotagjöldum greitt rösklega helming af kostnaði Ríkisútvarpsins, en auglýsingatekjur hafa séð fyrir hinu. Hefur afnotagjöldum jafnan verið haldið svo lágum, að stofnunin hefur til þessa dags ekki eignazt sitt eigið húsnæði. Aðalskrifstofur og hljóðvarpsdeild eru enn í leiguhúsnæði. Árum saman var starfsemin dreifð um borgina og nú stefnir óðum í þá átt á nýjan leik. Stórfé hefur verið varið til innréttinga, sem eru sérstaklega dýrar fyrir útvarpssali, en hafa síðan orðið ónýtar, er stofnunin hefur flutt frá einum leigjanda til annars.

Öðru máli gegnir um sjónvarpsdeild. Ríkisútvarpið keypti þegar í upphafi húsnæði fyrir sjónvarpið, enda þótt það sé ekki byggt til þeirra nota og verði varla til frambúðar, en verði að duga um árabil.

Af þessu ætti að verða ljóst, að gera verður grundvallarbreytingu á fjárhag Ríkisútvarpsins til að tryggja því viðunandi húsnæði og tækjakost á komandi árum. Þessi grein frumvarpsins leysir þann vanda. Verði hún að lögum, getur Ríkisútvarpið á næstu 4—5 árum reist hóflega byggingu fyrir aðalskrifstofu og hljóðvarpsdeild, en síðan safnað nokkrum byggingarsjóði til þess dags, er reisa þarf nýjar byggingar fyrir sjónvarpsdeild.

Um 15. gr.

Grein þessi fjallar um afnotagjöld af viðtækjum. Er engin breyting gerð á reglum þeim, sem nú gilda um gjaldskylduna. Ákvæði 1.—3. málsl. 1. mgr. eru tekin úr 1. og 5. mgr. 6. gr. núgildandi útvarpslaga. Í 4. málsl. 1. mgr. er veitt heimild til að ákveða í reglugerð að greiða skuli gjald af viðtækjum, sem notuð eru í bifreiðum eða skipum. Er það í samræmi við 4. og 5. tölul. 18. gr. útvarpsreglugerðarinnar. Þá má og samkvæmt 5. málsl. 1. mgr. ákveða í reglugerð, að greinist stofnun í deildir, skuli greitt fyrir útvarpsafnot í hverri deild um sig, sbr. nú 3. tölul. 18. gr. útvarpsreglugerðarinnar. Nánar verður getið um gjaldskylduna í umsögn um 16. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er haldið opinni leið til að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjöld í eitt gjald, ef því yrði við komið, en ekki þykir tímabært að gera það nú.

Í 3. mgr. er tekið upp ákvæði úr 7. mgr. 6. gr. útvarpslaganna um heimild til að veita blindum mönnum undanþágu frá greiðslu afnotagjalda.

Um 16. gr.

Hér ræðir í 1. mgr. um skyldu til að tilkynna viðtæki til Ríkisútvarpsins. Skylt er að tilkynna sérhvert sjónvarpsviðtæki, sbr. og 17. gr. frv., en nægilegt er að tilkynna eitt hljóðvarpsviðtæki á hverju heimili eða í hverri stofnun, þó að fleiri séu þar í notkun. Með heimili er fyrst og fremst við það átt, að gjaldandi búi sjálfstætt, hvort heldur ásamt fjölskyldu sinni eða einn, í eignarhúsnæði eða leiguhúsnæði. Það nær því meðal annars til þess, er einstaklingur býr út af fyrir sig í leiguherbergi. Sama er um einstaklinga, sem stunda atvinnu, þó að þeir kunni að vera í fæði hjá foreldrum sínum eða öðrum. Um þetta má yfirleitt fara eftir reglum manntals um aðgreiningu íbúa í húsi hverju. Þegar útvarpsviðtæki eru notuð í bifreiðum, skipum eða deildum stofnana, ber að tilkynna þau sérstaklega.

Í 2. mgr. eru ákvæði um tilkynningar vegna eigendaskipta að viðtækjum. Svara þau til fyrirmæla í 3. mgr. 6. gr. útvarpslaganna og 22. gr. útvarpsreglugerðarinnar. Ávallt ber að tilkynna eigendaskipti, hvort heldur þau verða vegna sölu, arfs, gjafar eða af öðrum ástæðum. Ekki skiptir máli, hvort afhendandi er verzlun, sem selur ónotuð tæki, eða um er að ræða afhendingu á notuðum tækjum. Þó að tæki hafi ekki áður verið tilkynnt vegna reglna um fleiri en eitt tæki á heimili eða í stofnun, sbr. 1. mgr., ber engu að síður að tilkynna, ef eigendaskipti verða að því. Tilkynn-

ingarskyldan hvílir bæði á afhendanda og viðtakanda, en að sjálfsögðu geta þeir sent sameiginlega tilkynningu, sbr. 5. mgr.

Ákvæði 3. mgr. um tilkynningar vegna bústaðaskipta svara efnislega til 23. gr. útvarpsreglugerðarinnar.

Samkvæmt 4. mgr. ber hverjum þeim, sem fæst við sölu hljóðvarps- eða sjónvarpstækja, að tilkynna Ríkisútvarpinu það sérstaklega. Hér er átt við, að sala fari fram í atvinnuskyni, hvort sem um ný eða notuð tæki er að ræða. Tilkynning skal send eigi síðar en þá, er sala hefst.

Ákvæði 5. mgr. um atriði, sem veita skal upplýsingar um í tilkynningu, eru í samræmi við núgildandi reglur og framkvæmd þeirra.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt er vegna innheimtu afnotagjalda af sjónvarpsviðtækjum, að haldin sé um þau nákvæm skrá. Þar verður að greina, svo að ekki verði um villzt, full deili á tækinu, frá því að það kom fyrst á skrána og þar til það kann að verða numið af henni, sbr. 3. mgr. Í öðru lagi verður skráin að veita upplýsingar um, hver sé á hverjum tíma eigandi tækisins, nafn hans og heimilisfang. Eigandi tækisins ber samkvæmt 3. mgr. 18. gr. persónulega ábyrgð á greiðslu afnotagjalds af því, unz tilkynning um eigendaskipti hefur borizt Ríkisútvarpinu. Auk þess er nákvæm tilgreining á framangreindum atriðum skilyrði fyrir því að lögveð geti stofnazt í tækinu, sbr. 18. gr., og að lögtak verði gert í því eftir reglum 2. mgr. 20. gr.

Um reglur 3. mgr. viðvíkjandi afmáningu sjónvarpsviðtækis af skrá má vísa til ákvæða 32. gr. útvarpsreglugerðarinnar.

Um 18. gr.

Hér er það nýmæli, að afnotagjöldum af sjónvarpsviðtækjum er áskilinn lögveðréttur í tækinu. Er það í samræmi við tryggingu ýmissa annarra opinberra gjalda, sem greiða ber af tilteknum eignum eða í sambandi við þær, sbr. um þungaskatt af bifreiðum 91. gr. laga nr. 71/1963, um lestagjald af skipum 3. gr. laga nr. 10/1946, um fasteignaskatt til sveitarfélaga 7. gr. laga nr. 51/1964, o. s. frv. Lögveðið gerir innheimtu gjaldanna að miklum mun auðveldari, með því að lögtak, ef til þess kemur, má gera eingöngu í tækinu, enda þótt á því hvíli eignarréttarfyrirvari, samningsveð, aðfararveð eða önnur eignarhöft. Lögtak í öðrum eignum gjaldanda er þó jafnan heimilt, þar sem hann ber persónulega ábyrgð á greiðslu afnotagjalds, sbr. 3. mgr.

Ef viðtæki er selt, og seljandi getur ekki sýnt kvittun fyrir greiðslu áfallins afnotagjalds, er auðvelt fyrir kaupanda að afla sér upplýsinga frá Ríkisútvarpinu um, hvort slíkt gjald hvíli á viðtækinu.

Um hljóðvarpsviðtæki er ekki unnt að halda eins fullkomna skrá og um sjónvarpsviðtæki, enda eru ekki öll hljóðvarpsviðtæki tilkynningarskyld, sbr. áðurgreindar reglur um fleiri en eitt viðtæki á heimili eða í stofnun. Er því ekki unnt að áskilja afnotagjöldum af hljóðvarpsviðtækjum lögveðrétt í þeim. Hins vegar er lögveð í sjónvarpsviðtæki látið ná til afnotagjalds af hljóðvarpsviðtæki, þegar sami aðili á að greiða hvorutveggja gjöldin. Má þá innheimta þau sameiginlega, m. a. samkvæmt lögtaksheimild 2. mgr. 20. gr. Við það sparast, að lögtak þurfi að gera í tvennu lagi.

Ákvæði 3. mgr. um persónulega ábyrgð á greiðslu afnotagjalda svara til fyrirmæla í 33. gr. útvarpsreglugerðarinnar.

Um 19. gr.

Afnotagjöldum af útvarpsviðtækjum fylgir lögtaksréttur samkvæmt 1. gr. lögtakslaga nr. 29/1885. Eftir núgildandi reglum ber að leita um lögtaksgerðir til viðkomandi fógeta í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum landsins. Er það fyrirhafnarsamt og óþjált í framkvæmd og hefur valdið töfum á innheimtu gjaldanna. Á

þessu hefur þó verið ráðin mikilsverð bót með því, að núverandi innheimtustjóri, sem er lögfræðingur, hefur fengið löggildingu samkvæmt 33. gr. laga nr. 85/1936 sem fulltrúi við embætti borgarfógeta í Reykjavík, bæjarfógeta í Kópavogskaupstað, bæjarfógeta Hafnarfjarðar og sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeta í Keflavík. Hefur hann samkvæmt því heimild til að framkvæma lögtök fyrir afnotagjöldum í þessum lögsagnarumdæmum.

Fyrirkomulag þetta verður hvorki talið eðlilegt né fullnægjandi. Er því lagt til, að innheimtustjóranum sé veitt almenn heimild til að framkvæma lögtök fyrir afnotagjöldunum, hvar sem er á landinu, enda er þá ekki þörf á að skipa hann fulltrúa við sérstök dómaraembætti. Þykir þá einnig rétt, að hann fullnægi almennum dómaraskilyrðum eftir 32. gr. laga nr. 85/1936. Þá er og gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti veitt löglærðum fulltrúa löggildingu samkvæmt 33. gr. sömu laga til að framkvæma dómsathafnir, eins og nánar greinir í 3. mgr.

Heimildir innheimtustjóra og fulltrúa á innheimtuskrifstofunni til að framkvæma dómsathafnir eru takmarkaðar við lögtök til tryggingar afnotagjöldum og uppkvaðningu úrskurða, ef innsigla þarf viðtæki eða taka það úr vörzlum umráðamanns, sbr. 3. mgr. 21. gr.

Um 20. gr.

Samkvæmt þessari grein er aðalreglan sú, að lögtök, sem innheimtustjóri framkvæmir, fara eftir almennum reglum lögtakslaga. Undantekning er gerð í 2. málsgr. sbr. 5. mgr. um lögtök, sem gerð eru í sjónvarpsviðtækjum fyrir gjöldum, sem lögveðréttur fylgir. Er þá heimilað að gera lögtak á skrifstofu Ríkisútvarpsins, án þess að kveðja gjaldanda til að mæta við gerðina. Það er hvort tveggja, að yfirleitt getur ekki komið til nein óvissa um upphæð lögtakskröfunnar, sem fer eftir opinberri ákvörðun, sbr. 4. mgr. 13. gr. frv., og að lögtak verður einungis gert í viðtæki því, sem lögveðið hvílir á og skilmerkilega er tilgreint í sjónvarpsviðtækjaskrá samkvæmt 17. gr. Þessi aðferð mundi spara bæði Ríkisútvarpinu og gjaldanda fyrirhöfn og kostnað. Lögtakið skal svo tilkynnt gjaldanda í ábyrgðarbréfi, og á hann þess kost að koma fram vörnum, ef hann æskir þess, eins og nánar getur í greininni. Ef mótmæli koma ekki fram fyrr en við uppboðið, skal uppboðshaldari úrskurða um réttmæti þeirra, þar á meðal um lögmæti lögtaksins. Getur það sparað fyrirhöfn af áfrýjun um það efni, og verður uppboðsréttur þá að þessu leyti millidómsstig. Að sjálfsögðu er svo áfrýjun til Hæstaréttar jafnan heimil eftir almennum reglum.

Um 21. gr.

Í 3. mgr. 6. gr. útvarpslaganna segir, að hvert það viðtæki, sem ekki er tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins, skuli upptækt vera. Telja verður ákvæði þetta óþarflega strangt, og er í þess stað lagt til í 1. tölul., að heimilt sé að innsigla ótilkynnt viðtæki, sem hagnýtt eru til útvarpsmóttöku. Heimilt er og samkvæmt 2. mgr. að taka slík tæki úr vörzlum umráðamanns.

Í 2. tölul. er heimiluð innsiglun á viðtækjum vegna vanskila, sbr. nú 5. mgr. 6. gr. útvarpslaganna.

Í 3. tölul. er tekið upp ákvæði úr 2. mgr. 31. gr. útvarpsreglugerðarinnar um heimild til innsiglunar viðtækja, eftir að sagt hefur verið upp útvarpsnotum.

Ákvæði 2. mgr. um heimild til að taka viðtæki úr vörzlum umráðamanns, eftir að lögtak hefur verið í því gert, er í samræmi við ákvæði í 7. gr. lögtakslaga nr. 29/1885.

Um IV. kafla.

Um ábyrgð á efni útvarpssendingar gilda nú almennar reglur um refsiábyrgð og skaðabótaábyrgð. Á það jafnt við um hljóðvarp og sjónvarp. Ef efnið brýtur í bága við lög, getur ábyrgð hvílt á mörgum aðilum, þ. e. hverjum þeim, sem telst eiga þátt í brotinu með samningu útvarpsefnis eða útsendingu þess.

Sú skoðun hefur á síðustu árum rutt sér til rúms, að um ábyrgð á útvarpsefni eigi að fara eftir svipuðum reglum og um ábyrgð á prentuðu máli. Hér komi áþekk sjónarmið til greina, annars vegar um almennt tjáningarfrelsi, sem ekki beri að leggja hömlur á, nema brýna nauðsyn beri til, og hins vegar um vernd einstaklinga og hins opinbera gegn óréttmætum árásum. Í núgildandi lögum um prentrétt nr. 57/1956 hefur verið reynt að taka hæfilegt tillit til beggja þessara sjónarmiða, og hafa ekki við framkvæmd laganna komið í ljós neinir sérstakir annmarkar á reglum þeirra. Hefur því þótt rétt að sníða ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni eftir reglum prentréttarlaganna, svo sem við verður komið, en auk þess hafa verið höfð til hliðsjónar fyrirmæli sænskra laga um ábyrgð á útvarpsefni (Radioansvarighetslag 30. des. 1966).

Hér er í 22. og 23. gr. gerð sú veigamikla breyting frá núgildandi reglum, að hafnað er almennri hlutdeildarábyrgð, en einn einstakur aðili gerður ábyrgur fyrir því efni, sem útvarpað er hverju sinni. Er þetta í samræmi við ákvæði 15. gr. prentréttarlaganna um ábyrgð á prentuðu máli í blöðum og tímaritum. Það fer svo eftir almennum reglum, hvort efni útvarpssendingar hefur í för með sér refsiábyrgð eða skaðabótaskyldu fyrir hinn ábyrga aðila. Eru ekki gerðar neinar breytingar á efnisákvæðum laga eða réttarreglna, sem þar að lúta. Að vísu væri þörf á nánari lagaákvæðum en nú eru fyrir hendi um birtingu mynda, en það tekur jafnt til þess, hvort mynd er birt í sambandi við prentað mál, í sjónvarpi eða með öðrum hætti. Virðast reglur um það efni eiga heima í þeim kafla almennra hegningarlaga, sem fjallar um brot gegn friðhelgi einkalífs.

Um 22. gr.

Í 2.—6. mgr. eru ákvæði um, hvaða aðili sé ábyrgur fyrir því efni, sem útvarpað er.

Það er aðalregla samkvæmt 2. mgr., að sá, sem flytur sjálfur efni í eigin nafni, ber ábyrgð á því. Svarar það til reglunnar í 2. mgr. 15. gr. prentréttarlaganna, þar sem ábyrgð er lögð á höfund ritaðs máls, ef hann hefur nafngreint sig. Gildir þetta einnig um efni, sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku, enda hafi útsending verið heimil. Framangreind regla tekur einnig til þess, sem menn segja í samtölum í útvarpi, en þó því aðeins, að samtalsaðili hafi verið nafngreindur, þ. e. talað í eigin nafni.

Samkvæmt 3. mgr. skal flytjandi bera ábyrgð á efni, sem annar maður hefur samið. Ekki þykir unnt að leggja hér ábyrgð á þann, sem sagður er höfundur. Svarar ábyrgð flytjanda til ábyrgðar ritstjóra, sem birtir ritsmíð, er hann kveður annan mann hafa samið, en ekki undir nafni hans.

Í 4. mgr. er regla um ábyrgð á samsettu dagskrárefni. Með þeim undantekningum, sem getur í mgr., ber sá ábyrgð, sem útsendingu stjórnar hverju sinni, hvort sem það er starfsmaður Ríkisútvarpsins eða annar aðili. Til þess að ekki geti leikið vafi á um ábyrgðaraðilann, skal jafnan skrá fyrirfram í gerðabók, hver sé stjórnandi útsendingar, sbr. og um upplýsingaskyldu 2. mgr. 23. gr.

Samkvæmt 5. mgr. ber auglýsandi ábyrgð á auglýsingu. Að jafnaði ber auglýsing með sér, hver að henni stendur. En sé ekki um það að ræða, t. d. þegar tiltekin vörutegund er auglýst án nánari tilgreiningar um auglýsanda, verður Ríkisútvarpið að tryggja sér sönnur fyrir því, hver ábyrgð beri, og gera grein fyrir því samkvæmt 2. mgr. 23. gr., ef krafizt er.

Ef útvarpssendingu er þannig háttað, að hún er ekki á ábyrgð neins af framangreindum ábyrgðaraðilum, skal ábyrgð falla á útvarpsstjóra, sbr. 6. mgr. Er það hliðstætt ábyrgð ritstjóra dagblaðs eða tímarits eftir 3. mgr. 15. gr. prentréttarlaganna.

Rétt þykir, að Ríkisútvarpið verði samábyrgt um greiðslu fébóta, sem útvarpsstjóra eða öðrum aðila, sem starfar í þjónustu þess, kann að verða gert að greiða, sbr. 7. mgr.

Um 23. gr.

Um efni 1. og 2. mgr. hefur þegar verið getið hér að framan. Um fyrningarákvæði 3. mgr. hefur verið höfð hliðsjón af 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 8. gr. fyrrgreindra sænskra laga frá 1966 um ábyrgð á útvarpsefni.

Um V. kafla.

Um 24. gr.

Ákvæði um viðurlög í 1. og 2. mgr. eru almenns eðlis og þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er vísað til almennra hegningarlaga um önnur brot gegn lögunum en þau, sem greind eru í 1. og 2. mgr. Mundi þar einkum koma til greina, að truflun á útvarpsrekstri, sbr. 9. gr., varðaði við 176. gr. hegnl., að hindrun á starfsemi útvarpsstarfsmanna, sbr. 10. gr., varðaði við 106. gr. hegnl., og að misferli í sambandi við innsiglun viðtækja, sbr. 21. gr., varðaði við 113. gr. hegnl.

Um 25. og 26. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

DRÖG AÐ REGLUGERÐ UM RÍKISÚTVARPIÐ

Samkvæmt útvarpslögum nr. ..... 1970 er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI
Starfssvið Ríkisútvarpsins.

1. gr.

Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, en til þess telst útsending til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem sent er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Það telst samkvæmt lögum þessum ekki útsending til viðtöku almennings, þótt veitt sé upplýsingaþjónusta um hið almenna símakerfi, sendar út veðurfregnir eða önnur boð til skipa á hafi úti eða sent efni um þráð til viðtakenda innan byggingar eða samliggjandi bygginga sömu stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum.

2. gr.

Ríkisútvarpið lætur, samkvæmt ákvörðun útvarpsstjóra, reisa og reka sendistöðvar hljóðvarps og sjónvarps, svo að sem mestur hluti þjóðarinnar eigi kost á viðtöku dagskránna.

Ríkisútvarpinu er heimilt að flytja inn, eiga og reka hvers konar tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpsstarfsemi, svo sem hljóðvarp eða sjónvarp frá stöðum utan útvarpshúss, til flutnings á dagskrá til sendistöðva og annarra þarfa.

II. KAFLI
Útvarpsstjóri.

3. gr.

Útvarpsstjóri skal gefa út starfsreglur, er kveða nánar á um, hvernig framkvæma skuli einstök atriði útvarpslaga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Reglur, er snert geta efni 3. gr. laganna, svo sem um fréttaflutning eða auglýsingar, skal hann leggja fyrir útvarpsráð til samþykktar.

Til samræmis við ákvæði 3. gr. um óhlutdrægni er starfsmönnum Ríkisútvarpsins óheimilt að koma fram í auglýsingum í Ríkisútvarpinu eða utan þess, nema sem þulir stofnunarinnar. Um úrskurð í þessum málum fer eftir 34. gr. laga nr. 38 1954.

4. gr.

Í fjarveru útvarpsstjóra gegnir sá af framkvæmdastjórum Ríkisútvarpsins störfum hans, sem menntamálaráðherra tilnefnir.

5. gr.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár samkvæmt ákvörðunum útvarpsráðs og gætir hann þess, að settum reglum sé fylgt í hvívetna.

Ef forföll eða önnur atvik hindra, að fullnaðarákvarðanir um dagskrá verði teknar í tæka tíð, eða að slíkar ákvarðanir verði framkvæmdar, ber útvarpsstjóra, eða í forföllum hans framkvæmdastjórum hljóðvarps eða sjónvarps, eða öðrum tilnefndum starfsmönnum, að taka um þau ákvarðanir samkvæmt því, sem venjur og atvik liggja til.

6. gr.

Hvers konar umkvartanir um dagskrárefni eða kærur um brot á reglum skulu berast útvarpsstjóra. Leiki vafi á, hvernig með skuli fara mál, er snerta 3. gr. laganna, skal vísa þeim til útvarpsráðs.

III. KAFLI
Útvarpsráð.

7. gr.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf útvarpsráðs.

8. gr.

Útvarpsráð kemur saman á fundi svo oft sem þurfa þykir, og að jafnaði einu sinni í viku. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Skylt er formanni að kveðja til fundar, ef útvarpsstjóri eða tveir útvarpsráðsmenn óska þess.

9. gr.

Útvarpsráð velur ritara innan ráðsins. Hann eða annar, sem til þess er sérstaklega ráðinn, færir í gerðabók ályktanir útvarpsráðs og annað það, sem miklu þykir skipta af því, sem fram fer á fundum. Skylt er að færa til bókar ágreiningsorð eftir óskum útvarpsráðsmanna eða útvarpsstjóra.

10. gr.

Fundur í útvarpsráði er lögmætur, ef meiri hluti útvarpsráðsmanna er viðstaddur.

Ákvörðun útvarpsráðs er því aðeins lögmæt, að meiri hluti útvarpsráðsmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu. Nafnakall skal viðhafa, ef einhver útvarpsráðsmaður eða útvarpsstjóri óskar þess, og teljast þá allir viðstaddir útvarpsráðsmenn taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Skal þá ágreiningsefni, svo og atkvæðagreiðslan, fært í gerðabók.

11. gr.

Ef útvarpsráðsmaður forfallast, skal, ef fram kemur ósk um það, kalla til varamann hans.

Útvarpsráð skiptir með sér verkum eftir því sem henta þykir. Það getur falið nefndum, skipuðum útvarpsráðsmönnum og starfsmönnum stofnunarinnar, að hafa með höndum undirbúning sérstakra flokka útvarpsefnis. Tillögur og ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir útvarpsráð í heild til samþykktar.

12. gr.

Dagskrá skal í höfuðdráttum lögð fyrir útvarpsráð með að minnasta kosti fjögurra vikna fyrirvara. Fullnaðardagskrá hverrar viku skal gera svo snemma, að tími sé til að kynna hana þjóðinni í heiztu fjölmiðlunartækjum.

13. gr.

Útvarpsstjóri setur, í samráði við útvarpsráð, gjaldskrá fyrir flutning útvarpsefnis. Framkvæmdastjóri fjármáladeildar og framkvæmdastjórar hljóðvarpsdeildar og sjónvarpsdeildar ákveða greiðslur samkvæmt gjaldskránni, en skylt er þeim að hafa samráð við útvarpsstjóra og formann útvarpsráðs, ef vafi leikur á um það, hversu ákveða skuli þóknun.

Sé um stórar greiðslur að ræða vegna afbrigðilegrar dagskrár, stórra leikrita o. s. frv., skulu ákvarðanir teknar á fundi útvarpsráðs. Áætlun um kostnað við slíka kostnaðarliði skal liggja fyrir til samþykktar, áður en þeir eru ákveðnir í dagskrá. Telji útvarpsstjóri, að um varhugaverð fordæmi sé að ræða, eða freklega fjáreyðslu, getur hann skotið ágreiningi undir úrskurð ráðherra.

IV. KAFLI

Fréttir.

14. gr.

Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttaauka um hvaðeina, sem að dómi fréttastofu hljóðvarps eða sjónvarps hefur fréttagildi fyrir marga.

Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neins konar ádeilum eða hlutsömum umsögnum, heldur skal gætt fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, atvinnustofnunum, félögum eða einstaklingum.

Ekki mega í fréttum útvarpsins felast beinar auglýsingar eða tilkynningar, nema þær varði starfsemi Ríkisútvarpsins sjálfs.

Fréttaskýringar ber að afmarka greinilega frá fréttum, og skal ávallt kynnt nafn höfundar slíkra skýringa.

Við skráningu frétta skal þess jafnan gætt, að heimildir séu sem fyllstar og óyggjandi. Ríkisútvarpið verður ávallt að vera reiðubúið að gera grein fyrir heimildum frétta.

15. gr.

Óheimilt er að flytja ummæli manns, hvort sem er í frásögn, hljóð- eða myndritun, nema sá hafi vitað, að fréttamaður var viðstaddur og orð hans voru hljóð- eða myndrituð.

Við val fréttamynda skal þess vandlega gætt, að þær gefi sem sannasta mynd af þeim atvikum eða atburðum, sem sýna á, en forðast hvers konar afmyndun.

16. gr.

Útvarpsstjóri setur nánari reglur um fréttaflutning Ríkisútvarpsins að fengnu samþykki útvarpsráðs. Ákvæði 6. gr. gilda jöfnum höndum um fréttir.

V. KAFLI

Auglýsingar.

17. gr.

Ríkisútvarpið tekur auglýsingar til flutnings í hljóðvarpi og sjónvarpi. Skal þess gætt, að þær séu látlausar í hvívetna, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi eða sýni það eitt, sem er satt og rétt í öllum greinum.

18. gr.

Auglýsingar skulu aðeins fluttar á tilteknum tímum, sem útvarpsráð ákveður, nema um neyðartilkynningar sé að ræða.

19. gr.

Ráðherra ákveður gjald fyrir auglýsingar að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Heimilt er að hafa mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.

20. gr.

Útvarpsstjóri setur, að fengnu samþykki útvarpsráðs, nánari reglur um nauðsynlegar takmarkanir á auglýsingum, ábyrgð á þeim og meðferð þeirra.

VI. KAFLI
Innheimta.

21. gr.

Innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins hefur eftirlit með því, að útvarpsnotendur fullnægi fyrirmælum 16. gr. laganna um tilkynningar, og annast könnun í því skyni. Á skrifstofunni skulu haldnar nauðsynlegar skrár yfir útvarpsviðtæki og gjaldendur.

Innheimtuskrifstofan hefur með höndum innheimtu afnotagjalda af viðtækjum. Ef þörf er lögtaksgerða, skal innheimtustjóri eða löggiltur fulltrúi framkvæma þær, sé þess kostur, en ella skal viðkomandi fógeta falin framkvæmd. Ef innsigla þarf viðtæki eða taka það úr vörzlum umráðamanns, skal innheimtustjóri eða löggiltur fulltrúi annast framkvæmdir eða fela þær viðkomandi fógeta.

22. gr.

Innheimta skal árlegt afnotagjald af hverju sjónvarpsviðtæki, sem hagnýtt er til móttöku útvarpsefnis.

23. gr.

Innheimta skal árlegt afnotagjald af hljóðvarpsviðtækjum sem hér segir:

1. Af einu viðtæki á heimili hverju, þó að fleiri séu þar í notkun. Með heimili er átt við íbúðarhúsnæði, sem útvarpsnotandi býr í sjálfstætt, einn eða ásamt fjölskyldu sinni. Það tekur meðal annars til þess, er útvarpsnotandi býr einn í leiguherbergi, og sömuleiðis til einstaklinga, er atvinnu stunda, þó að þeir séu í fæði hjá húsráðanda eða öðrum. Í því sambandi, sem hér ræðir um, telst sumarbústaður hluti af heimili. Ef viðtæki er notað með leiðslum til annarra heimila, telst hvert heimili, sem þannig hagnýtir sér útvarpið, útvarpsnotandi.
2. Af einu viðtæki í stofnun hverri. Ef stofnun greinist í deildir, þar á meðal útibú, skal greiða gjald fyrir útvarpsafnot í hverri deild um sig.
3. Af viðtækjum í bifreiðum og skipum. Greiða skal afnotagjald af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- og talstöðvartækjum.

24. gr.

Gjalddagi afnotagjalds fyrir hljóðvarp er 1. apríl. Heimilt er þó að innheimta hljóðvarpsgjald þeirra útvarpsnotenda, sem einnig hafa sjónvarp, í tvennu lagi og að hálfu á gjalddögum sjónvarpsgjalds.

Gjalddagar afnotagjalds fyrir sjónvarp eru 1. apríl og 1. október og fellur helmingur gjaldsins í gjalddaga í hvort skiptið.

25. gr.

Nú hefur útvarpsnotandi ekki greitt afnotagjald innan mánaðar frá gjalddaga þess, og er þá heimilt að bæta við gjaldið 10% vegna innheimtukostnaðar.

26. gr.

Tilkynna skal Ríkisútvarpinu skriflega uppsögn á útvarpsnotum. Gjaldskylda fellur niður, þegar tilkynning berst Ríkisútvarpinu.

27. gr.

Útvarpsstjóri ákveður undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi, enda komi að öðru leyti til gildar ástæður. Leita skal tillagna samtaka blindra, áður en ákvörðun er tekin.

VII. KAFLI

Framkvæmdasjóður.

28. gr.

Í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins leggjast 5% af óskiptum afnotagjöldum hljóðvarps og sjónvarps ár hvert, svo og tekjuafgangur, sem verða kann af rekstri stofnunarinnar.

29. gr.

Fé framkvæmdasjóðs má aðeins verja til að tryggja Ríkisútvarpinu viðunandi húsnæði fyrir starfsemi sína, svo og til að afla nauðsynlegra tækja og endurnýja þau.

30. gr.

Útvarpsstjóri fer með stjórn framkvæmdasjóðs og ákveður fjárveitingar úr honum með samþykki ráðherra. Fé sjóðsins skal ávaxta í ríkisbanka.

VIII. KAFLI

31. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 24. gr. útvarpslaga. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í útvarpslögum nr. XX/1970.

Menntamálaráðuneytið.

Fylgiskjal II.

DRÖG AÐ REGLUM UM FRÉTTAFLUTNING RÍKISÚTVARPSINS

1. gr.

Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttaauka um hvaðeina, sem að dómi fréttastofu hljóðvarps eða sjónvarps hefur fréttagildi fyrir marga.

Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neins konar ádeilum eða hlutsömum umsögnum, heldur skal gætt fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, atvinnustofnunum, félögum eða einstaklingum.

Ekki mega í fréttum Ríkisútvarpsins felast beinar auglýsingar eða tilkynningar, nema þær varði starfsemi Ríkisútvarpsins sjálfs.

Fréttir skal flytja eins skjótt og framast er unnt, en ekki má þó hraði verða á kostnað nákvæmni.

2. gr.

Fréttaskýringar ber að afmarka greinilega frá fréttum og skal ávallt kynnt nafn höfundar slíkra skýringa.

3. gr.

Við skráningu frétta skal þess jafnan gætt, að heimildir séu sem fyllstar og að þær séu óyggjandi. Þegar ástæða er til að ætla, að frétt verði vefengd, eða aðrar

ástæður eru fyrir hendi, skal getið heimildarmanna. Ríkisútvarpið verður ávallt að vera reiðubúið að gera grein fyrir heimildum frétta.

Ríkisútvarpið flytur ekki tilgátur eða ágizkanir um atburði eða staðreyndir, nema haft sé eftir öðrum og þyki hafa sérstakt fréttagildi.

Ríkisútvarpinu er ekki skylt að flytja fréttir, sem eru líklegar til þess að valda illdeilum, eða fréttir, sem eru félögum, stofnunum eða einstaklingum til óeðlilegs framdráttar eða vegsauka.

4. gr.

Óheimilt er að flytja ummæli manns, hvort sem er í frásögn, hljóð- eða myndritun, nema sá hafi vitað, að fréttamaður var viðstaddur og orð hans voru hljóð- eða myndrituð.

Þeim, sem fréttamaður á viðtal við, skal gert ljóst, að hugsanlega verði aðeins fluttur hluti samtalsins.

Þegar flutt eru ummæli manna, úr ræðu eða viðtali, skal forðast að slíta þau svo úr samhengi, að efni brenglist eða verði óljóst.

Við val fréttamynda skal þess vandlega gætt, að þær gefi sem sannasta mynd af þeim atvikum eða atburðum, sem sýna á, en forðast hvers konar afmyndun.

5. gr.

Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttaauka af störfum Alþingis eftir almennu fréttagildi þeirra.

Það flytur fréttir og fréttaauka um helztu athafnir og ákvarðanir ríkisstjórnar og sveitarstjórna, sem almenning varða. Á sama hátt skal flytja fréttir og fréttaauka um afstöðu stjórnarandstöðuflokka í veigamestu deilumálum.

6. gr.

Ríkisútvarpið flytur ekki frásagnir af þingmálafundum, stjórnmálafundum, opnum eða lokuðum flokksfundum eða ráðstefnum, aðalfundum, fundum stéttarfélaga eða annarra samtaka og félaga, nema fréttastofa telji þær til veigamikilla tíðinda.

Þó skal í fréttum eða fréttaaukum gera grein fyrir störfum fastra, stefnumarkandi þinga eða funda stjórnmálaflokka, samt ekki oftar en einu sinni á ári fyrir hvern flokk, nema sérstakar ástæður komi til.

Segja má frá stofnun samtaka eða slitum, svo og kosningu manna í stjórn, ef fréttnæm þykir.

Ríkisútvarpið birtir að jafnaði ekki ályktanir eða áskoranir á þing, ríkisstjórn, sveitarstjórnir eða aðra aðila, nema þær hafi sérstakt fréttagildi.

7. gr.

Við birtingu frétta af deilum, svo sem vinnudeilum eða viðtækum ágreiningsmálum, skal leita upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og kynna sjónarmið þeirra sem jafnast.

8. gr.

Um rannsókn á opinberum málum út af brotum á almennum hegningarlögum, öðrum lögum eða lögreglusamþykktum, svo og um opinbera ákæru í þeim, skal getið í fréttum, ef mál þykir mikils varðandi og líklegt til að vekja almenna athygli og umræður.

9. gr.

Um heimildir fyrir fréttum, sem um getur í 8. gr., skal ávallt leitað til embætta lögreglustjóra, dómara eða saksóknara, eftir því sem við þykir eiga og með tilliti til þess, á hvaða stigi rannsókn er. Hafa skal samráð við yfirvöld þessi um birtingu nafns sakbornings, og skal nafn aldrei birt gegn banni yfirvalds.

10. gr.

Ef uppþot, róstur eða aðrar óspektir verða á almannafæri, skal þess getið, ef það þykir hafa almennt fréttagildi. Leita skal að jafnaði upplýsinga hjá lögreglu-

yfirvöldum, en heimilt er að flytja hljóð- eða myndritun atburða eða leita frásagna greinargóðra sjónarvotta og styðjast við þær, eftir því sem fært þykir.

11. gr.

Birta má undirréttardóma í þeim málum, er getur í 8. gr., í heilu lagi eða útdrætti.

12. gr.

Í minni háttar opinberum málum er heimilt að geta stuttlega rannsókna, málshöfðana eða málsúrslita, ef fréttnæmt þykir.

13. gr.

Heimilt er að birta hæstaréttardóma í heild eða útdrætti. Leita má aðstoðar hæstaréttarritara um val þeirra.

14. gr.

Fréttir af slysförum skulu ekki fluttar fyrr en ætla má, að nánustu vandamenn þess eða þeirra, sem fyrir slysum hafa orðið, viti um atburðina. Ekki er þó skylt að bíða með birtingu lengur en sólarhring.

15. gr.

Eigi má geta í fréttum Ríkisútvarpsins afmælis manns, fyrr en hann nær sjötugsaldri, nema til komi sérstakar ástæður.

Andláts merkra manna má geta í fréttum eftir því sem fréttastofur sjá ástæðu til.

Heimilt er að geta um starfsafmæli, þó ekki minna en 25 ára, og hjúskaparafmæli, minnst 50 ára.

Heimilt er að geta afmælis félags eða stofnunar, er náð hefur minnst 10 ára aldri.

16. gr.

Heimilt er að geta um nýútkomnar bækur og hljóðritanir. Heimilt er að geta nýrra blaða og tímarita, sem koma á almennan blaðamarkað, er þau hefja göngu sína. Einstakra tölublaða skal eftir það ekki getið, nema þau flytji sérstaklega frásagnarvert efni.

Greina má frá listsýningu, leiksýningu, hljómleikum og frumsýningum íslenzkra kvikmynda á þann hátt, sem bezt þykir henta.

Eigi skal geta rita, bóka, sýninga eða kvikmynda, sem að almennu mati eru ekki þess verð, að vakin sé athygli á þeim.

Umsagnir um listviðburði skal fara með eins og fréttaskýringar, sbr. 2. gr.

17. gr.

Ríkisútvarpið segir fréttir af hvers konar vísindastörfum, rannsóknum og ritum og leggur áherzlu á að kynna störf fræðimanna.

18. gr.

Ríkisútvarpið leggur áherzlu á að flytja sem fyllstar frásagnir um atvinnuvegi landsins á hverjum tíma, afkomu þeirra, nýjungar og ástand á vinnumarkaði, svo og afkomu þjóðarbúsins í heild.

Fylgiskjal III.

DRÖG AÐ REGLUM UM FLUTNING AUGLÝSINGA Í HLJÓÐVARPI

1. gr.

Ríkisútvarpið tekur auglýsingar til flutnings í hljóðvarpi. Skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem er satt og rétt í öllum greinum.

2. gr.

Auglýsingar skulu aðeins fluttar á tilteknum tímum, sem útvarpsráð ákveður. Á öðrum tímum er eingöngu heimilt að flytja auglýsingar frá Ríkisútvarpinu eða neyðartilkynningar. Heimilt er þó að lesa með veðurfregnum tilkynningar, er varða skip á hafi úti.

3. gr.

Ráðherra ákveður gjald fyrir auglýsingar að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Heimilt er að ákveða mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.

Samkvæmt sérstöku samkomulagi við Landssíma Íslands veita allar símastöðvar utan Reykjavíkur og nágrennis móttöku útvarpsauglýsingum gegn staðgreiðslu.

Útvarpsstjóri setur reglur um greiðslu auglýsinga.

4. gr.

Auglýsendur bera fulla og óskerta ábyrgð á efni auglýsinga, enda skulu þær undirritaðar nafni eða nöfnum þeirra. Undantekningar frá undirritun má gera, ef í hlut eiga alþekkt fyrirtæki eða vörumerki, en það breytir ekki ábyrgð.

5. gr.

Auglýsingum skal um efni og lengd haga samkvæmt óskum auglýsanda eftir því sem unnt reynist. Þó skal hafna auglýsingum, ef á þeim eru eftirfarandi annmarkar:

1. Ef auglýsing brýtur í bága við íslenzk lög.
2. Ef auglýsing (eða heiti auglýsanda) er mengað ádeilu eða hlutdrægri umsögn um stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, stofnanir eða einstaka menn.
3. Ef auglýsing brýtur í bága við almennan smekk eða velsæmi.
4. Ef auglýsing er ekki á réttu, íslenzku máli.
5. Ef auglýsa á áfengi eða tóbak.
6. Ef auglýsa á peningalán, hjónabandsmiðlun, hvers konar spádóma eða dulrænar lækningar.
7. Ef flytja á afmæliskveðjur til einstakra manna.

Auglýsingaskrifstofu er heimilt að gera breytingar á texta auglýsingar, ef nauðsynlegar eru til þess að hún samrýmist þessum reglum, enda skulu breytingarnar gerðar í samráði við auglýsanda. Ef ekki næst til auglýsanda, skal auglýsingu skotið á frest eða hún felld niður fremur en að efni hennar sé verulega raskað eða gildi hennar rýrt án samþykkis hans.

6. gr.

Gæta skal þess stranglega, að auglýsingar frá stjórnmálaflokkum eða stjórnmálafélögum eða auglýsingar í þágu slíkra samtaka séu með öllu lausar við áróður eða árásir.

Slíkar auglýsingar mega vera:

1) um fundi eða aðrar samkomur og má þá nefna fundarstað og tíma, ræðumenn, fundarefni, sbr. þó 1. mgr.
2) um skrifstofur, heiti skrifstofu, stað og símanúmer; og
3) leiðbeiningar til kjósenda um kosningu, t. d. utan kjörstaðar.

Auglýsingar um efni blaða, tímarita, bæklinga eða bóka skulu vera með öllu lausar við áróður eða árásir.

7. gr.

Sé hljóðvarpsdeild í vafa um, hvernig með auglýsingu skuli fara samkvæmt reglum þessum, skal bera auglýsinguna undir útvarpsstjóra. Heimilt er útvarps-

stjóra að skjóta vafaatriðum undir úrskurð útvarpsráðs. Snerti vafaatriði reglur um óhlutdrægni, ber að leggja það fyrir útvarpsráð, ef þess er kostur.

8. gr.

Ekkert ákvæði í þessum reglum verður skýrt svo, að það feli í sér skyldu til birtingar auglýsingar. Ef óskað er birtingar á meira auglýsingamagni en unnt er að flytja í þeim tíma, sem auglýsingum er ætlaður, eða birting auglýsingar er talin óæskileg af öðrum ástæðum en þeim, sem sérstaklega eru tilgreindar í þessum reglum, úrskurðar útvarpsstjóri um ágreining, en þeim úrskurði má skjóta til útvarpsráðs. Ríkisútvarpið greiðir ekki bætur vegna meints tjóns af því að auglýsing birtist ekki.

DRÖG AÐ REGLUM UM FLUTNING AUGLÝSINGA Í SJÓNVARPI

1. gr.

Ríkisútvarpið tekur auglýsingar til flutnings í sjónvarpi. Skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt eða sýni, sem er satt og rétt í öllum greinum.

2. gr.

Auglýsingar skulu aðeins fluttar á tilteknum tímum, sem útvarpsráð ákveður. Á öðrum tímum er eingöngu heimilt að flytja auglýsingar frá Ríkisútvarpinu eða neyðartilkynningar.

3. gr.

Ráðherra ákveður gjald fyrir auglýsingar að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Heimilt er að ákveða mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma. Útvarpsstjóri setur reglur um greiðslu auglýsinga.

4. gr.

Auglýsandi ber fulla og óskerta ábyrgð á efni auglýsingar.

Auglýsandi skilar auglýsingu sinni mynd- og hljóðritaðri og tilbúinni til flutnings. Ríkisútvarpið setur nánari reglur um tæknileg atriði og ber að hafna auglýsingum, sem það telur tæknilega ófullnægjandi.

Auglýsandi ber allan kostnað af efni auglýsingar og flutningi þess, þar á meðal greiðslum vegna höfundaréttar eða flytjandaréttar tóna eða talaðs máls og birtingarréttar kyrr- eða kvikmynda.

5. gr.

Auglýsingum skal um efni og lengd haga samkvæmt óskum auglýsenda að svo miklu leyti sem unnt er. Þó skal hafna auglýsingu, ef á henni eru eftirfarandi annmarkar:

1) Ef auglýsing brýtur í bága við íslenzk lög, svo sem almenn hegningarlög, lög um lækningaleyfi o. fl., lyfsölulög, áfengislög eða lög gegn óréttmætum verzlunarháttum.
2) Ef í auglýsingu felst hlutdrægni gagnvart flokkum eða stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum eða einstökum mönnum, eða umsögn um stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, stofnanir eða einstaka menn (sbr. lög um útvarpsrekstur).
3) Ef auglýsing brýtur í bága við almennan smekk eða velsæmi.
4) Ef tal eða aðaltexti auglýsingar er ekki á réttu, íslenzku máli.
5) Ef auglýsing er fallin til að vekja ótta hjá áhorfendum.

6. gr.

Hafna skal auglýsingum um lyf (nema til sótthreinsunar eða hreinlætisráðstafana), lækna, sjúkrahús eða heilsuhæli sem slík, hvers konar lækningaaðferðir, og

gjalda skal varhug við fullyrðingum um meðul eða leiðir til megrunar eða gegn líkamslýtum.

Hafna skal auglýsingum um áfengi og tóbak.

Hafna skal auglýsingum um peningalán, hjónabandsmiðlun, hvers konar spádóma eða dulrænar lækningar.

7. gr.

Ekki má flytja fleiri en 52 auglýsingar á ári um sömu vörutegund eða sama vörumerki, og aldrei fleiri en tvær hvern dag.

8. gr.

Ekki má beita neins konar aðferðum í auglýsingum til að hafa önnur áhrif á áhorfendur en verða þeim þegar ljós. Forðast skal óhóflega há eða snögg hljóð.

9. gr.

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og mega á engan hátt misbjóða þeim. Ekki mega auglýsingar misnota vanþroska eða trúgirni barna eða vekja hjá þeim þá trú, að þeim sé eitt eða annað nauðsynlegt af annarlegum ástæðum, svo sem samanburði við önnur börn eða vegna útlits.

10. gr.

Ekki má flytja auglýsingar frá stjórnmálaflokkum, stjórnmálafélögum í þágu þeirra eða ákveðinna skoðana um landsmál eða alþjóðamál.

11. gr.

Ríkisútvarpið ákveður röð auglýsinga í hverjum auglýsingatíma.

Auglýsingar skulu berast eigi síðar en viku áður en þær eiga að birtast. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef þörf krefur.

Heimilt er auglýsendum að leggja fyrir auglýsingaskrifstofu sjónvarpsdeildar handrit af væntanlegum auglýsingum eða sýnishorn af þeim, og skal þá svo fljótt sem unnt er veita þeim bráðabirgðaúrskurð um, hvort auglýsingin verður tekin til flutnings. Reynist endanleg gerð auglýsingar önnur en ætla varð af handriti eða sýnishorni, má breyta þeim úrskurði.

Ef auglýsing er dregin til baka meira en tveim sólarhringum áður en hún átti að flytjast, skal auglýsandi samt greiða 10% auglýsingakostnað. Sé auglýsing dregin til baka síðar en tveim sólarhringum áður en hún átti að birtast, skal auglýsandi samt sem áður greiða fullt verð fyrir þann tíma, sem henni hafði verið ætlaður.

12. gr.

Sé sjónvarpsdeild í vafa um, hvernig með auglýsingu skuli fara samkvæmt þessum reglum, skal hún bera auglýsinguna undir útvarpsstjóra. Snerti vafaatriði reglur um óhlutdrægni, ber að leggja það fyrir útvarpsráð, sé þess kostur.

13. gr.

Ákvæði 4. gr. um ábyrgð auglýsenda skulu jafnan vera hluti af samningi þeirra og Ríkisútvarpsins um birtingu auglýsingar.

Ekkert ákvæði reglnanna verður skýrt svo, að það feli í sér skyldu til birtingar á auglýsingu í sjónvarpi. Ef óskað er birtingar á meira auglýsingaefni en svo, að unnt sé að birta það á þeim tíma, sem ætlaður er til auglýsinga í sjónvarpi, eða birting auglýsingar er talin óæskileg af öðrum orsökum en þeim, sem taldar eru í þessum reglum, úrskurðar útvarpsstjóri um ágreining, en þeim úrskurði má skjóta til útvarpsráðs. Ríkisútvarpið greiðir ekki bætur vegna meints tjóns af því, að auglýsing birtist ekki.

Ed. 76. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Frestir þeir, sem um ræðir í 14. og 16. gr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, breytist þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 1. janúar 1971 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 1. febrúar 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samningaviðræður standa yfir milli fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um laun starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt kjarasamningalögunum á málið að ganga til Kjaradóms 1. nóv. n. k., ef samningar hafa ekki tekizt.

Þar sem samkomulag hefur þegar orðið um nokkur höfuðatriði í væntanlegum kjarasamningi, standa vonir til, að samningar takist, en tími mun ekki vinnast til að ljúka samningaviðræðum fyrir 1. nóv. n. k.

Samningsaðilar eru því sammála um, að æskilegt sé að fá frestum breytt, þannig, að málið gangi til Kjaradóms 1. janúar n. k., hafi samningar ekki tekizt, og Kjaradómur hafi þá kveðið upp úrskurð sinn fyrir 1. febrúar 1971.

Nd. 77. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skulu sauðfjárbaðanir næst fara fram á tímabilinu 1. nóvember til 15. marz, veturinn 1971—1972. Eftir það er heimilt að baða annað hvort ár, en á sama tíma vetrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo sem kunnugt er, skal fara fram böðun á öllu sauðfé á landinu á komandi vetri (1970—1971), samanber lög um sauðfjárbaðanir nr. 23, 1959.

Áður en lög þessi tóku gildi, var skylda að baða allt fé á landinu þrifaböðun einu sinni á ári, samanber lög nr. 19 13. jan. 1938.

Var ákvæðum þeirra laga framfylgt, meðan á fjárskiptum stóð og árin eftir fjárskipti, en þeim lauk að mestu árið 1952 eins og kunnugt er.

Með þessum reglubundnu böðunum tókst fljótlega að eyða kláða og færilús víðast hvar. Þó hefur kláða orðið vart á hverju ári að kalla, síðan fjárskiptum lauk, en aðeins á örfáum stöðum á hverju ári, eða 1—8 býlum.

Færilús og fellilús hefur verið útrýmt í heilum héruðum, og hafa þær í sumum landshlutum ekki sézt síðustu tvo áratugi. Þó munu færilýs ekki með öllu horfnar úr landinu.

Svonefnds „fótakláða" hefur orðið vart á stöku stað, en með ára millibili.

Þegar ljóst varð, að kláða og óþrifum hafði að mestu verið útrýmt, fór að gæta tregðu hjá fjáreigendum um framkvæmd á lögskipuðum, árlegum böðunum sauðfjár. Töldu margir það vera óþarfa fjárútlát og áníðslu á fénu.

Fyrir tilmæli Búnaðarþings og meðmæli margra sýslunefnda, sem til var leitað, var löggjöf um sauðfjárbaðanir breytt, samanber lög um **sauðfjárbaðanir nr. 23 frá 27. apríl 1959.**

Samkvæmt þessum lögum skal allt fé þrifabaðað á tímabilinu 15. október til 1. marz. Heimilt er þó að baða aðeins annan hvorn vetur, og hefur þeirri reglu verið fylgt síðan lögin tóku gildi, í stað þess að áður var skylda að baða á hverjum vetri.

Margir töldu þessa breytingu varhugarverða, óttuðust að færilýs og kláði myndu magnast að nýju, enda þótt ákvæði séu í lögum þess efnis að taka má mál þessi fastari tökum, ef fjárkláða eða óþrifa verður vart (sbr. 2. gr.).

Þau 10 ár, sem liðin eru, síðan áðurnefnd lög komu til framkvæmda, sýna, að ekki hefur borið á því, að færilús eða kláði hafi færzt í vöxt.

Á síðastliðnum vetri, en þá fór ekki fram allsherjar böðun, kom kláði upp á tveim bæjum á öllu landinu, í A.-Húnavatnssýslu og V.-Skaftafellssýslu, og aðeins örfáar kindur á þessum tveim bæjum sýndu kláðaeinkenni.

Á þessu ári hefur öskufall valdið verulegum búsifjum, kalskemmdir í túnum hafa verið um nær allt land og víða valdið miklum uppskerubresti.

Ef litið er á landið sem heild, er heyforði bænda með minnsta móti, enda þótt nýting heyja hafi verið góð víðast hvar.

Aðstæður eru því nú nokkuð óvenjulegar og bændur ekki of vel undir veturinn búnir.

Mjög almennar óskir hafa komið fram um það að fella niður almennar sauðfjárbaðanir á þessum vetri, en láta í þess stað fara fram almenna skoðun sauðfjár með tilliti til kláða og annarra óþrifa.

Að athuguðu máli hefur þótt rétt að þessu sinni að verða við þessum óskum, og því eru meðfylgjandi breytingartillögur við lög um sauðfjárbaðanir nr. 23/1959 bornar fram.

Þó tillögur þessar feli í sér frestun á allsherjarböðun sauðfjár á komandi vetri, hindra þær á engan hátt, að framkvæmdar verði þær aðgerðir til varnar og útrýmingar kláða eða annarra óþrifa í sauðfé á þeim stöðum, sem nauðsyn ber til, samanber 2. gr. laga um sauðfjárbaðanir nr. 23/1959.

Því ætti lagabreyting sú, sem hér er gert ráð fyrir, ekki að hafa í för með sér aukna hættu á því, að fjárkláði breiðist út í sveitum landsins, en hins vegar er það hagræði og sparnaður fyrir þá bændur, sem eiga lúsa- og kláðalaust fé, að þurfa ekki að baða það.

Breytingar þær, sem hér er gert ráð fyrir, hafa verið bornar undir yfirdýralækni, sem hefur tjáð sig samþykkan þeim.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um heildaráætlun um skólaþörf landsmanna næstu 10—15 ár.

Flm.: Ingvar Gíslason, Páll Þorsteinsson, Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson, Magnús H. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera heildaráætlun um skólaþörf landsmanna næstu 10—15 ár, bæði að því er varðar almenna skóla og hvers kyns sérskóla og aðrar fræðslustofnanir, enda nái áætlunin jafnt til þeirra skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, sem hinna, er ríkið stendur eitt undir eða nú eru reknir af einkaaðilum. Skal áætlun þessi m. a. verða grundvöllur undir gerð framkvæmdaáætlana á sviði skólabygginga. — Skal áætlunargerðinni lokið eigi síðar en einu ári eftir samþykkt ályktunar þessarar. Ber ríkisstjórninni að leggja áætlunina fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Í 4. gr. laga nr. 49 1967, um skólakostnað, segir svo, að menntamálaráðuneytið láti gera „framkvæmdaáætlun“ um skólabyggingar fyrir allt landið, í fyrsta lagi þess háttar, sem taki til tíu ára tímabils, og í öðru lagi árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Þar sem skólakostnaðarlögin gilda einungis um þá skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, má ætla, að áætlanir um skólaframkvæmdir samkvæmt nefndri lagagrein yrðu einskorðaðar við þessa ákveðnu skóla, og ef við slíkar áætlanir einar yrði látið sitja, mundi það leiða af sér mjög ófullkomna mynd af raunverulegri þörf landsmanna fyrir hvers kyns skóla og fræðslustofnanir í næstu framtíð. Raunar er flutningsmönnum ókunnugt um, að fyrir liggi neins konar áætlunargerð um skólaframkvæmdir eða skólaþörf næsta áratug, hvort heldur er í þrengri eða rýmri skilningi þess orðs.

Með því að ekki er á neinn hátt kleift að gera sér skynsamlega grein fyrir þeim verkefnum, sem óhjákvæmilega bíða úrlausnar á sviði skólabygginga í næstu framtíð, er brýn þörf áætlunar af því tagi, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Skólabyggingar eru og verða ætíð hvað fyrirferðamestar á vettvangi opinberra framkvæmda og mynda nú þegar drjúgan hluta heildarfjárfestingar í þjóðfélaginu árlega. Áætlun á sviði skólabygginga er því mikilvæg frá efnahagslegu sjónarmiði séð og hlýtur að teljast nauðsynlegur þáttur í skynsamlegri stjórn efnahagsmála, sem öðru fremur verður að byggjast á raunhæfum áætlunum um þróun allra meginþátta efnahagslífsins um langt eða skammt tímabil eftir atvikum. Í sambandi við stefnumörkun í mennta- og menningarmálum, sem að vísu spanna yfir víðáttumikið svið, er höfuðnauðsyn að gera sér grein fyrir eðlilegum „þörfum“ á vettvangi skólamála um lengri eða skemmri tíma. Er þá beinlínis átt við það, að leitazt sé við að gera sér grein fyrir og viðurkenna, hverjar kröfur nútímaþjóðfélag gerir á sviði skólamenntunar og fræðslustarfsemi yfirleitt.

Tillögu þessari er ætlað það markmið, að könnuð verði og áætluð **raunveruleg** þörf þjóðfélagsins fyrir skóla á ýmsum stigum og í ýmsum sérgreinum næstu 10—15 ár.

Tillagan fjallar því ekki fyrst og fremst um „framkvæmdir“ skólabygginga eða röðun þeirra á framkvæmdaskrá, heldur mætti aðallega líta á þá niðurstöðu, sem hún kynni að leiða til, sem grundvöll undir gerð afmarkaðra framkvæmdaáætlana, sem mikil þörf er fyrir. Orðalag tillögunnar er við þetta miðað.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um framhaldsframkvæmdir við flugvöll í Siglufirði.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að flugmálastjórnin láti ljúka hið fyrsta gerð flugvallar í Siglufirði.

Greinargerð.

Fyrir rúmum áratug hófst gerð flugvallar í Siglufirði. Framkvæmdir miðuðust fyrst í stað við litinn flugvöll, er aðeins væri nothæfur fyrir sjúkraflugvélar, en gerð slíkra valla hófst þá víða um landið.

Bæjarstjórn Siglufjarðar vann að því á þessum árum, að athugun færi fram á gerð stærri flugvallar austan fjarðarins, og á Alþingi var samþykkt 5. apríl 1960 svo hljóðandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á, með hvaða hætti flugsamgöngur verða helzt tryggðar við Siglufjörð. Skal athugun þessari vera lokið, áður en reglulegt Alþingi 1960 kemur saman.“

Niðurstaða rannsóknar þeirra sérfræðinga, er um mál þetta fjölluðu, leiddi í ljós, að unnt væri að byggja á þessu svæði flugvöll að stærð ca. 1300 m á lengd og 50 m á breidd (ca. 6500 m^2).

Á árinu 1962 hófst vinna við framkvæmd þessa flugvallar. Unnið var fyrir ca. 250 000.00 kr. Áætlað var að vinna að þessu mannvirki í áföngum, en stefnt var að því, að flugvöllurinn yrði eigi minni en að framan greinir, svo að stærri flugvélar gætu athafnað sig þar.

Þegar þetta er ritað, eru liðin rúm 8 ár, frá því að skipulagðar framkvæmdir hófust við þessa flugvallargerð, en þrátt fyrir það er lengd vallarins í dag aðeins helmingur af því, sem fyrirhugað var, og er því aðeins nothæfur fyrir litlar flugvélar.

Á sama tíma og þessi mikli dráttur hefur orðið á framkvæmdum á Siglufjarðarflugvelli hafa flugvellir á öðrum stöðum verið stækkaðir og lagfærðir og nýbyggingar reistar og þær lagfærðar, sem fyrir voru. — Um þetta er gott eitt að segja. En þá er ekki óeðlilegt, að þess sé óskað af framkvæmdavaldinu í landinu, að það hlutist til um, að gerð flugvallar, sem hefur verið í smíðum tæpan áratug, verði nú lokið sem fyrst, til aukins öryggis og þæginda fyrir þá, er hans eiga að njóta.

Nd. 80. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Flm.: Magnús H. Gíslason, Stefán Valgeirsson, Tómas Árnason, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Síðari málsgrein ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Á tímabilinu 1971—1974, að báðum árunum meðtöldum, greiðir ríkissjóður fjárframlag til uppsetningar á súgþurrkunartækjum með mótor og blásara, er nemi að meðtöldum jarðræktarstyrk ⅓ kostnaðar eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Sé um færanlega vél að ræða, skal styrkurinn miðast við hæfilega stóran rafmagnsmótor. Á sama tímabili skal veita styrk út á slátturtætara, ⅓ af kaupverði.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist:

Á tímabilinu 1971—1974, að báðum árum meðtöldum, skal greiða ríkisframlag vegna þeirra framkvæmda, sem taldar eru í stafliðum a., b. og c., svo sem hér segir:

a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðursræktunar (sbr. 10. gr. III. a.) kr. 2400.00 pr. ha.
b. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis (sbr. 10. gr. III. e.) kr. 2400.00 pr. ha.
c. Votheyshlöður úr varanlegu efni (sbr. 10. gr. VII. b.) kr. 180.00 pr. m^3.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðist framlag samkvæmt þeim á árinu 1971 vegna framkvæmda, sem þau taka til og gerðar eru á árinu 1970.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir auknum tímabundnum framlögum, sem eru miðuð við það að draga úr því mikla tjóni, sem bændur hafa orðið fyrir af völdum kalskemmda, og hamla gegn því, að jarðir fari í eyði af þeim sökum.

Á meðan þekking okkar eykst ekki á orsökum gróðurdauðans og hvernig hægt er að koma í veg fyrir hann, verður ekki hjá því komizt að stórauka grænfóðursræktun og gera hana almennari, en það leiðir af sér, að auka þarf þá votheysgerð, a. m. k. þar til hraðþurrkun ryður sér til rúms, en rannsóknir á því sviði eru enn á frumstigi. Af þessum ástæðum leggjum við til, að þessi aukna aðstoð verði öll ákvæði til bráðabirgða.

1. Að það aukaframlag, sem verið hefur til að koma upp súgþurrkunartækjum, standi áfram óbreytt, en það átti að falla úr gildi á þessu ári.
2. Að styrkur verði veittur út á slátturtætara, ⅓ af kaupverði.
3. Styrkur á frumvinnslu lands vegna grænfóðursræktunar hækki úr 800 kr. í 2400 kr.
4. Styrkur til endurvinnslu vegna kals eða þýfis hækki úr 1225 kr. í 2400 kr.
5. Styrkur til byggingar votheysgeymslna hækki úr 60 kr. m^3 í 180 kr. m^3.

Farnaður íslenzks landbúnaðar er flestu öðru fremur undir því kominn, hversu til tekst með innlenda fóðuröflun ár hvert. Sé unnt að afla nægs og góðs fóðurs, er mikilsverð og ómissandi trygging fengin fyrir góðri efnahagsafkomu bóndans, berist honum ekki að höndum einhver stór áföll, annarrar tegundar. Bregðist hins vegar fóðuröflun, er ávallt vá fyrir dyrum og hún því meiri og afdrifaríkari sem fleiri slík óhappaár ganga yfir, hvert á fætur öðru.

Nú hefur það hent undanfarin ár, að grasspretta á túnum hefur að miklu leyti brugðizt í heilum landshlutum. Hefur víða svo rammt að kveðið vegna kalskemmda, að gróður hefur með öllu horfið af stórum svæðum hins ræktaða lands. Sérfróðir menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að í sumum túnum hafi gróður eyðzt að 95 hundraðshlutum. Verst hefur ástandið verið á Austfjörðum, Norðausturlandi og Vestfjörðum, en einnig hefur mjög mikið borið á kalinu í ýmsum sveitum á Norðvesturlandi, og raunar hefur það valdið verulegum búsifjum í öllum landshlutum. Bændur, sem standa frammi fyrir þessum ógnvaldi ár eftir ár, eiga ekki annars úrkosta en að ganga frá búum sínum meira og minna slyppir og snauðir og láta ævistörf sín eftir í sviðinni jörð og verðlitlum byggingum, nema skilningur og aðstoð hins opinbera komi til.

Viðurkenna ber, að ýmislegt hefur verið gert til þess að grafast fyrir um orsakir gróðureyðingarinnar, en um árangursríkar mótaðgerðir verður naumast að ræða, nema rætur meinsins séu þekktar. Án alls efa leggjast hér ýmsar orsakir á eina sveif. Staðreynd er, að veðurfar hefur farið hér kólnandi á síðustu árum, en þó ekki svo, að nein úrslitaáhrif ætti að hafa, ef annað væri með felldu. Innlendu túngrösin,

„kynbætt af þúsund þrautum", hafa líka mun betur haldið velli en hin innfluttu, sem nú eru orðin megingróðurstofninn í miklum meiri hluta íslenzkra túna, en reynast þola illa viðmót íslenzkrar veðráttu og hafa víða veslazt upp á fáum árum. Sumir kenna um misheppnaðri vinnslu ræktunarlandsins, aðrir óheppilegri áburðarnotkun, og fleira mætti nefna.

Allt hefur þetta verið — og er — til athugunar hjá íslenzkum sérfræðingum, en engin von er til þess, að í einum svip verði fundin viðhlítandi og örugg lausn á svo víðtæku og margþættu vandamáli sem hér er óefað um að ræða. En eftir þeirri lausn geta þó þeir bændur ekki beðið, sem horft hafa á mikinn hluta túna sinna dauðkalinn ár eftir ár. Þeir þurfa, á meðan ólagið ríður yfir, á aukinni aðstoð hins opinbera að halda, og þá aðstoð má ekki dragast að veita. Nái þetta frv. fram að ganga, sem verður ekki efað að óreyndu, geta ákvæði þess orðið til nokkurs stuðnings þeim fjölmörgu bændum, sem nú standa höllum fæti í viðureigninni við þann vágest, sem herjað hefur á ræktunarlönd þeirra undanfarin ár með svo áhrifa- og afleiðingaríkum hætti.

Sú aukna aðstoð við bændur, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er fyrst og fremst í því skyni að örva grænfóðursræktun og votheysgerð. Grænfóðursræktun hefur færzt í aukana með ári hverju, aðallega til beitar, en einnig til vetrargjafar hin síðari ár. En þar sem eina úrræðið virðist vera að auka grænfóðursræktun, þar sem gróðureyðingin hefur orðið, og grænfóður verður ekki fyrst um sinn verkað nema í votheý, þá leiðir það af sér, að byggja þarf votheysgeymslur og kaupa slátturtætara, svo að þessi breyting á fóðuröflun geti átt sér stað.

Flutningsmenn telja eðlilegt og raunar óumflýjanlegt, að þjóðfélagið leggi hér ögn af mörkum, til þess að þessi breyting geti átt sér stað.

Súgþurrkunin hefur fullkomlega sannað gildi sitt, en hún er enn þá fjarri því að vera svo útbreidd sem skyldi, og er það efalaust vegna kostnaðarins við að koma henni upp og ört versnandi afkomu bændastéttarinnar á liðnum árum. Er því lagt til, að sá styrkur, sem verið hefur og fellur úr gildi samkvæmt gildandi lögum nú í árslok, verði framlengdur óbreyttur.

Ætlazt er til, að breytingar þær á jarðræktarlögunum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, gildi næstu 4 ár. Vonandi verður þá farið að rofa til í baráttunni við kalið og kemur þá til kasta Alþ. að meta það, hvort ákvæði frv. skuli gilda áfram eða ekki.

Frekari rök fyrir þessu frv. sjá flm. ekki ástæðu til að færa hér í grg., en vísa að öðru leyti til grg. fyrir frv. því, um breyting á lögum um framleiðnisjóð, sem nú liggur fyrir Alþ., fjallar um skyld atriði þeim, er um ræðir í þessu frv., og flm. þessa frv. eru meðflutningsmenn að.

Ed. 81. Frumvarp til laga [79. mál]

um Atvinnumálastofnun.

Flm.: Helgi Bergs, Einar Ágústsson, Ásgeir Bjarnason, Bjarni Guðbjörnsson, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Setja skal á fót Atvinnumálastofnun á vegum ríkisins, og lýtur hún sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk Atvinnumálastofnunarinnar er:

1) Að semja áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna og marka stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar.
2) Að hafa forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana á sviði atvinnulífsins, þ. á m. um atvinnuuppbyggingu einstakra landshluta.

3) Að beita sér fyrir ráðstöfunum til að auka atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins.
4) Að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og þá einkum með því að setja um þau almennar reglur.

3. gr.

Atvinnumálastofnunin skal í starfi sínu hafa sem nánasta samvinnu við stéttarsamtök launþega og atvinnurekenda. Í því skyni ber henni að boða til funda eða ráðstefna með fulltrúum samtakanna og sérfræðingum um vandamál einstakra atvinnugreina. Einnig skal stofna til samstarfs við sveitarstjórnir um atvinnumál í umdæmum þeirra.

4. gr.

Framkvæmdaáætlanir samkvæmt 2. gr. skal senda ríkisstjórninni, sem leggur þær fyrir Alþingi til staðfestingar ásamt áætlunum um ríkisframkvæmdir.

Ríkisstjórnin gefur Alþingi öðru hverju skýrslu um framkvæmd slíkra áætlana.

5. gr.

Stjórn Atvinnumálastofnunarinnar skipa níu menn. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn, en forsætisráðherra skipar hina sex, einnig til tveggja ára í senn, samkvæmt tilnefningu sem hér segir: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Stéttarsamband bænda tilnefna einn mann hvert. Félag íslenzkra iðnrekenda og Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefna sameiginlega einn mann. Forsætisráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

6. gr.

Heimilt er stjórn Atvinnumálastofnunarinnar að semja við starfandi ríkisstofnun um að annast skýrslu- og áætlanagerð og afgreiðslu mála fyrir Atvinnumálastofnunina eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

7. gr.

Með ákvörðunum Atvinnumálastofnunarinnar í fjárfestingarmálum skal stefnt að hagræðingu fjárfestingar í landinu, og skulu þær við það miðaðar, að sú fjárfesting sitji í fyrirrúmi, sem nauðsynlegust er og einkum aðkallandi samkvæmt gildandi áætlun á hverjum tíma. Skal þá sérstaklega haft í huga, að með þessum ákvörðunum sé stuðlað að aukningu atvinnu, framleiðslu og framleiðni og jafnvægi milli landshluta.

8. gr.

Atvinnumálastofnunin hefur vald til að koma í veg fyrir þá fjárfestingu, sem samrýmist ekki ákvæðum 7. gr. að dómi stofnunarinnar. Ef brýna nauðsyn ber til, er Atvinnumálastofnuninni heimilt að banna tiltekna tegund fjárfestingar um tiltekinn tíma.

9. gr.

Fjárfesting, sem fer í bága við ákvarðanir Atvinnumálastofnunarinnar eða reglur, sem hún setur, er óheimil og telst brot á lögum þessum.

10. gr.

Atvinnumálastofnunin birtir greinargerð um ráðstöfun þess fjármagns, sem varið er til fjárfestingar ár hvert.

11. gr.

Kostnaður við framkvæmd þessara laga greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skulu sett með reglugerð.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 þús. kr., og gera skal upptækan til ríkissjóðs gróða af lögbroti hverju sinni.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu um Atvinnumálastofnun er lagt til, að komið verði upp opinberri forustu í atvinnumálum af hálfu þjóðfélagsins í samstarfi við leiðandi menn á sviði atvinnulífsins og að Atvinnumálastofnuninni eða stjórn hennar verði jafnframt falin heildarstjórn fjárfestingarmála með það fyrir augum, að stefnt verði að sem mestri hagræðingu fjármagnsnotkunar í landinu.

Til þess er ætlazt, að Atvinnumálastofnunin semji áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna, marki stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar og hafi jafnframt forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana í atvinnumálum. Er gert ráð fyrir, að hún beiti sér fyrir því, að haldnir verði fundir eða ráðstefnur og að þangað verði boðaðir fulltrúar stéttarsamtaka atvinnuvega og launþega, sérfræðingar, sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra o. s. frv. Kveðið er á um það, að áætlanir Atvinnumálastofnunarinnar um atvinnumál verði afhentar ríkisstjórninni og að hún leggi þær síðan ásamt framkvæmdaáætlunum ríkisins fyrir Alþingi til staðfestingar, enda gefi ríkisstjórnin Alþingi öðru hverju skýrslu um framkvæmd slíkra áætlana.

Undanfarið hefur mjög skort umsjón með því, að þær framkvæmdir, sem þjóðinni er mest þörf á, sitji fyrir fjármagni og vinnuafli. Fjárfestingin hefur verið stjórnlaus. Þess vegna hefur mikið verið framkvæmt, sem að skaðlausu hefði mátt dragast, en hins vegar skort fjármagn og vinnuafl til ýmissa bráðnauðsynlegra framkvæmda.

Með frv. þessu er stefnt að því að marka stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar með ýtarlegri áætlanagerð, en jafnframt verði tekin upp skipuleg stjórn fjárfestingarmála undir forustu ríkisvaldsins í samstarfi við fulltrúa atvinnulífsins, sem tryggi það, að framkvæmdir í landinu séu í samræmi við gildandi áætlanir, þar sem verkefnum er raðað og þau látin ganga fyrir, sem þýðingarmest eru. Til greina kemur að banna tilteknar tegundir fjárfestingar um tiltekinn tíma, eins og sumar þjóðir hafa gert, ef ekki virðist brýn þörf fyrir þær og ekki verður með öðrum hætti tryggt, að aðrar nauðsynlegri framkvæmdir geti komizt áfram.

Eðlilegt má telja, að það sé í einstökum atriðum að verulegu leyti á valdi Atvinnumálastofnunarinnar sjálfrar, með hvaða aðferðum hún framkvæmir það hlutverk, sem henni er falið. Gert er ráð fyrir, að hún beiti valdi sínu einkum til útgáfu á almennum reglum og fyrirmælum, sem bankar og aðrar lánastofnanir svo og aðrir aðilar, sem hlut eiga að máli, fari eftir, enda veitir frv., ef að lögum verður, þeim mikið aðhald í því efni. En í frv. felast heimildir til frekari ráðstafana, ef Atvinnumálastofnunin telur þeirra þörf.

Varðandi skipan stjórnar Atvinnumálastofnunarinnar skv. 5. gr. er að sjálfsögðu nokkur vandi á höndum, og koma þar fleiri aðferðir til greina en sú, sem hér er gert ráð fyrir. En samkvæmt þessu frv. yrði stjórnin að meiri hluta til skipuð fulltrúum atvinnuveganna og launþegasamtaka, en þriðjungur stjórnarmanna kosinn af Alþingi.

Frv. gerir ekki ráð fyrir því, að komið verði upp sérstökum nýjum skrifstofum fyrir stofnunina, heldur verði starfandi ríkisstofnun á sviði efnahagsmála, sem hefur sérfróðu og þjálfuðu starfsliði á að skipa, látin annast skýrslu- og áætlanagerð og skrifstofustörf fyrir hana og leggja henni þau gögn í hendur, sem hún þarf á að halda og óskar eftir. Ekki er þó að svo stöddu gerð grein fyrir því frekar,

hvaða stofnun það skuli gera, enda telja flm. mikla nauðsyn á gagngerri endurskipulagningu, sameiningu og samræmingu þeirra mörgu opinberu aðila og stofnana, sem annast verkefni þessu skyld, og hafa þeir í undirbúningi tillögur í því efni.

Nd. 82. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Benedikt Gröndal, Gunnar Gíslason, Þórarinn Þórarinsson, Lúðvík Jósefsson, Jón Skaftason.

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar alþingiskosningar ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst.

2. gr.

2.—3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og varamaður tekur sæti á þingi í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

4. gr.

13. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 4. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna (sbr. l. nr. 6/1958) komi tveir málsliðir, sem orðist svo:

Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

6. gr.

4.—6. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. laganna falli niður.

7. gr.

3.—4. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Hún lætur uppi álit sitt um það. Þegar liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því, er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til einnar umræðu í deildinni á sama hátt og áður við 3. umræðu (23. gr.).

8. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, gerir hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar, skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir, ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni, og er þingmönnum

þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

b. Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta, og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu Alþingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óskar þess, skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni, en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

9. gr.

Í stað 1. mgr. 31. gr. laganna (sbr. l. nr. 22/1947) komi sex málsgreinar, sem orðist svo:

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn, ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurn. Þingmönnum er rétt að taka þátt í umræðum. Ráðherra má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þingmenn ekki nema tvisvar. Ráðherra má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og aðrir þingmenn eigi lengur en 5 mínútur.

Ef óskað er skriflegs svars, sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum, eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.

10. gr.

Aftan við 4. málsl. 34. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) bætist: að viðbættu nafni.

11. gr.

Orðin „enda neiti ráðherra ekki um leyfið“ í niðurlagi 43. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) falli niður.

12. gr.

48. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðin „skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning)“ í 1. mgr. komi: er forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning). Sama aðferð skal viðhöfð.

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ef kjósa skal einnig varamenn, skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

V. Útvarp og sjónvarp umræðna.

13. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:
Þá skal og útvarpa, innan tveggja vikna frá þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

14. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:
Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórnmálaumræðum. Hver þingflokkur fær til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í þrjár umferðir, 20 mínútur í fyrstu umferð, 15 mínútur í annarri og 10 mínútur í þeirri síðustu.

15. gr.

Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.

16. gr.

54. gr. laganna orðist svo:
Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur, er skiptast í tvær umferðir, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari.
Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

17. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.

18. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist:
Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

19. gr.

Á eftir 56. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti ákveður, að höfðu samráði við formenn þingflokka, hvort leyfa skuli útvarp umræðu eða ekki. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

20 gr.

Á eftir 60. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.

21. gr.

Orðin „ráðherra synjar ekki og" í 64 gr. laganna falli niður.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þrem síðustu þingum, en varð eigi útrætt. Er það nú flutt að nýju. Fylgt hefur því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að ósk forseta Alþingis. Það er samið af milliþinganefnd, sem kosin var á Alþingi 5. maí 1966 til að endurskoða lög um þingsköp Alþingis. Greinargerð nefndarinnar um störf hennar og tillögur fer hér á eftir.

Hinn 29. apríl s. l. (þ. e. 1966) samþykkti Alþingi svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis:

„Alþingi ályktar, að 7 manna milliþinganefnd, kosin af sameinuðu Alþingi, skuli falin endurskoðun gildandi laga um þingsköp Alþingis.“

Í samræmi við þessa tillögu voru síðan kosnir 7 alþingismenn til þess að taka sæti í nefndinni. Í nefndina voru kjörnir:

Sigurður Bjarnason,
Þórarinn Þórarinsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Jónas G. Rafnar,
Jón Skaftason,
Lúðvík Jósefsson,
Benedikt Gröndal.

Á fyrsta fundi í nefndinni var Sigurður Bjarnason kjörinn formaður hennar. Jafnframt var Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis ráðinn ritari nefndarinnar.

Ekki reyndist framkvæmanlegt, að nefndin starfaði s. l. sumar. Hins vegar hóf hún störf fljótlega eftir að Alþingi kom saman á s. l. hausti. Hefur hún síðan haldið allmarga fundi. Varð nefndin sammála um að taka þingsköpin í heild til almennrar endurskoðunar. Voru sumarmánuðirnir notaðir til þess að afla margvíslegra gagna frá nágrannalöndunum. Hafa þau verið höfð til hliðsjónar í sambandi við ýmsar þær breytingartillögur, sem nefndin hefur orðið sammála um.

Nefndin hefur nú samið frumvarp um breytingar á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis. Stendur hún sameinuð að þessum tillögum.

Helztu nýmæli, sem nefndin hefur gert breytingartillögur um, eru þessi:

1. Lagt er til, að kjörbréfanefnd verði kosin fyrir allt kjörtímabilið.
2. Lagt er til, að ef sæti efri deildar þingmanns losnar og varamaður tekur sæti á þingi, skuli sá þingflokkur, er skipa á sætið, tilnefna mann úr sínum flokki til efri deildar.
3. Lagt er til, að nefndarmenn í utanríkismálanefnd verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.
4. Sett eru ný og fyllri ákvæði um skýrslur, sem ráðherrar óska að gefa Alþingi, og um rétt þingmanna til þess að óska slíkra skýrslna.
5. Ákvæðin um fyrirspurnir í sameinuðu Alþingi eru gerð fyllri en nú er og stefnt að því að gera umræður um þær nokkru styttri og hnitmiðaðri. Er lagt til, að munnlegar fyrirspurnir verði teknar fyrir á sérstökum fundi í sameinuðu Alþingi, þannig að þær dragi þar ekki um of tíma frá öðrum þingmálum. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að þingmenn geti borið fram skriflegar fyrirspurnir, er ráðherrar svara síðan skriflega.
6. Í sambandi við útvarps- og sjónvarpsumræður er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að útvarpa skuli innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana. Er þá gert ráð fyrir, að slíkar umræður komi í staðinn fyrir útvarp fjárlagaræðu og umræðu um hana. Þá er lagt til, að á síðari hluta hvers þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumræðum, er standi í eitt kvöld. Skulu þessar umræður koma í staðinn fyrir eldhúsdagsumræður og verða því allmiklu styttri en þær hafa verið.

7. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðum frá Alþingi eða hluta af umræðu, þá verði það heimilað, að höfðu samráði við formenn þingflokka.

Í nefndinni voru ýmis önnur atriði rædd en þau, sem fjallað er um í þessu áliti. En um aðrar tillögur en þær, sem felast í frumvarpi nefndarinnar, varð ekki fullkomin samstaða að svo stöddu, en hins vegar stendur nefndin, eins og fyrr segir, óskipt að frv. því, sem hún leggur hér fram.

Frumvarpið í heild fer hér á eftir (sjá frv. hér að framan), og fylgja hverri grein þess skýringar á henni og þeim breytingum, sem lagt er til, að gerðar verði samkv. frumvarpinu. Upphaflega fylgdi greinargerð um reglur þær, er gilda hjá ýmsum þjóðum um útvarp og sjónvarp frá þjóðþingum, en hún er nú ekki endurprentuð.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi þingskapa eru ákvæði um prófun kjörbréfa og kosningu þingmanna í þingbyrjun. Ganga þingmenn í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst. Gildir það jafnt á öllum þingum kjörtímabilsins og það þótt eigi þurfi að rannsaka nema eitt kjörbréf. Hér er ákvæðinu breytt þannig, að aðeins skuli skipa í kjördeildir á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Annars rannsakar kjörbréfanefnd kosningu og kjörgengi, eins og nú er á öðrum tímum en í þingbyrjun. Þykir þetta hentugra. Til þess að unnt sé að hafa þennan hátt á, er kjörbréfanefnd kosin fyrir allt kjörtímabilið, og er 8. gr. þingskapa breytt í þá átt.

Um 2. gr.

Kjörtími kjörbréfanefndar er allt kjörtímabilið. Í gildandi þingsköpum er hún kosin í byrjun hvers þings, sbr. greinargerð um breytingu á 1. gr. þingskapa.

Um 3. gr.

Greininni er breytt í samræmi við síðustu kjördæmabreytingu og breytingu á kosningalögum. Eftir að allir þingmenn hafa fengið varamann, fer ekki fram aukakosning, þó að sæti efri deildar þingmanns losni. Eðlilegt þykir, að sama regla haldist og nú gildir, ef sæti efri deildar manns losnar við andlát, afsal þingmennsku eða missi kjörgengis, að þá tilnefni þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

Um 4. gr.

Vegna breyttra samgönguhátta þykir ekki lengur ástæða til að kjósa milliþingaforseta, þótt hvorki forseti né varaforseti sé búsettur í Reykjavík eða grennd. Ákvæðið hefur líka um langt árabil verið dauður bókstafur.

Um 5. gr.

Hér er ákveðið, að utanríkismálanefnd skuli starfa einnig á milli þinga. Er það í samræmi við gildandi þingsköp. Einnig er ákveðið, að hún skuli vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Er þar um að ræða tvenns konar frávik frá gildandi þingsköpum. Ákvæðið er takmarkað við meiri háttar utanríkismál. Gildandi þingsköp taka til utanríkismála án takmörkunar. Rétt þykir að láta ákvæðið aðeins taka til meiri háttar mála. Hins vegar er ákvæðið víðtækara en nú að því leyti, að það gildir jafnt á milli þinga sem á þingtíma. Samkvæmt núverandi þingsköpum gildir ákvæðið um samráðsskyldu ríkisstjórnar aðeins á milli þinga. Í eldri ákvæðum var ákvæðið hins vegar að þessu leyti eins og hér er lagt til að það verði.

Loks er hér nýmæli um þagnarskyldu um þá vitneskju, er nefndarmenn fá í nefndinni. Gildir þagnarskyldan, ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Er það undir mati þeirra komið hverju sinni, hvort ástæða þykir til að kveða á um þagn-

arskyldu eða ekki. Ákvæðin um þagnarskyldu eru sniðin eftir dönskum lögum um utanríkismálanefnd.

Um 6. gr.

Hér eru felld niður ákvæðin um deildarleyfi, ef mál koma síðar fram en átta vikum eftir þingsetningu. Ákvæðin virðast ekki hafa haft neina raunhæfa þýðingu í þá átt að takmarka það, að mál komi fram seint á þingi.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða meðferð máls við eina umræðu í deild. Ef nefnd hefur fjallað um málið, ber forseta að senda henni það. Nefndinni ber samkvæmt gildandi þingsköpum að láta uppi álit sitt um málið, og skal það prentað og því útbýtt. Hér er lagt til að gera þá breytingu, að það sé undir mati nefndarinnar komið, hvort hún skilar skriflegu áliti um málið eða ekki. Ef um smávægilega breytingu er að ræða, er nægilegt, að gerð sé grein fyrir henni munnlega. Er það og í samræmi við venju.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða.

Í a-lið segir, að ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, geri hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Er með þessu lögfest venja, sem myndazt hefur í þessu efni. Auk þess eru settar reglur um umræðu um skýrslu ráðherra. Það er ekki skylda að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða níu þingmenn óski þess. Er gert ráð fyrir, að skýrslan sé gefin í sameinuðu þingi.

Um umræðuna fer eftir venjulegum reglum. Þingmenn mega ekki tala oftar en tvisvar. Ráðherrar mega tala eins oft og þeir vilja.

Í seinni greininni (b-liðnum) segir, að níu þingmenn geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Eðlilegt þykir, að þessi fjöldi þingmanna í sameinuðu þingi geti átt frumkvæði að skýrslugerðinni. Beiðni um skýrslugerð skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi er það borið undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið. Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal hún prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ekki er skylt að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óski þess. Umræðunni er þá hagað eins og er ráðherra hefur frumkvæði um skýrslugerð.

Við umræður um skýrslur má engar ályktanir gera. Gildir það, hver sem á frumkvæði að skýrslugerðinni.

Um 9. gr.

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi. Í núverandi þingsköpum er einnig talað um að „beiðast skýrslu ráðherra". Það er fellt niður, enda er gert ráð fyrir sérstökum reglum um skýrslur, sbr. næstu grein hér á undan. Er ætlazt til, að fyrirspurnir séu skýrar, um afmörkuð atriði eða mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Hér er einnig ákveðið, að fyrirspurn skuli fjalla um opinbert málefni, er ráðherra ber ábyrgð á. Er það gert til að leggja áherzlu á, að einungis á að spyrja um slík málefni. Í þessu mun hins vegar ekki felast frekari takmörkun en verið hefur í reynd. Í greinina er sett það nýmæli, að þingmaður getur óskað skriflegs svars. Er það eftir danskri fyrirmynd. Rétt þykir að leyfa þessa aðferð til að afla upplýsinga, ef hún þykir heppilegri í einstökum tilfellum.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Er forseta fengið þetta vald til þess að spara tíma. Ekki þarf að bíða fundar í sameinuðu þingi, eins og nú er. Ef vafi er um það, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki, má skjóta málinu til sameinaðs þings.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Orðin „munnlegar fyrirspurnir“ eru hér notuð um þær fyrirspurnir, þar sem óskað er munnlegs svars. Hér er gert ráð fyrir sérstökum fundi í sameinuðu þingi. Er þá ætlazt til, að hann komi til viðbótar við fundi í sameinuðu þingi, er fjalla um önnur mál þar. Þá er fresturinn til að svara styttur úr einni viku í 4 virka daga.

Varðandi umræður um fyrirspurn er gerð sú breyting, að ræðutími ráðherra er takmarkaður. Hann má ekki tala lengur en tíu mínútur í senn og að jafnaði ekki oftar en tvisvar. Er með þessu stefnt að því að stytta umræður um fyrirspurnir, svo að önnur mál komist einnig að. Samtímis því, að ætlazt er til þess, að svör styttist, er gert ráð fyrir, að þau komi fyrr og komi á þann hátt að meiri notum.

Ef skriflegs svars er óskað, skal það sent forseta eigi síðar en sex virkum dögum, eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum. Er gert ráð fyrir, að aðrir þingmenn geti einnig fengið svarið, ef þeir óska þess.

Um 10. gr.

Hér er um að ræða nýtt ávarpsform. Þingmenn hafa um langt árabil verið kenndir við kjördæmi eða kosningu, en ekki nefndir með nafni. Undantekning var þó gerð við útvarpsumræðu, þá á þingmaður, sem beinir máli sínu til annars, að nefna hann með nafni. Eftir síðustu kjördæmabreytingu verður þetta ávarpsform nokkru erfiðara í framkvæmd, þar eð kjördæmakjörnir þingmenn og landskjörnir hafa hver sitt númer. Þykir mörgum það hvimleitt og stirt. Hér er því lagt til, að þingmenn verði kenndir við kosningu eða kjördæmi að viðbættu nafni.

Um 11. gr.

Til afbrigða frá þingsköpum þurfti áður ekki aðeins samþykki sameinaðs þings eða deildar, oft aukinn meiri hluta, heldur og leyfi ráðherra. Árið 1952 var ákvæðunum um afbrigði breytt í það horf, að það nægði, ef ráðherra neitaði ekki um afbrigðin. Þetta ákvæði um rétt ráðherra til að neita um afbrigði mun ekki hafa verið notað, og þykir ekki ástæða til að halda því. Er það því fellt niður.

Um 12. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða, að forseti getur ákveðið hlutfallskosningu, þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi. Er það í samræmi við venju í þessu efni, sem rétt þykir að lögfesta. Ákvæðið um, að 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi geti krafizt hlutfallskosningar, helzt óbreytt.

Í b-lið er gerð sú breyting, að það er tekið fram, að ef kosnir eru aðalmenn og varamenn, þá eigi listi, sem hlotið hefur mann eða menn kosna, rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir eru á listanum. Hér er gert ráð fyrir, að í slíkum tilfellum fái hver listi jafnmarga varamenn og aðalmenn. Til þess að tryggja þetta þarf samtímis að kjósa aðalmenn og varamenn, en ekki fyrst aðalmenn og síðar varamenn, eins og tíðkazt hefur fram að þessu.

Um 13. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Í stað útvarps fjárlagaræðu og umræðu um hana er hér ákveðið, að innan tveggja vikna frá þingsetningu skuli útvarpa stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Hér er líka það nýmæli, að ræðutími forsætisráðherra er takmarkaður við hálfa klukkustund og fulltrúa annarra þingflokka við 20 mínútur. Í seinni umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Er með þessu að því stefnt að stytta útvarpsumræður hverju sinni. Með þessu ákvæði fást í byrjun þings almennar umræður um helztu stefnumál stjórnarinnar og stjórnarandstöðunni gefst tækifæri til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða hina svonefndu eldhúsdagsumræðu, sem áður fór fram við framhald 1. umr. um fjárlög, en á síðari árum hefur verið venja að slíta úr tengslum við fjárlög og hafa í þinglok. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þá venju, sem myndazt hefur að þessu leyti, en takmarka umræðuna við eitt kvöld, þar sem hver þingflokkur hefur samtals til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í þrjár umferðir, 20, 15 og 10 mínútur. Er hér enn talið heppilegt að stytta útvarpsumræðuna.

Um 15. gr.

Samkvæmt gildandi þingsköpum er ekki skylt að útvarpa umræðu um vantraust. Hér er lagt til, að skylt skuli að útvarpa umræðunni, ef níu þingmenn krefjast þess.

Um 16. gr.

Ef útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur þrjátíu mínútur til umráða. Mál þau, sem 51. og 53. gr. eiga við, eru stefnuræður forsætisráðherra og almennar stjórnmálaumræður. Um önnur mál er útvarpsumræðan aðeins hálftími fyrir hvern þingflokk, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari.

Hér er enn styttur umræðutíminn. Í gildandi þingsköpum fær hver flokkur 45 mínútur til umráða.

Í síðari málsgreininni er ákveðið, að umræða geti haldið áfram, eftir að útvarpsumræðu er lokið. Er þetta ákvæði sett vegna styttingar útvarpsumræðunnar og eins vegna hins, að nauðsynlegt getur verið að gefa þingmönnum tækifæri til að mæla fyrir breytingartillögum sínum.

Um 17. gr.

Ef allir þingflokkar og forseti eru sammála, þykir ekki ástæða til að útiloka, að hægt sé að víkja frá ákvæðunum hér á undan um ræðutíma. Ef þannig stendur á, er hægt að ná sama marki með afbrigðum frá þingsköpum. Þykir því rétt að heimila berum orðum slík frávik frá ákvæðunum um ræðutíma.

Um 18. gr.

Þetta er nýmæli. Hér er ákveðið, að þingflokkur geti óskað, að útvarpað verði þingfundi eða hluta af þingfundi. Gilda þá venjulegar þingskapareglur um röð ræðumanna og ræðutíma.

Um 19. gr.

Þetta er einnig nýmæli. Hér er það Ríkisútvarpið, sem hefur frumkvæði um að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu. Forseti ákveður, að höfðu samráði við formenn þingflokka, hvort leyfa skuli útvarp umræðu eða ekki. Með þessu er tryggt, að forseti getur hlutazt til um, að beiðni um slíkt útvarp komi með hæfilegum fyrirvara og að framkvæmdin sé viðunandi.

Um 20. gr.

Hér er ákveðið, að í þessum kafla sé orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur, eftir því sem við á, um sjónvarp. Að því er til sjónvarps tekur, er hér um nýmæli að ræða. Er ákveðið, að ákvæðin skuli gilda um sjónvarp, eftir því sem við verður komið. Á þessu stigi er ekki unnt að setja ýtarleg ákvæði um sjónvarp frá Alþingi. Verður fyrst að fá reynslu í þessu efni. Talið er heppilegt, að sjónvarp standi skemur en hljóðvarp, ef unnt er að koma því við.

Um 21. gr.

Hér vísast til greinargerðar um 11. gr.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um varnir gegn sígarettureykingum.

Flm.: Jón Skaftason, Pálmi Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Benedikt Gröndal, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr tóbaksreykingum, og þá sérstaklega sígarettureykingum:

I. Víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.
II. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga.
III. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.
IV. Stofnaðar verði „opnar deildir“ (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.
V. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi eftirfarandi hlutverk:
   a) Að safna upplýsingum um, hversu víðtækar reykingar séu, t. d. meðal skólabarna og unglinga.
   b) Að stjórna vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga.
   c) Að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi:

Meðal flestra siðmenntaðra þjóða eru nú gerðar víðtækar ráðstafanir til þess að draga úr reykingum og þá fyrst og fremst sígarettureykingum. Læknavísindin hafa sannað, að heilsu manna stendur mikill háski af þessu nautnalyfi.

Nokkrir læknar hafa beðizt liðsinnis flutningsmanna þessarar tillögu um ráðstafanir gegn því hér á landi. Er það skoðun flm., að brýna nauðsyn beri til aðgerða á þessu sviði. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Um frekari rökstuðning fyrir henni skal vísað til bréfs þeirra Sigurðar Samúelssonar prófessors, Hrafnkels Helgasonar læknis og Ólafs Ólafssonar læknis, sem fylgir hér með sem fylgiskjal. Enn fremur er birt hér útvarpsræða, er Hrafnkell Helgason flutti 16. apríl 1969 um skaðsemi reykninga. Loks eru birtar hér tillögur, sem hafa verið lagðar fram í Noregi um þessi mál.

Það er von flm., að þessari tillögu verði vel tekið á Alþingi og að hafizt verði nú þegar handa um þær ráðstafanir, sem læknar okkar leggja til, að gerðar verði í þessu þýðingarmikla heilbrigðismáli.

Fylgiskjal I.

Tillögur um leiðir til að draga úr tóbaksreykingum.

Niðurstöður rannsókna víða um heim hafa leitt í ljós, að reykingamönnum og þá aðallega þeim, er reykja sígarettur, er mjög hætt við m. a. hjarta-, æða- og lungnasjúkdómum. Samkvæmt útvarpsræðu Hrafnkels Helgasonar yfirlæknis, sem flutt var í heilbrigðisviku Hjartaverndar þ. 16. apríl 1969 og lögð er hér fram sem greinargerð, hafa margar þjóðir gert víðtækar ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum (sjá greinargerð).

Með tilliti til þessarar greinargerðar leggjum við undirritaðir læknar til, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar hérlendis til að draga úr tóbaksreykingum og þá sérstaklega sígarettureykingum.

I. Víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.
II. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga.
III. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.
IV. Viðvörunarmerki um heilsuspillandi áhrif sígarettureykinga verði límd á hvern sígarettupakka.
V. Kannaðar verði leiðir til þess að draga úr áhrifum sígarettuauglýsinga, t. d. með því að skylda hvern auglýsanda tóbaks að verja jafnmiklu rými til að kynna skaðvænleg áhrif sígarettureykinga.
VI. Útsöluverð sígarettupakka verði hækkað allverulega.
VII. Stofnaðar verði „opnar deildir“ (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.
VIII. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi fastráðinn ritara. Hlutverk þessa ráðs verði eftirfarandi:
   a) Að safna upplýsingum um, hversu víðtækar reykingar séu, t. d. meðal skólabarna og unglinga.
   b) Að stjórna vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga.
   c) Að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Reykjavík, 30. apríl 1969.

Hrafnkell Helgason. Sigurður Samúelsson. Ólafur Ólafsson.

Fylgiskjal II.

„Bjartveitnefndin“ norska, sem stofnuð var eftir umræður í Stórþinginu, lagði nýlega fram m. a. eftirfarandi tillögur til að draga úr reykingum:

I. Greinagóðar upplýsingar í blöðum, hljóð- og sjónvarpi um skaðsemi tóbaksreykinga. Leggja þarf mesta áherzlu á hin almennu heilsuspillandi áhrif reykinga á lungu og hjarta, en minni áherzlu á krabbameinshættuna. Einnig verði hafin áróðursherferð meðal kennara, lækna, æskulýðsleiðtoga o. fl.
II. Athugun fari fram á banni við tóbaksauglýsingum, a. m. k. reynt að draga úr þeim. Mundi það sýna, hversu alvarlega yfirvöldin litu á hættuna af reykingum.
III. Lagt er til, að límdur sé viðvörunarmiði á hvern sígarettupakka um heilsuspillandi áhrif sígarettureykinga.
IV. Athugað sé um verðhækkun á sígarettum.
V. Reynt sé að hjálpa reykingamönnum til að hætta reykingum með því að stofna sérdeildir til lækninga.
VI. Til þess að ná þessu marki ber að stofna sérstakt ráð með fastráðnum ritara. Ráðið hafi það hlutverk að safna upplýsingum og stjórna vísindalegum athugunum um skaðsemi reykinga, auk þess að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál. Kostnaður skal greiddur úr ríkissjóði. Nefndin lagði einnig til, að sem mest af þessu yrði gert samtímis. Vekti slíkt meiri athygli og sýndi, hversu alvarlegs eðlis málið væri.

Fylgiskjal III.

Dagana 11.—13. september 1968 var haldin í New York alþjóðaráðstefna um reykingar og heilsu, hin fyrsta sinnar tegundar í sögunni. Þarna voru saman komnir 487 vísindamenn, læknar og ýmsir aðrir sérfræðingar frá 34 löndum.

Dr. Luther L. Terry, fyrrverandi landlæknir Bandaríkjanna, flutti inngangserindið og sagði þá meðal annars: „Það eitt, hversu margir og víðkunnir vísindamenn hafa séð ástæðu til að sækja þessa ráðstefnu, vekur vonir um, að okkur takist að leysa reykingavandamálið. Við stöndum nú á tímamótum, tími efasemdanna er liðinn. Ekki er nokkur vafi á því lengur, að reykingar eru hættulegar heilsunni. Nú er mál til komið, að eitthvað sé aðhafzt". Vissulega fór dr. Terry hér með rétt mál.

Á undanförnum árum hafa farið fram víðtækar vísindalegar rannsóknir á skaðsemi reykinga. Niðurstöður þeirra verða ekki vefengdar með neinum rökum, enda margar þeirra unnar með slíkri vísindalegri nákvæmni, að betur verður ekki gert í dag. Þekktastar þessara rannsókna eru þær, sem bandaríska heilbrigðismálaráðuneytið gekkst fyrir, og var árangur þeirra birtur 1964 og 1968. Helztu niðurstöður eru í stuttu máli þessar: Dánartala reykingamanna reyndist um 70% hærri en þeirra, sem ekki reykja. Ef við lítum örlítið nánar á þessa niðurstöðu, kemur m. a. í ljós, að 77% 25 ára gamalla bandarískra karlmanna geta vænzt þess að ná 65 ára aldri, ef þeir reykja ekki sígarettur. Aðeins 54% 25 ára gamalla reykingamanna ná þessum aldri og einungis 6% verða 85 ára, en 19% þeirra, sem ekki reykja, ná 85 ára aldri. Ef bandarískir karlmenn hættu reykingum, mundi meðalaldur þeirra hækka um 3.4 ár.

Á árunum 1919—1965 hækkaði meðalaldur bandarískra karlmanna um rúm 4 ár. Þetta varð á þeim tíma, er miklar framfarir urðu í læknisfræði, súlfa- og fúkalyf komu til sögunnar, unnt var að lækna lungnabólgu, berkla og ýmsa aðra smitsjúkdóma, efnahagur batnaði og heilsugæzla tók miklum framförum. Fram komu margar nýjar aðferðir til greiningar og meðferðar fjölmargra sjúkdóma. Á sama tíma hafa reykingar aukizt mjög og tjónið í mannslífum af þeirra völdum orðið næstum eins mikið og það, sem áunnizt hefur á hálfri öld með öllum þessum framförum í læknisfræði.

Krabbamein í lungum hefur orðið tíðara í öllum löndum, þar sem sígarettuneyzla hefur aukizt. Hér á landi seldi tóbakseinkasalan árið 1920 innan við 100 sígarettur á íbúa. Árið 1960 var salan um 1100 sígarettur á hvert mannsbarn. Á árunum 1931—1954 voru 34 tilfelli af krabbameini í lungum greind hér, eða um 1.5 tilfelli á ári. Á árunum 1960—1964 voru greind hér um 20 tilfelli árlega. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er lungnakrabbi e. t. v. ekki mikið vandamál, enn þá er þetta ekki algengur sjúkdómur hér á landi, en hann á því miður örugglega eftir að færast í aukana. En reykingar valda öðrum og algengari lungnasjúkdómum en krabbameini, og á ég þar við langvinna berkjubólgu, bronkitis og lungnaþan. Tíðni þessara sjúkdóma hefur aukizt mjög undanfarin 20—30 ár, og vissulega eru reykingar aðalorsök þess.

Þessir tveir sjúkdómar eru ein algengasta orsök skertrar starfsgetu hjá fullorðnum karlmönnum og eru algengasta dánarorsök í Bandaríkjunum, næst á eftir hjartasjúkdómum. Hvernig þessu er varið hér á landi, skal ósagt látið, þessum sjúkdómum hefur lítill gaumur verið gefinn hér, enda hefur slæm aðstaða verið fyrir hendi til að greina þá. Er slíkt óviðunandi lengur, því að hér er um alvarlega og algenga sjúkdóma að ræða. Hér á landi er fjöldi fólks öryrkjar af völdum þessara tveggja sjúkdóma. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá rannsóknum Hjartaverndar fundust einkenni þessara sjúkdóma hjá allt að 7% fullorðinna karlmanna, og eru það svipaðar tölur og í nágrannalöndum okkar.

Sjúkdómar verða ekki sjaldgæfari fyrir þá sök, að lítt sé hirt um að greina þá eða ráða bót á þeim.

Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós hin skaðlegu áhrif tóbaksreyks á lungun. Ekki þarf að draga að sér nema einn góðan reyk, og er þá strax mælanleg minnkun á lungnastarfsemi. Hægt er að láta annað lungað anda að sér tóbaksreyk, en hitt ekki. Súrefnisnotkun og öndun verður miklu minni hjá því lunganu, sem fær í sig tóbaksreykinn. Þessi skaðlegu áhrif tóbaksreyks á lungnastarfsemi er auðvelt að fá fram bæði hjá reykingamönnum og þeim, sem ekki reykja. Við krufningu sjást breytingar í lungum hjá öllum stórreykingamönnum, stundum eru þessar breytingar forstig krabbameins.

Ég þori að fullyrða, að langvinn berkjubólga og lungnaþan eru nú þegar mjög algengir sjúkdómar hér á landi og mikið heilsufarslegt vandamál, en því miður eiga þessir sjúkdómar eftir að færast í aukana. Er engin ástæða til að ætla, að þeir verði minna vandamál hér en í nágrannalöndum okkar, og mál til komið, að við gerum okkur það ljóst og sköpum okkur aðstöðu til að fást við þá.

Eins og víða annars staðar eru kransæðasjúkdómar nú algengasta dánarorsök hérlendis. Þeir eru brýnasta heilbrigðisvandamál okkar í dag, og þessum sjúklingum fer því miður fjölgandi. Ekki er jafnákveðið samband á milli kransæðasjúkdóma og reykinga, eins og er milli reykinga og lungnasjúkdóma. Þótt reykingar einar saman valdi ekki kransæðakölkun, þá hefur fjöldi rannsókna sýnt, að þær eru hér mikill skaðvaldur. Hér er um mjög algengan sjúkdóm að ræða, og líklega muna allir fullorðnir Íslendingar eftir einhverjum ættingja eða vini, sem hefur látizt fyrir aldur fram úr þessum sjúkdómi.

Dauði af völdum kransæðakölkunar er næstum helmingi algengari hjá reykingamönnum en hinum, sem ekki reykja. Meðal yngri karlmanna, þ. e. á aldrinum 35—44 ára, sem reykja meira en 2 pakka af sígarettum á dag, er 5 sinnum hærri dánartala af völdum þessa sjúkdóms en meðal þeirra, sem ekki reykja.

Í ljós hefur komið, að reykingamenn þola kransæðastíflu miklu verr en þeir, sem ekki reykja. Sjúkdómurinn er því ekki aðeins tíðari hjá reykingamönnum, heldur eru og batahorfur miklu verri. Í Gautaborg heyrir það til undantekninga að sjá kransæðastíflu hjá manni innan við 50 ára aldur, ef ekki er um reykingamann að ræða. Birtar hafa verið í læknatímaritum kannanir, sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum, þar sem tekið var til athugunar sambandið milli kransæðakölkunar og reykinga. Niðurstaðan varð alltaf hin sama. Krufningar sýndu, að reykingamenn höfðu meiri kölkun í kransæðum en hinir, og því meiri sem þeir reyktu meira.

Ég hef minnzt hér á áhrif reykinga á lungna- og hjartasjúkdóma. En ekki er öll sagan þar með sögð. Reykingamenn fá oftar en aðrir krabbamein í munn og barkakýli, enda eru reykingar ein af orsökum þessara sjúkdóma. Fjöldi annarra sjúkdóma er og algengari hjá reykingamönnum, t. d. magasár og lifrarskorpnun, en óvíst er, hvaða samband er þar á milli. Í ljós hefur komið, að reykingamenn eru frá vinnu vegna sjúkdóma fleiri daga ár hvert en jafnaldrar þeirra og starfsbræður, sem ekki reykja. Í æsku minni heyrði ég sígarettur kallaðar líkkistunagla. Nú er ljóst, hversu réttmæt sú nafngift var. Ég fullyrði, að sígarettureykingar eru eitt stærsta heilsuvandamál okkar, svipað þjóðfélagslegt vandamál og t. d. berklar voru á sínum tíma. Berklum höfum við útrýmt að mestu, vonandi á okkur eftir að farnast eins vel í baráttunni við sígaretturnar.

Mikilvægast er að reyna að vernda börn og ungmenni fyrir þessari hættu, mér liggur við að segja lífsháska. Þessi hætta er því meiri sem menn byrja yngri að reykja. Sá, sem byrjar að reykja 14 ára, er verr settur eftir 20 ára reykingar en hinn, sem byrjaði ekki fyrr en um eða eftir tvítugt.

Víða hafa verið stofnaðar sjúkradeildir eða læknastöðvar til að reyna að hjálpa reykingamönnum að hætta reykingum. Árangurinn verður að teljast sæmilegur, ca. 50% hætta a. m. k. um tíma, eftir eitt ár er tala þeirra, sem hætt hafa, þó komin niður í um 25%. En menn verða að vilja hætta. Árangurinn hjá þeim, sem sóttu þessar stöðvar fyrir áeggjan vina eða ættingja, var næstum enginn. Á það skal bent, að allt það, sem hér hefur verið sagt um reykingar, á aðeins við um sígarettureykingar.

Enda þótt pípu- og vindlareykingar séu ekki alveg hættulausar, er skaðsemi þeirra hverfandi borin saman við sígarettureykingar. Sjúkdóms- og dánarlíkur minnka, ef menn hætta reykingum, og fer minnkandi með hverju ári sem líður, en ef menn treysta sér ekki til að hætta alveg, er pípa eða vindlar betra úrræði en sígarettur.

Þegar tóbaksframleiðendur heyrðu um niðurstöður rannsókna bandarískra heilbrigðismálaráðuneytisins, reyndu þeir fyrst að vefengja þær. Nú hafa þeir gefizt upp við það. Í staðinn eru nú framleiddar síusígarettur og fólki talin trú um, að þær séu hættuminni. Til eru síusígarettur, sem innihalda minna af nikótíni og tjöru en venjulegar sígarettur, en sá munur er hverfandi. Vissar tegundir af síusígarettum innihalda meira magn af nikótíni og tjöru en aðrar tegundir án síu. Síusígarettur í núverandi mynd leysa ekki neinn vanda.

Allar þær rannsóknir, er ég hef vitnað til, hafa verið gerðar hjá karlmönnum. Ekkert bendir til, að konur þoli betur sígarettur en karlar, en reykingar hafa verið miklu algengari hjá körlum og þeir því valdir til þessara rannsókna. Mikið hefur undanfarið verið rætt um skaðsemi ýmiss konar lyfja á fóstur í móðurlífi. Greinar hafa og birzt um skaðsemi sígarettureykinga á fóstrið, en varla mun nokkur ábyrgur læknir treysta sér til að fullyrða neitt um það að svo stöddu. En vissulega er ástæða til að rannsaka það mál nánar, enda er víða unnið að slíkum rannsóknum.

Í Bandaríkjunum, landi auglýsinga og einkaframtaks, hafa nýlega verið sett lög, er mæla svo fyrir, að hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, sem taka auglýsingar um tóbak, skuli skyldar til að verja ókeypis jafnlöngum senditíma til upplýsinga um skaðsemi tóbaksins. Þegar Bandaríkjamenn setja slíkar hömlur á einkaframtak og auglýsingar, finnst þeim áreiðanlega mikið við liggja. Sígarettureykingar eru þar algengari en í öðrum löndum, vandamálið stærst hjá þeim, enda hafa þeir lengur og betur rannsakað þessi mál en aðrar þjóðir og sjá betur hættuna. Á sígarettupökkum, sem nú eru seldir í Bandaríkjunum, stendur: „Hafið aðgát. Sígarettureykingar geta skaðað heilsu yðar.“ Nú er reynt að fá þessu breytt, svo að þar standi. „Aðvörun: Sígarettureykingar eru hættulegar heilsu yðar og geta orsakað dauða af krabbameini eða öðrum sjúkdómum.“

Á ráðstefnu þeirri í New York, er ég gat um í upphafi þessa máls, talaði Robert heitinn Kennedy næstur á eftir dr. Terry. Hann gat þess í upphafi ræðu sinnar, að sér væri vel ljóst, hversu gífurlegt vandamál sígarettureykingar væru í Bandaríkjunum og hversu mikilvægt væri að draga úr þeim með öllum ráðum. Hann ræddi um sígarettuauglýsingar og ráð til að minnka þær. Hann kvaðst næsta dag ætla að leggja fram á þingi tvö frumvörp um þessi mál, annað á þá leið, að aðvörun um hættuna yrði að fylgja öllum sígarettuauglýsingum. Hitt var á þá leið, að heilbrigðisyfirvöld gætu bannað sígarettuauglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi á vissum tímum sólarhringsins og samfara vissu vinsælu skemmtiefni. Hann kvaðst og bráðlega mundu leggja fram frumvarp um fjórfalda skattahækkun á þeim sígarettum, er hefðu mest magn af tjöru og nikótíni.

Ég hef reynt að benda á þá geigvænlegu hættu, sem samfara er sígarettureykingum, og þá aðeins tekið með þau atriði, er fullsönnuð verða að teljast. Rætt hefur verið um, hversu aðrar þjóðir, og þá einkum Bandaríkjamenn, hafa reynt að bregðast við. Norðurlandabúar aðrir en Íslendingar hafa og hafið baráttuna, m. a. með félagastofnunum, blaða- og bókaútgáfu, reynt að hjálpa reykingamönnum að hætta að reykja, með stofnun sérstakra læknamiðstöðva og sjúkradeilda. Norska læknafélagið hefur gefið út mjög ákveðna yfirlýsingu um skaðsemi sígarettureykinga og m. a. hvatt meðlimi sína til að reykja ekki opinberlega og upplýsa sjúklinga, sérstaklega lungnasjúklinga, um skaðsemi reykinga. Reykingar voru til umræðu í norska Stórþinginu árið 1964. Þá var skipuð nefnd til að athuga skaðsemi reykinga. Eftir tveggja ára starf hefur nefnd þessi nýlega skilað áliti. Niðurstöður hennar voru mjög á sama veg og rannsóknir Bandaríkjamanna. Í álitinu var meðal annars lagt til, að skipað yrði sérstakt opinbert ráð til að stjórna baráttunni gegn reykingum og fylgjast með og stjórna rannsóknum á skaðsemi tóbaks.

Í Sovétríkjunum er nú börnum kennt um reykingahættuna í skólunum.

Ég tel ástæðu til, að við Íslendingar förum að dæmi annarra þjóða og reynum að berjast gegn þessari hættu með auknum áróðri og upplýsingum í ræðu og riti. Hér eiga heilbrigðisyfirvöld, læknar og ekki síst kennarar mikið starf fyrir höndum. Ef vel tekst til, megum við örugglega vænta oss lengri lífdaga og betri heilsu. Ekki þýðir að hræða fólk um of eða banna reykingar. Það eru mjög gleðileg tíðindi, að nú alveg nýlega hafa verið birtar tölur, er sýna, að mjög hefur dregið úr reykingum hjá bandarískum ungmennum. Tízkan er voldug, og ef hægt væri að sannfæra unglinga um, að reykingar væru ekki lengur í tízku, heldur ófínn löstur eldri kynslóðarinnar, þá hefði vissulega mikið áunnizt. Ekki þekki ég neitt öruggara ráð til að lengja meðalaldur Íslendinga um nokkur ár og bæta heilsufar okkar en að hætta sígarettureykingum.

Nd. 84. Lög [74. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 29. okt.)

Samhljóða þskj. 76.

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.

Flm.: Geir Gunnarsson, Karl G. Sigurbergsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, frumvarp til laga um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi mörkum lögsagnarumdæma í Reykjaneskjördæmi skiptist svæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar milli þriggja embætta. Keflavíkurkaupstaður varð sérstakt lögsagnarumdæmi árið 1949 og Keflavíkurflugvöllur árið 1954, en að öðru leyti er um að ræða hluta af lögsagnarumdæmi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Þessi skipting Suðurnesja milli þriggja lögsagnarumdæma getur hvorki talizt hagkvæm að því er varðar þjónustu við íbúa þar né rekstrarkostnað embættanna. Íbúar í Miðnes- og Gerðahreppi verða t. d. að fara um Keflavík, þar sem bæjarfógeti þó situr, og allt til Hafnarfjarðar, þurfi þeir að láta þinglýsa skjali, skrá bifreið eða annast önnur þau erindi, sem embætti sýslumanns varðar. Við svipað óhagræði búa íbúar annarra hreppsfélaga á Suðurnesjum, og væri ólíkt fyrirhafnarminna fyrir þá að fara til Keflavíkur í slíkum erindum.

Enda þótt nokkur fyrirgreiðsla í þessum efnum sé af hendi látin í sveitarfélögunum sjálfum, svo sem að dómþing er stundum háð þar og bætur almannatrygginga greiddar þar tiltekna daga, þá jafnast sú þjónusta á nokkrum málaflokkum engan veginn á við það, að íbúarnir ættu þess kost að annast í Keflavík öll þau mál sín, sem nú varða embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Augljóst er, að það stefndi til bættrar þjónustu við íbúa Suðurnesja, að allt svæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar væri eitt og sama lögsagnarumdæmið og heyrði til embætti í Keflavík, þar sem nú þegar er bæjarfógeti.

Hjá embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli starfa 33 lögregluþjónar, þeir annast einnig löggæzlu í Njarðvíkurhreppi samkvæmt sérstökum samningi. Hjá bæjarfógetanum í Keflavík starfa 11 lögregluþjónar, og 2 lögregluþjónar frá embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu annast sérstaklega löggæzlu í öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum, og ætlunin mun vera að bæta öðrum 2 við á næstunni.

Naumast er efi á því, að fjárhagslega og skipulagslega væri hagkvæmara, að öll löggæzla á Suðurnesjum, þar með töldum Keflavíkurflugvelli, lyti einni stjórn, enda hefur undirnefnd fjárveitinganefndar bent á þá leið til sparnaðar og hagkvæmni í bréfi til fjármálaráðherra.

Ærin rök virðast því hníga til þess, að til bóta væri að breyta skipan lögsagnarumdæma á þann veg, að dóms- og lögreglumál á Suðurnesjum sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri til einu embætti í Keflavík, í stað þess að viðhalda þeirri þrískiptingu, sem nú er í gildi og er íbúum þessa svæðis til óhagræðis og veldur ríkissjóði ýmsum óþörfum kostnaði.

Sþ. 86. Fyrirspurnir. [83. mál]

I. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsmál.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Hvenær má vænta þess, að sjónvarp nái til allra hreppa Húnavatnssýslna og Skagafjarðarsýslu, þannig að gagn sé að?

II. Til fjármálaráðherra um gildistöku fasteignamats.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

Hvenær er áformað, að hið nýja fasteignamat taki gildi, og hvað líður endurskoðun opinberra gjalda, sem miðuð eru við fasteignamat, sbr. bráðabirgðaákvæði laga nr. 28 frá 29. apríl 1963?

III. Til menntamálaráðherra um námslán og námsstyrki.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvenær er ráðgert, að 2. gr. laga um námslán og námsstyrki komi til fullra framkvæmda, svo að opinber aðstoð samkvæmt lögunum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar?

IV. Til menntamálaráðherra varðandi áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Einari Ágústssyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

Hvað líður framkvæmdum varðandi tillögu til þingsályktunar um áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar á síðasta þingi?

V. Til iðnaðarráðherra um raforkuframkvæmdir í Norðurlandskjördæmi vestra.

Frá Magnúsi H. Gíslasyni og Jóni Kjartanssyni.

1. Er þess að vænta, að frumvarp frá ríkisstjórninni um virkjun Reykjafoss í Skagafirði verði flutt á yfirstandandi Alþingi?
2. Hafa farið fram athuganir á frekari orkuöflun fyrir Norðurland vestra, og ef svo er, þá hverjar?

Ed. 87. Frumvarp til laga [84. mál]

um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til atvinnufyrirtækja, sem rekin eru af hlutafélögum, samvinnufélögum, ríkinu eða sveitarfélögum, er hafa að jafnaði yfir árið 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, enda lúti fyrirtækin sérstakri stjórn eða stjórnarnefnd.

2. gr.

Starfsmenn atvinnufyrirtækis, sbr. 1. gr., eiga rétt á því að kjósa einn fulltrúa úr sínum hópi og einn til vara í stjórn fyrirtækisins til viðbótar þeim stjórnarmönnum, sem kjörnir eru eða skipaðir á annan hátt. Kosningin fer fram í janúar eða febrúar ár hvert og gildir til eins árs í senn, unz næsta kosning fer fram. Kosningarrétt hafa einungis starfsmenn, sem eru á viku- eða mánaðarkaupi, er gegna störfum hjá fyrirtækinu, þegar kosning fer fram.

Fulltrúi starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækis nýtur sömu réttinda og aðrir fulltrúar í stjórn fyrirtækisins, svo sem málfrelsis, tillöguréttar og atkvæðisréttar á stjórnarfundum.

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Enn fremur sker ráðuneytið úr ágreiningi, sem upp kann að koma um skilning og framkvæmd á lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að starfsmenn meiri háttar atvinnufyrirtækja öðlist rétt til að kjósa einn mann úr sínum hópi í stjórn fyrirtækjanna. Miðað er við atvinnufyrirtæki, er hafa að jafnaði 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, en eigi skiptir máli, hvort fyrirtækið er rekið af hlutafélagi, samvinnufélagi, ríki eða sveitarfélagi. Frumvarpið stefnir að því að styrkja aðstöðu vinnustéttanna í atvinnulífinu gagnvart fjármagnseigendum. Það miðar að dreifingu hins efnahagslega valds og aukinni samábyrgð vinnuveitenda og launþega. Frumvarpinu verða gerð nánari skil í framsögu.

Ed. 88. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nm. til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. (PÞ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 2. nóv. 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Jón Þorsteinsson.	Karl G. Sigurbergsson.	Sveinn Guðmundsson.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um aukið samstarf Íslendinga á alþjóðavettvangi við þjóðir, sem berjast fyrir sem stærstri fiskveiðilandhelgi.

Flm.: Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Helgi Bergs, Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson, Bjarni Guðbjörnsson, Halldór E. Sigurðsson, Magnús H. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að auka samvinnu og samstarf Íslendinga á alþjóðavettvangi við þær þjóðir, er berjast fyrir sem stærstri fiskveiðilandhelgi, og hraða með því þróun þjóðaréttar í þá stefnu, að viðurkenndur verði réttur strandríkja, sem mikið eiga undir fiskveiðum í þjóðarbúskap sínum, til lögsögu á öllu hafsvæði landgrunnsins.

Greinargerð.

Mikið hefur verið rætt og ritað að undanförnu um hættuna á eyðingu mikilvægra fiskstofna í höfunum af völdum ofveiði, mengunar og af fleiri ástæðum. Er nú svo komið, að þeir, sem bezt þekkja til, vita og viðurkenna, að hætta þessi er nú raunveruleg og mun valda stórtjóni öllu mannkyni, verði ekkert að gert. Hafið með auðæfum sínum er matarbúr milljóna manna hvarvetna um heim. Allar þjóðir eiga mikið undir því, að auðæfi þess verði ekki eyðilögð vegna græðgi og stundarhagsmuna, en engar þó meira en við Íslendingar, sem byggjum flest hjá okkur á sjávarafla.

Alþjóðleg samvinna um ráðstafanir til þess að bægja þessari hættu frá hefur gengið treglega, og þær alþjóðlegar stofnanir, sem vinna að framgangi reglna um skynsamlega nýtingu fiskstofna sjávarins, virðast í starfi sínu máttlitlar vegna hagsmunaárekstra þjóðanna og einstakra hagsmunahópa, sem hindra skynsamlegar reglur og **réttlátar í garð strandríkja í þessum efnum.**

Fari svo fram miklu lengur, verða þjóðir, sem byggja lífsafkomu sína á sjávarafla, eins og Íslendingar, að grípa til þess eina ráðs, sem þær hafa til þess að koma í veg fyrir eyðingu miðanna, og það er að færa út fiskveiðilögsögu sína innan skynsamlegra og **réttlátra marka.**

Lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 5. apríl 1948 marka stefnu þá, er Íslendingar vilja fylgja um víðáttu fiskveiðilögsögunnar. Með þeim telja þeir raunhæft og sanngjarnt að miða fiskveiðitakmörkin við yztu mörk landgrunnsins.

Á grundvelli þessara laga og á rúmum áratug frá setningu þeirra hafa Íslendingar fært fiskveiðilandhelgina út í 12 sjómílur frá grunnlínum talið, sem dregnar eru þvert fyrir flóa og firði og yztu nes og sker. Er það mikill árangur, ef haft er í huga, að við setningu landgrunnslaganna 1948 var í gildi samningur Breta og Dana um 3 mílna fiskveiðilandhelgi hér við land, sem talin var frá lágfjöru á ströndum, en í flóum og fjörðum frá 10 mílna breidd næst mynni. En síðan 1958 hefur ekkert gerzt um frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar, ef frá er talin sú stækkun, er fékkst viðurkennd í samningnum við Breta frá 11. marz 1961, sem m. a. gerði ráð fyrir nýjum grunnlínum á nokkrum stöðum við landið, en við það færðist landhelgislínan að sjálfsögðu tilsvarandi út.

En í samningi þessum er líka að finna ákvæði um, að Íslendingar verði að tilkynna Bretum með tilskildum fyrirvara, ef þeir hyggja á frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar, og ef þeir ekki vilja fallast á hana, þá geta þeir skotið deilunni undir úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag, og verða Íslendingar að hlíta þeim úrskurði.

Með þessu samningsákvæði skapaðist óneitanlega nýtt viðhorf í landhelgisbaráttu landsmanna. Landgrunnslögin frá 1948 gerðu ráð fyrir einhliða rétti Íslendinga til útfærslu fiskveiðilandhelginnar, og útfærslurnar, sem gerðar voru á áratugnum 1950—1960, voru framkvæmdar á þeim grundvelli. Reglur þjóðaréttar um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, — sem Haag-dómstólinn mundi vafalitið byggja á, — eru bæði óljósar og ósanngjarnar gagnvart þjóðum eins og okkur að því leyti, að þær taka ekki nægilegt tillit til þeirra lífshagsmuna, sem fiskveiðiþjóð hefur af því, að miðin umhverfis landið verði ekki eyðilögð með ofveiði og rányrkju.

Hvað sem líður ákvæðum þjóðaréttar um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, er það staðreynd, að nú munu a. m. k. 22 ríki, aðallega í Suður-Ameríku og Afríku, hafa frá 18—200 mílna fiskveiðilandhelgi ellegar miða hana við dýptarlínu, sem ákveðin er þannig, að þær áskilja sér lögsögu á öllu hafsvæði landgrunnsins. Þessar þjóðir eiga þó allar minna undir fiskveiðum um afkomu sína en við.

Það er augljóst mál, að vegna landhelgissamningsins við Breta frá 1961 ber brýna nauðsyn til þess fyrir Íslendinga að gera allt til þess að hraða þróun þjóðaréttar í þá stefnu, að hann viðurkenni sem stærsta fiskveiðilandhelgi fyrir strandríki og þá þau fyrst og fremst, er byggja á sjávarafla sem verulegri forsendu lífsafkomu sinnar. Íslendingar eiga að leita bandamanna í þessari baráttu meðal þeirra þjóða, sem svipuð sjónarmið og þarfir hafa. Á það hefur mjög skort að undanförnu að áliti tillögumanna, og er tillögunni ætlað að bæta úr því.

Þannig var í maí s. l. haldin ráðstefna í Montevideo, sem samþykkti yfirlýsingu um, að strandríki ættu rétt til 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Enginn íslenzkur fulltrúi var á þeirri ráðstefnu, svo að vitað sé, né heldur var samþykkt þessi notuð til þess að ítreka og undirstrika á alþjóðavettvangi stefnu Íslendinga í landhelgismálinu, eins og hún er mörkuð í samþykkt Alþingis frá 5. maí 1959.

Að áliti flutningsmanna þessarar tillögu er mikilvægt að ná samstöðu með öllum þeim þjóðum, sem vilja vinna að rúmri fiskveiðilandhelgi. Vegna sérstöðu Íslands nægir ekkert minna en vakandi forusta í þeim efnum, líkt og gerðist þegar fulltrúi Íslands í laganefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna fékk samþykkt 1949, gegn mikilli andstöðu, að alþjóðalaganefndin ynni að setningu reglna varðandi landhelgina.

Stærri og fleiri skip á Íslandsmiðum með afkastameiri veiðitæki og fiskleitartæki gera ónóga þá vernd, sem fiskstofnarnir umhverfis landið fá við einkalögsögu okkar á 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Hún var í minnsta lagi 1958, þegar fært var út í 12 sjómílur, en er allsendis ónóg nú 12 árum síðar.

Það er ekki einasta í okkar þágu, heldur og í þágu annarra fiskveiðiþjóða, sem sækja og koma til með að sækja Íslandsmið, að Íslendingar fái lögsögu yfir stærra hafsvæði kringum landið, því að helzt má með setningu skynsamlegra reglna um veiðar í fiskveiðilandhelginni koma í veg fyrir eyðingu fiskstofnanna þar, líkt og gerðist við Færeyjar á sínum tíma.

Á norrænni fiskveiðiráðstefnu í Visby á Gotlandi, sem haldin var í ágúst s. l., lét Klaus Sunnanå, fiskimálastjóri Noregs, þá skoðun í ljós í stórmerku erindi, að hann teldi tímabært fyrir Norðmenn að hyggja að frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar úr 12 sjómílum, þar sem ekki hefði tekizt á alþjóðaráðstefnum að fá samþykktar reglur, er tryggðu viðgang fiskstofnanna og skipulegar veiðar. Hann minnti á í ræðu þessari að 1964 hefði hann á norrænni fiskveiðiráðstefnu í Reykjavík haldið því fram, að ef ekki tækist á næstu árum að koma á alþjóðlegu samkomulagi um veiðar á helztu nytjafiskum, er kæmu í veg fyrir ofveiði, þá yrði að reikna með því, að strandríki, sem háð væru fiskveiðum um afkomu sína, yrðu að grípa til þess eina ráðs, er þau ættu, þ. e. að færa út lögsögu sína á hafinu yfir öllu landgrunninu. **Hann kvað hugmyndinni um rétt þjóða til einhliða útfærslu fiskveiðilandhelginnar hafa aukizt mjög fylgi frá 1964 og því bæri Noregi að íhuga alvarlega frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar** (heimild: Fiskaren 27. ágúst 1970).

Þessi yfirlýsing norska fiskimálastjórans vakti mikla athygli á ráðstefnunni og í Norðurlandablöðunum og vekur til umhugsunar um aðgerðir af okkar hálfu, sem að áliti flutningsmanna mættu skaðlaust vera meiri.

Nánar í framsögu.

Nd. 90. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Ásberg Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 25. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákveða má nánar í reglugerð um allt, er lýtur að nýtingu verðmæta, athöfnum og öryggi á hafnarsvæðinu, og annað, er við þykir eiga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að lög mæla iðulega svo fyrir, að um ýmis tiltekin atriði skuli nánari ákvæði sett með reglugerð. Að sjálfsögðu mega slík ákvæði ekki fara út yfir takmörk þeirrar lagaheimildar, er þau byggjast á, fremur en almenn lög mega brjóta í bág við stjórnarskrána. Löggjöf þarf að vera gagnorð og hnitmiðuð. En jafnvel þótt þess sé gætt, er það svo, að hinn slyngasti löggjafi getur ekki séð fyrir öll tilbrigði mannlegra samskipta, er fyrir kunna að koma. Verður því oft leit að traustum lagaheimildum og viðeigandi ákvæðum, er óvænt atvik ber að höndum. Heimildir laga til setningar reglugerða eru oft harla víðtækar. Verður svo einatt að vera, þegar reglugerð er ætlað að gilda á takmörkuðu svæði, t. d. í sýslu- eða hreppsfélagi. Aðstæður allar geta verið mismunandi eftir því, um hvaða svæði er að ræða. Oft er það svo, að lagaheimild til setningar reglugerðar endar á rúmu ákvæði, þ. e. fyrst eru tekin nokkur atriði, sem skuli eða megi standa í reglugerð, en síðan bætt við, að ákvæði megi setja um annað, er þurfa þyki, eða eitthvað í þá átt.

Þegar lög um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, gengu í gildi, leystu þau af hólmi eigi færri en 49 sérlög um ákveðnar hafnir og lendingarstaði. Á hinn bóginn var svofellt ákvæði sett í 15. gr. þeirra laga: „Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal

í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbótasjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þykir". Þessi lög eru nú afnumin.

Hafnalög þau, er nú gilda, eru nr. 48 frá 29. apríl 1967. Þar er samsvarandi ákvæði í 25. gr., en 1. mgr. hennar hljóðar svo:

„Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:

1. Stærð hafnarsvæðis og takmörk.
2. Gjöld til hafnarsjóðs samkvæmt 12. gr.
3. Kosning hafnarstjórnar, tölu stjórnarmanna og starfssvið.
4. Umferð og góða reglu í höfninni."

Síðar í sömu grein eru nefnd nokkur atriði, sem heimilt er eða skylt að mæla fyrir um í reglugerð, en almenna, víðtæka heimild skortir, svo sem var í hinum eldri lögum. Á það má og benda, að skv. 14. gr. laga um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 38 frá 14. marz 1951, skal ákveða með reglugerð „allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga", sbr. reglugerð nr. 75 frá 1959, og sams konar ákvæði er í 14. gr. laga nr. 23 frá 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Það verður að teljast eðlileg og sjálfsögð regla, að viðkomandi hafnarstjórn hafi víðtækan tillögurétt til að skipa málum á sínu hafnarsvæði, enda ekkert að óttast þar sem allar slíkar tillögur verða að ná staðfestingu samgönguráðuneytis, áður en þær öðlast gildi.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi stjórnkerfis sjávarútvegsins.

Flm.: Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nú þegar nefnd 5 manna með þekkingu á málefnum sjávarútvegsins til þess að endurskoða ríkjandi fyrirkomulag um yfirstjórn hans og undirbúa frumvarp til laga um þau efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Mikilvægi sjávarútvegsins í íslenzkum þjóðarbúskap er vel þekkt meðal landsmanna. Hitt munu sennilega færri vita, hversu yfirstjórn hans er í sundurlausu kerfi og oft máttvana, þegar mest á reynir.

Tilgangurinn með tillögu þessari er sá að fá fram heildarathugun á sjálfu stjórnarkerfi sjávarútvegsins í víðtækum skilningi, eins og vikið verður að hér á eftir. Bein hagsmunasamtök á borð við stéttasamtök útvegsmanna, sjómanna svo og sölusamtökin falla utan verksviðs nefndarinnar.

Verður hér vikið að helztu stofnunum sjávarútvegsins, sem endurskoðunin þarf fyrst og fremst að beinast að:

I. **Almennar stofnanir.**

I. 1. **Sjávarútvegsráðuneyti.** Hér er um að ræða yfirstofnun annarra stofnana sjávarútvegsins. Það, sem fyrst stingur í augu, er, hversu veikt og lítilsmegnugt sjávarútvegsráðuneytið er sökum skorts á starfsliði. Þar mun nú starfa fulltrúi og skrifstofustúlka auk ráðuneytisstjóra, sem er fámennara starfslið en í öllum

öðrum ráðuneytum. Afleiðing þessa er m. a. sú, að ýmis mikilvæg hagsmunamál sjávarútvegsins, sem eðlilegt og hagkvæmt væri að fengju athugun og afgreiðslu í sjávarútvegsráðuneytinu, eru nú send út um allan bæ til undirstofnana til meðferðar. Er þetta áreiðanlega til mikils óhagræðis í sumum tilfellum, seinkar afgreiðslu mála og gerir málsmeðferð dýrari.

Flm. leggja því megináherzlu á, að við endurskoðun þessa verði verksvið sjávarútvegsráðuneytisins glöggt afmarkað innan stjórnkerfis sjávarútvegsins og síðar eflt af mannafla, svo að það geti sinnt verkefnum sínum.

I. 2. **Fiskifélag Íslands.**

Fiskifélag Íslands er ein af meiri háttar stofnunum sjávarútvegsins. Það var stofnað 20. febrúar 1911, og voru því þá sett lög af stofnendum. Lög þessi eru nú í endurskoðun, og er sjálfsagt að hafa samráð og samvinnu við þá, er að þeirri endurskoðun starfa, við samningu þess frumvarps, er tillaga þessi gerir ráð fyrir að samið verði.

Fiskifélagið hefur frá fyrstu tíð haft forgöngu um margvísleg hagsmunamál sjávarútvegsins. Meðal verkefna þess nú má telja margháttaða skýrslusöfnun og útgáfustarfsemi, t. d. varðandi Alfatryggingasjóð og Stofnfjársjóð skv. lagafyrirmælum Alþingis, sérstök verkefni, sem sjávarútvegsráðuneytið felur því, auk þeirra verkefna, sem samþykktir og ályktanir Fiskiþings ákveða. Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á starfsemi Tæknideildar Fiskifélagsins, sem er afar þýðingarmikil fyrir sjávarútveginn, en hefur ekki vegna fjárskorts getað sinnt margvíslegum verkefnum sem skyldi. Þarf sérstaklega að hyggja að þessu atriði við frumvarpsgerðina og skapa starfseminni fjárhagsgrundvöll.

I. 3. **Fiskimálaráð.**

Það var stofnað með lögum nr. 35 frá 23. apríl 1968 og á skv. lögunum að vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins. Ef athuguð er reglugerð Fiskimálaráðs og lög og starfsreglur Fiskifélagsins, kemur í ljós margt áþekkt, sem leitt getur til tvíverknaðar einstakra starfa og jafnvel uppbyggingu tveggja kostnaðarsamra kerfa, er vinna að sömu eða svipuðum verkefnum.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að athuga beri, hvort ekki sé eðlilegt að leggja Fiskimálaráð niður og fela Fiskifélaginu — og e. t. v. efldu sjávarútvegsráðuneyti — þau af verkefnum þess, sem þau annast ekki þegar.

II. **Tæknilegar stofnanir.**

Hafrannsóknastofnunin og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Að áliti flm. ber höfuðnauðsyn til þess að skapa sterkari tengsl en nú eru á milli þessara mikilvægu rannsóknastofnana sjávarútvegsins og þeirra, er starfa að fiskveiðum og fiskiðnaði. Vísindaleg stjórnun þarf ekki alltaf að vera — og er ekki alltaf — hagnýt stjórnun. Vegna fámennis okkar og að ýmsu leyti erfiðrar aðstöðu þurfum við að velja verkefnin vandlega og miða við eigin þarfir fyrst og fremst.

Um Tæknideild Fiskifélagsins er áður rætt.

III. **Lánastofnanir.**

III. 1. **Fiskveiðasjóður.**

Lög um Fiskveiðasjóð eru nr. 75 frá 13. maí 1966 og því nýleg. Athuga þarf vel, hvort ekki sé hagkvæmt að breyta til um yfirstjórn sjóðsins skv. 7. gr. laganna þannig, að starfandi fulltrúar í fiskveiðum og fiskiðnaði eigi sæti í stjórninni ásamt með fulltrúum bankanna.

III. 2. **Fiskimálasjóður.**

Lög um Fiskimálasjóð eru nr. 89 frá 5. júní 1947 og því allgömul. Engin efast um þýðingu Fiskimálasjóðs fyrstu starfsár hans, en nú virðist ástæðulítið að starfrækja hann sérstaklega lengur og mætti leggja hann undir Fiskveiðasjóð.

IV. **Öryggismál.**

Siglingamálastofnunin er ný stofnun, er starfar skv. lögum frá síðasta þingi. Er því ekki þörf endurskoðunar laganna, en vinda þarf bráðan bug að setningu nýrra reglna um smíði skipa, öryggisútbúnað og tæknibúnað o. fl.

V. **Ýmislegt.**

V. 1. **Verðlagsráð sjávarútvegsins.**

V. 2. **Fiskmat.**

V. 3. **Fræðsla.**

Starfsemi stofnana, er vinna að ofannefndum verkefnum, hefur víðast staðið alllengi, og hefur því dýrmæt reynsla fengizt, sem rétt er að byggja á um framtíðarskipulag þeirra.

Nánar í framsögu.

Nd. 92. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Halldór E. Sigurðsson, Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „sem svarar framlaginu“ í 7. gr. laganna komi: nema til votheysgeymslna.

2. gr.

Í stað „60 þúsund“ í 48. gr. laganna komi: 150 þúsund.

3. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1971—1974, að báðum árum meðtöldum, er heimilt að veita jörðum, sem setnar eru í lögformlegri ábúð eða sjálfsábúð og hafa minni véltæk tún en 40 ha., óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð.

Ákvæði þetta nær til lögbýlisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komið í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 60% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Nú hefur brugðizt grasvöxtur á túni vegna kals, svo að nauðsyn ber til að dómi Búnaðarfélags Íslands að endurrækta túnið til þess að tryggja viðunandi lífsafkomu á jörðinni, koma í veg fyrir, að hún fari í eyði, og vinna að því, að véltækt tún jarð-

arinnar verði allt að 40 ha., og er nýbýlastjórn þá heimilt að veita óafturkræft framlag til endurræktunar. Það má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 80% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert. Framlag þetta til endurræktunar er þó bundið því skilyrði, að farið sé eftir fyrirmælum ræktunarráðunautar um vinnslu lands, áburðargjöf og val fræ tegunda.

Framlag samkvæmt þessari grein til ræktunar á lögbýlisjörð greiðist hvort sem ábúandi stendur einn að ræktuninni eða í félagi með öðrum.

Framræslukostnaður og framlög til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

4. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 60 milljónir króna á árunum 1971—1974, að báðum árum meðtöldum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda einnig um framkvæmdir ársins 1970.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 5., 7. og 9. gr. laga nr. 31 25. apríl 1964, um breyt. á lögum nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyt. á þeim lögum, nr. 48 1963.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að lánveitingar til votheysgeymslna megi vera allt að 60% af kostnaðarverði, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., að ef framkvæmdir njóti framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækki lánsupphæðin sem framlaginu nemur. Það er mjög mikilvægt nú að gera bændum kleift að byggja votheysgeymslur, ekki síst í þeim byggðarlögum, sem verst hafa orðið úti af völdum kalskemmda. Búrekstur verður ekki stundaður til lengdar með því að kaupa mikið fóður. Líklegasta leiðin til úrbóta er stóraukin grænfóðursræktun og ef til vill aukin ræktun einærra jurta.

Í kalskellunum hefur víðast hvar sprottið arfi, sem í flestum tilfellum er ekki hægt að þurrka, en hefur gefizt sæmilega að nýta hann í vothey.

Í frumvarpi um breytingu á jarðræktarlögum, sem lagt hefur verið fram á Alþingi af sömu flutningsmönnum, er lagt til, að styrkur til byggingar votheysgeymslu verði hækkaður verulega, með það í huga að gera bændum kleift að koma upp slíkum geymslum. En það mundi ekki leysa neinn vanda, ef lánsmöguleikar minnkuðu til að koma upp slíkum byggingum í sama hlutfalli og styrkurinn hækkaði. Því er þessi breyting fram borin.

Í öðru lagi leggjum við til, að framlag til íbúðarhúsa verði hækkað til samræmis við þá hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði, síðan þetta framlag var síðast ákveðið, en þá var það miðað við byggingarvísitölu í októbermánuði 1963.

1957 var fyrst ákveðið að veita styrk eða óafturkræft framlag til byggingar íbúðarhúsnæðis í sveitum. Þá var þetta framlag 25 þús. kr. Þá var byggingarvísitalan 117 stig, eða talið, að rúmmetrinn í íbúðarhúsnæði kostaði 1085 kr.

Næst þegar þetta framlag var hækkað, var byggingarvísitalan komin upp í 150 stig, eða rúmmetrinn í íbúðarhúsnæði talinn kosta 1396 kr. Það var 1960, og þá var framlagið hækkað í 40 þús. kr.

1962 var þetta framlag enn hækkað upp í 50 þús. kr. Þá var byggingarvísitalan komin í 180 stig, eða byggingarkostnaður í íbúðarhúsnæði 1674 kr.

Og 25. apríl 1964 voru ný lög frá Alþingi um þetta efni staðfest, þess efnis að hækka þetta framlag í 60 þús. kr. Þá var byggingarvísitalan 197 stig eða 1834 kr. byggingarkostnaður í íbúðarhúsnæði. Síðan í apríl 1964 hefur þetta framlag ekki

verið hækkað. En byggingarvísitalan hefur ekki staðið í stað síðan. Hún er nú skráð frá því 1. júlí 1970 480 stig, eða kostnaður við að byggja rúmmetrann í íbúðarhúsnæði 4459 kr., og 1. nóvember n. k. tekur ný byggingarvísitala gildi. Fróðir menn telja, að hún muni hækka þá a. m. k. um 40 stig, eða verða þá a. m. k. 520 stig, sem samsvarar því, að rúmmetrinn í íbúðarhúsnæði mundi þá kosta 4800 kr.

Ef framkvæmdarmáttur styrksins ætti að vera nú sá sami og þegar hann var síðast hækkaður, þá þyrfti að hækka hann í 157 þús. kr.

Í þriðja lagi leggjum við til, að landnámið veiti óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að véltæk tún nái 40 ha. stærð. Í gildandi lögum eru þessi stærðarmörk 25 ha., en það hefur sýnt sig, að tún af þeirri stærð bera ekki þá bústærð, sem getur gefið fjölskyldu þolanlega lífsafkomu, miðað við þann stakk, sem landbúnaðinum er nú búinn. Bændur hafa í vaxandi mæli beitt á ræktað land, þó sérstaklega kúm. Af því leiðir, að túnstærðin þarf að vera miklu stærri, miðað við sömu bústærð, en áður var talið að nægði. Að yfirveguðu máli leggjum við til, að þessi stærðarmörk verði nú færð upp um 15 ha. og að framlagið verði miðað við 60% af ræktunar- og girðingarkostnaði, en það er nú 50%.

Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir, að landnámið styrki þá, sem illa hafa orðið úti vegna gróðureyðingar af völdum kals og hafa ekki nægjanlegt heimafengið fóður til að fleyta áfram svo stóru búi, að það tryggi sæmilega lífsafkomu. Framlag landnámsins sé miðað við, að framlagið geti orðið allt að 80% af ræktunar- og girðingarkostnaði hvers árs, enda sé framkvæmdin öll eftir fyrirmælum jarðræktarráðunauts viðkomandi héraðs, sem hafi full samráð við Búnaðarfélag Íslands, t. d. um, hvernig eigi að haga endurvinnslu á skemmdum túnum eða hvort taka eigi fremur ný lönd til ræktunar, um áburðargjöf, val fræ tegunda o. s. frv. Er þessi aðstoð þó veitt að því marki, að hver bóndi hafi allt að 40 ha. véltækt tún, og gildir þessi aðstoð landnámsins jafnt, hvort sem einstaklingar eiga í hlut eða um félagsræktun er að ræða.

Eins og nú er komið fyrir mörgum bændum, er ekkert líklegra en að margar jarðir fari í eyði, ef þjóðfélagið réttir nú ekki fram hjálparhönd til að endurrækta þau tún, sem eru að verulegu leyti gróðurlaus af völdum kals. Hafi hliðstæð áföll dunið yfir í sjávarútvegi, hafa fjármunir verið teknir úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar til að bæta slíkt tjón, t. d. þegar þurrafúinn kom upp í fiskiskipum á öndverðum sjötta tug aldarinnar. Í sambandi við það mál voru höfuðrökin þau fyrir því, að ríkið greiddi þurrafúatjónin að fullu, að verðuppbætur til útvegsins hefðu ekki verið miðaðar við það, að útvegsmenn gætu tekið á sig slík áföll, enda afkoma útvegsins ekki slík, að hægt væri að ætlast til slíks.

En hefur verðlagning landbúnaðarvara verið gerð með það fyrir augum, að bændur gætu tekið á sig slík áföll sem nú hafa átt sér stað, a. m. k. frekar en hjá útvegsbændum?

Fjórða grein framleiðsluráðslaga landbúnaðarins er þannig:

„Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.“

Þrátt fyrir að löggjöfin hefur ætlazt til, að bændur bæru úr býtum svipað og aðrar stéttir, þá hefur orðið allt annað í reynd.

Ef athugaðar eru meðaltekjur verka-, sjó- og iðnaðarmanna á árunum 1963—1969, að báðum árum meðtöldum, og hins vegar bænda á sama tíma, þá kemur í ljós, að meðaltalstekjur bænda þessi sjö ár reyndust 148 þús. kr., en viðmiðunarstéttanna 235 400 kr., og vantaði því á tekjur bændanna 59% eða 612 þús. kr. á þessum sjö árum. Ekki verður því séð, að verðlagning búvara hafi farið fram með þeim hætti, að hægt sé að ætlast til, að bændur geti tekið á sig það tjón, sem kalið hefur valdið, frekar en t. d. útvegsbændur tjónið af þurrafúa í fiskiskipum, nema síður sé.

Flutningsmenn þessa frumvarps munu flytja fjögur frumvörp vegna þessara erfiðleika bændastéttarinnar. Tvö eru þegar fram komin, um breyt. á l. um Fram-

leiðnisjóð landbúnaðarins og um breyt. á jarðræktarlögum. Það síðasta mun koma mjög bráðlega. En þó að öll þessi frumvörp yrðu samþykkt óbreytt, þá fela þau ekki það í sér, að allt tjónið af völdum kalskemmda verði greitt af opinberu fé. Á það mundi vanta mikið. Hins vegar mundi lögfesting þeirra gefa bændum vonir um, að auknar rannsóknir á orsökum kalskemmda muni leiða til þess, að orsakirnar verði mönnum ljósari en nú er, svo að hægt verði að koma í veg fyrir slík tjón að mestu. Auknar rannsóknir á hraðþurrkun og votheysgerð gefa vonir um, að landbúnaðurinn verði ekki eins háður veðrinu á þeim tíma, sem fóðuröflunin fer fram á, eins og nú er. Aukin framlög ríkisins til grænfóðurs- og endurræktunar hinna dauðu túna mundu koma í veg fyrir eyðingu byggðar.

Samþykkt þessara frumvarpa mundi gefa bændastéttinni vonir um, að hún komist út úr aðsteðjandi erfiðleikum, og eyða þeim grunsemdum, að ráðandi öfl í þjóðfélaginu vanmeti í vaxandi mæli þá þýðingu, sem landbúnaðurinn hefur fyrir þjóðfélagið.

Sþ. 93. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um einkarétt ríkisins til lyfsölu.

Flm.: Magnús Kjartansson, Geir Gunnarsson, Eðvarð Sigurðsson, Jónas Árnason, Karl G. Sigurbergsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lyfsölulög, nr. 30 frá 29. apríl 1963. Skal endurskoðunin við það miðuð, að ríkið fái einkarétt til lyfsölu og komi á laggirnar sérstakri stofnun til að annast það verkefni. Tilgangur hinnar nýju skipunar skal vera sá að tengja lyfsöluna á sem hagkvæmastan hátt heildarskipulagi heilbrigðismála, tryggja sem lægst lyfjaverð og stuðla að aukinni lyfjaframleiðslu innanlands.

Greinargerð.

Lyfjanotkun er veigamikill liður í heilsugæzlu, baráttu gegn sjúkdómum og sjúkdómseinkennum, og greiðsla fyrir lyf er verulegur hluti af útgjöldum allra sjúkrasamlaga á Íslandi. Yfirleitt eru heilbrigðismálin hér á landi skipulögð á félagslegan hátt, en lyfsalan er þó enn í höndum einstaklinga. Stjórnarvöld hafa hins vegar viðurkennt, að lyfsala sé annars eðlis en almenn kaupmennska, með lagaákvæðum um stofnun lyfjabúða og starfrækslu þeirra, og eru fyrirmælin um verksvið apótekara á ýmsan hátt hliðstæð og ákvæði um ráðningu og störf opinberra starfsmanna. Einnig á ýmsan hátt er starfsemi lyfjaverzlana tengd opinberum fyrirmælum öðruvísi en almenn kaupsýsla; þannig eru í lögum sérstök ákvæði um það, hvernig haga skuli kjarasamningum og útkljá vinnudeilur, einnig fyrirmæli um verðlagningu lyfja.

Enda þótt þannig sé viðurkennt, að lyfsala sé í eðli sínu félagslegt verkefni, nátengt stjórn heilbrigðismála, er enn haldið því fyrirkomulagi að úthluta einstaklingum einkaleyfum til þess að starfrækja lyfjabúðir. Er sú úthlutun á einokunaraðstöðu mjög annarlegt fyrirbæri, þar sem margir eru kallaðir, en fáir útvaldir; hver ný úthlutun á slíkri einokunaraðstöðu sætir gagnrýni, enda hafa leyfi til lyfsölu reynzt ávísun á næsta öruggan og fyrirhafnarlítinn gróða. Hitt er ekki síður alvarlegt, að með því fyrirkomulagi, sem nú tíðkast, er erfitt að koma við nútímalegri skipulagningu á þessu mikilvæga sviði; margar lyfjaverzlanir, sem hafa litla sem enga samvinnu sín á milli, gera það að verkum, að dreifingarkostnaður verður mun meiri en vera þyrfti og lyfjaverð hærra. Einnig vinnur þessi skipan gegn því, að lyfjaframleiðsla innanlands aukist svo sem vert væri.

Af öllum þessum ástæðum er tímabært, að skipan þessara mála sé tekin til endurskoðunar og sú staðreynd viðurkennd í verki, að lyfsala er félagslegt verkefni,

sem ekki verður einangrað frá almennri stjórn heilbrigðismála. Við endurskoðunina er sjálfsagt að taka tillit til reynslu annarra þjóða á þessu sviði. Nýlega er til að mynda lokið mjög ýtarlegri könnun á þessu vandamáli í Svíþjóð, og voru niðurstöðurnar birtar í mjög umfangsmikilli skýrslu (Statens offentliga utredningar 1969: 46. Socialdepartementet. **Läkemedelsförsörjning i samverkan.** Betänkande avgivet af läkemedelsförsörjningsutredningen. Stockholm 1969. 358 síður). Hefur könnunin í Svíþjóð leitt til þess, að ákveðið hefur verið, að ríkið fái einkarétt til allrar lyfsölu í landinu frá og með næstu áramótum. Hefur náðst samkomulag milli ríkisins og lyfsalasamtakanna sænsku um þessa breytingu, og verður einkaréttur ríkisins afhentur sérstöku hlutafélagi, sem ríkið á að tveimur þriðju hlutum, en lyfsalar að einum þriðja. Jafnframt mun hið nýja lyfsöluhlutafélag kaupa allar lyfjaverzlanir í landinu um næstu áramót, samkvæmt sérstökum reglum, sem um hefur verið samið; einnig eru ákvæði um það, að apótekarar fái að halda störfum sínum, ef þeir óska þess. Er þetta samkomulag fróðlegt sönnunargagn um það, að röksemdirnar fyrir hinni nýju skipun hafa verið svo yfirgnæfandi, að venjulegar deilur um rekstrarform, ríkisrekstur og einkarekstur, hafa ekki komizt að.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en fékk þá enga afgreiðslu. Vænta flutningsmenn þess, að hún fái betri undirtektir á þessu þingi.

Ed. 94. Frumvarp til laga [90. mál]

um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason, Helgi Bergs, Einar Ágústsson, Páll Þorsteinsson.

I. KAFLI
Um Togaraútgerð ríkisins.

1. gr.

Sett skal á stofn og starfrækt útgerð fiskiskipa undir nafninu Togaraútgerð ríkisins. Ríkissjóður leggur útgerðinni til 150 milljónir króna sem óafturkræft stofnfjárframlag. Ríkissjóður ber einungis ábyrgð á skuldbindingum Togaraútgerðar ríkisins með stofnfjárframlagi sínu eða samkvæmt því, sem heimilað er sérstaklega í lögum.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast lán allt að 400 milljónum króna, sem Togaraútgerð ríkisins tekur til þess að standa straum af kostnaði við byggingu skipa útgerðarinnar.

3. gr.

Togaraútgerð ríkisins lætur byggja togara eða önnur fiskiskip, og ákveður stjórn útgerðarinnar fjölda þeirra, stærð og gerð, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra. Skulu þau, eftir því sem unnt er, byggð innanlands.

4. gr.

Útgerðin heldur skipum sínum til veiða í því skyni að hagnýta sem bezt fiskimiðin og stuðla með því að öflun hráefnis fyrir fiskiðnað landsmanna. Við ákvörðun um, hvar afla skuli landað, skal höfð hliðsjón af atvinnuástandi einstakra byggðarlaga, sem til greina koma.

5. gr.

Heimilt er stjórn Togaraútgerðarinnar að taka skip á leigu til bráðabirgða og gera út til hráefnisöflunar fyrir tiltekna staði.

6. gr.

Stjórn útgerðarinnar skal skipuð 7 mönnum: Fjórum, sem Alþingi kýs. Tveim, sem skipshafnir á skipum Togaraútgerðar ríkisins tilnefna, og skal annar vera frá yfirmönnum, en hinn frá öðrum skipverjum. Ráðherra setur nánari reglur um þessa tilnefningu. Sjöunda stjórnarmanninn skipar sjávarútvegsráðherra án tilnefningar, og er hann formaður. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Umboð stjórnarinnar skal vera til 4 ára í senn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til þess að hafa á hendi daglega stjórn útgerðarinnar. Hefur hann prókúruumboð, en hlíti að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem stjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda útgerðina þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

7. gr.

Verði rekstrarhagnaður hjá Togaraútgerðinni, skal hann allur lagður í framkvæmdasjóð fyrirtækisins.

8. gr.

Stjórnin skal gera reikningsskil fyrir hvert ár svo fljótt sem auðið er, og skulu reikningar endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, sem sjávarútvegsráðherra skipar til tveggja ára í senn. Að henni lokinni skulu reikningar, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og með áritun endurskoðenda, sendir ráðherra til staðfestingar, en síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Nú telur stjórn Togaraútgerðarinnar eigi lengur þörf á því, að hún geri út togara til hráefnisöflunar og atvinnumiðlunar, og er henni þá heimilt, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra, að selja fiskverkunarstöðvum og félagssamtökum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarfélaga, togara sína, enda skuldbindi kaupandi sig til að leggja upp afla hjá tilteknum fiskvinnslustöðvum. Þá skal togaraútgerðin jafnan eiga og gera út a. m. k. 4 togara.

II. KAFLI
Um stuðning við útgerð sveitarfélaga.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 75 millj. kr. til kaupa á hlutafé í útgerðarfélögum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarstjórna og með þátttöku sveitarfélaga í byggðarlögum, þar sem atvinna er ótrygg og fiskvinnslustöðvar skortir verkefni. Í engu félagi skal hlutafjárframlag ríkisins nema meira en 40%. Þó skal ríkið og sveitarfélagið jafnan hafa þar meiri hluta.

11. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast eða taka nauðsynleg lán og endurlána útgerðarfélögum til þess að tryggja þeim það fé, sem þarf umfram lán, sem fást úr opinberum sjóðum, til þess að lánsfjármagn nái 85% stofnkostnaðar.

III. KAFLI
Önnur ákvæði.

12. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnuleysi var um langt skeið nær óþekkt hér á landi, nema hvað árstíðabundinn atvinnuskortur kom fyrir á stöku stað. Í því efni urðu snögg umskipti á árinu 1968. Veturinn 1968—69 varð hér stórkostlegt og almennt atvinnuleysi. Sumarið 1969, um háþjargræðistímann, var hér verulegur atvinnuskortur. Voru nær 1000 manns lengst af skráðir atvinnulausir. Auk þess leituðu menn til annarra landa í atvinnuleit, svo að hundruðum skipti. S.l. vetur var og tilfinnanlegt atvinnuleysi framan af. Nú hefur mikil breyting á orðið í því efni. Samt er það svo, að ekki má mikið á bjáta, og á sumum stöðum er atvinnuleysi því miður fyrirsjáanlegt í vetur, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til að afstýra því.

Flestir munu sammála um, að einskis megi láta ófreistað til að afstýra böli atvinnuleysis. Flestir munu játa, að atvinnuöryggi verði að tryggja. Annað sé ekki sæmandi í velferðarþjóðfélagi. Spurningin er aðeins sú, til hvaða úrræða sé skynsamlegast að grípa, hverjar ráðstafanir séu skjótvirkastar og líklegastar til að bæta atvinnuástandið.

Þar verða fyrst fyrir fiskveiðar og fiskiðnaður. Í þeim atvinnugreinum þarf mikinn mannafla. Aukning í fiskiðnaði skapar þegar í stað mikla atvinnu. Í mörgum kauptúnum og sjávarplássum er úrvinnsla sjávarafurða undirstaða atvinnulífsins. Séu fiskvinnslustöðvarnar í fullum gangi, er atvinnulífinu á þeim stöðum borgið.

Það er því höfuðatriði, að allar fiskvinnslustöðvar séu nýttar sem bezt og fiskiðnaðurinn aukinn og efldur. Meginforsenda þess er, að nægilegs hráefnis sé aflað. En á því er víða misbrestur. Margar fiskvinnslustöðvar hefur skort hráefni, sérstaklega á vissum árstímum, og hafa þess vegna ekki skilað fullum afköstum og eigi veitt þá atvinnu, sem ella hefði verið hægt. Á þessu þarf að ráða bót. Það þarf að gera allt, sem unnt er, til að tryggja fiskvinnslustöðvum, hvar sem er á landinu, nægilegt hráefni, og vinna þannig að því, að afkastageta þeirra nýtist sem bezt allt árið. Hvernig verður það bezt gert?

Togarar eru langsamlega afkastamestu tækin til hráefnisöflunar. Með útgerð hæfilega margra og vel búinna togara er bezt tryggt, að hraðfrystihúsin og aðrar fiskvinnslustöðvar hafi jafnan nægilegt verkefni. Vitaskuld á eftir sem áður að nota önnur fiskiskip og smærri báta til veiða fyrir fiskvinnslustöðvar. En sé treyst á veiðar þeirra eingöngu, er hætt við því, að á ýmsum stöðum verði meiri eða minni eyður í hráefnisöflunina. Togararnir þurfa að brúa bilið, tryggja fiskifang á hvaða tíma sem er, og þótt lengra þurfi að sækja aflann, en oft getur fiskur brugðizt á grunnmiðum. Það þarf því togara til að tryggja fulla hagnýtingu fiskvinnslustöðvanna og þar með atvinnuöryggi fólksins.

En togaraútgerðin hefur átt í vök að verjast síðustu árin. Það má segja, að hún hafi háð erfiða varnarbaráttu. Skömmu eftir 1950 voru togarar hér á landi nálægt því 60 að tölu. Síðan fór þeim að fækka. Á síðasta áratug hefur þeim fækkað um meira en helming. Nú eru hér ekki nema um það bil 20 togarar. Þeir eru flestir gamlir og úreltir og margir raunar alveg á síðasta snúningi. Ef svo heldur fram sem nú horfir og ekkert verður gert til endurnýjunar togaraflotans, virðist þess skammt að bíða, að togaraútgerð leggist niður á Íslandi. Það má fyrir margra hluta sakir aldrei verða. Hér þarf alltaf að verða einhver togaraútgerð. Við þurfum að eignast fullkomna nýtízku togara. En núverandi togaraeigendum virðist, eins og sakir standa, um megn að endurnýja togaraflotann. Þeir sýnast ekki hafa bolmagn til þess. Hvað er þá til ráða? Þjóðfélagið verður að skerast í leikinn. Hið sameinaða þjóðfélagsafl verður að koma til sögunnar og leysa vandann. Ríkið á að láta byggja nokkra togara, sem svara kröfum tímans, og hefja útgerð þeirra til þess fyrst og fremst að tryggja fiskvinnslustöðvunum nægilegt hráefni allan ársins hring. Til að byrja með þyrfti að athuga um kaup á einhverjum togurum, sem gætu komið strax í gagnið. Þannig á almannavaldið að stuðla að atvinnuöryggi og atvinnujöfnun í landinu.

Með þessi atriði í huga er það frumvarp, sem hér liggur fyrir, flutt.

Frumvarpið fjallar um Togaraútgerð ríkisins og stuðning ríkisins við útgerð sveitarfélaga.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um Togaraútgerð ríkisins og að ríkissjóður leggi henni til sem óafturkræft stofnfjárframlag 150 milljónir króna. Er ábyrgð ríkissjóðs vegna útgerðarinnar takmörkuð við þetta stofnfjárframlag, nema að því leyti sem sérstakar heimildir verða veittar til frekari ríkisábyrgðar. Er slík heimild veitt í 2. gr. vegna lántöku til skipabygginga, en hún er takmörkuð við 400 milljónir króna.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að Togaraútgerðin eigi sama rétt og aðrir til lána úr opinberum sjóðum til skipasmíða.

Í 4. gr. er ákveðið, að togaraútgerðin skuli halda skipum sínum til veiða í því skyni að hagnýta sem bezt fiskimiðin, tryggja fiskiðnaðinum nægilegt hráefni og stuðla þannig að atvinnuaukningu og atvinnuöryggi.

Stjórn útgerðarinnar skal skipuð 7 mönnum. Formanninn skipar sjávarútvegsráðherra án tilnefningar, 4 eru kosnir af Alþingi, en áhafnir skipanna — yfirmenn og undirmenn — tilnefna 2 eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðherra setur. Þykir eðlilegt að veita skipverjum aðild að stjórn útgerðarinnar með þessum hætti.

Ákveðið er, að skip útgerðarinnar skuli smíðuð hér innanlands, eftir því sem unnt þykir. Á slíkt að stuðla að aukinni atvinnu í landinu og verða hinum innlenda skipasmíðaiðnaði til eflingar. Gætu slíkar skipasmíðar þegar í stað orðið til atvinnuaukningar. Ef hægt væri að kaupa einhver skip strax, þyrfti að gera það til að auka þegar í stað hráefnisöflunina. Jafnframt er stjórninni heimilað að taka skip á leigu til bráðabirgða. Gert er ráð fyrir því, að fyrst og fremst verði smíðaðir togarar, en þó er frumvarpið ekki einskorðað við þá. Það getur einnig átt við önnur fiskiskip, ef þau þættu einhvers staðar hentugri. En vitaskuld verða það fyrst og fremst stærri skip, sem hér koma til greina.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru ekki sérstakir talsmenn ríkisrekstrar. Þeir telja almennt heppilegra, að atvinnutækin séu í einkaeign og rekin af einstaklingum eða félögum. En þegar einkaaðila eða félagssamtök brestur bolmagn til að eignast og starfrækja nauðsynleg framleiðslutæki, er óhjákvæmilegt að grípa til ríkisrekstrar, a. m. k. um tíma. Þannig er nú að okkar dómi háttað í málefnum togaraútgerðarinnar. Þess er alls ekki að vænta, að nein endurnýjun eða aukning togaraflotans eigi sér stað í bráð, nema ríkið beiti sér fyrir smíði togara og útgerð þeirra, svo sem hér er gert ráð fyrir. En landsmenn mega ekki við því að missa þessi fengsælu framleiðslutæki, sem oft hafa verið styrkasta stoðin undir atvinnulífi þeirra. En auk þess er það svo, að ef að er gáð, þá er hér í raun og veru um að ræða stuðning við einkarekstur. Með togaraútgerð ríkisins er fyrst og fremst stutt við bakið á fiskvinnslustöðvunum, en þær eru yfirleitt í einkaeign og einkarekstri.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að stefna eigi að því, að útgerð togara verði í framtíðinni fyrst og fremst í höndum félagssamtaka og einstaklinga. Þess vegna er í 9. gr. veitt heimild til að ráðstafa togurum ríkisútgerðar til einkaaðila að þeim skilyrðum fullnægðum, sem þar greinir. Um slíkt verður þó tæplega að ræða, nema aðstaða togaraútgerðar verði bætt frá því, sem nú er.

II. kafli þessa frumvarps fjallar um stuðning ríkisins við útgerð sveitarfélaga. Samkvæmt 10. gr. er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 75 milljónum króna til kaupa á hlutafé í útgerðarfélögum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarstjórna og með þátttöku sveitarfélaga í byggðarlögum, þar sem atvinna er ótrygg og fiskvinnslustöðvar skortir verkefni. Á allmörgum stöðum eru heimamenn fyrir forgöngu sveitarstjórna að reyna að stofna samtök til skipakaupa. Slík viðleitni er viðurkenningarverð. En hún er því miður víðast hvar af fullkomnum vanefnum gerð. Þátttaka ríkisins í slíkum félögum gæti verið ómetanlegur styrkur og raunar ráðið úrslitum um það, hvort fyrirhuguð skipakaup takast. Með þessum hætti getur ríkið ýtt undir framtak og sjálfsbjargarviðleitni heimamanna. Flutningsmenn

telja sjálfsagt, að ríkið fari inn á þessa braut og rétti á þennan hátt þessum almannasamtökum örvandi hönd.

Í 11. gr. er ríkissjóði heimilað að ábyrgjast eða taka nauðsynleg lán og endurlána útgerðarfélögum þeim, er hér um ræðir, til þess að tryggja þeim það fé, sem þarf umfram lán, sem fást úr opinberum sjóðum, til þess að lánsfjármagn nái 85% af stofnkostnaði, en að sjálfsögðu er gengið út frá því, að þessi útgerðarfélög njóti fullra lánsréttinda í Fiskveiðasjóði.

Ekki er ástæða til að skýra einstakar frumvarpsgreinar framar en gert hefur verið.

Nánari grein fyrir málinu verður gerð í framsögu.

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um athugun á hagkvæmni innkaupa landsmanna.

Flm.: Jón Skaftason, Björn Pálsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun, í samráði við launþega- og neytendasamtökin, á hagkvæmni innkaupa til landsins s. l. þrjú ár, að því er tekur til verðs og gæða, og birta almenningi niðurstöðurnar.

Greinargerð.

Til er íslenzkur málsháttur, er segir, að ekki sé minni vandi að gæta fengins fjár en að afla þess. Þetta á við um þjóðarheildina ekkert síður en hvern einstakling og hverja fjölskyldu.

Utanríkisviðskipti Íslendinga eru mjög stór hluti af heildarviðskiptum þeirra, og í þeim er ráðstafað stærri hluta þjóðarteknanna en algengast er meðal þjóða. Innflutningsverzlunin er mikil og vaxandi, en víða heyrast raddir um, að hún sé ekki hagkvæm landsmönnum að sama skapi. Skýringar eru til á því að nokkru. Það virðist þannig ljóst, að fámenni okkar geri það að verkum, að Íslendingar sitja ekki við sama borð og milljónaþjóðirnar um afslætti vegna magninnkaupa. En fleira kemur til.

Það er skoðun margra, að of margir og of smáir aðilar annist innflutningsverzlunina og geri það hana of dýra og óhagkvæma. Margir efast um, að samkeppni innflytjenda sé í reynd mikil og tryggi lægsta vöruverð og mest vörugæði. Enn fremur heyrast raddir um, að gildandi verðlagsákvæði hvetji til dýrra innkaupa. Allt þarf þetta hlutlausrar, en rækilegrar könnunar við, og að því miðar þessi tillaga.

Verðlag innflutningsins hefur mikil áhrif um þróun kaupgjaldsins í landinu og þar af leiðandi á allan framleiðslukostnað landsmanna, bæði til útflutnings og heimanota. Það skiptir því höfuðmáli, að allrar hagkvæmni sé gætt í innflutningsverzluninni, eins og reyndar í öllum starfsgreinum. Innflutningsverzlunin er nauðsynlegur og þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskapnum og ræður miklu um afkomu landsmanna.

Sem fylgiskjal með tillögu þessari er prentuð grein, sem einn af stærri innflytjendum landsins, Einar Ásmundsson, forstjóri Sindra h.f., reit í Morgunblaðið 18. september s. l. og réð úrslitum um, að tillaga þessi er flutt.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

Verðbólguinnkaup.

Það hefur margoft verið sagður sá sannleikur af ráðamönnum í okkar þjóðfélagi, að lágt verð á okkar útflutningsafurðum hafi valdið og geti valdið miklum efnahagsörðugleikum. Þetta er öllum auðskilið.

Það er annað, sem sjaldan er minnzt á — þ. e. hver áhrif innflutnings eru á efnahagsástandið og gildi gjaldmiðils. Í þessu sambandi var sá, er þetta ritar, að skoða innflutningsskýrslur Hagstofunnar fyrir árið 1969.

Gert var úrtak á járninnflutningnum 1969 frá fjórum þjóðum, sem 54 prósent af járninnflutningi þjóðarinnar er keypt frá, en samtals er keypt járn frá 14 þjóðum. Í viðskiptum við tvær þessara þjóða, sem eru meðal okkar mikilvægustu viðskiptaþjóða, hefur greiðslujöfnuðurinn ekki verið óhagstæður, þegar tekið er nokkurra ára tímabil. Ein þessara þjóða er stór viðskiptaaðili, hvað innflutning snertir, en greiðslujöfnuðurinn hefur verið okkur mjög óhagstæður um margra ára bil. Til að fyrirbyggja, að verið sé með áróður með eða móti, eru viðskiptaþjóðirnar merktar með bókstöfum:

1969:

Land	Einingarverð Kr/tonn	Vik frá meðalverði
A.	21.980.—	+ 62.2 prósent
B.	17.240.—	+ 27.2 —
C.	16.260.—	+ 19.9 —
D.	9.580.—	÷ 29.4 —

Hér kemur fram, að það er keypt frá A-landi á verði, sem er 62.2 prósent fyrir ofan meðalverð. Frá B-landi er verðið 27.2 prósentum hærra en meðalverð, og frá C-landi er verðið 19.9 prósentum hærra en meðalverð. Síðan kemur D-land með 29.4 prósent **lægra** verð en meðalverð. Með öðrum orðum: Ef við keyptum um 20 000 tonn frá nefndum fjórum löndum, kemur þetta fram:

20.000 tonna innflutningur:

frá A-landi	kr. 439.600.000.00
— B-landi	— 344.800.000.00
— C-landi	— 325.200.000.00
— D-landi	— 191.600.000.00

Mismunur á fob.-verði á 20.000 tonnum frá A og D-landi er því: **kr. 248.000.000.00.**

Til glöggvunar skal bent á, að fyrir þessar um 250 millj. kr. mætti greiða eða kaupa:

20 stk. 50-tonna fiskibáta, eða 10—100 tonna fiskibáta, eða 150—3ja—4ra herb. íbúðir, eða 1000 dráttarvélar, og þannig mætti lengi telja.

Nú gætu margir ályktað sem svo, að hér sé táknrænt dæmi um vinnubrögð innflytjendanna, „hinna margrómuðu heildsala". Sá, sem þetta ritar, er ekki málsvari innflytjenda almennt, en hvað snertir innflutning á stáli, járni og slíkum vörum, þá erum við stærsti aðilinn, enda eina fyrirtækið í landinu, sem hefur sérgreint starfssvið sitt í rekstri stálbirgðastöðvar. Getum við því vel gert okkur grein fyrir hinum ofangreinda mikla verðmun.

Járn og stál er staðlað eins og fjöldi tenkískra vara, sem eru framleiddar til sölu á heimsmarkaðinn.

Sumir okkar hátæknimenntuðustu manna, sem numið hafa fræði sín í mörg ár í einhverju tilteknu landi, virðast ekki þekkja eða vilja viðurkenna annan staðal en þann, sem þeirra námsland miðar við, þannig er oftast miðað við staðal landa, sem framleiða aðeins 8—10 prósent af heimsframleiðslunni á stáli og járni, með öðrum orðum: okkar járn- og stálkaupendur og notendur eiga að útiloka 90 prósent af ársframleiðslu heims, ef fara ætti eftir forskriftum þessara „vísindakobba". Þessi tækni- og efnahagsstefna hefur ekki náð því að verða algild regla, þó hún hafi verið mikilsráðandi við flestar eða allar opinberar framkvæmdir. Hinar opinberu innkaupastofnanir hafa verið notaðar til þessara „hagkvæmu innkaupa".

Margir einkaaðilar hafa verið þvingaðir til hinna ofangreindu óhagstæðu innkaupa, á sama tíma og sambærilegt járn og stál hefur verið til í birgðum í landinu á miklu hagstæðara verði, en staðall þess aðeins heitið öðru nafni, en verið algjörlega sambærilegur um gæði og mál.

Hér hefur aðeins verið tekið lítið dæmi um, hvernig ástandið er í innflutningsmálum landsins, varðandi stál og járn, sem er örlítill hundraðshluti af heildarinnflutningnum. Hver gæti þá mismunurinn orðið, ef gerð væri könnun á heildarinnflutningnum? Kannske milljarðar.

Einar Ásmundsson.

Sþ. 96. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um fiskileit við Austfirði.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fram fara ýtarlega fiskileit úti fyrir Austfjörðum og verði sérstök áherzla lögð á leit að rækju, humar og skelfiski.

Fiskileit þessi verði gerð í samráði við Hafrannsóknastofnunina og samtök sjómanna og útvegsmanna á Austurlandi.

Greinargerð.

Mikill og vaxandi áhugi er nú að verða á því, að fiskvinnslustöðvar landsmanna geti verið í fullum og arðbærum rekstri allt árið. Sá tími er liðinn, að hægt sé að sætta sig við það, að dýrar fiskvinnslustöðvar séu reknar fáa mánuði á ári, eða aðeins þann tíma, sem mest veiðist af þorski.

Nú verður alls staðar að leita að möguleikum til þess að tryggja rekstur stöðvanna allt árið, og skiptir þar auðvitað mestu máli að leggja grundvöll að því, að fólkið, sem við fiskvinnslustöðvarnar vinnur, geti treyst á stöðuga vinnu. Þorskaflinn berst misjafnlega til stöðvanna. Sums staðar er um mikinn þorskafla að ræða á vetrarvertíð, en annars staðar er sumar- og haustafli góður.

Á sunnanverðum Austfjörðum getur vetrarafli verið mikill, en þegar dregur norðar á firðina, verður erfiðara að koma vetraraflanum þangað til vinnslu. Sumar- og haustafli er oft mikill á Austfjörðum og þá yfirleitt nægileg vinna á fiskvinnslustöðvunum.

Á nokkrum stöðum á landinu hefur tekizt allvel að auka verkefni við fiskvinnslu og lengja til muna starfstíma stöðvanna með því að taka upp vinnslu á rækju, humar eða skelfiski. Á Austfjörðum er rækjuvinnsla enn á frumstigi, og þar er engin skelfiskframleiðsla. Humarvinnsla er nokkur sunnan til á Austfjörðum.

Eins og háttar í fiskvinnslumálum á Austurlandi, er brýn þörf á því, að ýtarleg rannsókn verði gerð á möguleikum á því að stórauka þar vinnslu á rækju, humar og skelfiski. Fyrsti þáttur í slíkri athugun þarf að vera víðtæk fiskileit úti fyrir Austfjörðum, þar sem sérstaklega sé leitað að góðum rækjumiðum, ekki aðeins inni á fjörðum, heldur einnig úti fyrir landi. Miklar líkur eru til þess, að á Austfjarðarmiðum séu góð rækjumið, m. a. út af Héraðsflóa.

Þá þarf einnig að kanna betur en gert hefur verið humarmiðin við Suðausturland með það fyrir augum, að hægt yrði að vinna humar á fleiri stöðum en nú er.

Skelfiskframleiðsla fer nú vaxandi. Rannsaka þarf einnig skelfiskmagnið við Austfirði. Vitað er, að þar er víða að finna mikið magn af kúskel og kræklingi. Ef til vill er þar einnig hörpudiskur í svo ríkum mæli, að hægt sé að hefja þar slíka vinnslu.

Þegar rannsókn hefur farið fram á fiskimiðunum við Austurland, þarf að athuga, hvaða framleiðsla mundi henta bezt og falla bezt saman við þann atvinnurekstur, sem fyrir er.

Þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, er við það miðuð að vekja athygli á miklu nauðsynjamáli. Æskilegast væri, að sú athugun, sem tillagan gerir ráð fyrir, geti farið fram á næsta ári.

Sþ. 97. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um heildarlöggjöf um nýtingu og rétt til óbyggða, afrétta og almenninga.

Flm.: Ásberg Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að gera könnun á eignarrétti, takmörkuðum eignarréttindum, svo sem ítökum og afnotarétti, svo og landamerkjum afrétta, almenninga á landi og í vötnum og annarra óbyggðra svæða á landinu. Enn fremur að undirbúa heildarlöggjöf um nýtingu og rétt til þessara svæða.

Skal leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Fyrir fáum árum var meginhluti Íslands talinn óbyggilegur, ónýtanlegur nema til beitar búfé, þar sem gróður var.

Nútímahugmyndir um þetta efni eru allt aðrar. Komið hefur í ljós, að í hinum auðu og óbyggðu svæðum felast mikil verðmæti, og líkur benda til, að mun meiri hluti landsins sé í raun byggilegur en talið hefur verið. Hugmyndir manna um nýtingu vatnsorku hafa gjörbreytzt á síðustu árum, og margir líta á jökla vora sem hin mestu verðmæti landsins. Þar sé fólgin sú orka, sem ókomnar kynslóðir Íslendinga muni nota og megi jafna til kolanáma og olíu- og gaslinda annarra landa.

Þótt landamerkjalög hafi verið í gildi hér á landi um langt skeið, hefur komið í ljós, að landamerki eru víða mjög óglögg, og sérstaklega er óljóst um takmörk lögbýla og afrétta og almenninga. Skýr ákvæði skortir um rétt til afrétta og almenninga. Má í því sambandi benda á hin miklu málaferli, sem hafa verið um Veiðivatnasvæðið og svo Nýjabæjarafrétt og Laugarfellsöræfi. Þá munu risin mikil málaferli um rétt til botns í almenningum vatns.

Af þessu er ljóst, að óhjákvæmilegt er að taka þessi mál til gagngerðrar athugunar og reyna að koma fastri skipan á þessi mál, þannig að réttarstaða þeirra, sem hér eiga hagsmuna að gæta, verði skýrt mörkuð. Má búast við, að það sé mikið verk og taki langan tíma, og má segja að of seint sé af stað farið.

Þetta mál þolir enga bið.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um heimild til handa ríkisstjórninni til að selja Rafveitu Vestmannaeyja og Andakílsárvirkjun tilteknar raflínur.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að selja Rafveitu Vestmannaeyja neðansjávar rafstrenginn milli lands og Eyja og einnig rafleiðsluna úr Landeyja-

sandi upp að Hvolsvelli, ásamt tilheyrandi búnaði (spennistöðvum). Enn fremur að selja Andakílsárvirkjun eða Rafveitu Akraness raflínustrenginn, sem liggur frá aðveitustöð við Elliðaár til Akraness yfir Hvalfjörð.

Söluverð umræddra mannvirkja verði kostnaðarverð þeirra að frádregnum eðlilegum afskriftum.

Greinargerð.

Vestmanneyingar hafa mikinn hug á að skapa sér aðstöðu til upphitunar húsa með rafmagni. Fram að þessu hefur ekki verið aðstaða til slíks, svo að nokkru nemi, og er ekki enn. Orsökin er sú, að flutningsgeta raflínu frá Selfoss að Hvolsvelli leyfir ekki nema takmarkaða sölu rafmagns til Eyja, og hafa Vestmanneyingar alla tíð, síðan sæstrengurinn var lagður út í Eyjar, búið við skömmtun á rafmagni frá hendi Rafmagnsveitna ríkisins. Hafa þeir af illri nauðsyn sætt sig við þetta, þar sem þeim hefur verið ljóst, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa einnig skyldum að gegna við aðra rafmagnsnotendur á Suðurlandi. En Vestmanneyingar telja, að við svo búið verði ekki unað lengur, þar sem í vaxandi mæli er mjög sótt á rafveituna að láta í té orku til upphitunar húsa. Telja þeir eðlilegustu lausnina á þessu máli vera þá, að Rafveita Vestmannaeyja fengi keyptan sæstrenginn milli lands og Eyja og línuna úr Landeyjasandi upp að Hvolsvelli, en rafveitan legði fyrir eigin reikning línu frá Hvolsvelli að Búrfellsvirkjun og tæki upp bein viðskipti við Landsvirkjun á grundvelli 2. greinar laga um Landsvirkjun, en 2. töluliður þessara laga gerir beinlínis ráð fyrir, að tilgangur Landsvirkjunar sé meðal annars „að selja raforku í heildsölu til rafmagnsveitna sveitarfélaga."

Síhækkandi olíuverð hlýtur að leiða til þess, að hitun húsa með rafmagni verði upp tekin, þar sem því verður við komið með eðlilegum hætti, enda um að ræða verulegan sparnað á erlendum gjaldeyri og í alla staði hagstæðara þjóðfélagslega séð.

Varðandi raflínustrenginn til Akraness er því til að svara, að Andakílsárvirkjun hefur um langan tíma séð fyrir orkuþörf Borgarfjarðarhéraðs, en með tilkomu Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi var hins vegar óhjákvæmilegt að tengja rafveitukerfið í Borgarfirði við orkuver Landsvirkjunar á Suðurlandi.

Var þar um að ræða í fyrsta lagi að tryggja þá viðbótarorku, sem þörf var á, og í öðru lagi var hér um mikið öryggismál að ræða fyrir sementsverksmiðjuna og allan iðnað í héraðinu.

Nú stendur fyrir dyrum stækkun orkuversins við Andakílsárfossa, en þrátt fyrir það verður samtenging við orkuverin á Suðurlandi óhjákvæmileg um alla framtíð. — Þá koma til einnig sömu rök um aukna hagnýtingu á raforku til upphitunar íbúðarhúsa hvað Borgarfjarðarhérað snertir og að framan greinir varðandi Vestmannaeyjar.

Það verður því að teljast í alla staði eðlilegt, að umræddir aðilar eigi þess kost að eignast þá raflínustrengi, sem hér um ræðir.

Ed. 99. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fara fram rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé,

sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun, ef um það er að ræða.

Sauðfjárbaðanir skulu næst fara fram veturinn 1971—1972 á tímabilinu 1. nóvember til 1. apríl. Eftir það er heimilt að baða aðeins annað hvert ár, en á sama tíma vetrar, sbr. þó 2. gr.

Eigandi eða umráðamaður sauðfjár skal hafa nothæfan útbúnað til böðunar eða greiða þann kostnað, sem af hæfum útbúnaði leiðir. Hann skal einnig sjá fyrir nægu vinnuafli, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og farið vel úr hendi.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum hver í sínu umdæmi, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi yfirdýralæknis.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., 2. málsgr., er sýslunefnd heimilt að veita undanþágu frá böðun sauðfjár í héraði eða í tilteknum byggðarlögum, þar sem fylgt hefur verið settum reglum um böðun og óþrifa í sauðfé hefur ekki orðið vart mörg ár, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir með því, að slík undanþága sé veitt. Eigi skal þó veita undanþágu frá böðun nema í eitt skipti í senn, þannig að ekki líði lengri tími en fjögur ár milli þess, að böðun sauðfjár fer fram hjá sérhverjum sauðfjáreiganda.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reglubundin böðun sauðfjár, eins og lög mæla fyrir um, hefur borið svo góðan árangur, að í sumum héruðum verður ekki lengur vart óþrifa í sauðfé af lús eða kláða. Virðist því óþarft að baða allt sauðfé undantekningarlaust annað hvert ár. Einkum er það ástæðulaust í byggðarlögum, þar sem fé er í heimahögum á sumrin og samgangur fjár á afréttum eða milli sveita er enginn. En böðun sauðfjár hefur jafnan í för með sér nokkra fyrirhöfn og kostnað.

Í frv. þessu er þó ekki breytt þeirri meginreglu, sem fylgt hefur verið, að böðun sauðfjár fari fram annað hvert ár. En hér er lagt til, að sýslunefnd verði heimilt að veita undanþágu frá aðalreglunni um böðun sauðfjár í héraðinu eða í tilteknum byggðarlögum, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir með því, að slík undanþága sé veitt. Sú undanþága sé þó eigi veitt nema í eitt skipti í senn, þannig að eigi líði lengri tími en fjögur ár milli þess, að böðun sauðfjár fer fram hjá sérhverjum sauðfjáreiganda.

Búnaðarþing 1967 fjallaði um þetta mál og gerði um það svofellda ályktun:

„I. Þar sem enn hefur ekki tekizt með öllu að útrýma kláða og færilús alls staðar á landinu, skorar Búnaðarþing á yfirdýralækni að herða eftirlit með sauðfjárböðun í þeim byggðarlögum, sem ekki eru enn laus við óþrif þessi.

Hins vegar telur Búnaðarþing, að sauðfjárbaðanir annað hvert ár séu fullnægjandi, ef þær eru skipulega framkvæmdar og að öðru leyti að þeim unnið eftir settum reglum, sem yfirdýralæknir setur á hverjum tíma.

II. Þá telur Búnaðarþing það áhættulaust og mælir með því við yfirdýralækni, að hann veiti undanþágu frá böðun í vissum sveitum eða héruðum, þar sem baðanir hafa farið fram undanfarin ár eftir settum reglum og lúsar eða kláða hefur ekki orðið vart um árabil. Aldrei sé þó sú undanþága veitt nema til eins böðunarárs í

senn, þannig að fjögur ár megi líða á milli baðana hjá þeim, sem hafa farið eftir settum reglum um árabil. Verði vart óþrifa á undanþágutímabilinu, falli undanþágan niður.“

Búnaðarþing 1969 fjallaði og um þetta mál og gerði um það ályktun. Þar segir svo:

„Enn fremur getur landbúnaðarráðherra veitt undanþágu frá sauðfjárböðunum á afmörkuðum svæðum, ef yfirdýralæknir mælir með því, enda hafi rannsókn eftirlitsmanns á viðkomandi svæði leitt í ljós, að óþrifa í sauðfé hafi ekki orðið vart við síðustu böðun eða síðar.“

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um stækkun fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að breyta reglugerð þeirri um fiskveiðalandhelgi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, þannig, að fiskveiðalandhelgin fyrir Vestfjörðum taki til vestfirzka landgrunnsins alls austan frá Húnaflóa og suður á Breiðafjörð og fyrir Austurlandi að Grímsey og Hjörleifshöfða.

Greinargerð.

Dagurinn 5. apríl 1948 varð merkisdagur í sögu Íslands, vegna þess að þá voru sett á Alþingi Íslendinga lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Þessi merka löggjöf er grundvöllur alls þess, sem síðan hefur verið gert til stækkunar íslenzkrar fiskveiðalandhelgi og aukinnar friðunar fiskistofna á landgrunni Íslands.

1. gr. laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins er á þessa leið:

„Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar af fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands. Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.“

Með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins var því ótvírætt yfir lýst, að allt íslenzka landgrunnið heyrði undir íslenzka lögsögu á sama hátt og landið sjálft, og skyldi sjávarútvegsmálaráðuneytið með setningu reglugerða ákvarða allar reglur um fiskveiðar innan endimarka landgrunnsins svo og um viðáttu fiskveiðalögsögunnar innan þess á hverjum tíma.

Á þessum lögum var byggt, þegar rýmkun var gerð á fiskveiðalögsögunni á nokkrum stöðum fyrir Norðurlandi árið 1950.

Á lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins var einnig byggt, þegar grunnlínum var breytt og fiskveiðalandhelgin stækkuð úr þremur í fjórar mílur með setningu reglugerðar nr. 21 frá 19. marz árið 1952.

Og enn var byggt á traustum grunni þessara sömu laga, þegar hið stóra og örlagaríka skref var stigið og fiskveiðalandhelgin stækkuð úr fjórum í tólf sjómílur með setningu reglugerðarinnar 1. september 1958.

Meðan á deilunni stóð við Breta, þótti Alþingi ástæða til að árétta og undirstrika óhvikula stefnu Íslands í landhelgismálinu með svo hljóðandi ályktun, er utanríkismálanefnd bar fram:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðalandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952.

Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðalandhelgi, **að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls,** svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðalandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Þessi yfirlýsing var gerð með samhljóða atkvæðum allra alþingismanna 5. maí 1959, og er hún enn í fullu gildi.

Eins og menn sjá, víkur meginefni yfirlýsingarinnar að brezku landhelgisdeilunni, en eitt efnisatriði hennar er sérstaklega athyglisvert og vísar til framtíðarinnar, nefnilega:

> **Að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem að sé stefnt með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948.**

Þegar rakið er það helzta, sem gerzt hefur í landhelgismálinu, síðan landgrunnslögin voru sett, þykir mér rétt að víkja þessu næst að lausn fiskveiðadeilunnar við Breta, en á hana var endi bundinn með ályktun Alþingis 9. marz 1961.

Fóru síðan, þann 11. marz 1961, fram erindaskipti („nótuskipti") um lausn deilunnar milli utanríkisráðherra Íslands, Guðmundar Í. Guðmundssonar, og þáverandi sendiherra Breta á Íslandi, herra Andrew C. Stewart, og voru helztu efnisatriði þessi:

1. Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiðalögsögu umhverfis Ísland.
2. Grunnlínubreytingar verði gerðar á nokkrum stöðum til rýmkunar fiskveiðalögsögunnar.
3. Þrjú árin næstu lofar ríkisstjórn Íslands að hindra ekki, að skip skrásett í Bretlandi stundi veiðar milli tólf og sex mílna línunnar á nánar tilgreindum svæðum og tímum.
4. **Þá gaf ríkisstjórn Íslands svo hljóðandi yfirlýsingu:**

   „Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðalögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins."

Sú breyting, sem með tillögu þessari er lagt til, að gerð verði á fiskveiðalandhelginni fyrir Vestfjörðum, er fyrsta skrefið, sem stigið er til úrfærslu fiskveiðalögsögunnar, síðan framangreint samkomulag var gert við ríkisstjórn Bretlands. Verður því sjálfsagt eigi hjá því komizt, að meðferð málsins verði sú, sem þar segir.

En hitt leikur ekki á tveim tungum, að tillaga þessi er í fyllsta samræmi við þá yfirlýstu stefnu Alþingis og íslenzku ríkisstjórnarinnar **„að halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959", en í þeirri ályktun sagði, að aflað skyldi viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls.**

Eins og meðfylgjandi uppdráttur af íslenzka landgrunninu sýnir, er landgrunnið við Norðurland og Suður- og Suðvesturland að miklu leyti innan núverandi fiskveiðalandhelgi. En hins vegar er mikill hluti landgrunnsins fyrir Austurlandi og Suðausturlandi utan fiskveiðalandhelginnar. **Og fyrir Vestfjörðum er mikill meiri hluti landgrunnsins utan núverandi fiskveiðalandhelgi.**

Er þannig enn langt í land með, að því takmarki, sem Íslendingar settu sér með setningu laganna um vísindalega verndun fiskmiða landgrunnsins, sé náð.

Þess munu fá, ef nokkur dæmi í heiminum, að líf þjóða sé jafnháð fiskveiðum og fiskiðnaði sem líf íslenzku þjóðarinnar. Samt hafa margar þjóðir, sem minna eiga undir fiskveiðum en við Íslendingar, þegar lýst yfir einhliða rétti sínum til fiskveiða á landgrunninu við strendur sínar. Meðal þeirra þjóða eru t. d. Argentína, Cambodía, Chile, Costa-Rica. Equador, El Salvador, Guatemala, Suður-Kórea, Mexíkó, Nicaragua, Panama og Perú.

Má þó vera, að þær þjóðir, sem helgað hafa sér landgrunn sitt sem fiskveiðalandhelgi, sumar allt að 150—200 mílur til hafs, séu enn fleiri en hér eru taldar.

En af þessu er ljóst, að þegar Íslendingar stíga það spor að helga sér landgrunnið allt sem fiskveiðalandhelgi sína, þá erum vér hér aðeins að stíga þau spor, sem þegar hafa verið stigin af mörgum þjóðum á undan oss.

Nú mundi það e. t. v. vera skoðun margra, að næsta skref Íslendinga í landhelgismálinu ætti að vera það að láta fiskveiðalögsögu Íslands ná til landgrunnsins alls. Og engan veginn væri það óeðlilegt, að slíkt væri gert í einum áfanga.

En með þessari tillögu er ekki tekið svo djúpt í árinni. Hér er aðeins lagt til, að fiskveiðalandhelgin fyrir Vestfjörðum verði látin taka til vestfirzka landgrunnsins austan frá Húnaflóa og suður á Breiðafjörð.

Ýmsar ástæður liggja til þess, að ég tel rétt að haga tillöguflutningi mínum að þessu sinni svo sem hér er gert.

Fram til þessa höfum við Íslendingar þokað okkur að settu marki í landhelgismálinu stig af stigi, oft í smáum skrefum.

Svo var gert 1950 norðanlands, einnig 1952. Og með hinni miklu stækkun landhelginnar úr 4 mílum í 12 mílur 1958 var öllum ljóst, að einungis var um áfanga að ræða, en ekkert lokatakmark.

Stækkun fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum er lífsnauðsynjamál, sem ekki má dragast að leysa.

Þó að það kunni að hljóma eins og öfugmæli, er það samt satt, að Vestfirðingar t. d. eru öllu verr settir, svo sem friðun fiskimiða við strendur landsins er nú háttað, en þeir voru, meðan landhelgin var aðeins þrjár sjómílur.

Hver, sem lítur á uppdráttinn yfir fiskveiðalandhelgi Íslands, mun sannfærast um, að þetta er rétt. Við stækkun landhelginnar hafa Vestfirðingar aðeins fengið sína tólf mílna landhelgi fyrir öllum Vestfjörðum. En fyrir Suður- og Vesturlandi hafa víðáttumikil hafsvæði og flóar friðazt fyrir ágangi innlendra og erlendra skipa og þar með nálega allt landgrunnið úti fyrir ströndum þessa landshluta. Þar er landhelgin á stórum svæðum raunar miklu meira en 12 mílur, og er það vel.


En þegar þessi gósenlönd veiðiþjófanna lokuðust, tóku þeir í vaxandi mæli að líta hýru auga til vestfirzka landgrunnsins. Er það skemmst af að segja, að ágangur á það hefur margfaldazt, og veiðimöguleikar innan landhelginnar minnkað að sama skapi. — Þannig er nú erlendu togarastóði beitt í „tún“ Vestfirðinga.

Þetta, sem nú hefur verið sagt, á einnig í flestu tilliti við um Austfirði og Austfirðinga.

Afleiðingar þessa dyljast heldur ekki. Þær koma fram í rýrnandi aflamagni fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum, á sama tíma sem aflamagnið hefur aukizt suðvestanlands, þar sem meginhluti landgrunnsins er innan landhelgi og nýtur fullnægjandi friðunar.

Alvarlegasta hlið þessa máls er sú, að fáist landgrunnið fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum ekki friðað, missir sjómannastéttin — þróttmesti hluti fólksins, sem þar býr — trúna á, að lífvænlegt sé til frambúðar í þessum landshlutum. Nú þegar kennir vaxandi kvíða og vantrúar á framtíðarmöguleikana hjá vestfirzkum og Austfirzkum sjómönnum, og beygur þeirra berst til fjölskyldnanna í landi og dregur almennt kjark úr fólki.


24°
20°
66°
64°
Grunnlínustaðir
Grunnlínur
Fiskveiðilögmörk


ÍSLAND
Mælikvarði 1:1200000 á 64° n br
Fiskveiðitakmark samkvæmt reglugerð Nr 70 30 júní 1958
Reykjavík, 1960

Vestfirðingar og Austfirðingar eiga allt sitt að kalla undir því, sem sjórinn gefur. Fólkið, sem byggir Vestfirði og Austfirði, er atorkusamt og lætur ekki sitt eftir liggja við öflun verðmæta í þjóðarbúið. Það er naumast ofsagt, þótt sagt sé, að réttur þess til landgrunnsins sé réttur þess til lífsins.

Stækkun landhelginnar, svo sem í tillögu þessari segir, þannig, að hún nái yfir landgrunnið allt, er eitt allra stærsta mál Vestfirðinga og Austfirðinga nú og í næstu framtíð. Þess vegna er mikið í húfi, að Alþingi og ríkisstjórn bregðist vel og drengilega við þessu máli, samþykki þessa tillögu, áður en þessu þingi lýkur, og tryggi henni framgang svo fljótt sem verða má.

Uppdráttur sá, sem hér með fylgir, sýnir fiskveiðalandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð nr. 70 frá 30. júní 1958 og þann hluta landgrunnsins, sem enn er utan íslenzkrar lögsögu.

Nd. 101. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Fjarstaddir við afgreiðslu frv. voru: Benedikt Gröndal, Stefán Valgeirsson og Tómas Árnason.

Alþingi, 5. nóv. 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.

Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. 102. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um kynferðisfræðslu í skólum.

Flm.: Jónas Árnason, Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að gera ráðstafanir til þess, að kynferðisfræðsla í skólum landsins verði aukin og skipulögð í samráði við sérfróða lækna, kennara, forustumenn æskulýðsmála og aðra þá, sem gerst mega vita, hver þörfin er í þessum efnum.

Greinargerð.

Sérstök fræðsla í kynferðismálum er lítil sem engin í skólum þessa lands, og til þeirrar staðreyndar virðist mega rekja orsakir margra alvarlegra vandamála í lífi ungs fólks. Sá maður, sem einarðlegast hefur barizt fyrir úrbótum á þessu sviði, er Jónas Bjarnason læknir. Í tímaritinu „Konan og heimilið“ (2. tbl. 1970) birtist grein eftir Jónas, þar sem hann segir meðal annars:

„Allir unglingar eru skólaskyldir fram yfir 15 til 16 ára aldur, og margir halda áfram námi lengi eftir það. . . . Það er hægur vandi að gera þeim skiljanlegt á einfaldan og opinskáan hátt, hver afleiðing samlífs karls og konu sé. Ég álít kennslu í þessum efnum mjög ábótavant í skólum hér, en ef börnin læra þetta ekki í skólunum, hvar læra þau það? Þau læra það á götunni, í skúmaskotum, með því að tala af fjálgleik um þessa hluti af þekkingarleysi. Þau læra það af sorpritum eða öðrum vafasömum bókmenntum, þar sem samlíf karls og konu er fært í búning kynóra . . .

Einu sinni hélt ég, að unglingar ættu að fá sína fyrstu kennslu um kynferðismál hjá foreldrunum í heimahúsum, en ég efast nú um, að rétt sé að krefjast þess, þar sem ég rek mig æ oftar á, að foreldrar hafa hvorki þekkingu né getu til að veita þá fræðslu, sem um er að ræða. Þetta er e. t. v. eðlilegt, þeir hafa ekki fengið neina tilsögn sjálfir og líta á þetta enn sem feimnismál, þveröfugt við það, sem nútímabörn gera. Ég segi ekki, að foreldrar reyni ekki að gera börnunum ljóst, hvað sé í húfi og hvernig þessir hlutir séu, en venjulega er þá talað þeirri tæpitungu, að börnin eru engu nær. Ég er ekki að áfellast foreldrana, því að mér finnst ekki eðlilegt að þeir séu færir um að gera þessum málum skil, þar eð þeir hafa ekki fengið neina fræðslu sjálfir. . . . En ef foreldrarnir geta ekki veitt fræðsluna, verða skólarnir að koma til.

Nú þykir sjálfsagt, að börnin læri nöfn á öllum dýrum merkurinnar, læri um æxlun og tímgun. Því þá ekki að kenna þeim að þekkja sjálf sig? Að mínu viti þarf að stórauka kennslu í heilsufræði í skólum, með sérstöku tilliti til þess kafla hennar, sem oft er hlaupið yfir, kennsluna um æxlunarfæri karls og konu, upphaf hins mannlega lífs, ásamt fleiru þar að lútandi. Auðvelt er að flétta inn í þá kennslu, hver afleiðing er af samlífinu. Það leiðir af sjálfu sér, þegar verið er að tala um líffæri og upphaf mannlífsins. Ég álít, að kennsla í þessum efnum þoli enga bið. Sennilega verður erfitt að fá nógu vel menntað fólk til að taka hana að sér, en ég tel, að e. t. v. þurfi að byrja á því að halda námskeið fyrir kennara, sem hefðu áhuga á því að veita slíka tilsögn. Einnig gæti komið til greina, að skólar réðu lækna í þjónustu sína til þess að tala um þessi mál, því að þeir hafa beztu menntunina og aðstöðu til að gera það. Á þennan hátt hygg ég, að megi upphefja fákunnáttu þá, sem ríkir í þessum efnum hjá okkur. Margir eru mér vafalaust ósammála og álíta, að slíkt efni eigi ekki að fara með inn í skólana og taka upp sem skilmerkilegasta kennslu í því. Hér sé um of viðvæmt mál að ræða. Ég álít hins vegar, að það sé miklu viðkvæmara og hættulegra að aðhafast ekkert, eins og nú er. Ég læt mér ekki detta í hug, að neinum kæmi til hugar að hvetja til samlífs unglinga, þótt slík kennsla færi fram og þeim væri gert skiljanlegt, hvað í húfi er. . . .

Ég hef fengið tækifæri til að prófa mig svolítið áfram með þessa hluti og reyna sjálfur áhrif, sem slík kennsla gæti haft á unglinga. Skólastjóri Flensborgarskólans fór þess á leit við mig, að ég tæki að mér tilsögn fyrir unglinga á gagnfræðastigi í þeim kafla heilsufræðinnar, sem lítil eða engin skil hafa verið gerð, þ. e. að tala um og kenna unglingunum að þekkja æxlunar- og kynfæri karls og konu. Held ég, að þessi tilraun hafi gefizt ágætlega. Kennslan fór fram í nokkurs konar fyrirlestraformi, þar sem skuggamyndir voru sýndar af hinum einstöku líffærum, sem fjallað var um hverju sinni. Ég tók drengina sér og stúlkurnar sér, mest til að gera þetta óþvingaðra, þar sem ég byggði kennsluna þannig upp, að ég ætlaðist til, að fyrirspurnir væru bornar fram í hverjum tíma um það, sem ég hefði gleymt að minnast á, eða ef unglingana langaði til að fræðast nánar um. . . . Ég reyndi að tala við þá eins feimnislaust og augljóst og mér fannst hlýða. . . .

Að fenginni þessari reynslu álít ég, að skólarnir geti komið að miklum notum í sambandi við fræðslu í þessum efnum, til góðs fyrir alla unglinga, sem hlut eiga að máli."

Skólastjóri Flensborgarskólans er ekki einn sinna stéttarbræðra um skilninginn á nauðsyn úrbóta á þessu sviði. Dagblaðið Vísir spurði fjóra skólastjóra þessarar spurningar: Er þörf að endurbæta kynferðisfræðslu í skólum?" Hér fara á eftir svör þeirra (31. okt. s. l.):

Hjörtur Kristmundsson, skólastjóri Breiðagerðisskóla: „Það liggur víst í augum uppi, að þess þarf, annars læra börnin það hvert af öðru, og blindur leiðir blindan. Hitt er annað mál, að það er ekki öllum hent, að veita fræðslu í þessum efnum. Það hefur verið talað um, að hjúkrunarkonur geri það. Vita-

skuld er þörf einhverrar fræðslu í 11 og 12 ára bekk, það eru allir sammála um. En sennilega er vonlaust, eins og stendur, að skólalæknar geti tekið þetta mjög á dagskrá. Þessi fræði eru betur ókennd en kennd, ef það er ekki gert af fyllstu varfærni, og þarf auðvitað til þess fólk, sem er sérfrótt."

Ásgeir Guðmundsson, skólastjóri í Hlíðaskóla: „Jú, vafalaust þarf að endurbæta. Í rauninni er ekki mikil kynferðisfræðsla í skólum sem slík. Sú fræðsla, sem á sér stað á barnaskólastigi, er í sambandi við heilsufræðikennsluna í 12 ára deildum, og þar er auðvitað kennt um þetta starf líffæranna, á sama hátt og annarra líffæra. Það má þó segja, að það sé undir hverjum og einum kennara komið, hvað rætt er um aðra þætti kynferðismálanna. Ég er þeirrar skoðunar, að við slíka fræðslu þurfti að koma til aðstoð lækna og hjúkrunarkvenna, og það sé þá helzt eftir ákveðnu prógrammi, sem sé sett saman af kunnáttumönnum um þetta efni. Hins vegar er kannske rétt að flýta sér hægt, a. m. k. með að fara með þetta inn á yngri aldursstigin, því að ég held, að það megi líta misjöfnum augum á þann árangur, sem náðst hefur með slíkri fræðslu í nágrannalöndum okkar. Hitt er svo annað, að ef kvikmyndahús borgarinnar og sjónvarp setja á sína skerma fræðslumyndir um þessi efni, jafnvel ætlaðar yngri börnum, sé betra að færa þessa fræðslu inn í skólana fremur en að láta myndirnar einar tala.

Það má bæta því við, að það hefur komið fram á foreldrafundum hér í skólanum að margir foreldrar hafa áhuga á aukinni kynferðisfræðslu í skólanum og telja hann eðlilegan vettvang. En það má auðvitað um það deila, hvað eðlilegt sé, að heimilin geri í þessu efni eða skólarnir, en um það væri gott að fá hreinar línur."

Björn Jónsson, skólastjóri í Hagaskóla: „Jú, það er ekki nokkur vafi á því, að það þarf að koma á endurbótum og meiri upplýsingum. Kynferðisfræðsla í gagnfræðaskólunum er ekki stór í sniðum. Hjá okkur er hún tekin í sambandi við heilsufræðikennslu í 3. bekk. Kennarar fara í þau mál, eftir því sem nemendur vilja. Kennarinn hefur mjög frjálsar hendur um það og ræðir það þó nokkuð. Þá má benda á, að það er engin kennslubók í þessu efni beinlínis á íslenzku, sem laðar til þessara hluta. Kennarinn verður að leggja efnið til sjálfur og tilreiða það. Það þarf þess vegna nýtileg kennslugögn og sérfróða menn, sem gætu fjallað um þetta. Maður vonast til, að þetta verði tekið til athugunar í sambandi við endurskoðun náttúrufræðikennslunnar."

Guðni Guðmundsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík: „Mér finnst rétt að hafa kynferðisfræðslu í skólum. Ég hef þá skoðun, að hún þyrfti að koma tiltölulega fljótt, ekki kannske hjá smábörnum, segjum t. d. um fermingu. Hvað okkur viðvíkur fer ekki fram bein kynferðisfræðsla í skólanum, nema að því leyti sem hún kemur inn í náttúrufræðikennsluna.

Sumir kennaranna treysta sér til þess að fara í þetta, en sumir ekki. Hvort þetta á heima í námsskrá, treysti ég mér ekki til að segja, þó að það liggi beinast fyrir í unglinga- og gagnfræðaskólunum að taka þetta fyrir."

Sþ. 103. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um dreifingu menntastofnana, og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Flm.: Ingvar Gíslason, Gísli Guðmundsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu skóla og hvers kyns mennta- og menningarstofnana um landið og tillit tekið til þeirrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana.

Enn fremur lýsir Alþingi yfir því, að sérstaklega skuli að því stefnt, að Akureyri verði efld sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Greinargerð.

Efni þingsályktunartillögu þessarar er tvíþætt. Fyrri liður hennar er almenns eðlis og felur í sér viljayfirlýsingu Alþingis um það, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið og að tillit verði tekið til slíkrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana. Í öðru lagi er lagt til, að Alþingi lýsi yfir vilja sínum til þess, að Akureyri verði sérstaklega efld sem skólabær og miðstöð mennnta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Samanburður við þingsályktunartillögu frá 1964.

Tillaga um mjög svipað efni, en með öðru orðalagi, var flutt á þinginu 1964—1965. Flutningsmenn voru þáverandi þingmenn Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra. Tillagan fékk heldur vinsamlegar viðtökur á Alþingi og vakti nokkra athygli utan þings. Þó fór svo, að tillagan var ekki samþykkt sem ályktun Alþingis, — þess var ekki kostur, — heldur var henni vísað til ríkisstjórnarinnar. Sá höfuðtilgangur lá að baki þingsályktunartillögunni frá 1964, að skólum og menntastofnunum yrði dreift um landið meira en tíðkazt hafði til þess tíma. Einnig var þá lögð höfuðáherzla á uppbyggingu Akureyrar sem æskilegrar skólamiðstöðvar öðrum stöðum fremur. Tillaga sú, sem hér liggur nú fyrir, hefur sama höfuðmarkmið og tillagan frá 1964. Á þeim er að vísu verulegur orðalagsmunur, en markmiðið má heita hið sama. Flm. telja, að ekki sé síður þörf að hreyfa þessu máli nú en var fyrir 5—6 árum, einkum vegna þess, að ekki er vitað, að ríkisstjórnin hafi gert neitt, sem máli skiptir, til þess að framfylgja þeirri stefnu, sem mörkuð var upphaflega með tillögunni frá 1964 og að formi var vísað til ríkisstjórnarinnar.

„Jafnvægi í byggð landsins".

Tillaga þessi er af flm. hálfu m. a. hugsuð sem framlag til umræðna og ákvarðana í sambandi við byggðajafnvægismál og landshlutaáætlanir. Um eitt skeið mátti segja, að áhuga- og forvígismenn um jafnvægi í byggð landsins töluðu fyrir daufum eyrum, og ekki var örgrannt um, að málstaður þeirra væri hafður í flimtingum. Nú hefur hins vegar svo til skipazt, að þetta mál hefur hlotið sérstaka viðurkenningu, sem fram kemur með einum eða öðrum hætti. Má um þetta mál nú segja, sem forðum var á orði haft, að „allir vildu Lilju kveðið hafa". Svonefndar byggða- eða landshlutaáætlanir eru einnig á dagskrá í öðrum löndum, og er þar sérstaklega að minnast forgöngu Norðmanna, sem að líkindum standa fremst á þessu sviði, enda ekki óeðlilegt miðað við landshætti. Í þessu máli hafa Íslendingar þegar lært mikið af Norðmönnum, en gætu þó betur gert að ýmsu leyti. M. a. verða menn að gera sér fulla grein fyrir þeirri staðreynd, að þróun þjónustustarfsemi, félags- og menningarlífs verður að haldast í hendur við atvinnuuppbygginguna, ef árangur á að verða af landshlutaáætlunum. Nútímafólk, einkum uppvaxandi kynslóð, lætur sér ekki nægja trygga atvinnuafkomu. Atvinnan er að sjálfsögðu grundvöllur þess, að menn hafi í sig og á, en lífskjör sín og afkomu mælir nútímafólk ekki í atvinnumöguleikunum einum saman, heldur engu síður í hinni félags- og menningarlegu þjónustu, sem tiltæk er á hverjum stað. Nútímafólk unir ekki fásinni og einangrun né lélegri almannaþjónustu á sviði félagslífs, menntunar og heilsugæzlu.

Stefnumótun.

Með tillögu þessari vilja flm. beita sér fyrir því, að Alþingi marki ákveðna stefnu um það, að hvers kyns mennta- og menningarstofnunum sé dreift um landið, svo sem eðlilegt má teljast og nauðsyn krefur. „Mennta- og menningarstofnun" er

allvíðtækt hugtak í þessu sambandi og engin ástæða til að þrengja merkingu þess. Hér er að sjálfsögðu átt við **skóla** og aðrar fræðslustofnanir, **söfn**, s. s. bókasöfn, náttúrugripasöfn, listasöfn, minja- og þjóðfræðasöfn, **leiklistar- og tónlistarstarfsemi** og aðra **listastarfsemi**. Í ýmsum tilvikum yrði framkvæmd þess stefnuatriðis, sem fyrst getur í tillögunni og varðar almenna yfirlýsingu um dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið, fólgin í stuðningi við stofnanir, sem þegar eru fyrir hendi, en þurfa eflingar á einn eða annan hátt. Þannig eru víða til bókasöfn, en flest þurfa þau eflingar, minjasöfn eru einnig víða, en áreiðanlega þurfa þau margs konar eflingar flest hver, og æskilegt væri, að sum minjasöfn a. m. k. efldust svo, að þau mættu með réttu kallast þjóðfræðasöfn, e. t. v. staðbundin og takmörkuð, en eigi að síður fræðilegar stofnanir, en ekki aðeins varðveizlu- og sýningastaðir.

Efling Akureyrar sem skólabæjar.

Í sambandi við umræður um Norðurlandsáætlun er talið að því stefnt að efla Akureyri að mun til mótvægis hinu sterka aðdráttarafli Reykjavíkursvæðisins. Við flutningsmenn þessarar tillögu leggjum þann skilning í fullbúna Norðurlandsáætlun, að hið opinbera — ríkisvaldið — muni ljá atbeina sinn því mikla verkefni að efla Akureyri svo að áhrifum, að hún geti í raun orðið til mótvægis áhrifamætti Reykjavíkur. Atvinnu- og menningarlegar undirstöður Akureyrarbæjar eru með þeim hætti, að þetta á að geta tekizt. Eigi að síður er efling Akureyrar í umræddum skilningi víðtækt og vandasamt verkefni. Ekki er líklegt, að það verði leyst með neinu töfraorði eða einni ráðstöfun annarri fremur. Þar þarf margt til að koma. Það þarf að efla atvinnulífið og fjölga atvinnugreinum. Það verður að efla Akureyri sem verzlunarmiðstöð og hafskipahöfn. Opinber þjónusta þarf að vera fjölbreyttari. Gera verður stórátak í heilbrigðismálum og læknisþjónustu. Mjög aðkallandi er að taka húsnæðismálin til gagngerðrar endurskoðunar, því að ónógt húsnæði stendur bænum nú þegar fyrir þrifum. Það þarf einnig — eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir — að efla Akureyri sem skólabæ og menningarmiðstöð.

Þegar rætt er um það að efla Akureyri sem skólabæ og miðstöð mennta og vísinda, þá ber að hafa í huga, að ýmsar undirstöður eru fyrir hendi til þess að byggja ofan á. Akureyri er þegar tiltölulega öflugur skólabær, m. a. vegna menntaskólans, sem þar hefur starfað í 40 ár og þó raunar lengur. Iðnskóli Akureyrar er mjög á eflingarbraut vegna nýrra og myndarlegra húsakynna, sem smám saman eru að komast í gagnið. Undirbúningsdeild tækniskóla hefur starfað nokkur ár, og vélskólakennsla fer að nokkru fram á Akureyri. Tónlistarskóli er rekinn í bænum, og er unnið að endurbótum á húsnæði hans. Rætt hefur verið um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri, en ýmsar hindranir hafa verið lagðar í götu þess máls, svo að ekki hefur enn orðið úr framkvæmdum. Hins vegar er ekki ástæða til að ætla annað en að garðyrkjuskóli komi á Akureyri áður en langir tímar líða. Minna má á, að Þórarinn heitinn Björnsson skólameistari var þess fýsandi, að kennaradeild yrði stofnuð og rekin í tengslum við menntaskólann.

Ástæða er til að nefna tvo skóla, sem mjög kæmi til greina að reka á Akureyri. Annars vegar væri norðlenzkur **verzlunarskóli**, hins vegar fullkominn **tækniskóli**. Lengi hefur verið þörf verzlunarskóla á Norðurlandi, og var slíkur skóli meðal þeirra, sem flutningsmenn þingsályktunartillögunnar frá 1964 lögðu áherzlu á að rísa þyrfti og vel væri í sveit settur á Akureyri. Ekki virðist fráleitt að hugsa sér, að slíkur skóli yrði rekinn sameiginlega af norðlenzkri samvinnuhreyfingu og samtökum einkarekstrarmanna með styrk úr ríkissjóði. Raunar mætti einnig hugsa sér, að norðlenzkur verzlunarskóli hefði enn víðtækara svið, m. a. að á hans vegum starfaði félagsmáladeild, sem hefði það hlutverk, að þjálfa starfsfólk og trúnaðarmenn verkalýðs- og launþegafélaga og annarra stéttarsamtaka.

Heimilt er eftir lögum að starfrækja tækniskóla á Akureyri. Fjarri fer því, að þessarar lagaheimildar hafi verið neytt, þótt undirbúningsdeild tækniskóla hafi að

vísu starfað á Akureyri um árabil. Tækniskóli Íslands, sem starfar í Reykjavík, er ung stofnun og fátæklega að honum búið, fyrst og fremst að því er tekur til húsnæðis. Fer kennsla í tækniskólanum fram á þremur stöðum í Reykjavíkurborg og fyrirsjáanlegt, að kennslustaðir munu dreifast enn frekar næsta vetur. Augljóst er, að reisa verður hús yfir Tækniskóla Íslands, ef skólinn á ekki að koðna niður vegna húsnæðisleysis og skorts á hæfilegri aðbúð. Er nærtækt að láta sér detta í hug, að Tækniskóli Íslands verði fluttur til Akureyrar og þar verði byggt myndarlega yfir skólann. Fjarri fer því, að skólinn lenti í útlegð eða einangrun á Akureyri. Akureyri er mikill iðnaðarbær og stendur Reykjavík fyllilega á sporði um fjölbreytni iðngreina og þjálfun iðnaðarfólks. Á þessa staðreynd bentu sumir þingmenn Norðlendinga, þegar tækniskólafrumvarpið var til umræðu á sínum tíma, og lögðu þá til, að skólinn yrði staðsettur á Akureyri. Því miður náði sú tillaga ekki fram að ganga, enda sætti hún andstöðu ráðamanna, þ. á m. norðlenzkra þingmanna stjórnarflokkanna. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að á 11. þingi Fjórðungssambands Norðlendinga, sem haldið var á Sauðárkróki 22. og 23. okt. 1969, var samþykkt áskorun á „yfirvöld og Alþingi að taka til gagngerðrar athugunar, hvort eigi sé rétt að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar." Segir enn fremur í ályktun fjórðungsþingsins, að benda megi á fordæmi annarra þjóða, sérstaklega Norðmanna, þessari ályktun til stuðnings. Taldi þingið, að flutningur Tækniskólans mundi hafa „ómetanleg áhrif til eflingar byggð á Norðurlandi". Undir þessi ályktunarorð fjórðungsþings Norðlendinga vilja flm. taka, enda eru þau í fullu samræmi við þær skoðanir, sem þeir hafa ætíð mælt fyrir í sambandi við staðarval sérskólanna.

Því má bæta við, að fyrir nokkrum árum skipaði norska ríkisstjórnin nefnd, sem hafði það hlutverk að kanna möguleika á dreifingu ríkisstofnana þar í landi. Ein meginniðurstaða nefndarinnar var sú, að lítil sem engin vandkvæði væru á því að velja sérgreinaskólum stað utan höfuðborgarinnar. Sérgreinaskólar væru að öðru jöfnu eins vel staðsettir utan höfuðborgarinnar sem innan hennar. Hins vegar væri heppileg lausn í staðsetningarmálum skólanna að koma upp „skólamiðstöðvum", þar sem væru fleiri skólar en einn. M. a. nýttust kennslukraftar bezt við slíkar aðstæður. Í sambandi við þingsályktunartillögu þá, sem hér er fram borin, er rétt að geta þess, að flm. hafa í huga, að Akureyri geti orðið „skólamiðstöð" í þeirri merkingu, sem þarna er um rætt. Um áhrif skólanna á umhverfi sitt þarf ekki að deila. Þau eru mikil og margvísleg, bein og óbein.

Miðstöð mennta og vísinda.

Í þingsályktunartillögunni er svo fyrir mælt, að Akureyri verði einnig efld sem „miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar". Í þessu felst það, að menntir ýmiss konar, ekki sízt fræði og vísindi, verði auknar svo, að Akureyri verði áður en langir tímar líða viðurkennd sem aðsetur æðri mennta- og vísindastofnana, þar sem m. a. væru stundaðar rannsóknir og fræði á vísindalegum og akademískum grundvelli. Ókunnugir kunna e. t. v. að halda, að um þetta atriði sé á litlu að byggja. Svo er þó ekki. Gerlegt er og skynsamlegt að tengja saman hugmyndina um „skólabæ" og „miðstöð mennta og vísinda". Líklegt er, að skólamiðstöðin dragi að sér efnilega menntamenn og kennara, sem áhuga hefðu á að sinna vísindastörfum að nokkru með kennslu. Slíkt á að geta farið saman á Akureyri eins og annars staðar. Þá er þess að geta, að þegar er sprottinn úr grasi vísir að rannsóknastofnunum á Akureyri og nágrenni, einkum á sviði náttúrufræði og raunvísinda. Náttúrugripasafnið á Akureyri hefur á ýmsa lund eflzt mikið síðustu ár. Fuglasafn er þar gott, enda kjarni safnsins í upphafi, en grasasafnið er einnig mikið að vöxtum og mun fyllilega standast samjöfnuð við grasasöfn í Reykjavík. Grasgarðurinn á Akureyri er einstakur í sinni röð. Forstöðumaður Náttúrugripasafnsins, Helgi Hallgrímsson, er ungur vísindamaður og áhugasamur um eflingu vísindastarfsemi á Norðurlandi með aðalaðsetri á Akureyri. Helgi er búsettur á Víkurbakka á Árskógsströnd við Eyja-

fjörð, um það bil 25 km frá Akureyri. Keypti hann þar allvel hýsta jörð fyrir nokkrum árum og hefur unnið að því af elju og hyggindum að koma þar upp vísi að náttúrufræðilegri rannsóknarstöð. Þar hyggst hann m. a. stunda rannsóknir á sjávarlífinu við Eyjafjörð, og þegar hefur hann ásamt félaga sínum, Guðmundi Ólafssyni menntaskólakennara, fengizt við jarðvegsrannsóknir með styrk úr Vísindasjóði.

Fyrir nokkrum árum tók til starfa Efnarannsóknarstofa Norðurlands á Akureyri og nýtur ötullar stjórnar ungs vísindamanns, Jóhannesar Sigvaldasonar magisters. Liggur þegar gott starf eftir hann á sviði jarðvegs- og kalrannsókna á Norðurlandi.

Þess má geta, að bókasafnið á Akureyri ásamt skjalasafni (Amtsbókasafnið) hefur nýlega flutzt í mjög veglegt hús og er án efa myndarlegasta bókasafn utan Reykjavíkur. Minjasafn bæjarins er einnig merk stofnun, sem gæti orðið vísir að raunverulegu þjóðfræðasafni eða **þjóðfræðastofnun**, ef rétt væri á haldið og vilji væri fyrir hendi að koma slíkri stofnun upp.

Sú fræði- og vísindastarfsemi, sem nefnd hefur verið, er að sönnu aðeins mjór vísir þess, sem orðið gæti, ef markvíst og skipulega væri unnið að eflingu rannsókna- og vísindastarfs á Akureyri. Hins vegar er hér um grundvöll að ræða, sem byggja mætti ofan á. Í fylling tímans mun engum þykja goðgá, þótt akademísk fræðsla í meira eða minna mæli verði upp tekin á Akureyri, enda ber að stefna að henni sem sérstöku markmiði.

Ed. 104. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um skipulagningu rækjuvinnslu á Suðurnesjum.

Flm.: Karl G. Sigurbergsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera í samráði við sveitarstjórnir, verkalýðs- og sjómannafélög og samtök atvinnurekenda á Suðurnesjum sérstakar ráðstafanir til þess, að á þeim stöðum verði rækjuvinnsla byggð upp með skipulögðum hætti, þannig að fyllstu hagsýni í fjárfestingu sé gætt og sérstaklega haft í huga, að samræmi sé milli fjárfestingar í veiðitækjum og vinnslutækjum í landi.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar hófst rækjuveiði á miðunum út af Reykjanesi. Rækjan, sem veiðist, hefur reynzt stærri og mun betri til vinnslu en sú, sem veiðist á Vestfjörðum.

Rækjan hefur verið unnin í Keflavík og öðrum sjávarplássum á Suðurnesjum. Hefur það komið sér einkar vel, sérstaklega er líða tók á sumarið, er annar sjávarafli fór minnkandi eða hætti alveg að berast á land, svo sem humar, svo að það hefur verið allmikil atvinnubót fyrir fólk í þessum þorpum við að vinna rækjuna.

Margir atvinnurekendur þar syðra hyggjast nú hefja rækjuvinnslu og afla tækja til vinnslunnar. Mörg dæmi eru um, að fjárfesting í einstökum greinum í sjávarútvegi þróist án nokkurrar heildarforustu um þarfir og raunhæfa hagkvæmni. Kemur það alltaf fram í offjölgun atvinnutækja, meiri og meiri sókn í stofninn, sem til er, og þar með ofveiði, svo að við liggur útrýming heilla tegunda sjávardýra.

Þegar rekstrargrundvöllur fyrirtækjanna er þannig hruninn, verður afleiðingin alltaf lægra hráefnisverð, til þess að vinnslan geti borið sig. Slík skipulagslaus fjárfesting bitnar því ætíð fyrst og fremst á sjómönnum og útgerðarmönnum.

Ástæða er til að halda, að slíkt geti gerzt í sambandi við fjárfestingu vegna rækjuvinnslu á Suðurnesjum.

Enn ætti að vera tækifæri til að hindra slíka þróun. Því er lagt til, að ríkisstjórnin hafi forustu um, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að rækjuvinnslan verði byggð upp með skipulögðum hætti og fyllstu hagsýni gætt í fjárfestingu.

Jafnframt má á það benda, að nauðsynlegt er að kanna stærð rækjustofnsins á miðunum við Reykjanes og ákveða síðan, hve mikið megi veiða, án þess að stofninum stafi hætta af.

Nd. 105. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar.

Flm.: Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Jónas Árnason, Steingrímur Pálsson, Eðvarð Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa hlutfallskosningu fimm manna nefnd innandeildarþingmanna, samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka aðdraganda verðstöðvunar þeirrar, sem kom til framkvæmda 1. nóvember s. l. Sérstaklega skal rannsóknin beinast að þróun verðlagsmála, eftir að Jóhann Hafstein forsætisráðherra boðaði það í sjónvarpsþætti 13. október s. l., að til stæði að framkvæma verðstöðvun nokkrum vikum seinna. Skulu niðurstöðurnar lagðar fyrir Alþingi og notaðar til þess að meta það, hvort rök eru til að kæra forsætisráðherra fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð. Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

13. október s. l. var fluttur í sjónvarpi þátturinn „Setið fyrir svörum“, en þar svaraði Jóhann Hafstein forsætisráðherra spurningum sjónvarpsfréttamannanna Eiðs Guðnasonar og Magnúsar Bjarnfreðssonar. Hér fer á eftir hluti af þessu viðtali:

Magnús Bjarnfreðsson: En hvað með verðstöðvun, svo menn þurfi ekki að fá hærra kaup?

Jóhann Hafstein: Jú, það er einmitt það, sem við höfum verið að ræða um, verðstöðvun, og almenningur hefur nú heyrt um það rætt af stjórnmálamönnum hér í sjónvarpinu, sem komu fram ekki alls fyrir löngu, og einnig talað um það í blöðum, og þetta er ofarlega á baugi og efst á baugi hjá nágrönnum okkar, bæði Svíum og Dönum, eins og kunnugt er. Báðir hafa innleitt verðstöðvun. Og það er engin launung á því, að við erum að íhuga einmitt verðstöðvun. Og þá er spurningin, með hverjum hætti hún gæti verið. Í stórum dráttum get ég sagt þegar, að fyrir okkur í ríkisstjórninni vakir að viðhalda raungildi launanna, kaupmættinum, áfram. Við erum þeirrar skoðunar, að ef ekkert verður aðhafzt, ja, þá minnkar kaupmátturinn, og spurningin er þá, hvernig er unnt að viðhalda kaupmættinum í sem ríkustum mæli. Þetta er ekkert sérstakt fyrir okkur, ég held, að þarna sé enginn ágreiningur milli okkar og aðila vinnumarkaðarins.

Eiður Guðnason: Til hve langs tíma mundi þessi verðstöðvun verða?

Jóhann Hafstein: Nú, — fram á — allavega fram á mitt næsta ár, eða nálægt því, sem að . . .

Eiður Guðnason: . . . fram að kosningum?

Jóhann Hafstein: . . . fram yfir kosningar allavega, en við skulum hafa það í huga, að kaupsamningarnir, það eru samningar um kaup og kjör fram til næsta hausts, 1. október, og hins vegar er framfærsluvísitalan reiknuð út 1. september, eða kaupgjaldsvísitalan 1. september réttara sagt, og mundi verða.

Síðar í viðtalinu féllu orð á þessa leið:

Eiður Guðnason: En ef frá er skilið fjárlagafrumvarpið og afgreiðsla þess, verður þá verðstöðvunarmálið að yðar áliti aðalmál þingsins núna næstu vikurnar?

Jóhann Hafstein: Já, ég býst við því, að það verði innan og í kringum þingið aðalmálið, sem fjallað verður um, því ef til einhverrar verðstöðvunar á að koma,

þá verður öll framkvæmd hennar, hvort sem er með stjórnvaldaákvörðun, samkomulagi eða löggjöf, að ákvarðast einhvern tímann í nóvembermánuði.

Hér flutti sá maður, sem gerst mátti vita, þjóðinni þær fréttir, að ríkisstjórnin væri að undirbúa verðstöðvun; hún mundi koma til framkvæmda í nóvember og standa fram yfir næstu alþingiskosningar. Þessi frásögn vakti að vonum mjög mikla athygli og þá ekki síst hjá ýmsum kaupsýslumönnum, þjónustufyrirtækjum og öðrum atvinnurekendum, sem töldu verðstöðvun andstæða hagsmunum sínum. Enda létu viðbrögð þessara aðila ekki á sér standa. Næstu daga og vikur, eftir að forsætisráðherra hafði boðað verðstöðvun síðar, magnaðist verðbólguþróunin stórlega. Ýmsir kaupsýslumenn hækkuðu verðlag á varningi sínum þegar næstu dagana á eftir, og var starfsfólk verzlana víða önnum kafið fram á nætur að breyta verðmerkingum; yfir verðlagsnefnd rigndi umsóknum um leyfi til að hækka varning, sem háður var verðlagsákvæðum. Hélt þessi þróun áfram að magnast allt þar til loks var birt tilkynning um verðstöðvun 1. nóvember, en raunar var hún birt samtímis fjölmörgum tilkynningum um mjög stórfelldar verðhækkanir, m. a. á þjónustu ýmissa opinberra stofnana. Þær hækkanir, sem urðu á þessu tímabili vegna vitneskju fjármálamanna um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar, nema vafalaust mjög háum fjárhæðum á ári.

Þegar gripið er til efnahagsráðstafana, sem hafa víðtæk áhrif á afkomu ýmissa þjóðfélagshópa, er það hvarvetna í nágrannalöndum okkar talin sjálfsögð regla að dylja slík áform, þar til þau koma til framkvæmda, og koma þannig í veg fyrir, að vitneskja fyrir fram geti gert sumum þjóðfélagshópum kleift að hagnast á kostnað annarra. Eru ráðherrar og embættismenn bundnir þagnarheitum, þegar slíkar ráðstafanir eru í undirbúningi, og þung viðurlög, ef út af er brugðið. Eru mörg dæmi um það frá nágrannalöndunum, hversu hart er tekið á trúnaðarbrotum, þegar um slík mál er að tefla. Einsætt virðist, að sömu kröfur beri að gera til íslenzkra stjórnarvalda, hvort sem menn vilja vitna til siðferðilegra röksemda eða laga um ráðherraábyrgð. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Hún gerir ráð fyrir, að kannað verði, eftir því sem kostur er hvað hafi hlotizt af því hátterni Jóhanns Hafsteins forsætisráðherra að greina með meira en tveggja vikna fyrirvara frá jafnafdrifaríkri efnahagsráðstöfun og verðstöðvun, svo að Alþingi geti síðar gert sér grein fyrir því, hvort rök séu til þess að draga ráðherrann til ábyrgðar og kæra hann fyrir landsdómi.

Nd. 106. Frumvarp til laga [101. mál]

um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Verð á hvers konar vöru má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar hækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

2. gr.

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð, og skal þeim varið til niðurgreiðslu vöruverðs.

3. gr.

Frá 1. nóvember 1970 skulu árlegar fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1963 nema 8 000 kr. með hverju barni í fjölskyldu.

4. gr.

Reikna skal kaupgreiðsluvísitölu 1. nóvember 1970, 1. febrúar og 1. maí 1971, og skal greiða verðlagsuppbót eftir henni samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í 5. gr., frá og með byrjun næsta mánaðar eftir að hún er reiknuð.

Kaupgreiðsluvísitala samkvæmt 1. málsgr. skal reiknuð eftir framfærsluvísitölu á þar greindum tímum, en þó skal, að því er varðar þær vörur, sem greiddar eru niður með fjárframlagi úr ríkissjóði, miða við smásöluverð að frádreginni þeirri verðlækkun, sem kann að verða frá 1. desember 1970, 1. marz og 1. júní 1971 vegna aukinnar niðurgreiðslu. Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagsnefnd, með minnst tveggja vikna fyrirvara, þær breytingar, sem hún hverju sinni kann að hafa ákveðið að gera á niðurgreiðslu vöruverðs frá og með byrjun þessara mánaða.

Við útreikning á kaupgreiðsluvísitölu skal eigi taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem varð á útsöluverði áfengis og tóbaks 30. október 1970, og eigi heldur til hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga frá ársbyrjun 1971.

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu í nóvember 1970, febrúar og maí 1971 skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á búvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Gildir þetta eins þótt slík hækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.

5. gr.

Verðlagsuppbót á grunnlaun frá 1. desember 1970, 1. marz og 1. júní 1971 skal fylgja kaupgreiðsluvísitölu þeirri, sem reiknuð hefur verið í næsta mánuði á undan (sbr. 4. gr.). Verðlagsuppbót, sem svarar til tveggja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skal þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. september 1971.

Verðlagsuppbót skal reiknuð með tveimur aukastöfum. Nú er verðlagsuppbót reiknuð samkvæmt ákvæðum þessarar gr. eigi meira en 0.05% ofan eða neðan við verðlagsuppbót þess greiðslutímabils, sem er að ljúka, og skal hún þá eigi breytast á næsta 3ja mánaða tímabili.

6. gr.

Húsaleiga, er fylgir verðlagsvísitölu samkvæmt samningi, má hækka til samræmis við vísitölur eins og þær eru í nóvember 1970, en eftir það skal húsaleiga samkvæmt slíkum samningi haldast óbreytt til loka verðstöðvunartímabilsins.

Hagstofa Íslands sker úr ágreiningsatriðum, er upp kunna að koma um túlkun á fyrri málsgr. þessarar gr.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigar útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í 3. málsgr. 1. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. ágúst 1971.

Gjört í Reykjavík, 19. nóvember 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er borið fram til þess að stöðva hinar viðsjárverðu víxlhækkanir verðlags og kauplags, sem magnazt hafa að undanförnu. Með efnahagsaðgerðunum seint á árinu 1968 hófst hagstæð þróun í efnahagslífinu. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa vaxið ört á ný, og auknar tekjur almennings hafa fylgt í kjölfarið, samfara öflugri aukningu neyzlu og fjárfestingar. Því miður náðist ekki samstaða um, að almenningur nyti kjarabóta með þeim hætti, er samrýmzt gæti misjafnri greiðslugetu atvinnuveganna, heldur var kauphækkun stefnt svo hátt, að verulegar verðhækkanir hlutu að reynast óhjákvæmilegar. Sú skriða víxlhækkana, sem þannig var hleypt af stað, teflir varanlegum hagvexti og atvinnuöryggi í tvísýnu, verði hún ekki stöðvuð í tæka tíð. Jafnframt endurvekur sú framvinda öll þau margþættu vandamál, sem verðbólgunni eru samfara, með afleiðingum, sem Íslendingum eru allt of vel kunnar af fyrri reynslu.

Ráðstafanir þær, sem ráðgerðar eru skv. lagafrumvarpi þessu og í tengslum við það, miða að því að stöðva verðbólguþróunina með því að stöðva víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags við það mark, sem orðið var 1. september síðast liðinn. Þegar á allt er litið, mun launþegum jafnt sem atvinnuvegunum farnast eins vel eða betur, verði gerðar þær ráðstafanir, sem lagðar eru til, fremur en áfram sé haldið gagnvirkum aðlögunum verðlags og launa. En ríkissjóður mun nýta aukinn fjárhagslegan styrk sinn í þessu skyni, og þar með tryggja gildi gjaldmiðilsins og rekstrargrundvöll útflutningsframleiðslu.

Heildarmeðaltal launahækkunar, sem um var samið í júní síðast liðnum, er talið hafa numið um 18%, en að meðtalinni verðlagsuppbót skv. maí-vísitölu, sem jafnframt var samið um, mun alls hafa verið samið um nálægt 21.5% kauphækkun að meðaltali. Hækkun framfærsluvísitölu í ágúst um 4.25% leiddi til hækkunar kaupgreiðsluvísitölu um 4.21% hinn 1. september. Nú er almennt kaupgjald því um 26.5% hærra en það var fyrir síðustu kjarasamninga. Nýlegar athuganir benda til þess, að framfærsluvísitalan myndi að óbreyttu hafa hækkað um 11.8% frá maí til nóvember, en alls um 13.1% frá maí til febrúar n. k. Kaupgreiðsluvísitalan mundi þá ná 110.4 stigum hinn 1. desember og 111.7 stigum hinn 1. marz, og væri kaupgjald þá orðið 35.7% hærra en fyrir kjarasamningana. Með þessu eru ekki taldar áframhaldandi víxlverkanir af völdum þeirra verðlagsuppbóta, sem þar með væru fram komnar. Að þeim meðtöldum mundi framfærsluvísitalan hafa hækkað síðari hluta næsta árs um a. m. k. 16% frá maí s. l. og kaupgreiðsluvísitalan um 14%. Mundi kaupgjald þá alls hafa hækkað um 38.5% frá maí s. l. Hér er um lágmarkshækkun að ræða, þar sem ekki er gert ráð fyrir óframkomnum erlendum verðhækkunum, né öðrum óvissuatriðum, sem leitt gætu til verðhækkana. Hækkunin kynni því að fara fram

úr þessari áætlun, ef ekki yrði gripið til fyrirhugaðra ráðstafana.

Þótt verðhækkanir þessar séu miklar, eru þær ekki meiri en ástæða var til að ætla, að kjarasamningarnir í sumar leiddu til, sé jafnframt tekið tillit til erlendra verðhækkana. Þó hefur komið í ljós, að ástæður til verðhækkana hafa ekki einskorðazt við nýgerða kjarasamninga og erlendar verðhækkanir, heldur höfðu bæði einkaaðilar og opinberir aðilar dregið af ýmsum ástæðum að taka tillit til fyrri kostnaðarhækkana. Lágmarksáætlun, sem gerð var í vor um áhrif hækkaðs launakostnaðar, benti til, að 21.5% hækkun myndi leiða til 13.1% hækkunar verðlags. Við það bætast áhrif erlendra verðhækkana um u. þ. b. 1.6%, en að meðtöldum víxlverkunum frá þeirri viðbótarhækkun mátti gera ráð fyrir 15—16% heildarhækkun verðlags, eða nokkurn veginn jafn mikilli og nú er talið útlit fyrir að óbreyttu.

Af þessu er augljóst, að ekki var hægt að koma í veg fyrir verðlagshækkanir með beitingu verðlagsákvæða, áður en aðlögun verðlags að hækkun launakostnaðar í öndverðu var komin fram. Rök þau, sem færð voru fram fyrir nauðsyn þessara hækkana, voru svo sterk, að þeim varð ekki andmælt. Hækkanirnar hafa dreifzt mjög almennt á allar tegundir vöru og þjónustu og tiltölulega jafnt, eftir því, sem tilefni hafa gefizt til. Hafa hlutaðeigandi yfirvöld fylgzt rækilega með verðlagsaðlöguninni með stuðningi sundurliðaðra vísitöluyfirlita og áætlana og unnið að samræmdu mati hækkunartilefna, svo að sem fastast yrði á móti spornað. Hefur jafnframt verið unnið að því að ljúka þeirri verðlagsaðlögun, sem óhjákvæmileg reyndist, meðan athuganir hafa farið fram til undirbúnings almennum aðgerðum til verðstöðvunar.

Þar sem hér er um að ræða margþætt vandamál, sem snertir alla þjóðfélagsaðila, einkum þó aðila vinnumarkaðarins, leitaðist ríkisstjórnin við að ná sem víðtækustu samkomulagi um aðgerðir. Stofnaði ríkisstjórnin því til viðræðna við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. En í bréfi ríkisstjórnarinnar, dags. 1. júlí s. l. segir m. a.:

„Þar sem margföld reynzla sýnir:

1. að víxlhækkanir á kaupi og verðlagi hafa mjög orðið til þess að draga úr gildi kauphækkana fyrir launþega, jafnframt því, sem þær hafa ofþyngt atvinnuvegum, svo að gagnráðstafanir hafa orðið óumflýjanlegar og
2. að mjög er áfátt um undirbúning og aðferðir við samningagerð í kaupgjaldsmálum,

óskar ríkisstjórnin samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands um rannsókn þessara vandamála og tillögugerð, er verða megi til varanlegra umbóta í þessum efnum."

Svar þessara aðila var jákvætt, og var fyrsti fundurinn með þeim haldinn 20. ágúst. Var fulltrúum Stéttarsambands bænda þá boðið að taka þátt í viðræðunum, að því er umbjóðendur þeirra varðaði. Gagnasöfnun og athugunum á eðli vandamálsins var haldið áfram þar til á 8. og síðasta almenna fundi aðila. En eftir það var rætt við hvern aðila sérstaklega.

Í viðræðunum voru, auk margháttaðra heimilda um launa- og verðlagsmál, lagðar fram skýrslur og áætlanir um þjóðarframleiðslu, útflutningstekjur, innflutning, jöfnuð þjóðarbúsins út á við og afkomu atvinnuveganna. Kom fram, að kaupmáttur launa og neyzla einstaklinga hafa aukizt mjög verulega. Kaupmáttur launa yfir tímabilið júní 1970—maí 1971 mun verða 17.4% hærri en í maí s. l., eða 14% hærri en í júní byrjun s. l. Kemur sú aukning í framhaldi af 6.6% aukningu kaupmáttarins á síðasta samningstímabili frá maí 1969 til júníbyrjunar 1970. Áætlað hefur verið með hliðsjón af þegar gerðum kjarasamningum, að aukning einkaneyzlu muni nema 12.9% milli 1969 og 1970 og 9% til viðbótar milli 1970 og 1971.

Á yfirstandandi ári mun verða hagstæður greiðslujöfnuður við útlönd og afkoma útflutningsatvinnuveganna yfirleitt góð. Eins og málin stóðu eftir síðustu hækkun verðlagsuppbóta í september voru horfur á, að óheft verðbólguþróun mundi leiða til hallareksturs útflutningsgreinanna og óhagstæðs viðskiptajafnaðar, er hvort

um sig gæti numið hundruðum milljóna. Hins vegar var talið, að með stöðvun á því stigi framleiðslukostnaðar, sem þá ríkti, mundi haldast bærilegur jöfnuður. Afurðaverð er tíðum breytingum undirorpið. En hærra verðlag en náðst hafði í september s. l. hlýtur að teljast ótryggur grundvöllur. Það er hlutverk verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins að jafna tímabundnar sveiflur afurðaverðsins. Áframhaldandi verðbólga myndi hindra þróun þeirra útflutningsgreina, sem staðið gætu við hlið sjávarútvegsins. Sérstaka áherzlu verður að leggja á, að þær launahækkanir, sem útflutningsatvinnuvegirnir geta borið, komi fram sem raunverulegar kjarabætur, en ekki sem verðlagsuppbætur, sem ekki fela í sér aukið raungildi launa. Á þennan hátt er stefnt að auknu atvinnuöryggi, sem er jafn mikilvægt launþegum og atvinnurekstrinum.

Um verðstöðvun (sbr. 1., 6. og 7. gr.)

Gert er ráð fyrir, að verðstöðvunin taki gildi miðað við verðlag hinn 1. nóvember, en frá og með þeim degi gekk í gildi bann við verðhækkunum á þeim vettvangi, sem vald Verðlagsnefndar nær til, sbr. lög nr. 54 1960. Hagstofan gerði í fyrri hluta október athugun á verðlagi neyzluvöru og þjónustu og gerði á þeim grundvelli áætlun um vísitölu framfærslukostnaðar hinn 1. nóvember. Enda þótt verðstöðvun væri þá í vændum, áttu eftir að koma fram óhjákvæmilegar verðhækkanir opinberra aðila, er falla síðar til skv. föstum reglum, svo og áhrif áður tekinna verðlagsákvarðana og tiltekin áhrif erlendra verðhækkana. Að þessum væntanlegu hækkunum meðtöldum var gerð heildaráætlun um óhjákvæmilega hækkun framfærslukostnaðar, án tillits til þeirra áhrifa, sem hækkun verðlagsuppbóta í september eða síðar myndi hafa á verðlag, ef ekkert yrði að gert. En að mestu ætti áætluð hækkun að vera komin fram í febrúar n. k.

Áætlun þessi fer hér á eftir, ásamt þeirri hækkun kaupgreiðsluvísitölu, sem kæmi í kjölfarið. Er framfærsluvísitalan færð til grundvallar í maí-mánuði s. l., en grunnur kaupgreiðsluvísitölu miðast við þann tíma. Áætlunin er sett fram með fyrirvara um atriði, sem kunna að hafa breytzt frá athugun, svo og um hugsanlegar erlendar verðbreytingar.

	Vísitala framfærslukostnaðar	
	Jan. 1968 = 100	Maí 1970 = 100
Maí 1970	141.2	100.0
Ágúst 1970	147.2	104.25
Nóvember 1970, áætlun	157.9	111.8
Febrúar 1971 (eða síðar), áætlun	159.7	113.1

Sú hækkun verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem stafar af hækkun launaliðarins til samræmis við önnur laun, dregst frá, þá er kaupgreiðsluvísitala er reiknuð. Er sá frádráttur áætlaður 1.4%-stig m. v. maí-grunn, bæði í nóvember og febrúar. Myndi hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar þá verða sem hér segir, en grunnur hennar í júní s. l. miðast við framfærslukostnað í maí.

	Kaupgreiðsluvísitalan	
	Júní (maí) 1970 = 100	Hækkun frá sept.-stigi
September 1970	104.21	—
Desember 1970	110.4	6.2
Marz 1971	111.7	7.5

Með verðstöðvuninni, þ. e. almennu banni við verðhækkunum, er gerð ráðstöfun til þess að fyrirbyggja, að verðlag hækki frekar en gert er ráð fyrir í ofangreindu, og óhjákvæmilegt hlýtur að teljast. En auk þess hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að hamla gegn verðhækkunum, sem að öðrum kosti hefðu orðið

enn meiri en að ofan greinir. Að tilhlutan ríkisstjórnarinnar hefur Verðlagsnefnd starfað skv. þeirri meginreglu að taka ekki tillit til hækkunar á launakostnaði vegna verðlagsuppbóta í september, að undantekinni útseldri vinnu, þar sem launin sjálf eru sölueining í viðskiptum. Jafnframt hefur nefndin almennt beitt ströngu aðhaldi í afgreiðslum sínum og ekki leyft meiri verðhækkanir en mat á afkomu hlutaðeigandi fyrirtækja og atvinnugreina hefur gefið tilefni til. Þá hefur ríkisstjórnin hlutazt til um sérstaklega strangt aðhald að verðákvörðunum opinberra stofnana, og hefur þeim verið haldið innan mun þrengri marka en almennar reglur eða fyrirframáætlanir um hækkunartilefni gáfu ástæðu til og í sumum tilvikum langt undir rökstuddum óskum hlutaðeigandi stofnana. Mun takmörkuð verðhækkun opinberra aðila reyna mjög á hagræðingu og nýtni í rekstri þeirra.

Ekki er unnt að gera nákvæma grein fyrir því, að hvaða marki fyrirstaða þessi hefur dregið úr verðhækkunum. Eftir því sem næst verður komizt, munu verðhækkanir opinberra aðila valda minni hækkun vísitölunnar sem svarar um 0.4%-stigum (m. v. maí-grunn) en skv. almennri áætlun um hækkunartilefni. Fyrirstaða verðlagsyfirvalda gegn áhrifum septemberhækkunar launa mun að öllum líkindum valda svipuðum eða meiri mun, svo að alls hafi þegar verið hamlað gegn u. þ. b. 1%-stigs hækkun með ofangreindum ráðstöfunum.

Þar sem samningar um húsaleigu kveða í mörgum tilvikum svo á, að leigan skuli tengd vísitölu, er með 6. gr. gert ráð fyrir, að þegar áorðin hækkun viðkomandi vísitölu sé tekin til greina, en hækkanir umfram það ekki leyfðar á gildistíma laganna.

Til frekari tryggingar fyrir stöðvun verðlags, er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilt að koma í veg fyrir hækkun hvers konar skattgjalda af hálfu sveitarfélaga. Eru ákvæði 7. gr., sem um þetta fjalla, hliðstæð ákvæðum 3. gr. laga um heimild til verðstöðvunar nr. 86, 1966.

Um launaskatt og aðra tekjuöflun (sbr. 2. gr.).

Álagning sérstaks launaskatts er framlag atvinnurekstrarins til verðstöðvunar. Er sú leið einfaldari og eðlilegri en aðrar, sem komið gætu til mála. Skatturinn leggst á þá stærð í rekstrinum, launakostnaðinn, sem fyrst og fremst myndi hækka, ef ekki kæmi til verðstöðvunar. Atvinnurekstrinum er ætlað að bera þennan skatt, án þess að tillit verði tekið til hans í verðlagi vöru og þjónustu. Þar sem orðið hefur mikil og almenn aukning framleiðslu og veltu fyrirtækja á þessu ári, má telja víst, að atvinnurekstrinum muni almennt reynast kleyft að bera þetta nýja álag, enda þótt örðugt geti reynzt í þeim tilvikum, þar sem strangast aðhald hefur verið haft að verðlagi. Í samanburði við þá hækkun verðlagsuppbóta, sem í vændum væri að óbreyttu, er atvinnuvegunum augljós hagur að því að greiða heldur hinn nýja launaskatt.

Áætlað er, að hvert 1% á álagningarstofn launaskatts skili á heilu ári (1971) 238 m.kr., þar af um 218 m.kr. hreinum tekjuauka umfram það, sem fellur á launaútgjöld ríkissjóðs. Þannig er áætlað, að 1½% launaskattur skili 327 m.kr. hreinum tekjuauka á heilu ári til hinna fyrirhuguðu verðstöðvunarráðstafana, eða 246 m.kr. þá þrjá ársfjórðunga, sem lögunum er ætlað að gilda.

Þá hefur verð á áfengi og tóbaki þegar verið hækkað um 15% í þeim sérstaka tilgangi að standa undir útgjöldum vegna verðstöðvunarráðstafana. Tekjuauki af þessari ráðstöfun er áætlaður 190 m.kr. Hér er um að ræða sérstaka hækkun á munaðarvörum til þess að greiða niður lífsnauðsynjar almennings, og því ekki reiknuð til verðlagsuppbóta þau 0.6%-stig vísitölunnar, sem hækkunin mun valda.

Hliðstætt þessu hafa hækkanir tryggingagjalda vissa sérstöðu. Að framkominni væntanlegri hækkun almannatryggingagjalds um næstu áramót, má vænta, að samanlögð hækkun þeirra og sjúkrasamlagsgjalda verði til muna meiri hlutfallslega en vísitölunnar að öðru leyti. En hækkun þessara greiðslna á aðeins að nokkru leyti

rót sína að rekja til verðhækkana, heldur stafar af auknum greiðslum til þeirra, sem verst eru settir, í samræmi við almennar kjarabætur, svo og af mjög aukinni heilbrigðisþjónustu. Mun í samskiptum launþega og vinnuveitenda tæplega hafa verið höfð hliðsjón af, að framvinda félagsmála hefði slík áhrif til örari vixlhækkana. Er því gert ráð fyrir, að væntanleg hækkun almannatryggingagjalds um næstu áramót, er numið getur um 0.4%-stigum, verði ekki látin hafa áhrif til hækkunar kaupgreiðsluvísitölu.

Að öðru leyti en að ofan er greint mun útgjöldum vegna verðstöðvunarinnar mætt með framlagi ríkissjóðs án nýrra eða hækkaðra skattgjalda, í samræmi við þá meginhugsun, að hver hinna þriggja meginaðila, er hagnast á verðstöðvun, atvinnureksturinn, launþegar og ríkissjóður, stuðli með sínum hætti að lausn vandans.

Ríkissjóði er kleift að taka þetta á sig af eftirgreindum ástæðum. Vegna minni útflutnings landbúnaðarafurða, er leiða mun af aukinni neyzlu innanlands, munu sparast um 130 m.kr. í útflutningsbótum. Til að mæta hækkuðum verðlagsuppbótum launa voru lagðar til hliðar 150 m.kr., og sparast sú upphæð a. m. k. að mestu leyti við verðstöðvun. Að sama skapi verður þrengra svigrúm fyrir aukningu annarra útgjalda, sem kann að reynast nauðsynleg. En aftur á móti mun auðið að ná drýgri tekjum en reiknað er með í fjárlagafrumvarpi út úr vissum tekjustofnum, án þess að auka skattbyrðar og jafnvel þótt þær séu ákveðnar léttari en nú er. Mun þessi hlið málsins vera til meðferðar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1971. Loks má vænta þess, að afkoman í ár muni gera kleift að létta nokkuð byrðar lánagreiðslna, sem annars féllu til á næsta ári. Alls má vænta, að framlag ríkissjóðs, sem séð yrði fyrir með ofangreindum hætti, verði um 340 m.kr. miðað við heilt ár.

Fjár til útgjalda vegna verðstöðvunar, sem alls eru áætluð 858 m.kr. miðað við heilt ár, verður þá aflað með eftirgreindum hætti:

	Heilt ár	¾ árs
Launaskattur 1½%	327 m.kr.	245 m.kr.
Hækkun á verði áfengis og tóbaks	190 —	143 —
Framlag ríkissjóðs	341 —	256 —
Alls til ráðstöfunar	858 m.kr.	644 m.kr.

Um niðurfærsluráðstafanir (sbr. 3. og 4. gr.).

Til þess að verðstöðvun geti orðið raunveruleg, verður að færa niður með einum eða öðrum hætti þau 7.5%-stig vísitölunnar á maí-grunn, sem að öðrum kosti myndu reynast óhjákvæmilegt tilefni öflugra og örra gagnverkana verðlags og launa. Stefnt er að því að ná eftirgreindum árangri með aukningu fjölskyldubóta skv. 3. gr. frumvarpsins og niðurgreiðslum lífsnauðsynja, en heimild til þeirra liggur fyrir í 28. gr. laga um efnahagsmál nr. 4, 1960.

Fjölskyldubætur voru síðast hækkaðar 1. apríl s. l. um 27%, nema bætur með 1. barni foreldra, sem stóðu óbreyttar. Fyrirhugað er að jafna greiðslur með 1. barni við greiðslur með síðari börnum og hækka hvorar tveggja upp í 8 000 kr. m. v. heilt ár. Áætlun um fjölskyldubætur á heilu ári (1971) ásamt fyrirhuguðum breytingum, er sem hér segir:

Núgildandi áætlun	Ársbætur á barn	Ársupphæð m.kr.
1. barn foreldra	4 356	139.4
Síðari börn	5 532	226.8
Alls		366.2
Auknar bætur	8 000	584.0
Aukning bóta		217.8

Niðurfærsla vísitölu framfærslukostnaðar við þessa aukningu fjölskyldubóta mun verða um 1.55%-stig á maí grunn. Gert er ráð fyrir, að hækkaðar fjölskyldubætur taki gildi frá 1. nóvember, og nemur kostnaður hækkunarinnar á gildistíma laganna þá um 180 m.kr.

Hækkun ársupphæðar fjölskyldubóta mun verða sem hér segir, miðað við mismunandi barnafjölda foreldra:

Börn í fjölskyldu	Ársupphæð bóta í krónum Fyrir hækkun	Eftir hækkun	Hækkun
1 barn	4 356	8 000	3 644
2 börn	9 888	16 000	6 112
3 —	15 420	24 000	8 580
4 —	20 952	32 000	11 048

Niðurgreiðslur búvara hafa lækkað allmjög að hlutfalli við útsöluverð þeirra um árabil, að undanteknu verðstöðvunartímabilinu 1966—'67, er þær hækkuðu verulega. Búvörur hafa að sjálfsögðu mjög mikla þýðingu í neyzlu almennings og þar með í vísitölu framfærslukostnaðar, enda þótt þær vegi þar ekki eins þungt að tiltölu og var í fyrra vísitölugrundvelli. Árskostnaður á niðurgreiðslu hvers vísitölustigs er mismunandi eftir afurðum, lægstur á nýmjólk og kartöflum, hærri á kjöti, en hæstur á smjöri. Metin jafnast hins vegar verulega, þegar tillit er tekið til sparnaðar útflutningsbóta við aukna neyzlu búvaranna innanlands.

Niðurgreiðsla búvara verkar þegar í stað til þess að koma hagsbótum á framfæri við launþega og aðra neytendur. Neyzla þessara vara mun aukast við niðurgreiðslu þeirra, og hafa nýlegar rannsóknir varpað ljósi á sambandið milli verðs þeirra og neyzlumagns. Á hinn bóginn mun draga úr útflutningi og sparast útflutningsuppbætur, sem bændum eru tryggðar með sérstökum lagaákvæðum.

Áformuð er aukin niðurgreiðsla neyzluvara, er svari allt að 3.6%-stigum vísitölu á maí-grunni, eða stigum kaupgreiðsluvísitölu. Er áætlað, að það muni kosta ríkissjóð um 640 m.kr. m. v. neyzlu heils árs. Að mestu eða öllu leyti er hér um niðurgreiðslu búvara að ræða, þótt aðrar hliðstæðar ráðstafanir í takmörkuðum mæli séu enn til athugunar. En á móti er áætlaður sparnaður útflutningsbóta um því sem næst 130 m.kr. á ársgrundvelli. Upphæðin til þeirra í fjárlagafrumvarpi er 390 m.kr. (405 m.kr. eftir endurskoðun á áætlun um verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar). Niðurgreiðslur á mjólk og rjóma tóku gildi 1. nóvember, samtímis hækkun á áfengi og tóbaki.

Auk reglubundinna verðhækkana vegna geymslu- og vaxtakostnaðar á kjöti má reikna með nokkurri hækkun fóðurbætisverðs, sem framleiðendur ættu að óbreyttu rétt á að fá bætta í verði afurðanna. Búvöruframleiðendur hagnast óbeint á verðstöðvun, þar sem að jafnaði er ársfjórðungsfrestur frá því að hækkaðar verðlagsuppbætur koma á laun, þar til þær koma fram í afurðaverði, og hið sama gildir í svipuðum eða ríkari mæli um aðrar kostnaðarhækkanir. Er því sanngjarnt, að bændur leggi eitthvað af mörkum sem framleiðendur, en launaskattur skv. frumvarpinu leggst ekki á búvöruframleiðendur. Er til þess ætlazt, að það komi fram í þeirri mynd, að framleiðendur taki á sig hækkun fóðurbætis að tilteknu marki, og verður haft um það nánara samráð við samtök framleiðenda.

Alls nema áformaðar ráðstafanir til þess að halda framfærslukostnaði niðri eftirgreindum áætluðum fjárhæðum og vísitöluáhrifum:

	Ársútgjöld m.kr.	Útgjöld á gildistíma m.kr.	Niðurfærsla %-stig á maí grunn
Fjölskyldubætur	218	180	1.55
Niðurgreiðslur	640	480	3.55
	858	660	5.10

Verðlagsuppbót á laun (sbr. 5. gr.).

Launþegar munu eins og aðrir hagnast á því, að verðlag hækki ekki frekar, enda þótt kaupið hækkaði frá 1. desember vegna verðhækkana. Samkvæmt gildandi kjarasamningum breytast verðlagsuppbætur á þriggja mánaða fresti, en verðlagshækkanirnar dreifast á þriggja mánaða tímabilið. Verðlagsuppbætur koma því alltaf nokkuð á eftir verðlagshækkuninni.

Ef þróun verðlags og kaupgjalds yrði eins og áætlað hefur verið á tímabilinu fram í maí næstkomandi, yrði tjón launþegans á heilu ári, júní 1970 til maí 1971, af þessum sökum 2.75%-stig að meðaltali, en á næsta tímabili, desember 1970 til febrúar 1971, er það áætlað um 2%-stig. Miðað við að verðbólga héldi áfram að magnast og ráðstafanir yrði að gera til stuðnings atvinnuvegunum, má gera ráð fyrir, að framleiðslutap vegna tafar á verðlagsbótum yrði ekki minna en þetta.

Með tilliti til þess, að launþegar munu, vegna þeirra ráðstafana, sem þetta frumvarp fjallar um, forðast þessa 2% kjararýrnun, er gert ráð fyrir, að greiðsla 2% launahækkunar vegna verðhækkana frestist frá 1. desember 1970 til loka verðstöðvunartímabilsins, 1. september 1971. Þá koma þessi 2%-stig aftur til framkvæmda og greiðast frá þeim tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar gr. er verðhækkun á **öllum vörum** og á seldri þjónustu í **hvaða formi sem hún er** óheimil á verðstöðvunartímabilinu, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og þau mega ekki leyfa aðra verðhækkun en þá, sem þau telja óhjákvæmilega. Auk þess þarf samþykki ríkisstjórnar að koma til.

Yfirvöld þau, er mega, ef til kemur, leyfa óhjákvæmilegar verðhækkanir, eru hin sömu og nú fara með verðlagsákvarðanir, hvert á sínu sviði, þ. e. Verðlagsnefnd, samkvæmt lögum nr. 54/1960, Sexmannanefnd, er ákveður verð búvöru samkvæmt framleiðsluráðslögum, nr. 101/1966, Lyfjaverðlagsnefnd, er ákveður verð á lyfjum samkvæmt VII. kafla lyfsölulaga, nr. 30/1963. Þá eru nokkrar verðlagsákvarðanir lögum samkvæmt í höndum einstakra ráðuneyta.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að lagður verði á sérstakur launaskattur til þess að standa straum af útgjöldum, sem fylgja framkvæmd verðstöðvunar. Um álagningu þessa skatts vísast til nánari greinargerðar í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 3. gr.

Í þessari gr. er kveðið á um hækkun fjölskyldubóta frá og með 1. nóvember 1970. Er gerð ýtarleg grein fyrir þeirri fyrirætlun í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um, hvernig haga skuli útreikningi kaupgreiðsluvísitölu á verðstöðvunartímabilinu. Ákvæði eru um, að hækkun á útsöluverði áfengis og tóbaks hinn 30. október 1970, og væntanleg og óhjákvæmileg hækkun á iðgjaldi til almannatrygginga frá ársbyrjun 1971, skuli ekki hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitölu. Um þetta hvort tveggja er fjallað nánar í almennum athugasemdum að framan.

Þá er og í 2. málsgr. þessarar gr. lagt til, að við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skuli — að því er varðar vörur, sem greiddar eru niður með fjárframlagi úr ríkissjóði — eigi miða við útsöluverð á útreikningstíma framfærsluvísitölu, heldur við

1. dag næsta mánaðar, enda tilkynni ríkisstjórn Kauplagsnefnd með minnst 2ja vikna fyrirvara hverju sinni, hvaða breytingar hún kann að hafa ákveðið að gera á niðurgreiðslum frá byrjun næsta mánaðar. Tilgangur þessa ákvæðis er sá að gera ríkisstjórninni kleift að breyta niðurgreiðslum nákvæmlega eins og með þarf til þess að halda kaupgreiðsluvísitölunni óbreyttri. Rétt er að taka það fram, að þessi tilhögun verðviðmiðunar við ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu breytir engu um útreikningstíma hennar frá því, sem verið hefur.

Loks eru í 4. málsgr. þessarar gr. ákvæði um hinn svo nefnda „búvörufrádrátt". Eru þau efnislega hin sömu og eru í gildandi kjarasamningum, að því frátöldu, að hér er tekið fram, að niðurgreiðsla búvöruverðs til mótvægis hækkun þess á sama tíma og búvörufrádráttur kemur til framkvæmda við útreikning kaupgreiðsluvísitölu, skuli ekki hafa áhrif á stærð hans. Hér er um að ræða eðlilega breytingu á því orðalagi, sem til þessa hefur verið í lögum og kjarasamningum um þetta efni.

Að öðru leyti eru ákvæði frv. um útreikning kaupgreiðsluvísitölu óbreytt frá því, sem er í kjarasamningum frá sumri 1970.

Um 5. gr.

Í fyrri málsgr. þessarar gr. er kveðið svo á, að verðlagsuppbót, sem svarar til 2ja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skuli eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. sept. 1971. Um þetta er fjallað ýtarlega í almennum athugasemdum hér að framan.

Ákvæði fyrri málsliðs 2. málsgr. þessarar gr. er óbreytt frá því, sem er í gildandi kjarasamningum. Ákvæði síðara málsliðs er hins vegar nýtt. Er tilgangur þess sá að koma í veg fyrir, að smávægileg breyting á kaupgreiðsluvísitölu, reiknaðri samkvæmt 4. gr., leiði til breytingar á verðlagsuppbót 4.21%, enda er gert ráð fyrir, að hún haldist til loka verðstöðvunartímabilsins. Þarf að setja þetta ákvæði vegna þess, að t. d. útsöluverð á nýmjólk breytist nú orðið ekki um minna en 10 aura, eða um eitthvert margfeldi 10 aura.

Um 6. gr.

Nú er orðið algengt að ákveða í húsaleigusamningum, að húsaleiga skuli fylgja verðlagsvísitölu. Er þar fyrst og fremst um að ræða vísitölu byggingarkostnaðar eða svo nefnda vísitölu húsnæðiskostnaðar, sem fyrir nokkru var hafin birting á, en aðrir mælikvarðar eru einnig notaðir, þótt sjaldnar sé. Þykir rétt að ákveða, að verðlagsbætur samkvæmt slíkum samningum megi hækka til samræmis við vísitölur eins og þær eru í nóvember 1970, en að slík verðtryggð húsaleiga skuli síðan haldast óbreytt til loka verðstöðvunartímabilsins. — Með því að fyrirsjáanlegt er, að framkvæmd þessa ákvæðis verður óvissu bundin í sumum tilvikum, þykir rétt, að einum opinberum aðila sé falið að skera úr ágreiningi, sem upp kann að koma. Liggur næst að fela Hagstofunni þetta verkefni vegna starfa hennar að vísitölumálum.

Um 7. gr.

Með hliðsjón af því, hve víðtæk ákvæði 1. gr. frv. eru, þykir rétt og sanngjarnt, að álagningarstigar tekjuútsvars, eignarútsvars og aðstöðugjalds hækki ekki frá því, sem er 1970, nema sérstakt samþykki ríkisstjórnarinnar komi til. Getur orðið óhjákvæmilegt að veita slíkar undanþágur, eftir mati hverju sinni. Eru um þetta ákvæði í fyrri málsgr. 7. gr., og í síðari málsgr. hennar eru samsvarandi ákvæði um önnur opinber gjöld. — Samhljóða ákvæði voru í 3. gr. laga nr. 86/1966, um heimild til verðstöðvunar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Nd. 107. Frumvarp til laga [102. mál]

um fjórðungsdeildir Landsspítala Íslands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Auk Landsspítalans í Reykjavík skal ríkið reka fjórðungsdeildir Landsspítalans í öllum landsfjórðungum. Skal ein fjórðungsdeildin vera á Vestfjörðum, ein eða tvær á Norðurlandi, sú þriðja á Austfjörðum, en hin fjórða á Suðurlandsundirlendinu, ef heilbrigðismálastjórnin telur ástæðu til að staðsetja þar landsspítaladeild sökum nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík.

2. gr.

Fjórðungsdeildir Landsspítalans skulu vera búnar fullkomnustu lækningatækjum og vera undir stjórn vel menntaðra sérfræðinga í skurðlækningum og lyflækningum.

3. gr.

Nú er starfandi sjúkrahús í einhverjum landsfjórðungi þannig búið eða staðsett, að það þyki vel fallið til að verða fjórðungsdeild Landsspítalans, og skal þá ríkið semja um yfirtöku þess við eiganda sjúkrahússins.

4. gr.

Heimilt er stjórn ríkisspítalanna að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um hagkvæman rekstur fjórðungsdeildar, ef heilbrigðismálaráðherra óskar þess.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Greinargerð.

Það nýmæli í skipan heilbrigðismála felst í þessu frumvarpi, að Landsspítala Íslands sé skipt í deildir þannig, að auk Landsspítalans í Reykjavík reki ríkið einnig landsspítaladeild á Vestfjörðum, á Norðurlandi og Austfjörðum, svo og á Suðurlandi, ef ástæða væri talin til þess, sakir nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík.

Frumvarpið byggir á þeirri hugsun, að ríkinu beri skylda til að tryggja þegnunum sem jafnast öryggi í heilbrigðismálum, án tillits til búsetu.

Það getur naumast réttlátt talizt, að ríkið reki stórt og fullkomið sjúkrahús í Reykjavík og létti þannig miklum útgjöldum af herðum skattborgara höfuðborgarinnar, en ætli hins vegar tiltölulega fámennum bæjarfélögum úti á landi að leggja á gjaldþegna sína þungar byrgðar vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa. Með þessu er freklega gert upp á milli þegnanna eftir því, hvort þeir hafa valið sér búsetu í höfuðborginni eða ekki.

Í gildandi löggjöf er viðurkennd nauðsyn þess að efla eitt tiltölulega fullkomið sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi. Þetta er gert með ákvæðunum um nokkuð ríflegri rekstrarfjárframlög úr ríkissjóði til þeirra sjúkrahúsa, sem fullkomnust eru og bezt búin lækningatækjum og sérfræðilegri kunnáttu. Þannig eru fjórðungssjúkrahúsin á Ísafirði, Akureyri og í Neskaupstað til komin. Þessi sjúkrahús fá aðsókn og taka við sjúklingum langt út fyrir lögsagnarumdæmi heimahéraðsins, sem gert er að standa undir rekstri þeirra, að frátöldum smávægilegum styrk frá ríkinu. Öll eru þessi sjúkrahús rekin með miklum rekstrarhalla, og leggst sú byrði á gjaldþegna viðkomandi bæjarfélags. Þetta er í fyrsta lagi ranglátt vegna þess, að

meira en helmingur sjúklinganna er utanbæjarfólk. Og í annan stað er þetta sérstaklega ósanngjarnt vegna þess, að bæjarfélögin, sem sjúkrahúsin eiga, fá ekki sjálf að ákveða sjúkradaggjöldin eftir tilkostnaði við rekstur sjúkrahúsanna og eru þannig dæmd til að standa undir rekstrarhallanum. Þetta er, eins og fyrr segir, í fullu ósamræmi við það, að ríkið rekur sjálft Landsspítalann í Reykjavík. Með því tekur ríkið ekki aðeins á sig að bera hallann af heilbrigðisþjónustu vegna utanborgarsjúklinga á Landsspítalanum, heldur einnig vegna Reykvíkinga sjálfra.

Að vísu yrði fullum jöfnuði ekki náð í þessum efnum með neinu öðru móti en því, að ríkið tæki að sér rekstur allra sjúkrahúsa. En hér er farin sú millileið, að ríkið reki stærstu sjúkrahúsin, sem mestar kröfur eru gerðar til, þannig að eitt ríkisrekið sjúkrahús sé a. m. k. í hverjum landsfjórðungi. Þó er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, vegna fjölmennis í Norðlendingafjórðungi, að þar kynni að verða talið við hæfi, að ríkið ræki tvö sjúkrahús. Engu er þó slegið föstu um það.

Á því er full hætta, að bæjarsjúkrahús, sem rekin eru til lengdar með stórfelldum halla, fái ekki fullnægjandi viðhald og verði ekki eins vel búin lækningatækjum og sérfræðilegu starfsliði og æskilegt er. Er það trú flutningsmanns, að þessari hlið málsins ætti að vera betur borgið með deildaskiptum landsspítala. Sama er að segja um dreifingu hinnar fullkomnustu læknisfræðilegu sérþekkingar. Þegar aðalsjúkrahúsin í öllum landshlutum væru orðin deildir einnar og sömu stofnunar, verður ekki séð, að neitt væri því til fyrirstöðu, að færustu læknar Landsspítalans í Reykjavík tækju sér ferð á hendur til fjórðungsdeildanna, þegar mikið þætti við liggja, eða jafnvel, að hægt væri að skáka sérfræðingum stofnunarinnar til eftir atvikum, eða til tímabundinnar dvalar í fjórðungsdeildunum.

Með deildaskiptum landsspítala í öllum landsfjórðungum er fólkinu úti um byggðir landsins gert jafnhátt undir höfði og íbúðum höfuðborgarinnar. Fólkið fengi aukið öryggi í heilbrigðismálum, og hin fullkomnasta læknisfræðilega sérþekking notaðist betur en með núverandi fyrirkomulagi.

Þess vegna er það sannfæring flutningsmanns þessa frumvarps, að auk Landsspítalans í Reykjavík eigi Vestfirðingar að fá sína fjórðungsdeild Landsspítala, Austfirðingar með sama hætti sína landsspítaladeild, Norðlendingar sína — e. t. v. tvær — svo og Sunnlendingar sína, ef heilbrigðisyfirvöld telja, að með því verði íbúðum Suðurlandsundirlendisins veitt betri og öruggari heilbrigðisþjónusta en með núverandi skipan, þ. e. beinni þjónustu Landsspítalans í Reykjavík.

Fjórðungssjúkrahúsin, sem nú starfa, hafa innt merkilegt hlutverk af hendi og sannað nauðsyn þess, að a. m. k. eitt vel búið sjúkrahús sé í hverjum landsfjórðungi.

En þetta fyrirkomulag hefur þá meginannmarka, að rekstur þeirra hefur reynzt ofviða bæjarfélögunum, eigendum þeirra. Það býður aftur heim þeirri hættu, að viðhald þeirra og tæknilegur og fræðilegur búnaður svari eigi ávallt kröfum tímans. Eigi getur heldur réttlátt talizt, að lítil bæjarfélög beri halla af rekstri sjúkrahúsa, sem að miklum minni hluta eru sótt af innanbæjarsjúklingum.

Flutningsmaður telur, að fram hjá þessum annmörkum verði bezt sneitt með landsspítaladeildum í öllum landsfjórðungum í stað fjórðungssjúkrahúsanna, sem nú starfa og eru í eigu einstakra bæjarfélaga. Jafnframt tel ég, að með þeirri skipan sjúkrahúsamála, sem til er lagt í frumvarpinu, sé stefnt að auknu jafnrétti og öryggi í heilbrigðismálum.

Ed. 108. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1968.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að gera athugasemdir við einstaka liði ríkisreikningsins.

Alþingi, 5. nóv. 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Bjarni Guðbjörnsson.
Björn Jónsson.
Einar Ágústsson.
Oddur Andrésson.
Sveinn Guðmundsson.

Sþ. 109. Fyrirspurnir. [103. mál]

I. Til samgönguráðherra um rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð o. fl.

Frá Jóni Árnasyni.

1. Hvað líður störfum nefndar, er skipuð var til að vinna að fullkominni rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð, samkvæmt þingsályktun samþ. 18. apríl 1967?
2. Hvað líður rannsóknum um væntanlega brúargerð yfir Hvítá hjá Borgarnesi?

II. Til sjávarútvegsráðherra um álitsgerðir vegna opnunar veiðisvæða til dragnótaveiða í Faxaflóa s. l. sumar.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hvaða aðilar á Faxaflóasvæðinu voru beðnir um álitsgerðir vegna opnunar veiðisvæða til dragnótaveiða í Faxaflóa s. l. sumar?
2. Frá hvaða aðilum bárust svör?
3. Á hvern veg voru álitsgerðir, sem bárust:
   a) fyrir 25. apríl
   b) fyrir 20. júní?

Nd. 110. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til laga um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal skipa nefnd, er í eiga sæti líffræðingur, jarðvegsfræðingur og aðrir sérfræðingar, til þess að safna vitneskju um mengun frá olíuhreinsunarstöðvum og um hættu á mengunarslysum í sambandi við starfrækslu þeirra. Skal nefndin gera

grein fyrir niðurstöðum sínum, áður en teknar verða endanlegar ákvarðanir um byggingu olíuhreinsunarstöðvar. Kostnaðurinn við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 111. Frumvarp til laga [104. mál]

um Fiskvinnslustofnun ríkisins.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Sett skal á stofn og starfrækt undir nafninu Fiskvinnslustofnun ríkisins margháttuð fiskvinnsla og hagnýting sjávarafla. Ríkissjóður leggur fram 20 millj. kr. sem stofnframlag, óafturkræft, á árinu 1971.

2. gr.

Hlutverk Fiskvinnslustofnunar ríkisins skal vera að annast margvíslegar tilraunir með vinnslu á sjávarafla og hagnýtingu þeirra ásamt því að þjálfa menn til verkstjórnar við alla fiskvinnu og mat á öllum sjávarafurðum og auka verkkunnáttu verkafólks, er við fisk vinnur eða vinnslu sjávarafla. Stofnunin hefur rétt til þess að veita mönnum prófskírteini að loknu námi, og sá, er prófinu nær, hefur rétt til þess að kallast fiskvinnslufræðingur.

3. gr.

Fiskvinnslustofnun ríkisins skal í samvinnu við sölusamtökin eða sjálf leitast við að finna markað fyrir nýjungar í framleiðslu sinni.

4. gr.

Fiskvinnslustofnunin heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Hann skipar forstjóra stofnunarinnar eftir tilnefningu stjórnar stofnunarinnar. Í stjórn skulu vera fimm menn. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Tveir stjórnarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu launþegasamtakanna á Suðurnesjum. Einn skal tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna. Einn skal tilnefndur af öðrum sölusamtökum sameiginlega. Forstjóri stofnunarinnar skal hafa háskólapróf í rekstrar- eða fiskvinnslufræðum.

5. gr.

Fiskvinnslustofnun ríkisins skal annast fræðslustarf um meðferð, vinnslu og hagnýtingu á sjávarafla með bókaútgáfu, námskeiðum eða fyrirlestrum og á annan árangursríkan hátt. Stofnuninni er skylt að veita hagsmunaaðilum sjávarútvegsins allar þær upplýsingar, sem unnt er, um starfsemi sína og einnig Verðlagsráði sjávarútvegsins.

6. gr.

Fiskvinnslustofnunin er sjálfstæð stofnun með sér fjárhag. Sérstakt útflutningsgjald skal innheimt af fob.-verðmæti alls sjávarafla, 0.25%, sem stofnunin fær, og leggur ríkissjóður árlega fram jafnháa upphæð. Aðrir tekjustofnar, sem stofnunin kann að þurfa, skulu ákvarðaðir af ráðherra í reglugerð.

7. gr.

Heimili og varnarþing skal vera í Keflavíkurkaupstað.

8. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um allt, er að framkvæmd þessara laga lýtur.

9. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Því miður hafa orðið geysilegar sveiflur í aflamagni og sölu á afla hjá okkur Íslendingum á nokkrum s. l. árum. Þessar sveiflur hafa orsakað hér mjög alvarleg efnahagsleg vandamál, sem óþarft er að rekja nánar. Öllum háttvirtum þingmönnum eru þau svo vel kunn.

Vegna þessara breytinga í afla og samsetningu á aflanum hafa menn leitazt við að veiða nýjar fisktegundir, og hefur mjög lofsverður árangur náðst í þeim efnum. Hér má t. d. benda á loðnuaflann og verðmæti hans, sem nú nemur hundruðum milljóna og veitir mikla björg í bú og kom sér sérstaklega vel fyrir stærri síldarbátana og verksmiðjurnar, sem lentu í erfiðleikum vegna þess, að síldin hvarf því sem næst. Nokkuð hefur verið fryst af loðnu og selt til Japans, og fæst þar fyrir hana allgott verð. Þetta sýnir, að með samstilltu átaki og tilraunum má ná aukinni hagnýtingu á vinnslustiginu og einnig góðum markaði, sem færir auknar tekjur fyrir alla aðila. Að þessu markmiði vill flutningsmaður stefna í ríkara mæli en verið hefur undanfarin ár.

Því miður hefur ekki ríkt innan vinnslugreina sjávarútvegsins eðlileg samvinna og samstaða um aukna hagnýtingu aflans, og hefur þar oft á tíðum hver reynt að pota sér áfram og meira að segja á kostnað annarra starfsfélaga. Þetta þarf að breytast. Skipulag á þessu sviði er nú augljós nauðsyn og má ekki lengur dragast vegna gerbreyttra viðhorfa um aflamagn og alla hagnýtingu aflans og nauðsyn á traustum markaði fyrir nýjar vörutegundir, sem þörf er á að vinna.

Það hefur lengi verið augljóst mál, að aukin nýting aflans og góð meðferð er grundvallarskilyrði, til þess að góður árangur náist og hátt verð fáist, bæði fyrir aflann beint upp úr sjónum og svo sem unna vöru. Að þessu markmiði stefnir frumvarpið. Það gerir ráð fyrir því að þjálfa menn til verkstjórnar og undirbúnings stjórnun á fiskvinnslu almennt og einnig að verkafólk fái þjálfun í vinnu við vinnslu aflans. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að kerfisbundin þjálfun manna við mat á öllum afurðum okkar fari fram, en slík þjálfun hefur ekki verið til hér áður. Ákveðin námskeið hafa verið haldin fyrir vissar vinnslugreinar, en á þessu þarf að verða bót hið fyrsta. Mjög alvarlegur skortur er á vönum matsmönnum, og sumar afurðir eru alls ekki metnar. Þetta getur ekki haldið svo lengur áfram. Það á að vera ófrávíkjanleg krafa, að allar afurðir okkar séu metnar af löggiltum matsmönnum og matsniðurstaða þeirra gildi varðandi sölusamninga. Mikil þjálfun þarf að fara fram og samræming í matinu, til þess að framkvæmd þess fari vel fram. Einnig þarf að tryggja matsmönnunum örugg laun, en þeir hafa haft ótryggar tekjur, og er óviðunandi ástand í þessum málum í dag hjá matsmönnunum. Með betri þekkingu og þjálfun á sami maður að geta leyst fleiri matsverkefni af hendi.

Mjög veigamikill þáttur í allri fiskvinnslu er verkkunnátta starfsfólksins, og hér þarf að koma á fót kerfisbundinni þjálfun, sem tryggir mesta og bezta nýtingu alls aflans. Slík þjálfun er fyrir löngu orðin nauðsyn.

Stofnun sem þessi þarf að vera á stað, sem getur boðið upp á fjölþættan afla í landi. Varla mun leika á tveimur tungum, að Keflavíkurkaupstaður er einmitt sá staður, sem er hagkvæmast settur í þessum efnum, og því er lagt til, að stofnunin verði staðsett þar. Um önnur atriði í frumvarpinu þarf ekki að fjalla nánar í greinargerðinni. Þau má telja sjálfsögð.

Ed. 112. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Flm.: Björn Jónsson, Jón Þorsteinsson.

1. gr.

C-liður 2. gr. laganna orðist svo:

hafa frá og með árinu 1955 unnið eigi skemur en í 10 ár störf, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt samkomulagi atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlazt gildi 1. jan. 1955. Vinna hluta úr ári telst til unnins árs í þessu sambandi.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld, sbr. c-lið 2. gr., svo og aðeins þann tíma, sem hann hefur verið fullgildur félagi stéttarfélaga, sbr. 1. gr. Þó skal félagi ekki að neinu glata réttindum fyrir þann tíma, er svo kann að hafa staðið á, að hann átti ekki kost á að vera félagi í viðeigandi stéttarfélagi vegna þess, að slíkt félag var þá ekki starfandi, þar sem hann hafði búsetu.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Skemmri réttindatími en 10 ár, sbr. c-lið 2. gr., veitir sjóðfélaga sjálfum ekki rétt til eftirlauna. Lágmarksgreiðslur til sjóðfélaga skulu vera kr. 2000.00 á mánuði að viðbættum verðlagsbótum skv. visitölu vöru og þjónustu frá 1. janúar 1970.

Greinargerð.

Jafnhliða kjarasamningum verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda, er undirritaðir voru hinn 19. maí 1969, var samið um að setja á fót lífeyrissjóði verkafólks. En þar sem auðsæjar ástæður lágu til þess, að sá sjóður kom ekki að haldi fyrir það verkafólk, sem þá var hætt störfum eða hafði náð það háum aldri, að vonir gátu ekki staðið til, að það ynni sér þar lífeyrisréttindi, var eftir því leitað að sú mismunun, sem hér hlaut að verða, yrði að nokkru bætt með öðrum opinberum aðgerðum. Féllst ríkisstjórnin á samkomulag eða yfirlýsingu um þetta efni, sem síðan hlaut staðfestingu Alþingis með gildandi lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í séttarfélögum, en þau hafa nú komið til framkvæmda.

Svo sem ákvæði til bráðabirgða í lögunum bera með sér, gerðu þeir, sem að lagasetningunni stóðu, sér fulla grein fyrir því, að ýmsir annmarkar kynnu að koma fram varðandi framkvæmd þeirra, og er þar því gert ráð fyrir endurskoðun þeirra eftir nokka byrjunarreynslu, enda hefur sú orðið raun á. Sumir þessara annmarka eru þess eðlis, að þá mætti lagfæra með reglugerð, sem héldi ekki óeðlilega fast við bókstafsákvæði, en önnur, sem þegar eru augljós, eru þess háttar, að óhjákvæmilegt er að breyta lögunum, ef þau eiga að ná tilgangi sínum og eiga ekki að leiða til óafsakanlegs misréttis.

Þetta frv. ber ekki að skoða sem neina heildarendurskoðun á lögunum eða leiðréttingu á öllu, sem þar mætti betur fara, en á hinn bóginn felur það í sér þrjár breytingar, sem flm. telja, að óhjákvæmilegt sé að gerðar verði þegar í stað.

Efnisatriði breytinganna, sem frv. gerir ráð fyrir, eru þessi:

1. Að í stað þess, að lögin gera nú að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir bótarétti, að verkafólk hafi verið í starfi í árslok 1967, en hins vegar ekki, að það hafi verið í starfi lengur en 10 ár frá og með árinu 1955, verði bótaréttur miðaður við 10

ára lágmarksstörf, hvenær sem þau hafa verið unnin á framangreindu tímabili. Mundi þessi breyting fjölga nokkuð þeim, sem bótaréttar ættu að njóta, og afmá auðsæilegt misrétti.

2. Skv. 4. gr. er svo ákveðið, að viðkomandi njóti aðeins bótaréttar fyrir það tímabil, sem hann hefur verið fullgildur félagi í stéttarfélagi bótaskyldrar starfsgreinar. Almennt er þetta ekki óeðlilegt ákvæði, en veldur óafsakanlegu misrétti, t. d. þegar svo hefur verið ástatt, að hlutaðeigandi átti þess engan kost að uppfylla þetta skilyrði. Kemur ákvæði þetta einkanlega hart niður á ýmsum iðnaðarmönnum, en félög hafa ekki verið starfandi í sumum iðngreinum um land allt fyrr en á allra síðustu árum.
3. Loks gerir frv. svo ráð fyrir því, að ákveðnar verði mánaðarlegar lágmarksgreiðslur til bótaþega, kr. 2000.00. Vegna þeirra ákvæða lífeyrissjóða verkafólks, sem nú eru að taka til starfa, þykir flm. ekki rétt að hverfa frá ákvæðum 6. gr. laganna um mismunandi bótaupphæðir eftir réttindatíma og tekjum verkafólks, og er því gert ráð fyrir því, að þau ákvæði haldist óbreytt, ef þau veita frekari rétt en lágmarksupphæðum frv. nemur. Sú framkvæmd laganna, sem þegar er hafin, sannar hins vegar, að í mörgum tilvikum skammta ákvæði laganna svo naumar bætur, að til hreinnar vansæmdar verður að telja, þótt í hlut eigi verkafólk, sem á langan og sleitulausan starfsferil að baki, en hefur þrotið að vinnuþreki síðari starfsár sín og því haft þá mjög lágar tekjur, sem bæturnar síðan eru við miðaðar. Ákvæðin um lágmarksbætur svo og ákvæði 1. gr. frv. miða að því að bæta hér nokkuð úr, þótt þau gangi í raun miklu skemmra en réttmætt væri. Væri því vissulega vel, ef hv. þingnefnd, sem málið fær til athugunar, og hv. Alþingi féllist að athuguðu máli á enn frekari leiðréttingar í þessu brýna réttlætismáli en frv. gerir ráð fyrir.

Nd. 113. Frumvarp til laga [106. mál]

um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Pétur Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Stofna skal og halda skóla, er nefnist félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert. Heimilt er þó að skipta þeim námstíma í tvö þriggja mánaða námskeið og sé námsskrá þá breytt í samræmi við þá tilhögun.

Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið, og fer kennsla þá aðallega fram í fyrirlestrum og með námshópastarfi.

2. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum: íslenzk tunga og bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga atvinnuveganna — og þjóðfélagsfræði. Þá skal veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtök atvinnurekenda, svo og meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum um að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. Enn fremur bókfærslu og undirstöðuatriði í vinnurannsóknum. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að kennt skuli eitt Norðurlandamála svo og vélritun.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Fyrirlestrar skulu haldnir m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, hagræðingarmál, vöruvöndun, endurhæfingu starfsmanna og kjararannsóknir. Öllu starfsliði skólans ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

3. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu félagsmenn í verkalýðsfélagi.

4. gr.

Stjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Skulu fjórir nefndarmanna tilnefndir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, en félagsmálaráðherra tilnefnir hinn fimmta, og er hann formaður nefndarinnar. Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara.

Félagsmálaráðuneytið gefur út reglugerð fyrir skólann að fengnum tillögum skólanefndar. Það sér skólanum enn fremur fyrir húsnæði.

Ef byggja þarf nýtt skólahús, greiðist kostnaður við það úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við rekstur skólans.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1971—72.

Greinargerð.

Árið 1954 bar Hannibal Valdimarsson fyrst fram á Alþingi frumvarp um skóla verkalýðssamtakanna, og enn flutti hann frumvarp um sama efni á þingi 1955, en hvorugt hlaut endanlega afgreiðslu. — Þá fluttu þeir Björn Jónsson, Finnbogi R. Valdimarsson og Alfreð Gíslason frumvarið um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna á þinginu 1957—1958 og Hannibal Valdimarsson og Eðvarð Sigurðsson á þinginu 1960. Var málið sem áður svæft í nefnd, og er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, í meginatriðum samhljóða því. Enn var frumvarpið flutt á tveimur síðustu þingum, en náði í hvorugt skiptið fram að ganga.

Frumvarp þetta er að meginefni hið sama og frv. Hannibals Valdimarssonar, en þó breytt í nokkrum atriðum. Þannig er nú í frv. heimild til að skipta námstímanum í tvö 3 mánaða námskeið, ef betur reynist henta sú skipan en að halda skólann í 6 mánaða samfelldu starfi. Er þessi breyting að nokkru gerð til að koma til móts við skoðanir, sem fram hafa komið á Alþingi um fræðslu fyrir alþýðusamtökin. Ný ákvæði eru nú í 2. gr. varðandi námsefni, m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, vöruvöndun, kjararannsóknir og endurhæfingu starfsmanna, sem af ýmsum ástæðum þurfa að skipta um lífsstarf. Þá eru gerðar minni háttar breytingar aðrar, svo sem um stjórn skólans og greiðslu kostnaðar við rekstur hans.

Tilgangur þessa frv. er að öllu hinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar, hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó miklu stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagssamtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálum þjóðarinnar.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, tryggginga- og skattalöggjöf, og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðsfélögunum um

land allt og eftirlit með framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því víðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með síauknum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaxandi kynslóð næga fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið hærra en verið hefur, sem sé að hver félagi verkalýðssamtakanna kunni góð skil á öllum helztu viðfangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið drepið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til víðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að stjórn skólans sé að mestu í höndum verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Þykir þetta jafnsjálfsagt og t. d., að sérskóli samvinnuhreyfingarinnar er að öllu leyti undir hennar eigin stjórn. Verkalýðshreyfingin er óháð ríkisvaldinu og mundi því ekki una því, að það hefði eitt á hendi stjórn á skóla hennar eða á öðrum málum hennar, enda þótt ríkisvaldið sýni henni þá viðurkenningu og trúnað að veita henni fjárhagslegt fulltingi til þess menningarstarfs, sem hér ræðir um.

Nd. 114. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um eftirlit með dráttarvélum og ráðstafanir til aukins öryggis við notkun þeirra.

Frá Ásgeiri Péturssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að lögfesta aukið eftirlit með öryggisbúnaði dráttarvéla og annarra vinnuvéla, annaðhvort með undirbúningi löggjafar eða setningu reglugerðar á grundvelli núgildandi umferðarlaga, svo og að setja reglur, sem miða að auknu öryggi stjórnenda slíkra tækja. Verði þá kannað, hvort eigi þyki rétt að gera auknar kröfur til þekkingar og þjálfunar þeirra, er við slíkar vélar starfa.

Greinargerð.

Ástæða er til þess að vekja athygli á hinum tíðu slysum, er verða í sambandi við notkun dráttarvéla, og gera ráðstafanir til þess að hamla gegn slíkum áföllum. Sú skoðun virðist allútbreidd, að það séu einkum unglingar, sem verða fyrir slíkum slysum. En þótt ekki séu handbærar heildarskýrslur um dráttarvélarslys, virðist þó margt benda til, að það séu ekki síður fullorðnir menn, sem verða fyrir slysum við notkun vélanna. Þannig hafa a. m. k. miðaldra bændur látizt nú á skömmum tíma, er þeir lentu undir vélum, sem hvolfdi út af vegi, og skammt er síðan greint var frá hörmulegu slysi, er varð á Norðurlandi, er kona beið bana í slíku slysi.

Ljóst er, að dráttarvélar eru oft notaðar hér á landi við talsvert aðrar aðstæður en gerist í þeim löndum, þar sem þær eru framleiddar. Hér eru víðast skurðir með þjóðvegum og heimreiðum og ræktunarlönd og tún eru skorin skurðum til land-

þurrkunar. Öðru máli gegnir, a. m. k. með vissum hætti, á sléttum Ameríku og víðar. Sú hætta er því sérlega mikil hér, fari dráttarvél út af vegi, ræktunarlandi eða túni, að henni hvolfi, og eru ökumenn þá einatt í lífsháska vegna hættu á því að lenda undir hinum þungu vélum. Þetta hefur löggjafarvaldi og stjórnvöldum verið ljóst, og var því boðið, að eftir 1. janúar 1966 væri innflytjendum óheimilt að selja eða afhenda dráttarvélar nema á þeim væru öryggisgrindur eða hús. Er þessum reglum nánar lýst í 28. gr. reglugerðar nr. 51/1964, með breytingum frá 24. ágúst 1966.

Hér var stigið stórt spor í rétta átt. Spurning er, hvort ekki væri rétt að skylda einnig þá, sem dráttarvélar höfðu eignazt fyrir áramótin 1966, að láta setja slíkan öryggisbúnað á vélarnar. Virðist æskilegast að setja hús á vélarnar vegna öryggis ökumanna þeirra, en augljóst er einnig, að slíkt er þeim einnig til þæginda í rysjóttu veðurfari. Auðvitað kostar þetta fé, — en þá er þess einnig að minnast, að seint verða bætt þau slys, sem hljótast af því, að slíkan búnað brestur.

Þá er einnig ástæða til þess að endurskoða önnur ákvæði, er lúta að notkun dráttarvéla. (Umferðarlög nr. 40/1968, reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl. nr. 57/1960 og reglugerð nr. 51/1964 með áorðnum breytingum). Meginreglur um notkun þessara véla, að því er kunnáttu ökumanns varðar, eru m. a.:

1) Venjulegt ökuleyfi (ökuskírteini til aksturs bifreiða) veitir sjálfkrafa rétt til aksturs dráttarvéla.
2) Sérstakt skírteini til aksturs dráttarvéla má veita 16 ára gömlum aðilum.
3) Eigi þarf nú ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkjustörf, utan alfaravega.

Eigi eru gerðar ákveðnar kröfur um kunnáttu ökumanna, þegar svo hagar til sem segir í 3. tölulið hér að framan, heldur er það úrlausnarefni lagt á vald og ábyrgð viðkomandi aðila. Það virðist þó eðlilegt, að umráðamenn dráttarvéla taki mið af þeim ákvæðum löggjafar, sem til eru um þetta efni. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga samanburð við reglugerð nr. 121/1967.

Ljóst er, að auka þarf eftirlit með dráttarvélum. Eðli málsins samkvæmt væri rökrétt að bifreiðaeftirlit ríkisins annaðist slíkt eftirlit. Ekki þarf margra röksemda við til þess að sýna fram á réttmæti slíks eftirlits. Nægir í því efni að benda á þá staðreynd, að dráttarvélum er ekið um þjóðvegina, og verður því þegar af þeirri ástæðu að gera kröfur um, að öryggisbúnaður tækjanna sé í lagi. Einkum á það við um hemla, ljósabúnað og stýrisgang.

Er ráðstafanir til úrbóta í þessum efnum verða kannaðar, er augljóst mikilvægi þess að auka og efla fræðslu um öryggismál, er varða notkun dráttarvéla. Æskilegt væri, að um þetta málefni yrði haft samráð við bifreiðaeftirlit ríkisins, umferðarráð, öryggismálastjóra, Slysavarnafélag Íslands og samtök bænda.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir samkomulagi Evrópuþjóða um algert bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa borizt fréttir af mikilli laxveiði í hafinu við Grænland. Munu danskir menn einkum hafa stundað slíkar veiðar.

Sú mikla laxveiði í sjó, sem þarna er um að ræða, hefur vakið allmikinn ótta hjá eigendum laxveiðijarða og hjá laxveiðimönnum yfirleitt um, að laxfiskastofninum

verði eytt eða hann að minnsta kosti mjög rýrður, ef þessum veiðum verður áfram haldið og þær ef til vill auknar, eins og búast má við, ef ekkert er að gert til að hamla móti slíku. Yrði þá til lítils unnið það ræktunarstarf, sem íslenzka ríkið hefur með ærnum kostnaði stofnað til í Kollafirði og gefur góðar vonir um mikinn árangur. Þá hafa einnig fiskiræktarfélög, veiðifélög og einstaklingar sýnt lofsverðan áhuga á þessu sviði og sýnilegur árangur orðið af því þjóðnytjastarfi þeirra.

Þótt ekki hafi enn frétzt um, að lax merktur hér hafi að neinu ráði veiðzt við Grænland, þá ber varlega að treysta skýrslum hinna áhugasömu veiðimanna á Grænlandsmiðum, því að vafasamt er, að þeir hirði um að athuga, hvort merktir fiskar eru í aflanum, og hvort þeir gæfu áreiðanlegar skýrslur um slíkt, sem byggja mætti á.

Fleiri þjóðir en Íslendingar eiga hér töluvert í hættu, þar sem er bæði um arð og yndi að tefla. Hér er á ferðinni náttúruverndarmál, hagsmunamál laxveiðiþjóða eins og Íslendinga og þar að auki ánægju- og lífsorkulind fjölda manna, sem iðka laxveiðar sér til gleði og heilsubótar. Með aukinni velmegun hinna svokölluðu velferðarríkja eru laxveiðar að verða sífellt eftirsóttara sport og fiskurinn sjálfur sem fæðutegund á borð neytenda. Það er því mikið í húfi fyrir íslenzku þjóðina og þörf á, að vel sé staðið á verði til verndar laxastofninum fyrir ofveiði.

Með þeirri viljayfirlýsingu Alþingis, sem í þingsályktunartillögu þessari er mörkuð, ef samþykkt verður, ætti að vera hægara en ella fyrir ríkisstjórnina að beita sér fyrir því nauðsynlega samstarfi hlutaðeigandi þjóða um þetta mál, sem verður að nást, og því fyrr því betra.

Ed. 116. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Á eftir síðustu málsgr. 7. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi og utandyra skulu bannaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í s. l. mánuði var birt skýrsla í Bretlandi, sem gerð var að frumkvæði brezku ríkisstjórnarinnar, um skaðsemi reykinga og áhrif reykinga á myndun lungnakrabba. Þar kemur fram, að um 100 þúsund manns deyja árlega þar í landi vegna vindlingareykinga. Skýrslan er kennd við Sir George Gober, og segir þar, að vindlingareykingar hafi aukizt stórlega á undanförnum árum og dauðsföllum af völdum lungnakrabba, bronkítis og hjartasjúkdóma fjölgað ískyggilega.

Í erindi, sem flutt var í ríkisútvarpinu 9. nóv. 1970 af Bjarna Bjarnasyni lækni, kom hið sama fram, að aðalskaðvaldur lungnakrabba væri vindlingareykingar. Læknirinn benti á, hve árangursríkt væri, að komið væri í veg fyrir reykingar, og hversu lungu manna væru hæf til þess að vinna á til hins betra aftur, er menn hættu reykingum. Þetta er geysiþýðingarmikið atriði.

Margir hafa veitt því athygli, að umboðsmenn vindlinganna hafa hafið herferð til aukningar á notkun þeirra, og mun þá skammt í hörmulegar afleiðingar af auknum reykingum. Við svo búið má ekki standa. Eðlilegt er, að komið sé í veg fyrir

svona auglýsingar, sem valda mönnum fjörtjóni og þjóðfélaginu miklum vanda. Á næst síðasta þingi var samþykkt að setja á hvern vindlingapakka svo hljóðandi aðvörun, og var það vel:

VIÐVÖRUN
VINDLINGAREYKINGAR
GETA VALDIÐ KRABBAMEINI
Í LUNGUM OG HJARTASJÚKDÓMUM

Þrátt fyrir þetta er nauðsynlegt að hamla á móti áróðri um ágæti vissra vindlingategunda, sem stuðlað getur að auknum reykingum ungmenna. Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Ed. 117. Frumvarp til laga [110. mál]

um ráðstafanir til að auka vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

Í fiskiskipum er skylt, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, er ráðherra setur, að hafa um borð sérstaklega gerða fiskkassa til að leggja í afla, jafnóðum og hann er innbyrtur. Skal aflinn geymdur í þeim, þar til hann er tekinn til vinnslu í fiskverkunarstöðvum.

2. gr.

Fiskvinnslustöð, sem tekur við fiski til verkunar, skal hafa til umráða húsnæði og áhöld, sem geri henni kleift að geyma fisk þannig, að hann skemmist ekki, meðan hann bíður vinnslumeðferðar. Fiskmat ríkisins framkvæmir skoðun á því, hvort slík aðstaða er fyrir hendi, og gerir tillögur um úrbætur, þar sem þeirra gerist þörf. Getur Fiskmat ríkisins að gerðum slíkum tillögum ákveðið vinnslustöðvum tiltekinn frest til að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, að viðlagðri rekstrarstöðvun viðkomandi vinnslustöðvar.

3. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð stærð og gerð fiskkassa þeirra, er um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Fiskveiðasjóði er skylt að veita lán til 6 ára með venjulegum lánskjörum sínum til útgerðarfyrirtækja, sem skyld verða skv. 1. gr. til að kaupa fiskkassa og gera breytingar á lestarrúmi skipa. Skulu lánin nema 75% þessa stofnkostnaðar.

5. gr.

Við verðákvarðanir er Verðlagsráði sjávarútvegsins skylt að taka fullt tillit til þess kostnaðar, sem útvegurinn ber vegna ákvæða laga þessara.

6. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, eftir því sem þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lengi hefur verið ljóst, að meðferð á fiskafla og annað, sem að vöruvöndun sjávarafurða lýtur, er langt frá því að vera með æskilegum hætti. Skýrslur sanna,

að árlega glatast stórfelldir fjármunir í markaðsverði, vegna þess að sjávarafli skemmist, frá því að hann er innbyrtur í fiskiskip og þar til hann er lagður inn í vinnslustöðvar eða meðan hann bíður þar vinnslu við ófullnægjandi geymsluskilyrði. Ógerlegt mun að áætla með nákvæmni, hve stórfellt árlegt tjón verður af þessum sökum, en gæðaflokkun fullunninna sjávarafurða bendir eindregið til þess, að hér sé um mikla fjármuni að ræða. Þannig sýna athuganir, að langt innan við helmingur útfluttra sjávarafurða er fyrsta flokks vara. Sem dæmi skal nefnt, að á árinu 1966 flokkaðist útflutningur sem hér segir:

	Hlutföll gæðaflokka				
Tegund framleiðslu	I	II	III	IV	
Frystur (þorskur)	51.45%	44.90%	3.65%		= 100%
Saltaður (þorskur)	47.99%	24.26%	19.49%	8.26%	= 100%
Skreið (þorskur)	2.26%	16.27%	24.98%	56.49%	= 100%
Fryst síld	72.14%	18.20%	9.66%		= 100%
Meðaltal %	43.46%	25.91%	14.45%	16.18%	= 100%

Eftir því sem næst verður komizt, hefur síður en svo orðið framför í þessum efnum frá því ári, sem hér er um að ræða, og raunar víst, að ástandið nú er öllu lakara en það var fyrir fjórum árum, enda fátt eða ekkert aðhafzt síðan til raunhæfra úrbóta.

Þegar þess er gætt, að verðmismunur milli gæðaflokka er varla undir 10%, verður auðsætt, að auka mætti heildarverðmæti afurðanna um hundruð milljóna króna, ef unnt reyndist að breyta svo meðferð sjávarfangs, að mestur hluti þess yrði 1. flokks vara. En á því eru vafalausir möguleikar. Verðmismunur gæðaflokka segir hér þó ekki alla sögu, því að óbeint tjón framleiðenda og þjóðarbúsins alls vegna lélegrar og skemmdrar vöru er örugglega mjög mikið, þar sem slík vara spillir einnig mörkuðum og markaðsverði fyrir þann hluta afurða, sem í raun er fullkomin gæðavara.

Til æskilegra og arðvænlegra breytinga í þessum efnum þarf að leita margra úrræða, þótt hér sé aðeins fjallað um þann þátt þeirra, sem einna auðsæjast er, að getur skilað miklum árangri á skömmum tíma, þ. e. a. s. þann, sem að því lýtur að gera gagngerar ráðstafanir til þess að verja það sjávarfang, sem innbyrt er í fiskiskipin sem kjörið hráefni í gæðavöru, fyrir skemmdum á tímabilinu frá því að það kemur um borð og þar til það er unnið í vinnslustöðvum.

Með erlendum fiskveiðiþjóðum er löng og örugg reynsla fyrir því, að geymsla fisks ísaðs í kössum af hæfilegri gerð og stærð leysir mikinn vanda um vöruvöndun og er einnig af fleiri sökum hagstæð fjárhagslega. En þrátt fyrir reynslu annarra í þessu efni hefur þessi geymsluaðferð ekki rutt sér til rúms hérlendis að neinu marki. Veldur þar sennilega nokkru um, að stofnkostnaður er allmikill í sambandi við þann búnað fiskiskipa og vinnslustöðva, sem þessi aðferð útheimtir, og að útvegurinn á ekki kost á fjárhagslegri fyrirgreiðslu til að standa straum af honum, svo og vafalaust að nokkru tómlæti og gróin vanafesta. Þykir flm. því auðsætt, að til sérstakrar lagasetningar þurfi að grípa, ef enn um sinn á ekki að sitja í sama farinu ár frá ári.

Í því efni, sem hér um ræðir, er nú ekki einasta við erlenda reynslu að styðjast. Fiskkassar hafa þegar verið notaðir í nokkrum íslenzkum fiskiskipum með góðum árangri, og sumarið 1969 var gerð ýtarleg rannsókn á kostum og göllum við notkun fiskkassa á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Framleiðnideildar frystihúsanna í Vestmannaeyjum og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og liggur fyrir nákvæm skýrsla um árangur þessara rannsókna. Sannar hún fyllilega, að notkun kassanna við þau tilteknu skilyrði, sem um var að ræða, varð mjög hagstæð og færir raunar heim fullvissu um, hvert þjóðþrifamál hér er um að ræða. Meðal þess, sem fram kom við framangreinda rannsókn, var eftirfarandi:

1. Fiskur rýrnaði ekki í fiskkössum, og spöruðu þeir því allt að 5.5% rýrnun, en að meðaltali 3.6% rýrnun, sem fram kom við geymslu í stíum.
2. Geymsla í kössum reyndist auka nýtingu í neytendapakkningar úr 8.5% miðað við stíugeymslu í 19.8% og pakkanýtingu úr 41.1% í 41.5%.
3. Kælingar með „Fish Tester" bentu til, að geymsluþol aukist um 2—4 daga við geymslu í kössum miðað við stíufisk.
4. Tímamælingar á vinnu og útreikningar á vinnslu- og stofnkostnaði sýndu, að beinn hagnaður af notkun fiskkassanna varð allt að 1468 kr. á tonn og ekki minni en 632 kr. á tonn miðað við markaðsverð í árslok 1959.
5. Gæði aflans (betra mat) urðu betri og húsrými í móttöku notaðist betur.
6. Við notkun fiskkassanna reyndist vinna og stofnkostnaður meiri, en til þess hefur verið tekið fullt tillit í hagnaðarútreikningi.

Í framangreindu hefur ekki verið að neinu reiknaður sá óbeini og vafalaust mikli hagnaður, sem vinnslustöðvar mundu hafa af notkun fiskkassa vegna þeirra möguleika, sem við það sköpuðust til jöfnunar vinnu í vinnslustöðvum og minnkunar óhóflegrar yfirvinnu, þegar mikill afli berst á land dag og dag.

Einstakar greinar frv. verða nánar skýrðar í framsögu.

Nd. 118. Frumvarp til laga [111. mál]

um verkfræðiskrifstofu Vestfjarðakjördæmis.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Stofna skal verkfræðiskrifstofu á Ísafirði til þess að annast verkfræðilegan undirbúning og fylgjast með framkvæmd opinberra framkvæmda í Vestfjarðakjördæmi.

2. gr.

Skrifstofan er ríkisstofnun, og er aðalverkefni hennar að annast verkfræðilegan undirbúning vega- og brúargerða, hafnargerða og lendingarbóta, svo og undirbúning skipulagsmála í kjördæminu, allt undir yfirstjórn vegamálastjóra, vitamálastjóra og skipulagsstjóra.

Skrifstofan skal einnig annast hvers konar önnur verkfræðistörf við mannvirki og framkvæmdir, sem til er stofnað á vegum ríkisins og ríkisstofnana að einhverju eða öllu leyti, svo sem byggingu skóla, sjúkrahúsa, embættisbústaða, sundlauga, félagsheimila o. s. frv.

3. gr.

Þá skal skrifstofan enn fremur annast hvers konar verkfræðilegan og tæknilegan undirbúning mannvirkjagerðar og framkvæmda, sem sveitarstjórnir á Vestfjörðum fela skrifstofunni að vinna. Fyrir slík verk skrifstofunnar greiða sveitarfélögin í réttu hlutfalli þá þjónustu, sem hún veitir þeim hverju um sig.

4. gr.

Skrifstofan getur einnig tekið að sér verkfræðistörf fyrir einstaklinga og fyrirtæki í Vestfjarðakjördæmi, enda komi full greiðsla fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt samkvæmt eindreginni ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar. Megintilgangur frumvarpsins er sá að tryggja bætta sérfræðiþjónustu í verklegum efnum í Vestfjarðakjördæmi. Og er þess sízt vanþörf.

Þáverandi bæjarstjóri á Ísafirði, Jón Guðjónsson, lét aðeins þessi fáu orð fylgja tillögunni:

„Samþykkt þessi þarfnast ekki nánari skýringa, en aðeins er bent á til áréttingar, hversu mikilsverður þáttur verkfræðiskrifstofa á Ísafirði, sem bæjarstjórnin nú hefur gert samþykkt um, hlýtur að verða í byggðakjarnaskipulagi, sem mikið er rætt um, en of lítið gert að."

„Á vorri storð — eitt verk er meir — en þúsund orð."

Ef til vill er líka óþarft að láta fleiri orð fylgja frumvarpinu. Með því er tekið undir kenninguna um myndun byggðakjarna eða þéttbýliskjarna til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. Það er sannfæring bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, og þeirrar skoðunar eru flutningsmenn frumvarpsins einnig, að dreifing þeirra þjónustustofnana, sem nú eru nær undantekningarlaust staðsettar í höfuðborginni, sé þýðingarmikil ráðstöfun til byggðajafnvægis og jafnréttis. Og sé mönnum alvara í þeim efnum, væri ekki úr vegi, að athafnir kæmu í orða stað, einmitt frá Alþingi Íslendinga. Frumvarpið getur því orðið eins konar prófsteinn á raunverulega afstöðu alþingismanna í byggðajafnvægismálum. Er ekki að efa, að þeir muni standast það próf.

Ef til vill verður sú röksemd færð fram gegn frumvarpinu, að stofnun sérstakrar verkfræðiskrifstofu í Vestfjarðakjördæmi muni auka kostnað við opinberar framkvæmdir. Yfirstjórn þessara mála verði ódýrust með því, að ein þjónustumiðstöð í hverri grein, staðsett í Reykjavík, annist hana. Ekki skal því neitað, að stofnun þeirrar sérfræðiskrifstofu, sem hér um ræðir, kunni að kosta aukin útgjöld, en þó er það engan veginn sannað mál, að svo verði. Ferðir sérfræðinga út um allt land frá þjónustumiðstöðvunum í Reykjavík kosta líka nokkurt fé, sem sparast mundi að verulegu leyti með þeirri breyttu skipan, sem hér er lagt til að upp verði tekin.

Hitt skiptir meira máli, að betri þjónusta væri tryggð með hinni nýju skipan. Þess mætti vænta, að tæknilegur undirbúningur mannvirkjagerðar yrði betur felldur að aðstæðum, og víst gæti það fljótlega sparað verulegar fjárhæðir, ef betri aðstaða skapaðist til að láta sérfræðinga fylgjast með verklegum framkvæmdum hins opinbera.

Hitt verður ekki dregið í efa, að sveitarfélögum á Vestfjörðum væri mikil stoð að starfsemi slíkrar skrifstofu og leiðsögn hennar í verklegum efnum. Hið sama má segja um einstaklinga og fyrirtæki, sem þannig fengju greiðan aðgang að skrifstofunni í heimahéraði í stað þess, að nú verður alla tæknilega aðstoð að sækja til Reykjavíkur.

Hér er vissulega um nokkurt nýmæli að ræða. En þrátt fyrir það vilja flutningsmenn vænta þess, að frumvarpið hljóti greiðan gang gegnum þingið, þar eð byggðajafnvægismálin geta naumast komið nokkrum þingmanni ókunnuglega fyrir.

Nd. 119. Breytingartillögur [75. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Tómasi Árnasyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „1. nóvember" komi: 20. október.
2. Á eftir 2. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

   Þeir, sem hafa lokið böðun sauðfjár á þessum vetri (1970—1971), áður en lög þessi öðlast gildi, skulu undanþegnir skyldu til sauðfjárböðunar veturinn 1971—1972 samkvæmt ákvæði 1. gr. laga þessara.

Sþ. 120. Breytingartillögur [48. mál]

við till. til þál. um lagningu varanlegs slitlags á vegi á Reykjanesskaga.

Frá Ágúst Þorvaldssyni og Helga Bergs.

1. Við tillögugreinina bætist:
   Enn fremur er samgönguráðuneytinu falið að undirbúa endurbyggingu vegarkaflans frá Þrengslavegi í Ölfusi til Þorlákshafnar og leggja á hann varanlegt slitlag.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um lagningu varanlegs slitlags á vegi á Reykjanesskaga og um endurbyggingu vegarkaflans frá Þrengslavegi í Ölfusi til Þorlákshafnar.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um eflingu kalrannsókna á Akureyri.

Flm.: Jónas Jónsson, Gísli Guðmundsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að sjá til þess, að efldar verði verulega kalrannsóknir á Akureyri, þannig að þar verði í framtíðinni höfuðstöðvar þessa þáttar gróðurs-, jarðvegs- og ræktunarrannsókna.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis og þessi var flutt á næstsíðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Síðan hefur ástandið í ræktunar- og fóðuröflunarmálum síður en svo batnað. Enn hafa tvö kalár dunið yfir, hið síðara í mörgum héruðum hið alversta. Sérstaklega kvað mjög rammt að kalinu í sveitum Norðurlands, þeim, sem liggja á svæði jarðræktartilraunastöðvarinnar á Akureyri og félagssvæði Ræktunarfélags Norðurlands, en Ræktunarfélagið rekur Rannsóknarstofu Norðurlands.

Þetta rökstyður enn það, sem í tillögunni felst, að stórefla þurfi kalrannsóknir og að höfuðstöðvar þeirra séu bezt settar á Akureyri.

Hér fer á eftir greinargerð sú, sem fylgdi tillögunni, sem flutt var 1969:

„Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að rannsaka þetta mikla vandamál, sem íslenzk grasræktun á við að stríða. Kal hefur herjað í einhverju héraði svo mjög, að stórtjón hefur orðið að, hjá stærri eða minni hópi bænda, öll ár, það sem af er þessum áratug.

Sem dæmi um kalskaða má nefna: 1952 er talið, að heildartjón af völdum kals hafi numið 300 000 hestburðum, samsvarandi 90 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Uppskerurýrnun á Austurlandi einu var áætluð 50 þús. hestburðir 1965, samsvarandi 15 millj. kr. tjóni. Kal í Suður-Þingeyjarsýslu einni 1966 var talið hafa rýrt uppskeru hjá 109 bændum um 20—25 þús. hestburði, eða samsvarandi 6.1—7.5 millj. kr. tapi. Vegna tjóna sumarið 1967 voru veittar 16.13 milljónir sem lán úr Bjargráðasjóði og allt að 2 milljónum í flutningastyrki. Vegna tjóna á s. l. sumri er búið að veita rúmar 6 millj. kr. í flutningastyrki og lán úr Bjargráðasjóði að upphæð 15.2 millj. kr., og þykir það þó hvergi nærri viðunandi.

Ekki skal nánar rætt hér um hinn stórfellda skaða, sem bændur og þjóðin öll hefur orðið fyrir af völdum kalsins.

Það er ekki nokkur vafi á því, að köld veðrátta á höfuðsök á því, að kal er tíðara nú en áður var. Engu að síður er það öruggt, að margt er hægt að gera til að

draga úr skaða af kali. Með auknum rannsóknum má bæta ræktunarhættina og auka þol grasanna gegn erfiðum kjörum.

Það skiptir nú höfuðmáli, að hafnar verði sem fyrst skipulegar og markvissar kalrannsóknir í víðum skilningi þess orðs. Rannsóknum þessum væri eðlilegt að skipta í þrjá þætti:

1. Lífeðlisfræðilegar rannsóknir á gróðrinum. Þær færu einkum fram á rannsóknastöð á smáum reitum.
2. Ræktunartilraunir á stærri reitum eða landsspildum, gerðar á tilraunastöðvum og dreifðar um kalsvæðin.
3. Skipulegar athuganir á kalsvæðunum kalárin, söfnun upplýsinga um veðurfar og athuganir á veðurfars- og kalheimildum.

Á Akureyri er ein af jarðræktar-tilraunastöðvum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þar er einnig Rannsóknastofa Norðurlands, sem Ræktunarfélag Norðurlands rekur, og fæst hún við jarðvegsrannsóknir og fóðurefnagreiningar.

Sami maðurinn, Jóhannes Sigvaldason licenciat, sérfræðingur í jurtanæringarefnum, veitir nú báðum þessum stöðvum forstöðu, og tryggir það samstarf þeirra. Nokkur aðstaða og starfskraftar til rannsókna eru því þegar fyrir hendi á Akureyri. En við það þarf þó að bæta, svo að hægt sé að sinna kalrannsóknum verulega. Lágmark er, að við kalrannsóknir einar starfi einn sérfræðingur með aðstoðarmanni, auk þess sem núverandi sérfræðingar við Rannsóknastofnun landbúnaðarins héldu áfram að sinna ákveðnum þáttum þeirra, eins og nú er. En nú hefur enginn af sérfræðingum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins kalrannsóknir sem aðalverkefni.

Það skiptir miklu máli, hvernig þeir fjármunir nýtast, sem varið er til rannsókna. Augljóst er, að ef rannsóknaefni liggja langt frá aðsetri rannsóknamanna, fer óeðlilega mikill hluti fjárins og starfstíma mannanna í ferðalög. Þetta mælir því mjög á móti því fyrirkomulagi, að allir sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hafi aðsetur á einum stað.

Eins og kunnugt er, er kal langtíðast á norðanverðu landinu, frá Austfjörðum til Vestfjarða (1965 var kal mest á Austurlandi, 1966 og 1967 í N.-Þing., S.-Þing. og við utanverðan Eyjafjörð, á s. l. sumri var kalið mest í eystri hreppum. N.-Þing. og svo í V.-Hún. og á Ströndum).

Þó að vitað sé, að enginn landshluti getur verið óhultur fyrir heimsóknum þessa vágests, er augljóst, að kalrannsóknastarfsemi er hvergi betur sett en á Akureyri. Þaðan verður í langflestum tilfellum stytzt til kalsvæða þau ár, sem það herjar.

Hér er ekki fyrst og fremst verið að fara fram á auknar fjárveitingar til þessara rannsókna, þó að þeirra sé vissulega þörf, heldur er hér um skipulagsatriði að ræða, sem miðar að því, að fjármagnið nýtist sem bezt.

Augljóst er, að auka verður stórlega þátt kalrannsókna í starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og er sennilegt, að til þeirra verði ráðinn sérfræðingur á næstunni. Þá er mest um vert, að starfskraftar hans nýtist sem bezt og að hann geti hafið starfsemi sína við tilraunastöðina á Akureyri.

Benda má á, að ef slík kalrannsóknastöð yrði stofnuð, er hugsanlegt, að til þess væri hægt að fá styrki frá alþjóðastofnunum, sem láta fé af hendi rakna til rannsóknastarfsemi, þegar þörf er mjög brýn."

Ed. 122. Frumvarp til laga [113. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

Í stað 11. og 12. liðar 2. gr. laganna komi þrír nýir töluliðir svofelldir, og breytast töluliðir greinarinnar skv. því:

11. Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Svarfaðardalshreppur, Hrísey, Árskógsstrandarhreppur og Grímsey.
12. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.
13. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efni þessa frv. er það, að lagt er til, að löggilt verði nýtt dýralæknisumdæmi, Dalvíkurumdæmi, og nái það yfir Ólafsfjörð, Svarfaðardalshrepp, Hrísey, Árskógsstrandarhrepp og Grímsey auk Dalvíkurhrepps, en Eyjafjarðarumdæmin vestri og og eystri minnki í samræmi við það.

Breyting þessi er talin brýn nauðsyn búfjáreigendum í hinu nýja umdæmi, sem lagt er til að stofnað verði, vegna þess, hve Vestur-Eyjafjarðarumdæmi er víðáttumikið og svo annasamt, að reynzt hefur algerlega ofviða einum manni. Hefur þetta leitt til þess, að bændur við utanverðan Eyjafjörð hafa orðið mjög afskiptir um nauðsynlega þjónustu dýralæknis. Hafa þeir reynt að leysa þennan vanda sinn með því að ráða ólærðan mann til dýralæknisstarfa í hluta umdæmisins, en slíkt er auðvitað hvergi nærri fullnægjandi, og auk þess hefur það í för með sér tilfinnanlegan kostnað, sem aðrir þurfa yfirleitt ekki að bera.

Örðugleikar hafa verið á að fá nægilega marga lærða dýralækna til starfa, en horfur eru nú á, að úr því rætist, og hafa sveitarstjórnir í fyrirhuguðu Dalvíkurumdæmi augastað á ungum lækni, sem fús mun til starfa í því umdæmi, verði til þess stofnað. Þykir flm. því einsýnt að verða við óskum Svarfdælinga og annarra þeirra, sem hér hafa hagsmuna að gæta.

Sþ. 123. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um rannsókn á möguleikum á útflutningi á hreinu neyzluvatni.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að rannsókn verði gerð á möguleikum á útflutningi hreins vatns í stórum stíl frá Íslandi. Niðurstöður þessara athugana verði lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má, svo að frumvarp um útflutning á hreinu íslenzku vatni verði samið sem fyrst.

Greinargerð.

Á s. l. ári kom það fram í fréttum, að í Vestur-Þýzkalandi stæðu yfir mjög umfangsmiklar athuganir um öflun vatns. Eftir fréttinni að dæma var um tvo mögu-

leika að ræða, annars vegar að fá vatnið frá Sviss, hins vegar frá Svíþjóð. Hvor leiðin sem farin yrði mundi kosta milljarða með öllum tilheyrandi útbúnaði og lögnum fyrir vatnið. Hér áttu aðeins þrjár stórborgir hlut að máli. Þegar það er haft í huga, má sjá, hversu alvarlegt vandamál öflun á hreinu, ómenguðu neyzluvatni er orðin.

Þess eru mýmörg dæmi, hversu erlendir ferðamenn hafa lofað gæði hins íslenzka vatns og bergt það í sig með meiri ánægju en ætla mætti í fyrstu. Þetta er þó vel skiljanlegt, þar sem mjög víða er alls ekki um hreint neyzluvatn að ræða lengur í stórborgum heimsins.

Það er því orðið vel tímabært, að skipuleg rannsókn fari fram á möguleikum til töku á góðu vatni í mjög stórum stíl og hversu við hér þurfum að vernda þau svæði, sem til greina koma í þessum efnum, svo að þau verði ekki menguninni að bráð. Fyrir slíkt verður að koma í tæka tíð.

Augljóst er, að til þess að koma á fót útflutningi vatns í tugþúsunda tonna magni þarf að fara fram víðtæk athugun á margvíslegum aðstæðum, og ekki má dragast úr hömlu, að þessi athugun fari fram. Verði niðurstaðan jákvæð varðandi öflun á tæru og hreinu vatni í stórum stíl, þarf að velja þá höfn, sem til greina kemur sem útskipunarstaður. Einnig kann að þurfa að reisa stóra vatnstanka til söfnunar á vatni milli skipaferðanna, og vel þarf að athuga, í hvaða stærð tankskipa er hagkvæmast að flytja vatnið til útlanda.

Nokkur athugun hefur farið fram á útflutningi vatns á flöskum, og þarf að koma til stuðningur hins opinbera við þá viðleitni. Vel er hugsanlegt, að miklir möguleikar séu einnig fólgnir í slíkum útflutningi.

Fyrir rúmlega einu ári var við hátíðlega athöfn undirritaður svokallaður „vatnssamningur“ hjá Evrópuráðinu í Strassborg, og er þar kveðið svo á, að viðkomandi þjóðir leggi sig fram um að halda ám og vötnum eins hreinum og nokkur kostur er. Hins vegar er þetta sívaxandi vandamál, og virðist manni, að miklir möguleikar kunni að vera fólgnir í hinu hreina vatni lands okkar, ef þess er gætt, að mengun spilli því ekki, og kleift er að koma því á erlendan markað án of mikils kostnaðar.

Sþ. **124. Tillaga til þingsályktunar** [115. mál]

um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu á sjálfstjórn héraða.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd, sem hafi það verkefni að athuga, með hvaða hætti bezt verði unnið að dreifingu framkvæmdavalds til fleiri staða en nú er og til eflingar á sjálfstjórn í landsfjórðungunum eða öðrum stórum landssvæðum.

Nefndin athugi sérstaklega um möguleika á að flytja að meira eða minna leyti ýmsar ríkisstofnanir eða mikilvægar þjónustustofnanir frá höfuðborginni til staða úti á landi í þeim tilgangi að auðvelda afgreiðslu mála og skapa meira jafnvægi í landinu.

Þá verði einnig athugað gaumgæfilega um möguleika á að veita héraðsstjórnum rétt til fjármálalegrar yfirstjórnar og ráðstöfunar á tilteknum fjárveitingum, sem varða viðkomandi hérað eða umdæmi.

Tillögur nefndarinnar skulu við það miðast, að dregið verði úr því mikla miðstöðvarvaldi, sem orðið er í Reykjavík, og komið í veg fyrir áframhaldandi ofvöxt þess.

Nefndin skal skila tillögum sínum og álitsgerð til Alþingis fyrir 1. janúar 1972.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga þessari hefur áður verið flutt á þingi af þingmönnum Alþýðubandalagsins. Þannig greinargerð hefur fylgt tillögunni:

„Mikið hefur verið rætt að undanförnu um jafnvægisleysið í byggð landsins. Allir virðast vera á þeirri skoðun, að hinn öri vöxtur höfuðborgarinnar og nágrannabyggða hennar á kostnað ýmissa byggðarlaga úti á landi sé ekki æskilegur. Ýmsar tillögur hafa verið uppi um það, hvað tiltækilegast væri að gera til þess að hamla gegn fólksflutningum úr vissum byggðarlögum.

Oftast hefur því verið haldið fram, að fólksflutningarnir utan af landi til höfuðborgarinnar og nágrennis hennar stöfuðu af ótryggri atvinnu, lægri launum eða verri lífskjörum úti á landi, en hér væru í þéttbýlinu við Faxaflóa. Mörg dæmi eru þó til, sem sýna á ótvíræðan hátt, að þessar ástæður eru ekki fyrir hendi, þar sem byggðin úti á landi á þó greinilega í vök að verjast fyrir aðdráttarafli höfuðborgarinnar.

Opinberar skýrslur sýna t. d., að atvinnutekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna hafa verið hærri í nokkur undanfarin ár í ýmsum byggðarlögum úti á landi en í Reykjavík. Vöxtur þeirra byggðarlaga hefur þó ekki orðið teljandi á þessum árum og lítill í samanburði við nágrannabyggðir Reykjavíkur. Þó að á þessar staðreyndir sé bent, skal ekki úr því dregið á neinn hátt, að auðvitað hefur atvinnuöryggi og góð lífsafkoma úrslitaáhrif á þróun hvers byggðarlags. En fram hjá hinu má ekki líta, að ýmis önnur atriði en launakjörin og atvinnumöguleikar hafa einnig mikil áhrif á vaxtarskilyrði nútímabyggðar. Góðar samgöngur hafa mikil áhrif. Skilyrði til menntunar skipta líka máli. Og yfirleitt skiptir miklu máli aðstaðan til þess að lifa menningarlífi og til þess að geta komið áhugamálum sínum og hugðarefnum fram.

Aðstaðan í þessum efnum er í mörgum tilfellum mjög léleg úti á landi og allt önnur og verri en í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar. Þróunin hefur orðið sú um nokkurra ára skeið, að í Reykjavík hefur setzt að svo að segja allt miðstöðvar- og framkvæmdavald landsins. Þar eru allir stjórnendur fræðslumála, vegamála og hafnarmála. Þar er tryggingastofnun alls landsins. Þar eru lánveitingasjóðir alls landsins. Og þar eru miðstöðvar allra samgangna. Í Reykjavík er fjárveitingavaldið og allar framkvæmdastofnanir þess.

Samþjöppun þessa mikla valds í Reykjavík hefur í ýmsum tilfellum leitt til algerrar ofstjórnar, sem sárlega hefur hvílt á athafnasemi þess fólks, sem heima á úti á landi. Skýrt dæmi um slíka ofstjórn er sú skipan, sem nú er ráðandi í úthlutun og afgreiðslu íbúðarhúsalána, landbúnaðarlána og stofnlána sjávarútvegsins.

Nú er t. d. þannig um hnútana búið varðandi úthlutun og afgreiðslu íbúðarlána, að lánsumsækjandi, sem býr í smáþorpi austur á landi eða vestur á fjörðum, verður að senda vandútfyllta skýrslu um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir sínar til stofnunar í Reykjavík. Sú stofnun þarf fyrst að samþykkja bygginguna, stærð, gerð og skipulag, áður en til lánveitingar getur komið. Þessi byggingarlánastofnun í Reykjavík getur síðan ákveðið, að Páll Pálsson á Raufarhöfn skuli fremur fá umbeðið lán en Jón Jónsson á Flateyri. Þegar byggingarlánastofnunin hefur ákveðið að veita umsækjanda íbúðarlán, verður hann enn á ný að senda margvísleg skjöl og skilríki og umboð til einhvers aðila í Reykjavík, til þess að þar sé hægt að ganga formlega frá láninu og greiða lánið út; annars staðar virðist ekki vera mögulegt að ganga formlega frá því.

Allt er þetta skipulag með þeim hætti, að líkast er því, að verið sé að hræða fólk úti á landi frá því að sækja um lán til íbúðarhúsabygginga.

Svipað fyrirkomulag þessu er einnig ríkjandi hjá stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs, sem krefjast þess skilyrðislaust, að aðeins hér í Reykjavík sé formlega gengið frá öllum lánum þeirra sjóða.

Reglur sem þessar eru til orðnar í samræmi við hina ríku tilhneigingu til samþjöppunar valds í Reykjavík og til þess, að hér skuli öll stjórnun og öll framkvæmdastjórn vera. Hér er um ofstjórnun að ræða, sem veldur þeim, sem heima eiga fjarri Reykjavík, margvíslegum erfiðleikum. Oft leiðir skipulag eins og þetta til þess, að fólk úti á landi nýtur í framkvæmd minni réttar en þeir, sem auðveldast eiga með að sækja til framkvæmdavaldsins.

Full ástæða er til, að komið verði upp því lánveitingakerfi, sem geri það mögulegt, að íbúar í hverjum landsfjórðungi eða hverri sýslu geti í sínu heimahéraði gengið frá almennum lánum og fengið þau þar greidd út.

Vissulega kæmi til greina að haga veitingu íbúðarhúsalána þannig, að yfirstjórn húsnæðismálalána í Reykjavík veitti hverju sinni heildarlánveitingarfjárhæð í hvert lánaumdæmi (sem mættu vera nokkur í landinu) og síðan úthlutaði sérstök nefnd í hverju umdæmi lánunum þar á milli umsækjenda í umdæminu.

Nú er öll yfirstjórn vegagerðar ríkisins staðsett í Reykjavík. Í Reykjavík eru allar brýr, sem ráðgert er að byggja, teiknaðar, og hið sama er að segja um önnur mannvirki, sem vegagerðin sér um. Allir, sem ræða vilja við yfirvöldin um framkvæmdir í vegamálum, verða að leggja leið sína til Reykjavíkur. Auðvitað væri hægt að hafa undirbúnings- og framkvæmdaskrifstofur vegagerðarinnar á nokkrum stöðum á landinu. Hvers vegna ætti t. d. ekki að vera hægt að hafa sérstaka vegagerðarskrifstofu staðsetta á Norður- og Austurlandi fyrir þau verkefni, sem þessum landshlutum tilheyra? Þar ætti að teikna þær brýr, sem þar eiga að byggjast, og undirbúa á verkfræðilegan hátt þau verk, sem þar eiga að vinnast. Aðalskrifstofa vegamálastjóra gæti eftir sem áður verið í Reykjavík.

Hið sama er að segja um skipulag vitamálaskrifstofunnar. Hún gæti einnig verið í nokkrum deildum, tengd við hin ýmsu landssvæði.

Nú er öll yfirstjórn fræðslumála staðsett í Reykjavík. Margt sýnist mæla með því, að framkvæmdastjórn þeirra mála yrði skipt í landsfjórðungadeildir undir einni yfirstjórn úr höfuðborginni.

Þannig mætti nefna margar aðrar greinar framkvæmdavaldsins, sem nú hafa alla yfirstjórn í Reykjavík, en æskilegt og eðlilegt væri að deila niður í nokkur umdæmi.

Staðsetning menntastofnana getur haft mikið að segja um þróun byggðarinnar í landinu. Samþjöppun framhaldsskólanna í Reykjavík hefur verið allt of mikil og í mörgum tilfellum óeðlileg.

Þegar menntaskóla var komið á fót á Akureyri, var talsverð andstaða gegn því hjá ýmsum aðilum í Reykjavík. Sams konar andstaða gerði vart við sig, þegar menntaskóli var stofnaður að Laugarvatni. Þá var því beinlínis haldið fram, að menntaskóli í sveit hlyti að verða lélegur skóli. Nú er sótt um, að komið verði upp menntaskólum á Vestfjörðum og Austurlandi. Andstaða er gegn því, og enn hefur það mál ekki fengið stuðning ríkisvaldsins, þó að á sama tíma sé talið sjálfsagt að koma upp tveimur menntaskólum í Reykjavík til viðbótar þeim, sem fyrir eru.

Í tillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna millþinganefnd, sem taki til sérstakrar athugunar, með hvaða hætti mætti draga úr óeðlilegri samþjöppun valds í Reykjavík og með hvaða hætti yrði bezt unnið að dreifingu valds og framkvæmdastjórnar í ýmsum málefnum til staða úti á landi. Jafnframt er lagt til, að nefndin athugi, hvernig helzt megi efla sjálfstjórn héraða eða stærri umdæma úti á landi.

Meginverkefni nefndarinnar yrði að gera tillögur um leiðir til þess að draga úr hinu mikla miðstöðvar- og framkvæmdavaldi í Reykjavík og til þess að snúa við þeirri þróun, að svo að segja allar meiri háttar þjónustustofnanir, opinber fyrirtæki, skólar og menningarstofnanir á vegum ríkisins séu staðsettar í höfuðborginni.

Tillaga þessi er á engan hátt flutt vegna fjandskapar við höfuðborgina. Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir því óhjákvæmilega forustuhlutverki, sem hún

hlýtur að hafa, og því gildi, sem glæsileg höfuðborg getur haft fyrir landið allt. En ofvöxtur höfuðborgarinnar og of mikil samþjöppun valds þar er jafnhættuleg hér og í öðrum löndum, en sama vandamál og um er rætt í þessari tillögu er nú mjög á dagskrá í mörgum löndum.“

Nd. 125. Frumvarp til laga [116. mál]

um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Kjartansson, Halldór E. Sigurðsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

I. KAFLI

Um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni sjö manna Byggðajafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara.

3. gr.

Byggðajafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur safna efni til skýrslugerðar og gera ársskýrslur um þau efni, er henni þykja máli skipta í sambandi við starfssvið sitt, svo og áætlanir samkv. 7. gr. Hún stjórnar Byggðajafnvægissjóði ríkisins og ráðstafar eignar- og umráðafé hans samkv. II. kafla þessara laga. Nefndinni er heimilt að ráða menn til starfa um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem nauðsyn krefur og með samþykki ríkisstjórnarinnar, og að semja við aðrar opinberar stofnanir um að leysa tiltekin áætlunarverk af hendi. Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiðist að hálfu úr Byggðajafnvægissjóði.

5. gr.

Stofnun sú og starfsemi, er Byggðajafnvægisnefnd veitir forstöðu, nefnist: Byggðajafnvægisstofnun ríkisins.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef Byggðajafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 4. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum eða landshlutum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri, eða samband sveitarfélaga. Lán og framlög úr Byggðajafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI
Um Byggðajafnvægissjóð ríkisins o. fl.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggðajafnvægissjóður ríkisins, undir stjórn Byggðajafnvægisnefndar.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs samkv. a-, c- og d-lið 2. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.
2. Aðrar eignir Atvinnujöfnunarsjóðs.

Hlutverk Byggðajafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdasjóður Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum Byggðajafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdasjóðs annast endurskoðun reikninga Byggðajafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, og skuldabréf vegna lána úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi.

9. gr.

Tekjur Byggðajafnvægissjóðs eru:

1. 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1972, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1972.
2. Skattgjald samkv. a-lið 3. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð, enda haldi ákvæði þeirrar lagagreinar um skattgjaldið og skiptingu þess gildi sínu.
3. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr Byggðajafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp eða stuðla að því, að komið verði upp íbúðum, til viðbótar lánum, sem aðrar lánastofnanir veita út á sömu íbúðir. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fimm nefndarmenn samþykkja.

Veita má sem framlag úr sjóðnum allt að 2 ára vexti af bráðabirgðalánum, sem aflað er til framkvæmda og eiga að endurgreiðast af opinberu framlagi, sem tryggt hefur verið, að greitt verði, og ef sérstaklega stendur á má sjóðurinn veita slík bráðabirgðalán vaxtalaus til tveggja ára eða skemmri tíma, enda séu þau ekki fáanleg á annan hátt.

12. gr.

Byggðajafnvægisnefnd er heimilt að afla sjóðnum lánsfjár til starfsemi sinnar, allt að 300 millj. kr. á ári næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

13. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir, sýslunefndir eða samband þeirra að koma upp sérstökum byggðajafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu, og getur þá Byggðajafnvægisnefnd, ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem byggðajafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er Byggðajafnvægisnefnd heimilt að veita honum sem lán eða framlag þá fjárupphæð árlega, sem rétt telst að úthluta á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum Byggðajafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán eða framlag, samþykki hennar til ráðstöfunar þess fjár samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir eða sýslunefndir eða samband sveitar- eða sýslufélaga að skipa sérstaka svæðisáætlunarnefnd til þess að gera áætlun um framkvæmdir á starfssvæði sínu í samræmi við tilgang þessara laga, og er Byggðajafnvægisnefnd þá heimilt að veita slíkri áætlunarnefnd fé úr Byggðajafnvægissjóði til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við áætlunargerðina.

15. gr.

Heimilt er Byggðajafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 5 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt.

16. gr.

Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstjórnin leita álits Byggðajafnvægisnefndar um staðsetningu þeirra.

17. gr.

Byggðajafnvægisstofnunin skal svo fljótt sem því verður við komið láta Alþingi í té álitsgerð um dreifingu ríkisstofnana um landið.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Byggðajafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er samþykkir lög þessi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Byggðajafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi nefndarinnar vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans fyrstu þrjú árin eftir gildistöku laga þessara. Framlögin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að þá sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tíma um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóð-

inni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, sem að því miðar, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Við manntal 1938, árið fyrir heimsstyrjöldina síðari, var mannfjöldinn á öllu landinu 118 888. Hinn 1. des. 1968 var hann 202 191. Fjölgun á 30 árum 83 303 eða rétt um 70%.

Hér fara á eftir manntalstölur í einstökum landshlutum 1938 og 1968, og þar að auki þær manntalstölur, sem fram hefðu komið 1968, ef fólki hefði fjölgað jafnt, þ. e. um 70%, í hverjum landshluta á 30 árum:

	1938	1968	1938 + 70% ca.
Kjalarnesþing (vestan fjalls)	46047	117929	78280
Vesturland sunnan Gilsfjarðar	9683	13191	16461
Vestfirðir	12991	10263	22085
Norðurland	26577	31832	45130
Austurland	10175	11244	17298
Suðurland (austan fjalls)	13415	17922	22906

Þessar tölur sýna hina gífurlegu röskun, sem orðið hefur á jafnvæginu milli landshlutanna á tímabilinu 1938—68. Viðbótin í Kjalarnesþingi umfram eðlilega fólksfjölgun er nál. 40 þús. manns. Af þessum nál. 40 þús. eru rúml. 13 þús. af Norðurlandi, nál. 12 þús. af Vestfjörðum, rúml. 6 þús. af Austurlandi, nál. 5 þús. af Suðurlandi austan fjalls og rúml. 3 þús. af Vesturlandi sunnan Gilsfjarðar. Hér er að sjálfsögðu ekki aðeins um þá að ræða, sem flutt hafa búferlum milli landshluta, heldur einnig afkomendur þeirra, að því leyti sem þeir koma inn í útreikninginn. Í sjö samliggjandi sveitarfélögum, milli Straumsvíkur og Kollafjarðar, sem hagfræðingar kalla Stór-Reykjavík, voru íbúar 1968 taldir 106 842 eða mun meira en helmingur þjóðarinnar, en í öllum öðrum landshlutum samtals var íbúatalan 95 349.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og koma í veg fyrir, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir. Fleira kemur þó til greina.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregsáætlunar er fyrir nokkru lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki. Í fleiri löndum eru nú gerðar opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggð utan þeirra.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu," sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi

við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur umsjón með og að því áttu að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst árið 1957, þá 15 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndir störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Byggðajafnvægismálið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru á Alþingi 1959—60 og 1960—61 flutt frv. um Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á þingi 1961—62 voru sett lög um Atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarféð skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og hækkandi verðlag, og það fé lagt í sjóðinn ásamt útistandandi lánum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kaus, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu.

Í lögunum um Atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra fólst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna var gert. Árið 1966 voru þessi lög afnumin og jafnframt sett ný lög um svonefndan Atvinnujöfnunarsjóð. Sú löggjöf var til nokkurra bóta, en gefur fyrst og fremst til kynna, að skilningur sé nú vaxandi á þeirri hættu, sem yfir landsbyggðinni vofir. Er þá mikilsvert, að áfram sé haldið sókn í málinu, enda mun ekki af veita, þar sem orkulindum landsins og útlendu stóriðjufjármagni er nú í stórum stíl veitt til stórborgarsvæðisins og ný áform uppi um sömu þróun á næstu árum. Atvinnujöfnunarsjóður gerir gagn, en betur má, ef duga skal.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að koma þurfi á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér þarf að koma til föst landsbyggðar- eða byggðajafnvægisstofnun með starfskröftum, sem geta helgað sig viðfangsefninu. Byggðajafnvægisnefnd verður að afla sér nauðsynlegrar þekkingar á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni. Hér þarf að koma til fjármagn, sem um munar.

Gert er ráð fyrir, að Byggðajafnvægissjóður ríkisins fái til umráða 2% af tekjum ríkissjóðs ár hvert. Miðað við áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1971 yrðu þessar árstekjur sjóðsins það ár um 100 millj. kr., en breytast í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega 2 aurum af hverri krónu til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Hér er um að ræða svipaðan hundraðshluta af ríkistekjum og veittur var til að „bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu“ árið 1957 og nál. 25% hærri upphæð en áætlað er nú, að ríkissjóður greiði atvinnuleysistryggingasjóði árið 1971. Rétt er líka að hafa það í huga, að ýmis framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga. Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að

sjóðurinn fái lántökuheimild allt að 300 millj. kr. á ári í 5 ár, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þau lán, sem sjóðsstjórnin tekur samkv. þeirri heimild, og greiði fyrir útvegun lánsfjár.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og þá m. a. störf Byggðajafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Byggðajafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir Byggðajafnvægissjóði ríkisins, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr Byggðajafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi Byggðajafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að Byggðajafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun, og það mál verður ekki leyst á annan hátt. Er áður að því efni vikið. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum. Heimilað er að veita framlög og greiða vexti af bráðabirgðalánum eða veita vaxtalaus bráðabirgðalán, séu nánar tilgreind skilyrði fyrir hendi.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að sveitarstjórnir eða sýslunefndir eða samband þeirra kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram eða útvega nokkurt fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið fé úr Byggðajafnvægissjóði á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr Byggðajafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða. Í 14. gr. er gert ráð fyrir, að sýslunefndir, sveitarstjórnir eða samband þeirra geti tekið sér fyrir hendur að gera svæðis- eða landshlutaáætlun og fengið til þess fjárhagslegan stuðning hjá sjóðnum.

Algengt er, að komið sé upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs, t. d. með ríkisábyrgð eða ríkisláni. Æskilegt er, að byggðajafnvægissjónarmið komi til greina við staðsetningu slíkra fyrirtækja og að fjárhagsleg aðstoð ríkisins sé hverju sinni því skilyrði bundin, að Byggðajafnvægisnefnd hafi látið í ljós álit sitt um möguleika á því að koma staðsetningunni í samræmi við tilgang þessa frv., sbr. 16. gr. En í 17. gr. er gert ráð fyrir, að Byggðajafnvægisstofnunin eigi frumkvæði að því með áætlunargerð, að hafizt verði handa um æskilega dreifingu ríkisstofnana um landið. Skilningur á nauðsyn slíkrar dreifingar virðist nú vaxandi í landinu.

Lagt er til, að Framkvæmdasjóður Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir Byggðajafnvægissjóð.

Er tímar líða, kemur til greina að setja með lögum nánari reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frumvarpinu eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum Byggðajafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í

ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlát fyrir borgarana. Í öðrum landshlutum mundi Byggðajafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið m. a. í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá Byggðajafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að byggðajafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Byggðajafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin í „atvinnuleysisráðstöfunum“ eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu, heldur í því að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta oft á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að Byggðajafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Lagt er til, að byggðajafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verja til þess allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins í þrjú ár. Kæmi til álita að framlengja heimildina. Í ljós kemur, að sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan.

Í þessu sambandi skal minnt á fjölda fundarsamþykkta um þetta efni, er birtar hafa verið.

Fullvíst má telja, að sveitarstjórnir, sýslunefndir og sambönd sveitarfélaga séu nú reiðubúin til samstarfs við þjóðfélagið til verndar og eflingar landsbyggð og til að afstýra yfirvofandi hættu á eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Í frv. eru ákvæði um afnám laganna um Atvinnujöfnunarsjóð og að Byggðajafnvægissjóður taki við stofnfé hans á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 8. gr., svo og hluta framleiðslugjalds samkv. 9. gr.

Frumvarp svipaðs efnis og það, er hér liggur fyrir, hefur verið flutt í neðri deild á mörgum þingum, 1962—69. Hér er um framtíðarmál að ræða. En öryggisleysi það, sem þjóðin á nú við að stríða vegna dýrtíðarvaxtarins innanlands, hlýtur að minna á þá staðreynd, að of ört stækkandi stórborg í fámennu landi ýtir undir verðbólgu og að hlutfallslega jafn vöxtur allrar landsbyggðar hefur áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar í jafnvægisátt.

Þar sem talað er um áætlanir í frv., er ekki átt við svonefndar líkindaáætlanir fyrst og fremst eða almennar hugleiðingar um framtíðarmöguleika, heldur tillögur í áætlunarformi um framkvæmdir og fjármagnsnotkun um lengri eða skemmri tíma, yfirleitt svo að árum skipti.

Litið er á ákvæðin um kosningu Byggðajafnvægisnefndar í 2. gr. sem bráðabirgðaákvæði. Þegar lokið hefur verið stofnun sérsambanda sveitarfélaga í einstökum landshlutum, eins og nú virðist stefnt að, kemur að sjálfsögðu til álita, að þessi sveitarfélagasambönd fái hlutdeild í skipun nefndarinnar eða ráði jafnvel mestu um nefndarskipunina.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Endanlegar tölur mannfjöldans 1. des. 1969.

Landið í heild og kaupstaðir.

	Karlar	Konur	Alls
Allt landið	**102 827**	**100 615**	**203 442**
Reykjavík	39 855	41 621	81 476
Kaupst. ÷ Rvík	29 189	28 704	57 893
Sýslur alls	33 783	30 290	64 073
Kópavogur	5 543	5 448	10 991
Hafnarfjörður ..	4 802	4 736	9 538
Keflavík	2 821	2 712	5 533
Akranes	2 115	2 130	4 245
Ísafjörður	1 374	1 304	2 678
Sauðárkrókur ..	751	756	1 507
Siglufjörður	1 108	1 140	2 248
Ólafsfjörður	549	543	1 092
Akureyri	5 194	5 373	10 567
Húsavík	1 045	943	1 988
Seyðisfjörður ..	456	449	905
Neskaupstaður .	809	718	1 527
Vestmannaeyjar	2 622	2 452	5 074

Sýslur og hreppar.

	Karlar	Konur	Alls
Gullbringusýsla ...	**4 010**	**3 763**	**7 773**
Grindavíkur	583	533	1 116
Hafna	103	74	177
Miðnes (Sandgerði)	529	523	1 052
Gerða	342	277	619
Njarðvíkur	779	737	1 516
Vatnsl.st. (Vogar) .	212	167	379
Garða (Garðak.pt.)	1 346	1 349	2 695
Bessastaða	116	103	219
Kjósarsýsla	**1 791**	**1 696**	**3 487**
Seltjarnarnes	1 038	1 015	2 053
Mosfells	511	459	970
Kjalarnes	107	101	208
Kjósar	135	121	256
Borgarfjarðarsýsla .	**758**	**654**	**1 412**
Strandar	112	72	184
Skilmanna	68	57	125

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
Innri-Akranes	63	60	123
Leirár- og Mela ..	76	71	147
Andakíls	118	119	237
Skorradals	38	30	68
Lundarreykjadals .	65	47	112
Reykholtsdals	163	151	314
Hálsa	55	47	102
Mýrasýsla	**1 116**	**1 022**	**2 138**
Hvítársíðu	60	51	111
Þverárhlíðar	57	43	100
Norðurárdals	62	56	118
Stafholtstungna ...	122	109	231
Borgar	94	91	185
Borgarnes	577	550	1 127
Álftanes	76	66	142
Hraun	68	56	124
Snæfellsnessýsla ..	**2 230**	**2 038**	**4 268**
Kolbeinsstaða	79	67	146
Eyja	44	38	82
Miklaholts	76	84	160
Staðarsveit	90	71	161
Breiðuvíkur	72	51	123
Nes (Hellissandur)	310	294	604
Ólafsvíkur	525	477	1 002
Fróðár	23	15	38
Eyrarsv. (Grundarf.)	375	340	715
Helgafellssveit	60	44	104
Stykkishólms	527	521	1 048
Skógarstrandar ...	49	36	85
Dalasýsla	**616**	**553**	**1 169**
Hörðudals	33	32	65
Miðdala	88	80	168
Haukadals	53	42	95
Laxárd. (Búðard.) .	178	170	348
Hvamms	62	49	111
Fellsstrandar	45	40	85
Klofnings	17	14	31
Skarðs	37	38	75
Saurbæjar	103	88	191
A-Barðastr.sýsla ..	**261**	**209**	**470**
Geiradals	68	52	120
Reykhóla	106	90	196
Gufudals	37	36	73
Múla	20	11	31
Flateyjar	30	20	50

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
V-Barðastr.sýsla ..	**1 044**	**908**	**1 952**
Barðastrandar	104	90	194
Rauðasands	75	46	121
Patreks	504	481	985
Tálknafjarðar	129	110	239
Ketildala	21	15	36
Suðurfj. (Bíldud.) .	211	166	377
V-Ísafjarðarsýsla .	**903**	**842**	**1 745**
Auðkúlu	20	21	41
Þingeyrar	239	210	449
Mýra	88	91	179
Mosvalla	53	48	101
Flateyrar	256	226	482
Suðureyrar	247	246	493
N-Ísafjarðarsýsla .	**1 043**	**901**	**1 944**
Hóls (Bolungarv.) .	524	444	968
Eyrar (Hnífsd.) ..	204	207	411
Súðavíkur	136	120	256
Ögur	44	25	69
Reykjarfjarðar ...	63	56	119
Nauteyrar	46	33	79
Snæfjalla	26	16	42
Strandasýsla	**750**	**599**	**1 349**
Árnes (Djúpav.) ..	128	96	224
Kaldranan. (Dr.n.)	140	108	248
Hrófbergs	40	19	59
Hólmavíkur	189	163	352
Kirkjubóls	58	40	98
Fells	39	32	71
Óspakseyrar	34	29	63
Bæjar (Borðeyri) .	122	112	234
V-Húnavatnssýsla .	**733**	**667**	**1 400**
Staðar	77	70	147
Fremri-Torfust. ...	62	45	107
Ytri-Torfust.	123	101	224
Hvammstanga	173	176	349
Kirkjuhvamms ...	102	81	183
Þverár	88	85	173
Þorkelshóls	108	109	217
A-Húnavatnssýsla .	**1 254**	**1 104**	**2 358**
Ás	79	78	157
Sveinsstaða	71	71	142
Torfalækjar	85	72	157
Blönduós	373	326	699
Svínavatns	90	74	164

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
Bólstaðarhlíðar ..	107	94	201
Engihlíðar	61	61	122
Vindhælis	47	36	83
Höfða (Skagastr.) .	282	245	527
Skaga	59	47	106
Skagafjarðarsýsla .	**1 341**	**1 146**	**2 487**
Skefilsstaða	40	37	77
Skarðs	62	50	112
Staðar	77	75	152
Seilu	133	112	245
Lýtingsstaða	180	145	325
Akra	188	185	373
Rípur	65	61	126
Viðvíkur	49	42	91
Hóla	87	76	163
Hofs	133	102	235
Hofsós	148	126	274
Fells	28	28	56
Haganes	68	52	120
Holts	83	55	138
Eyjafjarðarsýsla ..	**1 997**	**1 843**	**3 840**
Grímseyjar	46	43	89
Svarfaðardals	165	163	328
Dalvíkur	544	514	1 058
Hríseyjar	138	164	302
Árskógs	181	152	333
Arnarn. (Hjalteyri)	144	116	260
Skriðu	76	78	154
Öxnadals	49	37	86
Glæsibæjar	136	119	255
Hrafnagils	142	133	275
Saurbæjar	168	138	306
Öngulsstaða	208	186	394
S-Þingeyjarsýsla ..	**1 469**	**1 341**	**2 810**
Svalbarðsstrandar (Svalbarðseyri) .	123	113	236
Grýtub. (Greniv.) .	199	164	363
Flateyjar	3	2	5
Háls	134	124	258
Ljósavatns	164	131	295
Bárðdæla	101	85	186
Skútust. (Reykjahl.)	223	235	458
Reykdæla	210	195	405
Aðaldæla	203	180	383
Reykja	56	52	108
Tjörnes	53	60	113

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
N-Þingeyjarsýsla .	**966**	**850**	**1 816**
Keldunes	117	116	233
Öxarfjarðar	101	68	169
Fjalla	13	12	25
Presth. (Kópasker)	151	127	278
Raufarhafnar	236	215	451
Svalbarðs	98	71	169
Þórshafnar	216	212	428
Sauðanes	34	29	63
N-Múlasýsla	**1 255**	**1 026**	**2 281**
Skeggjast. (Bakkafj.)	76	54	130
Vopnafjarðar	439	379	818
Hlíðar	81	80	161
Jökuldals	107	70	177
Fljótsdals	106	90	196
Fella	102	91	193
Tungu	83	61	144
Hjaltastaða	67	66	133
Borgarfjarðar (Borgarfj. e.) ...	169	119	288
Loðmundarfjarðar	1	0	1
Seyðisfjarðar	24	16	40
S-Múlasýsla	**2 652**	**2 373**	**5 025**
Skriðdals	73	71	144
Valla	101	93	194
Egilsstaða	343	310	653
Eiða	96	77	173
Mjóafjarðar	26	28	54
Norðfjarðar	67	51	118
Helgustaða	32	12	44
Eskifjarðar	490	449	939
Reyðarfjarðar	344	302	646
Fáskrúðsfjarðar ..	98	94	192
Búða (Fáskrúðsfj.)	377	341	718
Stöðvar	142	127	269
Breiðd. (Breiðdalv.)	174	161	335
Berunes	68	51	119
Búlands (Djúpiv.) .	165	149	314
Geithellna	56	57	113
A-Skaftafellssýsla .	**807**	**729**	**1 536**
Bæjar	43	48	91
Nesja	106	100	206
Hafnar (Höfn í Hf.)	447	415	862
Mýra	63	49	112
Borgarhafnar	78	54	132
Hofs	70	63	133

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
V-Skaftafellssýsla .	757	631	1 388
Hörgslands	113	98	211
Kirkjubæjar	124	89	213
Skaftártungu	54	52	106
Leiðvallar	50	35	85
Álftavers	37	28	65
Hvamms (Vík í Mýrdal) ..	276	251	527
Dyrhóla	103	78	181
Rangárvallasýsla ..	1 696	1 520	3 216
Austur-Eyjafjalla .	137	117	254
Vestur-Eyjafjalla .	157	124	281
Austur-Landeyja ..	94	90	184
Vestur-Landeyja ..	92	94	186
Fljótshlíðar	183	169	352
Hvol (Hvolsv.) ...	242	194	436
Rangárv. (Hella) ..	315	275	590
Landmanna	67	58	125
Holta	154	147	301
Ása	75	88	163
Djúpár	180	164	344
Árnessýsla	4 334	3 875	8 209
Gaulverjabæjar ...	120	113	233
Stokkseyrar	248	240	488
Eyrarbakka	253	254	507
Sandvíkur	80	58	138
Selfoss	1 211	1 182	2 393
Hraungerðis	139	87	226
Villingaholts	127	103	230
Skeiða	143	122	265
Gnúpv. (Búrfell) ..	199	181	380
Hrunamanna	269	202	471
Biskupstungna	291	200	491
Laugard. (Laugarv.)	142	104	246
Grímsnes	161	131	292
Þingvalla	32	20	52
Grafnings	38	35	73
Hveragerðis	395	415	810
Ölfus (Þorláksh.) .	470	418	888
Selvogs	16	10	26

Aths. Aftan við heiti nokkurra hreppa er tilgreindur þéttbýlisstaður í hreppnum, ef um einn slíkan stað er að ræða og hann dregur ekki nafn af hreppsheitinu. Íbúatalan á þó að sjálfsögðu við hreppinn, en ekki við þéttbýlisstaðinn, þó að íbúatala hins síðar nefnda sé stundum hin sama og hreppsins.

Íbúatala þéttbýlisstaða annarra en kaupstaða 1. des. 1969.

Heiti á kauptúnum, sem notuð voru í mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar fyrir 1/12 1967, eru hér tilgreind í sviga.

(Merkið * þýðir, að íbúatala þéttbýlisstaðar og hrepps sé ein og hin sama.)

Grindavík, Grindavíkurhr.*	1 116
Hafnir, Hafnahr.	138
Sandgerði, Miðneshr.	917
Gerðar, Gerðahr.*	619
Njarðvíkur, Njarðvíkurhr.*	1 516
Vogar, Vatnsleysustr.hr.	245
Garðakauptún, Garðahr.*	2 695
Seltjarnarnes, Seltjarnarneshr.* .	2 053
Hlíðartún (Lágafellshverfi), Mosfellshr.	138
Varmár- og Álafosshv., Mosf.hr. .	329
Reykjahverfi, Mosfellshr.	234
Borgarnes, Borgarneshr.*	1 127
Hellissandur, Neshr.	533
Rif, Neshr.	71
Ólafsvík, Ólafsvíkurhr.*	1 002
Grundarfjörður (Grafarnes), Eyrarsveit	588
Stykkishólmur, Stykkishólmshr.* .	1 048
Búðardalur, Laxárdalshr.	192
Patreksfjörður, Patrekshr.*	985
Tálknafjörður (Tunguþorp), Tálknafjarðarhr.	173
Bíldudalur, Suðurfjarðahr.	326
Þingeyri, Þingeyrarhr.	380
Flateyri, Flateyrarhr.*	482
Suðureyri, Suðureyrarhr.	445
Bolungarvík, Hólshr.*	968
Hnífsdalur, Eyrarhr.	338
Súðavík, Súðavíkurhr.	202
Djúpavík, Árneshr.	28
Drangsnes, Kaldrananeshr.	98
Hólmavík, Hólmavíkurhr.*	352
Borðeyri, Bæjarhr.	42
Hvammstangi, Hvammstangahr.* .	349
Blönduós, Blönduóshr.*	699
Skagaströnd, Höfðahr.*	527
Varmahlíð, Seiluhr.	63
Hofsós, Hofsóshr.*	274
Grímsey, Grímseyjarhr.*	89
Dalvík, Dalvíkurhr.*	1 058
Hrísey, Hríseyjarhr.*	302
Litli Árskógssandur, Árskógshr. .	82
Hauganes, Árskógshr.	116

Hjalteyri, Arnarneshr.	74	Breiðdalsvík (Þverhamarsþorp), Breiðdalshr.	155
Svalbarðseyri, Svalbarðsstr.hr.	75	Djúpivogur, Búlandshr.*	314
Grenivík, Grýtubakkahr.	170	Höfn í Hornafirði, Hafnarhr.*	862
Reykjahlíð, Skútustaðahr.	117	Kirkjubæjarklaustur, Kirkjubæjarhr.	46
Kópasker, Presthólahr.	82	Vík í Mýrdal, Hvammshr.	372
Raufarhöfn, Raufarhafnarhr.*	451	Hvolsvöllur, Hvolhr.	238
Þórshöfn, Þórshafnarhr.*	428	Hella, Rangárvallahr.	369
Bakkafjörður (Höfn í Bakkaf.), Skeggjastaðahr.	54	Stokkseyri, Stokkseyrarhr.	402
Vopnafjörður, Vopnafjarðarhr	530	Eyrarbakki, Eyrarbakkahr.*	507
Borgarfjörður eystra (Bakkag.), Borgarfjarðarhr.	145	Selfoss, Selfosshr.*	2 393
Egilsstaðir, Egilsstaðahr.*	653	Búrfell, Gnúpverjahr.	117
Eskifjörður, Eskifjarðarhr.*	939	Laugarvatn, Laugardalshr.	139
Reyðarfjörður (Búðareyri), Reyðarfjarðarhr.	582	Írafoss og Ljósafoss, Grímsneshr.	74
Fáskrúðsfjörður (Búðir), Búðahr.*	718	Hveragerði, Hveragerðishr.*	810
Stöðvarfjörður (Kirkjubólsþorp), Stöðvarhr.	241	Þorlákshöfn, Ölfushr.	487
		Þéttbýlisstaðir alls	35 483

Sþ. 126. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum.

Flm.: Jónas Jónsson, Gísli Guðmundsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung og aðra nytjafiska, ef henta þykir, svo fljótt sem nauðsynlegt fé fæst til framkvæmda. Stöðin verði á þeim stað í Þingeyjarsýslum, þar sem skilyrði reynast hagstæðust.

Greinargerð.

Í 62. gr. laga nr. 76/1970 segir svo:

„Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt í fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum."

Svo sem kunnugt er, rekur ríkið nú eina klak- og eldisstöð, eldisstöðina í Kollafirði, sem stofnuð var 1961.

Þar hefur síðan verið unnið merkilegt brautryðjendastarf og aflað dýrmætrar þekkingar og reynslu, bæði varðandi eldisaðferðir og heimtur seiða, sem sleppt er á mismunandi aldri og eftir mismunandi meðferð.

Á síðastliðnu sumri gengu samtals 4187 laxar úr sjó í tjarnir stöðvarinnar í Kollafirði.

Heimtur voru mjög mismunandi í hinum ýmsu hópum seiða, sem sleppt hafði verið.

Af seiðum, sem sleppt var 1969, komu þeim mun fleiri aftur 1970 sem þau voru stærri, er þeim var sleppt. Af flokkum seiða, sem voru yfir 15 cm á lengd, þegar þeim var sleppt 1969, komu frá 12.39%—15.63% til baka 1970.

Augljóst virðist, að markaður fyrir vel alin gönguseiði fari ört vaxandi á næstu árum. Kemur þar hvort tveggja til: hinn góði árangur, sem nú hefur náðst, og svo hitt, að áhugi á fiskrækt fer ört vaxandi, jafnframt því sem verðmæti veiðihlunninda stigur.

Eðlilegt virðist, að ríkið taki áfram verulegan þátt í því að sjá fyrir nægum gönguseiðum. Margt mælir einnig með því, að ríkið reki frekar tvær stöðvar en eina. Því fylgir aukið öryggi gegn sjúkdómahættu og óhöppum, sem steðjað gætu að einni. Tvær stöðvar gætu bæði haft með sér samvinnu um kynbætur, en þó skapazt á milli þeirra heilbrigð samkeppni um að ná sem beztum árangri.

Staðarval.

Alþingi hefur áður lýst yfir vilja sínum um það, að æskilegt sé, að slíkri stöð verði komið upp á Norðurlandi, með svofelldri þingsályktun, sem samþykkt var 29. apríl 1966:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort tímabært sé, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir."

Á grundvelli þessarar tillögu hefur veiðimálastjóri gert athuganir á nokkrum stöðum norðanlands og metið aðstöðu fyrir slíka stöð og gert áætlun um stofnkostnað. Álitsgerð þessari skilaði veiðimálastjóri til landbúnaðarráðuneytisins í marz 1970, en hún hefur enn ekki verið birt.

Í Þingeyjarsýslum eru a. m. k. fjórir staðir, sem eru taldir vel fallnir til slíkrar starfsemi, þannig að eftir fyrstu athugun er hægt að mæla með hverjum þeirra sem væri. Þessir staðir eru: 1. Við Litlá hjá Skúlagarði í Kelduhverfi. 2. Á Húsavík. 3. Hjá Hafralæk í Aðaldal. 4. Við Mývatn, við vatnið austanvert.

Ekki mun vera hægt að gera upp á milli þessara staða nema með nánari rannsókn og áætlanagerð. En á öllum þessum stöðum eru fyrir hendi öll grundvallarskilyrði fyrir slíka stöð, svo sem: 1. Nægilegt gott eldisvatn, bæði heitt og kalt, þannig að hægt er að fá æskilegan eldishita á vatnið. 2. Nægilegt landrými. 3. Möguleikar á að tryggja varavatn og vatnsréttindi í nágrenni. 4. Sæmilegar samgöngur til flugvallar og að góðum veiðiám í lítilli fjarlægð. 5. Möguleikar á að útvega ódýrt fóður í viðráðanlegri fjarlægð. Í Laxá og Þistilfjarðarám er sem kunnugt er mjög stórvaxinn laxastofn. Það má benda á, að Húsavík og raunar fleiri staðir koma til greina sem staðir fyrir verksmiðju til framleiðslu á tilbúnu fiskafóðri, sem bráðlega hlýtur að verða hér framleiðslugrein, bæði fyrir innlendan markað og sennilega einnig til útflutnings. Á svæðinu frá Ólafsfirði og austur á Langanes eru a. m. k. 28 ár, stærri og minni, sem eru eða geta orðið laxveiðiár, a. m. k. 14 þeirra eru það nú þegar.

Þarna eru stórkostlegir möguleikar, sem nýta þarf í auknum mæli. Áhugi á fiskirækt fer nú ört vaxandi, og yrði slík eldisstöð í þessum landshluta enn til að auka á hann og auðvelda mjög ræktunarstarfið. Þó að flutningar á gönguseiðum á milli landshluta og jafnvel landa séu vel framkvæmanlegir, getur svo farið, þegar flugsamgöngur eru stopular og óöruggar vegna veðurskilyrða, að seiði misfarist í flutningum, enda eru þess nokkur dæmi.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Flm.: Jón Skaftason, Ágúst Þorvaldsson, Stefán Valgeirsson, Björn Pálsson, Gísli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að kjósa 9 manna nefnd til þess að undirbúa setningu heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Skulu 5 nefndarmanna

kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en Hafrannsóknastofnunin tilnefna 2 nefndarmenn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna 1 nefndarmann og samtök sjómanna 1 nefndarmann.

Nefndin skal hraða störfum eftir föngum, og greiðist kostnaður við störf hennar úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fiskimiðin umhverfis landið eru með dýrmætustu auðlindum landsmanna. Afkoma þjóðarinnar að undanförnu hefur byggzt meira á sjávarafla en nokkurri annarri framleiðslu. Mun svo vafalaust verða enn þá um ófyrirsjáanlega framtíð.

En fiskimiðin umhverfis Ísland eru ekki ótæmandi frekar en annars staðar, og hraðvaxandi floti erlendra og innlendra fiskiskipa með fullkomnari veiðiútbúnað ár frá ári gerir þörfina fyrir lagasetningu um skipulegar veiðar á hafsvæðinu umhverfis landið æ nauðsynlegri.

Þessar reglur þurfa að miða að því að nýta fiskimiðin eins heppilega fyrir landsmenn og kostur er og þá að sjálfsögðu að gæta þess um leið að ganga ekki of nærri stofnum helztu nytjafiska.

Þetta verður að dómi flutningsmanna bezt gert á þann hátt að ákveða veiðisvæði fyrir vissar tegundir veiðarfæra og skipuleggja þannig sjálfar veiðarnar og hins vegar með því að ákveða viss friðunarsvæði, þar sem uppeldisstöðvar nytjafiska eru. Er það verkefni þeirrar nefndar, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, að kosin verði, að kanna þetta mál ýtarlega í því skyni að finna sem hagkvæmast fyrirkomulag í þessum efnum.

Flutningsmönnum eru vissulega ljósir ýmsir vankantar við þá skipan, sem hér er lagt til, að upp verði tekin. Bæði er, að fiskigöngur haga ferðum sínum ólíkt einstök ár og kynnu því fastar reglur að tálma nokkuð því valfrelsi, sem nú tíðkast við veiðarnar. En þrátt fyrir það eru þeir hagsmunir miklu stærri, sem bundnir eru við skipulegar veiðar og verndun uppeldisstöðva, sem tillöguflutningur þessi miðar að. Reynsla erlendra fiskveiðiþjóða bendir líka eindregið í þá áttina, og má t. d. nefna fordæmi Norðmanna, sem hafa sett ýtarlegar reglur um nýtingu sinna heimamiða. Mætti nokkuð styðjast við reynslu þeirra í þeim efnum.

Það er nú nokkuð almennt viðurkennt, að setja þurfi reglur um hagnýtingu auðæfa hafsins. Má í því sambandi vitna til þeirra umræðna, sem um það mál hafa orðið á þingi hinna Sameinuðu þjóða. Flestum mönnum er ljós sú hætta, sem hömlulaus veiði getur valdið fiskistofnunum, þótt ólíkir hagsmunir ýmissa fiskveiðiþjóða og stundarhagsmunir hafi enn þá komið í veg fyrir setningu slíkra reglna.

Íslendingar eiga þjóða mest undir því komið, að vel takist til í þessum efnum. Þeim ber því skylda til þess að ganga á undan með skipulagningu veiðanna í eigin fiskveiðilandhelgi. Reglur, er miðuðust við hámarksarðsemi veiðanna án þess að ganga of nærri fiskistofnunum og þá að sjálfsögðu ungfiskinum fyrst og fremst, mundu einnig duga okkur vel í baráttunni fyrir rýmri fiskveiðilandhelgi, sem okkur er lífsnauðsyn að fá fram sem fyrst. Reynslan af fyrri útfærslum fiskveiðilandhelginnar, sem allar byggðust á lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá árinu 1948, sannar það vel.

Ed. 128. Frumvarp til laga [119. mál]

um innheimtustofnun sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Setja skal á stofn Innheimtustofnun sveitarfélaga. Stofnunin skal vera sameign allra sveitarfélaga landsins. Lögheimili Innheimtustofnunarinnar er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga skal skipuð þremur mönnum. Skal einn skipaður af félagsmálaráðherra, en tveir kosnir af fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Kjörtímabil stjórnarinnar er fjögur ár. Varamenn skulu skipaðir og kosnir með sama hætti og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Tryggingastofnun ríkisins skal tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum stjórnarinnar.

Stjórn stofnunarinnar ræður forstjóra hennar, svo og annað fast starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

Launakjör starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

3. gr.

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá barnsfeðrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt mæðrum óskilgetinna barna og fráskildum konum vegna barna þeirra, sbr. 79. gr. laga nr. 40/1963, og að endurgreiða Tryggingastofnuninni innheimtufé, eftir því sem það innheimtist, sbr. 1. mgr. 4. gr., en fullnaðarskil skal Innheimtustofnunin hafa gert við Tryggingastofnun ríkisins fyrir 1. október næsta ár, sbr. 3. mgr. 4. gr.

Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi.

4. gr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnuninni það, sem á vantar, að tekjur hennar nægi til endurgreiðslna til Tryggingastofnunarinnar, sbr. 3. gr., og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar.

Skal Innheimtustofnunin láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. júní hvert ár reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið reikningsár.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal hafa gert fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, fyrir 1. október ár hvert, miðað við reikningsskil í lok undanfarandi árs.

5. gr.

Innheimtustofnun sveitarfélaga annast meðlagainnheimtu hjá barnsfeðrum, hvar sem er á landinu.

Barnsföður er skylt að endurgreiða Innheimtustofnuninni meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, þegar og með þeim hætti, sem stofnunin krefst.

Nú greiðir barnsfaðir ekki meðlag á réttum tíma samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs, og er þá Innheimtustofnuninni heimilt að taka 7% ársvexti af kröfunni frá gjalddaga til greiðsludags.

Vanræki barnsfaðir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukröfu, getur Innheimtustofnunin:

1) Krafið kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut til lúkningar meðlögum. Skulu slíkar kröfur ganga fyrir öðrum kröfum, þ. á m. kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs. Kaupgreiðendur skulu halda slíku innheimtufé aðgreindu frá eigin fé eða fé fyrirtækis. Vanræki kaupgreiðandi að verða við slíkri kröfu, ber hann ábyrgð gagnvart Innheimtustofnuninni allt að þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa Innheimtustofnunarinnar barst honum. Sama gildir, ef kaupgreiðandi tekur ekki tilskilda fjárhæð af kaupi eða aflahlut eða ef hann skilar ekki innheimtu meðlagsfé til Innheimtustofnunarinnar innan hálfs mánaðar. Gera má lögtak hjá kaupgreiðanda vegna vanrækslu hans í þessu sambandi með sama hætti og hjá meðlagsskuldara sjálfum. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
2) Krafizt lögtaks í eignum barnsföður. Um framkvæmd lögtaks skal fara samkvæmt lögum nr. 29 16. desember 1885. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.

3) Krafizt þess, að lögreglan aðstoði við að hafa upp á barnsföður og færi hann á skrifstofu Innheimtustofnunarinnar, ef með þarf, til viðtals og upplýsingagjafar, hafi hann ekki sinnt kvaðningum.
4) Krafizt úrskurðar héraðsdómara (í Reykjavík sakadómara) um vistun barnsföður á vinnuhæli til að vinna af sér meðlagsskuld. Í fyrsta sinni má eigi úrskurða barnsföður til vistar á slíku hæli lengur en 3 mánuði.
5) Krafizt þess, að meðlagsskuldari verði kyrrsettur, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi í hyggju að hverfa af landi brott. Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari) úrskurðar um kyrrsetningu. Kyrrsetningarúrskurði má skjóta til Hæstaréttar með sama hætti og kæru samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Skal útlendingaeftirliti, lögreglustjórum og fyrirtækjum, sem annast fólksflutninga til útlanda, tilkynnt um kprrsetninguna.

Innheimtustofnunin skal hafa sama rétt og einstakar sveitarstjórnir samkvæmt 45. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, til að krefja skattayfirvöld, banka og sparisjóði um upplýsingar um tekjur og eignir barnsfeðra, svo og til að krefja vinnumiðlunarskrifstofur og kaupgreiðendur um að láta þeim í té vinnuskýrslur.

6. gr.

Reikningsár Innheimtustofnunarinnar er almanaksárið.

Reikningar skulu fullgerðir fyrir 31. marz ár hvert, og skal endurskoðun þeirra lokið eigi síðar en 30. júní.

Fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga kýs tvo endurskoðendur og tvo til vara til fjögurra ára, og skulu þeir láta sérstaka endurskoðunarskýrslu fylgja áritun sinni á reikninga stofnunarinnar.

Endurskoðaða reikninga skal senda stjórn og fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytinu.

Ársreikningarnir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Einnig skal setja sérstaka reglugerð um rekstur vinnuhælis og vistun á það, sbr. 6. gr. 4. tl.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og ná til allra meðlagsgreiðslna, sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi frá og með þeim degi. Jafnframt falla úr gildi 2. mgr. 55. gr., 56. gr. og 57. gr. framfærslulaga, nr. 80 frá 5. júní 1947, og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57 frá 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. *Inngangur.*

Tryggingastofnun ríkisins hefur með höndum það hlutverk, sbr. 79. gr. laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, að greiða ógiftum og giftum mæðrum meðlög með óskilgetnum börnum þeirra til 16 ára aldurs, svo og fráskildum mæðrum og framfærslumönnum barna gegn framvísun meðlagsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs. Stofnunin á síðan rétt á að krefja barnsföður (meðlagsskyldan) um endurgreiðslu meðlagsins, en verði vanskil af hans hálfu, skal stofnunin innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans. Vanræki framfærslusveit að sinna kröfunni, getur stofnunin krafið ríkissjóð um endurgreiðslu.

Í framkvæmdinni mun það vera svo, að Tryggingastofnun sendir barnsfeðrum (meðlagsskyldum) bréflega kröfu um endurgreiðslu meðlags, en aðhefst ekkert frekar gagnvart þeim. Endurgreiðsla barnsfeðra til Tryggingastofnunar ríkisins mun undanfarin ár hafa numið 3—5% af heildarfjárhæð útborgaðra meðlaga.

Meðlög greidd Tryggingastofnuninni af framfærslusveit teljast framfærslustyrkur veittur barnsföður, og er framfærslusveit heimilt að krefja barnsföður um endurgreiðslu þeirra samkvæmt ákvæðum framfærslulaga. Reynslan sýnir, að endurgreiðslukröfur framfærslusveita á hendur barnsfeðrum innheimtast bæði seint og illa, og ber margt til þess.

Tryggingastofnunin sendir endurgreiðslukröfur til sveitarfélaganna að jafnaði tvisvar á ári. Þegar sveitarfélag fyrst getur hafizt handa um að krefja barnsföður, hafa því oft safnast fyrir kröfur, er nema allháum fjárhæðum, sem erfitt reynist oft að innheimta ásamt þeim, er síðar bætast við, þar sem fjárhag margra barnsfeðra er þannig háttað, að þeir eru ekki aflögufærir nema smátt og smátt af vinnutekjum sínum. Niðurstaðan verður því sú, að ekki innheimtist nema hluti útlagðs kostnaðar vegna greiddra barnsmeðlaga, en hinn hlutinn, sem ekki innheimtist, lendir á sveitarsjóði, þ. e. þegnum sveitarfélagsins í formi hærri útsvara. Hjá þeim sveitarfélögum, þar sem meðlagsinnheimta er bezt, innheimtist allt að 60% af meðlögum, en í flestum tilvikum er innheimtan frá 10—40%. Segja má, að stærstu sveitarfélögin hafi bezta aðstöðu til meðlagsinnheimtu, en sérstaklega veldur barnsmeðlagainnheimta oddvitum og öðrum starfsmönnum hinna smærri sveitarfélaga mikilli fyrirhöfn. Gildandi reglur um sveitfesti eiga sinn þátt í því, að það er oft tilviljanakennt, á hvaða sveitarfélagi meðlagsútgjöld lenda í einstökum tilvikum. Það getur jafnvel oltið á því, í hvaða sveitarfélagi meðlagsskyldur maður er staddur, þegar meðlagsúrskurður er út gefinn og birtur, en viðkomandi sveitarfélag verður að sitja uppi með þessi útgjöld til 16 ára aldurs barns, þótt barnsfaðir sé þaðan fluttur og sé gjaldþegn í öðru sveitarfélagi.

Útgjöld vegna barnsmeðlaga hafa farið mjög vaxandi undanfarin ár, bæði vegna hækkunar meðlaga og aukins fjölda meðlagsúrskurða, og erfiðleikar einstakra sveitarfélaga við innheimtu meðlaga hjá barnsfeðrum hafa aukizt að sama skapi. Heildarmeðlagsgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins undanfarin 5 ár hafa verið svo sem hér segir:

Ár	Millj. kr.	Fjöldi mæðra	Fjöldi barna	Ársmeðlag m/barni kr.
1965	54.6	3355	4415	12 070
1966	64.8	3415	4494	13 903
1967	72.0	3415	4723	14 668
1968	86.0	3703	5250	16 176
1969	106.5			18 876

Upplýsingar liggja ekki enn fyrir um fjölda barnsmæðra, er fengu greidd meðlög á árinu 1969, né heldur um fjölda barna, sem greitt var vegna á því ári. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda barnsfeðra, en talið er, að þeir séu heldur færri en barnsmæður, og má áætla tölu barnsfeðra á árinu 1969 a. m. k. 3500.

Sveitarfélögin eru óánægð með núverandi skipan þessara mála og hafa oft rætt þau á fundum sínum og þingum, síðast á landsþingi Sambands íslenzkra sveitarfélaga sumarið 1967, þar sem samþykkt var tillaga um að fela stjórn sambandsins að vinna að því, að gerðar yrðu breytingar til hagsbóta fyrir sveitarfélögin á núgildandi lagaákvæðum um þetta efni.

Að tilhlutan stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga var samþykkt á Alþingi 26. marz 1969 svofelld þingsályktun um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða núgildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur í því skyni að gera reglur um þær einfaldari en þær eru nú. Verði stefnt að því, að endurskoðun þessari ljúki það tímanlega, að unnt verði að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um þetta efni. Leitað verði samvinnu við Samband íslenzkra sveitarfélaga og þá aðila, er ástæða þykir til, um endurskoðun þessa."

Er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, árangur þeirrar endurskoðunar, sem þingsályktunin gerði ráð fyrir og gerð hefur verið að tilhlutan félagsmálaráðuneytisins í samvinnu við Samband íslenzkra sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins.

Frumvarp þetta felur í sér gagngerðar breytingar á lagaákvæðum um meðlagsgreiðslur. Þó verða engar breytingar á núverandi fyrirkomulagi, að því er barnsmæður snertir. Þær geta eftir sem áður snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið þar greidd meðlög gegn framvísun yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs, án tillits til þess, hvort meðlögin innheimtast hjá barnsfeðrum eða ekki. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því, að í sumum nágrannalöndum okkar, t. d. Noregi, er aðstaða mæðra önnur og lakari en hér til að fá greiðslu meðlags frá öðrum en barnsföður.

Frumvarp þetta felur það í sér, að sveitarfélögin leysi sameiginlega það verkefni, er varðar endurgreiðslu barnsmeðlaga til Tryggingastofnunar ríkisins og innheimtu þeirra hjá barnsfeðrum, og jafnframt yrði afskiptum einstakra sveitarstjórna af þessum málum lokið og þar með einnig hinum hvimleiðu sveitfestimálum í sambandi við meðlagsinnheimtur.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að sett verði á stofn, verður sameignarstofnun allra sveitarfélaga landsins. Hlutverk stofnunarinnar yrði fyrst og fremst að innheimta hjá barnsfeðrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt þeirra vegna. Auk þessa er gert ráð fyrir, að Innheimtustofnunin geti tekið að sér aðrar innheimtur fyrir sveitarfélögin gegn sérstakri þóknun.

Innheimtustofnun sveitarfélaga er samkvæmt frumvarpinu ætlað að hafa með höndum afmarkað verkefni og mundi hafa á að skipa sérhæfðu starfsliði til að vinna þetta verkefni, þannig að fullyrða má, að slík stofnun mundi ná langtum betri árangri í innheimtu hjá barnsfeðrum heldur en einstakar sveitarstjórnir hafa náð, enda er það megintilgangur frumvarpsins, að svo verði. Með hliðsjón af því, að heildarmeðlagsgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins námu á síðastliðnu ári (1969) rúmlega 100 milljónum króna og reynsla undanfarinna ára sýnir, að sveitarfélögunum hefur ekki tekizt að innheimta nema 10—60% af meðlögum, má ætla, að meðlagsinnheimta geti batnað um tugi milljóna við tilkomu Innheimtustofnunarinnar.

Ljóst er, að aldrei verður unnt að innheimta meðlög að fullu, þegar á heildina er litið, og vaknar þá sú spurning, hver eigi að bera mismuninn — það, sem ekki innheimtist. Eðlilegast og einfaldast virðist, að þeim mismun, sem ekki innheimtist, verði jafnað niður á öll sveitarfélög landsins í hlutfalli við íbúafjölda þeirra, þ. e. að þessi mismunur verði greiddur af óskiptu fé Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem er sameignarsjóður allra sveitarfélaga landsins. Framlög til einstakra sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði mundu að sjálfsögðu skerðast vegna þessa, en þess ber að gæta, að jafnframt mundu hin beinu útgjöld sveitarfélaganna vegna óinnheimtanlegra meðlaga hverfa úr sögunni. Slík skipan mundi verða til fjárhagslegs ávinnings fyrir sveitarfélög landsins og mundi í framtíðinni skapa þeim tryggingu gegn óvæntum útgjöldum vegna meðlagsgreiðslna. Hér er því um mikið hagsmunamál sveitarfélaganna að ræða, bæði þeirra fjölmennu og fámennu.

II. *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Í greininni er lagt til, að stjórn stofnunarinnar verði skipuð þremur mönnum, þar af verði einn skipaður af félagsmálaráðherra, en eðlilegt þykir, að félagsmálaráðuneytið eigi

aðild að stjórn stofnunarinnar, þar eð Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er í vörzlu þess ráðuneytis, sbr. og ákvæði 4. gr. frumvarpsins. Vegna hinna nánu tengsla Tryggingastofnunar ríkisins og Innheimtustofnunarinnar þykir tilhlýðilegt, að Tryggingastofnunin eigi áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum Innheimtustofnunarinnar.

Í reglugerð samkvæmt 7. gr. yrði starfssvið stjórnarinnar væntanlega tilgreint nánar en hér er gert, svo sem hvernig háttað verði eftirliti stjórnarinnar með starfsemi stofnunarinnar, um stjórnarfundi o. fl.

Um 3. gr.

Í grein þessari er fjallað almennt um hlutverk Innheimtustofnunarinnar, og vísast þar um til hinna almennu athugasemda í inngangi þessarar greinargerðar, að undanteknu ákvæði 2. mgr. greinarinnar um, að Innheimtustofnunin geti tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu. Þótt meginverkefni Innheimtustofnunarinnar verði að sjálfsögðu innheimta barnsmeðlaga samkvæmt 1. mgr., virðist ekki óeðlilegt, að stofnunin geti tekið að sér aðrar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög, sem þess kynnu að óska, svo sem innheimtu útsvara hjá gjaldendum, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi, svo og innheimtu annarra sveitarsjóðagjalda hjá slíkum gjaldendum og innheimtu gamalla meðlagsskulda hjá barnsfeðrum. Mundi Innheimtustofnunin með þessu móti geta gegnt þýðingarmiklu þjónustuhlutverki fyrir sveitarfélögin í landinu. Þar sem slík innheimtustarfsemi yrði utan við meginstarfsemi stofnunarinnar, virðist eðlilegt, að stofnunin taki sérstaka greiðslu fyrir hana, og yrðu nánari ákvæði um það efni væntanlega sett í reglugerð samkvæmt 7. gr.

Í 3. gr. 1. mgr. eru einnig ákvæði um, hvernig endurgreiðslum og reikningsskilum Innheimtustofnunarinnar við Tryggingastofnun ríkisins skuli háttað. Að sjálfsögðu má um það deila, hvernig slíkum samskiptum skuli háttað í einstökum atriðum, en höfuðatriðið er þó, að um þessi atriði séu ákveðnar reglur í lögunum, þannig að báðar stofnanirnar viti fyrir fram, hverjar skyldur þeirra eru og réttindi. Eftir að lögin verða komin til framkvæmda, þarf Tryggingastofnun ríkisins aðeins að snúa sér til eins aðila um endurgreiðslur barnsmeðlaga, þ. e. til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, í stað fjölmargra einstakra sveitarstjórna áður. Mun þetta því verða til mikils hagræðis fyrir Tryggingastofnunina. Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja athygli á því, að með lögfestingu þessa frumvarps félli niður skylda ríkissjóðs til að ábyrgjast gagnvart Tryggingastofnuninni endurgreiðslur meðlaga til hennar af hálfu einstakra sveitarstjórna.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Innheimtustofnunarinnar, bæði upphæð þeirra og skil. Í inngangi þessarar greinargerðar er fjallað almennt um skyldur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þessu sambandi, en því til viðbótar skal athygli vakin á því, að greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna óinnheimtra meðlaga hjá barnsfeðrum mundu væntanlega fara minnkandi ár frá ári, vegna þess að innheimta eldri meðlagseftirstöðva hjá Innheimtustofnuninni færi vaxandi í krónutölu með hverju ári, sem liði.

Um 5. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um, til hverra ráða Innheimtustofnunin getur gripið, ef barnsfaðir sinnir ekki kröfu hennar um endurgreiðslu meðlags. Allar þær heimildir, sem nefndar eru í greininni, eru í gildandi lögum til handa einstökum sveitarstjórnum, nema heimildin til að krefjast kyrrsetningar barnsföður, ef ástæða þykir til að ætla, að hann hafi í hyggju að hverfa af landi brott. Sú heimild er nýmæli, og er fyrirmyndin sótt til Norðurlandanna.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að sett verði sérstök reglugerð um vistun barnsföður á vinnuhæli og um rekstur slíks hælis, en í 47. gr. framfærslulaga nr. 80/1947 eru gildandi lagaákvæði um þetta efni. Hins vegar hefur skort bein laga-

og reglugerðarákvæði um rekstur slíks heimilis, en eins og kunnugt er, er eitt slíkt heimili nú rekið hérlendis, að Kvíabryggju á Snæfellsnesi, og annast ríkið rekstur þess. Þýðingarmikið verður í sambandi við góðan árangur af starfsemi Innheimtustofnunarinnar að hafa heimild í lögum um vistun barnsföður á vinnuheimili, fyrst og fremst vegna þeirra varnaðaráhrifa, sem slík heimild mundi hafa, og í annan stað er nauðsynlegt, að rekstur slíks heimilis sé í góðu lagi í hvívetna, en ákveðnar reglur mundu geta stuðlað að því.

Um 6. gr.

Grein þessi hefur að geyma almenn ákvæði um reikningsskil stofnunarinnar, endurskoðun og birtingu reikninga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir því, að sett verði almenn reglugerð, sem hafi að geyma nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Hefur verið vikið að slíkum ákvæðum í sambandi við athugasemdir um einstakar greinar hér að framan. Auk hinnar almennu reglugerðar er gert ráð fyrir setningu sérstakrar reglugerðar um rekstur vinnuhælis og vistun á það, sbr. athugasemdir við 5. gr. hér að framan.

Um 8. gr.

Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að taka til allra meðlagsgreiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi eftir gildistöku laganna, þ. e. eftir 1. janúar 1972, hvort sem þær greiðslur eru tilfallnar eftir þann tíma eða áður. Tryggingastofnunin mundi hins vegar krefja viðkomandi sveitarstjórnir um endurgreiðslu meðlaga, sem hún innir af hendi til ársloka 1971, en viðkomandi sveitarstjórnir gætu að sjálfsögðu falið Innheimtustofnuninni innheimtu slíkra meðlaga, sbr. 3. gr.

Þar sem í lögunum er gert ráð fyrir því, að Innheimtustofnun sveitarfélaga taki að fullu til starfa í ársbyrjun 1972 með tilheyrandi starfsliði og aðbúnaði, þyrfti stjórn stofnunarinnar að vera skipuð a. m. k. hálfu ári áður og forstjóri stofnunarinnar nokkru áður.

Ed. 129. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

79. gr. laganna orðist svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar til 16 ára aldurs barnsins, án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki. Aldrei greiðir Tryggingastofnunin þó hærri fjárhæð en sem nemur barnalífeyri samkvæmt 16. gr.

Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 3 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, eftir því sem meðlögin innheimtast, en fullnaðarskil skulu gerð í síðasta lagi fyrir 1. október næsta ár.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

2. gr.

Niðurlag 80. gr. laganna orðist svo:

enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga á sama hátt og í 79. gr. segir um endurkröfurétt á meðlagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, enda eru frumvörpin tengd hvort öðru, svo sem fram kemur í ákvæðum þeirra beggja.

Meginbreytingin frá gildandi lögum kemur fram í 4. mgr. 1. gr., en samkvæmt henni verður það hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga eftir gildistöku laganna að endurgreiða Tryggingastofnuninni útlögð meðlög, en skylda einstakra sveitarfélaga fellur niður, hvað þetta snertir. Endurkröfuréttur Tryggingastofnunar á hendur barnsföður fellur niður, enda ekki gert ráð fyrir, að barnsfeðrum verði heimilt að endurgreiða meðlög til Tryggingastofnunarinnar eftir gildistöku laganna, heldur til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Orðalag 1. mgr. 79. gr. verður óbreytt frá því, sem nú er.

Varðandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. er það að segja, að ástæðulaust virðist, að meðlagsréttur móður verki að öllum jafnaði lengra aftur í tímann en 3 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni. Næði slíkur réttur lengra aftur í tímann, gæti það leitt til þess, að meðlagskröfur hlæðust upp og innheimta hjá barnsfeðrum yrði erfiðari. Hins vegar er ljóst, að þær aðstæður geta verið fyrir hendi, að réttmætt geti verið að greiða barnsmóður meðlag lengra aftur í tímann, t. d. ef útgáfa meðlagsúrskurðar hefur dregizt vegna veikinda barnsmóður eða rekstrar barnsfaðernismáls. Er gert ráð fyrir því, að í slíkum undantekningatilvikum geti tryggingaráð heimilað greiðslu meðlaga til barnsmóður allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. um tilkynningaskyldu Tryggingastofnunarinnar er ætlað að flýta því, að innheimta geti hafizt hjá barnsföður, þannig að ekki hafi safnazt fyrir kröfur á hendur honum, þegar innheimta hefst. Ákvæði þetta virðist geta orðið til hagsbóta öllum aðilum og geta stuðlað að betri innheimtu.

4. mgr. 1. gr. hefur að geyma reglur um skil Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins, og virðast þær reglur ekki þarfnast skýringa.

Varðandi 2. gr. er það að segja, að Innheimtustofnun sveitarfélaga kemur í stað orðanna „barnsföður og sveitarfélagi“.

Ed. 130. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar

skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns barnsföður tilgreina nafnnúmer hans og fæðingarstað, svo og heimilisfang hans, stöðu hans og atvinnustað á þeim tíma, er meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

2. gr.

11. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 3 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram. Þó getur tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur til barnsmóður allt að 18 mánuði aftur í tímann, ef um sérstakar ástæður er að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á. Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnsmeðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, en ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

3. gr.

15. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram jafnhliða frumvarpi til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem ætlað er það aðalhlutverk að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins útlögð meðlög vegna barnsfeðra, sem eiga framfærslurétt hér á landi, og innheimta slík meðlög hjá barnsfeðrum.

Frumvarp þetta felur því í sér þær breytingar, sem leiðir af breyttu skipulagi þessara mála skv. téðu frumvarpi um Innheimtustofnun sveitarfélaga, svo sem að Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiði Tryggingastofnuninni barnsmeðlög, og áskilnað um ýtarlegri upplýsingar í meðlagsúrskurðum en áður var. Þó er sú efnisbreyting gerð, að almennt verður Tryggingastofnuninni ekki skylt að greiða meðlög, sem eindöguð eru meira en 3 mánuðum áður en greiðslukrafa kom fram. Tryggingaráði, er þó heimilt að víkja frá þessari reglu og heimila greiðslu meðlags allt að 18 mánuði aftur í tímann, ef barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á því, hve seint greiðslukrafa kom fram.

Ljóst er, að það er þýðingarmikið atriði til að ná góðum árangri í innheimtu gagnvart barnsföður, að ekki hafi safnazt fyrir til innheimtu stórar meðlagsfúlgur, heldur sé unnt að innheimta kröfur reglulega. Það virðist ekki þjóna neinum skynsamlegum tilgangi, að meðlagskröfurétturinn verki almennt lengra aftur í tímann en hér er gert ráð fyrir.

Vegna breytts orðalags 2. mgr. 11. gr. laganna er ákvæði 15. gr. óþarft og úrelt, og þess vegna er lagt til, að sú grein falli niður.

Nd. 131. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp það, sem hér er fjallað um, er ný sönnun um gjaldþrot viðreisnarstefnunnar svonefndu. Takmark hennar var að stöðva verðbólguna, draga úr viðskipta- og verðlagshöftum, létta skatta af almennum launatekjum og draga úr skuldasöfnun við útlönd. Allt hefur þetta mistekizt.

Verðbólgan hefur aldrei aukizt meir en á viðreisnartímabilinu, eins og sjá má á því, að á áratugnum 1950—59 hækkaði verðlagið samkv. vísitölu vöru og þjónustu um 122%, en á áratugnum 1960—69 um 250%.

Aldrei hefur verið gripið hérlendis til stórkostlegri verðlagshafta en þeirra, sem felast í þessu frv. Þannig hefur viðreisninni tekizt að losa viðskiptalíf landsmanna úr viðjum haftanna!

Skattar hafa aldrei verið hærri á almenum launatekjum en nú, sökum þess að skattvísitalan hefur alveg verið slitin úr samhengi við framleiðslukostnaðinn. Neyzluskattar hafa aldrei verið hærri.

Skuldirnar við útlönd hafa margfaldazt, og sést það bezt á því, að greiðslubyrðin vegna afborgana og vaxta af erlendum lánum nam 16.9% af heildargjaldeyristekjunum 1969, en ekki nema 8.4% árið 1959, og töldu sérfræðingar hana samt of mikla þá.

Alvarlegast af öllu er þó vafalaust það, að mikil stöðnun hefur ríkt á sviði atvinnuveganna. Þess vegna hafa þeir ekki reynzt færir um að taka á sig teljandi kauphækkanir, nema þær fengjust jafnóðum bættar með tilsvarandi verðhækkunum. Afleiðingin hefur orðið sú, að kaupmáttur daglauna er nú lítið eða ekkert meiri en fyrir 10 árum, enda þótt hann hafi aukizt um 30—40% í ýmsum nágrannalanda okkar, þar sem framför atvinnuveganna hefur gert það mögulegt, að kaupið hækkaði án tilsvarandi verðhækkana.

Fram undan er mikill verðbólguvöxtur fyrirsjáanlegur að óbreyttri stjórnarstefnu. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er reynt að stöðva hann um stundarsakir með því að grípa til verðstöðvunar fram til 31. ágúst 1971, eða fram yfir næstu alþingiskosningar. Bersýnilegt er, að verðstöðvun getur ekki haldizt öllu lengur, ef hún á ekki að hafa neikvæð áhrif og gera ástandið enn verra en það þó er. Þess vegna verður tafarlaust eftir kosningarnar að grípa til alveg nýrra ráðstafana, ef ekki á að hefjast hér að nýju tímabil gengisfellinga og annarra neyðarráðstafana, eins og varð hér eftir verðstöðvun ríkisstjórnarinnar fyrir kosningarnar 1967.

Þar sem augljóst er, að ekki er nú þingmeirihluti fyrir raunhæfum aðgerðum, mun Framsóknarflokkurinn styðja það, að verðstöðvun verði reynd á umræddu tímabili. Hann áréttar jafnframt, að hér er ekki um neina lausn vandans að ræða, heldur aðeins stundarfrest, sem getur reynzt hættulegur, ef ekki verður strax hafizt handa um aðrar raunhæfari aðgerðir að kosningunum loknum.

Inn í þetta frumvarp um verðstöðvun hefur verið blandað ýmsum óskyldum atriðum, eins og skerðingu á þeim dýrtíðarbótum, er felast í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda frá s. l. sumri. Það er í senn rangt og hættulegt, að Alþingi rjúfi þannig kjarasamninga. Slíkt getur hæglega leitt til alvarlegra átaka á vinnumarkaðnum. Við gerð samninganna í sumar náðist sá mikilvægi árangur, að samið var til lengri tíma en áður hefur verið venja. Telja má víst, að verkalýðssamtökin verði ófáanleg til að semja til nema stutts tíma í einu, ef þau eiga á hættu, að Alþingi rjúfi gerða samninga milli þeirra og atvinnurekenda. Kjarasamningar hætta þá að hafa nokkurt raunverulegt gildi.

Í samræmi við þetta leggjum við til, að felldar verði úr frv. þær greinar, sem breyta gerðum samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Svo röng og skaðleg teljum við umrædd ákvæði frv., að við munum greiða atkvæði gegn því, ef þau fást ekki

felld niður. Í gildandi lögum hefur ríkisstjórnin líka heimild til verðstöðvunar og hefur þegar notað hana. Verðstöðvunin getur því haldizt, þótt þetta frv. verði fellt.

Þá leggjum við til, að ákvæði það um launaskatt, sem er í frv., verði fellt niður, þar sem óeðlilegt er að leggja á nýja skatta, meðan fjárlagaafgreiðslunni er svo skammt komið, að ekki er fullséð, hvort þeirra er þörf.

Samkvæmt þessu munum við flytja á öðru þingskjali breytingartillögur um, að 2., 4. og 5. grein frv. falli niður. Ef þær breytingartillögur verða samþykktar, munum við greiða atkvæði með frv., en að öðrum kosti á móti því í samræmi við það, sem áður er rakið.

Alþingi, 11. nóv. 1970.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 132. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Sjaldan hefur dýrtíðarhjólið snúizt hraðar en á þessu ári, og hefur það þó oft snúizt býsna hratt í tíð núverandi ríkisstjórnar. Hver verðlagshækkunin hefur rekið aðra í sumar og í haust og allt fram undir 1. nóvember, að ríkisstjórnin loksins hafði sig í að tilkynna verðstöðvun.

Ljóst er af öllu, að ríkisstjórnin hefur átt sinn mikla þátt í þeirri óheillaþróun, sem átt hefur sér stað í verðlagsmálunum. Hún hefur beinlínis lagt blessun sína yfir flestar þær verðhækkanir, sem verðlagsnefndin hefur samþykkt, og hún hefur einnig heimilað ýmsum opinberum stofnunum stórfelldar verðhækkanir.

Afleiðingarnar af þessari dýrtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar eru þær, að frá miðju sumri og til 1. nóvember hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 11.8% og á þó eftir að hækka talsvert enn, þegar öll áhrif verðhækkana verða komin fram.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur því verið haldið fram, að þessi háskalega þróun verðlagsmála hafi átt sér stað vegna kaupgjaldssamninga verkalýðsfélaganna, sem gerðir voru um miðjan júní í sumar. Í þeim samningum var samið um 15—18% kauphækkun verkafólki til handa. Sú kauphækkun nægði rétt aðeins til þess að jafna upp þá kauplækkun, sem verkafólk hafði orðið að þola á undanförnum tveimur árum vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar. Kauphækkunin í sumar var því í fyllsta máta sanngjörn og eðlileg, og þar sem fyrir lá, að öll ytri skilyrði í efnahagsmálum þjóðarinnar voru mjög hagstæð, voru fyllstu ástæður til að ætla, að kauphækkunin gæti orðið raunhæf.

Árið 1969 var hagstætt framleiðsluár. Sjávaraflinn jókst um 11%, og útflutningsverð aflans hækkaði um 24%. Árið 1970 hefur þó orðið enn þá hagstæðara ár. Verðlag á útflutningsvörum hefur stórhækkað og framleiðslan aukizt. Áætlað er, að þjóðartekjur muni aukast um 10—11% á árinu. Enginn vafi getur því leikið á því, að hægt hefði verið með skynsamlegri stjórn í efnahagsmálum að tryggja þá kauphækkun til verkafólks, sem um var samið í júní s. l. sumar.

En stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur leitt til annarrar niðurstöðu. Hún hefur leitt til verðhækkunarflóðs; hún hefur leitt til þess verðbólguvandamáls, sem nú er við að glíma og öll þjóðin þekkir. Verðhækkanirnar frá því í sumar og haust, sem samþykktar hafa verið af stjórnarvöldum, segja nú til sín í hækkandi kaupgjaldsvísitölu og hækkandi kaupi í krónutölu.

Ríkisstjórnin var vissulega vöruð við því hættulega ástandi, sem væri að skapast í dýrtíðarmálum. Strax í þingbyrjun fluttum við Alþýðubandalagsmenn frumvarp um verðstöðvun og lögðum jafnframt til, að leitað yrði eftir samstöðu um raunhæfar ráðstafanir til að draga úr dýrtíð og til að hamla gegn hækkandi verðlagi á komandi mánuðum. Við bentum m. a. á eftirfarandi ráðstafanir sem líklegar í þessu skyni:

1. Að sett yrðu lög um eignakönnun til þess að fá réttan grundvöll til að skattleggja verðbólgugróða.
2. Að hert yrði á reglum til að koma í veg fyrir skattsvik og lækka þannig verðlag.
3. Að fella niður eða lækka verulega söluskatt og tolla á nauðsynjavörum.
4. Að gera verðlagseftirlitið haldbetra og virkara en það er nú.
5. Að afnema nefskatta, en afla fjár í þeirra stað með hækkun skatta á stóreignum og gróða.
6. Að láta fram fara rækilega athugun á núgildandi verðlagi og verðlagningarreglum og lækka verð, þar sem þess er kostur.

Ríkisstjórnin sinnti í engu aðvörunum okkar og lét frumvarp okkar liggja óafgreitt í nefnd.

Loksins þegar allt var komið í óefni, tilkynnti ríkisstjórnin, að hún mundi ákveða verðstöðvun og leggja fram sérstakar tillögur um efnahagsvandamálin. En þannig stóð stjórnin að framkvæmd verðstöðvunarinnar, að hinn 13. október tilkynnti forsætisráðherra alþjóð í sjónvarpi, að til stæði að fyrirskipa verðstöðvun, en sú verðstöðvun kom ekki fyrr en 1. nóvember, eða 18 dögum eftir að forsætisráðherrann hafði aðvarað um hana í sjónvarpi.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér tillögur ríkisstjórnarinnar um það, hvernig snúast skuli við þeim verðbólguvandamála, sem nú er upp kominn vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir verðstöðvun frá 1. nóvember, og jafnframt eru gerðar tillögur um að „eyða“ með sérstökum hætti þeim vísitölustigum úr kaupgjaldsvísitölunni, sem fram áttu að koma 1. desember n. k. og síðar samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Að réttu lagi átti kaupgjaldsvísitalan að hækka um 6.2 stig 1. desember n. k. og síðan um 1.3 stig í viðbót 1. marz 1971. Samkvæmt frumvarpinu á að „eyða“ þessum stigum þannig:

Í fyrsta lagi á að strika 2 vísitölustig út á gildistíma laganna og skerða sem því nemur umsamin launakjör alls launafólks.

Í öðru lagi á að hækka fjölskyldubætur allverulega, og nemur það um 1.55 stigum.

Í þriðja lagi eiga svo að koma til niðurgreiðslur á ýmsum vörum, aðallega landbúnaðarvörum.

Hækkun fjölskyldubóta og niðurgreiðslur á vöruverði gætu út af fyrir sig verið réttlætanlegar aðgerðir, ef eðlilega væri að þeim staðið. En svo er ekki samkvæmt frumvarpinu.

Fjár til þessara aðgerða er aflað á tvennan hátt:

Í fyrsta lagi er lagður á nýr launaskattur, sem nemur 1½% af öllum greiddum launum. Talið er, að sá skattur gefi á ársgrundvelli um 327 milljónir króna. Skattur þessi á að greiðast af nákvæmlega sömu aðilum og hefðu orðið að greiða hækkað kaup samkvæmt vísitöluuppbót. Það sýnist því næsta einkennilegt að leggja 1½% skatt á öll útborguð laun til þess að spara sömu aðilum að greiða vísitöluuppbætur samkvæmt gerðum kjarasamningum.

Þessi einkennilegi háttur er hafður á, þ. e. a. s. að láta vinnuveitendur greiða upphæðina til ríkisins í formi skatts, en ekki til launafólks sem kaup, vegna þess, að

með því að ríkið fái upphæðina, getur það notað hana til niðurgreiðslu á vöruverði og til hækkunar á fjölskyldubótum og lækkað þannig vísitöluna um rúmlega 2.0 stig, eða með öðrum orðum, ríkisstjórnin hefur á þennan hátt falsað vísitöluna um rúmlega ½ stig.

Í öðru lagi á svo að afla fjár í þessar ráðstafanir með hækkun á áfengi og tóbaki, og nemur sú hækkun 190 milljónum króna á ári. Samkvæmt vísitölugrundvellinum hefði kaupgjaldsvísitalan átt að hækka um 0.6 stig vegna þessara verðhækkana, en í frv. er lagt til, að þessi hækkun verði ekki látin hafa áhrif á vísitöluna.

Þá er einnig lagt til í frv., að 30% hækkun á iðgjöldum til almannatrygginganna, sem koma á frá næstu áramótum og hefði að réttu lagi átt að hækka vísitöluna um 0.4 stig, verði ekki talin með, eða látin falla niður úr vísitölunni.

Á þennan hátt er í frv. lagt til að fella niður 1 vísitölustig á þann einfalda hátt að taka ekki tillit til verðhækkana, sem samkvæmt vísitölugrundvellinum átti að reikna með.

Frumvarpið felur því í sér beina kjaraskerðingu fyrir launafólk, sem nemur 3 vísitölustigum eða um 3%, en það mun nema um 700 millj. kr. á ári. Það er algjör blekking að segja, að í staðinn fyrir þessa kjaraskerðingu fái launafólk hækkun fjölskyldubóta og lækkað verð á lífsnauðsynjum. Hækkun fjölskyldubóta og niðurgreiðslurnar á vöruverð koma í stað annarra rúmlega 4 stiga, sem felld eru niður úr vísitölunni jafnframt og lækka umsamið kaup sem þeim ráðstöfunum nemur. Launafólk er því sjálft látið borga hækkun fjölskyldubótanna og lækkun vöruverðsins, en auk þess eru bótalaust af því tekin 3% af umsömdu kaupi.

Með frumvarpinu er þeim vísitölugrundvelli, sem verkalýðshreyfingin samdi um við ríkisstjórnina, raskað í verulegum atriðum. Ríkisstjórnin svíkur því það samkomulag með þessum ráðstöfunum. Með frumvarpinu er einnig ráðgert að breyta í grundvallaratriðum kaupgjaldssamningum verkalýðsfélaganna frá 19. júní í sumar, þar sem fella á niður tvö vísitölustig og lækka þar með umsamið kaup sem því nemur.

Hætt er við, að frumvarpið leysi minni vanda en það skapar. Launþegasamtökin í landinu munu öll rísa upp gegn kjaraskerðingarákvæðum frumvarpsins. Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur þegar mótmælt frumvarpinu harðlega. Stjórn Dagsbrúnar hefur einnig gert það og sömuleiðis stjórnir margra annarra félaga. Fyrir dyrum standa nýir kaupgjaldssamningar við sjómenn, sem þegar hafa stórlega dregizt aftur úr öðrum með launakjör. Allt bendir því til, að á næstu mánuðum geti orðið hér hið alvarlegasta ástand á vinnumarkaði.

Ástæðan fyrir tíðum árekstrum á vinnumarkaði er stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sú stefna, sem leitt hefur til óðaverðbólgu ár eftir ár.

Við Alþýðubandalagsmenn erum á móti þessu frv. ríkisstjórnarinnar. Við teljum, að verðstöðvun eigi að ákveða og að reyndar hefði hún þurft að koma miklu fyrr. Við gerum okkur ljóst, að verðstöðvun ein læknar ekki verðbólgumeinsemdina. En verðstöðvunartímann er hægt að nota til skynsamlegra ráðstafana til að lækka verðlag og til að reisa skorður við síhækkandi verðlagi.

Á sérstöku þskj. flyt ég tvær breytingartillögur við frv. um, að 4. og 5. gr. þess falli niður, en í þeim eru þau ákvæði, sem mest ganga á rétt launafólks.

Alþingi, 12. nóv. 1970.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 133. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.

Nd. 134. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndir beggja þingdeilda hafa á sameiginlegum fundi haft til athugunar frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis. Til nefndanna bárust bréf frá A.S.Í. og Vinnuveitendasambandi Íslands, sem birt eru sem fylgiskjöl.

Á fundi nefndanna mætti Bjarni Bragi Jónsson forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, og veitti hann nefndunum þær upplýsingar, sem um var beðið, og gerði grein fyrir ýmsum atriðum varðandi frumvarpið.

Það leikur ekki á tveim tungum, að mjög hagstæð þróun efnahagsmála okkar hefur orðið síðari hluta árs 1969 og framan af þessu ári. Þann ábata, sem náðst hefur, ber að varðveita og reyna jafnframt að stuðla, svo sem föng eru á, að áframhaldandi hagstæðri þróun þessara mála.

Annars vegar er þróun efnahagsmála okkar háð óvissum aflabrögðum og verðlagi á erlendum mörkuðum, hins vegar skynsamlegri stjórn okkar á þeim málum og samræmdum aðgerðum á öllum helztu sviðum þeirra.

Það er ljóst mál, að verði ekkert aðhafzt nú, blasir við hættuleg þróun víxlhækkana kaupgjalds og verðlags, sem á skömmum tíma mundi raska samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna og leiða til óhagstæðra viðskipta þjóðarinnar út á við og stöðva áframhaldandi hagvöxt. Í frv. því, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi, eru gerðar tillögur, sem ætlað er að hamla á móti þessu og koma í veg fyrir, að þær kjarabætur, sem launþegar hafa fengið á þessu ári, raskist eða verði að engu.

Þá mættu á fundi nefndanna þeir Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri, form. verðlagsnefndar, og Kristján Gíslason verðlagsstjóri og veittu upplýsingar varðandi verðlagsþróunina.

Vegna ummæla við 1. umr. þessa máls, þar sem því var haldið fram, að miklar og óeðlilegar verðhækkanir hefðu átt sér stað næstu daga og vikur, áður en frv. þetta var lagt fram, gaf verðlagsstjóri þær upplýsingar á fundi nefndanna, að við athuganir verðlagsskrifstofunnar síðustu daga **hefði ekki orðið vart neinna dæma um óeðlilega verðlagsþróun á þeim tíma.**

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. nóv. 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Geir Hallgrímsson.

Pálmi Jónsson.

Fylgiskjal I.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Fjárhagsnefnd neðri deildar
Alþingis
Þórshamri. 11. nóv. 1970.

Hjálagt sendum vér yður samrit af bréfi því, er í morgun var afhent forsætisráðherra.

Er þar mörkuð afstaða Miðstjórnar Alþýðusambands Íslands til frumvarps ríkisstjórnarinnar um **„ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis“.**

Þetta tilkynnist háttvirtri fjárhagsnefnd hér með:

Virðingarfyllst
Alþýðusamband Íslands
Hannibal Valdimarsson.

11/11 1970.

Á fundi sínum í gærkveldi tók miðstjórn Alþýðusambands Íslands afstöðu til frumvarps ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, með svo hljóðandi ályktun:

„Vegna framkomins frumvarps ríkisstjórnarinnar um „ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis“ ályktar miðstjórn Alþýðusambands Íslands eftirfarandi:

1. Að hún mótmæli eindregið þeim ákvæðum frumvarpsins, sem fela í sér skerðingu á launum samkvæmt samningum verkalýðsfélaganna frá 19. júní s. l. og síðar með þeim hætti, að umsömdum vísitölugrundvelli er breytt til kaupskerðingar um 1 stig, 2 vísitölustig felld niður í sama tilgangi og verðlagsbætur miðaðar við tíma, sem launafólki er um sinn mun óhagstæðari en samningar kveða á um.

2. Að hún telur, að með þessum hætti sé grundvelli samninganna frá 19. júní s. l. og síðar kippt brott og þeir því úr gildi fallnir hvað öll kaupgjaldsákvæði áhrærir, verði þessi frumvarpsákvæði lögfest.

3. Að hún hvetur því öll sambandsfélög til að tilkynna viðsemjendum sínum, að þau muni krefjast nýrra kjarasamninga, komi skerðingarákvæði frumvarpsins til framkvæmda.

4. Að hún vísar til samþykktar sinnar frá 11. október s. l. og staðhæfir, að unnt sé eftir þeim leiðum, sem þar er bent á, að stöðva verðbólguþróunina, án þess að grípa þurfi til lögþvingaðra breytinga á gerðum og gildum kjarasamningum verkalýðsfélaganna.

5. Að hún telur, að frjáls samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar sé þverbrotinn með framangreindum ákvæðum, ef að lögum verða, og að tvísýnt sé um framtíð hans, ef slíkri aðför að honum er ekki mætt með fyllstu samstöðu af hálfu verkalýðssamtakanna. Einnig telur miðstjórnin, að nái ógilding lögmætra samninga nú fram að ganga, leiði það óhjákvæmilega til þess, að ekki verði unnt að gera kjarasamninga nema til fárra mánaða í senn til stöðugrar óvissu fyrir báða aðila vinnumarkaðarins.“

Þetta tilkynnist yður hér með, hæstvirtur forsætisráðherra.

Virðingarfyllst
Alþýðusamband Íslands
Hannibal Valdimarsson.

Til forsætisráðherra Jóhanns Hafstein
Stjórnarráðinu
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis
Reykjavík.

Reykjavík, 10. nóv. 1970.

Í tilefni af frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuaukningar, sem nú er til meðferðar hjá fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, leyfum vér oss að taka fram eftirfarandi:

Eins og komið hefur fram í viðræðum við ríkisstjórn Íslands, er Vinnuveitendasamband Íslands þeirrar skoðunar, að miklar vixlhækkanir kaupgjalds og verðlags séu efnahagslífi þjóðarinnar hættulegar.

Þetta sjónarmið kom áþreifanlega fram í samningaviðræðum Vinnuveitendasambands Íslands við verkalýðsfélögin fyrir og í verkföllunum s. l. vor, sem enduðu með samningum undirrituðum 19. júní s. l.

Staðreyndir þær, sem nú liggja fyrir, og áætlaðar hækkanir í náinni framtíð, eru svipaðar, að vísu nokkuð hærri en tölur þær, sem samningsaðilar höfðu í höndum í verkföllunum, og koma því engum á óvart í sjálfu sér.

Í þeim útreikningum var reiknað með, að kauphækkanirnar færu út í verðlagið innanlands, en útflutningurinn yrði að taka þær á sig.

Þessu var margyfirlýst, bæði við stjórnvöld og samninganefndir verkalýðsfélaganna, og enn fremur, að einhverra „ráðstafana" væri þörf, ef ekki ætti að koma til stöðvunar í atvinnurekstri og alvarlegt öryggisleysi að skapast á vinnumarkaðinum.

Það var þó mat manna, eftir að hin almennu verkföll höfðu staðið á 4. viku, að rétt væri að semja um það, sem þá var hægt minnst, í stað þess að skaða þjóðfélagið frekar, með allsherjarverkföllum um ófyrirsjáanlegan tíma, í von um örlítið lægri kauphækkunarprósentu.

Alls töpuðust í verkföllum rúmlega 300 þúsund vinnudagar, og segir það sína sögu, hve alvarlegum augum vér lítum á áhrif samningagerðarinnar.

Eins og greinargerð frumvarpsins ber með sér, blasa nú við, ef ekkert verður að gert, kauphækkanir, sem eins og áður segir yrðu höfuðatvinnuvegum landsmanna ofviða.

Í þessu sambandi leyfum vér oss að benda á, að allur útflutningur landsmanna hefur frá s. l. áramótum orðið að taka á sig kauphækkanir, sem nema um 28.1% (26.5% frá maíkaupi), en 23% samkvæmt nýjum ákvæðum í samningum frá 19. júní 1970, en fiskiðnaðurinn 0.2% meir.

Allur sá atvinnurekstur, sem háður er verðákvörðun Verðlagsnefndar, að undantekinni útseldri vinnu, hefur tekið á sig 4.21% kauphækkun samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu reiknaðri út í byrjun ágúst s. l. og sem kom til greiðslu frá og með 1. sept. s. l. án þess að fá þá kauphækkun inn í verðlagið, auk margvíslegra annarra reksturskostnaðarhækkana, sem ekki hefur verið tekið tillit til í verðákvörðunum.

Til viðbótar framangreindum áföllnum kauphækkunum er í fyrrgreindu frumvarpi ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir að leggja á atvinnureksturinn sérstakan launaskatt á tímabilinu 1. des. 1970 til 31. ágúst 1971, 1.5% af greiddum launum. Skattur þessi, þar sem óleyfilegt er að láta hann koma fram í verðlagi, kemur afar mismunandi niður á hinar ýmsu atvinnugreinar eftir því, hve kaupgreiðslur eru mikill hluti af reksturskostnaði fyrirtækja.

Útflutningsatvinnuvegirnir verða af augljósum ástæðum að taka hann einnig allan á sig og skerðir því samkeppnisaðstöðu þeirra.

Vér leyfum oss að gera tillögu um, að þessum sérstaka launaskatti verði skipt á launagreiðendur og launþega, þannig að 0.75% komi í hvors hlut. Vér bendum á í því sambandi, að ekki er fellt bótalaust niður neitt af kaupgreiðsluvísitölunni,

heldur frestað, að tveggja stiga hækkun komi til framkvæmda þar til 1. sept. 1971, en samkvæmt greinargerð með frumvarpinu veldur það ekki kjararýrnun hjá launþegum á fyrrgreindu tímabili vegna annarra ráðstafana, sem í frumvarpinu felast.

Launagreiðendur taka hins vegar á sig hinn sérstaka launaskatt, 245 millj. króna á þeim 3 ársfjórðungum, sem verðstöðvuninni er ætlað að standa samkvæmt frumvarpinu, þ. e. kr. 327 millj. á ársgrundvelli. Þessi skattur verður afar tilfinnanlegur fyrir allar atvinnugreinar landsmanna.

Þessi skipting launaskattsins mundi draga nokkuð úr þessum vandkvæðum og skerða minna samkeppnisaðstöðu útflutningsatvinnuveganna.

Vér viljum einnig benda á, að eðlilegt er, að hinn sérstaki launaskattur sé aðeins lagður á tryggingarkaup fiskimanna, þar sem kaupgreiðsluvísitalan reiknast aðeins af þeim hluta tekna þeirra.

Vér leyfum oss enn fremur að benda á, að fyrirhuguð hækkun almannatryggingagjalds er að 14 hundraðshlutum greidd beint af atvinnurekendum skv. 23. gr. l. nr. 43 1963, um almannatryggingar, en allan kostnað af slysatryggingum skv. 40. gr. sömu laga bera atvinnurekendur.

Það skal viðurkennt, að frumvarp þetta er jákvætt, þar eð hag atvinnuveganna, launþeganna og ríkissjóðs væri stefnt í voða, ef ekkert væri að hafzt. Æskilegt hefði þó verið, að um nauðsynlegar aðgerðir hefði náðst samkomulag með frjálsum samningum milli allra málsaðila, en þess var því miður ekki kostur.

Virðingarfyllst,

Benedikt Gröndal. Björgvin Sigurðsson.

Nd. 135. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (ÞÞ, VH).

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 136. Skýrsla

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Ársreikningur 1966.

Tekjur:

(1) Eign 1. janúar 1966:			
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	kr.	12 000.00	
Sparisjóðsinnstæða	—	37 634.99	
			kr. 49 634.99
(2) Vaxtatekjur:			
Af veðdeildarbréfum	kr.	900.00	
— sparisjóðsinnstæðu	—	2 562.47	
			— 3 462.47
			Samtals kr. 53 097.46

Gjöld:

(1) Fjölritunarkostnaður	kr. 1 220.10	
(2) Eign í árslok 1966:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 190 og 192, A nr. 1324 og 1326	— 12 000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 39 877.36	
		kr. 53 097.46
	Samtals	kr. 53 097.46

Menntamálaráðuneytið, 6. september 1967.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður Briem.

Reikning þennan höfum við endurskoðað, kannað eignir sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 8. september 1967.

E. Bjarnason.

Ársreikningur 1967, 1968 og 1969.

Eign 1. janúar 1967:

Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	kr. 12 000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 39 877.36	
		kr. 51 877.36
Vaxtatekjur:		
Af veðdeildarbréfum	kr. 1 375.00	
— sparisjóðsinnstæðu	— 8 924.74	
		— 10 299.74
	Samtals	kr. 62 177.10

Gjöld:

Eign í árslok 1969:

Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 192, A nr. 1324 og 1326	kr. 7 000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 55 177.10	
		kr. 62 177.10
	Samtals	kr. 62 177.10

Menntamálaráðuneytið, 2. nóvember 1970.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður Briem.

Reikning þennan höfum við endurskoðað, kannað eignir sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Ríkisendurskoðunin, 4. nóvember 1970.

E. Bjarnason.

Nd. 137. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 52 1957, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Stefán Valgeirsson, Jónas Jónsson.

1. gr.

Við fyrri málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera 700.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 400.00 fyrir hvern yrðling.

2. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 1400.00.
b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 800.00.

3. gr.

Eftir gildistöku þessara laga endurgreiði ríkissjóður að fullu kostnað við eyðingu minka samkv. lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. og 2. gr. laga nr. 9 1964, um breyt. á l. nr. 52 1957, um eyðingu refa og minka.

Greinargerð.

Gildandi lagaákvæði um greiðslu fyrir eyðingu refa og minka eru frá árinu 1964, og upphæðir, sem þar eru ákveðnar, með öllu úreltar vegna verðlagsbreytinga í landinu. Í þessu frv. er lagt til, að upphæðirnar verði hækkaðar og þar með leiðréttar til samræmis við verðlagsbreytingar.

Með lögunum frá 1964 var greiðsla fyrir eyðingu minka hækkuð minna hlutfallslega en aðrar greiðslur. Er gert ráð fyrir, að þetta verði nú leiðrétt og greiðsla fyrir hvern unninn mink hækkuð úr 350 kr. upp í 800 kr. Villiminkar hafa þegar án efa valdið verulegu tjóni í veiðivötnum hér á landi, og fuglalíf er nú víða ekki nema svipur hjá sjón hjá því, sem áður var. Margir óttast, að hættan af þessum aðkomuvargi fari nú enn vaxandi, þar sem minkaeldi hefur verið leyft á ný. Eyðing minka er náttúruverndarmál hér á landi.

Af kostnaði við eyðingu refa og minka greiðir ríkissjóður samkv. gildandi lögum ⅔, hlutaðeigandi sveitarfélag ⅙, og sýslusjóður ⅙. Rétt þykir, að ríkissjóður greiði eftirleiðis að fullu kostnað við eyðingu minka samkv. því, sem ákveðið verður, ef þetta frv. verður að lögum. Til greina kæmi að leggja eitthvert gjald á loðdýrabú vegna minkaeyðingarinnar, þótt eigi sé það lagt til hér.

Sþ. 138. Nefndarálit [27. mál]

um till. til þál. um athugun á framkvæmd skoðanakannana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þáltill. þessa, og leggur meiri hluti hennar til, að hún verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Matthías Bjarnason, var fjarverandi, en annar, Jónas Pétursson, tekur ekki afstöðu til þáltill.

Alþingi, 12. nóv. 1970.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Gísli Guðmundsson.
Jónas Árnason. Ásgeir Pétursson.

Nd. 139. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. nóv. 1970.

Matthías Á. Mathiesen, form. Unnar Stefánsson, fundaskr., frsm. Pálmi Jónsson.
Geir Hallgrímsson. Lúðvík Jósefsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 140. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Frv. þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 31. júlí 1970, sem heimiluðu Iðnlánasjóði að lána erlent fjármagn frá Iðnþróunarsjóði án gengisáhættu, enda tryggi sjóðurinn hagsmuni sína á annan hátt, en það hefur sjóðsstjórnin gert með vaxtabreytingu almennt úr 8½% í 9%.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með frumvarpinu. Gísli Jónsson var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 12. nóv. 1970.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Einar Ágústsson.
Oddur Andrésson. Helgi Bergs. Karl Sigurbergsson.

Sþ. 141. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um sjóvinnuskóla eða sjóvinnunámskeið á Siglufirði.

Flm.: Jón Kjartansson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að því í samráði við bæjarstjórn Siglufjarðar að koma á fót sjóvinnuskóla eða sjóvinnunámskeiðum á Siglufirði.

Greinargerð.

Sjómennska er ein af meginstoðum íslenzks atvinnulífs. Það er því þjóðfélagsleg nauðsyn að búa vel að þeim, er sjómennsku stunda. Þeir, sem við hana fást, þurfa og að kunna vel til verka. Það er því mikilvægt, að þeir eigi kost á starfsmenntun og verkþjálfun. Þá starfskunnáttu og reynslu fá ungmenni auðvitað fyrst og fremst á sjónum og undir handleiðslu reyndra sjómanna. Það er þó vafalaust

hægt að kenna ungmennum ýmis vinnubrögð, er að sjómennsku lúta, í skóla eða á námskeiðum. Það er einmitt þörf á því að taka upp skipulega þjálfun sjómannsefna með einum eða öðrum hætti. Með því að koma á fót sjóvinnunámskeiðum eða sjóvinnuskóla mætti efalaust vekja áhuga ungra manna á þessari atvinnugrein, en þess er einmitt mikil þörf. Slíkur skóli eða námskeið gæti efalaust stuðlað að aukinni verklegri menningu í þessari mikilvægu atvinnugrein. Slíkur skóli mundi væntanlega verða til þess að auka veg sjómannastéttarinnar. Auk þess koma hér til greina ýmiss konar vinnubrögð í sambandi við sjóvinnu, þótt ekki sé beinlínis um sjómennsku að ræða. En allir ættu að geta orðið sammála um, að Íslendingum beri að leggja alveg sérstaka rækt við menntun og starfsþjálfun þeirra, er við hvers konar sjóvinnu fást. Þar megum við sízt af öllu vera eftirbátar annarra.

Það fer vel á því, að slíkum skóla eða námskeiðum væri valinn staður á Siglufirði. Á Siglufirði hafa löngum átt heima góðir sjómenn. Afkoma Siglufjarðar hefur byggzt á síávarafla og vinnslu hans. Síldin var lengi vel aðaluppistaðan í atvinnulífi Siglfirðinga. Síldarleysið hefur orðið fáum stöðum meiri hnekkir en Siglufirði. En Siglfirðingar hafa ekki lagt árar í bát. Þeir hafa reynt að bæta úr áfallinu með því að snúa sér að öðrum veiðum og fiskvinnslu. Samt hefur Siglufjörður óneitanlega verið í lægð um skeið. Það mundi verða Siglfirðingum til hvatningar, ef slíkur skóli yrði staðsettur á Siglufirði. Þar mun fáanlegt hentugt húsnæði fyrir slíkan skóla, þar sem jafnframt væri hægt að hafa heimavist fyrir utanbæjarnemendur, sem þangað mundu efalaust sækja.

Nd. 142. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Við 2. gr. Orðin „af greiddum launum“ í niðurlagi 1. málsl. 1. málsgr. falli niður.

Nd. 143. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá Birni Pálssyni.

1. málsl. 1. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½% af greiddum launum, þó aðeins af kauptryggingu sjómanna, en eigi hlut.

Sþ. 144. Nefndarálit [26. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til varnar gegn mengun.

Frá allsherjarnefnd.

Efni tillögunnar er að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um ráðstafanir til varnar gegn skaðlegri mengun í lofti og vatni. Í greinargerð tillögunnar segir svo, að mengun lofts og vatns sé nú orðin eitt af mestu vandamálum í þéttbýlum og iðnvæddum löndum. Hér á landi hafi þegar orðið vart nokkurrar meng-

unar, sem sé þó smámunir hjá því, sem annars staðar sé við að stríða. Enn sé loft hér yfirleitt tært, landið tiltölulega hreint og vötn og sjór að mestu ómenguð. En hættan sé hér augljós og vaxandi, þegar verksmiðjum fjölgi og iðnvæðing færist í aukana. Ekki megi glata þeim auði, sem þjóðin eigi í óspilltri náttúru. Koma verði í veg fyrir, að mengun spilli sjávarlífi við strendur landsins, hinu hreina andrúmslofti eða dýrmætum ám og fiskivötnum.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 26.

Alþingi, 13. nóv. 1970.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Ásgeir Pétursson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Jónas Árnason.
	Matthías Bjarnason.	

Sþ. 145. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um atvinnulýðræði.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela 13 manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja, sem þeir starfa hjá. Ber sérstaklega að stefna að því í fyrstu lotu að veita launþegum ríkisfyrirtækja og þá einkum iðnfyrirtækja veruleg bein áhrif á stjórn þeirra, en starfsmönnum í einkarekstri víðtæk ráðgefandi áhrif.

Nefndin skal skipuð þannig: Samtök vinnuveitenda tilnefna þrjá menn, launþegasamtökin þrjá og sameinað Alþingi kýs 7 menn. Ráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar.

Greinargerð.

Tveir þingmenn Alþýðuflokksins hafa lagt fram í efri deild frumvarp til laga um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja. Flokksblað þeirra hefur í ritstjórnargrein kallað efni frumvarpsins „eina markverðustu nýjung í atvinnumálum og jafnréttismálum, sem fram hefur komið um margra ára skeið.“ Nokkuð er það ofmælt. Þingsályktunartillaga að mestu samhljóða tillögu þeirri, sem hér er nú flutt, hefur tvisvar áður (1964 og 1965) verið flutt af hálfu Alþýðubandalagsins. Flutningsmaður hennar var Ragnar Arnalds. Hún fékkst í hvorugt skiptið afgreidd. Með endurflutningi tillögunnar nú er ætlunin ekki sú að keppa við frumvarp þeirra Alþýðuflokksmannanna. Þvert á móti. Það er mikið fagnaðarefni, að nú skuli vaknaður þessi áhugi á málinu í röðum stjórnarþingmanna og ætti því að geta orðið styrkur að endurflutningi þessarar tillögu og þó sérstaklega hinni ýtarlegu greinargerð Ragnars Arnalds, sem á sínum tíma fylgdi henni. Aðalatriði þeirrar greinargerðar fara hér á eftir:

Þessi tillaga til þingsályktunar miðar að því að skipa 13 manna nefnd til að undirbúa áætlun um aukið lýðræði í íslenzkum atvinnuvegum. Það skal fúslega viðurkennt, að þetta viðfangsefni er ekki einfalt í framkvæmd. Atvinnulýðræði mun ekki ná fram að ganga nema á alllöngum tíma og eftir margvíslegar tilraunir. En nauðsynlegt er að hefjast þegar handa um undirbúning: koma á stað viðræðum milli launþega og vinnuveitenda, rannsaka íslenzkar aðstæður og leita eftir reynslu annarra þjóða.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að framfarir í tækni og vísindum eru mjög örar á okkar tímum. Hin nýja iðnbylting, sem einkennist af sjálfvirkni og gífurlegri fjöldaframleiðslu, mun bæta lífskjör almennings stórkostlega á komandi árum. Þessi þróun er þó ekki með öllu hættulaus. Í fyrsta lagi má hún ekki hafa í för með sér, að valdið yfir atvinnurekstrinum safnist á hendur örfárra manna. Í öðru lagi er það staðreynd, að samfara vaxandi sjálfvirkni verða störf manna einhæfari, andlausari og tilbreytingarsnauðari. Sérstaklega af þessum ástæðum er það samfélagsleg nauðsyn, að hinn vinnandi maður verði virkur þátttakandi og stjórnandi á þeim stað, þar sem hann dvelur næstum þriðjunginn af ævi sinni, en sé ekki aðeins tannhjól í hinni tröllvöxnu vélasamstæðu atvinnulífsins.

Þessi tillaga til þingsályktunar hefur því tvíþættan tilgang: annars vegar að bæta aðstöðu launþega til áhrifa á sérhverjum vinnustað í atvinnulífi þjóðarinnar — hins vegar að flytja vald og ábyrgð frá hinum fáu til hinna mörgu.

Krafan um lýðræði.

Krafan um fullkomið lýðræði er krafan um jafnrétti þegnanna á öllum sviðum þjóðlífsins. Jafnt og þétt hefur þessi krafa náð fram að ganga á æ fleiri sviðum og í æ fleiri löndum.

Pólitískt lýðræði og lýðræði í félagsmálum eru hvort tveggja kröfur, sem óðum eru að ná almennri viðurkenningu sem grundvallarréttindi hvers manns. Er þá átt við prentfrelsi, málfrelsi, félagsfrelsi, almennan kosningarrétt, jafnrétti kynjanna o. s. frv.

Jafnrétti í menntamálum er gömul réttlætiskrafa. Er þá átt við jafna aðstöðu manna í uppeldis- og menntamálum án tillits til uppruna eða aðstæðna og jöfn skilyrði til að njóta gæða menningarlífsins. Krafan um skólalýðræði er nú mjög til umræðu, og hafa stúdentar þar forustu.

Krafan um efnahagslegt lýðræði er tvíþætt: Annars vegar er átt við, að lífskjör manna og fjárhagsleg afkoma sé sem jöfnust, svo að allir hafi jafna möguleika til að njóta lífsgæðanna. Hér er því átt við fjárhagslegt jafnrétti allra manna. Hins vegar er átt við jafna aðstöðu manna til að hafa áhrif á stjórn efnahagslífsins og þá um leið til að vinna gegn fjárhagslegu misrétti. Einokun fárra manna á stjórntækjum efnahagskerfisins hefur og í för með sér drottnun þeirra yfir atvinnulífinu. Efnahagslegt lýðræði er því nátengt atvinnulýðræði. Munurinn er sá, að hið fyrra beinist að efnahags- og atvinnulífinu í heild sinni, en atvinnulýðræði er fyrst og fremst bundið við vinnustaðinn, fyrirkomulag rekstrarins á hverjum stað.

Það er vissulega óeðlilegt, að þjóðfélagið viðurkenni lýðræði sem grundvallarreglu, en neiti að framfylgja þessari reglu í mikilvægasta þætti þjóðlífsins — atvinnulífinu. Þess vegna er það ein helzta krafa verkalýðshreyfingarinnar víða um heim í dag, að sigurganga lýðræðisins sé ekki stöðvuð við dyr vinnustaðanna.

Markmið atvinnulýðræðis.

Á Íslandi hafa umræður um atvinnulýðræði verið mjög af skornum skammti. Á hinn bóginn hafa þessi mál verið á dagskrá í öllum nálægum löndum á undanförnum árum og þá ekki sízt á Norðurlöndum. Gildir einu, hvort um er að ræða flokka, sem kenna sig við íhaldsstefnu, vinstristefnu eða sósíalisma, — allir viðurkenna þeir þörfina á auknu lýðræði í atvinnulífinu. Aftur á móti er mikill ágreiningur um markmið og leiðir. Til glöggvunar mætti greina á milli þriggja hugmynda, sem allar stefna í sömu átt, en ganga þó misjafnlega langt:

1) *Samráð við starfsmenn í ákveðnum málum.* Fyrsta skrefið í átt til atvinnulýðræðis er að veita starfsmönnum íhlutunarrétt um meðferð nokkurra málaflokka, sem snerta reksturinn, t. d. varðandi vinnuskilyrði og vinnutilhögun, hagræðingu, vinnutíma, öryggisráðstafanir vegna starfsfólks, bætta þjónustu o. fl.

Slík réttindi eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg fyrir launþega, en einnig er það skoðun margra, að starfsmenn, sem eiga persónulega hlut að því að leysa vandamál rekstrarins, uni sér betur á vinnustað og eigi hægara með að þroska hæfileika sína í starfinu.

2) *Fulltrúar starfsmanna í minni hluta í stjórn fyrirtækisins.* Ráðgefandi réttindi starfsmanna, eins og lýst er í seinustu málsgrein (1), eru tæpast lokatakmark í margra augum, heldur einungis frumstig atvinnulýðræðis. Næsta skrefið er, að launþegar fá aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á ákvarðanir í öllum vandamálum rekstrarins með beinni þátttöku í stjórn fyrirtækisins. Þetta stig er þó rétt að takmarka við þá tilhögun, að starfsmenn fá að velja stóran hluta stjórnarmanna á lýðræðislegan hátt, en hafa þó ekki náð meirihlutaaðstöðu í stjórn rekstrarins.

3) *Raunveruleg stjórn starfsmanna.* Þá fyrst, þegar starfsmenn hafa öðlazt réttinn til að kjósa meiri hluta þeirra, sem sitja í stjórn fyrirtækisins, er inntak kröfunnar um lýðræði í atvinnurekstri orðið að veruleika. Þessi tilhögun mundi dreifa valdinu í þjóðfélaginu úr höndum hinna fáu til hinna mörgu, svo að efnahags- og atvinnulífið yrði undir lýðræðislegu eftirliti. Réttur löggjafans og framkvæmdarvaldsins til áhrifa á stjórn rekstrarins væri þó ekki afnuminn, enda óhjákvæmilegt, að sérhvert fyrirtæki sé rekið í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.

Erlend reynsla.

Víða um heim er atvinnulýðræði á dagskrá og þá einkum innan verkalýðshreyfingarinnar, eins og áður er sagt, en óvíða hefur orðið mikið úr framkvæmdum. Hér skulu nefnd dæmi frá þremur þjóðum, ef það mætti verða til skilningsauka á þessari tillögu:

Í *Englandi* hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til að koma á auknu lýðræði í atvinnulífinu, en þessi viðleitni er þó skammt á veg komin. Árið 1941 voru stofnaðar framleiðslunefndir hjá öllum fyrirtækjum í málmiðnaðinum, og voru þær hugsaðar sem ráðgefandi aðili af hálfu starfsfólksins. Þessar tilraunir tókust misvel, enda voru nefndirnar valdalitlar, en merkar rannsóknir voru gerðar í þessa átt hjá fyrirtækinu Glacier Metals.

Eftir seinni heimsstyrjöldina þjóðnýtti ríkisstjórn Verkamannaflokksins ýmsar mikilvægar greinar atvinnulífsins, svo sem rafmagns-, kola- og gasiðnað og nokkra þætti flutningakerfisins. Samtímis voru gerðar ráðstafanir í lýðræðisátt með því að skipa forustumenn í verkalýðshreyfingunni í stjórn fyrirtækjanna, og komið var á fót stofnunum, sem fastir starfsmenn voru aðilar að og ætlað var einkum að fjalla um mál, sem snertu öryggi, heilsu og velferð launþeganna svo og aukna framleiðni fyrirtækjanna. Þessi tilraun í Englandi hefur gefizt vel, svo langt sem hún nær, en þróun lýðræðis í enskum atvinnuvegum er þó enn á frumstigi.

Í *Noregi* voru lög um verkamannanefndir (arbeiderutvalg) árið 1920 fyrsta viðleitnin í þessa átt. Nefndirnar áttu að vera ráðgefandi í vissum málaflokkum, en lögin komust ekki í framkvæmd.

Í sameiginlegri stefnuyfirlýsingu stjórnmálaflokkanna árið 1945 var boðað, að stofnaðar yrðu „ráðgefandi framleiðslunefndir, skipaðar vinnuveitendum, verkamönnum og öðrum starfsmönnum". Þessi tilhögun hefur síðan náð fram að ganga með heildarsamningum vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar, en án sérstakrar lagasetningar.

Fram að þessu hefur viðleitni norskra ráðamanna til að auka lýðræði í norskum atvinnurekstri fyrst og fremst beinzt að hinu fyrsta stigi, sem nefnt var hér að framan: ráðgefandi réttindum starfsmanna. Þó eru þess mörg dæmi, að fulltrúar verkamanna eigi sæti í stjórnum norskra ríkisfyrirtækja.

Nú seinustu árin hefur verkalýðshreyfingin unnið að undirbúningi nýrrar löggjafar um þessi efni í samráði við stjórnarvöld, og er einkum að því stefnt, að launþegar hafi veruleg ítök í stjórn rekstrarins, en verði þar í minni hluta.

Fæstir, sem til þekkja, munu neita því, að atvinnulýðræði hefur enn sem komið er náð mestum þroska í *Júgóslavíu*. Frá stríðslokum hefur verkamannaráðið verið sú grunneining í atvinnulífi landsins, sem stjórnað hefur rekstri flestra meiri háttar fyrirtækja. Júgóslavar hafa einbeitt sér sérstaklega að dreifingu miðstjórnar- og framkvæmdavalds með því að veita einstökum landshlutum, sveitarfélögum og þjóðnýttum stórfyrirtækjum aukið sjálfstæði. Verkamannaráðin hafa þó ekki stjórn fyrirtækjanna að öllu leyti í sínum höndum, en bein áhrif starfsmanna á reksturinn eru tvímælalaust mikil.

Enginn mun vilja halda því fram, að skipan þessara mála í Júgóslavíu sé fullkomin, enda um brautryðjandastarf að ræða. En áreiðanlega má mikið læra af Júgóslövum um framkvæmd atvinnulýðræðis. Víða um heim er fylgzt með þessum tilraunum þeirra af miklum áhuga, og til dæmis fór nefnd norskra þingmanna nýlega til Júgóslavíu til þess að kynna sér sérstaklega atvinnulýðræði þar í landi. Ekki væri síður ástæða fyrir þá nefnd, sem þessi tillaga fjallar um, að gera ráðstafanir til að læra af reynslu Júgóslava.

Íslenzkar aðstæður.

Aukin þátttaka launþega í stjórn fyrirtækja er misjafnlega auðveld í framkvæmd. Aðstæður eru mjög ólíkar í hinum ýmsu atvinnugreinum og jafnvel mismunandi eftir því, hversu fjölmennir vinnustaðirnir eru. Einnig geta skilyrði verið hagstæðari í einu landi en öðru. Verða hér nefnd nokkur atriði, sem snerta sérstöðu íslenzkra atvinnuvega:

a) *Frumstæðir atvinnuhættir.* Íslenzkt atvinnulíf hefur verið í mótun á undanförnum áratugum. Flestar atvinnugreinar hafa tekið miklum breytingum á fáum árum, og ekki hefur enn skapazt sú festa og jafnvægi, sem ríkir í háþróuðum iðnaðarlöndum. Margs konar atvinnurekstur, bæði á vegum ríkis og einkaaðila, stendur þó traustum fótum og er undir það búinn að innleiða í rekstrinum lýðræðislegri vinnubrögð.

Í öðrum tilfellum einkennist rekstur margra einkafyrirtækja af glæfralegu kapphlaupi við skjóttekinn gróða, tilviljanir ráða miklu og framtíð rekstrarins er algerlega háð einum manni, vilja hans og dugnaði, auraráðum og persónulegum samböndum. Í slíkum rekstri, þar sem sjálfsbjargarviðleitnin ræður öllu, er ekki aðstaða til að hugsa um lýðræði.

b) *Árstíðabundin vinna.* Ein helzta forsenda þess, að starfsmenn taki þátt í stjórn fyrirtækja og hafi afskipti af rekstrinum, er sú, að þeir séu samfellt á sama vinnustað um lengri tíma og öðlist þannig nokkra reynslu og þekkingu í starfi sínu við fyrirtækið. Á Íslandi er árstíðabundin vinna fremur algeng, sérstaklega í útgerð og fiskiðnaði. Verður að hafa það í huga, að þar sem fyrirtæki er aðeins starfrækt nokkra mánuði á ári og miklar breytingar verða á starfsliði frá ári til árs, er atvinnulýðræði torveldara í framkvæmd.

c) *Ríkisfyrirtæki og samvinnufélög.* Ástæðulaust er að spá neinu um það, hvern hljómgrunn krafan um atvinnulýðræði muni fá meðal íslenzkra vinnuveitenda í einkarekstri. Einhverjir atvinnurekendur munu sjálfsagt fullyrða, að afskipti launþega af rekstrinum hafi einungis truflandi áhrif á stjórn hans, enda séu þeir að fara inn á svið, sem þeim komi ekki við, og með þessu sé verið að skerða löghelgaðan eignarrétt atvinnurekandans.

En hvað sem líður afstöðu einkaatvinnurekenda til þessa máls, er hitt ekki ósennilegt, að auðveldara verði að koma á atvinnulýðræði í ríkisrekstri en einkarekstri. Hæg eru heimatökin, ef ríkisvaldið fellst á breytta tilhögun í opinberum rekstri, og sú skoðun mun fljótlega ryðja sér til rúms, að starfsmenn, sem öðlazt hafa reynslu og þekkingu í starfi sínu, eigi frekar heima í stjórn fyrirtækisins en ýmsir embættismenn, pólitískir erindrekar og bitlingasnatar. Á Íslandi er hlutfallslega meira um opinberan rekstur en í flestum löndum Vestur-Evrópu, og má því segja, að skilyrði til að koma atvinnulýðræði í framkvæmd hér á landi séu að þessu leyti góð.

Þá má minna á, að samvinnuhreyfingin á Íslandi er óvenjulega öflug. Eins og fyrr segir, á atvinnulýðræði sérstakan rétt á sér í opinberum rekstri, en ekki á það síður við innan samvinnuhreyfingarinnar. Krafan um lýðræði er náskyld og raunar samofin hinni gömlu samvinnuhugsjón. Félög samvinnumanna byggðu upp starfsemi sína hér á landi með lýðræðislegu samstarfi neytenda í bæjum og framleiðenda í landbúnaði. Síðar hafa forustumenn samvinnumanna villzt nokkuð af leið með því að rugla reytum saman við einkaframtakið og hverfa frá lýðræðislegum vinnubrögðum í atvinnurekstri. Iðnfyrirtæki á vegum samvinnufélaganna eru mörg í hlutafélagsformi, og hafa hvorki starfsmenn né neytendur þar nokkur áhrif. Því verður þó ekki neitað, að hin styrka staða samvinnuhreyfingarinnar bætir aðstöðuna til að koma á lýðræði í íslenzkum atvinnurekstri.

d) *Fræðslustarfsemi í molum.* Ein helzta forsenda þess, að lýðræði í atvinnurekstri geti náð að dafna, er, að launþegasamtökin standi fyrir víðtækri fræðslustarfsemi meðal meðlima sinna og trúnaðarmanna á vinnustöðum, annaðhvort með eða án aðstoðar ríkisvaldsins. Slík starfsemi er skammt á veg komin hér á landi, enda enginn sérstakur skóli starfandi á vegum verkalýðshreyfingarinnar. Þó hafa menn verið sendir utan á vegum launþegasamtakanna til náms í hagræðingartækni, og öðru hvoru eru haldin námskeið fyrir verkstjóra. Hvort tveggja er spor í rétta átt, en hér þarf samt mikil breyting á að verða, jafnhliða því að spurningin um meðráðarétt starfsmanna við rekstur atvinnulífsins er tekin til umræðu innan verkalýðshreyfingarinnar.

Nd. 146. Frumvarp til laga [125. mál]

um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Flm.: Steingrímur Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skipið skal vera 600—700 rúmlestir brúttó, byggt til fólks- og vöruflutninga, og skal hluti af farrými þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, sem um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka á leiðinni Vestfjarðahafnir — Reykjavík. Heimahöfn skipsins skal vera Ísafjörður.

3. gr.

Rekstur skipsins er ríkisstjórninni heimilt að fela Skipaútgerð ríkisins eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. kr. lán.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestfirðingar búa enn við erfiðar samgöngur yfir vetrarmánuðina. Þrátt fyrir allmiklar framkvæmdir í vegamálum Vestfirðinga á undanförnum árum, þá er á engan hátt leystur vandi Vestfirðinga hvað samgöngur við aðalþéttbýliskjarnana

snertir, en þeir eru Ísafjörður og Patreksfjörður, en þaðan eru reglulegar flugferðir til Reykjavíkur. Íbúar utan byggðakjarnanna geta því ekki notað þessar flugferðir nema að takmörkuðu leyti að vetri til vegna snjóa og ófærðar á háum fjallvegum, og enn þá vantar um 30—40 km, til þess að lagningu Djúpvegar í Ísafjarðardjúpi sé lokið.

Reynslan hefur sýnt, að vel byggðir vegir tryggja ekki samgöngur að vetrinum milli byggðarlaga á Vestfjörðum. Þess vegna er ljóst, að ekkert annað en samgöngur á sjó — greiðar og góðar vikulegar skipsferðir — getur fullnægt þörfum Vestfirðinga varðandi flutninga á milli Vestfjarðahafna og til annarra landshluta. Á undanförnum árum hefur orðið mikil afturför í sjósamgöngum við Vestfirði. Það er bein afleiðing þess samdráttar, sem orðið hefur í rekstri Skipaútgerðar ríkisins. Við það hefur skapazt óviðunandi ástand í samgöngumálum Vestfirðinga, og hefur þetta bitnað einna harðast á Strandamönnum. Það var þó almennt álit Vestfirðinga, meðan Skipaútgerðin var ólömuð, að nauðsyn væri á auknum og bættum sjósamgöngum við Vestfirði. Það hefur dregizt í 30 ár að endurnýja gömlu strandferðaskipin, og þó að nú sé komið eitt nýtt skip og annað væntanlegt á næstunni, þá mun það ekki leysa vanda Vestfirðinga, nema tryggt verði, að upp verði teknar vikulegar skipsferðir til Vestfjarða, bæði á milli fjarða innan fjórðungsins og við aðra landshluta, yfir vetrarmánuðina.

Á þingum Fjórðungssambands Vestfjarða hafa mörg hin síðari ár verið gerðar einróma samþykktir og áskoranir á þingmenn Vestfjarða um að hefja baráttu fyrir sérstöku Vestfjarðaskipi. Margar sveitarstjórnir og aðrir hafa einnig hvað eftir annað gert sams konar ályktanir, hér með fylgja tvær:

„Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið 2.—3. sept. 1967, samþykkir að skora á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að flutningaþörf Vestfirðinga á sjó verði fullnægt með vikulegum áætlunarferðum skips, sem er smíðað og útbúið með fullkominni nútímatækni við losun og lestun.“

„20. þing Alþýðusambands Vestfjarða, haldið 24. og 25. sept. 1970, leggur þunga áherzlu á margítrekaðar kröfur þess um bættar samgöngur á sjó, bæði milli fjarða innan fjórðungsins og við aðra landshluta. Þó svo að þjónusta Djúpbátsins hafi verið aukin, vegur það ekki á móti þeirri hnignun, sem orðið hefur á þjónustu Skipaútgerðar ríkisins, en við hana hafa skapazt stórauknir erfiðleikar hvað aðdrætti yfir vetrarmánuðina snertir. Skorar því þingið á þingmenn kjördæmisins að endurflytja sérstakt frumvarp um Vestfjarðaskip.“

Vart er því um annað að ræða, ef málið á að fá viðunandi lausn, en að byggt verði nýtt strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarðahafna og Reykjavíkur. Og í þessu frumvarpi er lagt til, að svo verði gert. Eðlilegast er, að rekstur skipsins verði falinn Skipaútgerð ríkisins, en þó er þeim möguleika haldið opnum í frumvarpinu, að rekstur þess megi fela hverjum þeim aðila, sem treysta megi til að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins á hagkvæmastan hátt. Málið hefur oft áður verið flutt í frumvarpsformi, og er þess að vænta, að Alþingi líti á brýna þörf þessa landshluta til bættra sjósamgangna og taki tillit til eindreginna óska Vestfirðinga um sérstakt Vestfjarðaskip, því að á þann hátt telja kunnugir, að málið verði bezt leyst.

Sþ. 147. Fyrirspurnir. [126. mál]

I. Til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um æskulýðsmál.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd laga um æskulýðsmál, sem samþykkt voru á síðasta þingi?

II. Til iðnaðarráðherra varðandi rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti og Jökulsá.

Frá Jónasi Jónssyni og Gísla Guðmundssyni.

Hvað líður rannsóknum á virkjunarmöguleikum:
a) í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn,
b) framhaldsrannsóknum í Jökulsá á Fjöllum, við Dettifoss.

Hve mikið var unnið að þessum rannsóknum á s. l. sumri?

III. Til menntamálaráðherra varðandi tannviðgerðir skólabarna.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvaða ástæður liggja til þess, að nú hefur ríkissjóður hætt að greiða hluta af tannviðgerðum skólabarna á móti sveitarfélögum?

IV. Til landbúnaðarráðherra um nýjar heyverkunaraðferðir.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar samkvæmt þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á síðasta þingi um nýjar heyverkunaraðferðir?

Hefur landbúnaðarráðuneytið kynnt sér sérstaklega heyverkunaraðferð þá, sem Benedikt Gíslason frá Hofteigi hefur látið gera? Ef svo er, hver er niðurstaðan?

Ed. 148. Frumvarp til laga [101. mál]

um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

(Eftir 3. umr. í Nd., 13. nóv.)

Samhljóða þskj. 106 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð, og skal þeim varið til niðurgreiðslu vöruverðs.

Ed. 149. Frumvarp til laga [127. mál]

um leiklistarskóla ríkisins.

Flm.: Einar Ágústsson, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Íslenzka ríkið skal reka leiklistarskóla, sem fullnægir nútímakröfum um menntun leikara og annarra leikhússtarfsmanna.

2. gr.

Stjórn skólans skipa:
einn fulltrúi tilnefndur af Þjóðleikhúsráði,
einn tilnefndur af Leikfélagi Reykjavíkur,
einn tilnefndur af Félagi íslenzkra leikara,
einn tilnefndur af starfandi leikfélögum utan Reykjavíkur,
og einn tilnefndur af menntamálaráðherra, og skal hann jafnframt vera formaður.

3. gr.

Menntamálaráðherra ræður sérmenntaðan mann til að veita skólanum forstöðu að tillögu skólastjórnar.
Endurnýja skal ráðningarsamning á fjögurra ára fresti.

4. gr.

Skólastjóri ræður kennara í samráði við skólastjórn.

5. gr.

Skólinn skal vera þriggja ára skóli starfandi frá 1. október til 1. júní. Kennsla skal fara fram hvern virkan dag á tímabilinu frá kl. 9—18.

6. gr.

Námsgreinar skulu meðal annars vera: Íslenzka, taltækni, leikur, látbragðslist, förðun, skylmingar, leikfimi, leiklistarsaga og sálfræði. Enn fremur skal, eftir því sem þurfa þykir, stofna til námskeiða í leikstjórn, búninga- og leikmyndateiknun, leiksviðslýsingu og öðrum tæknistörfum á leiksviði.

7. gr.

Nemendur skulu vera á aldrinum 17—25 ára og hafa lokið gagnfræðaprófi eða öðru sambærilegu prófi.
Til þess að öðlast rétt til setu í skólanum skal umsækjandi enn fremur hafa staðizt inntökupróf samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er sett verður.

8. gr.

Prófdómendur við inntökupróf skulu vera skólastjóri og tveir kennarar skólans, tilnefndir af skólastjóra.
Við önnur próf skal prófnefnd skipuð skólastjóra, einum kennara, einum fulltrúa frá Þjóðleikhúsinu og einum frá Leikfélagi Reykjavíkur. Í tæknigreinum skal kveðja til sérfróða menn, auk prófnefndar.

9. gr.

Hámarkstala nemenda í öllum deildum er 20.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um skólann.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi 1968, þá fylgdi því svofelld greinargerð:
„Það hefur lengi verið á vitorði leikhúsmanna hérlendis, að menntun leikara væri ófullkomin. Áður en Þjóðleikhúsið hóf starfsemi sína, sóttu flest leikaraefni menntun í erlenda leiklistarskóla.

Bæði leikhúsin reka nú leiklistarskóla, Þjóðleikhúsið allt frá stofnun þess og Leikfélag Reykjavíkur mörg undanfarin ár. Þessir skólar hafa lengst af verið reknir sem nokkurs konar kvöldskólar kl. 17—19. Á seinni árum hefur þó námstíminn verið lengdur nokkuð á degi hverjum og námið aukið.

Þrátt fyrir þetta hefur forráðamönnum skólanna og öðrum leiklistarmönnum, sem láta sig þessi mál varða, verið ljóst, að hér er orðin brýn nauðsyn úrbóta, enda er menntun leikara hérlendis löngu komin úr samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru um slíka menntun annars staðar, jafnvel þær kröfur, sem gera verður hérlendis.

Á undanförnum árum hefur farið fram gagnger endurskoðun á þessum málum á hinum Norðurlöndunum og niðurstaðan orðið sú, að stofnaðir hafa verið sjálfstæðir ríkisskólar, óháðir leikhúsunum, til alhliða menntunar leikaraefna og annarra leikhússtarfsmanna.

Það er vitað mál, að leiklistarskólar leikhúsanna hér hafa verið reknir með fjárhagslegu tapi. Eini aðilinn, sem hefur bolmagn til að standa undir fullkomnum skóla, sem samræmist nútímakröfum, er því ríkið sjálft.

Það er einnig orðin almenn skoðun leikhúsmanna, bæði hér og erlendis, að leiklistarskóli sé betur kominn án beinna tengsla við leikhúsin.

Það er því orðin brýn nauðsyn, að hið opinbera gangist hið bráðasta fyrir stofnun slíks skóla, þar sem ýtrustu kröfum sé fullnægt, þar sem leiklist er orðin snar þáttur í menningarlífi þjóðarinnar."

Þessu frumvarpi var í marzmánuði 1969 vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum, að menntamálaráðherra hefði þá fyrir skemmstu ritað tilteknum aðilum bréf og farið þess á leit við þá að tilnefna fulltrúa til að taka sæti í nefnd til þess að athuga og gera tillögur um sameiningu þeirra tveggja leiklistarskóla, sem reknir eru af Þjóðleikhúsinu og Leikfélagi Reykjavíkur, og gera í því sambandi áætlun um stofn- og rekstrarkostnað.

Nefnd þessi mun hafa starfað á árinu 1969 og skilað ýtarlegri álitsgerð til menntamálaráðuneytisins í janúarmánuði 1970.

Síðan hefur ekkert til málsins spurzt, og þykir flutningsmönnum nú tímabært að vekja athygli á því á nýjan leik.

Nd. 150. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Ásgeir Pétursson, Pálmi Jónsson, Birgir Kjaran.

1. gr.

Fyrir „kr. 350.00" í 1. gr. laganna komi: kr. 700.00, og fyrir „kr. 200.00" í sömu grein komi: kr. 300.00.

2. gr.

Fyrir „kr. 700.00" í 2. gr. laganna komi: kr. 1100.00, og fyrir „kr. 350.00" í sömu grein komi: kr. 700.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um eyðingu refa og minka eru frá 1957 með breytingum frá 1964 og 1969. Ákvæðum um verðlaunagreiðslur var breytt nokkuð 1964 til samræmis við breytt verðlag. Nú eru þau aftur orðin langt á eftir tímanum. Þegar lögin voru sett 1957,

voru t. d. verðlaun fyrir að fella fullorðinn mink 200 kr., nú 350 kr., en í frumv. er lagt til að hækka þau í 700 kr. Sú hækkun svarar þó hvergi nærri til þeirrar verðlagsbreytingar, sem orðið hefur síðan 1957, og er því sýnt, að hér er mjög hóflega í sakirnar farið. Aðrar hækkanir, sem lagt er til í frumv., að gerðar verði, eru mun minni. Engum mun blandast hugur um, að nauðsynlegt sé að hækka þær tölur, sem hér um ræðir, en álitamál er hins vegar, hvað það eigi að vera mikið. Flutningsmenn vilja miða sínar tillögur við það, að ýtrustu sparsemi sé gætt.

Nú er svo komið, að víða um land er mjög örðugt að fá menn til að sinna minkaveiðum vegna þess, hvað skotlaunin eru lág. Sum sveitarfélög hafa gripið til þess ráðs að greiða minkabönum hærri skotlaun en lög gera ráð fyrir og greiða þá úr eigin sjóði mismuninn. En samkv. lögum greiðir ríkissjóður ⅔ og sýslusjóður og sveitarsjóður ⅙ hvor.

Eins og allir vita, er villiminkurinn boðflenna í ríki íslenzkrar náttúru. Með tilkomu hans hefur þar orðið röskun, sem ógnar öllu fuglalífi hér á landi og veldur miklum spjöllum á nytjafiskum í ám og vötnum. Reynslan sýnir, að hægt er að halda þessu skaðræðiskvikindi niðri, ef vel er að unnið. Til þess þarf vökulan áhuga, nokkurn tækniútbúnað, góða hunda og töluvert fjármagn. Samtaka aðgerðir þurfa að koma til um allt land, því að ef einhvers staðar er slakað á, flæðir minkurinn þaðan yfir á önnur landssvæði, sem hreinsuð hafa verið. Aðgerðir við eyðingu minka eru alþjóðarmál. Það er náttúruverndarmál og þó um leið mikið hagsmunamál sumra héraða og raunar allra.

Sþ. 151. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um rannsókn á möguleikum á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa.

Flm.: Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka það rækilega, hvort möguleikar séu á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa og þá sérstaklega blómum.

Rannsókn þessari skal hraða svo, að niðurstöður hennar geti legið fyrir næsta reglulegu Alþingi.

Greinargerð.

Engum sjáandi manni blandast hugur um það, að Ísland geymir mjög mikla orku í jarðvarma og fallvötnum. Hin síðari ár hefur verið unnið að því með oddi og egg að beizla þá orku til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Orkuver vinna nú þegar raforku, sem nýtt er af öllum þorra landsmanna og styður að stórvægilegum útflutningi frá stóriðjuveri.

Jarðvarminn hefur einnig verið hagnýttur í vaxandi mæli til nota í landinu sjálfu, bæði til upphitunar húsa á ýmsum þéttbýlissvæðum og sem hitagjafi við ylrækt á grænmeti ýmiss konar og blómum. Allt þetta er mikilvægt, og ber að halda áfram á þeirri braut að hagnýta hitaorkuna svo sem unnt er til nota í landinu sjálfu. En ljóst er, að sú orka, sem felst í hverum á Íslandi, er í svo stórum stíl, að ekki verður séð, að innlendi markaðurinn einn geti hagnýtt hana í næstu framtíð.

Þegar þess er gætt, hversu verðlag á jarðhita á Íslandi er miklum mun lægra en garðyrkjustöðvar í grannlöndum okkar mega búa við, þá er mjög eðlilegt, að menn leiði hugann að því, hvort ekki sé unnt að framleiða hér blóm til útflutnings, þegar það er líka vitað, að ýmis lönd eru svo sett, að þau flytja inn mikið magn þessara vörutegunda og fá ekki fullnægt þeirri eftirspurn, sem fyrir er í þeim löndum. Má í því sambandi nefna t. d. Svíþjóð, Vestur-Þýzkaland og Bandaríkin, svo að nokkur viðskiptalönd okkar séu nefnd.

Nú er það vitað, að einstakir garðyrkjubændur hafa reynt útflutning á blómum. Margt bendir til þess, að framleiðendur hér séu fyllilega samkeppnisfærir um verð. En til þess að hægt sé að átta sig á þessum málum í heild, þarf að gera rækilega könnun á allri aðstöðu. Athuga þarf, hvaða tegundir skuli framleiða, rannsaka söluhorfur, vörumagn og uppbyggingu á framleiðslustöðvum.

Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir þessari rannsókn, svo að tryggt sé, að hún verði sem víðtækust.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögu þessari í framsögu.

Sþ. 152. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um flugstöð á Vestmannaeyjaflugvelli, endurskipulagningu samgangna við Vestmannaeyjar o. fl.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að bæta verulega samgöngur við Vestmannaeyjar.

Í þessu skyni verði hið bráðasta hafizt handa um eftirgreindar ráðstafanir:

1. Vestmannaeyjaflugvöllur verði stækkaður og búinn fullkomnum öryggistækjum á næsta ári og byggð við hann fullkomin flugstöð.
2. Ríkisstjórnin beiti áhrifum sínum til þess, að upp verði teknar að nýju áætlunarflugferðir milli Eyja annars vegar og Hellu og Skógasands hins vegar.
3. Endurskipulagðar verði ferðir Skipaútgerðar ríkisins, þannig að komið verði á daglegum skipsferðum milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja.

Greinargerð.

Það er augljóst öllum þeim, sem til þekkja í samgöngumálum landsins, að einn er sá kaupstaður, sem liggur utan við þjóðvegakerfi landsins og býr við erfiðari og lakari samgöngur en nokkurt annað byggðarlag með sambærilegan íbúafjölda. Þetta er Vestmannaeyjakaupstaður.

Þótt íslenzkt þjóðarbú fái þaðan hina drýgstu tekjustofna, verður ekki sagt, að það ræki skyldur sínar við hann sem vert væri á sviði samgöngumála.

Allir meginflutningar innanlands fara fram með bifreiðum, eins og alkunna er, bæði að því er varðar farþega og vörur. Hið opinbera leggur líka fram ósmáar fjárupphæðir til vega- og brúakerfisins, svo sem vert er. En hitt vill oft gleymast, hverjar skyldur ríkið hefur við þá þegna þjóðfélagsins, sem verða að byggja á annars konar samgöngum en bílflutningum.

Það virðist því einfalt mál, að Vestmannaeyjar hefðu umfram alla kaupstaði landsins átt að fá fullkomna aðstöðu til flugþjónustu, en svo hefur ekki orðið. Flugvöllur var að vísu tekinn í notkun þar fyrir rúmlega 20 árum, en hann er hins vegar enn þá í hægfara byggingu, var upphaflega ein flugbraut, en nú er þar vísir að tveim flugbrautum, sem hvorug er fullbyggð.

Flugstöð getur naumast talizt að til sé í Eyjum. Tvær kofabyggingar eru þar að vísu í námunda við flugvöllinn, önnur fyrir farþegaafgreiðslu og stefnuvita. Hinn kofinn er raunar kallaður flugturn. Báðir eru þröngir og ófullnægjandi og gætu auk þess fokið í einhverju illviðrinu.

Á ýmsum flugvöllum landsins hafa hins vegar verið byggðar myndarlegar flugstöðvar, og gegnir furðu, að ekkert slíkt hefur átt sér stað við flugvöllinn í Eyjum. Farþegafjöldinn, sem um hann fer, hefur þó verið 23—26 þúsund menn árlega hin síðustu 5 ár. Eru þó farþegar nokkru fleiri en þetta, þar eð hér eru aðeins taldir

farþegar Flugfélags Íslands. Er það að vísu eini aðilinn, sem hefur með höndum áætlunarflug til Eyja, en nokkuð mun um farþegaflutninga með leiguflugi til Eyja, en það er hér ótalið.

Um nokkurra ára skeið voru flugferðir milli lands og Eyja mun fjölbreyttari en nú, þar eð einungis eru nú áætlunarferðir frá Reykjavík til Eyja. Áður voru vikulegar flugferðir á áætlun um þríhyrninginn: Vestmannaeyjar, Skógasandur, Hella, Vestmannaeyjar. En með því að þessar ferðir munu ekki hafa skilað arði, voru þær þegjandi og hljóðalaust lagðar niður. Sömu sögu um taprekstur má raunar segja um flugferðir milli ýmissa annarra staða og raunar innanlandsflugið allt, að minnsta kosti sum árin. Öllum mundi þó þykja fjarstæða að leggja þær flugleiðir niður eða hætta innanlandsfluginu. Sama máli ætti að gegna um flugsamgöngurnar í Suðurlandskjördæmi, og ætti það því að vera sérstök skylda stjórnarvalda að beita áhrifum sínum til þess, að þessar samgöngur verði þegar í stað teknar upp að nýju.

Skipaútgerð ríkisins hefur nú fengið og er að fá nýjan skipakost til þess að greiða fyrir vöruflutningum með ströndum landsins. Skip hennar, Herjólfur, sem sérstaklega var smíðað til að leysa úr brýnustu þörfum Vestmanneyinga á sínum tíma, ætti því að geta fengið rýmra svið til að þjóna sínu upphaflega hlutverki.

Er þá nærtækast að láta Herjólf taka upp daglegar siglingar: Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjar.

Yrði þá aðalverkefni hans mjólkurflutningar og farþega- og bílaflutningar.

Daglegir farþegaflutningar á þessari leið eru sérstök nauðsyn vegna þess, að dagvissar flugferðir milli Eyja og lands eru ekki fyrirsjáanlegar á næstunni, og er nú jafnaðarlega ófært til flugs um 90 daga á ári.

Herjólfur er að vísu ekki byggður sérstaklega fyrir þá flutninga, sem hér yrði um að ræða. Engu að síður er hann vel hæfur til þeirra, meðan ekki er til annað og sérhæfðara skip.

Af því, sem hér er sagt, má augljóst vera, að mikið mætti bæta samgöngurnar við Vestmannaeyjar með eðlilegri fyrirgreiðslu af ríkisvaldsins hálfu við flugvallargerð og farþegaþjónustu í Eyjum, sem hvergi þyrfti þó að fara fram úr þjónustu við aðra sambærilega staði, — og með skynsamlegu endurskipulagi samgangnanna við Eyjar.

Sþ. 153. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Jónas Jónsson, Halldór E. Sigurðsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason, Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum nú þegar sérstök lán til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í viðunandi horf. Rekstrarlán til þeirra fyrirtækja, sem sett geta viðunandi tryggingu, verði veitt í samræmi við þær lágmarksreglur, sem nú skal greina:

a) Fyrirtækin fái víxlasöluheimild (víxilkvóta) til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, er nemi allt að þriggja mánaða framleiðslu þeirra.

b) Auk þess fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánum (hlaupareikningsyfirdrátt), er svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis.

Að því er varðar báða ofangreinda liði, skal miðað við meðaltalsframleiðslu og meðaltalskaupgreiðslur s. l. tvö ár.

Greinargerð.

Þegar aðild Íslands að EFTA var til umræðu á Alþingi, hét ríkisstjórnin því að vinna að auknum lánum til iðnaðarins. Iðnþróunarsjóðurinn er nokkurt spor í þá átt að bæta úr stofnlánaþörf iðnfyrirtækja. Hins vegar bætir hann ekki neitt úr rekstrarlánaskortinum. Gunnar J. Friðriksson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, vék að þessu í ræðu, sem hann hélt á ársþingi iðnrekenda í aprílmánuði síðastliðnum. Eftir að hafa rætt um iðnþróunarsjóðinn, fórust honum orð á þessa leið:

„Samhliða þessu þarf að tryggja, að fyrirtækin geti fengið það rekstrarfé, sem þau þurfa til þess að halda uppi heilbrigðum rekstri, og er það sennilega hér, sem mestur vandinn verður á höndum, ef marka má reynslu liðinna ára." (Mbl. 23. apríl 1970).

Þótt nær ár sé liðið síðan rætt var um aðild Íslands að EFTA á Alþingi, hefur sáralítið verið gert til að auka rekstrarlán iðnaðarins. Þó hafa á þessum tíma orðið miklar kauphækkanir, sem hafa aukið verulega rekstrarlánaþörf iðnaðarins. Nú vofir líka yfir mörgum iðnfyrirtækjum að stöðvast, ef þau fá ekki aukin rekstrarlán. Morgunblaðið nefndi nýlega Slippstöðina á Akureyri sem dæmi um þetta.

Haldi þessu áfram, er ekki annað fyrirsjáanlegt en að samdráttur verði í iðnaðinum og samkeppni hans við EFTA-vörur verði mjög erfið og jafnvel útilokuð, þar sem erlendir keppinautar geta veitt ríflega greiðslufresti.

Þessi tillaga er flutt til að stuðla að því, að iðnaðinum sé a. m. k. tryggt víst lágmark rekstrarlána. Efni hennar er að mestu samhljóða tillögum atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar frá því í desember 1968. Nefndin taldi nauðsynlegt fyrir atvinnuöryggið, að iðnfyrirtækin hefðu tryggingu fyrir ákveðnu lágmarki rekstrarlána.

Í samræmi við þetta skal það tekið fram af hálfu flm., að litið er á þessar tillögur sem hreina bráðabirgðalausn og koma þurfi þessum málum í miklu fullkomnara horf í framtíðinni.

Ed. 154. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Að því er segir í grg. með frv. þessu, er tilgangur þess sá að framkvæma „raunverulega" verðstöðvun með því að færa niður þau 7.5%-stig vísitölunnar á maí-grunn, „sem að öðrum kosti myndu reynast óhjákvæmilegt tilefni öflugra og örra gagnverkana verðlags og launa". Þessu marki hyggjast þeir, sem að frv. standa, ná með eftirfarandi hætti:

1. Með ákvæðum 1. gr. frv. um, að verð á hvers konar vöru megi ekki hækka frá því, sem var 1. nóv. s. l., nema hlutaðeigandi yfirvöld telji hækkun óhjákvæmilega, og að hundraðshluti álagningar megi ekki hækka frá sama tíma, og með hliðstæðum ákvæðum varðandi selda þjónustu og framlög, þ. á m. það, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra láta í té gegn gjaldi.
2. Með því að leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½% af greiddum launum og verði varið til niðurgreiðslu vöruverðs.
3. Með því að hækka fjölskyldubætur í kr. 8000.00 með hverju barni og auka niðurgreiðslur á vöruverði með framlögum úr ríkissjóði.

4. Með því að breyta viðmiðunartíma verðlagsbóta á laun þannig, að hann verði 1. des., 1. marz og 1. júní 1971 að því er þær vörur áhrærir, sem auknar verða niðurgreiðslur á.
5. Með því að taka ekki í vísitölu launa tillit til verðhækkana (15%) á áfengi og tóbaki, sem varið er til niðurgreislna á vöruverði.
6. Með því að taka ekki í kaupgreiðsluvísitölu tillit til fyrirsjáanlegra hækkana á iðgjaldi til almannatrygginga.
7. Með því að fella með öllu niður 2 stig kaupgreiðsluvísitölu skv. samningum verkalýðsfélaga við atvinnurekendur.

Ef hver framangreindra aðgerða er nánar athuguð, verður auðsætt, að meiri hluti þeirra beinist að því að skerða með lögum samningsbundinn rétt launafólks til verðbóta á laun eða að því að beita ráðum til, að „eyðing" hinna 7.5%-stiga vísitölunnar lendi sem mest á bökum launafólks.

Með álagningu launaskattsins er tekinn upp sá kynlegi háttur að láta launagreiðendur borga 1½% skatt til ríkissjóðs á öll laun í stað þess að greiða þann hluta launa beint til launafólks. Tilgangur þessa er þó auðsær, þegar þess er gætt, að 1.5% í launum jafngildir 327 millj. kr. (sbr. athugasemdir með frv.), en sé þeirri upphæð varið til niðurgreiðslna og fjölskyldubóta með þeim hætti, sem ráðgerður er, dugir sú upphæð til að lækka kaup um 2%-stig. Launagreiðendur hagnast því um ½% af kaupi við þessa aðgerð, en launþegar sem heild skaðast að sama skapi.

Með breyttum viðmiðunartíma verðlagsbóta eru launagreiðendur firrtir skyldu til að greiða um 4%-stiga launauppbót hinn 1. des. n. k., en til hennar eiga launþegar óyggjandi rétt samkv. gildandi kjarasamningum, og skiptir í því efni engu, hverjar niðurgreiðslur eru framkvæmdar eftir 1. nóv.

Með því að lögfesta, að kippt skuli úr umsömdum vísitölugrundvelli verðlagi á tóbaki og áfengi, eru launamenn skaðaðir um 0.7%-stig í verðlagsbótum og um 0.4—0.7%-stig með þeim ákvæðum að taka iðgjöld til almannatrygginga út úr grundvellinum.

Loks gerir frv. svo ráð fyrir, að 2%-stig af verðlagsbótum verði felld niður með öllu, og var í fyrstu ákveðið, að sú skerðing tæki gildi 1. des. n. k., en vegna ótta ríkisstjórnarinnar við þau eindregnu mótmæli, sem skerðingarákvæði frv. hafa hlotið frá verkalýðssamtökunum, hefur nú verið frá því áformi horfið, og er nú ætlunin að fresta þessari skerðingu launa, líklega til 1. marz n. á.

Þetta undanhald ríkisstjórnarinnar í skerðingaráformum hennar breytir þó engu um meginefni málsins og því ekki um einhuga andstöðu verkalýðssamtakanna við allar kaupskerðingar mitt í einu mesta góðæri, sem yfir hefur gengið, og þó sérstaklega við þá árás, sem í frumvarpsákvæðunum felst á frjálsan samningsrétt launþegasamtakanna.

Við samningagerð verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda á s. l. sumri var það grundvallarkrafa launafólks, að fullar verðlagsbætur yrðu greiddar á laun, og vita allir, sem þá komu nálægt samningagerðinni, og þ. á m. ríkisstjórnin, fullvel, að án fullnægingar þeirrar kröfu, með þeim hætti, sem um var samið, hefðu samningar ekki náðst. Það er því sízt ofmælt, að samningaákvæðin um verðlagsbætur voru grundvöllur þeirra samninga, sem þá voru gerðir um vinnufrið yfir lengra tímabil en áður hefur þekkzt í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er þessum grundvelli kippt á brott með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, hvað öryggi og friðsamlega sambúð á vinnumarkaðinum áhrærir.

Auðsætt er, að harla vafasamur lagaréttur stendur að baki slíkum gerbreytingum á fjármálalegum gerðum, sem í alla staði voru lögmætar, og öruggt, að enginn siðferðilegur réttur styður slíkar breytingar, enda útilokað, að nokkrir aðrir aðilar í þjóðfélaginu þyrftu að lúta slíkri riftingu rétt gerðra samninga. Undirritaður telur, að algert lágmark almenns siðgæðis í afskiptum stjórnvalda af kjarasamningum verkalýðssamtakanna hefði í þessu tilviki verið það að viðurkenna í fyrirhugaðri

löggjöf, að samningar væru uppsegjanlegir, **án fyrirvara,** eftir að þeim hefði verið svo breytt í grundvallaratriðum sem raun er á, eins og gert var gagnvart kjarasamningum sjómanna með ákvæðum „laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu" frá 19. des. 1968. Með þeirri löggjöf var grundvelli sjómannasamninga rift með breyttum hlutaskiptum, en um leið viðurkennt, að samningar væru þá um leið úr gildi fallnir.

Undirritaður minni hl. fjhn. telur, að frv. þetta sé greinileg viðurkenning þess, að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega sú, sem hún hefur fylgt og framkvæmt með afskiptum sínum og afskiptaleysi af verðlagsþróuninni á tímabilinu frá því að kjarasamningar voru gerðir á s. l. vori, hafi beðið algert skipbrot og að grípa þurfi til sérstakra aðgerða, ef í algert öngþveiti eigi ekki að stefna. Það er hins vegar álit undirritaðs, að allar ytri aðstæður séu nú svo hagstæðar, að auðvelt mundi að hefja nú nauðsynlegt viðnám gegn verðbólguþróuninni án þess að raska í nokkru rétt gerðum og gildum kjarasamningum verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda.

Af framangreindum ástæðum er undirritaður andvígur þeim ákvæðum frumvarpsins, sem að því stefna að skerða launakjör og samninga verkalýðssamtakanna, og leggur því til, að það verði fellt, ef ekki fást á því óhjákvæmilegar breytingar, sem tryggt gætu friðhelgi samningsréttar og umsamin launakjör, en breytingartillögur í þá átt mun undirritaður flytja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. nóv. 1970.

Björn Jónsson.

Ed. 155. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og avinnuöryggis.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:

      Álagning á vörum í heildsölu og smásölu má eigi hækka að krónutölu frá því, sem var 1. nóvember 1970. Sama gildir og um hvers konar álagningu á selda vinnu eða þjónustu.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svofelld:

      Hlutaðeigandi verðlagsyfirvöldum er skylt að endurskoða til lækkunar verð á öllum vörum og þjónustu, þar sem auknar niðurgreiðslur á vöruverði eftir 1. nóv. 1970 hafa að einhverju leyti áhrif á framleiðslukostnað, svo sem verðlag á matsöluhúsum. Enn fremur er sömu yfirvöldum skylt að endurskoða verðlag á vörum og þjónustu, sem að undanförnu hefur ekki verið háð verðlagsákvæðum.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.
5. *Varatillaga,* nái framangreindar breytingartillögur ekki samþykki:

   Á eftir 7. gr. komi ný grein, svofelld:

   Kjarasamningum milli verkalýðsfélaga og samtaka vinnuveitenda, sem samkvæmt ákvæðum þeirra er ætlað að gilda til 1. okt. 1971 eða lengur, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.

Ed. 156. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess. Leggur undirritaður meiri hl. n. til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. munu skila sérálitum.

Meiri hl. n. telur, að miðað við núverandi aðstæður í íslenzku efnahagslífi beri brýna nauðsyn til þess, að gerðar verði ráðstafanir til þess að stöðva áframhaldandi víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags.

Meiri hl. fellst ekki á það sjónarmið andstæðinga frv., að samþykkt þess mundi rýra afkomu alls almennings í landinu, bæði atvinnurekenda og launþega. Þvert á móti telur meiri hl., að sé litið yfir tímabilið í heild, verði bæði afkoma atvinnuveganna og kaupmáttur launa meiri en vera mundi, ef ekkert væri aðhafzt. Vísast í því efni til greinargerða þeirra, er ríkisstjórnin hefur lagt fram, bæði með sjálfu frv. og við umræður um það á Alþingi, en að öðru leyti verður afstaða meiri hl. skýrð í framsögu.

Meiri hl. telur rétt, að fram komi, að hann leggur þann skilning í 2. málsl. 1. málsgr. 5. gr., að þar sé aðeins um að ræða hámark þess, sem skerðing kaupgreiðsluvísitölu má nema, þannig að skerðingin komi ekki að fullu til framkvæmda, nema munur kaupgreiðsluvísitölunnar, eins og hún á að vera samkvæmt gildandi kjarasamningum og eins og hún er á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum frv. og þeim niðurgreiðslum, sem ákveðnar verða, nemi a. m. k. tveimur vísitölustigum.

Alþingi, 17. nóv. 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Axel Jónsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 157. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um sölu á íbúðum, sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt efni frumvarpsins á fundi sínum í dag og er sammála um stuðning við frumvarpið. — Fjarstaddur við afgreiðslu málsins var Helgi Bergs.

Alþingi, 15. nóv. 1970.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm.
Steinþór Gestsson, fundaskr.
Ólafur Björnsson,
Ásgeir Bjarnason.
Oddur Andrésson.
Björn Jónsson.

Ed. 158. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um lífeyrissjóð bænda.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin rætt á mörgum fundum. Á tveim þeirra hefur hún notið aðstoðar Guðjóns Hansens tryggingafræðings við athugun á frv.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda hefur sent Alþingi ályktun sína um frv. og lagt á það áherzlu, að afgreiðslu þess verði hraðað svo, að lífeyrissjóðurinn geti tekið til starfa um næstu áramót.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendi umsögn um frv. og telur það vera í meginatriðum í samræmi við tillögur Búnaðarþings 1970 um þetta efni.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingu, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. — Páll Þorsteinsson var fjarstaddur, þegar frv. var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 17. nóv. 1970.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Karl Guðjónsson.
Ásgeir Bjarnason.	Jón Árnason.	Jónas G. Rafnar.

Ed. 159. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um lífeyrissjóð bænda.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 19. gr. Fyrir „⅔“ komi: 37.5%, og fyrir „⅓“ komi: 62.5%.

Ed. 160. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið fjallar um það að gera ráðstafanir til þess, að kaupgreiðsluvísitalan geti til 31. ágúst 1971 verið hin sama og hún var 1. september s. l. eða 4.21%.

Til þess þarf tvennt:

1. Að koma í veg fyrir verðhækkanir frá gildistökudegi laganna og út tímabilið.
2. Að „eyða“ þeim hækkunum, sem orðið hafa, frá því að kaupgreiðsluvísitala var síðast reiknuð.

Ekki verður sagt, að frumvarpið brjóti upp á nýjum aðferðum að marki, þær eru flestar gamalkunnar og eiga stoð í gildandi lögum. Þannig hefur verðlagsnefnd þegar notað heimild í lögum nr. 54 frá 1960 til að banna verðhækkanir á þeim vettvangi, sem þessi lög taka til.

Enn fremur er ráðgert að nota heimild í 28. grein laga nr. 4 frá 1960 til að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vöru og þjónustu í ríkara mæli en gert hefur verið nú um skeið.

Þá eru fjölskyldubætur þrautreynt tæki til þess að hafa áhrif á vísitöluna, enda ódýrasta aðferð, sem völ er á í því skyni. Nú er ráðgert að hækka þessar bætur upp í 8000 krónur með hverju barni innan 16 ára. Þegar gildandi lög um fjölskyldubætur voru sett árið 1963, voru bæturnar ákveðnar 3000 kr. Til þess að þær haldi verðgildi sínu miðað við verðhækkanir þyrftu þær nú að vera 7500 kr., þannig að hér er litlu lengra gengið en að bæta upp þá rýrnun, sem á þessum tekjum barnmargra heimila hefur orðið. Sé hins vegar borið saman bótafjárhæðin 1960 og verðlagsbreytingar síðan, kemur í ljós, að fjölskyldubætur þyrftu nú að vera 9100 kr. til að halda í horfinu.

Nýmæli frumvarpsins eru hins vegar þrjú:

a) Launaskattur.

b) Breyting á vísitölugrundvelli.

c) Niðurfelling tveggja vísitölustiga.

Um a: Út af fyrir sig er sjálfsagt ekkert athugavert við það, að vinnuveitendur láti eitthvað á móti, þegar vísitölugreiðslum að upphæð um 1000 millj. kr., sem þeir hafa samið um að greiða launþegum, er af þeim létt.

Hins vegar getum við undirritaðir ekki fallizt á að samþykkja nú sérstakan launaskatt. Ástæður eru þær, að við viðurkennum ekki þörf nýrrar skattlagningar, fyrr en til fulls hefur verið könnuð greiðslugeta ríkissjóðs á næsta ári, „eyrnamarkaðir" skattar eru þegar orðnir allt of margir, launaskattur er í mörgum tilfellum óheppileg tekjuöflunarleið, sem kemur mjög illa við þá, sem hafa tekjur af útseldri vinnu, og fleira má að honum finna, t. d. það, sem L. Í. Ú. hefur ritað Alþingi um, þ. e. greiðslu skattsins af aflahlut sjómanna.

Á sérstöku þingskjali leggjum við því til, að ákvæði 2. gr. frumvarpsins verði felld.

Um b: Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er ákveðið, að við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skuli eigi taka tillit til verðhækkana á tveim liðum, sem nú eru í vísitölugrundvellinum, þ. e. iðgjaldi til almannatrygginga og útsöluverði áfengis og tóbaks.

Enn fremur er í greininni ráðgert að fresta útreikningi kaupgjaldsvísitölu um einn mánuð frá því, sem nú er ákveðið, og taka við útreikning tillit til verðbreytinga, sem verða eftir á.

Undirritaðir telja hér um fráleit ákvæði að ræða, sem ekki komi til mála að samþykkja. Vísitölugrundvöllurinn er mælitæki, sem á að tryggja launþegum það, að verðlagsuppbótin samsvari framfærslukostnaðinum á hverjum tíma, og kjarasamningarnir frá 19. júní s. l. og síðar voru gerðir í trausti þess, að fyrir hverja verðhækkun, sem grundvöllurinn tók til, kæmi full verðlagsuppbót.

Einhliða breyting þessa jafngildir því breytingu þessara samningsákvæða, enda hefur komið fram, að stærstu launþegasamtök landsins líta þessi ákvæði mjög alvarlegum augum.

Leggjum við því til, að 4. gr. frv. verði felld.

Um c: Þriðja nýmæli laganna lýtur að því, að ekki skuli koma til útborgunar 2 vísitölustig, þ. e. að launþegar skuli taka þeirri kjaraskerðingu án þess, að neitt komi í staðinn.

Þetta ákvæði frumvarpsins hefur mestum deilum valdið, og m. a. hefur miðstjórn A.S.Í. lýst þeirri skoðun, að grundvelli kjarasamninganna sé kippt brott og þeir úr gildi fallnir hvað öll kaupgjaldsákvæði áhrærir, verði þessi frumvarpsákvæði, svo og þau, er um getur í b-lið, lögfest.

Nú hefur ríkisstjórnin hopað nokkuð í þessu máli á þann hátt að lofast til að greiða niður hin umræddu vísitölustig á tímabilinu frá 1. desember 1970 til 1. marz 1971 og fresta á þann hátt hinni beinu kjaraskerðingu, sem hér um ræðir.

Engu að síður er til þess ætlazt, að ákvæði greinarinnar verði lögfest óbreytt.

Við undirritaðir teljum, að ekki komi til greina að lögfesta ákvæði sem þau, er hér um ræðir, gegn jafneindregnum mótmælum launþegasamtakanna og fram hafa komið, enda mundi af því leiða erfiðleika á vinnumarkaði, sem fráleitt væri að Alþingi ætti hlut að því að skapa.

Tillaga okkar er því sú, að 5. grein frv. verði felld.

Samkvæmt þessu munum við flytja á öðru þingskjali breytingartillögur um, að 2., 4. og 5. grein frv. falli niður. Ef þær breytingartillögur verða samþykktar, munum við greiða atkvæði með frv., en að öðrum kosti á móti því í samræmi við það, sem áður er rakið.

Alþingi, 17. nóv. 1970.

Einar Ágústsson, frsm. Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 161. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (EÁ, BGuðbj).

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr. Greinin falli niður.

Nd. 162. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967.

Flm.: Jónas Jónsson, Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Jón Kjartansson.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, 5. gr., er orðist svo:

Ráðherra skipar Náttúrugæðanefnd Orkustofnunarinnar, orkumálastjóra til ráðuneytis í þeim efnum, er varða náttúruvernd og varðveizlu annarra náttúrugæða, svo og til að leita sátta, þegar greinir á milli ólíkra sjónarmiða um nýtingu náttúruverðmæta.

Í nefndinni skulu eiga sæti auk orkumálastjóra fulltrúar eftirtalinna aðila:

Sambands íslenzkra rafveitna.
Rannsóknaráðs ríkisins.
Búnaðarfélags Íslands.
Náttúruverndarráðs.
Veiðimálanefndar.

Nefndin kýs sér formann.

Náttúrugæðanefnd skal fylgjast með rannsóknum Orkustofnunarinnar og gæta þess, að við forrannsóknir og undirbúning virkjana sé tekið tillit til hvers konar náttúrugæða, sem kunna að vera í hættu, og að náttúruverndarsjónarmið séu metin hverju sinni.

Þegar þrír nefndarmenn eða fleiri æskja þess, er skylt að ráða nægá sérhæfða starfskrafta á sviði viðkomandi náttúrufræðirannsókna til að taka þátt í forrannsóknum og undirbúningi orkumannvirkja.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi önnur ný grein, 6. gr., er orðist svo:

Nú telja landeigendur eða aðrir eigendur náttúrugæða sig hafa orðið fyrir skaða eða eiga á hættu að skaðast af völdum virkjana eða annarra orkumannvirkja, vegna framkvæmda eða rekstrar þeirra, og er þeim þá heimilt að vísa málinu til Náttúrugæðanefndar. Séu þrír nefndarmanna því samþykkir, lætur nefndin rannsaka málið, þeim að kostnaðarlausu, er ber fram kvörtunina. Að lokinni slíkri rannsókn gerir nefndin tillögur um úrbætur og/eða fébætur. Vilji aðilar ekki una því mati, geta þeir leitað réttar síns eftir venjulegum leiðum.

Nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti Náttúrugæðanefndar Orkustofnunarinnar skulu sett í reglugerð. Ráðherra ákveður starfskjör nefndarmanna.

3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og aðrar greinar verði tölusettar eftir því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öllum eru kunnir þeir stórfelldu árekstrar, sem orðið hafa á milli virkjunaraðila og þeirra, sem hafa annarra hagsmuna að gæta eða vilja varðveita margvísleg önnur náttúrugæði.

Hér nægir að minna á hinar miklu deilur, sem uppi eru um svonefnda Gljúfurversvirkjun og áformin um að sökkva Þjórsárverum undir uppistöðulón.

Mál þessi hafa þegar valdið miklu fjárhagslegu tjóni: Fyrir virkjunaraðilana, sem varið hafa miklu fjármagni til tæknilegra rannsókna og undirbúnings að virkjunarmannvirkjum, sem ekki verða reist, a. m. k. ekki í óbreyttu formi. Og ekki síður fyrir þá, sem staðið hafa í harðri baráttu til að vernda rétt sinn og verðmæti.

Því verður tæplega á móti mælt, að orsakir þessara harkalegu árekstra eru þær, að við undirbúning viðkomandi virkjunarframkvæmda hafa um of ráðið einhliða tæknisjónarmið og aðeins verið stefnt að því að beizla sem ódýrasta orku. Sem dæmi um slík vinnubrögð má nefna undirbúning að svonefndri Gljúfurversvirkjun. Þar var í upphafi gert ráð fyrir að flytja vatn úr Skjálfandafljóti um Mývatnssveit yfir í Laxá. Með þessu hefði verið raskað á afdrifaríkan hátt tveimur stórum og dýrmætum vatnahverfum, auk þess sem margs konar öðrum óbætanlegum náttúrugæðum hefði verið stefnt í voða. Þetta hefði snert alla landeigendur á viðkomandi svæði.

Þegar fyrstu fregnir fóru af þessum ráðagerðum og mótmæli tóku að berast til Orkustofnunarinnar, skipaði orkumálastjóri nefnd til að kanna hugsanlegt tjón, sem gæti leitt af fyrirhugaðri virkjun fyrir Laxá og umhverfi hennar. En svo óheppilega tókst til við þessa nefndarskipun, að í hana völdust einungis tæknilegir ráðunautar Orkustofnunarinnar. Þarna var því ekki þeirra sjónarmiða gætt, er vörðuðu líffræðileg eða önnur náttúrufræðileg verðmæti.

Slíkir árekstrar milli virkjunaraðila og eigenda eða forsvarsmanna náttúrugæða eru ekki einsdæmi hér á landi. Þekkt eru mörg svipuð dæmi erlendis, svo sem frá Svíþjóð og Noregi. Þar munu þó nú vera viðhöfð önnur og heppilegri vinnubrögð en hér.

Svíar hafa reynt að haga virkjunarframkvæmdum þannig, að sem minnstu yrði spillt. Þeir hafa varið mjög miklu fé til rannsókna á því, hvernig helzt væri hægt að komast hjá stórtjóni eða bæta úr því. Af þeim vinnubrögðum mætti sjálfsagt margt læra.

Norðmenn eru enn skemmra á veg komnir með að virkja ár sínar en Svíar, en þar hafa þó orðið ýmsir árekstrar út af virkjunaráformum. Fyrir 10 árum var þar

skipuð sérstök nefnd með fulltrúum virkjunaraðila annars vegar og náttúruverndarfélaga, veiðifélaga, ferðamálafélaga og útilífsáhugamanna hins vegar. Nefndinni var falið það hlutverk: „Að gera heildaryfirlit yfir og tillögur um þau vatnsföll og þá staði, sem þjóðin vildi vernda gegn skemmdum og spillingu af völdum virkjana og aðgerða við þær.“ Og í öðru lagi: „Að gera tillögur um, hvaða aðgerðir væru hugsanlegar til að bæta úr skaða af völdum virkjana, sem þegar eru gerðar, og um friðunaraðgerðir í sambandi við þær.“

Í íslenzkum orkulögum er engin ákvæði að finna um það, að við rannsóknir og undirbúning virkjana skuli taka tillit til annarra sjónarmiða en orkuframleiðslunnar. Þess má enn geta, að í „Áætlun um forrannsóknir á vatnsorku Íslands árin 1970—1974“, sem Orkustofnunin sendi frá sér sem greinargerð með fjárveitingarbeiðni og gefur sundurliðað yfirlit yfir það, hvernig stofnunin hyggst haga rannsóknum sínum, er hvergi að sjá, að hún hyggist verja neinu til þess að rannsaka þau ótalmörgu náttúrufræðilegu vandamál, sem þarna hljóta að skapast. Hér er því tvímælalaust verið að bjóða hættunni heim.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með skipun Náttúrugæðanefndar er fulltrúum þeirra aðila, er mestra hagsmuna hafa að gæta eða bezt skilyrði hafa til að dæma um þessi mál, gefinn kostur á að fylgjast með rannsóknum á orkunýtingu á öllum stigum. Þannig er vonazt til, að tekið verði tillit til allra sjónarmiða, er máli skipta. Nefndarmenn eiga þá ætíð kost á að láta í ljós álit sitt á því, hvaða rannsókna sé þörf í hverju tilfelli, og hafa rétt til að krefjast þess, að þær séu framkvæmdar. Sennilegt má telja, að Orkustofnunin verði stöðugt að hafa í þjónustu sinni líffræðing, sem fylgist með og annist þá hlið undirbúningsrannsókna. Auk þess verður að leita til starfskrafta utan stofnunarinnar til að leysa einstök verkefni.

Um 2. gr.

Reynslan sýnir, að alltaf verður meira eða minna tjón á öðrum náttúrugæðum við framkvæmdir og rekstur virkjunarmannvirkja. Það getur orðið af margvíslegum orsökum, sem oft verða ekki séðar fyrir nema að mjög takmörkuðu leyti. Það mun ekki ofmælt, að þeim, sem fyrir slíku tjóni verða, reynist oft torvelt og fyrirhafnarsamt að leita réttar síns. Þá er það tíðum erfiðleikum bundið að sanna, hvað raunverulega stafi af virkjunaraðgerðum og hvað af öðrum orsökum, og sjálfsagt er þá virkjununum oft kennt um það, sem þær eru ekki valdar að. Með ákvæðum þessarar greinar yrði Náttúrugæðanefnd jafnframt föst matsnefnd, sem falið yrði að meta slík spjöll og aðstöðumissi, og jafnframt gæti hún gert tillögur til úrbóta. Hún mundi fljótlega öðlast dýrmæta reynslu í þessum efnum, og er þá líklegt, að í mörgum tilfellum mundu matsaðilar sætta sig við mat hennar, og yrði þá komizt hjá langvinnum og dýrum málarekstri.

Eðlilegt er, að nánari ákvæði um starf Náttúrugæðanefndar verði sett með reglugerð.

Nd. 163. Frumvarp til laga [133. mál]

um Fiskiðju ríkisins.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

Ríkið starfrækir verksmiðjur til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða, og nefnast þær Fiskiðja ríkisins.

2. gr.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um tilraunastarfsemi við frystingu, niðursuðu, niðurlagningu og hvers konar fullvinnslu matvæla úr síld og öðrum fisktegundum. Fiskiðja ríkisins hefur samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Skal að því stefnt, að sett verði á fót sérstök rannsóknardeild, er hafi með höndum vísindalegar athuganir í niðurlagningar- og niðursuðutækni.

Fiskiðja ríkisins gerir ráðstafanir til þess, að nægilega margir Íslendingar hljóti sérmenntun erlendis í þessari iðngrein og efnt sé öðru hverju til námskeiða hér á landi fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um öflun markaða erlendis. Fiskiðjan beitir sér fyrir myndun sölusamtaka, er annast sölu á fullunnum fiskréttum í ýmsum tegundum umbúða og undir einu vörumerki.

3. gr.

Niðurlagningarverksmiðja ríkisins á Siglufirði skal rekin samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram 6 milljónir króna í fimm ár, samtals 30 milljónir króna, til að fullgera niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði og til að koma upp nokkrum öðrum verksmiðjum til fullvinnslu matarrétta úr fisktegundum. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast lán í sama tilgangi að upphæð allt að 200 milljónum króna.

Við staðsetningu nýrra verksmiðja skal Fiskiðja ríkisins einkum miða við, að þeir staðir sitji í fyrirrúmi, sem um langa hríð hafa búið við ótryggt atvinnuástand.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram 8 milljónir króna í fimm ár, samtals 40 milljónir króna, til tilraunastarfsemi og markaðsöflunar fyrir fullunna síldarrétti og aðra fiskrétti og til að tryggja rekstur Fiskiðju ríkisins.

6. gr.

Stjórn Fiskiðju ríkisins er skipuð 7 mönnum og 7 til vara, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, og lög nr. 52 25. maí 1949, um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur, án árangurs, þrisvar áður verið flutt, síðast 1968, og þá lét flutningsmaður þess, Ragnar Arnalds, fylgja því svo hljóðandi greinargerð:

Niðursuðuiðnaður hefur löngum verið olnbogabarn í íslenzku atvinnulífi. Á hverju ári hafa Íslendingar mokað gífurlegum aflaverðmætum á land, en minna hirt um að fullvinna afurðirnar sjálfir. Fiskvinnslustöðvar víða um heim hafa fengið ódýrt úrvalshráefni frá Íslandi og hagnazt drjúgum á því að margfalda hráefnisverðið með fullvinnslu. Meðan 15% af útflutningsverðmæti norskra sjávarafurða er niðursoðinn eða niðurlagður fiskur, er hliðstæð hlutfallstala á Íslandi aðeins rúmlega 1%.

Það er meginefni þessa frv., að þegar í stað verði hafin skipuleg uppbygging þessarar atvinnugreinar og markvissar ráðstafnir gerðar til að leggja grundvöll að stóriðju í matvælaiðnaði. Eftir að þessi iðngrein hefur nánast hjakkað í sama farinu um áratugi, er nú löngu orðið ljóst, að ríkisvaldið verður að taka að sér forustuna með markvissu skipulagsstarfi og útvegun nægilegs fjármagns, ef því sjálfsagða takmarki á að ná, að þessi iðnaður verði einn af grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar í framtíðinni.

1. Sérstök þingkjörin stjórn.

Í frumvarpinu er lagt til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, er beri heitið Fiskiðja ríkisins, og starfi hún undir þingkjörinni stjórn. Jafnframt taki fiskiðjan við rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði. Hingað til hefur stjórn Síldarverksmiðja ríkisins haft umsjón með rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar. Er það löngu viðurkennt af flestum, að nauðsynlegt er að skipa sérstaka stjórn fyrir verksmiðjuna og ákveða henni verulegt stofnframlag af ríkisfé. Stjórn S. R. hefur hvað eftir annað farið fram á það við ráðherra, að þetta verði gert, en af því hefur ekki orðið.

2. Bygging nýrra verksmiðja.

Með frumvarpinu er Fiskiðju ríkisins falið að reisa nokkrar nýjar verksmiðjur til fullvinnslu sjávarafurða, eftir því sem markaður kann að leyfa. Við staðsetningu þeirra ber fyrst og fremst að hafa það í huga að bæta atvinnuástand staða, þar sem vinna er að staðaldri ónóg.

3. Markaðsöflun.

Langmikilvægasta tillagan, sem fólgin er í þessu frumvarpi, er sú, að ríkisvaldið aðstoði framleiðendur við markaðsöflun. Ef þessi iðngrein á að geta tekið stórt stökk fram á við, er óhjákvæmilegt, að skipulögð verði sérstök sölusamtök framleiðenda og jafnframt reynt að brjótast inn á frjálsan markað erlendis undir einu auglýstu vörumerki. Stórfelld söluherferð hefur aldrei verið framkvæmd, enda hefur enginn einn framleiðandi það fjármagn, sem til þess þarf. Ríkisvaldið verður að skilja og viðurkenna forustuhlutverk sitt í atvinnuuppbyggingu landsins og leggja fram nægilegt fjármagn, svo að þetta brautryðjendastarf verði unnið.

4. Vísinda- og fræðslustarfsemi.

Ef fullvinnsla sjávarafurða á að geta orðið traustur atvinnuvegur á Íslandi í framtíðinni, er ekki nóg að reisa verksmiðjur og afla markaða. Það er eins í þessum iðnaði og flestum öðrum atvinnugreinum, að ein helzta undirstaðan er tilrauna- og vísindarannsóknir og víðtæk fræðslustarfsemi. Einnig á þessu sviði er eðlilegt, að Fiskiðja ríkisins hafi forustu með fjárstuðningi hins opinbera.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að fiskiðjan hafi samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um tilraunastarfsemi við hvers konar fullvinnslu sjávarafurða og miðli reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Jafnframt ber fiskiðjunni að gera ráðstafanir til þess, að áhugamenn séu sendir utan til að sérmennta sig í niðursuðutækni. Að sjálfsögðu mun fyrr eða síðar koma að því, að stofnað verði til fastrar kennslu hér á landi í þessari iðngrein, líkt og verið hefur um langt árabil í Noregi, en fyrst um sinn ber einkum að leggja á það áherzlu, að efnt sé við og við til sérstakra námskeiða fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Nd. 164. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um rannsókn á verðhækkunum.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa hlutfallskosningu fimm manna nefnd innandeildarþingmanna, samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka þær verðhækkanir, sem hafa orðið síðan kaupsamningar voru gerðir í júnímánuði síðastliðnum. Nefndin skal sérstaklega kynna sér, hvort orðið hafa óeðlilega miklar verðhækkanir, er krefjist sérstakra aðgerða verðlagsyfirvalda. Nefndin skal leggja niðurstöður sínar fyrir Alþingi eins fljótt og verða má. Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Miklar verðhækkanir hafa orðið á vörum og þjónustu, síðan kaupsamningar verkalýðsfélaga og atvinnurekenda voru gerðir á síðastliðnu sumri, bæði með og án leyfis verðlagsyfirvalda. Sumar þessar verðhækkanir hafa verið álitnar meiri en rétt er. Það er því eðlilegt, að nefnd rannsaki þetta mál sérstaklega og beiti sér fyrir því, að gerðar verði ráðstafanir til úrbóta, ef óeðlilegar verðhækkanir hafa átt sér stað. Þess vegna er framangreind tillaga flutt.

Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að athuga, hvort rétt og hagfellt sé að koma á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna og þá með hvaða framkvæmdahætti. Sérstaklega verði athuguð viðfangsefni í þágu þjóðarheildar fyrir ríki og sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélög. Nefndin skili áliti til Alþingis, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að lögfesting á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna sé æskileg, þá skili hún um viðfangsefnið frumvarpi að lögum, sem lagt verði fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Tillögu um þetta efni hef ég flutt á undanförnum þremur þingum, efnislega lítið breytta. Ég hef tvisvar ritað með þeim allýtarlegar greinargerðir. Tillögur þessar hafa legið fyrir allsherjarnefnd Sþ. Á síðasta Alþingi skilaði meiri hluti allshn. áliti, eða 5 nefndarmenn af 7 (einn þó með fyrirvara), þar sem tillögugreininni var breytt í það horf, sem hún er hér flutt nú.

Álit meiri hluta allshn. á síðasta þingi er á þskj. 564 og er þannig:

„Allsherjarnefnd hefur fjallað um ofangreinda þáltill., en varð ekki sammála um afgreiðslu hennar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að athuga, hvort rétt og hagfellt sé að koma á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna og þá með hvaða

framkvæmdahætti. Sérstaklega verði athuguð viðfangsefni í þágu þjóðarheildar fyrir riki og sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélög. Nefndin skili áliti til Alþingis, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að lögfesting á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna sé æskileg, þá skili hún um viðfangsefnið frumvarpi að lögum, sem lagt verði fyrir Alþingi.

Gísli Guðmundsson er fylgjandi meiri breytingu á þáltill. og skrifar undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Friðjón Þórðarson. Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.“

Því miður var málið aldrei tekið fyrir til afgreiðslu í Sþ. Ég tel, að tæpast verði vikizt undan því, eftir að það hefur fengið slíka meðferð hjá nefnd, og er rétt að bæta því við, að á næsta þingi á undan skilaði nefndin tveimur álitum, sem ekki heldur leiddu til afgreiðslu. Mennta- og uppeldismál eru ekki að smækka í þjóðmálunum og ekki fremur þótt tengd verði fegrun eða framleiðslu í sömu andrá.

Nánar í framsögu.

Ed. 166. Lög [101. mál]

um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

(Afgreidd frá Ed. 18. nóv.)

Samhljóða þskj. 148 (sbr. 106).

Ed. 167. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum.

Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lánin nema 85% kostnaðar- eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að 70% kostnaðar- eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðuð erlendis. Enn fremur er heimilt að lána vegna endurbóta eða endurbygginga eldri skipa, og mega þau lán nema allt að 60% af vátryggingarverði hins endurbætta skips, og skulu lánin vera til allt að 10 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að ákveða viðbótarlánveitingar til þeirra fiskiskipa, sem smíðuð hafa verið erlendis á undanförnum árum og taka þurfti erlend lán til greiðslu á kaupverðinu að hluta til. Mega lán Fiskveiðasjóðs þá nema samtals allt að 60% — sextíu af hundraði — af vátryggingarverði skipanna. Þó skulu við-

bótarlán eigi nema hærri upphæð en svarar til þeirrar hækkunar á verði skipanna, sem hlotizt hefur af breytingum á gengi hinnar íslenzku krónu á því tímabili, sem hin erlenda skuld vegna skipakaupanna hefur staðið.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um Fiskveiðasjóð Íslands er heimilað að lána út á skip smíðuð innanlands 75% kostnaðar- eða matsverðs. Á undanförnum þingum höfum við, sem að þessu frumvarpi stöndum, lagt til, að þessu ákvæði yrði breytt til hækkunar, en þær tillögur hafa ekki náð fram að ganga. Með lögum um aðgerðir í efnahagsmálum, sem samþykkt voru á Alþingi 28. marz 1969, var m. a. sett á laggirnar Atvinnumálanefnd ríkisins. Við umræður um áðurgreindar tillögur okkar flm. þessa frumvarps kom það fram, að ætlunin væri, að Atvinnumálanefnd ríkisins lánaði 10% af kostnaðarverði nýrra skipa, sem smíðuð væru innanlands, og þannig hefur þetta verið í reynd undanfarið. Segja má því, að búið sé að viðurkenna þörfina á því, að lán út á nýsmíði skipa verði 85%, eins og við höfum lagt til áður og leggjum enn til samkv. þessu frumvarpi, og sé því aðeins formsatriði að samþykkja þetta ákvæði. Hins vegar er rétt að geta þess, að mikið óhagræði fylgir því fyrirkomulagi, að tveir aðilar séu að lána þetta, og það því frekar sem Atvinnumálanefndin felur þriðja aðilanum, Atvinnujöfnunarsjóði, að ganga frá lánsskjölum. Enn má benda á, að lánskjör hjá Atvinnumálanefnd ríkisins eru lakari en hjá Fiskveiðasjóði. Loks má benda á það, að gildistími laganna um Atvinnumálanefnd ríkisins er til ársloka 1970. Þegar á allt þetta er litið, virðist augljóst, að samþykkja beri þá breytingu til hækkunar á lánum Fiskveiðasjóðs, sem lagt er til í þessu frumvarpi.

Hækkun á lánum vegna þeirra skipa, sem smíðuð eru erlendis, virðist eðlileg í þessu sambandi og þarfnast tæplega skýringa.

Þriðja nýmælið, hámarksákvæði á lánum til eldri skipa, er rétt að minnast á með nokkrum orðum.

Það fer ekki á milli mála, að mörg eldri skip, sérstaklega af minni gerðum, má hagnýta miklu betur en gert hefur verið. Til þess þarf þó nokkuð fé til endurbóta, því að hin gömlu skip svara ekki kröfum tímans um aðbúnað skipverja eða tækjabúnað.

Mörg þessara skipa eru traust, vel byggð og góð sjóskip, sem nota mætti árum saman eftir endurbætur, sem kosta ekki í fjárfestingu nema brot af því, sem leggja þarf í ný skip. Hins vegar liggur svo mikið verðmæti í þessum skipum, að ekkert vit er í að láta slík verðmæti eyðileggjast.

Fiskveiðasjóður hefur að vísu lánað til kaupa á tækjum og til endurbyggingar eldri skipa. Slík lán hafa þó verið of lág, og ekkert samræmi hefur oft verið í þeim lánveitingum. Þess vegna er hér farið inn á þá braut að tiltaka ákveðinn hundraðshluta miðað við vátryggingarverð. Er þetta í samræmi við óskir útvegsmanna, sem oft hafa ályktað um þetta atriði, nú síðast á aðalfundi L. Í. Ú., sem haldinn var í Vestmannaeyjum.

Þá er og nýmæli um, að lánin til eldri skipa skuli vera allt að 10 árum. Oftast hafa þau lán, sem Fiskveiðasjóður hefur veitt til eldri skipa, verið til 5 ára, eða sum máske til 7 eða 8 ára. Slíkur lánstími, 5 ár, er allt of stuttur, þess vegna er tiltekinn lánstími hér 10 ár.

Um ákvæði til bráðabirgða er það að segja, að hér er lagt til, að vandamál þeirra útvegsmanna, sem skulduðu og skulda enn vegna skipakaupa erlendis, verði leyst með viðbótarlánveitingu. Þau skip, sem keypt voru á undanförnum árum, hafa stórhækkað vegna breytinga á gengi íslenzkrar krónu. Ekki verða útgerðarmenn íslenzkra fiskiskipa sakaðir um að hafa valdið því ástandi í íslenzkum efnahagsmálum, sem leitt hefur til þriggja gengisfellinga á nokkrum árum. Þess vegna er ekki réttmætt að refsa þeim sérstaklega og láta þá, sem vinna að öflun gjaldeyris, lenda

í erfiðleikum og vanskilum með greiðslur lána, er hvílt hafa og hvíla enn á þeim skipum, sem keypt voru til landsins á undanförnum árum. Hér er um að ræða verulega skuldabagga. Hér er ekki verið að biðja um að gefa útvegsmönnum neitt, heldur aðeins verið að fara fram á, að lánað verði út á skipin eins og þau í raun og veru kosta. Skipin eru keypt samkvæmt reglum, sem hið opinbera ákvað, og varð að taka erlendu lánin vegna þess, að Fiskveiðasjóður hafði ekki fé til að lána á þeim tíma, sem skipin voru keypt. Hér er um að ræða vandamál, sem þarf að leysa, og það er von flutningsmanna þessa frumvarps, að sú leið, sem bent er á, verði talin hagkvæm og vel fær. -- Nánar í framsögu.

Ed. 168. Frumvarp til laga [6. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. nóv.)

Samhljóða þskj. 6 með þessari breytingu:

19. gr. hljóðar svo:

Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 18. gr. greitt að 37.5% af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 62.5% úr ríkissjóði. Frá 1. janúar 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

Nd. 169. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Upphaf 12. gr. almannatryggingalaga orðist svo:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri.

Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris, er þeir hafa náð sextugsaldri.

Nú hefur maður stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, og á hann þá rétt á tvöföldum ellilífeyri, er hann hefur náð sextugu.

Fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá því að almannatryggingar hófu starfsemi sína hér á landi, hefur réttur til ellilífeyris verið bundinn við 67 ára aldur. Þetta er þó engan veginn hið eina sjálfsagða aldursmark, er miða beri við réttinn til ellilífeyristöku. Allt eins gæti komið til greina 65 ára aldursmark sem almenn regla, ef menn teldu þjóðfélagsgetu gera slíkt kleift. Þá er það engan veginn sjálfgefið, að sama aldursmark skuli gilda fyrir allar starfsstéttir. Má benda á, að víða erlendis fá námumenn t. d. ellilífeyri miklu fyrr en aðrar starfsstéttir.

Í þessu frumvarpi er ekki breytt almennu reglunni um 67 ára aldursmarkið, heldur lagt til, að það haldist óbreytt enn um sinn.

Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir tveimur undantekningum frá almennu reglunni: Þeirri fyrst, að menn, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og verið 35 ár eða lengur á sjónum, öðlist fullan rétt til ellilífeyris, er þeir verða 60 ára. Þetta er hugsað sem sérstök viðurkenning af þjóðfélagsins hendi til þeirra manna, sem allt frá æskuárum hafa stundað erfið og áhættusöm störf fjarri heimilum sínum við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar og eru oftast orðnir slitnir menn, þegar 50—55 ára aldri er náð. Ætti að vera óþarft að fara um það fleiri orðum.

Um þá menn, sem starfað hafa 40 ár eða lengur á sjónum, þarf naumast heldur að fjölyrða. Þeir eiga vissulega fárra kosta völ, þegar á land er komið, og væri næsta ósæmilegt að ætla þeim að draga fram lífið á einföldum ellilífeyri. Fyndist flm. það viðurkenning í allra rýrasta lagi fyrir slíkt ævistarf. Þess vegna er lagt til, að þeir eigi rétt á tvöföldum ellilífeyri.

Hin undantekningin frá almennu reglunni varðar ekkjurnar.

Þeirra þjóðfélagsaðstaða er þannig, að flestir munu fallast á réttmæti og nauðsyn þess, að samfélagið létti undir með þeim á einhvern hátt, er aldur færist yfir þær.

Möguleikar þeirra á atvinnusviðinu eru sjaldnast miklir eða margbreytilegir, eftir að sextugsaldri er náð.

Þess vegna telur flm. rétt, að ekkjur njóti einnig undantekningar frá almennu reglunni um ellilífeyrisrétt frá 67 ára aldri.

Með því að sveigja á þann hátt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, í tveimur tilvikum frá hinu allt of einstrengingslega 67 ára aldursmarki varðandi ellilífeyri, eru tekin **mannleg tillit**, sem sómi væri að að lögfesta á Íslandi, og þó er víst, að það hefur ekki meiri kostnað í för með sér en svo, að íslenzkt þjóðfélag fær vel undir því risið.

Nd. 170. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Þar sem eitt sveitarfélag stendur að iðnfræðsluskóla á móti ríkissjóði, tilnefnir hlutaðeigandi sveitarstjórn fjóra skólanefndarmenn.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. orðist:

Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms í þeim iðngreinum, sem kenndar eru við hlutaðeigandi skóla, alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga eða fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum, sbr. þó 45. gr.

3. gr.

Á eftir 2. tl. 22. gr. komi:

Iðnfræðsluráð getur áskilið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að nemandi hafi hlotið tiltekna lágmarkseinkunn á miðskólaprófi í einstökum námsgreinum svo og í aðaleinkunn.

Þá er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að ákveða, að almenn inntökuskilyrði í iðnfræðsluskóla skuli vera staðlað gagnfræðapróf. Slík breyting skal tilkynnt með a. m. k. eins árs fyrirvara.

4. gr.

Aftan við 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Iðnfræðsluskólar skulu greiða slysatryggingariðgjald samkvæmt lögum um al-

mannatryggingar vegna þeirra nemenda, sem nám stunda í verknámsskóla iðnaðarins, enda séu þeir nemendur ekki á staðfestum námssamningi.

5. gr.

Á eftir 2. tl. 35. gr. komi nýr liður:

3. Hafi nemandi fatlazt, andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur eða áður, en telst þó fullgildur verkmaður í sumum þáttum iðngreinar, enda hljóti slíkur nemandi aldrei meistarabréf, þótt hann standist verklegt próf.

6. gr.

Í stað 1.—3. mgr. 44. gr. komi:

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en hlutaðeigandi sveitarsjóðir hvers skólaumdæmis, sbr. 12. gr., helming, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum nr. 49/1967, 7. og 11. gr.

Nú verður ekki samkomulag milli allra sveitarfélaga í skólaumdæmi um að standa sameiginlega að iðnfræðsluskóla, og getur þá ráðherra heimilað því sveitarfélagi, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið skv. 12. gr., að standa einu eða ásamt fleirum að skólanum á móti ríkissjóði.

7. gr.

45. gr. hljóði þannig:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður, — sveitarsjóðir, ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, — greiða rekstrarkostnað iðnfræðsluskóla í samræmi við lög nr. 49/1967, eftir því sem við getur átt.

Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla, skal það greiða námsvistargjald til þeirra skóla, sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemanda telst í þessu sambandi lögheimili þess atvinnurekstrar, er nemandinn stundar iðnnám við. Stundi nemandi nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á námssamning hjá meistara, skal lögheimilissveit nemandans greiða námsvistargjaldið.

Á sama hátt ber sveitarfélagi að greiða námsvistargjald, ef nemendur úr sveitarfélaginu verða að sækja skóla annars skólaumdæmis, vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins.

Námsvistargjald samkv. lögum þessum er fullt framlag sveitarfélags samkv. 1. mgr. þessarar gr. svo og greiðsla miðað við eðlilega afskrift stofnkostnaðar samkv. 44. gr. þessara laga. Menntamálaráðuneytið ákveður árlega námsvistargjald að fengnum sameiginlegum tillögum þeirra sveitarstjórna, sem að rekstri viðkomandi skóla standa.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sbr. lög nr. 69/1962, annast uppgjör námsvistargjalds samkvæmt þessari grein, milli þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga hverju sinni, af framlagi sjóðsins til þess sveitarfélags, sem inna á greiðslu af hendi, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn samþykkt greiðsluskyldu sína

Ráðherra ákveður skólagjald í iðnskólum og meistaraskólum, svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samhljóða frv., er menntamálanefnd neðri deildar Alþingis flutti á síðasta þingi að beiðni menntamálaráðherra, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 14. október 1969, var iðnfræðslunefnd falið að endurskoða ákvæði laga nr. 68/1966 um iðnfræðsluskóla, skólanefndir og önnur ákvæði, er lúta að samstarfi fleiri sveitarfélaga um stofnun og rekstur iðnfræðsluskóla. Síðar var vísað til nefndarinnar nokkrum fleiri atriðum, sem ráðuneytið og/eða iðnfræðsluráð taldi rétt að taka til athugunar í sambandi við þessa endurskoðun laganna.

Ástæður þess, að ráðuneytið fól nefndinni að taka umrædd ákvæði laganna til endurskoðunar, eru í meginatriðum þær, sem nú skal greina:

Með lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu, var m. a. stefnt að því að fækka iðnskólum verulega frá því, sem verið hefur, eða úr 22 skólum í 10 skóla. Í þessu skyni er í lögunum gert ráð fyrir að skipta landinu í 8 skólaumdæmi, sem í meginatriðum falli saman við núverandi kjördæmi landsins, og gert ráð fyrir einum skóla í hverju umdæmi, nema í Suðurlandsumdæmi og Reykjanesumdæmi, þar gera lögin ráð fyrir tveimur skólum í hvoru umdæmi, sbr. 12. gr. laganna.

Samkvæmt 44. og 45. gr. er svo ákveðið, að sveitar- og sýslusjóðir hvers umdæmis greiði sameiginlega stofn- og rekstrarkostnað viðkomandi skóla að hálfu á móti ríkissjóði.

Frá því er lög þessi tóku gildi, hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að koma á samstarfi milli sveitarfélaga um stofnun og rekstur skóla í samræmi við lögin. Hafa þær tilraunir einkum beinzt að þeim skólaumdæmum, þar sem þörfin er ríkust á því að koma á fót skólum, þ. e. Reykjanesumdæmi, Austurlandsumdæmi og Norðurlandsumdæmi vestra.

Er skemmst af því að segja, að þessar tilraunir hafa ekki borið tilætlaðan árangur, og hefur ekki tekizt að koma á samstarfi sveitarfélaga í þessum skólaumdæmum.

Þau viðhorf sveitarstjórna, sem valdið hafa því, að ókleift hefur reynzt að koma á umræddu samstarfi, má draga saman í þrjú meginatriði.

1) Sveitarstjórnir, sem starfrækt hafa iðnskóla á grundvelli áður gildandi laga, eru ófúsar til þess að leggja þá skóla niður og taka þátt í stofnun og rekstri skóla í öðru sveitarfélagi, þótt innan sama kjördæmis sé.
2) Skiptar skoðanir eru innan hinna ýmsu skólaumdæma um það, hvar hentugast sé að hafa skólasetur. Hafa deilur um þetta komið í veg fyrir samstarf um skóla.
3) Sveitarstjórnir, sem ekki hafa áður starfrækt skóla af þessu tagi, telja nemendum úr sínu byggðarlagi henta betur að sækja annan skóla en þann, sem staðsettur er í skólaumdæminu, eða vilja a. m. k. hafa valfrelsi í þessum efnum.

Við þetta má svo bæta viðhorfi þeirra sveitarstjórna, þar sem skólasetur hafa verið ákveðin, en þær hafa ekki treyst sér, þrátt fyrir brýna þörf fyrir skólabyggingar, til þess að hefjast handa um framkvæmdir vegna óvissu um hlutdeild annarra sveitarfélaga í stofn- og rekstrarkostnaði skólanna.

Nefndin hefur rætt þessi sjónarmið ýtarlega, auk þess sem Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, kom á fund hennar til viðræðna um viðhorf sveitarfélaganna. Enn fremur fékk nefndin á sinn fund Torfa Ásgeirsson, deildarstjóra í Efnahagsstofnuninni, til viðræðna um þessi mál.

Að loknum þessum umræðum er það samdóma álit nefndarinnar, að meginstefna gildandi laga sé rétt, sem sé sú að stefna að fáum stórum skólaumdæmum, og að ekki komi til greina að gera breytingar á lögunum, sem hefðu í för með sér frekari fjölgun iðnskóla frá því, sem lögin gera ráð fyrir. Þvert á móti hlýtur sú spurning að vakna, hvort með 10 skólum með nauðsynlegum búnaði sé ekki meira í fang færzt en þjóðfélagið hafi í raun tök á að sinni.

Nefndin telur þó ekki efni til að gera tillögur um frekari fækkun að svo stöddu. Kemur þar hvort tveggja til, að viðkomandi yfirvöld hafa í hendi sér að ákveða, hve hratt uppbyggingu þessara skóla miðar, svo og hitt, að yfir stendur endurskoðun

fræðslukerfisins í heild, en sú endurskoðun getur að sjálfsögðu haft áhrif á endanlegan fjölda umræddra skóla og tengsl þeirra við fræðslukerfið.

Kemur þá til álita, með hvaða hætti sé unnt að leysa úr þeim vanda, sem nú steðjar að og á orsakir sínar í því, að ekki hefur tekizt að gera gildandi ákvæði virk í framkvæmd, með þeim afleiðingum, að ekki hefur reynzt unnt að koma upp skólahúsnæði í samræmi við tilgang téðra laga, þrátt fyrir brýna þörf.

Að dómi nefndarinnar kemur hér einkum tvennt til greina:

I. Þegar litið er til þeirrar sérstöðu, sem iðnfræðsluskólar hafa í íslenzku fræðslukerfi, þ. e. þess, að þeir eru í eðli sínu framhaldsskólar, sem taka við, þar sem miðskóla lýkur, og að í þá á aðeins erindi hluti þeirra unglinga, sem miðskólanámi ljúka, kemur fyllilega til greina, að ríkið eitt standi undir stofn- og rekstrarkostnaði þessara skóla svo sem annarra framhaldsskóla.

Hefur þetta sjónarmið t. d. komið fram í samþykkt fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Slík breyting verður þó vart gerð, nema samtímis eigi sér stað breyting á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í heild. Á þessu stigi treystir nefndin sér því ekki til þess að gera tillögu í þessa átt, en telur eðlilegt, að slík breyting verði tekin til athugunar í sambandi við frekari umræður um ofangreinda breytingu á skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga.

II. Samkvæmt framansögðu telur nefndin, að enn um sinn verði að gera ráð fyrir því, að stofn- og rekstrarkostnaður iðnfræðsluskóla skiptist á ríki og sveitarfélög með þeim hætti, sem lög um iðnfræðslu og lög um skólakostnað gera ráð fyrir. Hins vegar ber brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir, að ósamkomulag sveitarfélaga innan einstakra skólaumdæma hindri, að nauðsynlegum skólastofnunum verði komið upp.

Tryggja verður með ákvæðum í löggjöfinni, að eitt eða fleiri sveitarfélög geti stofnað og rekið iðnfræðsluskóla í samræmi við ákvæði laganna á þeim stöðum, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið, þótt ekki náist samkomulag milli allra sveitarfélaga, sem að skóla ættu að eiga aðild. Gera verður þó þá kröfu, að þær sveitarstjórnir, sem stofna og reka skólana, fái greiddan þann kostnað, sem þær verða fyrir vegna skólasóknar nemenda úr sveitarfélögum, sem ekki kjósa að eiga aðild að skóla.

Þessu marki telur nefndin, að megi ná með þeim hætti, að þær sveitarstjórnir, sem ekki standa að skólum þessum, greiði námsvistargjald vegna þeirra nemenda úr umdæmi sínu, sem þessa skóla sækja. Gjald þetta yrði við það miðað, að það eða þau sveitarfélög, sem starfrækja skóla, fái greiddan rekstrarkostnað, sem leiðir af skólasókn nemenda úr öðrum sveitarfélögum, svo og eðlilega hlutdeild í stofnkostnaði þeim, sem lagður er fram af öðrum en ríkinu.

Á framangreindum grundvelli hefur nefndin samið meðfylgjandi frumvarp til breytinga á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frumvarpið fjallar enn fremur um nokkur önnur atriði, sem eins og áður er getið hefur verið beint til nefndarinnar. Verður gerð nánari grein fyrir þeim atriðum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Tilnefning í skólanefndir samræmd ákvæðum 6. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Skylda iðnskóla til þess að taka við nemendum takmörkuð við þær iðngreinar, sem kenndar eru við hlutaðeigandi skóla. Er þetta nauðsynlegt, svo að unnt sé að koma við eðlilegri verkaskiptingu milli skólanna. Þá er skylda skólanna til þess að taka við nemendum úr sveitarfélögum, sem ekki eiga aðild að skóla, takmörkuð við það, að hlutaðeigandi sveitarfélag greiði námsvistargjald skv. 7. gr. frv.

Um 3. gr.

Reynslan hefur sýnt, að meðan miðskólapróf gildir sem inntökuskilyrði í iðnfræðsluskóla, er óhjákvæmilegt að hafa heimild til þess að áskilja lágmarkseinkunnir í tilteknum greinum, m. a. vegna þess, að miðskólapróf er ekki staðlað. Fyrri málsgr. þessarar greinar gerir ráð fyrir slíkri heimild.

Í síðari mgr. er hins vegar gert ráð fyrir heimild til handa ráðherra til þess að ákveða, að gagnfræðapróf megi áskilja til inngöngu í iðnfræðsluskóla (iðnskóla og verknámsskóla). Ástæðan til þess, að rétt þykir að afla slíkrar heimildar, er fyrst og fremst sú, að með þeirri samræmingu námsefnis á gagnfræðastigi, sem undanfarið hefur átt sér stað og stefnir að því, að gagnfræðaprófið verði orðið landspróf 1972, ættu að skapast möguleikar til þess, að iðnfræðsluskólar geti látið niður falla kennslu í almennum bóknámsgreinum, en einbeitt sér að sérgreina- og faggreinakennslu, sem miðuð væri við sérstakar þarfir iðnaðarins í hverri grein.

Með slíkri tilhögun yrði væntanlega unnt að gera hvort tveggja í senn, að auka verknámskennslu í skólunum, en stytta þó heildartíma. Slíkt er að dómi nefndarinnar tvímælalaust það markmið, sem ber að stefna að.

Þykir því nauðsynlegt, að ráðherra hafi heimild til þeirra breytinga á inntökuskilyrðum, sem hér er lagt til, en gert ráð fyrir, að slík breyting eigi sér nokkurn aðdraganda.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að iðnfræðsluskólum sé gert að skyldu að slysatryggja þá nemendur sína, sem nám stunda í verknámsskóla, með þeim hætti að greiða iðgjald til slysatrygginganna. Nemendur verknámsskólans eru yfirleitt ekki á námssamningi hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki og því ekki slysatryggðir, svo sem raunin er á um þá iðnnema, sem á námssamningi eru. Þykir nauðsyn bera til, að nemendur verknámsins séu tryggðir í sama mæli og aðrir nemendur iðnfræðsluskóla. Þar sem á þessu stigi námsins er ekki til að dreifa meisturum eða fyrirtækjum, þykir rétt, að skólarnir sjálfir annist um slysatryggingu nemenda og beri af því kostnað, enda nemendurnir alfarið á vegum og ábyrgð skólanna.

Um 5. gr.

Í 129. gr. reglugerðar um iðnfræðslu, nr. 143 15. sept. 1967, er ráðuneytinu veitt heimild til þess að veita undanþágu frá iðnskólanámi og leyfi til sveinsprófs með vissum takmörkunum þeim nemendum, sem fatlast andlega eða líkamlega á námstíma sínum.

Hefur slík heimild verið í öllum reglugerðum, sem settar hafa verið um iðnfræðslu frá árinu 1952, enda framkvæmd þessa ákvæðis verið ágreiningslaus fram til síðasta árs. Það gerðist hins vegar á síðast liðnu ári, að sveinafélag fékk sett lögbann við útgáfu sveinsbréfs til manns, sem fengið hafði slíka undanþáguheimild og staðizt sveinspróf. Náði lögbannið fram að ganga á þeim forsendum, að ákvæðið bresti stoð í lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Það er álit iðnfræðsluráðs, að nauðsyn beri til, að umrætt ákvæði sé fyrir hendi, og gerir því nefndin tillögu um, að heimildin verði lögfest.

Um 6. gr.

Hér er opnuð heimild til þess, að unnt sé að stofna til skólahalds á þeim stöðum, þar sem skólasetur hafa verið ákveðin, þótt ekki náist samkomulag allra sveitarfélaga í umdæmunum. Er gert ráð fyrir, að ýmist standi það sveitarfélag eitt að skóla, þar sem skólasetur er, eða í samvinnu við önnur, þótt ekki sé um öll sveitarfélögin að ræða.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að þau sveitarfélög, sem ekki kjósa að eiga aðild að skóla síns umdæmis, greiði námsvistargjald vegna þeirra nemenda úr sveitarfélag-

inu, sem nám stunda við iðnfræðsluskóla, sem stofnaðir eru og reknir af öðrum sveitarfélögum.

Í því skyni að auðvelda uppgjör skv. ákvæðum þessarar greinar er gert ráð fyrir, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafi það á hendi, enda munu öll sveitarfélög landsins hafa samskipti við sjóðinn.

Sþ. 171. Fyrirspurnir. [139. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um reynsluna af dragnótaveiði í Faxaflóa o. fl.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Hver er reynslan af áhrifum dragnótaveiða í Faxaflóa, sem leyfðar eru undir vísindalegu eftirliti, sbr. lög nr. 40 9. júní 1960?
2. Á ekki að setja reglur um rækjuveiðar við Eldey, er tryggi forgang báta af Faxaflóa- og Reykjanessvæðinu til þeirra, líkt og gildir um rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi og víðar?
3. Er fyrirhuguð leit að nýjum rækjumiðum í Faxaflóa og út af Reykjanesi?

II. Til landbúnaðarráðherra um fiskræktarmál.

Frá Birni Jónssyni.

Hvað líður framkvæmdum á eftirtöldum þingsályktunum:
a) þingsályktun frá 17. apríl 1968 um fiskeldisstöðvar,
b) þingsályktun frá 2. apríl 1968 um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi,
c) þingsályktun frá 29. apríl 1966 um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska?

III. Til landbúnaðarráðherra um Fiskræktarsjóð.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Sigurvin Einarssyni.

Hve miklar verða tekjur Fiskræktarsjóðs á árinu 1971?
Hve mikil lán þykir líklegt, að hægt verði að veita úr sjóðnum á árinu?

IV. Til sjávarútvegsráðherra um vöruvöndun á sviði fiskveiða og fiskverkunar.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Sigurvin Einarssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til aukinnar vöruvöndunar á sviði fiskveiða og fiskverkunar, og hvenær má vænta þess, að þær komi til framkvæmda?

V. Til sjávarútvegsráðherra um varúðarráðstafanir vegna ísingarhættu.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin nokkrar varúðarráðstafanir gert vegna sérstakrar sjóslysahættu fyrir Vestfjörðum, sökum ísingarhættu og snöggra veðrabrigða að vetri til?
2. Ef svo er, í hverju eru þær ráðstafanir þá fólgnar?

VI. Til menntamálaráðherra um heimavistarkostnað héraðsskólanna.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Hver er heimavistarkostnaður héraðsskólanna hvers um sig tvö síðustu skólaár?

VII. Til landbúnaðarráðherra um afurðalán landbúnaðarins.

Frá Stefáni Valgeirssyni og Ágúst Þorvaldssyni.

Hvenær verða afurðalán í Seðlabankanum vegna landbúnaðarins hækkuð til samræmis við þær hækkanir, sem orðið hafa á búvöruverði síðan 1969?

VIII. Til viðskiptaráðherra um vaxtakjör Seðlabankans.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Er þess ekki að vænta, að vextir af endurseldum víxlum með veði í útflutningsvörum landbúnaðarins verði eftirleiðis 6%, eins og af víxlum með veði í öðrum útflutningsvörum?

IX. Til samgönguráðherra um póstgíróþjónustu.

Frá Steingrími Pálssyni.

Hafa verið gerðar áætlanir um, að póst- og símamálastjórnin taki upp póstgíróþjónustu, og ef svo er, hvenær getur hún hafizt?

Ed. 172. Frumvarp til laga [140. mál]

um Ráðstefnustofnun ríkisins.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Komið skal á fót stofnun, er stuðli að því, að erlendir aðilar haldi sem flestar ráðstefnur hér á landi á öllum árstímum og sem víðast á landinu. Nafn stofnunarinnar er Ráðstefnustofnun ríkisins.

2. gr.

Hlutverk Ráðstefnustofnunar ríkisins skal vera að skipuleggja, efla og stuðla að ráðstefnuhaldi hér á landi á vegum erlendra aðila, eftir því sem framast er unnt, og vinna að þessum málum í samráði við hóteleigendur og aðra þá íslenzka aðila, sem kunna að hafa hag af ráðstefnuhaldi hér á landi. Stofnunin skal veita upplýsingar um alla aðstöðu hér á landi varðandi ráðstefnuhald og dreifa þessum upplýsingum sem víðast til alþjóðastofnana og annarra einkaaðila, sem þurfa á ráðstefnuaðstöðu að halda. Einnig skal stofnunin safna sem víðtækustum upplýsingum um þarfir alþjóðastofnana og annarra aðila, sem ráðstefnur eða nefndarfundi halda, og miðla þessum upplýsingum til hóteleigenda hér á landi, til þess að sem flestar ráðstefnur eða nefndarfundir verði haldnir hér á öllum árstímum. Stofnunin skal enn fremur styrkja menn til náms við ráðstefnuhald, eftir nánari reglum, er ráðherra setur.

3. gr.

Ráðstefnustofnun ríkisins heyrir undir samgönguráðherra. Hann skipar forstjóra stofnunarinnar eftir tilnefningu stjórnar stofnunarinnar. Í stjórn skulu vera þrír menn. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Einn skal skipaður eftir tilnefningu Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. sameiginlega. Einn skal skipaður eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda.

4. gr.

Ráðstefnustofnun ríkisins skal taka ákveðna þóknun af hverjum ráðstefnugesti, sem viðkomandi gistihús greiðir. Upphæð þessa ákveður ráðherra fyrir hvert ár í senn, að fengnum tillögum frá stjórn stofnunarinnar og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda. Ríkissjóður skal að öðru leyti leggja stofnuninni til nauðsynlegt fjármagn.

5. gr.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um allt, er að framkvæmd þessara laga lýtur.

6. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur margs konar ráðstefnu- og fundahald orðið sívaxandi þáttur af starfsemi alþjóðastofnana og stórfyrirtækja. Á s. l. ári er talið, að slíkir fundir hafi verið yfir 3000 og með meira en tveimur milljónum þátttakenda. Öruggt má telja, að þessi þróun heldur hraðvaxandi áfram, þar sem gildi skoðanaskipta og þekkingarmiðlunar á þann hátt er ekki dregið í efa.

Við Íslendingar höfum tekið að okkur að sjá um örfáar af þessum alþjóðaráðstefnum eða stórfundum vissra stofnana. Það er mál manna, sem voru þátttakendur í þessum fundum, að aðbúnaður, skipulag, þjónusta og annað, sem stuðlað getur að góðum árangri og ánægju ráðstefnugesta, hafi verið til fyrirmyndar og sannað, að hér á landi er til hæft starfslið í þessum efnum, þótt fáliðað sé. Á s. l. vori stóð fiskveiðadeild FAO fyrir fjölmennri ráðstefnu hér, sem haldin var á Hótel Sögu, og voru þátttakendur afar víða að komnir. Mjög margir þeirra luku lofsorði á allt skipulagið og þjónustu alla í sambandi við þessa ráðstefnu. Sama niðurstaða varð eftir síðasta fund Norðurlandaráðs hér og einnig NATO-fundinn.

Til þess að auka mjög margvíslegt funda- eða ráðstefnuhald hér á landi þarf, að dómi flutningsmanns, að fela sérstakri stofnun þetta verkefni, þar sem það er eitt mikilvægasta spor, er við Íslendingar getum stigið til þess að skapa betri nýtingu á hótelum hér og fá til landsins sem flesta ferðamenn. Árangur á þessu sviði næst ekki nema með góðu skipulagi og samvinnu margra aðila. Víðtæk gagnasöfnun og dreifing upplýsinga þarf að eiga sér stað, og er eðlilegt, að hlutlaus ríkisstofnun annist þetta starf. Hætta er á því, að einkaaðilar mundu draga sinn taum betur en annarra, en hér þarf einlægt samstarf að vera fyrir hendi, til þess að sem beztur árangur náist og fundahöldin verði sem víðast á landinu.

Flutningsmaður telur, að við Íslendingar eigum mikla möguleika á að fá hingað til landsins tugþúsundir ráðstefnugesta, og má m. a. benda á eftirtalin atriði því til rökstuðnings:

1. Menn vilja sjá sem flest lönd.
2. Ísland er óvenjulegt og sérstætt land.
3. Hér er rólegt umhverfi og þjónusta góð.
4. Mótmæli, sem eru daglegt brauð erlendis við ráðstefnuhald, eru hér ekki.
5. Hlutleysi landsins er viðurkennt, og fámennið hér vekur athygli.
6. Lega landsins er sérstaklega hagstæð, þar sem flestar alþjóðastofnanir hafa aðsetur í Evrópu eða Norður-Ameríku.

Ráðstefnugestur kemur til landsins í ákveðnum tilgangi og hefur venjulega meira handbært fé en skemmtiferðamaðurinn. Þessum fjármunum eyðir ráðstefnugesturinn, og má ætla, að nú hafi hann 3—4 þúsundir króna á dag í eyðslueyri. Auk þessa munu flugfélögin hafa af ferðum þátttakenda miklar tekjur. Það er því til mikils að vinna að gerast stóraðilar að þjónustu við alþjóðaráðstefnur eða fundahöld. Vitað er, að Sameinuðu þjóðirnar eiga í erfiðleikum með að koma öllum sínum fjölda nefndafunda fyrir, en þar eru oft margir tugir manna þátttakendur. Hér eigum við að bjóða okkar þjónustu og benda á getu okkar til lausnar á þeirra vanda. Geysileg landkynning er við svona fundahöld, og óbein áhrif frá þeim eru hafin yfir allan efa.

Skýringar á einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður svo á, að sett skuli á stofn stofnun, sem vinni að því að fá erlenda aðila til þess að halda hér margvíslega fundi sína eða ráðstefnur. Þá er einnig lögð áherzla á það að dreifa fundahöldunum sem mest yfir árið og koma þeim fyrir víða úti um landið, sem er afar þýðingarmikið fyrir hóteleigendur þar og staðina sjálfa.

Um 2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar á eðlilega að vera að safna sem mestum upplýsingum frá alþjóðastofnunum um þarfir þeirra fyrir ráðstefnu- og fundahald og einnig að ná sambandi við stórfyrirtæki, sem halda árlega fundi, t. d. með sölumönnum sínum. Jafnframt skal stofnunin dreifa upplýsingum héðan um allt, er þessi mál varðar. Hún skal einnig veita aðstoð sína eða skipuleggja sjálf fundi, sem hér verða haldnir á vegum erlendra aðila, í samráði við þá. Þá er lagt til, að Ráðstefnustofnunin styrki menn til sérnáms í þessum fræðum, og er það mjög þýðingarmikið, svo að öll framkvæmd geti verið lýtalaus.

Um 3. gr.

Eðlilegt er, að stofnunin heyri undir samgönguráðherra. Lagt er til, að flugfélögin og hóteleigendur eigi sinn hvorn manninn í stjórn. Þessir aðilar hafa beina hagsmuni af góðum árangri. Ráðstefnugestir eru ekki skemmtiferðamenn í venjulegum skilningi þess orðs og því ekki ástæða til þess, að fleiri aðilar, sem um þann þátt fjalla, komi hér við sögu.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 173. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um athugun möguleika á byggingu og rekstri flöskuverksmiðju á Íslandi.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna, hvort tiltækilegt sé að byggja og reka flöskuverksmiðju á Íslandi.

Sérstaklega skal haft í huga við þá könnun, hvort ekki sé unnt að nýta fyrir starfsemi umræddrar verksmiðju að einhverju eða öllu leyti eitthvað af byggingum Síldarverksmiðja ríkisins, sem nú standa ónotaðar víða um land.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að brýna nauðsyn ber til, að athugaðir verði sem fyrst af hálfu ríkisvaldsins möguleikar á byggingu nýrra atvinnufyrirtækja, sem í senn gætu veitt hér aukna atvinnu og sparað gjaldeyri. Í tillögu þeirri, sem að framan greinir, er ríkisstjórninni falið að láta kanna möguleika á stofnkostnaði og rekstrargrundvelli flöskuverksmiðju á Íslandi.

Á s. l. ári voru keyptar til landsins af Mjólkursamsölunni, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, Lyfjaverzlun ríkisins, lyfjabúðum, ölgerðum og efnagerðum landsins o. fl. aðilum tómar flöskur og önnur glerílát undir framleiðslu þessara fyrirtækja fyrir rúmar 12 millj. kr. Árið 1968 var varið rúmum 7 millj. kr. til kaupa á tómum flöskum og árið 1967 álíka upphæð.

Það er skoðun flutningsmanns, að kanna beri ofan í kjölinn stofnkostnað flöskuverksmiðju í samræmi við núverandi þörf landsmanna, en stækkunarmöguleikar yrðu þó hafðir í huga. Jafnframt skal kannað, hvort grundvöllur væri fyrir rekstri hennar, því að staðreynd er það, sem ekki verður sniðgengin, að vegna fæðar þjóðarinnar er hér ekki um stóran markað að ræða og vart er hægt að gera ráð fyrir, að um útflutning geti orðið að ræða af framleiðslu slíkrar verksmiðju, a. m. k. ekki fyrst í stað.

Ótal spurningar vakna í sambandi við þetta mál, þar á meðal þessar:

1. Er ekki hugsanlegt, að nota megi verksmiðjuhús Síldarverksmiðja ríkisins til annars framleiðsluiðnaðar þann tíma, sem ekki veiðist síld, t. d. nota eitthvað af húsum þessum sem verksmiðjupláss og birgðageymslur fyrir flöskuverksmiðju?
2. Koma þá ekki Skagaströnd eða Siglufjörður til greina sem samastaður slíkrar verksmiðju, þar sem um er að ræða rúmgóð, ónotuð húsakynni?
3. Er hráefni til flöskugerðar fáanlegt hér á landi að einhverju eða öllu leyti, eða þarf að kaupa það allt erlendis frá og þá hvaðan og fyrir hvaða verð?
4. Er hugsanlegt, að framleiðsluverð íslenzkrar flöskuverksmiðju mundi verða samkeppnisfært við hagkvæmasta verð flaskna á erlendum markaði?
5. Hvað mundu margir fá atvinnu við slíka flöskuverksmiðju miðað við þá stærð, er fullnægði þörfum framangreindra fyrirtækja?

Að lokum má minna á lögin um Iðnþróunarsjóð, sem gera ráð fyrir að lána til byggingar nýrra verksmiðja og styðja við bakið á nýjum framleiðslugreinum landsmanna.

Ed. 174. Frumvarp til laga [142. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Ás í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sigurði H. Björnssyni, Ási, jörðina Ás í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Ás í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu var byggð fyrir rúmum þrjátíu árum sem nýbýli úr landi prestssetursjarðarinnar Bjarnaness. Landstærð þessa nýbýlis var ákveðin í samræmi við ákvæði nýbýlalaga, sem í gildi voru á þeim tíma, þegar það var stofnað, og er hún mjög takmörkuð.

Bóndinn, sem reisti nýbýlið, brá búi fyrir allmörgum árum. Eftir það var ekki búið á jörðinni um skeið. En hin síðustu ár hefur Sigurður H. Björnsson, kennari við Nesjaskóla, haft búsetu á Ási. Hann óskar þess að fá jörðina keypta. Hreppsnefnd Nesjahrepps mælir með því, að heimilað verði að selja Sigurði H. Björnssyni þessa jörð.

Fylgiskjal.

Hreppsnefnd Nesjahrepps samþykkti á fundi sínum 22. október 1970 að mæla með því, að Sigurður Björnsson fái jörðina Ás í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, keypta.

Sunnuhvoli, Nesjahreppi, 24. október 1970.

F. h. hreppsnefndar Nesjahrepps,

Rafn Eiríksson,

oddviti Nesjahrepps.

Sþ. 175. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins, vötn, ár, jarðhita og námur.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari verði m. a. athugað:

1. Hvort ekki sé rétt að lýsa allt hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, og hvernig kveða megi á, svo að glöggt sé, um mörk þessarar ríkiseignar.
2. Hvort ekki sé rétt, að öll not afrétta, sem eru ekki í einkaeign, skuli teljast réttindi viðkomandi sveitarfélaga, eins og þau yrðu nánar skilgreind.
3. Hvort veiði- og fiskræktarréttur í stöðuvötnum og fallvötnum í byggðum skuli ekki fremur bundinn viðkomandi sveitarfélögum en einkaeigendum jarða.
4. Hver mörk skuli setja milli eignarráða ríkis og réttinda annarra eigenda fallvatna, t. d. varðandi virkjanir, þegar árekstrar verða milli einkanota og almenningsnota.
5. Hver eignarmörk ríkið skuli hafa yfir jarðhita og hve djúpt í jörð eignarréttur jarðeiganda á honum skuli ná.
6. Hvort verðmæti í jörðu, á landi eða landgrunni, er finnast fyrir atbeina ríkisins, skuli ekki teljast ríkiseign og háð valdi ríkisins, hvernig unnin verði og farið með.
7. Hver takmörk náttúruvernd skuli sett.

8. Hvern umgengnisrétt og hverjar umgengnisskyldur almenningur skuli hafa til ónotaðs lands og óbyggða.

Frumvarpsgerð þessi verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á öðru þingi frá þessu þingi.

Greinargerð.

Með síauknum afnotum og umferð um hálendi landsins verður æ nauðsynlegra að setja skýr ákvæði um eignarheimild á því sem og öðrum óbyggðum, sem þó teljast ekki beinlínis til hálendis. Liggur þá beinast við, að það sé lögtekið í eitt skipti fyrir öll, að slíkt land sé ríkiseign, ef önnur eignarheimild liggur ekki skýlaust fyrir. Getur slíkt forðað ýmiss konar árekstrum síðar.

Þá er alkunnugt, að vaxandi ágreinings gætir um eignarráð og eignarréttindi yfir ýmsum gæðum landsins, svo sem veiðirétti, fiskræktarrétti, virkjunarrétti, jarðhita- og námurétti o. fl. Virðist því mál komið til, að sett verði skýr og afdráttarlaus lög um þessi mál, en þá eðlilegt, að ýmislegt verði tekið til endurmats, svo sem það, hvort aðild og réttur sveitarfélaga skuli ekki gjarnan vaxa, en einkaeigendum markaður þrengri bás, þannig að heildarhagur sé rétthærri einkahag, að sveitarfélag hafi fremur afraksturinn af veiðiá og veiðivatni en ákveðnir veiðibændur. Einnig að skorður verði við því reistar, að einkafjármagn geti keypt slík hlunnindi upp alþýðu manna á viðkomandi svæði til óhagræðis eða fáir landeigendur geti takmörkunarlaust hindrað virkjunarafnot til almenningsþarfa í fallvötnum. Um þessi réttindi og skyldur þurfa að vera skýr lagaákvæði á báða bóga. Innan þeirra marka fellur og náttúruverndin, sem að sjálfsögðu ber vel að gæta, en líka hins, að hún gangi ekki í öfgar.

Loks er svo að geta þess, að með vaxandi þéttbýli vex og þörf almennings til að komast „út í náttúruna“, eins og það er orðað. En hvort tveggja er, að þar gætir stundum yfirgangs og hirðuleysis **þéttbýlisbúa í** umgengni, en heimaríkis og meinbægni af hendi hinna, er löndin eiga eða telja sig hafa umráðarétt yfir. Vera má þó, að erfitt verði að setja frumreglur í lög um umgengnisrétt og umgengnisskyldur. Þar verði fyrst og fremst að treysta á siðgæðiskennd einstaklingsins gagnvart ættjörð sinni.

Skylt er að taka fram í lokin, að meðan framanskráð þáltill. var í smíðum, var lögð fram á Alþingi þáltill., er fjallar að nokkru um sama efni. En þar sem hér er drepið á ýmis atriði önnur, þykir rétt að leggja þessa þáltill. fram, enda er hún á engan hátt ætluð hinni fyrri til höfuðs.

Nd. 176. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Magnús Kjartansson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Verði tekjur lánasjóðsins auknar í áföngum að því marki, að frá og með námsárinu 1974—75 verði unnt að fullnægja allri fjárþörf námsmanna umfram eigin tekjur þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

17. nóv. s. l. spurðist Magnús Kjartansson fyrir um það í fyrirspurnatíma sameinaðs þings, hvenær ríkisstjórnin ráðgerði, að opinber aðstoð við námsmenn nái því marki, að hún standi straum af árlegum umframkostnaði þeirra. Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra komst svo að orði í svari sínu:

„Samkvæmt áætlun lánasjóðsins um dreifing lána má áætla, að lán sjóðsins hafi numið 53—54% af umframfjárþörf að meðaltali samkvæmt reglum þeim, sem giltu við síðustu úthlutun. En gera má ráð fyrir, að þetta hlutfall hækki við næstu úthlutun í 65—66%. Hefur þannig með samþykkt tillögu lánasjóðsins verið stigið stórt skref í átt að því markmiði laganna um námslán og námsstyrki, sem um getur í fyrirspurninni. Með sama áframhaldi mundi ekki taka nema um þrjú ár til viðbótar að ná þessu markmiði að fullu. En svo sem jafnan hefur verið lögð áherzla á af hálfu ríkisstjórnarinnar, er það að sjálfsögðu undir Alþingi komið með ákvörðun fjárveitinga, hversu hratt þeirri sókn miðar, en ég tel, að að þessu marki eigi að stefna, þ. e. a. s. halda þeim vaxtarhraða á fjárveitingum til sjóðsins, sem markaður hefur verið í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1971."

Ástæða er til að fagna þeirri yfirlýsingu menntamálaráðherra, sem væntanlega er gefin fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að stefna beri að því marki, að lánasjóðurinn geti fullnægt þörfum námsmanna skólaárið 1974—1975. Með frumvarpi þessu er lagt til, að Alþingi lýsi í verki samþykki við þessa stefnu.

Nd. 177. Frumvarp til laga [145. mál]

um þurrkví í Reykjavík.

Flm.: Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að koma upp og starfrækja þurrkví í Reykjavík og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar innlenda aðila, er áhuga hafa á málinu, og skal sérstaklega leitað samvinnu við Reykjavíkurborg. Að minnsta kosti 50% af hlutafé félagsins skulu jafnan vera í eigu ríkisins.

3. gr.

Hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli þurrkvíar og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um stofnun hennar og rekstur. Skal að því stefnt, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast það verkefni á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn. Endanlegar tillögur um stofnun þurrkvíar skulu lagðar fyrir Alþingi.

4. gr.

Í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan, er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að fimm milljónum króna sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, allt að fimm milljónum króna, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.
3. Að leyfa félaginu umferð og afnot af löndum og mannvirkjum, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera í þágu rannsókna samkvæmt 3. gr., enda greiði félagið fullar bætur fyrir það tjón, sem umferðin eða afnotin kunna að valda eigendum eða ábúendum lands eða mannvirkja.

5. gr.

Íslenzka ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélags samkvæmt 1. gr., án tillits til ákvæða 2. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagalaganna.

Hlutabréf í félagi samkvæmt 1. gr. skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málsliðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lengi hefur verið rætt um nauðsyn þess að koma upp þurrkví á Íslandi og margs konar athuganir og rannsóknir verið framkvæmdar í því sambandi. Þegar árið 1945 gerði verkfræðifyrirtækið Höjgård og Schultz áætlun um þurrkví sunnan við Kleppshöfðann, þótt ekkert yrði úr framkvæmdum. Árið 1951 skipaði Alþingi nefnd til þess að fjalla um gerð þurrkvíar, og voru niðurstöður hennar jákvæðar, þótt þær leiddu því miður ekki til neinna framkvæmda. Árið 1962 flutti Gísli Jónsson alþingismaður tillögu um auknar tekjur hafnarbótasjóðs, og skyldi helmingur þeirra renna til þess að koma upp og reka þurrkví í Reykjavík. Tillaga þessi leiddi enn í ljós mikinn áhuga manna á þessu nauðsynjamáli, en hún náði ekki fram að ganga. Þegar framkvæmdir við Sundahöfn í Reykjavík hófust, vaknaði enn áhugi á því að koma upp þurrkví í tengslum við hina nýju höfn. Var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur snemma árs 1967 að framkvæma könnun á þessu máli, og hefur hafnarstjórn haft það mál með höndum. Er þeirri könnun ekki lokið enn.

Allan þann tíma, sem mál þetta hefur verið í athugun, hefur þörfin á þurrkví farið vaxandi. Flutningaskipum landsmanna hefur fjölgað til mikilla muna og kostnaður vegna skipaviðgerða erlendis stöðugt orðið meiri. Einnig gerist það oft, að spurzt er fyrir um það frá erlendum aðilum, hvort hægt sé að taka upp skip til viðgerða hér á landi, enda siglir hingað vaxandi fjöldi erlendra flutningaskipa. Því er full ástæða til að ætla, að þurrkví yrði fljótlega fjárhagslega traust fyrirtæki, auk þess sem hún mundi stórauka öryggi hér við land, renna nýjum stoðum undir málmiðnað og skipabyggingar og stuðla að aukinni atvinnu við verkefni, sem eru eðlileg Íslendingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ráðizt verði af kappi í rannsóknir þær á þurrkví, sem staðið hafa með hléum áratugum saman. Er gert ráð fyrir því, að hafður verði sami háttur á og við undirbúning olíuhreinsunarstöðvar, að stofnað verði sérstakt hlutafélag til þess að annast undirbúning og hrinda málinu í fram-

kvæmd. Er lagt til, að ríkið verði a. m. k. helmingsaðili að þessu félagi, og jafnframt gert ráð fyrir, að Reykjavíkurborg gerist aðili að félaginu ásamt fyrirtækjum, sem áhuga hljóta að hafa, og má þar nefna Slippfélagið í Reykjavík, Stálsmiðjuna, Hamar, Héðin og Landssmiðjuna. Enda þótt ríkið gerist þannig aðili að undirbúningi málsins til þess að flýta fyrir rannsóknum, er ekki þar með sagt, að ríkið ætti að eiga hlut í þurrkví í Reykjavík. Það yrði eitt af verkefnum undirbúningsfélagsins að leggja á ráðin um eignaraðild og rekstrartilhögun.

Tillögu þessari fylgir greinargerð, sem Gunnar B. Guðmundsson hafnarstjóri í Reykjavík hefur samið, og er þar rakið á skýran hátt, hvar rannsóknir á þessu stórmáli eru nú á vegi staddar, hvaða rök mæla með byggingu þurrkvíar og hvaða annmarkar eru á þeirri framkvæmd. Einnig fylgir uppdráttur, sem gerður hefur verið á vegum Reykjavíkurhafnar, um það, hvernig hægt væri að koma fyrir þurrkví og öðrum skyldum mannvirkjum við Kleppsvík í Reykjavík.

Fylgiskjal.

Greinargerð Gunnars B. Guðmundssonar hafnarstjóra um þurrkví í Reykjavík.

Með bréfi dags. 3. febr. 1967 var hafnarstjórn send eftirfarandi tillaga, er samþykkt hafði verið í borgarstjórn.

„Með því að 1. áfangi Sundahafnar er í byggingu, telur borgarstjórn nauðsynlegt að kanna ýtarlega þörf fyrir dráttarbraut og (eða) þurrkví í tengslum við hina nýju höfn.

Felur borgarstjórn því hafnarstjórn að framkvæma athugun þessa og kanna jafnframt, hverjar áætlanir eru uppi hjá þeim fyrirtækjum í borginni, sem annast skipaviðgerðir og líkleg væru til þess að hefja nýsmíði fiskiskipa, og athuga möguleika á samstarfi þeirra í þessu efni, eftir því sem henta þykir.“

Hafnarstjórn fól Braga Hannessyni, Guðmundi J. Guðmundssyni og hafnarstjóra að framkvæma þessa athugun.

Í fyrstu voru kannaðar tillögur og álit þurrkvíarnefndar, er Alþingi skipaði 1951. Voru á hennar vegum gerðar allvíðtækar tæknilegar kannanir á staðsetningu og gerð þurrkvíar á nokkrum stöðum á landinu.

Niðurstöður þessarar athugunar leiddu til þess, að nefndin mælti með því, að byggð yrði þurrkví fyrir 6000 t. skip, er síðar mætti stækka til afnota fyrir 18000 t. skip.

Í nefndarálitinu segir m. a.:

„Að lokum vill nefndin leyfa sér að taka fram, að hún er einhuga um að leggja til, að hafinn verði nú þegar undirbúningur undir að hrinda þessu máli í framkvæmd. Mundi þetta verk ekki einasta skapa mjög mikla vinnu í landinu, á meðan á byggingu hennar stendur, er dreifa mætti e. t. v. yfir þá tíma árs, sem hennar væri mest þörf, heldur mundi þurrkvíin skapa hér allt önnur og betri skilyrði til viðgerðar á skipastól landsmanna en nú er fyrir hendi, þar sem þá fyrst væru möguleikar fyrir því að nota við þau verk hagkvæmari aðferðir við alla flutninga á efni til og frá en nú er gert og á þann hátt gera viðgerðir ódýrari, fljótari og öruggari og skapa jafnframt möguleika fyrir stóraukinni vinnu í landinu í þeirri iðngrein í framtíðinni. Hún telur, að með þeim siglingum, sem nú eru hingað til landsins, sé tæpast forsvaranlegt að eiga engan möguleika til að taka stærri skip á land en nú er hægt að taka í slippinn, og að úr því verði ekki bætt á neinn annan hátt betur en með byggingu þurrkvíar.“

Nefndin virðist einnig hafa verið sammála um, að rekstur þurrkvíar geti ekki staðið undir stofnkostnaði og yrði hann því að leggjast fram af opinberu fé. Engar tillögur gerði nefnd þessi um rekstrarform fyrirtækisins.

Gögn á hafnarskrifstofunni um síðari athuganir (1954) gefa til kynna eftirfarandi:

1. Fyrirtækið ætti að geta staðið undir beinum rekstrarútgjöldum.
2. Nauðsynlegt ríkisframlag var talið 90% af stofnkostnaði, en að öðru leyti yrði mannvirkið reist innan ramma þágildandi hafnarlaga.
3. Samkvæmt 2. yrði Reykjavíkurhöfn eigandi og tæki að sér rekstur fyrirtækisins (eða leigði það út). Enn fremur legði Reykjavíkurborg til ókeypis land til mannvirkisins og hæfilegt land ætlað til annarra mannvirkja, er nauðsynleg eru í samvinnu við þurrkvína.
4. Eðlilegt er talið, að slík mannvirki, er reist yrðu sem bein afleiðing þurrkvíarinnar, nytu 40% ríkisframlags.

Þessar athuganir munu hafa strandað sökum þess, að ekki fannst fjárhagslegur grundvöllur fyrir framkvæmdunum.

Árið 1962 bar Gísli Jónsson alþingismaður fram tillögu á Alþingi um nýjan tekjustofn fyrir hafnarbótasjóð, 2% gjald af kostnaðarverði nýrra skipa, og skyldi helmingur þeirra tekna renna til þess að koma upp og reka þurrkví í Reykjavík. Tillaga þessi náði ekki fram að ganga, og mun málið hafa legið kyrrt síðan.

Í dráttarbrautarmálum hefur aftur á móti það gerzt, að a. m. k. 4 nýjar dráttarbrautir hafa verið teknar í notkun fyrir minni fiskiskip 300—400 br.t., og á Akureyri hefur verið tekin í notkun dráttarbraut með um 2000 þungatonna lyftigetu, sem er sama og stærsta braut Slippfélagsins í Reykjavík. Dráttarbrautir þessar hafa ýmist verið byggðar af einkaaðilum eða hafnarsjóðum. Þær dráttarbrautir, sem eru í eign hafnarsjóðanna, hljóta í ríkisstyrk 40% af stofnkostnaði, og er augljós sá mikli munur í rekstraraðstöðu, er þessu er samfara.

Álykta má, að starfandi dráttarbrautir anni upptöku fiskiskipaflotans, svo sem hann nú er, til viðhalds og viðgerðar, en nokkuð mun á skorta, að staðsetning og starfsaðstaða viðgerðarverkstæða sé hagkvæm, þannig að viðgerðarkostnaður verður af þeim sökum hærri en ella. Á þetta ekki hvað sízt við hér í Reykjavík.

Er fjárhagsgrundvöllur þurrkvíar var athugaður 1955, voru íslenzk flutningaskip 24 talsins, þar af 7 stærri en 2000 br.t. og 8 undir 1000 br.t. Samsvarandi tölur nú eru 40 skip alls (meðtalin skip í smíðum), þar af 13 stærri en 2000 br.t. og 17 minni en 1000 br.t.

Ekki virðist hafa verið tekið tillit til upptökuþarfar alls skipastóls landsmanna, er byggð var ný dráttarbraut af nákvæmlega sömu stærð og sú, sem fyrir var, því augljóst er, að um tiltölulega litla nýtingu er að ræða, verði þriðja stöðin byggð, þar eð hver um sig ætti að geta annað 30—40 skipum.

Við tilkomu Akureyrarslippsins hefur því skapazt nýtt vandamál, sem sé það, að bygging þurrkvíar hlýtur óhjákvæmilega að draga úr þeirri nýtingu, sem er nú á tveim stærstu dráttarbrautum landsins, en sú nýting er eins og stendur of lítil. Renna má líkum að því, að þurrkví mundi draga frekar úr nýtingu 2000 t. brautar Slippfélagsins í Reykjavík heldur en Akureyrarslippsins, þar sem þau yrðu staðsett á sama stað.

Nýting þurrkvíar fyrir önnur skip en kaupskipaflotann, stærstu togarana og í einstaka tilfellum önnur fiskiskip virðist í augnablikinu ekki mundu verða mikil. Þó hafa umboðsmenn tryggingarfélaga greint frá, að fyrirspurnir berist um upptökumöguleika skipa, og að sjálfsögðu mundu erlend fiskiskip í vissum tilfellum þurfa á þessari þjónustu að halda. Innlend útgerðarfélög hafa tjáð áhuga sinn á að koma þessu mannvirki á fót og telja að því mikið hagræði, þótt engan veginn sé hægt að tryggja, að innlenda aðstaðan verði eingöngu nýtt. Hugsanlegt væri, að beinn hagnaður yrði í tryggingariðgjöldum.

Erlend flutningaskip, sem hingað sigla nú, eru flest af sömu stærð og þau íslenzku nema olíuskip og flutningaskip á vegum Ísals. Þessi skip eru nú af stærðargráðu 15000—20000 t.dwt.

Rætt er um, að álflutningsskipin verði almennt af stærðinni 30000 t.dwt. og síðar 60000 t.dwt., og verði af byggingu olíuhreinsunarstöðvar hér, verða olíuflutningaskipin af stærðinni 50—100 þús. t dwt. Þessi skip eru allt að 100 m lengri en lengstu skip okkar í dag.

Af framansögðu er ljóst, að upptökuaðstaða í Sundahöfn verður fyrst og fremst að miðast við stærri skipin (stærri en 1000 br.t.) og þá sérstaklega þau, sem ekki er aðstaða til að taka á land í dag, aukningu á þeim upptökumöguleikum, sem nú eru fyrir hendi, jafnframt því sem um flutning á núverandi aðstöðu og e. t. v. aukningu gæti verið að ræða, þannig að fyllstu hagkvæmni verði við komið í hvívetna.

Árlegur kostnaður vegna skipaviðgerða erlendis hefur numið 60 millj. ísl. kr. (með núverandi gengi 120 millj. kr.), og mundi verulegur hluti þeirrar upphæðar sparast við tilkomu þurrkvíar.

Auk þessa verður að telja nauðsynlegt, að samhliða þeirri aðstöðu, sem tryggð yrði í Sundahöfn, þyrfti þar að skapa aðstöðu fyrir nýsmíði stálskipa. Stálsmiðjan í Reykjavík er brautryðjandi í smíði stálskipa hér á landi og hefur allgóða aðstöðu til smíði minni fiskiskipa, enda þótt starfsemin hafi legið niðri um sinn. Óruggt má telja, að það sé mikið hagkvæmnisatriði fyrir viðgerðarstöð að starfa jafnframt að nýsmíði.

Þurrkvíarnefnd frá 1951 ákvað stærð 1 áfanga 6000 t. með stækkunarmöguleika upp í 18000 t.

Um 5000 t. kví fullnægði þörf íslenzka skipastólsins í dag, og má því telja 5000—6000 t. stærð eðlilega sem 1. áfanga. Aftur á móti orkar síðari áfanginn, 18000 t., mjög tvímælis, þar eð þau skip mundu verða mjög fá, að því er nú verður séð, á stærðarbilinu 6—18 þús. t.

Ekki eru miklar líkur taldar á, að millilandaskip okkar stækki verulega, þó mætti ætla, að skip um 10000 t. geti orðið hér nokkuð tíðir gestir, t. d. vegna korninnflutnings, svo og ef hugmyndir um sjóefnavinnslu verða að veruleika. Bandarísku skipin, sem fluttu varning til varnarliðsins og komu hingað til skamms tíma, eru af þessari stærð.

Fljótt á litið virðist því þurrkví með 1. áfanga um 5000 t. með stækkunarmöguleika upp í 10000—120000 t. fullnægja þörfum okkar. Til þess að geta tekið olíu- og álskipin þarf mannvirki af allt annarri stærð.

Lýsing á tækjum til upptöku skipa.

Helztu gerðir eru: Flotkví, þurrkví, dráttarbraut og skipalyfta. Hér á eftir verður reynt að lýsa þessum gerðum lauslega, kostum þeirra og göllum.

Flotkví er í grundvallaratriðum vinnupallur, sem flýtur á stórum tönkum. Með því að hleypa sjó í tankana sekkur kvíin og skip geta siglt inn í kvína. Síðan er sjónum dælt úr tönkunum og kvíin lyftist með skipið. Flotkví er yfirleitt fyrir eitt skip. Nauðsynlegt er, að kvíin sé við staura eða bryggju, og einnig þarf hún mikið dýpi. Algengast er, að flotkvíar séu úr stáli, og þurfa því mikið viðhald, sem erfitt er að framkvæma að hluta (t. d. hreinsa og mála botn), nema um sjálfdokkandi kví sé að ræða.

Þurrkví er byggð á landi, sem eins konar bás með loku í annan endann. Sjó er hleypt í kvína, og skip sigla inn, lokan sett fyrir og sjó dælt úr kvínni. Við byggingu þurrkvíar eru tvö höfuðvandamál: Vatnsrennsli að kvínni á byggingartíma og vatnsþrýstingur á botn þurrkvíar við notkun. Vatnsrennsli að þurrkví er oftast leyst með því að byggja varnargarð út í sjó umhverfis byggingarstað og dæla burt lekavatni. Ef lekavatnið er of mikið, þá er nauðsynlegt að steypa neðansjávar, sem er dýrt. Vatnsþrýstingur neðan á botn þurrkvía er mótveginn ýmist með þungri botnplötu, þungum veggjum eða akkerum niður í jörð undir kvínni.

Þurrkví er oftast fyrir eitt skip, en ef hún liggur samsíða landi, má hafa lokur á báðum endum og eina milliloku. Þá er ýmist hægt að nýta kvína fyrir eitt stórt

skip eða tvö lítil. Einnig er hægt að setja milliloku í kví, sem lokuð er í annan endann, og hugsa sér skip til lengri viðgerðar í innri hlutanum. Hvort tveggja bindur nokkuð notkunarmöguleikana fyrir stór skip.

Viðhald á þurrkví er lítið annað en viðhald á dælum og lokum. Stór kostur umfram flotkví er, að þurrkví er hægt að byggja að mestu úr innlendum efnum, þ. e. steinsteypu.

Dráttarbrautir eru algengar hér, en þó skal lítið eitt rætt um þær. Flestar dráttarbrautir eru með hliðarfærslur, en gallinn er sá, að skip lokast inni. Hægt er að bæta dráttarbrautir mikið með því að forma lóðréttan feril brautarinnar sem hluta úr hring, þannig að þegar upp er komið, hafi hringurinn láréttan sneril, þ. e. dráttarvagn láréttur. Á þeim stað liggur braut þvert á dráttarbrautina og liggur neðar. Á þessari braut er sérstakur hliðarfærsluvagn, sem dráttarvagninn ekur út á. Hliðarfærsluvagninn ekur síðan með dráttarvagn (og skip) að þeim stað, sem skip á að fara. Þá ekur dráttarvagninn út af hliðarfærsluvagninum og stendur þar með skipið. Hliðarfærsluvagninn fer til baka og bíður eftir næsta skipi. Þessi stæði geta verið beggja vegna hliðarfærslubrautarinnar og öll færsla auðveld, því hún fer fram í láréttu plani.

Á þennan máta má færa skip til hliðar við dráttarbrautina, án þess að þau lokist nokkurn tíma inni. Slippur sem þessi gæti líklega tekið á land 3 skip á dag, en sett mun fleiri í sjóinn. Meðalafköst (upp- og niðursetningur) ættu því að vera minnst 2 skip á dag, þ. e. 400 skip á ári.

Dráttarbrautir eru dýrar, ef taka á stór skip, því þá er mikil vinna neðansjávar.

Nauðsynlegt starfslið til að taka skip á land eru 12—16 menn.

Skipalyfta er í grundvallaratriðum láréttur pallur með vagni á, sem sökkt er í sjó, skipið siglir inn á pallinn, síðan er pallinum lyft lóðrétt upp með samstilltum spilum. Þegar lyftan er komin í jarðhæð, ekur vagninn með skipið út á færsluvagn, sbr. lýsingu á dráttarbrautum. Lyftan hefur tvo meginkosti umfram dráttarbraut, þ. e. mjög fljótvirk og þarf fáa starfsmenn (2—3).

Lyftur er unnt að byggja í áföngum, þ. e. lengja eftir þörfum (ef breidd er nægjanleg í upphafi), en munu enn sem komið er ekki hafa verið gerðar fyrir meiri lyftigetu en 6000 þungatonn.

Kostnaðarathuganir.

Til þess að fá hugmyndir um kostnað mismunandi tækja hefur eftirfarandi gagna verið aflað.

Flotkví.

Áætlun um smíði 5000 t. flotkvíar hjá Dockbaugesellschaft MBH í Hamborg 7 millj. DM með krönum og öllum útbúnaði	154 millj. kr.
Áætlun um smíði 4000 t. flotkvíar í Hollandi	126 millj. kr.
Frá Hollandi bárust upplýsingar um verð á notuðum þurrkvíum	
4500 t. byggð 1911	40 millj. kr.
9000 t. byggð 1910/1958	60 millj. kr.


Athuga ber, að í andvirði flotkvíanna er innifalinn allur útbúnaður, þ. e. kranar og þ. h., en í eftirtöldum tilfellum er aðeins um áætlun byggingarmannvirkja að ræða.


Skipalyftur.

Frá Pearlson Engineering Co. USA hefur fengizt tilboð og áætlanir um	
3000 t. lyftu	170 millj. kr.
4000 t. lyftu	205 millj. kr.

Dráttarbraut.

2000 t. lyftigeta	áætluð	80 millj. kr.
3000 t. lyftigeta	áætluð	120 millj. kr.


VIÐEY
KLEPPUR
SUNDAHÖFN I ÁFANGI
SUNDAGARÐAR
SKÝRINGAR:
1 : ÞURRKVÍ
2 : VIÐGERÐABRYGGJA
3 : SKIPALYFTA EÐA DRÁTTARBRAUT
4 : SMIÐJA OG VERKSTÆÐI
5 : LAGER
6 : NÝSMÍÐI OG VIÐGERÐIR
7 : NÝSMÍÐI
8 : SMIÐJUR OG VERKSTÆÐI
9 : ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI
M.kv. 1:5000
0 100 200 300 400 500M


GUFUNESHÖFÐI
GRAFARVOGUR
KLEPPSVÍK
ÁRTÚNSHÖFÐI
DÝPKUN
GELGJUTANGI
ELLIÐAVOGUR
HOLTAVEGUR
KLEPPSMÝRARVEGUR
ELLIÐAVOGUR
REYKJAVÍKURHÖFN
KLEPPSVÍK
ÞURRKVÍ
OG SKIPALYFTA
M.KV. 1:5000
DAGS. JÚNÍ-1969
TEIKN.
NR. 8

Þurrkví.

Fyrir 5000 t. dwt. við venjulegar aðstæður ..... áætluð 100 millj. kr.

Af þessum tölum virðist mega ráða:

1. Skipalyfta kemur ekki til greina, nema full not séu fyrir afkastagetu hennar.
2. Dráttarbraut kemur ekki til greina, því hún verður væntanlega mun dýrari fyrir sömu stærð af skipum, auk þess sem hún er væntanlega mannfrekust í rekstri.
3. Notaðar flotkvíar (og jafnvel nýjar) virðast samkeppnisfærar í verði og þurfa tiltölulega litla aðstöðu til þess að hefja starfsemi. Vandamálið er viðhaldskostnaður. Athugandi væri að kanna, hvort hægt væri að smíða sjálfdokkandi flotkví hér heima.
4. Kostnaðaráætlun þurrkvíarinnar er langóvissust, þar eð aðstöðu verður að kanna vandlega, til þess að unnt sé að gera sæmilega áreiðanlega áætlun. Hin lauslega áætlun gefur til kynna, að þurrkví sé fyllilega samkeppnisfær í stofnkostnaði, auk þess sem viðhaldskostnaður hennar er mun minni en annarra mannvirkja. Skal því nokkuð gerð grein fyrir þeim athugunum, sem gerðar hafa verið.

Könnun á staðsetningu þurrkvíar.

Í athugun Almenna byggingafélagsins frá 1952 var staðsetning þurrkvíar fyrirhuguð í Vatnagörðum. Áður (1945) hafði fyrirtækið Höjgård & Schultz A/S gert áætlun um 6000 t. þurrkví sunnan við Kleppshöfðann. Í hvorugt skiptið lágu neinar teljandi jarðvegskannanir að baki staðarvalinu. Við kannanir vegna Sundahafnar kom í ljós, að berggrunnur í Elliðarárvogi lá mun dýpra en áður var talið, þannig að með dýpkun (dælingu) gæti hann orðið fær stórum skipum. Árin 1962—'63 kannaði dr. Þorleifur Einarsson jarðfræðingur svæðið frá Kleppi að Gelgjutanga með tilliti til staðsetningar þurrkvíar, en skýrsla hans lá fyrst fyrir á þessu sumri.

Einkum er þar athyglisvert, að við kjarnaborun rétt norðan Gelgjutanga er silt- og sandsteinslag, sem virðist algjörlega vatnsþétt. Slík aðstaða gæti gert byggingu þurrkvíar mun ódýrari en áður var áætlað.

Lausleg áætlun við slíkar aðstæður sýnir, að um 30% lækkun frá fyrri áætlun gæti verið að ræða. Það er því brýn nauðsyn að kanna svæði þetta nánar. Hefur Orkumálastofnunin tekið að sér að framkvæma nokkru nánari könnun á landi með jarðsveiflumælingum. Mun kostnaðarsamari verða athuganir, sem nauðsynlegt er að gera neðansjávar.

Viðræður við önnur fyrirtæki.

Stjórn Slippfélagsins í Reykjavík telur sig hafa áhuga á samstarfi um stofnun fyrirtækis, er veitt gæti þjónustu stærri skipum en nú er hægt. Sama afstaða kom fram hjá forstjórum Stálsmiðjunnar, Hamars, Héðins og Landssmiðjunnar, svo og annarra, er mál þetta hefur verið reifað við. Sameiginlegt með þeim öllum er þó, að enginn telur sig hafa fjármagn til nýbygginga.

Hugsanlegur rekstur.

Eðlilegust virðist sú lausn, að fyrirtæki, sem nú reka slippa- skipa- og vélaviðgerðir og nýsmíði, stofnuðu félag til að reka þessa starfsemi. Að því er séð verður, þá er opinbert framlag til stofnkostnaðar nauðsynlegt, og er þá svipuð leið og farin var á Akureyri hugsanleg, þ. e. að Reykjavíkurhöfn eigi þurrkvína og leigi hana síðan félaginu til starfrækslu.

Með því að leggja til grundvallar taxta Deutsche Werft í Hamborg fást eftirfarandi tekjur á ári af allri dokkun þeirra 40 farþega- og flutningaskipa, sem eru í eigu Íslendinga:

Dokkun + stæði 3 d. 1.5 á ári = ...	2.3 millj. kr.
Ef dokkun fiskiskipa jafngilti dokkun 10 togara í 3 daga 2 á ári	0.4 millj. kr.
Aðrar tekjur áætlaðar	0.6 millj. kr.
Alls	3.3 millj. kr.

Rekstrarkostnaður er aðallega vinnulaun, raforka fyrir hitun, lýsingu, krana, dælur og önnur tæki. Viðhald á tækjum og mannvirkjum.

Augljóst er, að áætlaðar rekstrartekjur gera ekki mikið umfram að standa undir kostnaði.

Leiðir til fjármögnunar.

1. Samkvæmt gildandi hafnalögum ætti beint framlag ríkissjóðs, ef þurrkví yrði byggð á vegum hafnarsjóðs, að nema 40% af stofnkostnaði. Þar sem um sérstakt fyrirtæki er að ræða, sem þjónar allri siglingu til landsins, væri ekki óeðlilegt að reikna með 75% ríkisframlagi, svo sem til hafnargarða og dýpkana.
2. Til þess að afla tekna til stofnkostnaðar fyrirtækis, sem óneitanlega leiðir til stóraukins öryggis í siglingum við landið, virðist eðlilegt, næst á eftir framlagi úr ríkissjóði, að leggja gjald á þau skip, sem leita hafnar á Íslandi. Í frumvarpi til hafnalaga, er lagt var fyrir Alþingi 1967, var að finna slíkt ákvæði til tekjuöflunar fyrir Hafnabótasjóð, en það náði þá ekki fram að ganga.

Eðlilegast virðist að leggja gjald á öll skip stærri en 100 br. rúmlestir, t. d. 10 kr. á br. lest, innheimt einu sinni á ári.

Gjaldið skal renna til að greiða stofnkostnað þurrkvíar. Síðar ætti það að renna að hálfu til hafnarsjóðs þeirrar hafnar, er viðkomandi skip er skráð í (íslenzk skip) eða leitar til hafnar í fyrst á árinu (erlend skip), en að hálfu til Hafnabótasjóðs til frjálsrar ráðstöfunar.

Skip í eign landsmanna stærri en 100 br. lestir eru samtals um	126 000 br. l.
Erlend skip, er komu til Reykjavíkur 1968 (aðeins fyrsta ferð talin), voru um	701 000 br. l.
Nokkur skip koma á hafnir úti á landi, en ekki til Reykjavíkur, og má lauslega áætla þau	100 000 br. l.
Samtals	927 000 br. l.

Samkvæmt þessu yrðu árlegar tekjur rúmar 9 millj. kr.

Áætlun til langs tíma.

Ljóst er, að uppbygging slíkrar aðstöðu, sem hér um ræðir, tekur langan tíma og getur haft víðtæk áhrif á rekstur og framtíðaráætlanir fyrirtækja, sem að þessum verkefnum vinna.

Nauðsynlegt virðist því vera að gera langtímaáætlun um uppbygginguna, þar sem tekið verði tillit til nauðsynlegrar aukningar svo og aðlögunartíma, sem fyrirtækjum er nauðsynlegur til þess að breyta eða leggja niður starfsemi á núverandi stað, áður en af uppbyggingu á öðrum stað getur orðið.

Slík rammaáætlun þyrfti að ná yfir 10—20 ár og vinnast í samvinnu við einstök fyrirtæki, til þess að óskir þeirra og hugmyndir um uppbyggingu gætu fallið inn í og framkvæmzt í samræmi við þá áætlun.

Ed. 178. Frumvarp til laga [146. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Karlsstaði í Helgustaðahreppi, Suður-Múlasýslu.

Flm.: Karl G. Sigurbergsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ágúst Jóhannessyni, Háaleiti 5, Keflavík, og systkinum hans eyðijörðina Karlsstaði í Helgustaðahreppi, Suður-Múlasýslu, náist samkomulag um kaupverð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Ágústs Jóhannessonar, Háaleiti 5, Keflavík, og systkina hans.

Jörðin hefur verið í eyði um áratug. Vegasambandslaust er til jarðarinnar nú orðið, en mun hafa verið lélegur akvegur þangað áður, en yfir fjallveg að fara. Jörðin er alveg húsalaus og erfiðlega í sveit sett og mun meðal annars þess vegna hafa lagzt í eyði. Þar hefur borið talsvert á uppblæstri lands á undanförnum árum. Verður að telja harla ólíklegt, að hún byggist aftur.

Systkini þessi eru 11 að tölu, sem hafa fæðzt og alizt upp á þessari jörð. Vilja þau kaupa jörðina af ræktarsemi við sína fæðingarbyggð. Hyggjast þau reyna að dveljast þarna í sumarleyfum með fjölskyldum sínum og vinna þar að heftingu uppblásturs með sáningu og niðursetningu gróðurs, svo sem trjátegunda.

Ágúst hefur beðið um umsögn hreppsnefndar Helgustaðahrepps, en svar hefur ekki borizt enn þaðan, en er væntanlegt og mun verða sent þingnefnd þeirri, sem frumvarpið fær til umsagnar.

Nd. 179. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi 1970.)

1. gr.

Á eftir IX. kafla laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, komi nýr kafli, er verður X. kafli, svo hljóðandi:

X. KAFLI

Nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við Háskóla Íslands skal stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, er lúti sérstakri námsstjórn, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar við þjóðfélagsfræðanámsbrautina, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósenta og lektora og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

Skipan, hlutverk og starfshætti námsstjórnar skal ákveða nánar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar til staðfestingar bráðabirgðalögum, sem út voru gefin hinn 21. ágúst 1970 (nr. 85/1970). Bráðabirgðalögin voru svo hljóðandi:

Bráðabirgðalög

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að nefnd, sem unnið hafi að samningu reglugerðar um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, hafi lagt til, að þjóðfélagsfræðanámið verði sjálfstæð námsbraut við Háskólann, reist á samstarfi milli háskóladeilda, bæði að því er varðar kennslu og yfirstjórn.

Slíkri tilhögun verði hins vegar ekki við komið að óbreyttum lögum, og beri því brýna nauðsyn til að gera breytingu á lögum um Háskóla Íslands, er kveði á um þessa námsskipan. Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Á eftir IX. kafla laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, komi nýr kafli, er verður X. kafli, svo hljóðandi:

X. KAFLI

Nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

41. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, er lúti sérstakri námsstjórn, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar við þjóðfélagsfræðanámsbrautina, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósenta og lektora og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

Skipan, hlutverk og starfshætti námsstjórnar skal ákveða nánar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. ágúst 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 180. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um byggingu iðnskólahúss í Keflavík.

Flm.: Jón Skaftason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á menntamálaráðherra að hraða undirbúningi að byggingu nýs iðnskólahúss í Keflavík fyrir byggðirnar sunnan Hafnarfjarðar í samræmi við óskir sveitarfélaganna á Suðurnesjum til menntamálaráðuneytisins og tryggja jafnframt fjárveitingu í fjárlögum 1971 til þessara framkvæmda. Skal að því stefnt, að skólahúsið verði tilbúið fyrir skólaárið 1972—1973.

Greinargerð.

Iðnskólinn í Keflavík hefur starfað sem síðdegis- og kvöldskóli óslitið frá haustinu 1943. Hefur hann verið til húsa í barnaskólanum í Keflavík, eftir að barnakennslu er lokið hverju sinni.

Samkvæmt lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu, 15. gr., og 62. gr. reglugerðar um iðnfræðslu eiga iðnfræðsluskólar að vera dagskólar. Er því meira en tímabært að ráða bót á ástandi iðnfræðslumála á Suðurnesjum og gera skólanum kleift að starfa sem dagskóla, enda mun iðnskólinn í Keflavík vera sá eini í hópi hinna fjölmennari iðnskóla, sem starfræktur er sem kvöldskóli.

Í 12. gr. laga nr. 68/1966 er gert ráð fyrir, að einn iðnskóli skuli starfræktur í hverju kjördæmi. Þó er gert ráð fyrir, að starfandi iðnskólar með fleiri en 60 nemendum, er lögin tóku gildi, starfi áfram. Iðnskóli Reykjanesumdæmis er fyrirhugaður í Hafnarfirði, en þar sem iðnskóli Keflavíkur hafði fleiri en 60 nemendur við gildistöku nýju iðnfræðslulaganna, verður hann starfræktur áfram, og er mikill áhugi hjá Suðurnesjabúum á því, að nýtt og myndarlegt iðnskólahús rísi í Keflavík sem fyrst.

Nemendafjöldinn í iðnskólanum í Keflavík hefur verið þessi frá gildistöku nýju iðnfræðslulaganna:

Ár 1965/1966	81	nemandi
— 1966/1967	98	nemendur
— 1967/1968	103	—
— 1968/1969	104	—
— 1969/1970	90	—
— 1970/1971	110	—

Nefnd, sem skipuð er fulltrúum sveitarfélaganna á Suðurnesjum, hefur s. l. þrjú ár unnið að undirbúningi þessa máls. Hefur hún rætt málið við ýmsa aðila, þ. á m. menntamálaráðherra, og hefur málið fengið sæmilegar undirtektir, þótt lítið beri á framkvæmdum. Þó er rétt að geta þess, að í september s. l. samþykkti menntamálaráðuneytið, að heimilt væri að ráða skólastjóra og einn fastakennara að skólanum frá byrjun skólaársins 1970—1971 að telja. En betur má, ef duga skal. Vinda þarf bráðan bug að því að teikna væntanlegt skólahús, skipa skólanefnd og ákveða byggingarstað o. s. frv. Það má ekki lengur dragast. Einnig þarf að afla fjárveitingar til greiðslu á stofnkostnaði við skólabygginguna strax á næsta ári, að tilskildu mótframlagi sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Nánar í framsögu.

Ed. 181. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nm. til, að það verði samþykkt. Einn nm. (SvG) var fjarstaddur sökum veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 24. nóv. 1970.

Jón Þorsteinsson, form. Ólafur Björnsson, frsm. Steinþór Gestsson.

Einar Ágústsson, með fyrirvara. Helgi Bergs. Karl Guðjónsson.

Nd. 182. Frumvarp til laga [149. mál]

um áfengisvarnasjóð.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Hlutverk áfengisvarnasjóðs er að styrkja áfengisvarnir, fræðslu um skaðsemi áfengis og bindindisstarf, einkum meðal ungs fólks. Sjóðurinn má styrkja önnur æskulýðssamtök en bindindisfélög, ef þau annast starfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn, og hindra áfengisneyzlu á samkomum sínum.

2. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins greiðir áfengisvarnasjóði árlega framlag, er nemur 3% af hagnaði hennar af áfengissölu næsta ár á undan.

3. gr.

Áfengisvarnaráð ríkisins stjórnar áfengisvarnasjóði og ákveður, hvernig tekjum hans skuli varið.

Kostnaður við störf áfengisvarnaráðunautar, áfengisvarnaráðs og áfengisvarnanefndar skal greiddur úr áfengisvarnasjóði.

Reikningar áfengisvarnasjóðs skulu birtir opinberlega.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en segja þurfi, að áfengisneyzla fer nú mjög vaxandi í landinu, einkum meðal ungs fólks. Óþarft á að vera að ræða það, hve mikil hætta er hér á ferðum.

Margar ástæður valda því að sjálfsögðu, að áfengisneyzlan eykst. Tvímælalaust er þó, að ríkisvaldið á ekki minnstu sökina. Dregið hefur verið úr hömlum gegn áfengissölu, t. d. með fjölgun vínsöluhúsa.

Um það má vitanlega deila, hve heppilegar séu strangar áfengishömlur eða hvort unnt sé að framkvæma þær, meðan aðrar reglur gilda í nágrannalöndum okkar. Hitt er hins vegar augljóst, að það er hættulegt, eins og líka er komið á daginn, að slaka á hömlunum án þess að gera jafnhliða ráðstafanir til að vega á móti, t. d. með aukinni fræðslu og bindindisstarfi.

Áhrifamesta vopnið gegn áfengisneyzlunni er tvímælalaust eindregið og vakandi almenningsálit, er byggir afstöðu sína á hleypidómalausum forsendum og glöggum rökum. Það er skylda ríkisvaldsins að efla og styrkja slíkt almenningsálit með aukinni bindindisfræðslu og auknu bindindisstarfi. Alveg sérstaklega er áríðandi, að slíkt álit skapist meðal hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Þetta var ljóst þeirri nefnd, sem vann að undirbúningi áfengislaganna frá 1954, en hana skipuðu: Gústaf A. Jónasson ráðuneytisstjóri, Brynleifur Tobíasson áfengisvarnaráðunautur, Jóhann G. Möller forstjóri, Ólafur Jóhannesson prófessor og Pétur Daníelsson hótelstjóri. Nefndin lagði til, að nokkuð yrði dregið úr ýmsum áfengishömlum, m. a. í sambandi við veitingahús, en það kæmi svo á móti, að bindindisfræðsla yrði stórlega aukin og nægilegt fjármagn tryggt til þeirrar starfsemi. Í frv. nefndarinnar var lagt til, að stofnaður skyldi sérstakur áfengisvarnasjóður, er styrkti áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu, og skyldu árlega renna í hann 3% af hagnaði áfengisverzlunar ríkisins. Illu heilli felldi Alþingi þetta ákvæði úr frv. nefndarinnar. Niðurstaðan við afgreiðslu áfengislaganna frá 1954 varð því sú, að dregið var úr áfengishömlum, en bindindisfræðsla skyldi aukin, en ekki tryggt neitt fjármagn til að tryggja hana. Ákvæði áfengislaganna frá 1954 um bindindisfræðslu í skólum og aðra bindindisstarfsemi hafa því að mestu orðið dauður bókstafur. Fé til starfseminnar hefur skort.

Það er af þessum ástæðum, sem hér er tekin upp tillaga nefndarinnar, sem undirbjó áfengislögin 1954, um stofnun sérstaks áfengisvarnasjóðs. Ef farið hefði verið eftir þessari tillögu nefndarinnar, hefði áfengisvarnasjóður haft um 15 millj. kr. til ráðstöfunar á s. l. ári, eða um 10 millj. kr. meira en þá var veitt úr ríkissjóði til bindindisstarfsemi. Þessi fjárráð áfengisvarnasjóðs mundu sízt vera of mikil, þar sem honum er ekki aðeins ætlað að styrkja hina beinu bindindisfræðslu og bindindisstarfsemi, heldur einnig ýmsa æskulýðsstarfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn.

Það má öllum vera ljóst, að ekki má horfa aðgerðalaust á hina vaxandi áfengisneyzlu í landinu og hið mikla böl, sem af henni hlýzt. Það verður að hefja raunhæfa sókn gegn þessum háska. Slíkt verður helzt gert með aukinni bindindisfræðslu og auknu bindindisstarfi. Þess vegna ætti að mega vænta þess, að tillögunni um áfengisvarnasjóð verði nú vel tekið.

Sþ. 183. Þingsályktun [26. mál]

um ráðstafanir til varnar gegn mengun.

(Afgreidd frá Sþ. 24. nóv.)

Samhljóða þskj. 26.

Sþ. 184. Þingsályktun [27. mál]

um athugun á framkvæmd skoðanakannana.

(Afgreidd frá Sþ. 24. nóv.)

Samhljóða þskj. 27.

Ed. 185. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Við afgreiðslu málsins voru fjarstaddir Helgi Bergs og Björn Jónsson.

Alþingi, 24. nóv. 1970.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Axel Jónsson.
Ásgeir Bjarnason. Ólafur Björnsson.

Ed. 186. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Við afgreiðslu málsins voru fjarstaddir Helgi Bergs og Björn Jónsson.

Alþingi, 24. nóv. 1970.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Axel Jónsson.
Ásgeir Bjarnason. Ólafur Björnsson.

Ed. 187. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess óbreytts. Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Helgi Bergs og Björn Jónsson.

Alþingi, 24. nóv. 1970.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Axel Jónsson.
Ásgeir Bjarnason. Ólafur Björnsson.

Nd. 188. Frumvarp til laga [150. mál]

um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara skulu gilda eftirtalin sérákvæði um mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu:

a. Óheimilt skal að reisa þar mannvirki önnur en þau, er eðlileg mega teljast í sambandi við búskap á lögbýlum, án leyfis náttúruverndarráðs.
b. Hvers kyns jarðrask og efnistaka, sem kynni að raska hinum upprunalega svip landsins, skal og óheimil á hinu umrædda svæði án leyfis náttúruverndarráðs.
c. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og fallvatna á umræddu svæði svo og hvers kyns breytingar eða truflanir á rennsli fallvatna skulu óheimilar án samþykkis náttúruverndarráðs.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. skulu þó hvorki taka til vatnasviðs Reykjadalsár ofan Vestmannsvatns — þó að undanskildu Másvatni og Máslæk — né vatnasviðs Mýrarkvíslar ofan Núpeyrar.

3. gr.

Í sambandi við afgreiðslu þeirra mála, sem um ræðir í 1. gr., skal náttúruverndarráð jafnan leita umsagnar hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar, sveitarstjórna og sýslunefndar. Fallist þessir aðilar ekki á úrskurð náttúruverndarráðs, skal menntamálaráðuneytið skera úr, hvort úrskurður ráðsins skuli ná fram að ganga.

Nú ber aðili fram kröfu um skaðabætur vegna úrskurðar náttúruverndarráðs, og skal þá ráðið leita samþykkis menntamálaráðuneytis um greiðslu bóta, ef samkomulag næst ekki með öðrum hætti við kröfuhafa.

4. gr.

Í samráði við sveitarstjórn Mývatnssveitar getur náttúruverndarráð bannað umferð óviðkomandi manna um tiltekin svæði í sveitinni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október ár hvert. Einnig skal heimilt að takmarka ónauðsynlega umferð um vatnið á sama tímabili.

Í samráði við sveitarstjórn Mývatnssveitar og veiðimálastjóra skal náttúruverndarráð leitast við að ná samkomulagi um takmörkun og tilhögun netaveiða í Mývatni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Um efnisatriði þessarar greinar, svo og fleira, er lýtur að verndun fugls og fisks í Mývatnssveit, getur menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum náttúruverndarráðs, sett nánari ákvæði með reglugerð, þar sem einnig skulu vera ákvæði um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun vatns af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands hafa forgöngu um, að sem fyrst verði komið upp rannsóknarstöð við Mývatn, sem hafi það hlutverk með höndum að vinna skipulega að almennum undirstöðurannsóknum á náttúrufari Mývatns og Laxár og aðliggjandi landsvæða. Skal fyrirkomulag væntanlegrar rannsóknarstöðvar miðað við það, að þar geti einnig farið fram námskeið og æfingar fyrir háskólanema í náttúrufræði.

Heimilt skal að þiggja fé frá erlendum aðilum, stofnunum eða samtökum til að reisa og reka hina fyrirhuguðu rannsóknarstöð, enda verði stöðin undir íslenzkri

stjórn, þótt hlutaðeigandi aðilar erlendir fái þar skilyrðisbundna aðstöðu til rannsókna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðastliðinn vetur sendi náttúruverndarráð menntamálanefnd frv. þetta, og flutti nefndin það, en það varð ekki útrætt. Nú hafa nefndinni borizt áskoranir um að flytja frv. að nýju, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim. Nefndinni hafa borizt nokkrar breytingartillögur við frv., og telur hún rétt að athuga þær, er hún fjallar á ný um frv. eftir 1. umr.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er flutt vegna óvenjulegrar sérstöðu þess vatnakerfis, sem Mývatn og Laxá eru hlutar af. Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði er þetta vatnakerfi einstætt um gróður og dýralíf. Fjölbreytni og gróska náttúrunnar er þar meiri en dæmi eru til annars staðar hérlendis, og náttúrufegurð er þar víða við brugðið. Þau sérkenni, sem hér hafa verið talin, eiga ekki aðeins við um vatnakerfið sjálft, þ. e. Mývatn og Laxá, heldur einnig um landsvæði þau, sem að því liggja.

Mývatn og Mývatnssveit hafa þegar hlotið heimsfrægð vegna náttúruauðlegðar og náttúrufegurðar, enda laðar svæðið til sín mikinn fjölda erlendra fræðimanna og náttúruskoðara, og fara heimsóknir þeirra sívaxandi. En efri hluti Laxár er ekki síður merkilegur frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, og náttúrufegurð er þar víða sízt minni en við Mývatn sjálft. Áin fellur þar fram í hvítfreyðandi strengjum milli grænna bakka og hraunhólma, sem eru vaxnir víði og hvönn. Á þessum kafla Laxár eru líka aðalheimkynni straumandar og húsandar, a. m. k. á vissum tímum árs, en báðar þessar andategundir finnast ekki í Evrópu utan Íslands. Hins vegar er neðri hluti Laxár einhver frægasta og fegursta laxveiðiá Íslands.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má öllum vera ljóst, að hér er um stórt svæði að ræða, sem brýna nauðsyn ber til að vernda fyrir hvers kyns náttúruspjöllum. Það virðist því ekki orka tvímælis, að það sé fyllilega réttlætanlegt og tímabært að setja sérstök lög um takmarkaða náttúruvernd á þessu svæði, þótt hefðbundnir atvinnuvegir haldist þar áfram, svo sem verið hefur.

Ef framsýni og skilnings á þeim sérstæðu náttúruverðmætum, sem hér er um að ræða, hefði gætt hjá þeim aðilum, sem réðu því á sínum tíma, að hafizt var handa um virkjun Laxár til raforkuvinnslu, hefði væntanlega aldrei til þess komið, að í slíkt hefði verið ráðizt. En þessu er því miður ekki að heilsa. Á liðnum árum hefur verið vegið að Mývatni og Laxá á ýmsa vegu. Raforkuver hefur verið reist í Laxárgljúfrum hjá Brúum, stíflur hafa verið gerðar í útfallskvíslum Laxár úr Mývatni, en með þeim framkvæmdum hafa hin lífrænu tengsl milli ár og vatns verið rofin að verulegu leyti. Þá má og nefna byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem óefað á eftir að hafa margvísleg áhrif á Mývatn og umhverfi þess, þó að framkvæmdum í sambandi við byggingu þess fyrirtækis hafi í mörgum tilvikum verið hagað í samræmi við óskir náttúruverndarráðs.

Þá hafa og innansveitarmenn ekki ávallt sýnt nægilegan skilning á gildi náttúruverndar. Má í því sambandi benda á byggingu stórs sumarbústaðar eða öllu heldur sumarhallar við Sandvatn, en bæði sveitarstjórn Mývatnssveitar og náttúruverndarnefnd Suður-Þingeyjarsýslu veittu samþykki sitt til þessarar framkvæmdar, en hins vegar synjaði skipulagsstjórn ríkisins um leyfi til byggingarinnar. Eigi að síður var hafizt handa um byggingu bústaðarins, og verður ekki betur séð en heimild til þess hafi verið mjög vafasöm, því að þá þegar var öll Mývatnssveit orðin skipulagsskyld.

Um þessa neikvæðu hlið málsins skal ekki fjölyrt hér, því að um orðna hluti þýðir ekki að fást. Aðalatriðið er, að nú sé spyrnt við fótum og komið í veg fyrir frekari náttúruspjöll á vatnasviði Mývatns og Laxár, en það er einmitt tilgangurinn með þessu lagafrumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Orðið vatnasvið er notað hér í sömu merkingu og það hefur verið notað af Vatnamælingum Orkustofnunar (sbr. skilagrein nr. 6902 um vatnasvið Íslands). Um sama hugtak hafa einnig verið notuð orðin vatnasvæði, úrkomusvæði og fleiri orð af því tagi, en þau eru öll óljósari og geta orkað tvímælis.

Greinin ber þess glöggt vitni, að hér er ekki gert ráð fyrir skilyrðislausu banni við mannvirkjagerð né efnistöku á umræddu svæði. Hér er miklu fremur um það að ræða, hvar og hvernig skuli heimilt að vinna að slíkum framkvæmdum. Má segja, að nú séu síðustu forvöð að koma á föstum reglum um það efni, sem fara megi eftir í framtíðinni. Sama máli gegnir um breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna svo og truflanir á rennsli fallvatna.

Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði er svæði það, sem hér um ræðir, svo einstakt í sinni röð, að höfuðnauðsyn ber til þess að varðveita það um aldur og ævi í sinni upprunalegu mynd. En það mun aldrei takast, nema nú þegar séu reistar skorður við því, að þar verði unnin náttúruspjöll, sem eigi verði unnt að bæta úr síðar.

Um 2. gr.

Ekki virðist bein ástæða til þess að láta ákvæði 1. gr. taka til vatnasviðs Reykjadalsár ofan Vestmannsvatns, þótt það svæði sé hluti af vatnasvæði Laxár. Og sama máli gegnir einnig um vatnasvið Mýrarkvíslar ofan Núpeyrar. Hins vegar er tvímælalaust æskilegt, að ákvæði 1. gr. taki til Másvatns og Máslækjar, sem að vísu fellur í Reykjadalsá. En það er mjög hagkvæmt að eiga völ á vatni eins og Másvatni á næstu grösum við Mývatn, þegar að því kemur að hefja skipulegar rannsóknir á hýdrógrafíu og líffræði Mývatns, sem væntanlega verður á sumri komanda. En sannleikurinn er sá, að Másvatn er allt önnur gerð stöðuvatns en Mývatn, og því er nauðsynlegt að varðveita það ósnortið, svo að hægt sé að nota það til samanburðarrannsókna.

Það orkar ekki tvímælis, að nauðsynlegt sé að láta ákvæði 1. gr. ná til allrar Laxár frá upptökum til ósa. Mývatn og Laxá eru hlutar af sama vatnakerfi, og lífsskilyrði í Laxá eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til hinnar miklu lífsuppsprettu í Mývatni. Þá má einnig benda á, að bæði fiskur (urriði) og fugl fara í tímabundnar göngur milli ár og vatns. T. d. leita húsendur og raunar fleiri endur með unga sína niður á Laxá, þegar á sumarið líður. En þessi samgangur milli vatns og ár hefur nú þegar verið rofinn að nokkru leyti með stíflum í upptakakvíslum Laxár í Mývatni.

Þá má að lokum benda á, að ákvæði 1. gr. verða óhjákvæmilega einnig að ná til Krákár, en árleg vorflóð hennar flæða að jafnaði yfir hinar svonefndu Framengjar, suður af Mývatni, og eru undirstaða hins fjölbreytta og sérkennilega gróðurs og dýralífs, sem þar dafnar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Vegna sívaxandi ferðamannastraums í Mývatnssveit hafa tilteknir aðilar í sveitinni þegar farið þess á leit við náttúruverndarráð, að umferð óviðkomandi manna verði bönnuð um nánar tilgreind svæði í sveitinni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október ár hvert. Þetta er mjög eðlileg ósk, en það þarf nánari athugunar við, hvaða svæði komi hér til greina og hvernig slíku umferðarbanni verði við komið. Engum blandast heldur hugur um, að nauðsynlegt sé að takmarka ónauðsynlega umferð um vatnið á

sama tímabili, og ferðir hraðbáta um vatnið ætti að banna með öllu. Um Kálfastrandarvoga ættu að gilda þau sérákvæði, að þar sé óheimilt að fara um á vélknúnum bátum.

Í 4. gr. er lítillega minnzt á silungsveiðar í lagnet í Mývatni á sumrin, en þær valda, eins og kunnugt er, allmiklum fugladauða. Einkum hefur þetta ágerzt eftir að vélknúnir bátar komu til sögunnar og með stórauknum netakosti. Sumarið 1960 kannaði Arnþór Garðarsson þetta mál allrækilega fyrir hönd náttúruverndarráðs, og er hér stuðzt við niðurstöður hans, sbr. grein hans um fugladauða af völdum neta í Mývatni (Náttúrufr. 31. árg., 1961, bls. 145—168).

Arnþór komst að þeirri niðurstöðu, að sumarið 1960 hafi heildarlengd neta í Mývatni að meðaltali verið um 8 km, og gizkar hann á, að það sumar hafi alls veiðzt um 1000 fuglar í net í Mývatni á 2 mánuðum (júlí—ágúst). Athuganir Arnþórs leiddu enn fremur í ljós, að fugladauði í netum bitnaði einkum á 2 tegundum, hrafnsönd og hávellu, sem mjög hefur fækkað á Mývatni á síðari árum. Einnig kom tiltölulega mikið af flórgoða í net, án þess að þeirri tegund hafi fækkað að sama skapi. Einnig veiddist mikið af duggöndum í net, án þess að þar sjáist högg á vatni sökum þess, hve algeng sú tegund er.

Nú verður vart hjá því komizt að leyfa netaveiði í Mývatni á sumrin, en með hliðsjón af niðurstöðum og ábendingum Arnþórs Garðarssonar má gera ráð fyrir, að hægt sé að draga verulega úr fugladauðanum, án þess að það þurfi að bitna á silungsveiðinni. Um þetta efni þyrfti að setja nánari ákvæði í reglugerð, sem og ýmis fleiri efnisatriði 4. gr. Eitt þeirra eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun vatns í Mývatni og Laxá af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna. Þetta er vandamál, sem krefst bráðrar lausnar, því að hér er mikið í húfi.

Um 5. gr.

Ýmsir erlendir aðilar, sem heimsótt hafa Ísland, hafa bent á nauðsyn þess, að komið verði upp rannsóknarstöð við Mývatn. Þetta mál hefur lengi verið á döfinni hjá náttúruverndarráði, en sá dráttur, sem orðið hefur á málinu, stafar einkum af því, að enn hefur ekki tekizt að fá viðunandi land undir slíka stöð í Mývatnssveit. Náttúruverndarráð er þeirrar skoðunar, að slík rannsóknarstöð eigi að vera undir íslenzkri stjórn, þótt erlendir fræðimenn fái þar skilyrðisbundna aðstöðu til rannsókna. Nú ber allt að sama brunni um það, að þessu nauðsynjamáli verði ekki öllu lengur skotið á frest. Háskólakennsla í náttúrufræði er nú þegar hafin, og í sambandi við þá kennslu verður að krefjast aðstöðu, sem aðeins slík stöð hefur upp á að bjóða.

Vegna sérstöðu Mývatns í Norður-Evrópu má teljast öruggt, að allríflegt erlent fjármagn muni fást til að reisa slíka stöð og til að búa hana tækjum og jafnvel einnig til rekstrar hennar, ef erlendir fræðimenn fá þar aðstöðu til rannsókna.

Sþ. 189. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um viðgerðaþjónustu sjónvarps.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hlutast til um, að Sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins skipuleggi viðgerðaþjónustu úti um landsbyggðina.

Greinargerð.

Þegar starfsemi íslenzka sjónvarpsins hófst, voru haldin námskeið, þar sem útvarpsvirkjum gafst kostur á að læra sjónvarpsviðgerðir. Þetta var þörf ráðstöfun. Hins vegar hefur ekki orðið neitt áframhald á þessu, og útvarpsvirkjar þeir, sem

þátt tóku í þessum námskeiðum, starfa nær allir á Reykjavíkursvæðinu. Annars staðar eru þeir óvíða tiltækir, þegar bilanir verða á viðtækjum. Jafnvel þó að þær séu aðeins smávægilegar, eiga sjónvarpsnotendur úti á landsbyggðinni yfirleitt einskis annars völ en að senda þau — oft langar leiðir með ærnum kostnaði — til Reykjavíkur eða á einhvern annan þeirra sárafáu staða, þar sem starfandi eru sjónvarpsviðgerðamenn.

Úr þessu verður að bæta. Ein leiðin til þess gæti verið sú að gera út bíla, sem færu reglubundnar ferðir um landið með nauðsynleg tæki til sjónvarpsviðgerða og menn, sem til slíkra verka kunna. Sjálfsagt er líka, að aftur verði upp tekið það námskeiðahald, sem efnt var til á fyrsta skeiði sjónvarpsins. Sömuleiðis ætti að gefa fólki kost á aðgengilegum leiðbeiningaritum um sjónvarpsviðtæki. Þessi tæki eru svo flókin, að öllum almenningi er ofviða að ráða í leyndardóma þeirra, og margir eiga jafnvel í erfiðleikum með að finna á þeim þær stillingar, sem réttastar eru og tryggja bezt móttökuskilyrði.

Tillagan gerir ráð fyrir, að Sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins skipuleggi þessa þjónustu. Þeirri stofnun er málið skyldast.

Sþ. 190. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um rannsókn á fiskverði á Íslandi og í Noregi.

Flm.: Jón Skaftason, Helgi Bergs, Björn Pálsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka í samráði við fulltrúa fiskseljenda og fiskkaupenda, í hverju mismunurinn á fiskverði hér og í Noregi liggur.

Skal rannsókn þessi m. a. beinast að:

a) samanburði á aðstöðu íslenzks fiskiðnaðar við hinn norska, að því er tekur til opinberra álaga, ríkisstyrkja, tækniþróunar, lánakjara og lánsmöguleika, markaðsaðstöðu o. fl.,
b) mati á gæðum vinnsluhráefnis íslenzks og norsks fiskiðnaðar.

Greinargerð.

Fiskverðið hefur lengi verið deiluefni á Íslandi og verður vafalítið svo framvegis. Fiskseljendur hafa talið sig fá of lítið fyrir aflann, en fiskkaupendur telja sig oft greiða umfram getu.

Þessi andstæðu sjónarmið hafa birzt greinilega við verðákvarðanir í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, þar sem sjaldnast hefur náðst samkomulag milli fulltrúa fiskseljenda og fiskkaupenda og verðákvörðunin byggzt á afstöðu hins hlutlausa oddamanns, sem ýmist hefur greitt atkvæði með fulltrúum fiskseljenda eða fiskkaupenda.

Ekkert vafamál er, að bæta þarf nú kjör sjómanna verulega til samræmis við kjarabætur launþega í landi. Telja sumir 20—25% fiskverðshækkun nauðsynlega í því skyni. En þolir greiðslugeta útvegsmanna og fiskkaupenda það?

Ofsaverðbólgan, sem hér hefur flætt yfir að undanförnu, hefur ekki sízt skilið eftir spor í afkomugrundvelli sjávarútvegsins. Þannig hefur olíukostnaður flotans hækkað á einu ári um 30—40%, viðhaldskostnaður um 40%, kauptrygging um 22%, og stórauknar eru iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði. Hækkun fiskverðs til þess að mæta þessum rekstrarkostnaðarhækkunum bátanna eru enn langt á eftir og sitt sýnist hverjum um fjárhagsgetu fiskkaupenda til þess að mæta þessum rekstrarkostnaðarhækkunum með hærra fiskverði. Ljóst er, að fái sjómenn ekki tilsvarandi kjarabætur og launþegar í landi hafa fengið, þá verður flotinn ekki mannaður.

Fiskverðið ræður mestu um kjör sjómanna, því að kaup þeirra miðast við það. Hafa sjómenn og útvegsmenn iðulega gagnrýnt langt um lægra fiskverð hérlendis en t. d. í Noregi.

Eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið um fiskverð hér og í Noregi, þá líta dæmin þannig út:

Noregur.

Lágmarksverð verðlagstímabilið 19/10 1970 til 24/1 1971. Innifalið í verðinu eru 20 norskir aurar pr. kg í ríkisstyrk (stimuleringstillegg) og 10 norskir aurar pr. kg í ríkisstyrk (vanskelighetstillegg), þ. e. stuðningur við fiskimenn til úthalds á erfiðum útgerðartímabilum:

I.	Nýr þorskur yfir 58 cm í frystingu, söltun o. þ. h.	pr. kg n. kr.	1.65
II. a.	Nýr þorskur 43—58 cm í frystingu	— — - - —	1.55
b.	Nýr þorskur 43—58 cm í salt	— — - - —	1.45
III.	Ný ýsa í frystingu	— — - - —	1.75

Ef reiknað er með 12 ísl. kr. til hagræðis í 1 norskri kr., sést, að fiskverðið norska, með ríkisstyrk talið, er á þessum fisktegundum frá ísl. kr. 17.40 pr. kg í 21.00 kr. pr. kg.

Ísland.

Gildandi lágmarksverð nú:

I. a.	Nýr þorskur yfir 57 cm slægður með haus (1. flokkur) ..	pr. kg kr.	7.70
b.	Nýr þorskur yfir 57 cm óslægður með haus (1. flokkur)	— — —	6.35
II. a.	Nýr þorskur yfir 57 cm slægður með haus (2. flokkur)	— — —	6.40
b.	Nýr þorskur yfir 57 cm óslægður með haus (2. flokkur)	— — —	5.30
III. a.	Ný ýsa yfir 50 cm slægð með haus (1. flokkur)	— — —	9.05
b.	Ný ýsa yfir 50 cm óslægð með haus (1. flokkur)	— — —	7.50
IV. a.	Ný ýsa yfir 50 cm slægð með haus (2. flokkur)	— — —	7.55
b.	Ný ýsa yfir 50 cm óslægð með haus (2. flokkur)	— — —	6.25

Af þessum samanburði sést, að fiskverðsmunurinn hér og í Noregi er mjög mikill. Sá mismunur er vafalaust af mörgum og mismunandi ástæðum, sem rannsóknin á að gefa upplýsingar um, svo að hægt sé að bera fiskverðið saman í þessum tveim löndum á sambærilegum grundvelli. Að því miðar tillagan. — Nánar í framsögu.

Nd. 191. Frumvarp til laga [153. mál]

um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Benedikt Gröndal.

I. KAFLI

Holl og góð starfsskilyrði á vinnustað.

1. gr.

Húsakynnum vinnustaðar skal ávallt haldið vel hreinum. Atvinnurekanda ber skylda til að sjá um, að hita- og rakastig andrúmslofts sé hæfilegt og loft án ryks, óþefs, reyks, svo og án óheilnæmra lofttegunda eða gufu.

Umferð um vinnustað sé hindrunarlaus og örugg. Lýsing skal vera góð og nægilegt loftrými á vinnustað, hvort tveggja þannig, að heilbrigðiskröfum sé örugglega fullnægt.

Á vinnustað eða í námunda við hann skal ávallt vera heilnæmt og gott drykkjarvatn, einnig nægilegt þvottavatn, svo og hæfileg tala salerna.

Upphituð og vistleg kaffistofa (matstofa) af hæfilegri stærð skal jafnan vera á vinnustað.

Þá skal á vinnustað hverjum vera aðstaða til að veita „hjálp í viðlögum", þegar slys eða sjúkdóma ber að höndum.

Nú fullnægir vinnustaður eigi skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisútbúnað, og er heilbrigðisyfirvöldum og öryggiseftirliti þá heimilt að láta loka vinnustaðnum, ef ekki fæst úr bætt. Starfsmenn skulu í hvívetna gæta reglusemi og vandaðs og góðs hátternis á vinnustað.

II. KAFLI
Vinnutími og vinnutilhögun.

2. gr.

Almennur vinnutími er á tímabilinu kl. 8 til kl. 17. Vinna milli kl. 17 og 20 telst eftirvinna, nema öðruvísi sé ákveðið í stéttarfélagasamningi, og vinna milli kl. 20 og kl. 8 árdegis telst næturvinna, og má þá ekki vinna nema með leyfi viðkomandi stéttarfélags. Nú semur stéttarfélag um skemmri vinnuviku en þessi tímamörk segja til um, og gilda þá ákvæði kjarasamningsins.

3. gr.

Maður, sem lokið hefur 8 stunda vinnudegi, er ekki skyldur til að vinna aukavinnu. Samfelldur hvíldartími verkamanns má aldrei vera skemmri en 9 klst. á sólarhring, og fjöldi yfirvinnu- og næturvinnutíma má aldrei fara fram úr 24 á viku. Sé um ákvæðisvinnu að ræða, má fjöldi yfirvinnu- og næturvinnustunda, eða aukavinnu, ef um vaktavinnu er að ræða, ekki fara fram úr 2 á dag og eigi fram úr 6 á viku. Með samþykki viðkomandi stéttarfélags má þó vinna í ákvæðisvinnu allt að 24 klst. í yfir- og næturvinnu á viku, ef um er að ræða björgun verðmæta frá skemmdum, eða störf, sem almannaheill krefst, að unnin séu.

4. gr.

Stéttarfélag getur þó gert kjarasamning um, að unnið skuli að nóttu til, og einnig má í slíkum samningum ákveða vaktaskipan og setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

5. gr.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld vera frá kl. 15 til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

6. gr.

Um bráðnauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum skal gera samning eða afla undanþágu viðkomandi stéttarfélags.

7. gr.

Vikulegir frídagar skulu jafnan, ef því verður við komið, vera á sunnudegi og mánu- eða laugardegi.

Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

8. gr.

Almennur dagvinnutími starfsmanna má ekki vera lengri en 8 stundir á sólarhring, og er vinnuviku lokið eftir 40 unnar vinnustundir.

9. gr.

Almennt deilist vinnutíminn á 5 daga í viku, en leyfilegt skal þó vera að gera samning við stéttarfélag um aðra vinnutilhögun, ef brýn nauðsyn krefur.

10. gr.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal hin almenna vinnuvika eigi vera lengri en 36 stundir.

11. gr.

Nú er unnið samfellt í námu eða jarðgöngum, og má vinnuvika þá ekki lengri vera en 36 stundir. Til vinnutíma telst einnig ferðatími í námu eða jarðgöngum.

III. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnu kvenna, fæðingarorlof o. fl.

12. gr.

Konu skal vera heimilt að vera fjarverandi frá vinnu allt að þremur mánuðum vegna barnsburðar. Hún getur ákveðið, að fjarveran sé að öllu leyti eða að hluta fyrir eða eftir fæðingu.

13. gr.

Krefjast má vottorðs frá lækni eða ljósmóður um, hvenær fæðing sé væntanleg.

14. gr.

Ef kona sýnir með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem er afleiðing af þungun eða fæðingu, getur hún krafizt að mega vera fjarverandi frá vinnu umfram það, sem áður segir, allt að sex vikum fyrir eða eftir fæðingu.

15. gr.

Konu, sem er fjarverandi frá vinnu samkv. ákvæðum 12.—14. gr., má ekki segja upp starfi, þegar atvinnurekanda er ljóst, að fjarvera hennar er af þessum ástæðum, eða hún tilkynnir honum án tafar, að þessi er ástæðan fyrir fjarveru hennar. Hafi henni þegar verið sagt upp miðað við dag, er fellur innan ramma þess tímabils, sem getið er um í 12. gr., er uppsögnin gild, en uppsagnarfrestur lengist sem tímabilinu nemur.

Hafi vinnuráðning átt sér stað fyrir ákveðna, tímabundna vinnu, skal ákvæði þessarar greinar ekki beitt, þegar vinnunni er lokið, áður en konan mætir aftur til vinnu.

16. gr.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur krafizt frítíma, sem hún þarf vegna þess, og eigi skemur en klukkustund á dag.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga.

17. gr.

a. Barn er skv. lögum þessum sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri.
b. Unglingur er samkvæmt lögum þessum sérhver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

18. gr.

Börn má ekki ráða til innivinnu í vinnustofum, verkstæðum né verksmiðjum, og eigi heldur til vinnu við útskipun eða uppskipun á vörum.

19. gr.

Alger hámarksvinnutími barna er 4—7 stundir á dag.

Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

20. gr.

Unglingar mega ekki annast gæzlu gufukatla eða véla né aðra vinnu, sem útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu.

21. gr.

Börn og unglinga má ekki ráða til neinnar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis er á nokkurn hátt hættuleg heilsu þeirra eða þroska.

22. gr.

Hámarksvinnutími unglinga skal vera 7 klst. á dag án undantekninga. Öll vinna barna og unglinga, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori, er óheimil. Til vinnu í þessu sambandi telst blaðburður, sala blaða og tímarita og sendisveinastörf.

23. gr.

Atvinnurekandi skal halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hann hefur í vinnu, og er skylt að afhenda viðkomandi verkalýðsfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, ef krafizt er.

V. KAFLI

Um greiðslu vinnulauna o. fl.

24. gr.

Vinnulaun skal ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „gíró“. Greiðsla vinnulauna skal fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum.

25. gr.

Hafi verið samið um tíma-, dag- eða vikukaup, skal greiðsla fara fram ekki sjaldnar en einu sinni í viku.

Fyrir ákvæðisvinnu má fresta lokauppgjöri, unz verkefni er lokið, en þó skal í viku hverri greiða hæfilega fyrirframgreiðslu fyrir þá vinnu, sem innt hefur verið af hendi. Annan uppgjörstíma má og ákveða með sérstökum samningi.

Greiðslur til starfsmanna á mánaðar- eða árskaupi skulu fram fara ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef ekki hefur verið um annað samið skriflega.

26. gr.

Engan launafrádrátt má framkvæma án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum eða um sé að ræða stéttarfélagsgjöld, útsvör eða innborganir í tryggingasjóði eða sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Þegar laun eru greidd, eða strax á eftir, getur starfsmaður krafizt skriflegs yfirlits yfir upphæð launa, hvernig þau eru reiknuð, og frádrátt, ef einhver er. Skulu fullnægjandi kvittanir ávallt fylgja um sérhvern launafrádrátt.

VI. KAFLI
Uppsagnarfrestir.

27. gr.

1. Ef um annað er ekki gerður skriflegur samningur, eða um það ákvæði í kjarasamningi, lögum eða reglugerð, gildir eftirfarandi:
   a. Fyrir starfsmenn, sem hafa tíma-, dag-, viku- eða ákvæðiskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en 14 dagar.
   b. Fyrir starfsmenn, sem taka mánaðar- eða árskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en einn mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

   Ákvæði þessi gilda ekki um starfsmenn, sem ráðnir eru til ákveðins reynslutíma eða til þess að framkvæma ákveðna vinnu, sem tímabundin er. Ef við annað verður ekki ráðið af aðstæðum, má rifta slíkri ráðningu, þótt reynslutíma sé ekki lokið, eða áður en hinu ákveðna verki er lokið, með eins dags fyrirvara.
2. Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis, eða atvinnurekanda, eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.
3. Uppsagnarfrestur er hinn sami fyrir báða aðila. Uppsögn skal ávallt vera skrifleg.

28. gr.

Atvinnurekandi er skaðabótaskyldur, ef starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, verður að víkja úr starfi vegna uppsagnar, nema réttmætar ástæður séu tilgreindar fyrir uppsögninni.

Nú hefur starfsmanni verið ólöglega sagt upp starfi skv. 1. málsgrein þessarar greinar, og má þá dæma atvinnurekanda samkvæmt kröfu starfsmanns, sem látið hefur af starfi, til þess að ráða hann aftur til starfa í fyrirtækinu í sömu stöðu, eða stöðu, sem svarar til þeirrar, er hann hafði. Dómstólar ákveða, að hve miklu leyti starfsmaðurinn skuli einnig fá bætur fyrir þann tíma, sem hann var sviptur starfi hjá fyrirtækinu.

Bætur geta numið allt að hálfum síðustu árslaunum starfsmannsins hjá fyrirtækinu, ef hann hefur starfað þar eigi skemur en 5 ár samfleytt.

Hafi starfsmaður starfað hjá fyrirtækinu eigi skemur en 10 ár samfleytt eftir 21 árs aldur, geta bætur þó numið launum síðasta árs hjá fyrirtækinu. Hafi starfsmaður á sama hátt starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár, geta bætur numið launum starfsmannsins hjá fyrirtækinu undanfarin 3 ár.

Mál gegn atvinnurekanda skal höfða innan tveggja mánaða frá móttöku skriflegrar uppsagnar, þar sem tilgreindur er málsóknarfrestur. Ef uppsögn er einungis munnleg, skal málsóknarfrestur vera 3 mánuðir.

29. gr.

1. Starfsmanni, sem starfað hefur full tvö ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, og verður að vera fjarverandi vegna slyss eða sjúkdóms, má ekki segja upp starfi af þeim sökum fyrstu 3 mánuði, eftir að hann varð óvinnufær, nema hann hafi slasazt eða sýkzt af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, eða hann hafi vísvitandi þagað yfir sjúkdómi, þegar hann var ráðinn.
2. Hafi starfsmaður starfað eigi skemur en 10 ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda, skal uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári samfleytt.

30. gr.

Nú hefur dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slyss eða sjúkdóms, og ber atvinnurekanda þá að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, e. t. v. að lokinni nauðsynlegri þjálfun.

VII. KAFLI
Refsiákvæði.

31. gr.

Liggi ekki við strangari refsingar samkvæmt almennum hegningarlögum, skal atvinnurekandi, eða eigandi fyrirtækis, sæta sektum, ef hann:

1. Brýtur ákvæði laganna um tryggingu heilbrigðra og öruggra vinnuskilyrða.
2. Brýtur ákvæði laganna eða fyrirmæli um nætur-, sunnu- eða helgidagavinnu, eða brýtur reglur um lengd vinnutíma eða um hvíldartíma eða sérvernd kvenna, barna og unglinga.
3. Lætur hjá líða að birta fyrirskipaðar tilkynningar eða halda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í lögunum.
4. Brýtur ákvæði um uppsagnarfresti, greiðslu vinnulauna, uppgjör við starfsmenn, eða gerist sekur um brot á öðrum ákvæðum laga þessara.

32. gr.

Foreldrar og aðstandendur, er láta börn framkvæma vinnu, sem brýtur í bág við lög þessi, skulu sæta sektum.

33. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal almennt farið að hætti opinberra mála.

34. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laganna, eftir því sem ástæða þykir til.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá öll eldri lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt, jafnframt úr gildi fallin.

Greinargerð.

Frumvarp að mestu samhljóða þessu hefur verið flutt fimm sinnum áður, en eigi orðið útrætt. Því hefur fylgt greinargerð, sem að meginmáli hefur verið á þessa leið:

Engin almenn vinnuverndarlöggjöf er til hér á landi, en með sívaxandi fjölbreytni atvinnuhátta er orðið bráðnauðsynlegt, að slík löggjöf verði sett. Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952 grípa að vísu inn á þetta svið, en eru allt of takmörkuð. Þá fjalla lögin um greiðslu verkkaups frá 19. maí 1930 einnig um sama efni og V. kafli þessa frumvarps. En að öðru leyti er frumvarp þetta að mestu frumsmíð í íslenzkri löggjöf, enda er við samningu þess höfð allnáin hliðsjón af almennri vinnuverndarlöggjöf nágrannalandanna. — Skal það fúslega játað, að margt getur orkað tvímælis í slíkri löggjöf, og eru flutningsmenn þá að sjálfsögðu til viðræðu um hugsanlegar breytingar á sérhverju því í frumvarpinu, sem betur mætti fara.

Um I. kafla.

Frumvarpið er í átta köflum. Fyrsti kaflinn er um holl og góð vinnuskilyrði á vinnustað. Í honum er ekki að neinu ráði fjallað um öryggisbúnað vinnustaðar, þar sem þeirri hlið málsins eru gerð allgóð skil í gildandi lögum, þ. e. lögunum frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Skýlaust ákvæði er í þessum kafla um, að loka megi vinnustað, ef hann fullnægi ekki skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisbúnað.

Um II. kafla.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um vinnutíma og hvíldartíma.

Þó að 8 stunda vinnudagur sé fyrir löngu viðurkenndur hér á landi með samningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, eru engin ákvæði til í gildandi lögum um 8 stunda vinnudag. 8 stunda vinnudagurinn hefur þannig ekki enn þá verið lögfestur hér á landi. Það mundi hins vegar gert, ef frumvarp þetta yrði að lögum. Þá er í frv. ákveðin almenn 40 stunda vinnuvika á 5 dögum.

Í 2 gr. segir, að almennur vinnudagur skuli vera frá kl. 8 árdegis til kl. 17, og er þá gert ráð fyrir einnar stundar miðdegishvíld.

Í 3. gr. segir, að maður, sem lokið hafi 8 stunda vinnudegi, sé engum skyldum háður um að bæta á sig aukavinnu. Í sömu grein segir, að samfelldur lágmarkshvíldartími fullorðins verkamanns skuli eigi skemmri vera en 9 klst. á sólarhring. Allströng ákvæði eru í þessari grein um aukavinnu, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða.

Stéttarfélagi er heimilað í 4. gr. að semja um framkvæmd vinnu að nóttu til og um vaktaskipan, ef nauðsyn krefst, svo og að setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag. Nokkru strangari ákvæði eru þó um vinnuhættur fyrir stórhátíðir. Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld hefjast kl. 15. Með sama hætti skulu aðrir vikulegir frídagar vera laugardagar eða mánudagar, svo að hvíldartímabil verði samfellt og notist betur.

Ef því verður með nokkru móti við komið, skal vikulegur frídagur ávallt vera sunnudagur. Þó má frá þessu víkja, vegna bráðnauðsynlegrar vinnu á sunnu- og helgidögum, ef um það takast samningar við viðkomandi stéttarfélag. Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, svo og námuvinnu, skal vinnuvikan eigi vera lengri en 36 stundir.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru konu tryggð þau réttindi að mega vera fjarverandi frá vinnu allt að þremur mánuðum vegna barnsburðar, og getur hún ákveðið, að fjarveran sé að öllu leyti eða að hluta fyrir eða eftir fæðingu.

Atvinnurekandi getur krafizt vottorðs frá lækni eða ljósmóður um, hvenær fæðing sé væntanleg.

Nú sannar kona með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem sé afleiðing af þungun eða fæðingu, og getur hún þá krafizt að mega vera frá vinnu allt að sex vikum í viðbót, án þess að vistráðning eða réttur til launagreiðslu rofni.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur samkvæmt þessum kafla frumvarpsins um vinnuvernd kvenna krafizt þess að fá nauðsynlegan frítíma til þess, allt að klukkustund á dag.

Um IV. kafla.

Í 17.—23. gr. frumvarpsins eru ýmis sérákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Barn er samkvæmt frumvarpinu sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri. Unglingur er hver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

Við því er lagt bann í 18. gr. frumvarpsins, að börn innan 12 ára aldurs stundi innivinnu í vinnustofum, verkstæðum og verksmiðjum, svo og út- og uppskipunarvinnu. Skal skólayfirlæknir yfirleitt hafa úrskurðarvald í slíkum málum.

Alger hámarksvinnutími barna er 4—7 stundir á dag. En jafnan skulu tveir vinnuhópar barna annast átta stunda vinnutímabil til móts við fullorðna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna einnig tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Bannað er með öllu að fela börnum gæzlu gufukatla eða véla, ef gæzlan útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu. — Þá er óheimilt með öllu að ráða börn til nokkurrar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis getur á nokkurn hátt talizt hættuleg heilsu barna eða þroska.

Alger hámarksvinnutími unglinga er 7 klukkustundir.

Bönnuð er öll barnavinna og unglingavinna frá því að skólaganga hefst að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Samkvæmt þessum kafla frumvarpsins er atvinnurekendum skylt að halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hjá þeim vinna. Einnig er atvinnurekendum skylt að afhenda viðkomandi stéttarfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, hvenær sem krafizt er.

Um V. kafla.

Fimmti kafli frumvarpsins fjallar um greiðslu vinnulauna og ýmislegt það, sem tryggja skal rétt launþega í þeim efnum umfram það, sem gert er í gildandi lögum frá 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Þar segir, að vinnulaun skuli ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „gíró". Greiðsla vinnulauna skal að sjálfsögðu ávallt fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum, svo sem fyrir löngu er orðin föst venja samkvæmt stéttarfélagasamningum.

Launagreiðsla til tíma-, dag- eða vikukaupsmanna skal fram fara eigi sjaldnar en vikulega.

Launagreiðsla vegna ákvæðisvinnu skal einnig fram fara vikulega, hlutfallslega eftir því, sem verki vindur fram, en annars að verki loknu. Annan uppgjörstíma má þó ákveða vegna ákvæðisvinnu með sérstökum samningi.

Greiðsla til starfsmanna á mánaðarkaupi eða árskaupi skal fram fara eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, nema um annað hafi verið samið skriflega.

Um það eru strengileg ákvæði í þessum kafla frumvarpsins, að engan launafrádrátt megi framkvæma við launagreiðslur án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum. Undanþegin eru þó félagsgjöld stéttarfélaga, útsvarsgreiðslur að lögum og innborganir í tryggingasjóði og sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Rétt á launþegi á greinilegu skriflegu yfirliti yfir, hvernig laun hans eru reiknuð, svo og hvers konar launafrádráttur hefur verið inntur af hendi, og skulu fullnægjandi kvittanir fyrir sérhvern launafrádrátt ávallt fylgja uppgjöri.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru mörg nýmæli, sem öll hníga að því að tryggja verkafólki fyllri rétt en nú er í lögum gagnvart uppsögn af hendi atvinnurekanda.

Þeir, sem vinna tíma-, dag-, viku- eða ákvæðisvinnu, eiga aldrei skemmri uppsagnarfrest en 14 daga.

Lágmarksuppsagnarfrestur starfsmanns, sem tekur mánaðar- eða árskaup, er aldrei skemmri en mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis eða atvinnurekanda eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur, og skal uppsögn ávallt vera skrifleg.

Sé starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda, sagt upp starfi, án þess að réttmætar ástæður fyrir uppsögn séu tilgreindar, varðar það skaðabótaskyldu.

Hafi starfsmaður látið af störfum vegna ólöglegrar uppsagnar, getur atvinnurekandi orðið dæmdur til að ráða hann aftur í sömu eða aðra hliðstæða stöðu þeirri, er hann áður hafði. Bætur geta einnig komið til álita fyrir þann tíma, er starfsmaður var sviptur starfi hjá fyrirtækinu. Slíkar bætur geta numið 6 mánaða launum, ef starfsmaðurinn hefur verið 5 ár í þjónustu fyrirtækisins, árslaunum

eftir 10 ára þjónustu og þriggja ára launum, ef starfsmaður hefur starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár.

Þá er í þessum kafla frumvarpsins ákvæði um það, að ekki megi segja starfsmanni upp vegna slysfara eða sjúkdóms. Starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt tvö ár hjá sama atvinnurekanda, má ekki segja upp fyrstu 3 mánuðina, eftir að hann varð óvinnufær. Og hafi starfsmaður starfað 10 ár hjá sama atvinnurekanda, er uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári.

Hafi dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slysfara eða sjúkdóms, er atvinnurekanda skylt að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, jafnvel þótt til þess þurfi sérstaka starfsþjálfun.

Um VII. kafla.

Þessi kafli er einungis um refsiákvæði vegna brota á lögunum. Segir þar, að brot varði sektum, nema strangari refsingar liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

Í 32. gr. frumvarpsins er fram tekið, að foreldrar og aðstandendur, sem láti börn framkvæma vinnu, sem brjóti í bág við vinnuverndarlögin, skuli vera ábyrg fyrir slíkum verknaði og sæta sektum.

Með brot gegn þessum lögum skal farið að hætti opinberra mála.

Um alla nánari framkvæmd laga þessara skal félagsmálaráðherra setja nánari ákvæði í reglugerð, svo sem þurfa þykir.

Um VIII. kafla.

Lokakafli frumvarpsins er einungis um gildistöku.

Gert er ráð fyrir, að lögin öðlist þegar gildi, og skulu þá öll núgildandi lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt en í þeim greinir, úr gildi fallin.

Með því, sem nú hefur verið sagt, hefur verið gerð grein fyrir flestum þeim nýmælum og réttarbótum verkafólki til handa, sem í frumvarpi þessu felast, og verður hér látið staðar numið í trausti þess, að háttvirt Alþingi sýni málinu skilning, fallist á það í meginatriðum og geri það að lögum.

Nd. 192. Frumvarp til laga [154. mál]

um verkfræðiráðunauta ríkisins á Vestur-, Norður-, Austur- og Suðurlandi.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Jón Kjartansson, Eysteinn Jónsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Ráða skal sex verkfræðiráðunauta til starfa í tilteknum umdæmum samkvæmt lögum þessum, einn í Vesturlandsumdæmi með aðsetur í Borgarnesi, einn í Vestfjarðaumdæmi með aðsetur á Ísafirði, tvo í Norðlendingafjórðungi og skal annar starfa í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum ásamt kaupstöðunum Siglufirði og Sauðárkróki og hafa aðsetur á Sauðárkróki, hinn skal starfa í Eyjarfjarðar- og Þingeyjarsýslum og kaupstöðunum Akureyri, Ólafsfirði og Húsavík, skal aðsetur hans vera á Akureyri, einn í Austurlandsumdæmi með aðsetur í Egilsstaðakauptúni og einn í Suðurlandsumdæmi með aðsetur á Selfossi.

2. gr.

Verkfræðiráðunautur skal hafa lokið byggingarverkfræðiprófi, sem Verkfræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgilt próf í verkfræði. Við ráðningu í störf verkfræðiráðunauta skulu þeir umsækjendur sitja fyrir, sem hafa sérþekkingu á hafnagerð og vegagerð.

3. gr.

Verkfræðiráðunautur hefur, undir yfirumsjón vega- og vitamálastjóra, umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu og hefur á sama hátt með höndum undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við slík mannvirki, svo og viðhald þeirra að því leyti, sem ríkið lætur slíkt til sín taka.

4. gr.

Verkfræðiráðunautur skal, gegn hæfilegri þóknun til ríkisins, vera til ráðuneytis bæjarstjórnum, sýslunefndum og sveitarstjórnum við mannvirkjagerð í umdæmi sínu, eftir því sem því verður við komið og ríkisstjórnin samþykkir.

5. gr.

Samgönguráðherra ræður verkfræðiráðunauta og setur þeim erindisbréf, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Laun verkfræðiráðunauta samkvæmt ráðningarsamningi skal greiða úr ríkissjóði, svo og aðstoð, annan skrifstofukostnað og ferðakostnað, eftir því sem fé er til þess veitt í fjárlögum. Semja má um það, að verkfræðiráðunautur fái laun sín og skrifstofukostnað greiddan að einhverju leyti hjá sveitarfélögum þeim, er njóta aðstoðar hans.

6. gr.

Ríkisstjórnin, sbr. 5. gr., gefur út reglugerð samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Skal þar m. a. ákveða, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar skuli hafa með höndum fjárreiður í sambandi við störf sín. Í reglugerðinni má, með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis, fela verkfræðiráðunaut, í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og húsameistara ríkisins, umsjón með hvers konar opinberri byggingarstarfsemi í umdæminu, svo sem skipulagi, byggingu skólahúsa, sjúkrahúsa, læknisbústaða, kirkna, embættisbústaða, félagsheimila o. s. frv., að svo miklu leyti sem ríkissjóður á þar hagsmuna að gæta.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er svipaðs efnis og frv., sem Staðsetningarnefnd ríkisstofnana, sem skipuð var fyrir nokkrum árum, samdi og var á sínum tíma afgreitt til ríkisstjórnarinnar. Í nefndinni áttu sæti Ágúst Þorvaldsson alþm., Ásgrímur Hartmannsson bæjarstjóri á Ólafsfirði, Gísli Guðmundsson alþm., sem var formaður nefndarinnar, Gunnlaugur Jónsson bankaritari á Seyðisfirði, ritari nefndarinnar, Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði, en síðar í hans stað Sturla Jónsson hreppstjóri á Suðureyri.

Frumvarpið er byggt á þeirri skoðun, að æskilegt sé, að opinberar framkvæmdir séu, eftir því sem við verður komið, sjálfstæð starfsemi í hverjum landsfjórðungi eða landshluta, og þá jafnframt því áliti, að stjórn þessara mála og sérþekkingu á þeim sé nú um of safnað saman í höfuðstað landsins. Með frv., ef að lögum yrði, væri gerð tilraun til úrbóta á þessu sviði.

Í frv. er gert ráð fyrir, að skipaðir verði sérstakir verkfræðiráðunautar í þjónustu ríkisins, er starfi í sérstökum afmörkuðum umdæmum, og hafi þeir fast aðsetur hver í sínu umdæmi. Ætlazt er til, að verkfræðiráðunautur lúti sameiginlegri yfirstjórn vegamálastjóra og vita- og hafnamálastjóra, en sé að öðru leyti sjálfstæður

í starfi. Honum er ætlað að hafa umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu, svo og undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við vegi og hafnir og sjá um viðhald það, er ríkið lætur fram fara á slíkum mannvirkjum. Enn fremur er talið rétt, að heimilt sé að fela verkfræðiráðunaut hliðstæða umsjón með skipulagi og húsagerð á vegum hins opinbera í umdæmi hans. Loks er svo gert ráð fyrir þeim möguleika, að verkfræðiráðunautur og skrifstofa hans veiti bæjar- og sveitarfélögum verkfræðilega aðstoð, ef þess er óskað, gegn hæfilegri greiðslu, sem gangi til ríkisins eða verkfræðiráðunautar, eftir því sem um semst. Gæti það verið mjög hagkvæmt fyrir bæjar- og sveitarstjórnir að mega hvenær sem er leita til slíkrar stofnunar nærlendis í sambandi við ýmiss konar framkvæmdir á þeirra vegum, svo sem vatnsveitur, gatnagerð o. s. frv.

Að sjálfsögðu yrði ríkið að sjá verkfræðiráðunautunum fyrir hæfilegum starfsskilyrðum á hverjum stað, svo sem skrifstofuhúsnæði og starfskröftum til aðstoðar eftir því, hve mikil verkefnin reynast, m. a. sérfræðilegri aðstoð, ef á henni þarf að halda. Á það verður að leggja áherzlu, ef til kemur, að þannig verði að þessari starfsemi búið, að hægt sé að fá vel hæfa menn og áhugasama til að gerast verkfræðiráðunautar. Er sennilegt, að samvinna sú milli ríkis og sveitarfélaga, sem frv. gerir ráð fyrir, geti miðað í þá átt, ef vel er á haldið. En árangur af þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða, verður að miklu leyti undir því kominn, hvernig til tekst um val ráðunautanna. Verkfræðingar þeir, sem skipa sæti verkfræðiráðunauta, verða að vera þess umkomnir að vera sjálfstæðir í starfi, þannig að þeim megi yfirleitt treysta eigi síður en hinum, sem starfa í aðalstöðvunum í Reykjavík, enda þótt yfirstjórnin þar hafi úrskurðarvald og gefi fyrirmæli, ef á þarf að halda.

Í frv. er gert ráð fyrir, að sett verði ákvæði um það í reglugerð, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar eða skrifstofur þeirra skuli hafa með höndum fjármál í sambandi við störf sín. Er þar einkum átt við útborganir vegna framkvæmda. Hér er um mikilsvert mál að ræða, sem nefnd sú, er upphaflega samdi frv., taldi ekki rétt að gera ákveðnari tillögur um þá, að svo stöddu. Hins vegar taldi hún það aðalatriði í þessu máli, að verkfræðistofnunum verði komið á fót á þann hátt, sem um er rætt í frv. þessu og greinargerð, en að starfssvið þeirra verði síðan að skapast smátt og smátt með hliðsjón af reynslu. Mætti þá svo fara, að stofnanir þessar yrðu, er tímar líða, alveg sjálfstæðir aðilar hver í sínum landshluta gagnvart fjárveitingavaldi og ríkisstjórn.

Í frv. því, er Staðsetningarnefnd ríkisstofnana samdi, var ekki gert ráð fyrir sérstökum verkfræðiráðunautum á Suðurlandi og Vesturlandi og ekki var þá heldur gert ráð fyrir nema einum verkfræðiráðunaut í Norðlendingafjórðungi. Flutningsmenn töldu rétt nú að breyta þessu þannig, að Vesturland fái verkfræðiráðunaut og Suðurland einnig. Þá er einnig nú gert ráð fyrir að skipta Norðlendingafjórðungi í tvö umdæmi. Fjölgar því verkfræðiráðunautum um helming frá því, sem Staðsetningarnefndin gerði ráð fyrir í hinu upphaflega frumvarpi. Er þá gætt jafnréttis héraðanna og séð fyrir sams konar þörfum þeirra allra.

Gullbringu- og Kjósarsýsla og bæjarfélögin þar eru svo nærri Reykjavík, þar sem höfuðstöðvar opinberra framkvæmda eru, að ekki þótti ástæða til að gera það svæði að sérstöku umdæmi fyrir verkfræðiráðunaut.

Frumvarp þetta í hinni upphaflegu gerð hefur áður verið flutt þrisvar sinnum, en aldrei hlotið afgreiðslu. Með flutningi þess nú, nokkuð breytts, er enn gerð tilraun til að fá það lögfest. Ef sæmilega tekst til, verður að ganga út frá því, að verkfræðiráðunautar létti störfum af hlutaðeigandi yfirstofnunum í Reykjavík og að ekki þurfi að vera verulegur kostnaðarauki að því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á. Hins vegar telja flutningsmenn, að því mundi verða vel tekið af mörgum og að mikið gagn ætti að geta að því orðið fyrir hlutaðeigandi landshluta, ef rétt er á haldið.

Nd. 193. Frumvarp til laga [155. mál]

um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Stofna skal Útflutningsmiðstöð iðnaðarins til að stuðla að auknum útflutningi íslenzkra iðnaðarvara. Stofnendur eru Félag íslenzkra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband íslenzkra samvinnufélaga, viðskiptaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið fyrir hönd íslenzka ríkisins.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er að efla útflutning íslenzkra iðnaðarvara og veita honum fyrirgreiðslu, með því, meðal annars:

1. Að kynna íslenzkan iðnvarning á erlendum vettvangi, með þátttöku í vörusýningum og á annan hátt og veita upplýsingar um útflutningsiðnað á Íslandi.
2. Að framkvæma markaðsathuganir erlendis fyrir iðnfyrirtæki á Íslandi og annast upplýsingamiðlun varðandi markaðshorfur og annað, sem útflutningssölu varðar.
3. Að leiðbeina iðnfyrirtækjum um útflutning og söluaðgerðir á erlendum mörkuðum.
4. Að skipuleggja sameiginlega útflutningsstarfsemi iðnfyrirtækja og greiða fyrir samvinnu þeirra í milli.
5. Að vekja athygli iðnfyrirtækja á útflutningsmöguleikum og veita hvatningu um hagnýtingu á þeim.
6. Að annast milligöngu um sölu á iðnaðarvörum til útlanda og stofnun viðskiptasambanda varðandi íslenzkar iðnaðarvörur.

4. gr.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins skal vera sjálfstæð stofnun, með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skipa sex menn valdir til 4 ára í senn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Félagi ísl. iðnrekenda, en Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna einn mann hver. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Tilnefningar skulu berast iðnaðarráðuneytinu, en iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna eftir tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins ræður framkvæmdastjóra og starfsfólk til stofnunarinnar, til ákveðins tíma.

5. gr.

Kostnaður af rekstri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skal greiðast fyrst um sinn af árlegri fjárveitingu ríkissjóðs og framlagi annarra stofnenda. Auk þess skal útflutningsmiðstöðinni heimilt að krefjast þóknunar af þeim aðilum, sem hún veitir þjónustu. Útflutningsmiðstöðin er undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða.

6. gr.

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skulu sett í stofnskrá, sem ráðherra staðfestir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af hálfu iðnaðarráðuneytisins hefur verið unnið að því undanfarin ár að kanna heppilegt fyrirkomulag eins konar útflutningsmiðstöðvar, sem hefði þann tilgang að sameina hlutaðeigandi aðila til fyrirgreiðslu og eflingar útflutningi á íslenzkum iðnvarningi. Er frumvarpi þessu ætlað að tryggja stofnun slíkrar miðstöðvar á grundvelli þeirrar niðurstöðu, sem athuganir þessar hafa nú leitt til.

Við undirbúning málsins hefur ráðuneytið sérstaklega kynnt sér skipan mála á þessu sviði í Noregi og Danmörku í sambandi við heimsóknir iðnaðarráðherra til starfsbræðra sinna í þessum löndum. Deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu hafði m. a. um tveggja vikna skeið viðdvöl í Osló á vegum norska iðnaðarráðuneytisins. Jafnframt hefur málið verið rætt við ýmsa fyrirsvarsaðila iðnaðarins hér á landi, og stuðzt hefur verið við umræður og athuganir í Iðnþróunarráði og á þess vegum.

Á framangreindu tímabili hafa ýmsar ráðstafanir verið gerðar á þessu sviði, sem veitt hafa reynslu og leiðbeiningu um það, hvert stefna skuli um alhliða lausn málsins. Má þar nefna til dæmis, að Iðnþróunarráð fól sérstakri undirnefnd haustið 1968 að athuga útflutningsmöguleika iðnaðarins, og skilaði sú nefnd áliti í maímánuði 1969. Í henni áttu sæti þeir dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, Árni Þ. Árnason, iðnaðarráðuneytinu, Gunnar J. Friðriksson, Félagi ísl. iðnrekenda, Harry Frederiksen, Sambandi ísl. samvinnufélaga og Bragi Hannesson, Landssambandi iðnaðarmanna. Á grundvelli tillagna, sem fram komu í þessari álitsgerð, hlutaðist iðnaðarráðherra til um skipun tveggja nefnda til samstarfs um eflingu tiltekinna útflutningsgreina. Fjallaði önnur um útflutning neyzluvarnings úr íslenzkum hráefnum eða með íslenzkum sérkennum, svo sem ullar- og skinnavarnings, leirkera og húsgagna. Hin nefndin fjallaði um útflutning á iðnvarningi, sem sérstaklega væri tengdur sjávarútvegi, svo sem vélum og veiðarfærum. Hafa báðar unnið gott starf.

Um svipað leyti fól iðnaðarráðuneytið tilteknum mönnum að kanna möguleika á útflutningi fiskiskipa frá íslenzkum skipasmíðastöðvum. Var í því sambandi útbúinn sérstakur kynningarbæklingur á ensku til dreifingar erlendis. Í framhaldi af þessu skipaði ráðuneytið þriggja manna nefnd til að fjalla um málið, og hefur hún síðan unnið að framgangi þessa útflutnings.

Í sambandi við útflutningsmöguleika á framangreindum sviðum hefur ráðuneytið haft samráð við iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNIDO, og m. a. leitað eftir aðstoð úr hinum sérstaka iðnaðarþjónustusjóði, sem stofnunin hefur nýlega komið upp.

Þá ber einkum að nefna, að á árinu 1968 ákvað Félag ísl. iðnrekenda, með stuðningi ríkisstjórnarinnar, að koma á fót sérstakri útflutningsskrifstofu innan vébanda félagsins. Var henni einkum ætlað að aðstoða framleiðendur hér á landi við útflutning iðnaðarvara og efla aðstöðu þeirra til sameiginlegra átaka á því sviði. Framkvæmdastjóri hennar hefur verið Úlfur Sigurmundsson, hagfræðingur. Mikill einhugur hefur ríkt innan félagsins um rekstur skrifstofunnar, og hefur brautryðjendastarf hennar þegar skilað sýnilegum árangri. Af opinberri hálfu fékk skrifstofan á fyrsta ári 150 þús. kr. styrk frá iðnaðarráðuneytinu af því fé, sem það átti yfir að ráða til fyrirgreiðslu við iðnaðinn, en á árinu 1969 var veitt til hennar 1 millj. kr.

á fjárlögum. Sá styrkur var hækkaður í 3 millj. kr. á fjárlögum ársins 1970, og var sú hækkun liður í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir í samráði við fyrirsvarsmenn iðnaðarins með tilliti til aðildar Íslands að EFTA.

Framangreindar ráðstafanir og aðrar af svipuðu tagi, sem einnig mætti telja, hafa fyrst og fremst verið bráðabirgðaaðgerðir, en rutt brautina að víðtækara og varanlegra skipulagi. Taldi iðnaðarráðuneytið á s. l. vori, að tímabært væri að hefjast handa um að koma þessum málum í fastara og varanlegra form. Vildi ráðuneytið stuðla að því, að þegar yrðu kannaðir til hlítar möguleikar og hagkvæmni þess að koma á fót fastri stofnun, útflutningsmiðstöð iðnaðarins, sem vinna mundi að eflingu útflutningsiðnaðar og markaðsmálum, með aðild þeirra atvinnusamtaka og stofnana, er hagsmuna ættu að gæta, og með stuðningi hins opinbera, meðan til þyrfti.

Af þessu tilefni átti iðnaðarráðherra viðræðufund með fyrirsvarsmönnum iðnaðarins og viðskiptaráðuneytisins hinn 5. marz s. l., og hlaut málið þar góðar undirtektir. Í framhaldi af því skipaði ráðherra sérstaka samstarfsnefnd til að kanna framangreind sjónarmið og gera tillögur um stofnun útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Í nefndinni hafa átt sæti eftirfarandi aðilar:

Bjarni Björnsson, forstjóri, Miklubraut 38, R.
Gunnar J. Friðriksson, forstjóri, Snekkjuvogi 13, R.
Harry Frederiksen, framkvæmdastjóri, Barmahlíð 17, R.
Pétur Pétursson, hagfræðingur, Suðurgötu 20, R.
Pétur Thorsteinsson, ráðuneytisstjóri, utanríkisráðuneytinu.
Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri, viðskiptaráðuneytinu.
Árni Snævarr, ráðuneytisstjóri, iðnaðarráðuneytinu.
Árni Þ. Árnason, skrifstofustjóri, iðnaðarráðuneytinu.

Ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytisins hefur veitt þessu samstarfi forstöðu. Þeir Jón Arnþórsson, deildarstjóri hjá SÍS, Tómas Á. Tómasson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, og Úlfur Sigurmundsson, hagfræðingur, tóku einnig þátt í störfum nefndarinnar, en lögfræðilegur ráðunautur hennar hefur verið Hjörtur Torfason, hrl.

Nefndin hefur unnið að málinu á liðnu sumri og hausti og hélt hún síðasta fund sinn hinn 2. nóvember. Það er einróma álit nefndarinnar, að stofna beri Útflutningsmiðstöð iðnaðarins á þeim grundvelli, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Verði hún rekin sem sjálfstæð stofnun með sameiginlegri aðild hinna almennu atvinnusamtaka, sem ráðandi eru í iðnaðinum, þ. e. Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands ísl. samvinnufélaga, og jafnframt með aðild viðskiptaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins, a. m. k. meðan stofnunin verði studd með fjárframlögum af opinberri hálfu. Mundi slík stofnun verða til þess fallin að veita markvissa og samhenta forustu í útflutningsmálum iðnaðarins, og geta eflt hlut útflutningsiðnaðar í þjóðarbúskapnum til muna umfram það, sem annars mundi vera. Meginhlutverk stofnunarinnar yrði það, að annast alhliða kynningu út á við á útflutningsvörum iðnaðarins, markaðskönnun og markaðsleit, ásamt milligöngu um hvers konar viðskiptasambönd, en inn á við mundi hún starfa að kynningu á útflutningsmöguleikum og leiðbeiningu um hagnýtingu þeirra, og jafnframt aðstoða við skipulagningu framleiðenda á útflutningsstarfsemi sinni og stuðla að samvinnu þeirra á milli um framkvæmd hennar. Þannig mundi stofnunin geta leyst af höndum mikilvæg verkefni, sem einstökum iðnfyrirtækjum væru ofviða, og myndað sameiginlegan farveg fyrir þá reynslu og þekkingu, sem fyrirtækin þarfnast varðandi markaðshlið starfsemi sinnar.

Þau atvinnusamtök, sem að framan greinir, eru sammála um nauðsyn slíkrar miðstöðvar og reiðubúin til að standa að stofnun hennar í því formi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Af hálfu Félags ísl. iðnrekenda liggur það fyrir, að félagið muni leggja niður hina sérstöku útflutningsskrifstofu sína, ef frumvarpið verður að

lögum, en er reiðubúið að láta Útflutningsmiðstöð iðnaðarins verða aðnjótandi þeirrar aðstöðu og reynslu, sem skrifstofan hefur þegar aflað.

Samkvæmt frumvarpinu verður Útflutningsmiðstöð iðnaðarins fyrst og fremst stofnun framleiðenda og útflytjenda sjálfra, en studd af hinu opinbera. Það er brýn og eðlileg nauðsyn, að sá stuðningur verði veittur í verulegum mæli. Meðal annars gerir aðild Íslands að EFTA það sérstaklega tímabært, að tryggja sem bezt varanlega aðstöðu slíkrar miðstöðvar.

Frumvarpi þessu er ætlað að mynda hinn nauðsynlega löggjafarramma um starfsemi útflutningsmiðstöðvarinnar, en gert er ráð fyrir, að málum hennar verði nánar skipað í stofnskrá, er samin verði á grundvelli laganna og staðfest af ráðherra. Hér á eftir verður vikið nánar að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um stofnendur útflutningsmiðstöðvarinnar, sem eru tæmandi taldir í greininni. Gert er ráð fyrir, að aðild þessara stofnenda verði undirstaðan að starfsemi stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um tilgang útflutningsmiðstöðvarinnar og verkefnum hennar lýst að meginstefnu til, í samræmi við þau sjónarmið, sem greint var frá hér að framan. Verkefnatalning greinarinnar er ekki tæmandi.

Þess ber að geta, að við milligöngu um vörusölu samkv. 6. tölul. mundi stofnunin ekki koma fram sem beinn söluaðili, heldur sem tengiliður milli ábyrgs seljanda og ábyrgs kaupanda.

Um 4. gr.

Hér ræðir um stjórn stofnunarinnar og skipulag, sbr. annars 6. gr. Talið er rétt að skipa stjórn stofnunarinnar tiltölulega fáum fulltrúum, er hafi sem beinastra hagsmuna að gæta, og þannig stuðlað að markvissri meðferð mála. Er stjórninni ætlað æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að framlög stofnenda, þar á meðal ríkisins, beri í upphafi meginhlutann af kostnaði við rekstur útflutningsmiðstöðvarinnar, en reynsla muni ráða, að hve miklu leyti kostnaðinum verði mætt með þjónustugjaldi úr hendi þeirra aðila, sem leita fyrirgreiðslu hjá stofnuninni. Einnig kæmi til greina í framtíðinni að leggja útflutningsgjald á iðnaðarvörur með samþykki framleiðenda, sem þá yrði látið renna til rekstrar útflutningsmiðstöðvarinnar. Um fjárhæð ríkisframlagsins eru ekki sett nánari ákvæði að svo stöddu, en ljóst er, að það þarf að ná til mjög verulegs hluta kostnaðarins. Er miðað við, að framlagið verði tiltekið á fjárlögum hverju sinni.

Það sýnist eðlilegt, að stofnunin verði undanþegin opinberum gjöldum. Er ekki ætlunin, að hún verði rekin í ágóðaskyni.

Um 6. gr.

Það felst m. a. í ákvæði þessu, að útflutningsmiðstöðin telst löglega stofnuð, er stofnskrá hennar hefur verið staðfest og stjórn skipuð. Breytingar á stofnskránni, ef gerðar eru, mundu þurfa staðfestingar ráðherra.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 194. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin rætt á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. — Karl Guðjónsson var fjarstaddur, þegar frv. var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 26. nóv. 1970.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.	Jón Árnason.	Jónas G. Rafnar.

Nd. 195. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um virkjun Lagarfoss.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kvatt til viðræðna Valgarð Thoroddsen framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins, sem veitti ýmsar upplýsingar. Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, EðS, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1970.

Sigurður Ingimundarson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.
Þórarinn Þórarinsson.	Ásberg Sigurðsson.	Gísli Guðmundsson.

Ed. 196. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til l. um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Frá Ólafi Björnssyni.

Við 7. gr. Fyrir „1. janúar 1971“ komi: 1. apríl 1971.

Ed. 197. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Í stað 1. málsgr. komi tvær málsgr., svo hljóðandi:

2. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Álag á söluvörur landbúnaðarins:

1% árin 1971—1973
0.50% árin 1974—1980
0.25% árin 1980—1986

Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

3. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 1% af brúttóframleiðsluverðmæti landbúnaðarvara á árinu.

Ed. 198. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Helgi Bergs, Einar Ágústsson.

1. gr.

Stafliður A í 15. gr. laganna orðist svo:

A. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna skal fyrningu þannig, að samanlagðar fyrningar á hverjum tíma nemi hundraðshluta af endurkaupsverði, sem svarar til þess hluta, sem liðinn er af fyrningartímanum.

Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu og viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og skal hann einnig árlega gefa út reglur um það, hvernig endurkaupsverð eigna telst hafa breytzt frá ári til árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er tilgangur fyrninga, að með þeim myndist sjóður, sem nægi til að endurnýja hina fyrntu eign, þegar hún er úr sér gengin. Hér á landi hafa þær reglur gilt, að hámark samanlagðra fyrninga sé upprunalegt kostnaðarverð. Vegna gengisfellinga og verðbólgu nægja svo þeir fyrningasjóðir, sem þannig myndast, ekki til endurnýjunar hinna fyrntu eigna. Þegar til á að taka kemur í ljós, að bókhaldið hefur verið rangt. Reksturinn getur ekki endurnýjað fastafjármuni sína án þess að auka skuldirnar. Augljóst er, að þetta getur ekki gengið til frambúðar.

Fyrir nokkrum árum var gerð tilraun til að ráða bót á þessu. Heimilað var að endurmeta eignir, sem keyptar voru fyrir 1962, til nýs verðlags og nota það sem afskriftastofn. Þetta var auðvitað til mikilla bóta, en aðeins í bili, því að fljótt sótti í sama horf. Á þessu ári var svo heimilað að hækka afskriftaverð bygginga um 20% og lausafjár um 40%, en eftir að gengislækkanir undanfarinna ára hafa stýft helming af krónunni, kemur þetta auðvitað að litlu haldi.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að ekki sé nóg að breyta mati einu sinni eða öðru hverju, heldur þurfi að haga fyrningum frá ári til árs í samræmi við breytingar á endurkaupsverði eignanna.

Því er lagt til með frv. þessu, að heimilaðar séu þær fyrningarreglur, að fyrningarsjóðir nægi raunverulega til að endurnýja hina fyrntu eign. Gert er ráð fyrir, að fjármálaráðherra gefi árlega út reglur, eins konar vísitölur, um það, hvernig endurkaupsverð ýmissa tegunda fastafjármuna telst hafa breytzt, og fyrning hvers árs nemi svo þeim hundraðshluta af endurkaupsverðinu, sem svarar til endingartíma eignarinnar, að viðbættri eða frádreginni þeirri upphæð, sem þarf til að færa fyrningar fyrri ára til samræmis við hið nýja endurkaupsverð.

Aðrar breytingar felur þetta frv. ekki í sér.

Sþ. 199. Fyrirspurnir. [157. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra viðvíkjandi greiðslum á gengistöpum hjá Fiskveiðasjóði.

Frá Birni Pálssyni.

Ætlar ríkisstjórnin að hlutast til um, að leiðrétting fáist á þeim mistökum hjá Fiskveiðasjóði, að þeir, sem lán tóku frá ársbyrjun 1961 til ársloka 1966, voru látnir greiða öll gengistöp Fiskveiðasjóðs 1967 og 1968, án þess að erlent fé væri endurlánað á því tímabili?

II. Til menntamálaráðherra um Kennaraskóla Íslands.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvenær áformar ríkisstjórnin að fullgera húsnæði Kennaraskóla Íslands?

III. Til menntamálaráðherra um endurvarp sjónvarps frá Reykhólum.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvenær má búast við, að upp verði komin endurvarpsstöð sjónvarps á Reykhólum?

Sþ. 200. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um breytta stefnu í utanríkismálum.

Flm.: Magnús Kjartansson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi:

að ríkisstjórninni í Peking verði falið að fara með umboð Kína hjá Sameinuðu þjóðunum og í öðrum alþjóðasamtökum;

að bæði þýzku ríkin fái aðild að Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðasamtökum og hljóti sömu stöðu að alþjóðalögum og tiðkast í eðlilegum samskiptum ríkja;

að Bandaríkin hætti styrjaldaraðgerðum sínum í Indó-Kína og kalli heri sína heim, svo að landsmenn fái sjálfir aðstöðu til þess að leysa vandamál sín.

Greinargerð.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir breyttri stefnu íslenzkra stjórnarvalda í utanríkismálum; hins vegar felur hún ekki í sér breytingu á þeim grundvallarsjónarmiðum, sem ríkisstjórnin kveðst miða heildarstefnu sína við. Þau stefnuatriði, sem hér er gerð tillaga um, eru til að mynda framkvæmd að meira eða minna leyti af ýmsum ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Hér fer á eftir stutt greinargerð um hvert efnisatriði um sig:

1. Kína er sem kunnugt er eitt af stofnríkjum Sameinuðu þjóðanna og á fast sæti í öryggisráði sem stórveldi. Því getur ekki orðið neinn ágreiningur um aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum, þótt oft sé komizt svo að orði af misskilningi, heldur um það, hverjir skuli fara með aðild Kína. Það umboð er enn í höndum manna, sem misstu öll völd á meginlandi Kína fyrir meira en tveimur áratugum og hafa síðan dvalizt sem útlagar á eynni Taivan (Formósu). Allt það tímabil hefur kínverska

þjóðin því ekki átt neina raunverulega fulltrúa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og hefur það í senn veikt áhrifavald samtakanna og torveldað þeim friðar- og sáttastörf. Ástæðan fyrir því, að Pekingstjórnin hefur ekki fengið það umboð, sem henni ber, er einvörðungu pólitísk og styðst ekki við nein ákvæði í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Æ fleiri ríkisstjórnir komast nú að þeirri niðurstöðu, að þessi pólitíska afstaða sé röng, enda fékk tillaga um aðild Pekingstjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum nýlega einfaldan meiri hluta á allsherjarþinginu í fyrsta skipti. Minna má á í þessu sambandi, að meðal þeirra ríkja, sem styðja aðild Pekingstjórnarinnar, eru Atlantshafsbandalagsríkin Bretland, Danmörk, Frakkland, Ítalía, Kanada og Noregur.

2. Erfiðustu vandamálin í Evrópu eftir lok síðustu heimsstyrjaldar hafa verið deilur um þýzku ríkin og landamæri þeirra. Að undanförnu hefur orðið mjög ánægjuleg þróun á þessu sviði með breyttri stefnu vesturþýzkra stjórnarvalda. Hefur Sambandslýðveldið gert samninga við Sovétríkin og Pólland, og fela þeir í sér fulla viðurkenningu á núgildandi landamærum í Evrópu. Einnig eru hafnar samningaviðræður milli þýzku ríkjanna um bætt samskipti þeirra í milli. Öll hnígur þróunin að því marki, að menn viðurkenni þá óhjákvæmilegu staðreynd, að þýzku ríkin eru tvö. Með þingsályktunartillögunni er lagt til, að ríkisstjórn Íslands lýsi í verki fylgi við hina nýju stefnu vesturþýzkra stjórnarvalda og beiti sér fyrir því, að þýzku ríkin bæði fái eðlilegan sess í samskiptum þjóða og alþjóðasamtökum.

3. Alvarlegustu átökin í heiminum eru styrjöld Bandaríkjanna í Indó-Kína, og hefur svo verið árum saman. Um skeið gerðu menn sér vonir um, að þeirri ógnarstyrjöld væri að linna, en sú varð því miður ekki raunin; í staðinn gerðu herir Bandaríkjanna og stjórnarinnar í Saigon innrás í Kambódju, og nýlega hafa Bandaríkin gert stórfelldar loftárásir á Norður-Víetnam. Styrjöld Bandaríkjanna í Víetnam stenzt hvorki siðferðilega né þjóðréttarlega dóma, og enn er hætta á því, að hún geti leitt til mun stórfelldari átaka, sem ógnað geti heimsfriði. Með þingsályktuninni er lagt til, að ríkisstjórn Íslands beiti áhrifum sínum á alþjóðavettvangi til þess að styðja þau öfl innan Bandaríkjanna og utan, sem beita sér fyrir friði í Víetnam, en í þeim hópi eru einnig ríkisstjórnir, þar á meðal stjórn Atlantshafsbandalagsríkisins Frakklands.

Nd. 201. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Sigurvin Einarsson, Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Síðustu málsliðir 5. gr. laganna orðist svo:

Engin lánveiting má nema yfir 600 000.00 kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 27 17. apríl 1962.

Greinargerð.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að hámarkslán fiskimálasjóðs hækki úr kr. 400 000.00 í kr. 600 000.00. Er hér átt við lán, sem veitt eru til stofnkostnaðar fyrirtækja eða endurbóta á fyrirtækjum þeim, sem starfsemi sjóðsins nær til. Sjóðurinn veitir viðbótarlán til fiskvinnslufyrirtækja, en þó aldrei meira en fjórðung af þeim framkvæmdum, sem unnar eru hverju sinni. Lánin eru hámarkslán bundin við hverja framleiðslugrein.

Þegar lögin um fiskimálasjóð voru samþykkt 1947, var heimild til hámarkslána kr. 150 000.00, en á árinu 1962 var þessi heimild hækkuð í kr. 400 000.00.

Með hliðsjón af rýrnandi kaupmætti peninganna ætti þessi breyting að vera mjög eðlileg.

Verkefni fiskimálasjóðs eru vissulega fleiri en lánastarfsemi til fyrirtækja, er vinna að eflingu fiskveiða og hagnýtingu sjávarafurða, en með tilliti til efnahags sjóðsins verður að teljast, að breyting sú, sem lögð er til með frumvarpinu, sé raunhæf.

Teljum við rétt að birta hér efnahagsreikning sjóðsins pr. 31. des. 1969.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir:

1.	Sjóður		kr.	8 836.65
2.	Bankainnstæður í hlaupareikningum		—	19 036 103.78
3.	Bankainnstæður í sparisjóðsbókum		—	16 553 442.20
4.	Ýmis lán		—	85 135 119.00
5.	Verðbréf:			
	Íslenzk endurtrygging	kr. 11 000.00		
	Landsútgáfan	— 5 000.00		
	Ríkistryggð skuldabréf	— 117 000.00		
			—	133 000.00
6.	Skrifstofuvélar og húsbúnaður		—	73 311.00
7.	Greitt vegna kaupa á fiskimjölsverksmiðju á Sauðárkróki		—	211 073.00
			Kr.	121 150 885.63

Skuldir:

1.	Höfuðstóll 1/1 1969	kr.	112 784 423.94
	Tekjur umfram gjöld 1969	—	8 366 461.69
		Kr.	121 150 885.63

Reykjavík, 11. marz 1970.

Gunnar Pálsson.

Á sama tíma námu óafgreiddir styrkir og lánsloforð um 9.4 millj. króna.

Nd. 202. Frumvarp til laga [160. mál]

um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Eftir gildistöku þessara laga er óheimilt að gera stíflu í Laxá hjá Brúum í Suður-Þingeyjarsýslu nema að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs, enda hafi áður farið fram rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í bréfi iðnaðarráðherra, dags. 13. maí 1970, til Laxárvirkjunar, sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, Félags landeigenda á Laxársvæðinu og nokkurra hreppsnefnda í Suður-Þingeyjarsýslu. Komi til stíflugerðar, skal stífluhæðin við það miðuð, að vatnsborðshækkun árinnar vegna stíflunnar verði ekki svo mikil, að land við Birningsstaðaflóa fari undir vatn af þeim ástæðum. Virkjun skal þannig framkvæmd, að hún hindri ekki laxrækt ofan virkjunar.

2. gr.

Nú hefur Laxárvirkjun fyrir 1. des. 1970 látið gera mannvirki eða aflað sér vélbúnaðar eða efnis til virkjunar, sem ætla má, að ekki komi að gagni án hærri stíflu en gert er ráð fyrir í 1. gr., og bætir ríkissjóður þá eftir mati dómkvaddra manna tjón það, er Laxárvirkjun kann að hafa orðið fyrir af þeim ástæðum.

3. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að veiðimálastjóri láti fara fram og hraða rannsókn á möguleikum til að koma upp laxveiði í efri hluta Laxár. Fall á þessum hluta árinnar er óheimilt að virkja.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur nú þegar hefja endurskoðun fyrirliggjandi áætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss og rannsókn möguleika til að virkja Skjálfandafljót við Íshólsvatn. Skal sú endurskoðun og rannsókn, sem hér er mælt fyrir um, sitja fyrir öðrum meiri háttar rannsóknum á fallvötnum landsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 60 1965, um Laxárvirkjun, var ráðherra heimilað að veita sameignarfyrirtækinu Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. kw. raforkuver í Laxá við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu til viðbótar þeirri virkjun, sem fyrir er við Brúar. Hinn 23. sept. 1969 veitti þáverandi ráðherra raforkumála Laxárvirkjun leyfi til að reisa fyrsta áfanga svonefndrar Gljúfurversvirkjunar í Laxá „með um 7 þús. kw. afli í samræmi við fyrrgreinda áætlun", þ. e. áætlun þá, er fyrir lá um Gljúfurversvirkjun. Í áætlun þeirri var gert ráð fyrir samtals nál. 55 þús. kw. virkjun í 4 áföngum, auk svonefndrar Suðurárveitu, sem átti að vera í því fólgin að flytja nánar tiltekið magn af vatni, sem nú fellur í Skjálfandafljót, yfir í Kráká í Mývatnssveit og þar með í Laxá. Í leyfisbréfi ráðherra segir enn fremur: „Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun, og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefur ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir", þ. e. lög nr. 60 1965.

Framkvæmd 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar hófst á s. l. sumri, og hefur þegar verið stofnað til nokkurs „aukakostnaðar", sem að því getur miðað „að búa undir stærri virkjun" en þá, sem leyfð hefur verið og heimiluð í lögum.

8. maí 1969 voru með öllum atkvæðum sýslunefndarmanna í Suður-Þingeyjarsýslu samþykkt andmæli gegn áætlaðri Gljúfurversvirkjun og andmælin rökstudd. Í ályktuninni er jafnframt vakin athygli á því, að sýslunefndin telji „héraðinu hagkvæmt, að raforkuframleiðsla verði aukin með viðbótarmannvirkjum þar (þ. e. við Laxá), þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar, allt að 18 metrum".

Með bréfi 10. ágúst 1969 var bréflega tilkynnt ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, samþykkt með 20 samhljóða atkvæðum, þar sem einnig komu fram andmæli gegn áætlaðri Gljúfurversvirkjun. Síðan segir svo í ályktuninni: „Þess vegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastjórn ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatnshækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri, frá því sem nú er, og óbreytt vatnsrennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við héraðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast".

„Héraðsnefnd Þingeyinga“, sem kosin var á fundi, er sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu boðaði til á Húsavík, tók til starfa um þetta leyti eða litlu síðar. Hafði hún allt fram á vor 1970 forustu um andmælin gegn hinni fyrirhuguðu Gljúfurversvirkjun. Birtust um málið greinargerðir frá héraðsnefndinni og stjórn Laxárvirkjunar, og var þetta mál mikið rætt á ýmsum vettvangi, sem kunnugt er. Alþingismenn úr Norðurlandskjördæmi eystra höfðu haustið 1969 forgöngu um, að aðilar tækju upp viðræður sín á milli með samkomulag fyrir augum. Snemma vors 1970 ræddust þessir aðilar við í Reykjavík, og jafnframt ræddu þeir við þann ráðherra, sem þá hafði tekið við stjórn raforkumála. Að þeim viðræðum loknum ritaði ráðherra stjórn Laxárvirkjunar, héraðsnefndinni, sýslunefnd Suður-Þingeyinga, hreppsnefndum á Laxár- og Mývatnssvæðinu og þá nýstofnuðu félagi landeigenda bréf um málið 13. maí s. l. Um þetta leyti virðist héraðsnefndin hafa hætt störfum, en stjórn landeigendafélagsins hefur síðan komið fram fyrir hönd landeigendanna og haldið uppi af þeirra hálfu andmælum, sem hér verður ekki nánar greint frá.

Í ráðherrabréfinu 13. maí kemur fram, að ráðherra hefur skilið viðræður þær, er fram fóru milli hans, héraðsnefndarinnar og stjórnar Laxárvirkjunar, svo, að tekizt hefði að koma á „viðunandi samkomulagi“ um lausn málsins, en að öðru leyti er í bréfinu eins konar stefnumörkun af hálfu ráðuneytisins í málinu, þó að sumt, sem þar kemur fram, sé túlkunarefni. Lýst er yfir því, að samkomulag sé um það milli ráðuneytisins og Laxárvirkjunar, að „horfið sé frá áformum um Suðurárveitu“ og „hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi“. Ráðuneytið gerir það að skilyrði fyrir leyfi til framkvæmda umfram 1. áfanga (þ. e. stíflugerðir o. fl.), að „fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár“ fari fram. Jafnframt gefur ráðuneytið í skyn, að ekki muni verða leyfð meiri virkjun en 15 þús. kw., með 18—20 m hárri stíflu. Loks lýsir ráðuneytið yfir því, að það muni „beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun og samtengingu við aðrar orkuveitur“.

Þetta mun mega telja meginatriði ráðherrabréfsins 13. maí. En ekki varð sá árangur af bréfi þessu, að deilur féllu niður í virkjunarmálinu. Um það leyti, sem framkvæmd var að hefjast við Laxá, var þess af hálfu landeigenda krafizt fyrir dómi, að lögbann yrði lagt við framkvæmdum. Lögbannsbeiðni var synjað af settum setudómara, og var þá hafið annað mál á hendur Laxárvirkjun fyrir meinta ólöglega framkvæmd. Málaferli þessi standa enn yfir, en auk þess hafa andmæli gegn virkjunarframkvæmdunum komið fram á annan hátt, sem kunnugt er. Hefur deilan farið harðnandi, og verður ekki betur séð en að um óviðunandi ástand sé nú að ræða í þessu máli. Seint í ágústmánuði s. l. fól ráðherra tveim embættismönnum á Norðurlandi að gera tilraun til að koma á samkomulagi milli stjórnar Laxárvirkjunar og stjórnar landeigendafélagsins, en sú tilraun virðist ekki hafa borið þann árangur, sem til var stofnað, og ekki heldur sáttafundur sá, er ráðherra boðaði til og haldinn var í Reykjavík 23. og 24. nóv. s. l.

Það er ekki rétt, sem stundum er orðað svo, að baráttan standi milli Akureyringa og Þingeyinga í þessu máli. Hinir formlegu aðilar málsins eru nú annars vegar sameignarfélagið Laxárvirkjun, sem framleiðir raforku, og hins vegar félag landeigenda við Laxá og Mývatn, eftir að héraðsnefndin hætti störfum. En margir aðrir hafa lýst yfir afstöðu sinni til deilunnar, sem kunnugt er, og fer því fjarri, að þar sé eingöngu um Akureyringa eða Þingeyinga að ræða. Miklu meira ber þó á andmælum gegn virkjuninni en meðmælum, og koma þar náttúruverndarsjónarmið mjög til greina.

Hér er ekki ástæða til að rekja rök þau, er fram hafa komið með og móti Gljúfurversvirkjun. En hvað sem þeim rökum líður, getur að vandlega athuguðu máli ekki talizt fært að halda áfram virkjun Laxár gegn vilja þeirra, sem eiga ána

eða land að Mývatni og hafa stofnað með sér allsherjarsamtök til að koma fram fyrir sína hönd, — og án samkomulags við þá. En brýna nauðsyn ber til að leysa til frambúðar orkuvandamál þeirra 2 kaupstaða og 3 sýslufélaga, sem hér eiga hlut að máli, og fyrst um sinn, á meðan unnið er að því að ákveða annað norðlenzkt fallvatn til virkjunar og virkja það, er æskilegt, að nokkur viðbótarvirkjun í Laxá geti átt sér stað, og ástæða til að ætla, að landeigendur virði þá nauðsyn sína og annarra. Þar sem samkomulag hefur ekki náðst með viðræðum deiluaðila, virðist nú eðlilegt, að Alþingi beiti sér fyrir lagasetningu, sem verða mætti lausn þessa máls. Til þess eru gild rök, að Alþingi láti málið til sín taka. Í fyrsta lagi er ríkið aðili að sameignarfyrirtækinu Laxárvirkjun og 2 af 5 stjórnarmönnum þar skipaðir af ríkisvaldinu. Í öðru lagi fá rafveitur ríkisins á austanverðu Norðurlandi orku frá Laxárvirkjun og íbúar á hlutaðeigandi orkuveitusvæði eiga kröfu á, að ríkið leysi orkuvandamál þeirra á einhvern hátt. Í þriðja lagi er hér um að ræða, a. m. k. að verulegu leyti, náttúruverndarmál, en slík mál lætur löggjöfin nú til sín taka í vaxandi mæli.

Sá virkjunaráfangi, sem nú er unnið að við Laxá, er rennslisvirkjun án stíflugerðar. Andstaða gegn rennslisvirkjun án stíflu kom ekki fram í sambandi við þetta mál í öndverðu. En við þessa rennslisvirkjun hefur, eins og fyrr var sagt, verið stofnað til nokkurra aukaframkvæmda, sem miða að meiri virkjun síðar eða jafnvel að fullri virkjun samkvæmt fyrrnefndri Gljúfurversáætlun. Þrátt fyrir ráðherrabréfið 13. maí telja landeigendur sig ekki geta treyst því, að numið verði staðar, t. d. eftir að vatnsborð árinnar hefði verið hækkað um 18—20 m, sem af ýmsum hefur verið talið líklegt til samkomulags, því að þá yrði viðbótarkostnaðurinn nú til einskis gagns. Hér virðist lagasetning þurfa að koma til. Við slíka lagasetningu verður að hafa í huga þá möguleika, sem á því eru að koma laxi upp fyrir Laxárgljúfur, og að þeir möguleikar verði ekki rýrðir, heldur efldir samhliða virkjunarframkvæmdum. Enn fremur verður með slíkri lagasetningu að hefjast handa um framtíðarlausn raforkumála, sbr. ráðherrabréfið 13. maí. Skal nú nánar vikið að einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Með þessari grein er það lagt undir úrskurð Náttúruverndarráðs, hvort gera skuli stíflu í Laxá, en þó sett hámark á stífluhæðina, ef til kæmi, í samræmi við ráðherrabréfið og með hliðsjón af samþykktum í héraði um þetta mál. Yrði uppistaðan í mynni Laxárdals þá ekki nema hluti af því, sem fyrirhugað var. Í sambandi við frv. það, er flutt var á síðasta þingi, um takmarkaða náttúruvernd á vatnasvæði Laxár og Mývatns kom það fram, að andmælendur hinnar fyrirhuguðu Gljúfurversvirkjunar treystu dómi Náttúruverndarráðs í þessu máli. Er gert ráð fyrir því, að áður en Náttúruverndarráð kveður upp úrskurð á sínum tíma, liggi fyrir hin líffræðilega rannsókn, sem gert er ráð fyrir á vatnasvæði Laxár og Mývatns. Eins og kunnugt er, var frv. um takmarkaða náttúruvernd á vatnasvæði Laxár og Mývatns flutt af menntamálanefnd Nd., en kom aldrei til umræðu á þinginu. Fjallaði það um ýmislegt annað en virkjun Laxár, og gátu sum ákvæði þess, sem ekki vörðuðu virkjunarmálið, orkað tvímælis, eins og eðlilegt var um frumsmíð lagasetningar á þessu sviði

Um 2. gr.

Ef nú er ákveðið, að stífla í Laxá við Brúar megi ekki verða hærri en 18—20 m, eða jafnvel engin stífla, ef úrskurður félli á þá leið á sínum tíma, má gera ráð fyrir, að hluti af þeim framkvæmdum, sem þegar hafa átt sér stað eða búið er að semja um, verði til einskis gagns, og þykir rétt, að ríkissjóður bæti Laxárvirkjun eftir mati tjón vegna aukakostnaðar í þessu sambandi, þó með nánar tilgreindum takmörkum. Verður þá að hafa í huga, að Orkustofnunin, sem er ríkisfyrirtæki, lagði samþykki sitt á áætlunina um Gljúfurversvirkjun með hárri stíflu og Suðurárveitu og átti með skipun og álitsgerð Laxárnefndar og á annan hátt án efa mikinn þátt

í ákvörðun stjórnar Laxárvirkjunar á sínum tíma. Í leyfisbréfi þáv. raforkumálaráðherra 23. sept. 1969 var það líka berum orðum fram tekið, að ráðuneytið hefði „ekkert við það að athuga“, að lagt yrði í aukakostnað við 1. áfanga til að undirbúa „stærri virkjun“. Eðlilegt var, að stjórn Laxárvirkjunar legði ákveðinn skilning í þessi ummæli ráðherraleyfisins. Af þessum ástæðum og fleiri verður ekki hjá því komizt að viðurkenna ábyrgð ríkisvaldsins í þessu máli.

Um 3. gr.

Frá sjónarmiði landeigenda er það mjög mikilsvert, að öll Laxá geti orðið laxveiðiá, og óttast menn, að stífla í ánni o. fl. geti gert það örðugra en ella að koma þessu í kring. Greinin fjallar um þetta mál, og er í því sambandi tekið fram, að óheimilt sé að stofna til sérstakrar virkjunar á þessum hluta árinnar, enda mundi slík virkjun hindra þau fiskræktar- og laxveiðiáform, sem uppi eru, auk þess sem þar væri um að ræða auðsæ spjöll á ánni og hinu fagra umhverfi hennar. Hjá Orkustofnuninni hafa verið uppi ráðagerðir um slíka virkjun. En á vegum Laxárvirkjunar hefur sú virkjun ekki verið á dagskrá, svo að kunnugt sé.

Um 4. gr.

Raforkuvandamál Norðlendinga í þeim 3 sýslum og 2 kaupstöðum, sem nú eru á orkuveitusvæði Laxár (Norður-Þingeyjarsýsla meðtalin, af því að þar er verið að leggja háspennulínu til tengingar við Laxárvirkjun), verður að leysa. Minni háttar viðbótarvirkjun í Laxá getur í bili bætt úr þeim tilfinnanlega rafmagnsskorti, sem nú er á austanverðu Norðurlandi og verður tilfinnanlegri með hverju ári, sem líður án athafna. En ef Gljúfurversvirkjun verður ekki stærri en hér er gert ráð fyrir, verður þegar í stað að hefjast handa um undirbúning framkvæmdarráðstafana á þessu sviði, og á því svæði norðanlands, sem hér er um að ræða, er vissulega enginn skortur á virkjunarhæfum fallvötnum, þó að Laxá verði látin að mestu ónotuð í þessu skyni vegna sérstöðu hennar. Snemma á þeim áratug, sem nú er að líða, og raunar að nokkru leyti fyrir þann tíma var gerð ýtarleg athugun á möguleikum til stórvirkjunar í Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss. Að þeirri athugun lokinni gerði verkfræðifirma í New York með aðstoð Orkustofnunarinnar áætlun um fyrirkomulag Dettifossvirkjunar og kostnað við hana, svo og um háspennulínu þaðan vestur í Eyjafjarðarsýslu, ásamt áætlun um söluverð orku frá Dettifossi. Verðlag er nú breytt frá því, sem þá var, og ástæða getur verið til viðbótarrannsókna til þess m. a. að leiða í ljós, hvort ekki sé kostur á hagkvæmari og þar með ódýrari virkjunarleið við Dettifoss en þá var gert ráð fyrir. Nú á síðari árum hafa verið uppi raddir um virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatns, en virkjunarmöguleikar þar, sem án efa eru miklir, eru enn lítt rannsakaðir. Greinin fjallar um það, að ríkisstjórninni verði falið að láta nú þegar hefja endurskoðun þá á Dettifossáætlun og rannsókn á Skjálfandafljóti, sem hér hefur verið vikið að, og að endurskoðun þessi og rannsókn sitji fyrir öðrum meiri háttar rannsóknum á fallvötnum landsins. En því aðeins, að þessi undirbúningur sitji í fyrirrúmi, verða raforkuvandamál Norðlendinga leyst í tæka tíð, svo að viðhlítandi sé. Efni þessarar greinar er í samræmi við margnefnt ráðherrabréf frá 13. maí. Skylt er að geta þess, sem áður er fram komið, að í því bréfi er einnig gert ráð fyrir athugun á möguleikum til þess, að málið verði leyst „með samtengingu við aðrar orkuveitur“, og mun þar átt við ca. 200 km háspennulínu norður yfir miðhálendi landsins frá Búrfellsvirkjun. Þó að sá möguleiki hafi komið til orða, munu flm. þessa frv. ekki að svo stöddu gera tillögu um það efni.

Þetta frv., ef að lögum verður, á að geta komið því til leiðar, að Laxárvirkjunardeilan leysist þannig, að allir megi við una, þegar hliðsjón er höfð af þróun málsins og meðferð hingað til.

Ed. 203. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1970.

Ólafur Björnsson, form., frsm. — Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. — Björn Jónsson.
Axel Jónsson. — Einar Ágústsson. — Halldór Kristjánsson.
Sveinn Guðmundsson.

Nd. 204. Frumvarp til laga [69. mál]

um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

(Eftir 3. umr. í Ed., 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 71 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1971.

Ed. 205. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laganna verði þannig:

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
12.09	00	**Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið**	0		35%
15.07	85	*Sólrósarolía*	21%		25%
15.07	86	*Rapsolía, colzaolía og mustarðsolía*	21%		25%
15.07	92	*Rísínusolía*	21%		25%
15.07	93	*Önnur*	21%		25%
17.03	02	Falli niður.			
17.03	09	Annað	20%		20%
21.07	07	Ávaxtasafi, tilreiddur og blandaður, umfram það, sem tilgreint er í 20.07	50%		100%
22.01	01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	100%	70%	70%
22.02	00	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07**	100%	70%	70%
22.03	00	**Öl gert úr malti**	100%	70%	70%
24.02	32	Neftóbak	35%	25%	35%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
25.12		**Kísilsalli og önnur þess konar kísilsýrurík jarðefni (t. d. kísilgúr, infúsóríujörð, díatómjörð) með rúmþyngd 1 eða minna, einnig brennt:**			
	01	Kísilgúr	20%	14%	20%
	09	Annað	20%		20%
25.21		**Kalksteinn, sem ætlaður er til framleiðslu á kalki, sementi eða við málmvinnslu:**			
	01	Kalkáburður	0		20%
	09	Annað	20%		20%
32.08	00	**Tilreidd pigment, tilreidd gruggunarefni og tilreiddir litir, smelt og annar glerungur, fljótandi, gljáamyndandi efni og önnur þess konar framleiðsla, sem notuð er við leirmunagerð, smeltun og glergerð; engober (slips); glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur**	15%		20%
32.09	03	Áldeig	20%	14%	60%
33.04	03	Bökunardropar	30%	21%	55%
33.06	01	Hárliðunarvökvar, hárliðunarduft, hárlakk, hárlitir, hárkrem, hárþvottalögur (shampoo) og önnur hársnyrtiefni	100%	70%	100%
33.06	03	Húðkrem, húðolía og rakspritt	100%	70%	100%
34.02	02	Falli niður.			
38.11	02	Efni til að hindra spírun eða til eyðingar illgresis; jurtalyf	20%		20%
38.19	15	Prófefni (reagenser), svo og hitakeilur	25%		25%
39.02	92	Plastplötur, báraðar	15%		40%
39.02	93	Hitaeinangrunarplötur til húsbygginga	40%	30%	
39.02	99	Annað	40%		
39.03	25	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		25%
39.04	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	25%		25%
39.04	03	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		25%
39.04	04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—$2^1/_2$ mm í þvermál	4%	4%	4%
39.05	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	25%		25%
39.05	03	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		25%
39.05	04	Límbönd	25%		25%
39.05	05	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—$2^1/_2$ mm í þvermál	4%	4%	4%
39.06	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	25%		25%
39.06	03	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		25%
39.07	45	Lampar, lampaskermar og lýsingartæki ót. a.	90%	65%	90%
39.07	77	Umgerðir um skuggamyndir	50%	35%	
39.07	89	Aðrar vörur úr plasti	70%		
42.05	09	Annars	65%		
43.01	00	**Loðskinn, óunnin**	30%	21%	30%
43.02	00	**Loðskinn sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), sútað eða unnið, ekki saumað saman**	35%	25%	35%
44.27	01	Lampar og önnur ljósatæki úr trjáviði	90%	65%	90%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
44.28	94	Líkkistur	70%	50%	
44.28	99	Annars	70%		
46.02	09	Annað	60%		
46.03	09	Annað	100%		
48.09		**Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum:**			
	01	Byggingarplötur yfir 15 mm að þykkt	20%		30%
	09	Aðrar	30%		30%
48.13	00	**Kalkerpappír og annar pappír til fleirritunar, stensilpappír og annar hliðstæður pappír, tilskorinn, einnig í öskjum**	7%		55%
48.16	02	Pappírspokar margfaldir til umbúða um kartöflur, sement og áburð, enda sé á þeim viðeigandi áletrun, svo og aðrir margfaldir pappírspokar til umbúða, að flatarmáli 0,2 m^2 og stærri	15%	11%	
48.19	01	Vörur- og merkimiðar, óáprentaðir	30%	21%	30%
48.21	03	Lampar og lampaskermar	90%	65%	90%
48.21	09	Falli niður.			
48.21	11	Umgerðir um skuggamyndir	50%	35%	
48.21	19	Annars	70%		
51.04	10	Falli niður.			
Inn komi:		*Úr syntetiskum trefjum:*			
51.04	11	Grófur einskeftur vefnaður úr flötum einþáttungum 3—5 mm á breidd	2%	2%	25%
51.04	19	Annað	25%	20%	
59.04	03	Falli niður.			
59.06	03	Öngultaumar	4%	4%	4%
62.05	02	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0		20%
62.05	09	Falli niður.			
62.05	11	Skóskraut úr spunavöru	10%	7%	10%
62.05	19	Annars	80%	55%	
68.16	03	Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu)	20%		35%
69.03	00	**Aðrar eldfastar vörur (svo sem tilraunaker, deiglur, múfflur, stútar, tappar, fótstykki, kælislöngur, lokar, pípur, plötur og stengur), þó ekki þær, sem teljast til nr. 69.01**	14%		35%
69.13	01	Lampar og lýsingartæki	90%	65%	90%
70.01	00	**Glerbrot og annar glerúrgangur, glermassi (þó ekki optískt gler)**	18%		25%
70.02	00	**Glerungur og smelt í massa, stöngum eða pípum**	18%		25%
70.03	00	**Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler) óunnið**	18%		25%
70.04	00	**Óunnið steypt eða valsað gler (þar með talið gler, sem við framleiðsluna hefur verið yfirlagt öðru gleri eða styrkt með málmþræði), með rétthyrningslögun, einnig mynstrað**	18%		35%
70.05	00	**Óunnið teygt eða blásið gler (einnig þakið öðru gleri við framleiðsluna) með rétthyrningslögun**	18%		35%
70.06	00	**Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri við framleiðslu eða styrkt með málmþræði) með rétthyrningslögun og slípað eða fágað á yfirborði, en ekki frekar unnið**	18%		35%
70.07		**Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skorið í aðra lögun en rétthyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fágað; marglaga einangrunargler, blýgreyptar rúður og þess háttar:**			
	01	Marglaga einangrunargler	50%	35%	50%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
	09	Annað	50%		50%
73.18	32	Pípur til raflagna	25%		35%
73.29	02	Snjókeðjur og hlutar til þeirra, á bifreiðar og önnur ökutæki, úr stálvír 4—10 mm í þvermál	35%		60%
73.29	09	Aðrar	25%		35%
76.03		**Plötur og ræmur úr áli:**			
	01	Báraðar eða mótaðar plötur til bygginga	15%		0
	09	Annað	0		0
83.07	04	Götuljósker svo og ljóskastarar með dreifðum geisla til lýsingar á útisvæðum	35%	25%	35%
83.07	09	Annað	90%	65%	90%
84.40	15	Vélar til eftirvinnslu á garni og spunavöru	7%		25%
84.51	01	Ferðaritvélar	35%		45%
84.51	09	Aðrar	35%		45%
84.52	01	Bókhaldsvélar	35%		45%
84.52	02	Reiknivélar	35%		45%
84.52	03	Fételjarar (stimpilpeningakassar)	35%		45%
84.52	09	Aðrar	35%		45%
84.54	01	Árituarvélar og fjölritarar	35%		45%
84.54	09	Annað	35%		45%
84.55	01	Til ritvéla	35%		45%
84.55	09	Annað	35%		45%
85.12	01	Rafmagnseldavélar, bökunar- og steikarofnar	80%	55%	80%
87.14	02	Heyflutningavagnar með útbúnaði til losunar og/eða lestunar og aðrir vagnar með áföstum tækjum til jarðræktar (áburðardreifingar, heyvinnslu o. þ. h.)	7%		7%
87.14	03	Falli niður.			
89.01	21	Björgunarbátar úr hvers konar efni eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0		4%
97.04	09	Önnur	90%		
97.07	02	Veiðistengur	50%	35%	50%
97.07	03	Hlutir í veiðistengur, flugur eða tálbeitur	35%		50%
97.07	09	Annað	50%	35%	50%
98.02	09	Annað	35%	25%	35%
98.07	00	**Dagsetningar-, innsiglis- og tölusetningarstimplar o. þ. h. (þar með talin tæki til prentunar eða áletrunar á vörumiða), ætlað til notkunar í höndunum; letur og leturhaldarar til handstimplunar**	80%	55%	

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 31. tl. orðist svo:
   31. Að lækka um allt að 40% gjöld af efni í rafmagnsspenna og rafmótora.
2. 45. tl. orðist svo:
   45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því, að greiddur sé 10% verðtollur.
3. Inn komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   48. Að ákveða, að ýmsar vörur, er bera sama hundraðshluta tolls, í smásendingum allt að kr. 10 000.00 að fob-verðmæti, megi við tollafgreiðslu sameina í eitt tollskrárnúmer. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. 50. tl. 3. gr. falli niður. Inn komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   50. Að endurgreiða tollmismun af efnivörum
      a) til framleiðslu á rafmagnseldavélum og bökunar- og steikarofnum, þannig að tollur verði ekki hærri en 25% af neinni notaðri efnivöru,
      b) til framleiðslu á rafmagnslýsingatækjum, þannig að tollur verði ekki hærri en 35% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til sömu tollskrárnúmera og lamparnir fullgerðir,
      c) til framleiðslu á veiðistöngum og veiðiflugum, þannig að tollur verði ekki hærri en 18% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til nr. 97.07.
5. Síðasta málsgrein 51. töluliðar 3. gr. falli niður frá orðunum: „Ráðuneytinu er með auglýsingu“ og út að tölulið 52.

3. gr.

Á eftir 39. gr. laganna komi ný gr., 40. gr., svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú lækkar kostnaðarverð vöru vegna ákvæða þessara laga, og er Verðlagsnefnd þá heimilt að hækka hundraðshluta leyfðrar álagningar á henni (sbr. ákvæði 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 94/1970), þó eigi svo, að álagning hækki að krónutölu frá því, sem gilti fyrir gildistöku þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Á síðasta þingi urðu veigamiklar breytingar á tollskrárlögum, sem áttu rót sína að rekja til aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Urðu þá m. a. lækkanir á tollum svonefndra verndarvara, sem námu 30%, gagnvart aðildarlöndum Fríverzlunarsamtakanna. Hráefni lækkaði þá almennt um 50%, þó með allmörgum undantekningum. Vitað var, að þær gagngerðu breytingar, sem þá áttu sér stað á tollskránni, myndu kalla á einhverjar lagfæringar fljótlega eftir að aðild okkar að samtökunum varð virk. Þannig hefur komið í ljós að allmargar vörutegundir eru framleiddar hér í landi, sem ýmist var ekki vitað um þá, eða hugmyndir voru uppi um að eyða verndarþætti tollanna með öðrum hætti en tollalækkun.

Veigamestu breytingar þessa frumvarps eru þær, að ýmsar vörur, svo sem rafmagnseldavélar, tvöfalt gler, lampar og lýsingartæki og fleiri vörur, eru lækkaðar um 30% gagnvart löndum Fríverzlunarsamtakanna. Hráefni til framleiðslu þessara vara er jafnframt lækkað yfirleitt um 50%.

Lagt er til að gera nokkrar aðrar breytingar til samræmis, t. d. er tollur af báruðum plastplötum lækkaður í 15%, tollur af kalkerpappír og öðrum fleirritunarpappír er lækkaður í 7%, tollur af snjókeðjum lækkaður í 35% og tollur af nokkrum vélum til fataiðnaðar lækkaður í 7%. Þá er tekin inn í frumvarpið lækkun á ýmsum skrifstofuvélum í 35% og er þá um að ræða síðasta þáttinn í GATT-tollalækkununum. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs nemi um 26 millj. kr. miðað við innflutning 1969 og er þá gert ráð fyrir, að allur innflutningur færist yfir á EFTA-lönd.

Um 2. gr.

1. Gert er ráð fyrir nýju heimildarákvæði til þess að lækka um 40% gjöld af efni til framleiðslu á rafmótorum.

2. Tekin er inn heimild til lækkunar á gjöldum af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum niður í 10%, hliðstætt því sem nú er um vatnsúðunarkerfi í kartöflugörðum.
3. Lagt er til að taka inn heimild til að sameina í eitt tollskrárnúmer vörur í smásendingum sem bera sama hundraðshluta í toll. Er talið að hagræði geti verið að þessu bæði fyrir innflytjendur og tollafgreiðslur, sérstaklega þegar um er að ræða innflutning á ýmsum varahlutum í vélar og tæki.
4. Með því að tekinn er upp sérstakur EFTA-tollur á rafmagnseldavélum, rafmagnslýsingatækjum og veiðistöngum, er gert ráð fyrir heimild til að endurgreiða gjöld að hluta af efnivörum til framleiðslu þessara vara.
5. Síðasta málsgr. 51. tl. fellur niður, þar eð heimildin hefur með frumvarpi þessu verið notuð að fullu.

Um 3. gr.

Tekin er inn heimild fyrir verðlagsnefnd til þess að ákveða, að álagning í krónutölu megi haldast allt að því óbreytt á þeim vörum, sem lækka vegna ákvæða laga þessara.

Sþ. 206. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um Öryggisráðstefnu Evrópu.

Flm.: Björn Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi lýsir yfir samþykki sínu við fram komna hugmynd um „Öryggisráðstefnu Evrópu“, er hafi tvennt að meginmarkmiði:

1. að hernaðarbandalögin tvö, NATO og Varsjárbandalagið, verði lögð niður og leyst af hólmi með sameiginlegu öryggiskerfi allra Evrópuríkja, Bandaríkjanna og Kanada,
2. að ná samkomulagi um gagnkvæman brottflutning allra erlendra herja úr löndum álfunnar,

og ályktar því að skora á ríkisstjórnina að vinna að því innan Norðurlandaráðs, NATO og annarra alþjóðlegra samtaka og stofnana, sem Ísland er aðili að, að slík ráðstefna komist á hið fyrsta. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að athuga möguleika á því, að ráðstefnan fari fram í Reykjavík, og, sé það talið kleift, bjóði Reykjavík fram sem stað til slíks ráðstefnuhalds.

Greinargerð.

I.

Um aldarfjórðungsskeið hafa deilur varðandi íslenzk öryggismál, aðild að hernaðarbandalagi og setu erlends hers í landinu, klofið þjóðina í tvo andstæða hópa. Þessar deilur hafa með margvíslegum hætti gripið inn í stjórnmálalíf í landinu, valdið óeðlilegri greiningu landsmanna í stjórnmálaflokka og m. a. yfirgnæft ýmis brýn innlend hagsmuna- og framfaramál og torveldað eðlilega samstöðu um lausn þeirra. Um áratugi hafa og umræður um utanríkismálin að mestu takmarkazt við þessa þætti og staðnað í sömu sporum líkt og tveir andstæðir hópar í skotgrafahernaði, sem sífellt halda áfram að skiptast á sömu skeytum, án þess að annar aðilinn geti vonazt til að vinna nokkurn úrslitasigur yfir hinum.

Að sjálfsögðu má lengi um það deila, hvort nokkur vörn sé í aðild að hernaðarbandalagi og setu erlends herliðs á tímum flugskeyta, er senda má heimsálfa milli með gereyðandi vetnissprengjur, og ekki bindur það endi á slíkar deilur, þótt hættumar, sem slíku fylgja, séu næsta auðsæjar. Eins getur það lengi orðið deiluefni,

hvort okkur verði tryggt öryggi með því að hverfa aftur til einhliða hlutleysisyfirlýsingar frá 1918, ef hernaðarlegt mikilvægi Íslands er slíkt, að herveldi á vesturhveli jarðar telur sér hag í að nota landið sem risavaxið móðurskip í Atlantshafi. Að sjálfsögðu má styðja það með sögulegum dæmum og hliðstæðum, að slíkar yfirlýsingar hafi reynzt haldlausar, — jafnvel í þeim tilvikum, sem þær voru tengdar stuðningi eins eða fleiri stórvelda, — þótt slíkur samanburður sanni auðvitað ekki, hvers virði þær kynnu að vera við núverandi aðstæður. Reynsla síðustu ára af hörðum umræðum um þessi efni er þó varla önnur en sú, að hver haldi þar sínu og allir sameiginlega óbreyttu ástandi.

Hins vegar hafa jafnvel þeir, sem ákafast og einlægast hafa stutt þá stefnu, sem fylgt hefur verið síðasta aldarfjórðung, fæstir gengið lengra en svo í málflutningi sínum að réttlæta þetta hvort tveggja, þátttöku í NATO og setu erlends hers í landinu, sem illa nauðsyn, sem aflétta bæri þegar er eðlilegt ástand skapaðist í Evrópu. Því er þessi tillaga hér flutt sem tilraun til að bregða á loft á ný sameiginlegu markmiði allrar þjóðarinnar og allra flokka: Að Íslendingar leggi sitt lóð á vogarskálina til að nema orsökina brott fyrir óeðlilegu og óviðunandi ástandi, með því að hernaðarblokkirnar séu leystar upp, erlendir herir fluttir á brott og hverri þjóð, smárri og stórri, veitt tækifæri til að taka upp þau samskipti við önnur ríki, sem hún telur sér hentugast og hagkvæmast, án tillits til mismunandi samfélagsforma.

II.

Með Öryggisráðstefnu Evrópu, er ynni að því að ná samkomulagi um þau markmið, er í tillögu þessari felast, er einmitt verið að gera slíka tilraun. Um hana ætti því varla að geta orðið ágreiningur hér á háttvirtu Alþingi. Að vísu er tillagan um Öryggisráðstefnu Evrópu komin fram frá ríkjum Varsjárbandalagsins, og kynni það að vekja tortryggni einhverra. En á það má benda, að þar eystra sem annars staðar ríkir ekki lengur einn vilji og eitt vald í sama mæli og á tímum hins „kalda stríðs“, og getur því mjög margvíslegur tilgangur legið á bak við þessa hugmynd hjá hinum ýmsu ríkjum Austurblakkarinnar. Ekki hvað sízt gæti þar legið til grundvallar hjá hinum smærri ríkjum, að með því að losna úr viðjum hernaðarbandalags gætu þau öðlazt tækifæri til að styrkja sig verulega gagnvart stórveldinu í þeim hluta álfunnar með margvíslegum og marghliða samskiptum við hinar vestrænu þjóðir. Á það má sérstaklega benda, að hefði Varsjárbandalagið ekki verið til, er mjög ólíklegt, að til atburðanna í Tékkóslóvakíu hefði komið sumarið 1968, og ríkisformið þar þá fengið að þróast með eðlilegum hætti til sósíalisma. Tilvist NATO gat hvorki þá né í Ungverjalandi hindrað rás viðburðanna, heldur var raunverulega lykillinn að möguleikum Sovétríkjanna til íhlutunar. Með sama hætti hefur tilvist hernaðarbandalaganna með margvíslegum hætti hindrað eðlilega samfélagsþróun í Vestur-Evrópu, þar sem hernaðarlegir hagsmunir hafa verið taldir gera það nauðsynlegt að styrkja í sessi afturhaldssamar einræðisstjórnir, sem voru „öruggari“ bandamenn en lýðræðissinnaðar alþýðuhreyfingar, sem af vanmætti voru að berjast við að leiða stjórnmálahugmyndir 20. aldarinnar til vegs í landi sínu. Hernaðarbandalögin tvö eru því alvarleg hindrun á rás eðlilegrar pólitískrar þróunar í austri og vestri.

III.

Á þessu ári hafa og verið brotnir niður ýmsir múrar, sem skilið hafa austur og vestur frá tímum kalda stríðsins. Ber þar hæst gerbreytingu á utanríkispólitík Vestur-Þýzkalands, samninga þess við Sovétríkin og Pólland, fyrirhugaða samninga við Tékkóslóvakíu og nokkra breytingu til hins betra í samskiptum beggja þýzku ríkjanna. Þá má nefna, að bæði Vestur-Þýzkaland og Frakkland hafa tekið mjög vel tillögunni um Öryggisráðstefnu og að Finnland, sem um margt er í svipaðri aðstöðu og Ísland, hefur gengið mjög fram fyrir skjöldu, til þess að ráðstefnan megi sem fyrst verða að veruleika, nú síðast sent 35 ríkjum boð til slíkrar ráðstefnu í Helsinki.

Öll rök hníga að því, að um þessa tillögu náist víðtækt samkomulag. Ber þar hæst:

1. Með því yrði á nýjan leik brugðið á loft sameiginlegu markmiði þjóðarinnar í utanríkismálum og dregið úr þeim skaðvænlegu og hatrömmu deilum, sem klofið hafa þjóðina í tvær ósættanlegar fylkingar og hindrað samstöðu um brennandi réttlætis- og framfaramál innanlands.
2. Ekki verður séð, að þjóðin fái með skjótvirkari hætti losnað við hvimleiða og hættulega erlenda hersetu og undan þátttöku í hernaðarbandalagi.
3. Hér fara saman hagsmunir Íslands og flestra annarra smárra og meðalstórra ríkja í Evrópu.
4. Með því að ganga fram fyrir skjöldu í þessu máli er tækifæri fyrir Ísland að ávinna sér álit og virðingu á alþjóðavettvangi.

Að leggja til, að Ísland bjóði Reykjavík sem aðsetur slíkrar ráðstefnu, gerir hvort tveggja í senn, að leggja áherzlu á þær vonir, sem við bindum við niðurstöður hennar, — og að vekja athygli á Íslandi sem kjörnu landi til alþjóðlegs ráðstefnuhalds, ekki síður á sviði stjórnmála en á öðrum sviðum.

Ed. 207. Frumvarp til laga [163. mál]

um fóstruskóla.

Flm.: Gils Guðmundsson.

1. gr.

Ríkið skal reka í Reykjavík skóla, er nefnist Fóstruskólinn. Markmið skólans skal vera að veita viðhlítandi kennslu þeim nemendum, sem búa sig undir fóstrustörf við almenn barnaheimili, svo sem vöggustofur, leikskóla, dagheimili og vistheimili. Kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Menntamálaráðherra skal fara með yfirstjórn skólans. Hann skipar skólastjóra og kennara.

3. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans.

4. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra skipa nefnd til að semja reglugerð um starfsemi skólans. Í nefnd þessari skulu eiga sæti menn, sem hafa þekkingu á uppeldis- og sálarfræði. Skal skólinn taka til starfa, þegar reglugerð hefur verið sett.

5. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leigja húsnæði undir skólann, meðan ekki hefur verið reist skólahús.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1946 stofnaði Barnavinafélagið Sumargjöf Fóstruskólann og hefur rekið hann síðan með stuðningi Reykjavíkurborgar og nokkrum styrk úr ríkissjóði. Skóli þessi hefur tvímælalaust gert mjög mikið gagn. Hins vegar er það fyrir löngu orðið ofviða fjárvana áhugamannafélagi eins og Sumargjöf, að reka slíkan skóla á þann

veg, að hann geti til hlítar þjónað nútímakröfum og stóraukinni þörf á sérmenntuðum fóstrum og starfsliði á barnaheimilum. Verður það ástand að teljast óviðunandi með öllu, að meiri hluti alls starfsfólks dagheimila, vistheimila, leikskóla og annarra slíkra stofnana skuli ekki hafa sérmenntun í starfi. Stofnunum af þessu tagi fer sífellt fjölgandi og þær rísa vafalaust margar upp næstu árin á þéttbýlisstöðum um land allt. Þörfin fyrir sérhæft starfslið á þessu sviði er þegar orðin brýn og fer stöðugt vaxandi. Flm. þessa frv. er um það kunnugt, að margar stúlkur hafa hug á að leggja stund á það nám, sem fram fer í vel búnum fóstruskóla, en ekki er við núverandi aðstæður kleift að kenna nema fáum einum. Gerist slíkt á sama tíma og skortur þjálfaðs og kunnáttusams starfsliðs í þessari grein fer vaxandi með ári hverju.

Á þessu ástandi, sem er með öllu óþolandi, verður því aðeins ráðin bót, að Fóstruskólinn verði gerður að ríkisskóla, skipi rúm í hinu almenna fræðslukerfi, sé jafnframt efldur og endurskipulagður og við það miðað, að hann verði fær um að sjá þjóðfélaginu fyrir nægu sérmenntuðu starfsfólki við samfélagsstofnanir (sósíalstofnanir) landsins.

Ed. 208. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. des. 1970.

Steinþór Gestsson. form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.	Karl Guðjónsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 209. Lög [2. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 3. des.)

Samhljóða þskj. 2.

Sþ. 210. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um samgöngur við Færeyjar.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Eysteinn Jónsson, Birgir Kjaran, Lúðvík Jósefsson, Benedikt Gröndal, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því, að samgöngur milli Íslands og Færeyja verði sem beztar. Jafnframt verði keppt að því að efla samskiptin við Færeyinga bæði á sviði viðskipta- og menningarmála.

Greinargerð.

Fregnir hafa borizt af því, að breytingar kunni að verða á Færeyjaflugi. Í sambandi við þær breytingar er nauðsynlegt að tryggja, að ferðir milli Íslands og Færeyja verði sem örastar og beztar. Flugsamgöngurnar undanfarin ár hafa leitt til aukinna samskipta milli Færeyinga og Íslendinga, en samvinna þjóðanna bæði á sviði viðskipta- og menningarmála mundi geta orðið Íslendingum og Færeyingum til margvíslegs gagns.

Tíðar samgöngur milli Íslands og Færeyja eru frumskilyrði þess, að samvinna og viðskipti geti aukizt með eðlilegum hætti. Þess vegna er rétt, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir samvinnu við færeysk og dönsk stjórnarvöld, og eftir atvikum stjórnarvöld annarra þeirra þjóða, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi samgöngur við Færeyjar, til þess að tryggja sameiginlega hagsmuni af örum og góðum samgöngum milli þjóðanna.

Ekki er vansalaust, hve lítil samskipti Íslendinga og Færeyinga hafa lengst af verið. Verður fremur að telja það sök Íslendinga en Færeyinga, að ekki hefur tekizt nánara samband milli þjóðanna. Bæði eru Íslendingar fjölmennari en Færeyingar, en auk þess eru Færeyingar í þjóðbraut, er haldið er frá Íslandi til Evrópulanda. Er tímabært, að Íslendingar sýni í verki vilja sinn til nánari samskipta við Færeyinga.

Nd. 211. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 90. 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Jón Skaftason.

1. gr.

Í stað „200 þús. kr. samtals“ í B-lið 21. gr. laganna komi: 600 þús. kr. samtals.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 41 14. apríl 1954 var í fyrsta skipti ákveðið um skattfrelsi sparifjár. Í 22. gr. þeirra laga er m. a. sagt, að undanþegnar eignarskatti og framtalsskyldu séu innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, eftir þar tilgreindum reglum.

Í B-lið 22. gr. segir, að innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldi meira en 120 þús. kr. samtals, séu skattfrjálsar, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær.

Í lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, er hámark fasteignaveðslánanna fært upp í 200 þús. kr.

Hér er lagt til að hækka hámark þetta upp í 600 þús. kr. til samræmis við þær verðbreytingar, er orðið hafa í þjóðfélaginu frá árinu 1954, er ákvæðið um skattfrelsi sparifjár var fyrst tekið í lög.

Nd. 212. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frá Sverri Júlíussyni.

Við 5. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að setja reglur um aðrar undanþágur frá skólanámi, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og Landssambands iðnaðarmanna.

Sþ. 213. Fyrirspurnir. [166. mál]

I. Til samgönguráðherra um greiðslu kostnaðar við gerð hraðbrautar á Hafnarfjarðarvegi í gegnum Kópavog o. fl.

Frá Jóni Skaftasyni.

a) Er það rétt, að Vegasjóður, en ekki Reykjavíkurborg, kosti gerð Reykjanesbrautar að Breiðholtsbraut og Elliðaárbrýr og enn fremur helming vegbrúarinnar á Miklubraut?
b) Ef svo er, er þá sanngjarnt, að Kópavogskaupstaður þurfi að nota stóran hluta af þéttbýlisvegafé sínu um mörg ár til þess að standa undir kostnaði við Hafnarfjarðarveg í gegnum Kópavog, og er leiðréttingar að vænta?

II. Til samgönguráðherra um endurbætur á flugvöllum.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvenær verða gerðar þær endurbætur á flugvöllunum við Stykkishólm, Hellissand og Búðardal, að Snæfellsnes og Dalir geti tengzt við kerfi reglulegra flugsamgangna innanlands?

III. Til samgönguráðherra um ferðamálaráð og Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvaða þátt hefur ferðamálaráð átt í ráðstefnuhaldi hér á landi s.l. 2 ár?
2. Hvaða ráðstafanir, ef einhverjar eru, eru nú á döfinni hjá ferðamálaráði til eflingar og skipulagningar á ráðstefnuhaldi erlendra aðila hér á landi?
3. Hefur ráðherrann falið ferðamálaráði einhver sérstök verkefni, sem tengd eru ráðstefnuhaldi hér á landi, sbr. 4. lið 12. gr. laga nr. 29 frá 30. apríl 1964?
4. Hefur Ferðaskrifstofa ríkisins skipulagt eða komið til leiðar, að alþjóðastofnanir hafi haldið hér ráðstefnur?

IV. Til félagsmálaráðherra um byggingu verkamannabústaða.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hve margar sveitarstjórnir og hverjar hafa tilkynnt félagsmálaráðuneytinu um áform sín um byggingu verkamannabústaða á árinu 1971?
2. Í hvaða sveitarfélögum — og hverjum — hefur félagsmálaráðherra þegar skipað stjórn verkamannabústaða skv. 15. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins?
3. Frá hvaða sveitarfélögum hefur ráðuneytinu þegar borizt rökstudd greinargerð um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða skv. 16. gr. laganna?
4. Hvaða sveitarstjórnir hafa þegar lokið byggingaáætlun skv. 19. gr.?
5. Hve margar byggingaáætlanir hafa þegar hlotið staðfestingu sveitarstjórna og húsnæðismálastjórnar, svo að byggingarframkvæmdir geti hafizt, sbr. 20. gr.?
6. Hvaða sveitarfélög hafa þegar samþykkt að hefja byggingu verkamannabústaða, og hvaða fjárupphæð hafa þau ákveðið á íbúa, sbr. ákvæði 20. greinar um lágmarks- og hámarksframlög?
7. Hvaða sveitarfélög hafa þegar greitt framlög sín til Byggingarsjóðs verkamanna árið 1970, og hve mikið fé er það samanlagt?
8. Hve margar íbúðir verkamannabústaða verða byggðar á árinu 1971 samkvæmt þeim tilkynningum, sem félagsmálaráðuneytinu hafa borizt?
9. Hve mörg lán hafa þegar verið veitt skv. ákvæðum 22. greinar laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins?

V. Til landbúnaðarráðherra um ráðstafanir vegna kals í túnum.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvað líður rannsóknum á kali í túnum?
2. Telur ráðherrann nauðsynlegt að auka fjárveitingar til kalrannsókna, og ef svo er, þá hve mikið?
3. Eru fyrirhugaðar sérstakar ráðstafanir, aðrar en rannsóknir, til þess að hamla gegn fóðurskorti af völdum langvarandi kals í túnum eða til þess að bæta að nokkru það stórfellda tjón, sem kalið veldur?

VI. Til ríkisstjórnarinnar um dreifingu raforku.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hversu mörg sveitabýli eru tengd samveitum á þessu ári?
2. Hversu mörg býli með allt að 1.5 km meðalfjarlægð á milli býla verða utan samveitu við lok þessa árs?
3. Hvað er miklu fé varið til dreifingar raforku um sveitir árið 1970?
4. Hvað er fyrirhugað að verja miklu fé til þeirra framkvæmda á næsta ári?

Sþ. **214. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1971.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 1 01 101 Forsætisráðuneytið 0 10 Laun. Fyrir „1 716“ kemur	1 994
2.	Við 4. gr. 1 01 101. Nýr liður: 06 Vegna flutnings gestaskálans á Þingvöllum	200
3.	Við 4. gr. 1 01 101. Nýr liður: 07 Framlag til Kanadasjóðs	45
4.	Við 4. gr. 1 02 201 07 Viðskiptadeild. Fyrir „4 053“ kemur	4 333
5.	Við 4. gr. 1 02 231 Náttúrufræðistofnun 0 27 Viðhald. Fyrir „85“ kemur	185
6.	Við 4. gr. 1 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „2 500“ kemur	7 500
7.	Við 4. gr. 1 02 321 Kennaraskóli Íslands. Nýr liður: 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	8 000
8.	Við 4. gr. 1 02 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraskólans 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Liðurinn fellur niður.	
9.	Við 4. gr. 1 02 336 Húsmæðrakennaraskóli Íslands. Nýr liður: 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	200
10.	Við 4. gr. 1 02 421 Fræðslumyndasafn 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „1 600“ kemur	1 700
11.	Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „12 000“ kemur	13 134

Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Iðnskólar (02 516).

1.	Reykjavík	6 300
2.	Ísafjörður	750
3.	Sauðárkrókur	200
4.	Akureyri	4 200
5.	Vestmannaeyjar	834
6.	Keflavík	200
7.	Hafnarfjörður	650
		13 134

12.	Við 4. gr. 1 02 553 Húsmæðraskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „9 000“ kemur	8 823

Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Húsmæðraskólar (02 553).

1.	Varmaland	300
2.	Staðarfell	2 983
3.	Blönduós	340
4.	Löngumýri	100

		Þús. kr.
5. Laugar	300	
6. Hallormsstaður	200	
7. Laugarvatn	4 600	
		8 823

13. Við 4. gr. 1 02 561 Myndlista- og handíðaskólinn 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „350“ kemur 400

14. Við 4. gr. 1 02 571 Sjómannaskólahúsið.
Fyrir „900“ kemur 7 900

15. Við 4. gr. 1 02 581 01 Til Verzlunarskóla Íslands.
Fyrir „6 450“ kemur 11 350

16. Við 4. gr. 1 02 582 Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum.
Fyrir „825“ kemur 925

17. Við 4. gr. 1 02 608 Héraðsskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „16 700“ kemur 24 670
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar (02 607).

1. Reykholt	5 500	
2. Núpur	5 700	
3. Reykjanes	6 420	
4. Reykir	2 000	
5. Eiðar	3 450	
6. Skógar	600	
7. Laugarvatn	1 000	
		24 670

18. Við 4. gr. 1 02 762. Liðurinn orðast svo:

Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:

0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	234 560	
	Gjöld samtals		234 560

Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).

1. Framlög til skólaframkvæmda samkv. ákvæðum laga nr. 41/1955.

A. Barnaskólar:

1. Reykjavík	23 907
2. Mosfellssveit, barnaskóli	993
3. Leirá, skóli	915
4. Akranes, íþróttahús	1 546
5. Kleppjárnsreykir, skóli	371
6. Varmaland	312
7. Laugagerði	1 397
8. Lýsuhóll	200
9. Hellissandur, íþróttahús	200
10. Ólafsvík, íþróttahús	1 792
11. Grundarfjörður, íbúð	278
12. Laugar í Dalasýslu	1 080
13. Tálknafjörður	778
14. Hnífsdalur, íbúð	280
15. Ísafjörður	2 000
16. Súðavík, íbúð	251

		Þús. kr.	
17.	Klúka í Bjarnarfirði	976	
18.	Þverárskóli, V.-Hún.	1 130	
19.	Reykir, A.-Hún.	2 762	
20.	Sauðárkrókur, sundlaug	550	
21.	Varmahlíð	180	
22.	Dalvík, íþróttahús	730	
23.	Svarfaðardalur	1 226	
24.	Árskógsströnd	215	
25.	Svalbarðsströnd, skóli	507	
26.	Svalbarðsströnd, íbúð	251	
27.	Grenivík, íbúð	369	
28.	Reykjadalur	1 025	
29.	Vopnafjörður, skóli	793	
30.	Vopnafjörður, íbúð	148	
31.	Seyðisfjörður, íbúð	150	
32.	Neskaupstaður, íþróttahús	1 175	
33.	Neskaupstaður, skóli	395	
34.	Hallormsstaður	1 969	
35.	Eskifjörður, íþróttahús	1 700	
36.	Fáskrúðsfjörður, sveitin	458	
37.	Kirkjubæjarklaustur	7 300	
38.	Hvamms- og Dyrhólaskóli	159	
39.	Hraungerðisskóli	863	
40.	Flúðir, Hrunamannahr.	2 000	
41.	Biskupstungur, íbúð	407	
42.	Ljósifoss, íbúð	440	
43.	Selfoss, íbúð	209	
44.	Hveragerði, íbúð	251	
45.	Þorlákshöfn, skóli	165	
46.	Þorlákshöfn, íbúð	180	
47.	Keflavík	672	
48.	Njarðvík, íþróttahús	1 718	
49.	Vatnsleysuströnd, íbúð	181	
50.	Hafnarfjörður, íþróttahús	1 413	
51.	Garðahreppur	883	
52.	Kópavogur	5 004	
53.	Seltjarnarnes	1 800	
54.	Ýmsir skólar	600	
			77 254

B. Gagnfræðaskólar:

1.	Reykjavík	12 789	
2.	Siglufjörður, íþróttahús	460	
3.	Akureyri	380	
4.	Héraðsskólinn, Laugum	550	
5.	Hvolsvöllur	647	
6.	Hella	618	
7.	Selfoss	1 348	
8.	Grindavík	1 040	
9.	Keflavík	1 233	
10.	Kópavogur	2 160	
			21 225

2. Skólar samkv. lögum nr. 49/1967, framhaldsfjárveitingar:

			Þús. kr.
A. Barnaskólar:			
1. Reykjavík:			
a. Árbæjarskóli	6 480		
b. Hvassaleitisskóli	4 359		
		10 839	
2. Varmá, heimavist		810	
3. Leirá, íbúðir		2 052	
4. Grundarfjörður, 2. áf.		4 315	
5. Búðardalur, skólastjóraíbúð		914	
6. Laugar í Dalasýslu		7 480	
7. Reykhólar		8 938	
8. Barðastrandarhr., skólastjóraíbúð		713	
9. Súgandafjörður		1 803	
10. Bolungarvík, sundl., 1. áf.		3 651	
11. Reykjanes		2 200	
12. Reykir í Miðfirði		8 686	
13. Blönduós		3 399	
14. Þelamörk, 2. áf.		7 020	
15. Hafralækur		9 507	
16. Stóru-Tjarnir		11 628	
17. Egilsstaðir		5 643	
18. Hafnahreppur		3 700	
19. Fljótshlíð		824	
20. Vestmannaeyjar		3 265	
21. Hafnarfjörður		5 852	
			103 239
B. Gagnfræðaskólar:			
1. Varmá		5 403	
2. Ólafsfjörður		3 530	
3. Hrafnagil		10 871	
4. Húsavík		2 983	
5. Nesjaskóli		5 745	
			28 532
C. Krýsuvíkurskóli, gegn jafnháu framlagi annars staðar að			4 310
			234 560

19. Við 4. gr. 1 02 881 09 Styrkur til útgáfustarfa.
Fyrir „2 800“ kemur 3 150

20. Við 4. gr. 1 02 881 12 Félagsstofnun stúdenta.
Fyrir „3 480“ kemur 4 080

21. Við 4. gr. 1 02 901 Landsbókasafnið 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 152“ kemur 1 302

22. Við 4. gr. 1 02 902 Þjóðminjasafnið 0 10 Laun.
Fyrir „4 290“ kemur 4 518

23. Við 4. gr. 1 02 902 Þjóðminjasafnið 0 92 Til sveitarfélaga.
Fyrir „650“ kemur 850

24. Við 4. gr. 1 02 907 Listasafn Íslands.
a. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „820“ kemur 870
b. Við 0 27 Viðhald.
Fyrir „130“ kemur 180

		Þús. kr.
	c. Nýr liður:	
	0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	50
25.	Við 4. gr. 1 02 973 Þjóðleikhúsið.	
	Fyrir „23 296“ kemur	25 296
26.	Við 4. gr. 1 02 981 02 Til bæjar- og héraðsbókasafna.	
	Fyrir „3 250“ kemur	3 300
27.	Við 4. gr. 1 02 982 02 Tónlistarskólar.	
	Fyrir „8 828“ kemur	9 328
28.	Við 4. gr. 1 02 982 03 Barnamúsíkskólinn.	
	Fyrir „731“ kemur	531
29.	Við 4. gr. 1 02 982 07 Styrkur til lúðrasveita.	
	Fyrir „500“ kemur	530
30.	Við 4. gr. 1 02 982 08 Leiklistarstarfsemi.	
	Fyrir „1 300“ kemur	1 400
31.	Við 4. gr. 1 02 982 12 Til listasafna.	
	Fyrir „50“ kemur	325
32.	Við 4. gr. 1 02 983 03 Vísinda- og fræðimenn.	
	Fyrir „530“ kemur	580
33.	Við 4. gr. 1 02 986 02 Íþróttasamband Íslands.	
	Fyrir „3 907“ kemur	5 916
34.	Við 4. gr. 1 02 986 05 Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar.	
	Liðurinn fellur niður.	
35.	Við 4. gr. 1 02 986. Nýr liður:	
	05 Til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum	100
36.	Við 4. gr. 1 02 999 11 Sædýrasafnið, Hafnarfirði.	
	Fyrir „50“ kemur	250
37.	Við 4. gr. 1 02 999 16 Tímaritið Veðrið.	
	Fyrir „10“ kemur	20
38.	Við 4. gr. 1 02 999 17 Til Bandalags ísl. leikfélaga.	
	Fyrir „250“ kemur	350
39.	Við 4. gr. 1 02 999 20 Til Leikfélags Reykjavíkur.	
	Fyrir „750“ kemur	1 500
40.	Við 4. gr. 1 02 999 21 Til Ríthöfundasambands Íslands.	
	Fyrir „15“ kemur	50
41.	Við 4. gr. 1 02 999 22 Til Hins íslenzka náttúrufræðifélags.	
	Fyrir „50“ kemur	75
42.	Við 4. gr. 1 02 999 23 Til Íslenzka stærðfræðifélagsins.	
	Fyrir „30“ kemur	50
43.	Við 4. gr. 1 02 999 28 Til Taflfélags Reykjavíkur.	
	Fyrir „40“ kemur	50
44.	Við 4. gr. 1 02 999 29 Til Skáksambands Íslands.	
	Fyrir „250“ kemur	320
45.	Við 4. gr. 1 02 999 34 Bandalag íslenzkra skáta.	
	Fyrir „350“ kemur	500
46.	Við 4. gr. 1 02 999 41 Fuglaverndarfélag Íslands.	
	Fyrir „25“ kemur	40
47.	Við 4. gr. 1 02 999 44 Til Kvenfélagasambands Íslands.	
	Fyrir „490“ kemur	640
48.	Við 4. gr. 1 02 999 53 Ungmennafélag Íslands.	
	Fyrir „600“ kemur	800
49.	Við 4. gr. 1 02 999 Nýir liðir:	
	70 Til íslenzks dýrasafns, enda verði sett stofnskrá um safnið, staðfest af menntamálaráðuneytinu	100
	71 Til Blindravinafélags Íslands vegna ferða um landið	100

		Þús. kr.
72	Til félagsstarfsemi American Field Service	50
73	Til Landssambands íslenzkra menntaskólanema	50
74	Til Samtaka íslenzkra kennaranema	15
75	Til Hagsmunasamtaka einstæðra foreldra	50
76	Kvennaheimilið Hallveigarstaðir	200
77	Til Sambands norðlenzkra kvenna til námskeiðs í heimilisgarðrækt	25
78	Til Íslendingafélagsins í Osló	50
79	Til viðhalds gamla rjómabúsins á Baugsstöðum	50
80	Til norræns safnmannafundar á Íslandi 1971	200
81	Til safnahússins á Sauðárkróki	250
82	Til málfundafélagsins Magna í Hafnarfirði í tilefni 50 ára afmælis	200
83	Til minnismerkis um Jón Eiríksson konferenzráð	35
84	Til minnisvarða um Guðmund góða	35
85	Til minnisvarða um Ara fróða	35
86	Til þátttöku í Ólympíuleikunum 1972	250
87	Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna Evrópumeistaramóts	75
50.	Við 4. gr. 1 03 401. Nýr liður:	
	15 Tillag til Alþjóðasjómælingastofnunarinnar (International Hydrographic Bureau)	175
51.	Við 4. gr. 1 04 231 Skógrækt ríkisins.	
	a. Við 03 Skóggræðsla.	
	Fyrir „6 170“ kemur	6 970
	b. Við 07 Tilraunir að Mógilsá.	
	Fyrir „1 702“ kemur	1 602
	c. Nýr liður:	
	11 Dánarbætur	300
52.	Við 4. gr. 1 04 235 Landgræðsla 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „12 690“ kemur	14 190
53.	Við 4. gr. 1 04 286 03 Fyrirhleðslur.	
	Fyrir „4 000“ kemur	4 475
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Fyrirhleðslur (04 286 03).	
	a. Til fyrirhleðslna:	
	1. Þverá og Markarfljót 600	
	2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará 200	
	3. Kelduá í Fljótsdal 30	
	4. Jökulsá í Lóni 370	
	5. Hólmsá á Mýrum við Fláajökul 50	
		1 250
	b. Til fyrirhleðslna gegn ¼ kostnaðar annars staðar að:	
	1. Djúpós og Hólsárbakkar 250	
		250
	c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:	
	1. Laxá í Leirársveit 40	
	2. Leirá í Leirársveit 50	
	3. Hvítá við Þræley í Stafholtstungum 100	
	4. Holtsá í Fróðárhreppi 20	
	5. Hörðudalsá neðan Hörðubóls, skilyrði er stofnun vatnafélags 50	
	6. Reykjadalsá hjá Fellsenda 40	
	7. Miðá hjá Hundadal og Kvisthaga 10	
	8. Krossá í Dalasýslu 30	

		Þús. kr.	
9.	Svartá hjá Barkarstöðum	30	
10.	Vatnsdalsá hjá Bakka og Kornsá	60	
11.	Vatnsdalsá frá Grímstungu að Hofi	70	
12.	Giljá	70	
13.	Héraðsvötn	500	
14.	Svarfaðardalsá hjá Grund	40	
15.	Skíðadalsá	50	
16.	Hörgá hjá Möðruvöllum, skilyrði er stofnun vatnafélags	60	
17.	Hörgá hjá Hlöðum, skilyrði er stofnun vatnafélags	50	
18.	Kvíslá í Vopnafirði	30	
19.	Jökulsá í Fljótsdal	100	
20.	Geitdalsá í Skriðdal	40	
21.	Norðfjarðará, skilyrði er stofnun vatnafélags	100	
22.	Eskifjarðará	30	
23.	Tungná í Fáskrúðsfirði	30	
24.	Norðurdalsá í Breiðdal	30	
25.	Selá í Álftafirði	40	
26.	Hólmsá á Mýrum hjá Borg	120	
27.	Djúpá hjá Maríubakka	40	
28.	Laxá hjá Blómsturvöllum	30	
29.	Kúðafljót	150	
30.	Skálm hjá Skálmarbæ	30	
31.	Klifandi hjá Pétursey	40	
32.	Miðskálaá og Írá	110	
33.	Holtsá	200	
34.	Holtsós	50	
35.	Fiská hjá Árgilsstöðum	30	
36.	Eystri-Rangá hjá Keldum	20	
37.	Grjótalækur	20	
38.	Ölfusá hjá Kaldaðarnesi	100	
39.	Ölfusá hjá Eyrarbakka	100	
40.	Stóra-Laxá hjá Sólheimum	40	
41.	Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka	30	
42.	Litla-Laxá hjá Berghyl og Hruna	30	
43.	Litla-Laxá hjá Skyggni	30	
44.	Stakksá hjá Neðra-Dal	20	
45.	Litla-Laxá hjá Hverabakka	10	
46.	Karlsá í Lóni	30	
47.	Norðurá	75	
			2 975
			4 475
54.	Við 4. gr. 1 04 299 02 Til Garðyrkjufélags Íslands.		
	Fyrir „20“ kemur		40
55.	Við 4. gr. 1 04 299 13 Efnarannsóknastofa Norðurlands.		
	Fyrir „250“ kemur		300
56.	Við 4. gr. 1 04 299. Nýir liðir:		
	14 Til rannsóknastöðvarinnar Kötlu, Víkurbakka		25
	15 Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands		200
	16 Til norræns dýralæknamóts		100
57.	Við 4. gr. 1 04 501 Bændaskólinn á Hvanneyri.		
	a. Við 0 27 Viðhald.		
	Fyrir „450“ kemur		950

		Þús. kr.
	b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „4 500“ kemur	5 000
58.	Við 4. gr. 1 05 201 02 Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins.	
	Fyrir „771“ kemur	1 271
59.	Við 4. gr. 1 05 202 Hafrannsóknastofnun.	
	a. Við 08 Árni Friðriksson.	
	Fyrir „12 399“ kemur	14 344
	b. Við 10 Bjarni Sæmundsson.	
	Fyrir „18 110“ kemur	21 488
	c. Við 11 Leiguskip.	
	Fyrir „8 000“ kemur	10 000
60.	Við 4. gr. 1 05 211 Fiskmat ríkisins.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „16 189“ kemur	16 689
	b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „4 900“ kemur	5 400
61.	Við 4. gr. 1 05 299. Nýr liður:	
	08 Tækniaðstoð til umbóta á hollustuháttum í fiskiðnaði	500
62.	Við 4. gr. 1 06 216 Sýslumaðurinn, Patreksfirði.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „1 194“ kemur	1 474
	b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „50“ kemur	595
63.	Við 4. gr. 1 06 242 Vinnuhælið á Litla-Hrauni 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „1 060“ kemur	3 060
64.	Við 4. gr. 1 06 243 Vinnuhælið á Kvíabryggju 0 20 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „1 392“ kemur	1 512
65.	Við 4. gr. 1 06 301 03 Kirkjuþing.	
	Fyrir „200“ kemur	300
66.	Við 4. gr. 1 06 301.	
	a. Við 11 Æskulýðsstörf.	
	Fyrir „973“ kemur	1 273
	b. Við 12 Sumarbúðir.	
	Fyrir „1 200“ kemur	1 500
67.	Við 4. gr. 1 06 301 15 Prestar og prófastar.	
	Fyrir „47 348“ kemur	49 848
68.	Við 4. gr. 1 06 301 16 Byggingar á prestssetrum.	
	Fyrir „3 600“ kemur	4 500
69.	Við 4. gr. 1 06 301 17 Biskupsbústaður.	
	Fyrir „651“ kemur	178
70.	Við 4. gr. 1 06 301 20 Útihús á prestssetrum.	
	Fyrir „500“ kemur	750
71.	Við 4. gr. 1 06 301 25 Hið íslenzka biblíufélag.	
	Fyrir „175“ kemur	225
72.	Við 4. gr. 1 06 301. Nýir liðir:	
	27 Til útgáfu rits presta í Hólastifti	25
	28 Kirkjuvogskirkja í Höfnum	150
	29 Saurbæjarkirkja	25
	30 Til Kirkjukórasambands Íslands	25
73.	Við 4. gr. 1 07 981 10 Til Alþýðusambands Íslands.	
	Fyrir „200“ kemur	300
74.	Við 4. gr. 1 07 981 11 Til Iðnnemasambands Íslands.	
	Fyrir „100“ kemur	125

		Þús. kr.
75.	Við 4. gr. 1 07 999 08 Rauði kross Íslands.	
	Fyrir „450“ kemur	650
76.	Við 4. gr. 1 07 999 13 Slysavarnafélag Íslands.	
	Fyrir „4 604“ kemur	5 263
77.	Við 4. gr. 1 07 999 22 Orlofssjóður húsmæðra.	
	Fyrir „750“ kemur	1 000
78.	Við 4. gr. 1 07 999. Nýir liðir:	
	26 Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra, byggingarstyrkur	500
	27 Blindrafélagið, byggingarstyrkur	200
79.	Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður:	
	29 Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra	50
80.	Við 4. gr. 1 08 302 Ríkisspítalar, skrifstofa 0 10 Laun.	
	Fyrir „8 987“ kemur	9 676
81.	Við 4. gr. 1 08 311 Rannsóknastofa háskólans 0 10 Laun.	
	Fyrir „16 604“ kemur	17 418
82.	Við 4. gr. 1 08 312 Blóðbankinn 0 10 Laun.	
	Fyrir „3 667“ kemur	3 936
83.	Við 4. gr. 1 08 371 Landsspítalinn.	
	Fyrir „44 103“ kemur	49 311
84.	Við 4. gr. 1 08 372 Fæðingardeild Landspítalans.	
	Fyrir „31 114“ kemur	31 314
85.	Við 4. gr. 1 08 373 Kleppsspítalinn.	
	Fyrir „10 516“ kemur	12 516
86.	Við 4. gr. 1 08 374 Vífilsstaðahæli.	
	Fyrir „5 132“ kemur	6 182
87.	Við 4. gr. 1 08 375 Kristneshæli.	
	Fyrir „2 775“ kemur	3 837
88.	Við 4. gr. 1 08 376 Kópavogshæli.	
	Fyrir „5 593“ kemur	5 948
89.	Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða.	
	Fyrir „59 383“ kemur	74 200

Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 03).

a. Til sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og heilsuverndarstöðva:

1.	Reykjavík	24 000
2.	Akranes	3 300
3.	Akranes, röntgentæki	1 300
4.	Borgarnes, læknamiðstöð	4 000
5.	Patreksfjörður	250
6.	Suðureyri	60
7.	Ísafjörður, læknamiðstöð	4 000
8.	Hvammstangi	120
9.	Blönduós	77
10.	Siglufjörður	1 600
11.	Ólafsfjörður	1 140
12.	Akureyri	6 100
13.	Akureyri, þvottahús	900
14.	Húsavík	5 000
15.	Egilsstaðir, læknamiðstöð	4 000
16.	Egilsstaðir, sjúkraskýli	540

		Þús. kr.	
17.	Neskaupstaður	500	
18.	Vestmannaeyjar	2 200	
19.	Selfoss	3 750	
20.	Kópavogur, heilsuverndarstöð	100	
21.	Keflavík, röntgentæki	350	
			63 287
b.	Til læknabústaða:		
1.	Álafoss	350	
2.	Borgarnes	184	
3.	Kleppjárnsreykir	189	
4.	Búðardalur	200	
5.	Hellissandur	300	
6.	Ólafsvík	900	
7.	Reykhólar	200	
8.	Patreksfjörður	400	
9.	Þingeyri	200	
10.	Flateyri	240	
11.	Ísafjörður, héraðslæknisbústaður	350	
12.	Ísafjörður, sjúkrahúslæknisbústaður	185	
13.	Hólmavík	200	
14.	Hvammstangi	212	
15.	Blönduós	400	
16.	Skagaströnd	165	
17.	Sauðárkrókur	348	
18.	Ólafsfjörður	220	
19.	Dalvík	667	
20.	Húsavík	30	
21.	Raufarhöfn	60	
22.	A.-Egilsstaðir	420	
23.	Seyðisfjörður	506	
24.	Neskaupstaður	534	
25.	Eskifjörður	405	
26.	Reyðarfjörður	100	
27.	Fáskrúðsfjörður	667	
28.	Vík	350	
29.	Hella	76	
30.	Stórólfshvoll	200	
31.	Selfoss, héraðslæknisbústaður	200	
32.	Selfoss, sjúkrahúslæknisbústaður	294	
33.	Laugarás	667	
34.	Vestmannaeyjar, héraðslæknisbústaður	294	
35.	Vestmannaeyjar, sjúkrahúslæknisbústaður	200	
			10 913
			74 200

90. Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:
28 Þing skurðlækna á Norðurlöndum 150

91. Við 4. gr. 1 08 471 02 Gæzluvistarsjóður, framlag.
Fyrir „8 300“ kemur 10 000

92. Við 4. gr. 1 09 202 Skattstofan í Reykjavík 0 10 Laun.
Fyrir „21 096“ kemur 22 068

Þús. kr.

93. Við 4. gr. 1 09 206 Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra 0 10 Laun.
Fyrir „3 912“ kemur 4 236

94. Við 4. gr. 1 09 211 Skattstofa Reykjanesumdæmis 0 10 Laun.
Fyrir „6 538“ kemur 6 862

95. Við 4. gr. 1 09 991 Ýmis lán ríkissjóðs.
a. Við 0 70 Vextir.
Fyrir „74 395“ kemur 75 596
b. Við 3 00 Lánahreyfingar út.
Fyrir „142 894“ kemur 144 382

96. Við 4. gr. 1 10 211 Vegagerð 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka.
Fyrir „1 852“ kemur 1 927

97. Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
Fyrir „78 050“ kemur 97 365
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).

1.	Akranes	3 750
2.	Akureyri	6 200
3.	Akureyri, dráttarbraut	1 900
4.	Arnarstapi	250
5.	Bíldudalur	525
6.	Bolungarvík	6 675
7.	Dalvík	1 750
8.	Djúpivogur	1 100
9.	Drangsnes	350
10.	Eyrarbakki	1 420
11.	Flateyri	1 125
12.	Gerðar	3 450
13.	Grenivík	2 000
14.	Grindavík	5 395
15.	Hafnarfjörður	2 880
16.	Hafnir í Höfnum	150
17.	Hellnar	100
18.	Hnífsdalur	1 000
19.	Hofsós	850
20.	Hrísey	150
21.	Húsavík	7 500
22.	Hvammstangi	745
23.	Höfn í Hornafirði	2 300
24.	Ísafjörður	120
25.	Neskaupstaður	445
26.	Ólafsfjörður	3 250
27.	Ólafsvík	7 870
28.	Patreksfjörður	625
29.	Sandgerði	750
30.	Sauðárkrókur	450
31.	Siglufjörður	825
32.	Siglufjörður, dráttarbraut	2 500
33.	Skagaströnd	1 500
34.	Stokkseyri	2 330
35.	Stykkishólmur, dráttarbraut	2 300
36.	Stöðvarfjörður	3 300
37.	Súðavík	5 280

		Þús. kr.	
38.	Suðureyri	1 350	
39.	Vestmannaeyjar	2 700	
40.	Vogar	1 000	
41.	Vopnafjörður	7 975	
42.	Þórshöfn	1 230	
			97 365

98. Við 4. gr. 1 10 333 04 Ferjubryggjur.
Fyrir „1 550“ kemur 3 281
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Ferjubryggjur (10 333 04).

1.	Búðardalur	200
2.	Brjánslækur	400
3.	Bæir á Snæfjallaströnd	600
4.	Melgraseyri	402
5.	Reykjanes við Ísafjarðardjúp	29
6.	Eyri, Mjóafirði	400
7.	Kleifarstaðir	250
8.	Vigur	500
9.	Æðey	500
		3 281

99. Við 4. gr. 1 10 333 08 Sjóvarnargarðar.
Fyrir „1 435“ kemur 2 200
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Sjóvarnargarðar (10 333 08).

1.	Akranes	200
2.	Álftanes	350
3.	Bessastaðir	100
4.	Borgarnes	75
5.	Búðardalur	50
6.	Flateyri	200
7.	Garðskagi	100
8.	Gerðar	100
9.	Grótta	400
10.	Höfn, Hornafirði	100
11.	Innri-Akraneshreppur við Innrahólm	50
12.	Melar í Melasveit	50
13.	Miðneshreppur	150
14.	Sauðárkókur	100
15.	Seltjarnarnes	100
16.	Stokkseyri	75
		2 200

100. Við 4. gr. 1 10 471 Flugmálastjórn.
Fyrir „128 863“ kemur 129 093

101. Við 4. gr. 1 10 652 09 Jarðeðlisfræðideild.
Fyrir „1 074“ kemur 1 316

102. Við 4. gr. 1 11 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „2 920“ kemur 3 080

103. Við 4. gr. 1 11 299 09 Til Heimilisiðnaðarfélags Íslands.
Fyrir „50“ kemur 125

104. Við 5. gr. 2 02 973 Þjóðleikhús 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „26 070“ kemur 24 070

Þús. kr.

105. Við 5. gr. 2 08 371 Landspítalinn 0 10 Laun.
Fyrir „186 927“ kemur 192 135
106. Við 5. gr. 2 08 372 Fæðingardeild Landspítalans 0 10 Laun.
Fyrir „30 407“ kemur 30 607
107. Við 5. gr. 2 08 373 Kleppsspítalinn 0 10 Laun.
Fyrir „67 596“ kemur 69 596
108. Við 5. gr. 2 08 374 Vífilsstaðahælið 0 10 Laun.
Fyrir „25 662“ kemur 26 712
109. Við 5. gr. 2 08 375 Kristneshælið.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „12 996“ kemur 13 236
b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „5 444“ kemur 5 666
c. Við 0 27 Viðhald.
Fyrir „2 000“ kemur 2 600
110. Við 5. gr. 2 08 376 Kópavogshælið 0 10 Laun.
Fyrir „26 732“ kemur 27 087
111. Við 6. gr. XXXIII. Nýir liðir:
1. Að gefa Styrktarfélaginu Tjaldanesi gestaskálann á Þingvöllum.
2. Að selja eftirtaldar fasteignir póst- og símamálastjórnar:
1. Hús pósts og síma að Kaupvangi 2, Egilsstaðakauptúni, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
2. Hús pósts og síma að Egilsbraut 11, Neskaupstað, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
3. Eignarhluta pósts og síma í núverandi póst- og símstöðvarhúsi í Búðardal, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Sþ. 215. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1971.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 3. gr. 1 Tekjur.
a. Við 1 11 01 Almannatryggingagjald. Þús. kr.
Fyrir „377 600“ kemur 524 100
b. Við 1 11 02 Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda.
Fyrir „170 600“ kemur 233 700
c. Við 1 13 01 Tekjuskattur einstaklinga.
Fyrir „891 600“ kemur 961 600
d. Við 1 13 02 Byggingasjóðsgjald.
Fyrir „8 916“ kemur 9 616
e. Við 1 15 01 Aðflutningsgjöld.
Fyrir „2 907 700“ kemur 3 147 500
f. Við 1 15 01 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
Fyrir „145 400“ kemur 157 500
g. Við 1 15 03 Byggingariðnaðarsjóðsgjald.
Fyrir „3 900“ kemur 5 000
h. Við 1 15 04 Tollstöðvargjald.
Fyrir „14 515“ kemur 15 526
i. Við 1 15 05 Byggingasjóðsgjald af innflutningi.
Fyrir „14 515“ kemur 15 526
j. Við 1 15 11 Innflutningsgjald af benzíni.
Fyrir „419 754“ kemur 430 000

		Þús. kr.
k.	Við 1 15 12 Gúmmígjald.	
	Fyrir „41 646“ kemur	43 000
l.	Við 1 16 01 Gjald af innlendum tollvörum.	
	Fyrir „85 407“ kemur	95 000
m.	Við 1 16 02 Sælgætisgjald.	
	Fyrir „3 507“ kemur	3 800
n.	Við 1 16 03 Flöskugjald.	
	Fyrir „27 801“ kemur	32 200
o.	Við 1 17 01 Söluskattur.	
	Fyrir „3 471 000“ kemur	3 519 000
p.	Við 1 17 01 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.	
	Fyrir „278 000“ kemur	282 000
q.	Við 1 17 11 Miðagjald til Menningarsjóðs.	
	Fyrir „2 939“ kemur	3 100
r.	Við 1 17 21 Launaskattur.	
	Fyrir „246 130“ kemur	422 000
s.	Við 1 17 31 Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	
	Fyrir „926 430“ kemur	1 110 000
t.	Við 1 17 32 Gjald af seldum vindlingum.	
	Fyrir „13 371“ kemur	15 600
u.	Við 1 17 33 Gjald af seldum eldspýtum.	
	Fyrir „2 017“ kemur	1 900
v.	Við 1 17 52 Ferskfiskmatsgjald.	
	Fyrir „14 260“ kemur	16 000
x.	Við 1 17 52 Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum.	
	Fyrir „11 970“ kemur	12 600
y.	Við 1 17 91 Iðnaðargjald.	
	Fyrir „4 322“ kemur	4 400
z.	Við 1 17 93 Gjald af eyðublöðum heillaskeyta.	
	Fyrir „205“ kemur	200
þ.	Við 1 19 01 Stimpilgjöld.	
	Fyrir „170 200“ kemur	160 000
æ.	Við 1 19 02 Aukatekjur.	
	Fyrir „34 450“ kemur	35 000
ö.	Við 1 19 03 Þinglýsingar.	
	Fyrir „54 389“ kemur	51 600
2.	Við 3. gr. 1 Tekjur.	
a.	Við 1 19 11 Bifreiðaskattur.	
	Fyrir „148 000“ kemur	128 000
b.	Við 1 19 12 Bifreiðaskattur vegna hægri umferðar.	
	Fyrir „17 300“ kemur	17 500
c.	Við 1 19 13 Skrásetningargjald bifreiða.	
	Fyrir „5 000“ kemur	6 000
d.	Við 1 19 15 Veggjald.	
	Fyrir „17 100“ kemur	17 700
e.	Við 1 19 22 Vitagjald.	
	Fyrir „3 100“ kemur	3 300
f.	Við 1 19 23 Skipaskoðunargjald.	
	Fyrir „2 500“ kemur	2 600
g.	Við 1 19 32 Hluti af umboðsþóknun og gengismun viðskiptabankanna.	
	Fyrir „75 900“ kemur	78 000
h.	Við 1 19 33 Leyfisgjald.	
	Fyrir „8 030“ kemur	7 500

		Þús. kr.
i.	Við 1 19 92 Skipulagsgjald.	
	Fyrir „11 485“ kemur	11 500
j.	Við 1 19 95 Prófgjald bifreiðastjóra.	
	Fyrir „920“ kemur	1 000
k.	Við 1 19 96 Prófgjald iðnnema.	
	Fyrir „840“ kemur	800
l.	Nýr liður:	
	1 31 03 Dráttarvextir	20 000
m.	Við 1 39 05 Sektir og upptækar vörur til Menningarsjóðs.	
	Fyrir „1 600“ kemur	1 300
n.	Við 1 39 06 Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs.	
	Fyrir „15 000“ kemur	16 000
3.	Við 4. gr. 1 02 9 76 Menningarsjóður.	
	Fyrir „4 539“ kemur	4 400
4.	Við 4. gr. 1 04 271 Landgræðslusjóður.	
	Fyrir „3 900“ kemur	4 602
5.	Við 4. gr. 1 04 283 13 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.	
	Fyrir „390 000“ kemur	275 000
6.	Við 4. gr. 1 04 286. Nýr liður:	
	17 Aðstoð við bændur	29 000
7.	Við 4. gr. 1 05 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs.	
	Fyrir „4 800“ kemur	5 000
8.	Við 4. gr. 1 07 271 04 Launaskattur.	
	Fyrir „246 130“ kemur	242 000
9.	Við 4. gr. 1 07 271 05 Byggingarsjóðsgjald.	
	Fyrir „26 462“ kemur	28 173
10.	Við 4. gr. 1 07 974 Styrktarsjóður fatlaðra.	
	Fyrir „2 630“ kemur	2 850
11.	Við 4. gr. 1 07 975 Styrktarsjóður vangefinna.	
	Fyrir „20 851“ kemur	24 150
12.	Við 4. gr. 1 07 999 01 Aðstoð við blinda.	
	Fyrir „977“ kemur	1 050
13.	Við 4. gr. 1 07 999 14 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.	
	Fyrir „2 017“ kemur	1 900
14.	Við 4. gr. 1 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.	
	Fyrir „2 557 400“ kemur	2 953 100
15.	Við 4. gr. 1 08 399 08 Hjartavernd.	
	Fyrir „6 950“ kemur	8 050
16.	Við 4. gr. 1 08 399 09 Krabbameinsfélag Íslands.	
	Fyrir „3 362“ kemur	3 866
17.	Við 4. gr. 1 09 281 Tollstöðvar.	
	Fyrir „14 515“ kemur	15 526
18.	Við 4. gr. 1 09 999 10 Verðlagsuppbætur á laun í desember 1970 og á árinu 1971.	
	Liðurinn fellur niður.	
19.	Við 4. gr. 1 10 211 Vegagerð 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „200 000“ kemur	233 600
20.	Við 4. gr. 1 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
	Fyrir „577 000“ kemur	1 127 000
21.	Við 5. gr. 2 08 271 Tryggingastofnun ríkisins 1 90 Annað.	
	Fyrir „272 800“ kemur	310 200
22.	Við 5. gr. 2 09 101 Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins 1 10 Seldar vörur og þjónusta.	
	Fyrir „1 510 080“ kemur	1 693 650

Nd. 216. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nm. til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (MK) lét málið afskiptalaust.

Alþingi, 3. des. 1970.

Benedikt Gröndal, form. Eyjólfur Konr. Jónsson, fundaskr. Gunnar Gíslason, frsm.
Eysteinn Jónsson. Sigurvin Einarsson. Birgir Kjaran.

Nd. 217. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna, BGr og EðS, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 30. nóv. 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form. Pálmi Jónsson, fundaskr., frsm. Jónas Pétursson.
Stefán Valgeirsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 218. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til laga um lífeyrissjóð bænda.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá háttvirtri Ed. Landbúnaðarnefnd Nd. hefur fjallað um frv. á tveimur fundum og fengið til viðræðu Guðjón Hansen tryggingafræðing. Hún hefur einnig fengið til yfirlits frá landbúnaðarnefnd Ed. umsagnir Stéttarsambands bænda og stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Frv. er undirbúið í samráði við bændasamtökin, og er það í öllum meginatriðum í samræmi við þeirra tillögur. Málið er yfirgripsmikið og flókið, en nauðsynjamál og því mikilsvert, að það fái sem fyrst lögfestingu. Nefndin mælir með samþykkt frv. óbreytts, eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 7. des. 1970.

Jónas Pétursson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Stefán Valgeirsson, með fyrirvara. Eyjólfur Konr. Jónsson. Benedikt Gröndal.
Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 219. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um rekstur Landssmiðjunnar.

Flm.: Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlanir um endurskipulagningu Landssmiðjunnar í þeim tilgangi, að afkastageta fyrirtækisins verði nýtt til fullnustu. Skulu þær áætlanir m. a. taka mið af áformunum um þurrkví í Reykjavík og endurskipulagningu verkstæða, sem starfrækt eru á vegum ríkis og ríkisstofnana. Áætlanir þessar skulu lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi ásamt tillögum um fjáröflun til þess að koma vélakosti og rekstri Landssmiðjunnar í nútímalegt horf.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hefur rekstri Landssmiðjunnar hrakað mjög frá þeim tíma, þegar hún var forustufyrirtæki í málmiðnaði hérlendis. Ástæðan er ekki sú, að fyrirtækið hafi allt í einu orðið óþarft, heldur hafa komið til þeir pólitísku fordómar, að ríkið mætti ekki starfrækja fyrirtæki í málmiðnaði, og hafa samkeppnisfyrirtæki í einkaeign vafalaust ýtt undir það mat. Síðustu árin hafa margar nefndir fjallað um framtíð Landssmiðjunnar, skilað álitsgerðum og tillögum, en ekki hafa þau störf komið að neinum notum, vegna þess að framkvæmdavilja skorti. Hin neikvæða afstaða til Landssmiðjunnar náði hámarki, þegar ráðherrar Sjálfstæðisflokksins lögðu til innan ríkisstjórnarinnar, að fyrirtækið skyldi lagt niður. Er sú tillaga enn óafgreidd og því mjög tímabært, að Alþingi lýsi afstöðu sinni til þess máls.

Í tillögu þessari er lagt til, að Alþingi marki þá stefnu, að Landssmiðjan haldi áfram starfsemi sinni og verði aukin og efld í samræmi við nútímakröfur. Í sambandi við áætlanir um þau efni er lagt til, að hliðsjón verði höfð af áformunum um þurrkví í Reykjavík, en í sambandi við það fyrirtæki er þörf á málmsmiðju, og gæti farið vel á því, að Landssmiðjan tæki það verkefni að sér. Í annan stað er bent á þá leið að tengja Landssmiðjuna þeirri endurskipulagningu á verkstæðum ríkis og ríkisstofnana, sem nú er mjög brýn nauðsyn. Hneykslisástandið í þeim málum má m. a. marka af lýsingu þeirri, sem hér fer á eftir og tekin er úr framsöguræðu Magnúsar Jónssonar fjármálaráðherra fyrir fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971:

„Hefur þetta mál verið í athugun síðan í fyrra, en það er mjög umfangsmikið og snertir margar stofnanir. Eru auk Landssmiðjunnar rekin samtals 11 verkstæði í véla- og málmsmíði á vegum 9 ríkisfyrirtækja hér í Reykjavík, auk verkstæða annars staðar á landinu. Öll eiga þessi fyrirtæki vinnuvélar af ýmsum gerðum og tegundum, ekkert samræmi eða samráð hefur ríkt um vinnuvélakaup, kaup varahluta og rekstrarvöru, notkun vinnuvéla og rekstur þessa fjölda verkstæða, enda hafa nær eingöngu verið hafðar í huga þarfir einstakra stofnana, þegar ráðizt hefur verið í vélakaup eða verkstæðisrekstur. Vinna flest þessi verkstæði mjög skyld störf. Fleiri en ein ríkisstofnun eiga þarna sambærilegar eða sams konar vélar, sem standa stundum ónotaðar um lengri tíma, á sama tíma og önnur stofnun þarf á sams konar vél að halda. Ósamræmi í vélakaupum og tegundum véla veldur erfiðleikum í rekstri og margfaldri fjárfestingu í varahlutum og rekstrarvöru. Mörg smáverkstæði hafa óþarfa stjórnunarkostnað, mannafli verkstæðanna nýtist misjafnlega vegna smæðar þeirra og takmarkaðra verkefna, og rík tilhneiging er til að taka inn á verkstæði þessi starfsmenn á ýmsum tímum, sem þar hafa raunar ekkert að gera, enda ætlað að sinna öðrum verkefnum aðra tíma ársins, og er það vandamál út af fyrir sig. En engum efa er bundið, að hér er brýn nauðsyn skipu-

lagsbreytingar, hægt að koma við verulegum sparnaði með sameiningu verkstæða og aukinni samvinnu þeirra, og sýnist raunar eðlilegt að stefna að sérstakri allsherjar vélamiðstöð ríkisins.“

Auk þeirra hugmynda, sem hér hafa verið raktar, gæti Landssmiðjan rækt ýmis verkefni önnur. Í sambandi við áætlanir um framtíðina skiptir hins vegar meginmáli, að kunnugt sé um þann vilja Alþingis, að Landssmiðjan verði starfrækt áfram af fullum þrótti, svo að fyrirtækið losni úr þeim herfjötri, að dauðadómur vofi yfir því árum saman.

Sþ. 220. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1971.

	Þús. kr.
I. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*	
1. Við 4. gr. 1 02 321 Kennaraskóli Íslands. Nýr liður:	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	20 000
2. Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:	
20 Til Leikfélags Reykjavíkur sem framlag í byggingarsjóð ..	2 000
II. Frá *Einari Ágústssyni* og *Helga Bergs.*	
Við 4. gr. 1 08 471 02 Gæzluvistarsjóður, framlag.	
Fyrir „8 300“ kemur	16 600
III. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*	
Við 4. gr. 1 10 333 Hafnamál. Nýr liður:	
09 Ráðstafanir gegn mengun í höfnum	5 000

Sþ. 221. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1971.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1971 var vísað til fjárveitinganefndar 20. okt. s. l. Síðan hefur nefndin haft málið til athugunar og rætt það á samtals 36 fundum. Auk þess hefur nefndin nú sem fyrr skipt með sér verkum, þannig að einstakir nefndarmenn hafa starfað í undirnefndum til athugunar á sérstökum málaflokkum frumvarpsins. Hafa þau vinnubrögð auðveldað nefndinni störfin og flýtt fyrir afgreiðslu málsins í heild.

Á þessu ári var svo sem á s. l. ári að tilhlutan fjármálaráðuneytisins starfandi undirnefnd fjárveitinganefndar, sem í átti sæti einn maður frá hverjum stjórnmálaflokki, sem fulltrúa á í nefndinni. Undirnefndin vann milli þinga í samstarfi við Fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins. Hún ræddi við forstöðumenn ríkisstofnana, leitaði upplýsinga um ýmis atriði varðandi rekstur þeirra og fylgdist að öðru leyti með samningu fjárlaga, eftir því sem kostur var. Þá er þess að geta, að forstöðumaður Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, dr. Gísli Blöndal, sat flesta fundi nefndarinnar og veitti henni margvíslegar upplýsingar og aðstoð við afgreiðslu málsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu, er öll viðmiðun hvað verðlag snertir miðuð við það verðlag, sem í gildi var, þegar Alþingi kom saman. Hitt var öllum ljóst, að ef ekki kæmu til einhverjar þær ráðstafanir af hendi þess opinbera, sem hömluðu gegn þeirri óheillaþróun, sem af víxlhækkunum

verðlags og kaupgjalds leiðir, hlyti svo að fara, að dýrtíðarhjólið héldi áfram að snúast með þeim afleiðingum, að allur atvinnurekstur í landinu yrði í yfirvofandi hættu og stóraukin útgjöld mundu hlaðast á ríkissjóð. Hins vegar má fullyrða, að með tilkomu hinna nýju laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis hafi meiri festa og atvinnuöryggi skapazt í landinu. — Af verðstöðvunarlögunum leiðir hins vegar, að gera verður verulegar breytingar á fjárlagafrumvarpinu. Tekjuliðir frv. hækka vegna þeirra laga um samtals 370 millj. kr. Lækkanir á gjöldum frumvarpsins af sömu ástæðum eru: Áætlaðar verðlagsuppbætur á laun, 150 millj. kr., og liðurinn til útflutningsuppbóta, sem lagt er til, að verði lækkaður um 115 millj. kr. — Á gjaldahlið frumvarpsins verða einnig breytingar, sem tengdar eru verðstöðvunarlögunum, eins og fram kemur á þingskjali 215: að niðurgreiðslur hækka um 550 millj. kr. og fjölskyldubætur um 145 millj. kr. Að öðru leyti eru þær breytingartillögur, sem meiri hluti nefndarinnar flytur við tekjuhlið frumvarpsins, byggðar á nýrri endurskoðun, sem Efnahagsstofnunin hefur framkvæmt, og vísast til þess, sem fram kemur á þingskjali 215, varðandi þær brtt.

Meðan staðið hefur yfir athugun nefndarinnar á frumvarpinu, hefur hún kallað á sinn fund forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana og rætt við þá ýtarlega um reksturinn. Með því móti telur nefndin sig færari um að meta þau atriði, sem mest knýr á að fái úrbætur.

Þá hafa nefndinni nú sem fyrr borizt fjölmörg erindi frá einstaklingum, samtökum og stofnunum um margvíslegar beiðnir varðandi fjárhagslegan stuðning. Hefur nefndin eftir föngum reynt að kynna sér efni erindanna og komið til móts við umsækjendur, eftir því sem hún hefur talið sér fært. Að sjálfsögðu hefði nefndin viljað veita frekari úrlausn til ýmissa mála en raun hefur á orðið. Takmarkað fjármagn hins opinbera hefur hins vegar ráðið úrslitum.

Enn sem komið er hefur nefndinni ekki unnizt tími til að ljúka að fullu afgreiðslu á nokkrum liðum fjárlagafrumvarpsins, en þeir bíða til 3. umræðu. Má þar nefna nýjar barna- og gagnfræðaskólabyggingar og skólabyggingar með fjárveitingar til undirbúningsframkvæmda.

Þá er þess að geta, að af eðlilegum ástæðum hefur nefndin enn sem komið er ekki getað fjallað um breytingar á launum opinberra starfsmanna, en svo sem kunnugt er standa samningar enn yfir. Þess er vænzt, að niðurstöður þeirra liggi fyrir við 3. umræðu málsins.

Um heildarafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Mun minni hlutinn því skila séráliti. Varðandi breytingartillögur á þingskjali 214 varð hins vegar samstaða innan nefndarinnar, og flytur hún þær tillögur sameiginlega.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við gjaldahlið frumvarpsins:

Um 1 01 Forsætisráðuneytið.

Lagt er til, að launaliður við forsætisráðuneytið hækki um 278 þús. kr., en það eru laun eins fulltrúa. — Þá er lagt til að veita 200 þús. kr. vegna kostnaðar við flutning á gestaskálanum, er stóð á baklóð ráðherrabústaðarins, sem brann á Þingvöllum á s. l. sumri, en samkvæmt tillögum nefndarinnar við 6. gr. frv. er lagt til, að Styrktarfélaginu Tjaldanesi sé gefinn umræddur gistiskáli. — Þá er lagt til, að framlag til Kanadasjóðs, 45 þús. kr., komi undir forsætisráðuneytið, en liður þessi var í fjárlögum 1970 færður undir menntamálaráðuneytið.

Um 1 02 Menntamálaráðuneytið.

Þar er fyrst breytingartillaga varðandi Háskóla Íslands. Lagt er til, að liðurinn 07 Viðskiptadeild hækki um 280 þús. kr. Er það vegna aukins kennslukostnaðar, sem stafar af ófyrirséðri fjölgun stúdenta í deildinni að þessu sinni. — Til Náttúru-

fræðistofnunar Íslands er tillaga um, að liðurinn 0 27 Viðhald hækki um 100 þús. kr. — Lagt er til, að fjárveiting til Menntaskólans á Ísafirði, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 5 millj. kr. og verður þá 7.5 millj. kr. Eftirstöðvar af fyrri fjárveitingum til skólans munu nema um 6 millj. kr. Verða þá samtals 13.5 millj. kr. handbærar til að hefja byrjunarframkvæmdir, sem eru heimavist fyrir 40 nemendur ásamt íbúð fyrir skólameistara. — Þá er lagt til, að inn verði tekin fjárveiting til Kennaraskóla Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður að upphæð 8 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir, að unnt verði að hefja byggingu á íþróttahúsi fyrir skólann á komandi sumri. Skólinn á fyrir ónotaðar fjárveitingar fyrri ára til byggingarframkvæmda, að upphæð 6 millj. kr. — Varðandi fjárveitingu til Æfinga- og tilraunaskóla kennaraskólans er lagt til, að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður, að upphæð 3 millj. kr., verði felldur niður. — Hjá Húsmæðrakennaraskóla Íslands er lagt til, að inn verði tekinn nýr liður, gjaldfærður stofnkostnaður að upphæð 200 þús. kr. Skal verja upphæðinni til undirbúningsframkvæmda fyrir skólann.

Lagt er til, að fjárveiting til Fræðslumyndasafnsins hækki um 100 þús. kr. Er hér um hækkun á fjárveitingu til skólasjónvarps að ræða.

Fjárveiting til iðnskóla, gjaldfærður stofnkostnaður, er lagt til að hækki um 1 134 þús. kr., en jafnframt er tillaga um, að heildarfjárveitingunni, 13 134 þús., sé skipt milli 7 skólaframkvæmda, eins og fram kemur á þingskjali 214. — Lagt er til, að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður húsmæðraskóla lækki um 177 þús. kr., og er upphæðinni, 8 823 þús. kr., skipt milli 7 húsmæðraskóla. — Þá er tillaga um að hækka liðinn gjaldfærður stofnkostnaður við Myndlista- og handíðaskólann um 50 þús. kr. — Enn fremur er lagt til, að fjárveiting til Stýrimannaskólans, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 7 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir, að unnt verði að hefja byggingarframkvæmdir við annan af tveimur áföngum, sem fyrirhugaðir eru í byggingum fyrir skólann í náinni framtíð. — Lagt er til, að fjárveiting til Verzlunarskóla Íslands hækki um 4.9 millj. kr. Er þá tekið sérstakt tillit til rekstrarkostnaðar þess hluta skólans, er veit að stúdentsmenntun. — Til Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum hækkar framlag um 100 þús. kr., og er það hækkaður rekstrarstyrkur. — Fjárveiting til stofnkostnaðar héraðsskólanna er lagt til að hækki um samtals 7 970 þús. kr. Koma þá alls 24 670 þús. kr. til skipta milli hinna einstöku framkvæmda héraðsskólanna. Vísast í því efni til þess, er fram kemur á þingskjali 214 um tillögur nefndarinnar.

Þá eru næst tillögur fjárveitinganefndar um framlög til stofnkostnaðar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra, samkv. ákvæðum laga nr. 41/1955. Heildarupphæð til þessara framkvæmda leggur nefndin til að verði 98 479 þús. kr. og skiptist þannig, að til stofnkostnaðar barnaskóla verði varið 77 254 þús. kr. og til stofnkostnaðar gagnfræðaskóla samkv. þessum lögum 21 225 þús. kr. Um skiptingu milli einstakra framkvæmda vísast að öðru leyti til þess, er fram kemur á þingskjali 214. — Næst eru tillögur um fjárveitingar til greiðslu stofnkostnaðar skóla, sem byggðir eru samkvæmt lögum nr. 49/1967, framhaldsfjárveitingar. Eru þar fyrst tillögur um barnaskóla, heildarfjárveiting 103 239 þús. kr., og til gagnfræðaskóla 28 532 þús. kr. Um skiptingu milli einstakra skólabygginga vísast hins vegar til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti á þingskjali 214. — Þá er loks tillaga nefndarinnar um fjárveitingu til Krýsuvíkurskóla, 4 310 þús. kr., en það er jafnhá upphæð og veitt var til sama skóla í fjárlögum yfirstandandi árs og einnig með sama fyrirvara, þ. e. gegn jafnháu framlagi annars staðar að.

Með þessum tillögum um fjárveitingar til byggingarframkvæmda skóla hefur nefndin lokið við tillögugerð sína varðandi allar þær skólabyggingar, sem nú eru á framkvæmdastigi. Hins vegar bíða afgreiðslu í nefndinni tillögur um fjárveitingar til undirbúnings framkvæmda og tillögur um fjárveitingar til þeirra barna- og gagnfræðaskólabygginga, sem hafnar munu framkvæmdir við á næsta ári. Mun nefndin skila tillögum sínum þar um við 3. umræðu málsins.

Lagt er til, að liðurinn 881 09: Styrkur til útgáfustarfa, hækki um 350 þús. kr. Er þá haft í huga, að af þessum fjárlagalið verði veittir m. a. eftirtaldir nýir útgáfustyrkir: Til Þjóðvinafélagsins 100 þús. kr. — Til Hins íslenzka bókmenntafélags 100 þús. kr. — Til Sögunefndar Þingeyinga 50 þús. kr. — Til útgáfu þjóðlaga séra Bjarna Þorsteinssonar 100 þús. kr. — Til útgáfu á söngvasafni Þórðar Kristleifssonar 50 þús. kr. — Til að ljúka samningu íslenzk-þýzkrar orðabókar 75 þús. kr. — Til Félagsstofnunar stúdenta er tillaga um að hækka fjárveitingu um 600 þús. kr. — Þá er lagt til, að fjárveiting til Landsbókasafnsins, liðurinn 0 20 Önnur rekstrargjöld, hækki um 150 þús. kr., en upphæðin er ætluð sem viðbótarfjárveiting til bóka- og handritakaupa. — Fjárveiting til Þjóðminjasafnsins: Lagt er til, að launaliður hækki um 228 þús. kr. Er það vegna ráðningar smiðs við safnið. — Þá er einnig lagt til, að liðurinn 0 92 við Þjóðminjasafnið: Til sveitarfélaga, hækki um 200 þús. kr., og skal upphæðin ganga til styrktar byggðasafnsbyggingum eftir nánari ákvörðun. — Til Listasafns ríkisins er lagt til, að fjárveiting hækki um 150 þús. kr. Skiptist upphæðin á 3 rekstrarliði Listasafnsins, eins og fram kemur á þingskjali 214. — Við endurskoðun á fjárhagsáætlun Þjóðleikhússins kom í ljós, að tekjuáætlun er talin of há. Féllst nefndin á þetta sjónarmið og leggur því til, að áætlaðar tekjur lækki um 2 millj. kr. og fjárveiting til Þjóðleikhússins verði þá hækkuð um sömu upphæð. — Lagt er til, að liðurinn 981 02 Til bæjar- og héraðsbókasafna hækki um 50 þús. kr. Skal upphæðin renna til Amtsbókasafnsins á Akureyri, vegna geymsludeildar safnsins. — Þá er lagt til, að liðurinn 982 02 Tónlistarskólar verði hækkaður um 500 þús. kr., en það er vegna vanáætlunar, en ríkissjóður greiðir sem kunnugt er ⅓ af rekstrarkostnaði allra tónlistarskóla í landinu samkvæmt sérstökum lögum. — Varðandi fjárveitingu til Barnamúsíkskólans kom í ljós, að fjárveiting samkvæmt fjárlagafrumvarpinu var of há um 200 þús. kr., og er því um leiðréttingu að ræða, sem gerð er að höfðu samráði við skólastjórann. — Lagt er til, að liðurinn til lúðrasveita hækki um 30 þús. kr. Er það vegna vanáætlunar og einnig vegna tilkomu nýrrar lúðrasveitar, sem bætzt hefur við á árinu. — Til leiklistarstarfsemi hækkar fjárveiting um 100 þús. kr., en gert er ráð fyrir, að sú fjárveiting gangi til Leikfélags Akureyrar. — Lagt er til, að liðurinn til Listasafna hækki um 275 þús. kr., sem skiptist á milli listasafnanna á Ísafirði, 75 þús. kr., listasafns A.S.Í., 100 þús. kr., og listasafns Selfoss, 100 þús. kr. — Þá er lagt til, að liðurinn til vísinda- og fræðimanna hækki um 50 þús. kr., en það er vegna mannfræðirannsókna dr. Jens Pálssonar, en til þeirrar starfsemi eru einnig ætlaðar 100 þús. kr. á þessum fjárlagalið samkvæmt fyrri ákvörðun.

Þá er lagt til, að fjárveiting til Í.S.Í hækki um 2 009 þús. kr. Þar af er hækkuð áætlun um tekjur af vindlingagjaldi 509 þús. kr. — Liðurinn til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar fellur niður, þar sem skólinn er hættur störfum. — Þá er lagt til, að íþróttaskólinn í Kerlingarfjöllum fái fjárveitingu að upphæð 100 þús. kr. Hér er um byggingarstyrk að ræða, en skóli þessi heldur uppi skíðakennslu árlega um a. m. k. tveggja mánaða skeið. — Tímaritið Veðrið: Lagt er til, að fjárveiting hækki um 10 þús. kr. til að standa straum af útgáfukostnaði ritsins.

Liðurinn til Bandalags ísl. leikfélaga hækkar um 100 þús. kr. — Lagt er til, að fjárveiting til Leikfélags Reykjavíkur hækki um 750 þús. kr. og verði þá alls 1 500 þús. kr. Liðurinn til Rithöfundasambands Íslands er lagt til, að hækki um 35 þús. kr. — Þá er lagt til, að fjárveiting til Hins íslenzka náttúrufræðifélags hækki um 25 þús. kr., en það er vegna stóraukins útgáfukostnaðar á riti félagsins, Náttúrufræðingnum. — Til Stærðfræðifélagsins er tillaga um hækkun 20 þús. kr. — Til Taflfélags Reykjavíkur er tillaga um 10 þús. kr. hækkun, og til Skáksambands Íslands er lagt til, að fjárveiting hækki um 70 þús. kr. — Lagt er til, að fjárveiting til Bandalags ísl. skáta hækki sem nemur 150 þús. kr. — Til Fuglaverndarfélags Íslands er lagt til, að fjárveiting hækki sem nemur 15 þús. kr. — Lagt er til, að

fjárveiting til Kvenfélagasambands Íslands hækki um 150 þús. kr. Kvenfélagasambandið hefur nú ráðið í þjónustu sína heils dags starfsmann, sem hefur með höndum ýmis fræðslu- og leiðbeiningastörf fyrir húsmæður.

Þá er lagt til, að inn komi nokkrir nýir liðir: Dýrasafnið 100 þús. kr., enda verði sett stofnskrá um safnið, staðfest af menntamálaráðuneytinu. — Blindravinafélag Íslands vegna ferða um landið til að stuðla að aðstoð við blinda og alvarlega sjónskerta 100 þús. kr. — American Field Service 50 þús. kr. — Landssamband ísl. menntaskólanema 50 þús. kr. — Til Samtaka ísl. kennaranema 15 þús. kr. — Hagsmunasamtök einstæðra foreldra 50 þús. kr. — Kvennaheimilið Hallveigarstaðir 200 þús. kr. — Samband norðlenzkra kvenna til námskeiðs í heimilisgarðrækt 25 þús. kr. — Íslendingafélagið í Osló til kaupa á húsgögnum 50 þús. kr. — Viðhald á gömlu rjómabúi á Baugsstöðum í Árnessýslu 50 þús. kr. — Til norræns safnmannafundar, sem haldinn verður á Íslandi sumarið 1971, 200 þús. kr. — Safnahúsið á Sauðárkróki 250 þús. kr. — Málfundafélagið Magni í Hafnarfirði, í tilefni af 50 ára afmæli félagsins, 200 þús. kr. — Minnisvarði um Jón Eiríksson konferenzráð 35 þús. kr. — Minnisvarði um Guðmund góða 35 þús. kr. — Minnisvarði um Ara fróða 35 þús. kr. — Ólympíunefnd vegna þátttöku í Ólympíuleikunum, sem halda á í München árið 1972, 250 þús. kr. — Frjálsíþróttasamband Íslands vegna Evrópumeistaramóts 75 þús. kr.

Um 1 03 Utanríkisráðuneytið.

Lagt er til, að inn verði tekinn nýr liður: Tillag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (International Hydrographic Bureau).

Um 1 04 Landbúnaðarráðuneytið.

Við Skógrækt ríkisins er tillaga um að hækka liðinn 03 Skóggræðsla um 800 þús. kr., til tilraunarstöðvarinnar að Mógilsá er tillaga um 100 þús. kr. lækkun, og loks er lagt til, að inn komi nýr liður: Dánarbætur, að upphæð 300 þús. kr., en það er vegna hins hörmulega atburðar, þegar Einar E. Sæmundsen skógarvörður fórst í bílslysi. — Þá er lagt til, að fjárveiting til Landgræðslu á liðnum gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 1 500 þús. kr. — Lagt er til, að liðurinn 286 03 Fyrirhleðslur hækki um 475 þús. kr. Varðandi skiptingu á fjárupphæðinni milli framkvæmda vísast til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti á þingskjali 214. — Lagt er til, að liðurinn til Garðyrkjufélags Íslands hækki um 20 þús. kr. og Efnarannsóknastofa Norðurlands hækki um 50 þús. kr. — Inn komi eftirfarandi nýir liðir: Til rannsóknastöðvarinnar Kötlu, Víkurbakka, 25 þús. kr. — Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands 200 þús. kr. — Til norræns dýralæknamóts 100 þús. kr. — Um Bændaskólann á Hvanneyri er lagt til, að liðurinn viðhald hækki um 500 þús. kr., er það vegna óhjákvæmilegra endurbóta á raflögnum eldri skólahúsanna. Einnig er lagt til, að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr.

Um 1 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

Við 201 Fiskifélag Íslands 02 Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins er tillaga um 500 þús. kr. hækkun. Er þá gert ráð fyrir, að upphæðin nægi til að standa straum af fastráðningu eins starfsmanns og til að standa undir kostnaði við ferðir hans um landið. — Þá er lagt til, að hjá Fiskmati ríkisins hækki launaliður um 500 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 500 þús. kr. Er það vegna vanáætlunar, sem átti sér stað við tillögugerð. — Lagt er til, að inn komi nýr liður: Tækniaðstoð til umbóta á hollustuháttum í fiskiðnaði 500 þús. kr.

Um 1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Sýslumaðurinn á Patreksfirði: Lagt er til, að launaliður hækki um 280 þús. kr. Er það vegna ráðningar á föstum starfsmanni. Þá er einnig lagt til, að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 545 þús. kr. — Vinnuhælið á Litla-Hrauni:

Lagt er til, að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2 millj. kr. — Þá er lagt til, að fjárveiting til vinnuhælisins á Kvíabryggju, önnur rekstrargjöld, hækki um 120 þús. kr. Er fjárhæð þessari ætlað að standa undir kostnaði við að fjarlægja veg, sem liggur nú um hlað hælisins.

Við fjárveitingar til þjóðkirkjunnar eru nokkrar breytingartillögur. Lagt er til, að liðurinn 03 Kirkjuþing hækki um 100 þús. kr. — Æskulýðsstörf hækki um 300 þús. kr., og þá er gert ráð fyrir, að ráðinn verði einn nýr æskulýðsfulltrúi. — Til sumarbúðastarfsins er tillaga um 300 þús. kr. hækkun. — Þá er lagt til, að liðurinn 15 Prestar og prófastar, hækki um 2 500 þús. kr. vegna aukins embættiskostnaðar. — Til bygginga á prestssetrum hækkar fjárveiting um 900 þús. kr. og verður þá samtals 4 500 þús. kr. — Lagt er til, að liðurinn til biskupsbústaðar lækki um 473 þús. kr. Er hér um að ræða leiðréttingu í sambandi við lánagreiðslur. — Framlag til útihúsa á prestssetrum er lagt til að hækki um 250 þús. kr. — Liðurinn Hið íslenzka biblíufélag hækkar um 50 þús. kr. — Að lokum er lagt til, að inn verði teknir eftirfarandi nýir liðir: Til útgáfu rits presta í Hólastifti 25 þús. kr. — Til Kirkjuvogskirkju í Höfnum 150 þús. kr. — Til Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd 25 þús. kr. — Og að lokum til Kirkjukórasambands Íslands 25 þús. kr.

Um 1 07 Félagsmálaráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn 981 10 Alþýðusamband Íslands hækki um 100 þús. kr. Er upphæðinni ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur Menningar- og fræðslusambands alþýðu. — Iðnnemasamband Íslands: Lagt er til, að fjárveiting hækki um 25 þús. kr. — Rauði kross Íslands: Lagt er til, að fjárveiting hækki um 200 þús. kr. Er upphæðinni ætlað að standa straum af auknum kostnaði Rauða krossins, m. a. vegna þátttökugjalda til erlendra félagssamtaka. — Til Slysavarnafélags Íslands er lagt til, að framlag hækki um 659 þús. kr. Er hér um að ræða 150 þús. kr. hækkun til að standa straum af kostnaði við tilkynningaskyldu íslenzkra fiskiskipa og 509 þús. kr. vegna breytinga á tekjuáætlun. — Orlofssjóður húsmæðra: Lagt er til, að liðurinn hækki um 250 þús. kr. — Lagt er til, að inn verði teknir eftirfarandi nýir liðir: Styrktarsjóður fatlaðra 500 þús. kr. byggingarstyrkur. — Blindrafélagið 200 þús. kr. byggingarstyrkur. — Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra 50 þús. kr.

Um 1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Lagt er til, að gerðar verði nokkrar breytingar á fjárveitingum til ríkisspítalanna. Kemur þar fyrst tillaga nefndarinnar um hækkun til skrifstofu ríkisspítalanna að upphæð 689 þús. kr. Er þar gert ráð fyrir ráðningu tveggja starfsmanna. — Til Rannsóknastofu háskólans hækkar launaliður um 814 þús. kr. — Blóðbankinn, launaliður hækkar um 269 þús. kr. — Til Landspítalans, laun hækka um 5 208 þús. kr. — Fæðingadeild Landspítalans, laun hækka um 200 þús. kr. — Kleppsspítalinn, laun hækka um 2 000 þús. kr. — Vífilsstaðahæli, laun hækka um 1 050 þús. kr. — Kristneshæli, fjárveiting hækkar um 1 062 þús. kr. — Kópavogshæli, laun hækka um 355 þús. kr.

Til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða: Lagt er til, að liðurinn hækki um 14 817 þús. kr. og verður þá samtals 74 200 þús. kr. Um skiptingu á fjárhæðinni milli einstakra framkvæmda vísast til sérstaks yfirlits á þingskjali 214. — Við liðinn 399, er lagt til, að komi nýr liður: Þing skurðlækna á Norðurlöndum, að upphæð 150 þús. kr. — Þá er lagt til, að framlag til gæzluvistarsjóðs hækki um 1 700 þús. kr. og verði samtals 10 millj. kr.

Um 1 09 Fjármálaráðuneytið.

Lagt er til, að launaliður Skattstofunnar í Reykjavík hækki um 972 þús. kr., launaliður Skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra hækki um 324 þús. kr. og launaliður Skattstofu Reykjanesumdæmis um 324 þús. kr. — Þá er lagt til, að liðurinn

991 Ýmis lán ríkissjóðs 0 70 vextir hækki um 1 201 þús. kr. Og við liðinn lánahreyfingar út er tillaga um 1 488 þús. kr. hækkun.

Um 1 10 Samgönguráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn 211 Vegagerð 0 94 til einstaklinga, heimila og samtaka hækki um 75 þús. kr. — Þá er tillaga um, að liðurinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 19 315 þús. kr. Um skiptingu á upphæðinni milli einstakra framkvæmda vísast til þess, sem fram kemur á sérstöku yfirliti á þingskjali 214. — Þá er lagt til, að liðurinn Ferjubryggjur hækki um 1 731 þús. kr., og verður þá heildarupphæðin 3 281 þús. kr. Um skiptingu milli framkvæmda vísast til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti á þingskjali 214. — Liðurinn 333 08 Sjóvarnargarðar er lagt til, að hækki um 765 þús. kr., og vísast þá hvað snertir skiptingu milli einstakra framkvæmda til þess, er fram kemur í þingskjali 214. — Við flugmálastjórn er lagt til, að fjárveiting hækki um 230 þús. kr., og þá gert ráð fyrir, að ráðinn verði einn fulltrúi við stofnunina. — Til Veðurstofu hækkar fjárveiting um 242 þús. kr. vegna ráðningar eins starfsmanns við jarðeðlisfræðideildina.

Um 1 11 Iðnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn önnur rekstrargjöld við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins hækki um 160 þús. kr. — Fjárveiting til Heimilisiðnaðarfélags Íslands hækki um 75 þús. kr. — Varðandi liðina 105—110 um hækkun launa til ríkisspítalanna vísast til þess, sem áður er getið.

Um 6. gr.

Nefndin leggur til, að inn verði teknir tveir liðir:

1. Heimilað verði að selja eftirtaldar fasteignir póst- og símamálastjórnar:
   1. Hús pósts og síma að Kaupvangi 2, Egilsstaðakauptúni, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
   2. Hús pósts og síma að Egilsbraut 11, Neskaupstað, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
   3. Eignarhluti pósts og síma í núverandi póst- og símastöðvarhúsi í Búðardal, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
2. Heimilað verði að afhenda Styrktarfélaginu Tjaldanesi að gjöf gestaskálann, sem nú stendur á baklóð ráðherrabústaðarins, sem brann í sumar.

Alþingi, 7. des. 1970.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Sverrir Júlíusson. Gunnar Gíslason.

Sþ. 222. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1971.

Frá minni hl. fjárveitinganefnar (HS, GeirG, IG, ÁÞ).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 1 02 401 15 Til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.	
Fyrir „12 000“ kemur	25 000
2. Við 4. gr. 1 07 973 Framlag til atvinnujöfnunarsjóðs.	
Fyrir „76 800“ kemur	96 800

3. Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa.
Fyrir „59 383“ kemur 100 000

4. Við 4. gr. 1 11 371 02 Rafvæðing í sveitum.
Fyrir „32 000“ kemur 60 000

Sþ. 223. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga árið 1971.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Að venju gerir meiri hluti fjárveitinganefndar grein fyrir þeim tillögum, sem nefndin flytur sameiginlega. Aðild okkar að þeim er með svipuðum hætti og verið hefur. Við höfum óbundnar hendur um fylgi við þær í heild og hverja einstaka þeirra. En þó að fyrirvari okkar sé sá sami og verið hefur og hefðbundin venja er af hálfu minni hluta fjárveitinganefndar, þá viljum við taka það fram viðvíkjandi þessum tillögum yfirleitt, að þær bæta fjárlagafrumvarpið frá því, sem það var, er það var lagt fyrir Alþingi í upphafi þessa þings. Við munum fylgja þessum tillögum til samþykktar. Enda þótt við teljum, að í rétta átt hafi verið stefnt í vinnubrögðum fjárveitinganefndar, er þó langt frá því, að komið hafi verið til móts við þörfina í mörgum veigamiklum málaflokkum. Að því munum við víkja síðar í þessu nefndaráliti.

Nú, þegar fjárlagafrumvarpið kemur til annarrar umræðu, eru niðurstöðutölur tekjumegin 11 536 millj. kr. og er hækkunin frá gildandi fjárlögum 3 139 millj. Þessi hækkun er stórfelldari en dæmi eru til í sögu íslenzkra fjárlaga, og það svo, að öll fyrri met á því sviði hverfa sem dögg fyrir sólu. Sem dæmi um það, hvað stórfelld þessi hækkun er, viljum við minna á það, að fjárlögin voru árið 1967, þegar kosið var til Alþingis fyrir þetta kjörtímabil, sem nú er að ljúka, 4 700 millj. kr., eða einum þriðja hærri í heild en hækkunin ein er nú. Enda þótt greiðsluafgangur á fjárlagafrv. sé nú 400 millj. kr., mun hann ekki verða stórfelldur, þegar upp verður staðið, þar sem enn þá eru óuppgerðir stórir málaflokkar, eins og launahækkun ríkisstarfsmanna og framlög til nýrra bygginga barna- og gagnfræðaskóla o. fl.

Ástæða er til, að alþingismenn geri sér grein fyrir því, til hvers þetta fé fer. Láta mun nærri, að um 10—13% af þessum hækkunum gangi til fjárfestingarframkvæmda. En þrátt fyrir það, að um 300—400 millj. kr. aukið fé gangi til fjárfestingar og atvinnuveganna, eykst ekki framkvæmdamáttur þess fjár, er til þeirra rennur, við það, heldur hið gagnstæða, þar sem vöxtur verðbólgunnar er meiri en því nemur. Að einhverju leyti fer þetta fé í aukinn rekstrarkostnað, er leiðir af fjölgun þjóðarinnar, svo sem að fleiri kennara þarf til starfa, er börnunum fjölgar. Að öðru leyti gerir þjóðin kröfur til aukinnar þjónustu, menntunar o. fl. Launakjör voru orðin það lág hér á landi, að úr varð að bæta. En það, sem skiptir sköpum hér, er stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Verðbólgan gleypir hvern milljarðinn eftir annan í sína óseðjandi hít. Áhrifa hennar gætir alls staðar. Allar áætlanir verða haldlitlar vegna áhrifa hennar. Tekjustofnar, er miðast við krónutölu, en ekki hlutfall í verði, tapa gildi sínu. Hallarekstur væri á næsta leiti, ef verðlag og aflabrögð væru ekki með þeim ágætum, að engin dæmi eru til slíks, a. m. k. hvað verðlag á útflutningi sjávarafurða snertir.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er undirlagt af áhrifum verðbólgunnar, eins og sjúklingur af skæðum sjúkdómi. Yfir 1 100 millj. kr. er varið til niðurgreiðslna á vöruverði. Þessi fjárhæð nægir þó ekki til að halda verðlagi í skefjum nema til 1. september n. k. Enda þótt greiddar séu 8000 kr. í fjölskyldubætur með hverju barni, er þó kaupmáttur bótanna ekki eins mikill og fyrir áratug. Þessi einkenni verðbólgunnar eru augljós, en þar að auki mergsýgur verðbólgan allan rekstur í

landinu. Þá þarf að hafa það í huga í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, eins og áður er að vikið, að ekkert fé er ætlað til að halda þeim niðurgreiðslum áfram eftir 1. september n. k., sem upp voru teknar um síðustu mánaðamót. Þá er ekki heldur gert ráð fyrir, að fé þurfi til að greiða auknar verðlagsuppbætur á laun ríkisstarfsmanna, ef niðurgreiðslum yrði hætt 1. sept. n. k., eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Ljóst er af þessu, að þrátt fyrir það, að fjárlögin hækka um 3.2 milljarða kr. á einu ári, er þeim ekki ætlað að halda verðlagi í skefjum eða mæta verðhækkun nema 8 mánuði af árinu. Fram hjá þessum alvarlegu staðreyndum verður ekki gengið né því, að hlutfallslega dregur úr framkvæmdafé með ári hverju.

Eins og vikið er að fyrr í þessu nefndaráliti, er þrátt fyrir gífurlega hækkun fjárlaganna ekki nema að takmörkuðu leyti mætt fjárþörf til margra nauðsynjamála.

Skólamálin eru ekki nema að takmörkuðu leyti til afgreiðslu við þessa umræðu, svo að þau verða ekki rædd hér nema að því leyti, að við viljum vekja sérstaka athygli á uppbyggingu Kennaraskólans. Eins og fram kom hjá skólastjóra Kennaraskólans í viðtali við fjárveitinganefnd og í erindi, er nemendur skólans sendu alþingismönnum, og fjárveitinganefndarmönnum er ljóst af heimsókn í skólann, þá er aðstaða til að kenna svo mörgum nemendum sem þar stunda nám með öllu óviðunandi, svo að því verður ekki slegið á frest að gera þar úrbætur. Fjárveitinganefnd flytur að þessu sinni tillögu um fjárveitingu til byggingarframkvæmda við Kennaraskólann. Við gerðum ráð fyrir því, að hjá því yrði ekki komizt að byggja viðbótarkennslurými. Hins vegar mun meiri hluti fjárveitinganefndar gera ráð fyrir því, að íþróttahús gangi fyrir öðrum byggingarframkvæmdum skólans. Ekki verður um það deilt, að mikil þörf er á þeirri byggingu, og að okkar dómi ætti íþróttahúsbygging þessi að þjóna bæði Kennaraskólanum og a. m. k. Menntaskólanum við Hamrahlíð. Við viljum undirstrika það, að við treystum þeim, er ákvarðanir taka um þessa framkvæmd, að þeir hafi til að bera framsýni og frjálslyndi til að sinna þörfum þess skólafólks til íþróttaiðkana, er auðvelt á með að sækja í þetta væntanlega íþróttahús, svo og að það músarholusjónarmið verði ekki látið ráða um gerð þessa íþróttahúss, að þær íþróttagreinar og íþróttaleikir, sem æskan iðkar í dag, hafi ekki það húsrými, er þau krefjast. Þó að brýn þörf sé á byggingu íþróttahússins og við eigum aðild að tillögu til þeirrar framkvæmdar, teljum við, að ekki sé síður þörf á að auka sjálft kennslurými Kennaraskólans og að veita jafnmikið fé til hans.

Forráðamenn Sjómannaskólans hafa sótt um fjárveitingu til framkvæmda á undanförnum þingum, án árangurs þar til nú. Af þeirra hendi var um að ræða rökstudda nauðsyn, sem verður að fylgja eftir, þar til hún er komin til framkvæmda. Fjárveiting sú, sem veitt er að þessu sinni, mun tryggja það, að framkvæmd geti hafizt á næsta ári og náð verði verulegum áfanga.

Á s. l. sumri heimsótti undirnefnd fjárveitinganefndar ríkissjúkrahúsin hér í borginni, svo og Vífilsstaði og Borgarsjúkrahúsið. Þessar heimsóknir ásamt viðtölum við lækna og hjúkrunarfólk og stjórnarnefnd sjúkrahúsa urðu nefndarmönnum mikils virði. Það er skoðun okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum, að nauðsyn beri til, að þessi sjúkrahús komi á hjá sér auknu samstarfi, sem leiði til bætts skipulags og aukinnar verkaskiptingar.

Meðal þeirra vandamála, sem um var rætt í viðtölum við forustumenn heilbrigðismála, var það, að við sjúkrahúsin starfaði hópur af starfsfólki, er ekki fékkst fastráðið, en þörf væri fyrir, og þar til viðbótar væri þörf á auknu starfsliði, m. a. vegna aukinnar þjónustu. Í tillögum fjárveitinganefndar er sýnd viðleitni til að mæta réttmætum óskum þar um, þó að mikið skorti á, að fullnægt sé. Við viljum lýsa þeirri skoðun okkar, að þessi mál verði að taka föstum tökum og ráða til starfa það fólk, sem nauðsyn ber til, og forðast þau lausatök, sem á þessum málum hafa verið. Þá viljum við vekja sérstaka athygli á starfsaðstöðu á sjúkrahúsinu á Kleppi, m. a. á því, hvað margir sjúklingar dveljast í elzta hluta sjúkrahússins, sem er gamalt timburhús. Hér er um að ræða verkefni, sem ekki má draga að leysa.

Við viljum undirstrika það, að til framkvæmda í heilbrigðismálum þarf mikið fé. Gerum við tillögu um viðbótarfé á þessum fjárlagalið. Í tillögu fjárveitinganefndar er að finna fjárveitingu til þriggja læknamiðstöðva. Hér er tekið undir óskir fólksins í viðkomandi héruðum. Ljóst er, að þessar fjárveitingar munu ekki nægja til að ná áföngum í byggingarframkvæmd, t. d. til að gera fokheld hús hjá þeim, er byrja á byggingu á næsta ári. Þarf því að koma viðbótarfé eða lántökuheimild.

Það kemur fram við athugun á fjárlagafrv., að minna verður unnið að raforkudreifingu um sveitir landsins á næsta ári en á þessu. Er hér öfugt að farið. Það kom fram í viðtali við framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins, að með 60 millj. kr. fé til framkvæmda á næstu 5 árum mætti ná þeim árangri að ljúka verkinu að mestu. Athugun fer nú fram á málinu í heild, og gerum við ráð fyrir áætlun um lok þessara framkvæmda að henni lokinni, en þar til munum við styðjast við hugmynd þá, er framkvæmdastjóri Rafmagnsveitna ríkisins setti fram á fundi fjárveitinganefndar og áður er vitnað til, og gerum tillögu um 60 millj. kr. fjárveitingu til verksins.

Þá leggjum við til, að fjárveiting til að jafna aðstöðu nemenda til framhaldsnáms verði hækkuð úr 12 millj. kr. í 25 millj. kr. Það kom í ljós, er á reyndi, að þessi fjárveiting er alls ófullnægjandi og verður enn frekar á árinu 1971 en á þessu ári. Við leggjum í þessu sambandi áherzlu á það, að nemendur í heimavistarskólum njóti ekki minni réttar en aðrir nemendur, eins og nú er, og að nauðsyn er á að tryggja, að erfiður fjárhagur nemenda og aðstandenda þeirra komi ekki í veg fyrir, að sérhvert ungmenni geti notið skólagöngu að skyldunámi loknu.

Þá viljum við vekja athygli á því, að þrátt fyrir svo gífurlega hækkun fjárlaga sem að framan er lýst er engu fé varið til að skapa aukið atvinnuöryggi í landinu eða góðærið notað á einn eða annan hátt til að búa í haginn fyrir framtíðina. Við leggjum því til, að Atvinnujöfnunarsjóður fái 20 millj. kr. fjárveitingu.

Eins og fram kemur fyrr í þessu nefndaráliti, flytjum við ekki margar tillögur til breytinga á þessu fjárlagafrv. Hvort tveggja er, að nú fyrir 2. umr. er ekki ljóst, hvernig hagur ríkissjóðs verður, þegar fé hefur verið veitt til ýmissa þeirra mála, sem óafgreidd eru hjá fjárveitinganefnd, og hitt, að okkur þykir ekki fýsilegt að leggja til tekjuhækkun ofan á þau ósköp, sem orðin eru.

Tillögur til að draga úr ríkisútgjöldum flytjum við ekki. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að höfuðskilyrði þess, að unnt sé að sporna við útþenslu í rekstrarkostnaði ríkisins, er alger breyting á fjármálastefnu stjórnvalda. Án slíkrar stefnubreytingar eru einstakar sparnaðartillögur haldlausar. Tveir okkar undirritaðra hafa tekið þátt í starfi undirnefndar fjárveitinganefndar, þar sem athugaðir hafa verið ýmsir þættir í ríkisrekstrinum, og m. a. hefur undirnefndin lagt til breytingu á framkvæmd lögreglumála, sem mundi draga úr kostnaði.

Einnig ætti að okkar dómi að verða sparnaður af því, ef viðgerðarverkstæðum ríkisstofnana yrði fækkað og starfsemi þeirra skipulögð með tilliti til þess.

Við teljum, að athuga ætti, hvort hagkvæmt væri að sameina í eina stofnun verkfræðiþjónustu þá, er ríkið hefur á sínum vegum, en auka um leið slíka þjónustu úti á landsbyggðinni.

Að okkar áliti væri rétt, að undirnefnd fjárveitinganefndar kynnti sér starfsemi Efnahagsstofnunarinnar og þá með tilliti til þess, að hún hætti störfum, en starfsemi hennar yrði fengin í hendur Hagstofunni, að því leyti sem hún félli ekki eðlilega til annarra stofnana, svo sem Hagsýslu- og fjárlagastofnunarinnar.

Við teljum eðlilegt og nauðsynlegt, að ríkisvaldið hafi forustu um að koma á samstarfi sjúkrahúsa, eins og áður er að vikið.

Við minnum á stofnanir eins og Landnám ríkisins, vélasjóð o. fl., sem við teljum eðlilegt, að væru sameinaðar öðrum stofnunum.

Fátt sýnir betur, hvað ríkisstjórnin er langt frá því að hafa vald á stjórn fjármála ríkisins, en það, að á sama tíma sem Alþingi samþykkir lög um verðstöðvun, þá á að afgreiða fjárlög, sem eru á fjórða milljarð hærri en gildandi fjárlög, eða hækkunin ein er lítið eitt lægri fjárhæð en fjárlögin voru árið 1965, og enn fremur, að ekkert

fé er ætlað til þess að halda niðurgreiðslum þeim, sem upp voru teknar 1. desember s. l., áfram eftir 1. sept. n. k. Ekki er heldur ætlað fé til að inna af hendi auknar verðlagsuppbætur á laun frá þeim tíma. Þar við bætist, að þetta gerist nú, þegar tekjur ríkissjóðs hrannast upp vegna óvenjugóðs árferðis. Hver yrði afkoma ríkissjóðs, ef harðnaði á dalnum um tekjuöflun?

Tvívegis hafa núverandi stjórnarflokkar gripið til þess ráðs að stöðva verðlagshækkanir í nokkra mánuði fyrir kosningar með niðurgreiðslum, sem kostað hafa skattborgarana hundruð milljóna króna. Í þriðja skipti er þessi leið reynd nú til að sýnast fram yfir kosningar. Í kjölfar þessara aðgerða hefur komið verðbólguflóð með stórfelldum gengisbreytingum, svo sem eftirminnilegt er frá árunum 1960 og 1961 og 1967 og 1968.

Tímabundin verðstöðvun án grundvallarstefnubreytingar mun nú sem fyrr leiða af sér dýrtíðarflóð, þegar fjárhagsgetu brestur til að greiða verðlag niður.

Þjóðin verður að snúa frá sýndarmennsku stjórnarflokkanna, er nú er höfð í frammi með verðstöðvunartali, og beita sér í baráttunni gegn verðbólgu með þeirri orku, er hún ræður yfir, því að án þess að sigra í þeirri glímu er efnahag hennar stefnt í voða. Það mun henni því aðeins takast, að hún fái eftir næstu alþingiskosningar nýja forustu og breytta stjórnarstefnu.

Alþingi, 7. des. 1970.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Geir Gunnarsson. Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.

Sþ. 224. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1971 og við brtt. á þskj. 214.

	Þús. kr.
I. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*	
Við 4. gr. 1 02 761. Nýr liður:	
09 Til sálfræðiþjónustu í barna- og gagnfræðaskólum	2 000
II. Frá *Gils Guðmundssyni.*	
1. Við 4. gr. 1 02 981 02 Til bæjar- og héraðsbókasafna.	
Fyrir „3 250“ kemur	7 500
2. Við 4. gr. 1 02 981 03 Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga.	
Fyrir „1 000“ kemur	2 000
3. Við 4. gr. 1 02 981 04 Til bókasafna í heimavistarskólum og opinberum stofnunum.	
Fyrir „300“ kemur	600
4. Við brtt. 214, 31. (Við 4. gr. 1 02 982 12. — Til listasafna).	
Fyrir „325“ kemur	475
5. Við 4. gr. 1 02 982 17 Heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþingis.	
Fyrir „1 686“ kemur	2 500
6. Við 4. gr. 1 02 982 18 Starfslaun listamanna.	
Fyrir „674“ kemur	2 000
7. Við 4. gr. 1 02 982 19 Listamannalaun.	
Fyrir „5 130“ kemur	7 000
8. Við 4. gr. 1 02 983 03 Vísinda- og fræðimenn.	
Fyrir „530“ kemur	1 000

III. Frá *Stefáni Valgeirssyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Páli Þorsteinssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni, Halldóri Kristjánssyni* og *Ólafi Jóhannessyni.*
Við 4. gr. 1 04 286. Nýir liðir:
a. 17 Framleiðnisjóður landbúnaðarins 25 000
b. 18 Veðdeild Búnaðarbanka Íslands 10 000

IV. Frá *Gísla Guðmundssyni, Ingvari Gíslasyni* og *Stefáni Valgeirssyni.*
Við brtt. 214, 55. (Við 4. gr. 1 04 299 13. — Efnarannsóknastofa Norðurlands).
Fyrir „250“ kemur 500

V. Frá *Þórarni Þórarinssyni* og *Einari Ágústssyni.*
1. Við 4. gr. 1 07 981 10 Til Alþýðusambands Íslands.
Fyrir „200“ kemur 400
2. Við 4. gr. 1 07 999 22 Orlofssjóður húsmæðra.
Fyrir „750“ kemur 2 000

VI. Frá *Þórarni Þórarinssyni, Ólafi Jóhannessyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:
19 Til fræðslu um skaðsemi sígarettureykinga, samkv. ákvörðun heilbrigðismálaráðuneytisins 2 000

VII. Frá *Gísla Guðmundssyni, Ingvari Gíslasyni* og *Stefáni Valgeirssyni.*
Við brtt. 214, 98. (Við 4. gr. 1 10 333 04. — Ferjubryggjur). Nýr liður í stafrófsröð:
Árskógssandur, Árskógshreppi 100

Ed. 225. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason, Helgi Bergs, Halldór Kristjánsson, Einar Ágústsson.

1. gr.

3. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2 gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (18. gr.) Tekjur veðdeildarinnar aðrar en þær, er um ræðir í 16. og 17. gr., eru þessar:
1. Árlegt framlag ríkissjóðs 20 millj. kr.
2. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt 13. gr. laga nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Framlag samkvæmt 9. gr. laga nr. 44 1957, um skatt á stóreignir.
4. Vaxtatekjur.

b. (19. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

c. (20. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, sbr. 16. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánum, sem veðdeild Búnaðarbankans veitir.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.

d. (21. gr.) Heimilt er veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 20. gr. Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

3. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðakaupa mega nema allt að 70% virðingarverðs fasteignar. Önnur lán mega ekki vera hærri en ⅗ af virðingarverði fasteignar.

Nú er veitt lán vegna jarðakaupa og jörðin er veðsett til tryggingar lánum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar á jörðinni, og má þá lækka veðdeildarlán miðað við hlutfall virðingarverðs fasteignarinnar samkvæmt 1. málsgr. um þá fjárhæð, sem nemur stofnlánadeildarlánum, er á jörðinni hvíla, þegar sala fer fram.

Að jafnaði skal lána gegn 1. veðrétti. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétti, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð.

Lánstími má vera allt að 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því, hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Lán vegna jarðakaupa skulu vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

Vextir af lánum vegna jarðakaupa skulu eigi vera hærri en 4%.

4. gr.

Síðari málsl. 23. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 1. málsgr. 24. gr. laganna komi tvær málsgr., svo hljóðandi:

Lán, sem veðdeildin veitir til kaupa á jörð, greiðir hún í peningum að ⅗ hlutum, en ⅖ hluta lánsfjárhæðarinnar greiðir veðdeildin í peningum eða bankavaxtabréfum, sem gefin eru út samkvæmt 20. gr. (sbr. 21. gr.)

Önnur lán, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bréfin að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabréfa hvers flokks fyrir fram í einu eða fleira lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur veðdeildina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í landbúnaðinum hafa orðið miklar framfarir á undanförnum árum, og á því sviði er ör þróun. Ræktunin eykst ár frá ári, og í löggjöfinni er stefnt að því, að túnstærð á jörðum yfirleitt verði ekki undir 25 ha. Ný og fullkomin hús eru reist á hverri jörð og vélarafli beitt við framleiðsluna.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast. En hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga með því að veita lán

með góðum kjörum þeim, er kaupa jarðir. Með hagkvæmum lánum í þessu skyni verður ungu kynslóðinni kleift án þess að reisa sér hurðarás um öxl að eignast jarðir og hefja atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Ríkisvaldinu ber, að dómi flm., að stuðla að því, að sem minnst röskun verði á búsetu fólks í sveitum. En þótt löggjöfin sé við það miðuð, hljóta alltaf að verða árlega ábúenda- og eigendaskipti á allmörgum jörðum á landinu. Það er varhugaverð þróun, að fésterkir aðilar, sem hafa ekki atvinnu við búskap, kaupi hlunnindajarðir einungis vegna hlunnindanna, hagnýti þau, en nytji jarðirnar lítt eða ekki að öðru leyti. Hins vegar sé fólki, sem hefur hug á að hefja búskap, örðugt eða jafnvel ókleift að komast yfir jarðnæði, af því að lán til jarðakaupa eru alls kostar ófullnægjandi. Brýna nauðsyn ber til þess, að með löggjöf sé lagður grundvöllur að fullnægjandi lánastarfsemi á þessu viðskiptasviði, og að því er stefnt með þessu frumvarpi.

Lán eru veitt til íbúðarhúsa hvar sem er á landinu og stefnt að því, að þau nemi allt að ¾ hlutum byggingarkostnaðar. Stofnlán til fiskiskipa, sem keypt eru til landsins, nema ⅔ kaupverðs, og til skipa, sem smíðuð eru innanlands, allt að 75% kostnaðarverðs. Samkvæmt þessu skipta nokkrum milljónum stofnlán út á meðalfiskiskip. En sökum fjárskorts hefur veðdeild Búnaðarbankans til þessa ekki veitt hærri jarðakaupalán en 100—200 þús. kr. út á bújörð, sem keypt er, og þó hefur veðdeildin ekki getað fullnægt eftirspurn lána.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að lán, sem veðdeildin veitir vegna jarðakaupa, megi nema allt að 70% af virðingarverði fasteignar. Miðað er við, að í framkvæmd verði tekið tillit til lána úr Stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem á hlutaðeigandi jörð hvíla og veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar, þannig að lán úr veðdeild megi lækka miðað við þetta hlutfall virðingarverðs sem stofnlánadeildarlánum nemur.

Í frv. þessu er kveðið á um að stórauka fjármagn veðdeildarinnar frá því, sem nú er. Samkvæmt frv. verða tekjur veðdeildarinnar árlegt ríkisframlag 20 millj. kr., 10 millj. kr. árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt heimild í stofnlánadeildarlögunum, enn fremur hluti af stóreignaskatti samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, svo og vaxtatekjur.

Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans allt að 100 millj. kr. Samkvæmt frv. skal veðdeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að heimilt sé að greiða nokkurn hluta lánsfjárhæðarinnar í bankavaxtabréfum.

Sþ. 226. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 214 [Fjárlög].

Frá Páli Þorsteinssyni, Lúðvík Jósefssyni, Tómasi Árnasyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

	Þús. kr.
1. Við 53. tölulið (Við 4. gr. 1 04 286 03 — Fyrirhleðslur).	
a. Á eftir c. 18 kemur nýr liður:	
Jökulsá á Dal	200
b. Við c. 24. Norðurdalsá í Breiðdal.	
Fyrir „30“ kemur	100
c. Á eftir c. 25 kemur nýr liður:	
Hofsá í Álftafirði	30

2. Við 97. tölulið. (Við 4. gr. 1 10 333 03 — Hafnarmannvirki og lendingarbætur). Þús. kr.
   a. Á eftir 6. tölul. koma tveir nýir liðir:
      1. Borgarfjörður 2 000
      2. Breiðdalsvík 2 000
   b. Á eftir 10. tölul. kemur nýr liður:
      Fáskrúðsfjörður 1 000

Sþ. 227. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1971 og við brtt. á þskj. 214.

I. Frá *Jónasi Árnasyni.* Þús. kr.
Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður:
26 Til byggingar sjómannastofu á Akranesi, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar frá 500

II. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við 4. gr. 1 07 399 02. Liðurinn orðast svo:
Vatnsveitur skv. lögum 13 000
Þar af 8 500 þús. kr. til Vatnsveitu Vestmannaeyja.

III. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Magnúsi Kjartanssyni, Geir Gunnarssyni, Jónasi Árnasyni, Eðvarð Sigurðssyni, Gils Guðmundssyni* og *Steingrími Pálssyni.*
Við 4. gr. 1 08. Nýr liður:
272 Viðbótarframlag til lífeyristrygginga:
0 90 Yfirfærslur:
0 91 Til fyrirtækja í B-hluta 210 000
Gjöld samtals 210 000
Viðfangsefni:
01 Hluti ríkissjóðs af 40% hækkun bóta lífeyristrygginga almannatrygginga annarra en fjölskyldubóta 210 000

IV. Frá *Gísla Guðmundssyni, Ingvari Gíslasyni* og *Stefáni Valgeirssyni.*
Við brtt. 214, 97 (Við 4. gr. 1 10 333 03 — Hafnargerðir og lendingarbætur).
1. Við 2 (Akureyri).
   Fyrir „6 200“ kemur 12 920
2. Við 3 (Akureyri, dráttarbraut).
   Fyrir „1 900“ kemur 4 030

Sþ. 228. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1971.

Þús. kr.

I. Frá *Lúðvík Jósefssyni* og *Gils Guðmundssyni.*
Við 4. gr. 1 02. Nýr liður:
518 Fiskiðnskóli, byggingarstyrkur:
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður 5 000
Gjöld alls 5 000

II. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Jónasi Árnasyni* og *Steingrími Pálssyni.*
1. Við 4. gr. 1 02 985 Félagsheimilasjóður.
   Fyrir „15 000“ kemur 20 000

		Þús. kr.
2.	Við 4. gr. 1 02 986 03 Íþróttasjóður.	
	Fyrir „5 000“ kemur	10 000
3.	Við 4. gr. 1 02 986. Nýr liður:	
	07 Sérstakur stuðningur við íþróttastarfsemina í landinu, sem sé varið í samráði við ÍSÍ og UMFÍ	5 000
III.	Frá *Lúðvík Jósefssyni* og *Gils Guðmundssyni*.	
	Við 4. gr. 1 02 999 51 Sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili.	
	Fyrir „900“ kemur	2 000
IV.	Frá *Lúðvík Jósefssyni* og *Jónasi Árnasyni*.	
	Við 4. gr. 1 04 299. Nýr liður:	
	06 Til tilrauna með nýjar heyverkunaraðferðir	2 000
V.	Frá *Lúðvík Jósefssyni* og *Þórarni Þórarinssyni*.	
	Við 4. gr. 1 04 299. Nýr liður:	
	17 Til Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi í viðurkenningarskyni fyrir heyverkunartilraunir	150
VI.	Frá *Lúðvík Jósefssyni, Jónasi Árnasyni, Gils Guðmundssyni* og *Steingrími Pálssyni*.	
	1. Við 4. gr. 1 05 202. Nýir liðir:	
	a. 12 Humar- og rækjuleit	3 000
	b. 13 Fiskileit og veiðarfæratilraunir	3 000
	c. 14 Rannsókn á skelfiskmiðum	1 000
	2. Við 4. gr. 1 05 299. Nýir liðir:	
	a. 04 Rannsóknir og leiðbeiningastarfsemi í þágu niðursuðu- og niðurlagningariðnaðar	10 000
	b. 05 Til stuðnings við niðursuðu- og niðurlagningariðnað og aðra fullvinnslu sjávarafurða til útflutnings, sérstaklega til markaðsleitar og söluþjónustu	40 000
VII.	Frá *Lúðvík Jósefssyni* og *Gils Guðmundssyni*.	
	Við 4. gr. 1 05 299. Nýr liður:	
	09 Framlag til þeirra sveitarfélaga, sem gera sérstakar ráðstafanir að kröfu opinberra aðila til að bæta hreinlætisaðstöðu við frystihús og aðrar framleiðslustöðvar matvæla, gegn jafnháu framlag annars staðar að	10 000
VIII.	Frá *Lúðvík Jósefssyni* og *Gils Guðmundssyni*.	
	Við 4. gr. 1 07 999 23 Rekstrarstyrkur sjómannaheimila.	
	Fyrir „50“ kemur	800

Sþ. 229. Nefndarálit [49. mál]

um till. til þál. um stuðning við æðarrækt.

Frá allsherjarnefnd.

Tillagan hefur legið fyrir nefndinni. Sams konar till. var flutt á síðasta þingi, en varð ekki afgreidd þá. Allsherjarnefnd telur ræktun æðarfugls þjóðnytjamál. Fjölgun svartbaks og annars vargfugls er æðarræktendum hin mesta vá og þar mest þörf sterkari ráða til fækkunar vargfuglsins en enn hefur verið beitt, og að

því lýtur síðari hluti tillögunnar. Allsherjarnefndin mælir með samþykkt tillögunnar, eins og hún liggur fyrir á þskj. 49.

Alþingi, 9. des. 1970.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr., frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
Gísli Guðmundsson.	Jónas Árnason.	Friðjón Þórðarson.
	Matthías Bjarnason.	

Nd. 230. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um virkjun Lagarfoss.

Frá iðnaðarráðherra.

4. gr. orðist svo:

Óski samtök sveitarstjórna á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Lagarfoss og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

Nd. 231. Frumvarp til laga [169. mál]

um uppeldisstyrk búfjár vegna kals eða grasbrests í túnum.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Bændum, sem fækka ám eða kúm um meira en 10 hundraðshluta af bústofni sínum vegna fóðurskorts, sem orsakazt hefur af kali eða grasbresti í túnum eða engjum, — og verði áburðarskorti ekki um kennt, — skal veittur uppeldisstyrkur til að fjölga búfé sínu að nýju, þegar árferði batnar til fóðuröflunar.

Veita skal í þessu skyni fé á fjárlögum, þegar ástæða þykir til, og Bjargráðasjóði Íslands falið að annast styrkveitingar og framkvæmd laga þessara samkv. reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Uppeldisstyrkur greiðist, þegar komið hefur verið upp bústofnsauka, sem svarar að einhverju eða öllu leyti til þeirrar búfjárfækkunar, sem átt hefur sér stað, sbr. 1. gr., þó ekki síðar en fimm árum eftir að búfé var fækkað. Skal uppeldisstyrkur vegna þessa bústofnsauka nema hálfu lambsverði fyrir hverja á, eins og það er á þeim tíma, þegar uppeldisstyrkur er greiddur, og fimm lambsverðum, reiknuðum á sama hátt, fyrir hverja kú.

3. gr.

Lög þessi taka til búfjárfækkunar á árunum 1969—'74.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margur bóndinn hefur á undanförnum árum orðið að horfast í augu við yfirvofandi fóðurskort á haustnóttum vegna kals í túnum eða grasbrests af völdum tíðarfarsins, og er sú staðreynd alkunn. Er þá — ef ekki er teflt á tvísýnu — um tvennt

að ræða: minnkun bústofnsins eða fóðurkaup, en til þeirra hefur miklu fé verið varið og hey flutt milli landshluta með ærnum kostnaði og fyrirhöfn. Í þessu frv. er reynt að opna leið fyrir þá, sem það kjósa, til að fækka búfé um stundarsakir vegna fóðurskorts, en fjölga því síðan aftur, er betur árar, og koma sér þannig hjá fóðurkaupum um efni fram eða vanfóðrun vegna hæpins ásetnings. Er gert ráð fyrir, að Bjargráðasjóði verði gert kleift að greiða uppeldisstyrk, er svo stendur á, samkvæmt nýrri reglu, sem kveðið er á um í frv., en nánar yrði útfærð með reglugerð, sem sett yrði að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og er óvíst, að sú aðferð yrði hinu opinbera dýrari en aðstoð sú, sem veitt hefur verið í ýmsu formi vegna heykaupa, en bændum gæti hún í ýmsum tilfellum reynzt hagkvæmari en önnur úrræði.

Nánar í framsögu.

Sþ. 232. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 214 [Fjárlög].

Frá Stefáni Valgeirssyni og Gísla Guðmundssyni.

	Þús. kr.
Við 56. tölul. (Við 4. gr. 1 04 299). Nýr liður:	
18 Tilraunastöð Búnaðarsambands Eyjafjarðar	200

Nd. 233. Frumvarp til laga [170. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Er vegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir fjögur næstu ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

2. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, samkv. 10. gr., svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er.

Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

3. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

4. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Vegamálastjóri semur, í samráði við sýslunefndir, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn.

Er sýsluvegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

Sýsluvegáætlun öðlast gildi, er sýslunefnd hefur samþykkt hana og samgönguráðherra staðfest hana.

5. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist þannig:

Vegaskattur skal nema 0.3 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, en 0.6 af þúsundi af fasteignamatsverði landa og lóða.

6. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 7.87 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

7. gr.

87. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 22 000.00.

Fyrir bifreiðar 2001 kg og þyngri greiðast kr. 22 000.00 og auk þess kr. 750.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið þrjá gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og fyrir kílómetragjald, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

c. Af bifhjólum kr. 350.00

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1971, og tillögu til bráðabirgða-vegáætlunar fyrir árið 1972.

Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1971 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkvæmt III. kafla vegalaga, sbr. 1. gr. laga þessara, og nái áætlunin yfir árin 1972—1975.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1972—1975 skulu gerðar fyrir 1. október 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja aukið fjármagn til handa Vegasjóði, m. a. vegna þess að tekjur Vegasjóðs hafa reynzt lægri en áætlað var, en útgjöld aukizt vegna verðbreytinga, svo og til að unnt sé að fjármagna þær hraðbrautaframkvæmdir, sem ákveðið er að ráðast í og áætlað er að ljúka fyrir árslok 1972 og loks að auka fé til nauðsynlegra framkvæmda við þjóðbrautir og landsbrautir.

Eins og nánar er skýrt í fskj. I hér á eftir, nemur viðbótarfjárþörf Vegasjóðs vegna þessa alls 284.3 millj. kr. árið 1971 og 248.4 millj. kr. árið 1972.

Verður nánar að þessu vikið í sambandi við skýringar á 6.—7. gr. frumvarpsins.

Jafnframt felur frumvarpið í sér nokkra breytingu á vegáætlanakerfi því, sem gilt hefur frá því 1964, svo og nokkrar minni háttar breytingar, sem nauðsynlegt er að gera, í sumum tilfellum af fenginni reynslu.

Um 1. gr.

Samkvæmt 10. gr. vegalaga skal vegáætlun gerð til fjögurra ára, en endurskoðuð, er hún hefur gilt í tvö ár, sbr. 14. gr. vegalaga. Af þessu leiðir, að síðasta áætlunarárið liggur ekkert fyrir um, hvað við tekur næsta ár eða næstu ár. Hefur þetta valdið nokkrum erfiðleikum, sem breytingu þeirri, sem felst í þessari grein, er ætlað að ráða bót á.

Samkvæmt því, sem hér er lagt til, myndi ný vegáætlun til fjögurra ára koma í stað endurskoðaðrar áætlunar til tveggja ára, samkvæmt 14. grein vegalaga nú. Af þessu myndi leiða, að alltaf væri til áætlun fyrir a. m. k. tvö næstu ár. Telja verður, að slík áætlanagerð verði til þæginda, bæði fyrir stjórn vegamála, Alþingi og almenning, því að framkvæmdir hvers árs krefjast tímanlegs undirbúnings. Því er áríðandi að geta ávallt gert nauðsynlegar ráðstafanir, t. d. varðandi verkfræðilegan undirbúning, efnisútvegun og öflun vinnuvéla, með góðum fyrirvara, en það er því aðeins unnt, að verkefnin séu ákveðin.

Um 2. gr.

Samkvæmt 14. gr. vegalaga skal vegáætlun lögð fram „samtímis frumvarpi til fjárlaga."

Í framkvæmd hefur þetta reynzt miklum erfiðleikum bundið og ekki talið æskilegt að tengja þetta tvennt jafnfortakslaust saman. Því er lagt til, að orðalaginu verði breytt nokkuð til rýmkunar, þótt að sjálfsögðu sé til þess ætlazt, að tillaga til þingsályktunar til vegáætlunar sé lögð fram sem fyrst, eftir að þing hefst.

Um 3. gr.

Samkvæmt 15. gr. vegalaga skal ráðherra leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd vegáætlunar „í upphafi hvers reglulegs Alþingis". Í framkvæmd hefur þetta reynzt ókleift. Alþingi kemur saman fyrir miðjan október, og þá er vegaframkvæmdum sama árs víða ólokið og því ekki unnt að gera Alþingi tæmandi grein fyrir því, hvernig vegáætlunin er framkvæmd á árinu. Reikningsár Vegagerðar ríkisins fylgir almanaksárinu, og ef gera á skýrslu um framkvæmd vegáætlunar pr. 15. september eða 1. október, miðað við rauntölur fram að þeim tíma og áætlun, það sem eftir er af árinu, verður ávallt ósamræmi milli slíkrar skýrslu og reikningsins, sem gerður er, miðað við áramót. Það leikur vart vafi á, að skýrsla, sem gerð væri nálægt árslokum, myndi gefa Alþingi betri og sannari upplýsingar en skýrsla, sem gerð er, þegar fjórði hluti ársins er enn eftir.

Um 4. gr.

Hér er um samsvarandi breytingu að ræða, varðandi sýsluvegáætlun, og lagt er til í 1. gr., að gerð verði við vegáætlun, og þarfnast þessi grein því ekki sjálfstæðrar skýringar.

Um 5. gr.

Fyrra hluta næsta árs mun nýtt fasteignamat taka hér gildi, og mun núgildandi fasteignamat þá tvítugfaldast í flestum tilvikum.

Þar sem sá skattgrundvöllur, sem sýsluvegasjóðsgjald samkvæmt 23. gr. vegalaga miðast við, hækkar þannig stórlega, en ekki er stefnt að auknum álögum, er nauðsynlegt að lækka þá „pro mille" tölu af matsverðinu, sem skatturinn nemur.

Er lagt til, að talan verði 0.3 af þúsundi í stað 6.0 og 0.6 í stað 12.0 eða 1/20 af því, sem nú er.

Um 6.—7. gr.

Eins og skýrt er í fskj. 1, er viðbótarfjárþörf Vegasjóðs af þargreindum orsökum 284.3 millj. kr. árið 1971 og 248.4 millj. kr. 1972, eða samtals 532.7 millj. kr. bæði árin.

Til þess að afla Vegasjóði þessa fjár, er hér lagt til, að tekjustofnar sjóðsins verði hækkaðir til að leysa umrædda fjárþörf á eftirfarandi hátt:

1. Stefnt verði að því, að hækkun tekna Vegasjóðs leysi að mestu þessa fjárþörf.
2. Tekjustofnar verði hinir sömu 1971 og 1972.

3. Innflutningsgjald af benzíni hækki um kr. 2.20 pr. ltr og verði kr. 7.87.
4. Þungaskattur hækki um 50 af hundraði.
5. Veitt verði framlag úr ríkissjóði árið 1971, skv. 89. gr. vegalaga, að upphæð 47 millj. kr.
6. Hækkanir taki gildi þann 1/1 1971.

Gagnvart Vegasjóði myndi dæmið væntanlega líta út, eins og eftirfarandi tafla sýnir (tölur í millj. kr.):

	1971	1972	Alls
Benzíngjald	171.4	185.0	356.4
Þungaskattur	65.9	68.8	134.7
Hækkun tekna (brúttó)	237.3	253.8	491.1
Hækkun endurgr. benzíngjalds		5.4	5.4
Hækkun tekna (nettó)	237.3	248.4	485.7
+ Viðbótarfjárþörf	284.3	248.4	532.7
+ Framlag ríkissjóðs	47.0		47.0
Jöfnuður	0.0	0.0	0.0

Á yfirstandandi ári var ákveðið að nota heimild 87. gr. vegalaga fyrir ráðherra til að ákveða, að fyrir dísilbifreiðar, 5 tonn eða meira að eigin þunga, skuli greiða þungaskatt, sem miðist við fjölda ekinna kílómetra. Í ljós hefur komið, að hið nýja greiðslukerfi muni geta orðið mjög þungt fjárhagslega fyrir þá sérleyfishafa, sem þjóna fáförnum leiðum, einkum á veturna. Þykir því nauðsyn bera til að heimila endurgreiðslu gjaldsins, er þannig stendur á, sem í frv.gr. segir. Heimildin nær aðeins til ferða, sem sérleyfishafa er skylt að halda uppi, jafnvel þótt fargjaldatekjur nægi ekki til greiðslu kostnaðar við ferðirnar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þótt frumvarp þetta verði að lögum, mun ekki vinnast tími til að ganga frá fjögurra ára áætlun fyrr en haustið 1971. Er því lagt til, að fyrir Alþingi það, er nú situr, verði lögð vegáætlun, sem gildi árið 1971, og bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972. Haustið 1971 verði lögð fyrir Alþingi tillaga til vegáætlunar fyrir árin 1972—1975.

Fylgiskjal I.

Umframfjárþörf skv. endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1971 og 1972.
(Í millj. kr.)

	1971		1972	
Tekjur:				
Tekjur skv. vegáætlun	628.5		674.8	
Tekjur skv. endurskoðun	599.5	29.0	647.7	27.1
Mismunur (Lækkun tekna)		29.0		27.1
Útgjöld:				
1. Hækkun á gildandi vegáætlun vegna verðbreytinga	127.8		103.7	
2. Hækkun vegna nýrra skuldbindinga:				
a) Hraðbrautaframkv.	76.3		74.1	
b) Þjóð- og landsbrautir:				
Vestfjarðaáætlun	2.6		2.3	
Skeiða- og Þjórsárdalsv.	1.9		2.0	
Landvegur	1.8		1.6	
	82.6		80.0	
3. Hækkun til nýrra framkv. í þjóðbr. og landsbrautum	39.2		32.8	
4. Hækkun á þéttbýlisframlagi vegna liða 2.b og 3	5.7		4.8	
		255.3		221.3
		284.3		248.4

Fylgiskjal II.

Endurskoðun á tekjuspá Vegasjóðs árin 1971 og 1972, skv. 15. gr. vegalaga miðað við óbreytt einingargjöld.

Inngangur.

Í spá þessari, sem er endurskoðun á tekjuspá vegáætlunar fyrir árin 1969—1972, er byggt á þróun undanfarinna ára og tillit tekið til þeirra efnahagsvandræða, er verið hafa í landinu undanfarin ár og leitt hafa til fráviks frá jöfnum þróunarferli.

Við útreikning tekna er gert ráð fyrir sömu tekjustofnum Vegasjóðs og nú eru. Varðandi upphæð tekna vísast til töflu 1.

Bifreiðaspá. (Sjá töflur 2 til 3).

Þar sem bifreiðaspá þessi er undirstaða að tekjuspánni, er mikið undir því komið, að hún reynist sem næst sanni.

Við áætlun fjölgunar bifreiða á árinu 1970 var sá háttur hafður á að hafa samband við alla þá bifreiðainnflytjendur, sem mögulegt var, og kanna innflutning þeirra, sem af er árinu og áætlaðan innflutning til ársloka. Fyrir árin 1971 og 1972 er síðan spáð, með tilliti til þróunar undanfarinna ára, og var þá, hvað varðar fólksbifreiðar, tekið sérstakt tillit til fjölda fólksbifreiða pr. 1000 íbúa, skv. mannfjöldaspá Efnahagsstofnunarinnar. (Sjá töflur 2 og 3.)

Skipting bifreiða í undirflokka, eftir eigin þunga og eldsneytisnotkun, er gerð eftir þróun undanfarinna ára og reynt að fylgja þeirri þróun sem mest.

Þó er gert ráð fyrir, að fjölgun almenningsbifreiða verði ekki eins ör og verið hefur undanfarin ár, þar sem innflutningur þeirra á árinu 1970 virðist ótvírætt gefa til kynna, að mettunarpunktur sé nú farinn að nálgast. Af sömu ástæðum er fækkun vörubifreiða höfð minni en undanfarin ár.

Þungaskattur. (Sjá töflu 4).

Við ákvörðun þungaskatts er byggt á skiptingu bifreiða í undirflokka eftir notkun eldsneytis og eigin þunga. Reiknað er með föstu árlegu gjaldi, svo sem verið hefur, en ekki með km-gjaldi, þar sem engin reynsla er komin á það og jafnframt, þar sem ætlazt er til, að km-gjaldið gefi sömu tekjur og fasta gjaldið. Vegna þessa telst nauðsynlegt, að tekjur vegna þungaskatts verði endurskoðaðar á hverju hausti út vegáætlunartímabilið, til að fá sem fyllstar upplýsingar um akstur bifreiða, sem km-gjaldið greiða, og þar með leiðrétta þessa tekjuspá, ef nauðsyn þykir.

Eins og áður er sagt, er spá þessi byggð á flokkun bifreiða í undirflokka (sjá hér að ofan), en síðan er þungaskatturinn reiknaður út skv. þeirri skiptingu og þeim töxtum, er gilt hafa um hvern þungaflokk, og er jafnframt tekið tillit til skiptingar bifreiða eftir notkun eldsneytis. Þegar þungaskattur var reiknaður út með þessum hætti fyrir nokkur undanfarin ár, þar sem endanlegar tölur liggja fyrir, kom í ljós, að reiknaðar tekjur urðu ætíð hærri en brúttó rauntekjur. Hefur því í spá þessari verið tekið tillit til þessa og 23% afföll frá reiknuðum tekjum talin hæfileg við endanlega ákvörðun tekna vegna þungaskatts. (Sjá töflu 4).

Endurgreiðsla þungaskatts árið 1970 er áætluð 8.0 millj. kr. eða óbreytt frá vegáætlun frá 17.—5. '69, en þar sem innheimtuaðferð þungaskatts breyttist í ágúst 1970, fellur endurgreiðsla þungaskatts niður frá þeim tíma, er breytingin kemur í framkvæmd. Á grundvelli þess eru endurgreiðslur vegna þungaskatts árið 1971 áætlaðar 4.0 millj. kr. og engar árið 1972. (Sjá töflu 1).

Benzíngjald. (Sjá töflu 5).

Við ákvörðun tekna vegna innflutningsgjalds af benzíni er fyrst og fremst byggt á áætlun um meðaleldsneytisnotkun benzínbifreiða. Er þar byggt á reynslu

undanfarinna ára, og voru 1 800 ltr á ári síðan ákvarðaðir sem meðaleldsneytisnotkun. Að öðru leyti, varðandi brúttó tekjur vegna innflutningsgjalds af benzíni, vísast til töflu 5.

Við ákvörðun endurgreiðslu á benzíngjaldi er sú aðferð höfð að leggja til grundvallar endurgreiðslur í núverandi vegáætlun, en draga frá þeim hlutfallslega jafnmikið og samsvarandi tekjur hafa lækkað, eða munu lækka fyrir það ár, er endurgreiðslurnar verða til, miðað við núverandi vegáætlun og þessa spá.

Gúmmígjald. (Sjá töflu 6).

Við áætlun gúmmígjalds er byggt á spá um innflutning bifreiða og fjölda bifreiða á miðju ári. Áætlaður heildarþungi gúmmís á hverja fólksbifreið er 60 kg, en 250 kg á hverja innflutta vöru- og almenningsbifreið.

Áætlað er, að endurnýjun hjólbarða svari til 17.3 kg á hverja bifreið í landinu, miðað við mitt ár.

Samanburður við tekjuspá í vegáætlun 1969—1972.

Tekjuspá þessi gefur nokkru lægri niðurstöður en tekjuspá vegáætlunar 1969—1972, og stafar það af minni aukningu í bifreiðafjölda en ráð var fyrir gert. Er það fyrst og fremst vegna minni innflutnings 1969 og að fleiri ökutæki voru afskráð það árið en ráð hafði verið gert fyrir.

Alls fækkaði bifreiðum í landinu um 30 árið 1969, þótt 1070 bifreiðar hafi verið fluttar inn. Í innflutningsspá fyrir árið 1970, sem byggð er á viðtölum við bifreiðainnflytjendur (sjá töflu 3), er búizt við innflutningi 4 740 bifreiða, þar af 4 450 fólksbifreiðum. Gert er ráð fyrir, að niðurlagðar bifreiðar verði 1 310 alls, þar af 1 000 fólksbifreiðar, þannig að aukning á árinu verði alls 3 430 bifreiðar.

Í fyrri spá (þ. e. vegáætlun 1969—1972) var gert ráð fyrir aukningu um 3 560 bifreiða, en nú er gert ráð fyrir fleiri niðurlögðum bifreiðum, vegna reynslu áranna 1968 og 1969. Spá um fjölda bifreiða á miðju ári 1970, 1971 og 1972 er lægri en fyrri spá, og er það fyrst og fremst vegna minni aukningar 1969 en gert var ráð fyrir, en áætlaður fjöldi bifreiða 1/7 ár hvert er:

	Fyrri spá	Endursk. spá
1970	46 170	45 292
1971	50 185	48 791
1972	54 370	52 519

Sjá enn fremur töflu 2 og línurit 1.

Ástæðan fyrir þessum mun er einnig fækkun vörubifreiða og að mannfjöldaspá Efnahagsstofnunarinnar frá júlí—ágúst 1970, sem miðað er við, hvað varðar fjölda fólksbifreiða, er lægri en fyrri mannfjöldaspá.

Sé litið á fólksbifreiðar pr. 1 000 íbúa verður lítill munur á núverandi og fyrri spá.

Bifreiðar pr. 1 000 íbúa:

	Fyrri spá	Endursk. spá
1970	190.0	190.4
1971	205.0	204.6
1972	220.0	219.5

Af ofangreindum ástæðum verður tekjuspá þessi lægri en tekjuspá í vegáætlun 1969—1972, sem nemur:

Árið 1971	29.0 millj. kr.
Árið 1972	27.1 millj. kr.

Sjá nánar töflu 2 og línurit 2.

Tafla 1.

Spá um tekjur Vegasjóðs 1971—1972 (í millj. kr.).

	1971	1972
Benzíngjald	441.7	476.8
Þungaskattur	131.8	137.6
Gúmmígjald	44.0	47.3
Tekjur brúttó	617.5	661.7
Endurgr. benzíngjald og þungaskattur	18.0	14.0
Tekjur nettó	599.5	647.7

Tafla 2.

Spá um bifreiðafjölda (1. júlí ár hvert).

	Fólks-bifreiðar	Mannfjöldi 1/7 (í þús.)	Fólksbifr. pr. 1 000 íbúa	Almennings-bifreiðar	Vöru-bifreiðar	Bifreiðar Alls
Rauntölur						
1962	17 785	182	97.7	373	6 235	24 393
1963	20 579	185	111.2	401	6 375	27 355
1964	23 785	189	125.8	412	6 377	30 574
1965	26 781	192	139.5	431	6 230	33 442
1966	30 425	195	156.0	456	6 238	37 119
1967	34 003	198	171.7	483	6 211	40 697
1968	36 250	201	179.5	529	6 082	42 861
1969	37 157	203	184.7	557	5 877	43 591
Spá						
1970	39 029	205	190.4	563	5 700	45 292
1971	42 554	208	204.6	580	5 657	48 791
1972	46 304	211	219.5	603	5 612	52 519

Tafla 3.

Spá um innflutning og úreldingu bifreiða 1970—1972.

Fólksbifreiðar (afskr. 2.5%).

	Fjöldi 1/1	Innflutt á árinu	Ónýtt afskráð	Fjöldi 31/12	Fjöldi 1/7
1970	37 304	4 450	1 000	40 754	39 029
1971	40 754	4 700	1 100	44 354	42 554
1972	44 354	5 100	1 200	48 254	46 304

Almenningsbifreiðar (Afskr. 4.5%).

1970	555	40	25	570	563
1971	570	45	25	590	580
1972	590	50	25	615	603

Vörubifreiðar (Afskr. 5%—7%).

1970	5 717	250	285	5 682	5 700
1971	5 682	350	400	5 632	5 657
1972	5 632	350	390	5 592	5 612

Tafla 4.

Áætlaður þungaskattur.

1971.

Eigin þyngd tn.	Bifreiðar		Taxti		Þungaskattur (þús. kr.)	
	Benzín	Dísil	Benzín	Dísil	Benzín	Dísil
0.0—1.9	41 709	2 376	720	14 500	30 030	34 452
2.0—2.9	590	269	1 800	17 250	1 062	4 640
3.0—3.9	551	249	2 520	22 250	1 388	5 540
4.0—4.9	231	624	3 240	27 250	748	17 004
5.0—5.9	102	911	3 960	32 250	404	29 380
6.0—6.9	17	501	4 680	37 250	80	18 662
7.0—7.9	13	215	5 400	42 250	70	9 084
8.0—8.9	12	200	6 120	47 250	73	9 450
9.0—9.9	30	96	6 840	52 250	205	5 016
10.0 og yfir	30	65	7 560	57 250	227	3 721
	43 285	5 506			34 287	136 949
					171 236	

1972.

Eigin þyngd tn.	Bifreiðar		Taxti		Þungaskattur (þús. kr.)	
	Benzín	Dísil	Benzín	Dísil	Benzín	Dísil
0.0—1.9	45 212	2 578	720	14 500	32 553	37 381
2.0—2.9	584	280	1 800	17 250	1 051	4 830
3.0—3.9	533	252	2 520	22 250	1 343	5 607
4.0—4.9	225	623	3 240	27 250	729	16 977
5.0—5.9	99	925	3 960	32 250	392	29 831
6.0—6.9	16	514	4 680	37 250	75	19 146
7.0—7.9	14	220	5 400	42 250	76	9 295
8.0—8.9	12	207	6 120	47 250	73	9 781
9.0—9.9	30	102	6 840	52 250	205	5 329
10.0 og yfir	27	66	7 560	57 250	204	3 778
	46 752	5 767			36 701	141 955
					178 656	

	Reikn. þungask.	Reikn. þungask. með 23% afföllum
1971	171.2 millj. kr.	131.8 millj. kr.
1972	178.7 millj. kr.	137.6 millj. kr.

Tafla 5.

Spá um tekjur vegna innflutningsgjalds á benzíni árin 1970—1972.

	Fjöldi benzínbifr. 1/1	Fjöldi benzínbifr. 31/12	Fjöldi benzínbifr. 1/7	Benzínsala	Benzínsala/bifr.
1965	28 861	31 465	30 163	66 034 055	2 189
1966	31 465	35 239	33 352	68 386 573	2 050
1967	35 239	37 416	36 327	72 893 400	2 007
1968	37 416	38 706	38 061	70 829 658	1 861
1969	38 706	38 601	38 656	68 920 755	1 783

	Fjöldi benzínbifr. 1/7	Benzínnotkun (1 800 ltr./ár)	Brúttótekjur (5.67)
1970	40 032	72.1 millj. ltr.	408.8 millj. kr.
1971	43 285	77.9 millj. ltr.	441.7 millj. kr.
1972	46 752	84.1 millj. ltr.	476.8 millj. kr.

Tafla 6.

Spá um tekjur af gúmmígjaldi 1971—1972.


	Innflutningur í tonnum:			Tekjur alls (millj. kr.)
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	16 161	
Bjarni Þorsteinsson	21 550	
Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Björgúlfur Ólafsson	39 258	
Björn Einarsson	68 312	
Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	40 437	
Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	16 161	
Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	40 407	
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	96 974	
Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	31 406	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	16 161	
Egill Jónsson, fyrrv. símamaður	45 411	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	64 742	
Einar Eiríksson	26 937	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	21 550	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	31 406	
Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur, biðlaun	131 893	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	26 937	
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	40 177	
Elísabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona	26 974	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	21 342	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	32 325	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	21 550	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	53 874	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	40 407	
Fríða Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæzlu	32 325	
Gísli Sigurðsson	26 937	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Guðbrandur Benediktsson	26 172	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	16 161	
Guðjón Sigurjónsson, fyrrv. þingvörður	32 059	
Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	17 151	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	21 550	
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi	16 161	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Guðmundur Guðjónsson	48 488	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri	32 325	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi	51 383	
Guðmundur Jónsson	53 875	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	16 161	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Gunnar Andrew Jóhannesson	53 875	

	Kr.	Kr.
Gunnar Jóhannsson, fyrrv. alþm.	67 344	
Gunnlaugur Jóhannesson, fyrrv. vitavörður	16 161	
H. J. Hólmjárn	65 429	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	16 161	
Hálfdán Björnsson	32 325	
Halldór Hansen, læknir	61 658	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	70 136	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	16 161	
Hannes Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
Helgi Ágústsson	53 875	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Helgi Kjartansson	26 172	
Helgi Tryggvason, bókbindari	32 325	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	32 325	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	32 325	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	23 375	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	53 875	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Ingibjörg Pétursdóttir	69 774	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	29 226	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	21 550	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	210 917	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Jakob Jóh. Smári, fyrrv. adjunkt, biðlaun	157 641	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	32 325	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	26 937	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	31 406	
Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	32 325	
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	16 161	
Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustj., biðlaun	236 101	
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður, Dalvík	16 161	
Jón G. Jónsson	32 325	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	32 325	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	53 874	
Jón Stefánsson	40 407	
Jón Sumarliðason	39 258	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Jónas Gunnlaugsson, fyrrv. póstur	16 161	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	16 161	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	40 437	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	80 811	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	16 161	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	15 703	

	Kr.	Kr.
Karl Árnason, fyrrv. póstur	21 550	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	21 550	
Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari	40 407	
Kjartan Ólafsson	96 974	
Klara Guðmundsdóttir	40 407	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Kristín Ingileifsdóttir	47 351	
Kristín L. Sigurðardóttir, fyrrv. alþm.	67 344	
Kristinn Jónsson	32 325	
Kristinn Kristjánsson, Nýhöfn	35 972	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	31 509	
Kristján Albertsson, rithöfundur	51 383	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	32 325	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	16 161	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	21 550	
Lilja Sigurðardóttir	32 325	
Lúðvík R. Kemp	64 649	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	18 857	
Magnús Magnússon, rithöfundur	32 325	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	32 325	
María Markan, óperusöngkona	51 383	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	16 161	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	16 161	
Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona	32 325	
Oddný Wium	16 161	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	21 583	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	26 937	
Ólafur Guðmundsson	32 325	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	64 649	
Ólafur Þorsteinsson, læknir	25 692	
Ólafur Þorvaldsson, fyrrv. starfsm. Alþingis	72 731	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	25 692	
Páll Pálsson	40 407	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	26 937	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	26 976	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	58 446	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	24 244	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	40 407	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	21 550	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	53 157	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	26 937	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 550	
Sigríður Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	32 325	
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	

		Kr.	Kr.
	Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	29 226	
	Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	31 406	
	Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	40 406	
	Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	35 969	
	Sigurður Greipsson	65 426	
	Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	21 550	
	Sigurður Nordal, prófessor	65 030	
	Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	16 161	
	Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
	Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
	Sigurlás Nikulásson	64 649	
	Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	15 703	
	Sigursteinn Steinþórsson	40 407	
	Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	16 161	
	Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Steindór Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	21 550	
	Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	39 258	
	Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	21 550	
	Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	16 161	
	Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	16 161	
	Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala	26 937	
	Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
	Valdimar Björnsson, fyrrv. fiskmatsmaður	21 550	
	Valgerður Kristjánsdóttir	16 161	
	Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
	Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	16 161	
	Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgr.m.	53 875	
	Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	24 244	
	Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	16 161	
	Þórður Benediktsson	78 515	
	Þorlákur Stefánsson	32 325	
	Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 937	
	Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	32 325	
	Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður	16 161	
	Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	32 325	
	Verðlagsuppbætur	1 656 000	
	Samtals		8 985 266
09 384	Ekkjur:		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	41 031	
	Agnethe Kamban	69 678	
	Ágústa Högnadóttir	15 703	
	Ágústa Sigurðardóttir	26 937	
	Anna Jakobína Árnadóttir	15 703	
	Anna Ólafsdóttir	17 533	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	21 550	
	Anna Tómasdóttir	32 325	

	Kr.	Kr.
Árný Stígsdóttir	16 161	
Arnþrúður Daníelsdóttir	17 533	
Áslaug Nielsen	39 258	
Ásta Jónsdóttir	91 818	
Ásta Ólafsdóttir	32 325	
Ástríður Eggertsdóttir	26 937	
Ástríður Magnúsdóttir	16 161	
Björg Jónasdóttir	23 986	
Bryndís Þórarinsdóttir	36 595	
Dagbjört Guðjónsdóttir	25 692	
Dóra Þórarinsdóttir	39 258	
Elín Einarsdóttir	48 488	
Erla Stefánsson	64 649	
Eufemía Ólafsdóttir	67 344	
Fjóla Kristjánsdóttir	25 692	
Fríða Hlíðdal	116 778	
Guðbjörg Erlendsdóttir	32 325	
Guðbjörg Guðmundsdóttir	26 937	
Guðbjörg Kristjánsdóttir	41 031	
Guðfinna Blöndal	64 649	
Guðlaug Magnúsdóttir	68 280	
Guðný Halldórsdóttir	32 325	
Guðný Sigurðardóttir	26 937	
Guðný Vigfúsdóttir	32 325	
Guðríður Sigurðardóttir	16 161	
Guðrún Guðnadóttir	26 937	
Guðrún Jóhannesdóttir	16 161	
Guðrún P. Jónsdóttir	41 031	
Guðrún Pálsdóttir	37 712	
Guðrún Ragúels	16 161	
Halldóra Þórðardóttir	20 518	
Helga Friðbjarnardóttir	32 325	
Helga Hinriksdóttir	26 937	
Helga Pétursdóttir	40 407	
Hildur Blöndal	102 534	
Hildur Sívertsen	67 344	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	40 407	
Hólmfríður Guðmundsdóttir	64 649	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	32 325	
Hulda Þ. Björnæs	32 370	
Indíana Sturludóttir	40 407	
Ingibjörg Björnsdóttir	21 342	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	40 407	
Ingibjörg Högnadóttir	16 161	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	48 488	
Ingibjörg Karlsdóttir	66 961	
Ingunn Hlíðar	25 692	
Ingveldur Ólafsdóttir	16 161	
Jakobína Thorarensen	26 937	
Jóhanna Vigfúsdóttir	16 161	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	29 459	
Jónína Ásmundsdóttir	15 703	
Jónína Gissurardóttir	39 225	

	Kr.	Kr.
Jónína Kristjánsdóttir	40 407	
Karen Louise Jónsson	40 407	
Katrín Ingibergsdóttir	29 459	
Katrín Sveinsdóttir	48 488	
Kolbrún Jónsdóttir	80 811	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	16 161	
Kristín Helgadóttir	15 703	
Kristín Pálmadóttir	32 325	
Kristín Pálsdóttir	26 937	
Kristjana Bjarnadóttir	15 703	
Kristjana G. Einarsdóttir	19 628	
Kristólína Kragh	16 161	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	25 883	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	21 550	
Lára Svansdóttir	16 161	
Lára M. Vigfúsdóttir	53 875	
Lelia Stefánsson	80 811	
Lilja H. Arndal	53 875	
Lilja Jörundsdóttir	32 325	
Lilja Steinsen	94 280	
Lovísa Sveinbjörnsson	107 100	
Lydia Einarsson	67 344	
Mabel Sigurjónsson	53 875	
Magdalena Ásgeirsdóttir	16 161	
Málfríður Bjarnadóttir	16 161	
Margrét Árnadóttir	40 407	
Margrét Björnsdóttir	20 554	
Margrét Eyjólfsdóttir	32 325	
Margrét Guðbrandsdóttir	48 488	
Margrét Jónasdóttir	67 344	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	65 426	
Margrét L. Lárusdóttir	16 161	
Marta Oddsdóttir	16 161	
Melitta Urbancic	25 692	
Ólafía Finnbogadóttir	16 161	
Olga E. Jónsson	30 493	
Ólöf Bjarnadóttir	42 691	
Petrína Ottesen	40 406	
Ragnheiður Hafstein	64 649	
Ragnheiður Konráðsdóttir	26 937	
Rósa Þórarinsdóttir	26 937	
Sigríður Árnadóttir	96 974	
Sigríður Bjarnason	68 515	
Sigríður Einarsson	105 205	
Sigríður Gísladóttir	16 161	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	52 018	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	17 151	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	32 325	
Sigrún Sigurbjörnsdóttir	40 407	
Sigrún Thorarensen	21 550	
Sigurbjörg Jónsdóttir	16 291	
Sigurlaug Jónsdóttir	40 407	
Sigurlaug Sigurðardóttir	32 325	

	Kr.	Kr.
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	30 493	
Sólveig Eggerz	90 433	
Stefanía Stefánsdóttir	33 543	
Steinunn P. Eyjólfsson	18 178	
Steinunn Tómasdóttir	26 937	
Svanborg Jónsdóttir	15 727	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	26 937	
Sveindís Hansdóttir	16 161	
Unnur Skúladóttir	65 426	
Valgerður Helgadóttir	26 976	
Valgerður Ólafsdóttir	24 397	
Vigdís Guðmundsdóttir	32 325	
Þóra Magnúsdóttir	21 550	
Þóra Sigfúsdóttir	16 161	
Þóra Sigurðardóttir	16 161	
Þóra Skaftason	16 161	
Þorbjörg Kjartansdóttir	40 407	
Þorbjörg Leifs	32 325	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	24 244	
Þórey Jóhannsdóttir	16 161	
Þórhildur Sveinsdóttir	16 161	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur	16 161	
Verðlagsuppbætur	1 138 000	
Samtals		**6 173 804**

8. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	3 750	
2. Akureyri	6 200	
3. Akureyri, dráttarbraut	1 900	
4. Arnarstapi	250	
5. Bíldudalur	525	
6. Bolungarvík	6 675	
7. Dalvík	1 750	
8. Djúpivogur	1 100	
9. Drangsnes	350	
10. Eyrarbakki	1 420	
11. Flateyri	1 125	
12. Gerðar	3 450	
13. Grenivík	2 000	
14. Grindavík	5 395	
15. Hafnarfjörður	2 880	
16. Hafnir í Höfnum	150	
17. Hellnar	100	
18. Hnífsdalur	1 000	
19. Hofsós	850	
20. Hrísey	150	
21. Húsavík	7 500	
22. Hvammstangi	745	
23. Höfn í Hornafirði	2 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24.	Ísafjörður	120	
25.	Neskaupstaður	445	
26.	Ólafsfjörður	3 250	
27.	Ólafsvík	7 870	
28.	Patreksfjörður	625	
29.	Sandgerði	750	
30.	Sauðárkrókur	450	
31.	Siglufjörður	825	
32.	Siglufjörður, dráttarbraut	2 500	
33.	Skagaströnd	1 500	
34.	Stokkseyri	2 330	
35.	Stykkishólmur, dráttarbraut	2 300	
36.	Stöðvarfjörður	3 300	
37.	Súðavík	5 280	
38.	Suðureyri	1 350	
39.	Vestmannaeyjar	2 700	
40.	Vogar	1 000	
41.	Vopnafjörður	7 975	
42.	Þórshöfn	1 230	
			97 365

9. **Ferjubryggjur (10 333 04).**

1.	Búðardalur	200	
2.	Brjánslækur	400	
3.	Bæir á Snæfjallaströnd	600	
4.	Melgraseyri	402	
5.	Reykjanes við Ísafjarðardjúp	29	
6.	Eyri, Mjóafirði	400	
7.	Kleifarstaðir	250	
8.	Vigur	500	
9.	Æðey	500	
			3 281

10. **Sjóvarnargarðar (10 333 08).**

1.	Akranes	200	
2.	Álftanes	350	
3.	Bessastaðir	100	
4.	Borgarnes	75	
5.	Búðardalur	50	
6.	Flateyri	200	
7.	Garðskagi	100	
8.	Gerðar	100	
9.	Grótta	400	
10.	Höfn, Hornafirði	100	
11.	Innri-Akraneshreppur við Innrahólm	50	
12.	Melar í Melasveit	50	
13.	Miðneshreppur	150	
14.	Sauðárkrókur	100	
15.	Seltjarnarnes	100	
16.	Stokkseyri	75	
			2 200

Nd. 238. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. des. 1970.

Matthías A. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Þórarinn Þórarinsson.
Lúðvík Jósefsson.
Geir Hallgrímsson.
Pálmi Jónsson.

Nd. 239. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Aftan við 1. gr. frv. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. Lánið endurlánar hún Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

Ed. 240. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

2. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:
Til þess m. a. að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. svo og önnur eftirlitsstörf skv. lögum þessum eða öðrum fyrirmælum, skal starfa í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu lyfjaeftirlitsmaður, er sé lyfjafræðingur að mennt. Honum til aðstoðar við eftirlitið starfi sérhæft aðstoðarfólk eftir þörfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Tilgangur þess er sá að koma á nýskipan í eftirlitsmálum á sviði lyfsölulaga. Málum þessum er nú þannig fyrir komið, að eftirlit með lyfjabúðum annast, skv. háskólalögunum, dósentinn í lyfjafræði lyfsala, en til að annast önnur eftirlitsstörf á sviði lyfsölulaganna hafa verið ráðnir menn í lausavinnu eða þá að eftirlitinu hefur alls ekki verið sinnt.

Þá hafa störf dósentsins í lyfjafræði lyfsala aukizt verulega á undanförnum árum við kennslu, jafnframt því sem lyfjabúðum hefur fjölgað og kröfur lyfjabúðaeftirlitsins þannig aukizt.

Til þess að koma eftirlitsmálunum í viðunandi horf, er lagt til með frumvarpi þessu, að fenginn verði lyfjafræðingur í fullu starfi til þess að annast eftirlitsstörf, og jafnframt, að heimilað verði að ráða aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur, í framtíðinni.

Jafnhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til breytingar á háskólalögunum, þar sem niður er felld skylda kennara í lyfjafræði lyfsala til að gegna eftirlitsstarfi með lyfjabúðum.

Rektor Háskóla Íslands hefur með bréfi, dags. 28. nóvember 1969, óskað eftir þessari breytingu, og sömuleiðis hefur landlæknir með bréfi, dags. 13. október 1969, lagt þessa breytingu til, og fylgja nefnd bréf, ásamt fylgiskjölum, frumvarpi þessu sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 28. nóvember 1969.

Ég leyfi mér að tjá hinu háa ráðuneyti, að Háskólaráð samþykkti á fundi sínum hinn 20. nóvember að fallast á, að starf eftirlitsmanns með lyfjabúðum á vegum heilbrigðismálastjórnarinnar verði skilið frá starfi dósents í lyfjafræði lyfsala hið fyrsta, þannig að á dósentinn verði ekki lagðar sérstakar kvaðir umfram það, er nú tíðkast um dósenta í fullu starfi við Háskólann. Var þetta gert í samræmi við bréf Læknadeildar, dags. 10. nóvember, ásamt fylgiskjali, dags. 30. október, sem hvort tveggja fylgir í ljósriti.

Er því til þess mælzt, að lögum verði breytt til samræmis við þetta (l. nr. 51 1960, 2. gr., sbr. l. nr. 60 7. júní 1957, 38. gr. 1. mgr. in finem).

Allra virðingarfyllst,

Magnús Már Lárusson.

Menntamálaráðuneytið,
Rvík.

HÁSKÓLI ÍSLANDS,
Læknadeild.

Reykjavík, 10. nóv. 1969.

Læknadeild samþykkti á fundi sínum miðvikudaginn 5. nóv. 1969 að mælast til þess, að Háskólaráð hlutist til um það við hlutaðeigandi aðila, að tilmælum, sem felast í meðfylgjandi ljósriti af bréfi Þorkels Jóhannessonar prófessors og Vilhjálms Skúlasonar dósents, verði framfylgt.

Virðingarfyllst,

f. h. læknadeildar

Ólafur Bjarnason
deildarforseti.

Til Háskólaráðs.

Í 38. gr. laga nr. 60 1967, um Háskóla Íslands, er svo fyrir mælt að dósent í lyfjafræði lyfsala skuli jafnframt dósentsstarfi sínu annast eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina. Ákvæðum þessum hefur ekki verið breytt með lögum nr. 22 1969, um breyting á lögum um Háskóla Íslands.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 22 1969, er fyrr ræðir, skulu dósentar og lektorar vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi. Í athugasemd við þessa lagagrein í frumvarpsformi segir enn fremur, að dósentar skulu að öllu jöfnu hafa meiri kennsluskyldur en prófessorar en þó svo, að þeim gefist gott tækifæri til þess að helga sig rannsóknum.

Kennsluskylda dósents í lyfjafræði lyfsala hefur aldrei numið minna en 10 stundum á viku. Dósentinn í lyfjafræði lyfsala hefur undanfarin ár orðið að verja um það bil 4 mánuðum árlega til eftirlitsstarfs með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina. Starf þetta fer enn fremur vaxandi.

Undirritaðir, Vilhjálmur G. Skúlason, dósent í lyfjafræði lyfsala, og Þorkell Jóhannesson, prófessor í lyfjafræði, en prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala, geta þannig að framansögðu ekki annað séð en ákvæði um störf dósents í lyfjafræði lyfsala séu í algeru ósamræmi við þau ákvæði, er nú gilda um dósenta yfirleitt við Háskóla Íslands. Undirritaðir gera því að tillögu sinni, að starf eftirlitsmanns með lyfjabúðum á vegum heilbrigðisstjórnarinnar verði skilið frá starfi dósents í lyfjafræði lyfsala hið fyrsta þannig, að á dósentinn verði ekki lagðar sérstakar kvaðir umfram það, er nú tíðkast um dósenta í fullu starfi við Háskólann.

Reykjavík, 30. 10. 1969.

Virðingarfyllst

Vilhjálmur G. Skúlason. Þorkell Jóhannesson.

Til forseta læknadeildar
prófessors dr. med. Ólafs Bjarnasonar.

Fylgiskjal II.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. október 1969.

Í lögum nr. 60/1957, sbr. l. nr. 51/1960, um Háskóla Íslands, er í 38. gr. tekið fram, að „kennari í lyfjafræði lyfsala hafi jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina."

Eins og kunnugt er, hefur lyfjabúðaeftirlitið á undanförnum árum farið sívaxandi vegna fjölgunar lyfjabúða í landinu (nú alls 29). Í lyfsölulögum nr. 30/1963 er enn fremur gert ráð fyrir eftirliti með lyfjaheildsölum, lyfjagerðum og sérlyfjum. Þá er enn fremur nauðsynlegt eftirlit með lyfjasölu héraðslækna, en það hefur verið vanrækt undanfarin ár.

Með því að komið hefur verið á nákvæmu eftirliti með öllum ávísunum eftirritunarskyldra lyfja, sem nú er að mestu framkvæmt í skýrsluvélum ríkisins, hefur eftirlitsstarfið stóraukizt. Er skýrslum lyfjabúðanna safnað, og séð um vinnslu þeirra í vélunum mánaðarlega og árangurinn síðan kynntur, eftir því sem við á.

Auk þessa þarf að annast árlega skýrslugerð til nokkurra alþjóðastofnana, meðal annars vegna neyzlu ávana- og fíknilyfja í landinu.

Af ofanskráðu tel ég, að starf lyfjaeftirlitsmanns og kennarastarfið í lyfjafræði lyfsala fari eigi lengur saman, enda munu kennslustörfin einnig hafa aukizt til muna

hin síðari ár. Leyfi ég mér því að leggja eindregið til, að ráðuneytið hafi samráð um það við menntamálaráðuneytið, að fyrrnefndu lagaákvæði verði breytt þannig, að kennara í lyfjafræði lyfsala verði eigi skylt að hafa á hendi lyfjaeftirlitsstarfið, heldur stofnuð sérstök staða lyfjaeftirlitsmanns.

Jafnframt slíkri breytingu er rétt, að felld yrði niður 2. málsgr. 47. gr. lyfsölulaganna.

Sig. Sigurðsson.

Dómsmálaráðuneyti,
Reykjavík.

Ed. 241. Frumvarp til laga [174. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Jón Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Eysteini Þórðarsyni, bónda í Bessatungu í Saurbæjarhreppi, eyðijörðina Neðri-Brekku í sama hreppi fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Eysteins Þórðarsonar í Bessatungu. Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps hefur mælt með sölu jarðarinnar Neðri-Brekku, og er bréf oddvita Saurbæjarhrepps birt hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Fagradal, 3. des. 1970.

Laugardaginn 28. nóv. 1970 var haldinn fundur í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps að Fagradal. Þar var gerð svofelld bókun:

„Borizt hafði beiðni frá Eysteini Þórðarsyni, Bessatungu, um meðmæli hreppsnefndar Saurbæjarhrepps til, að hann gæti fengið keypta jörðina Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi.

Með hliðsjón af því, að Bessatungu vantar tilfinnanlega ræktanlegt land, samþykkir hreppsnefndin að mæla með því, að Eysteinn fái Neðri-Brekku keypta, og skapa með því bætta afkomumöguleika fyrir ábúanda Bessatungu, en eins og nú er er ræktun of lítil, og ekki möguleikar á verulegri stækkun."

Samþ. með 4 atkv.

Sig. Þórólfsson,
oddviti Saurbæjarhrepps.

Sþ. 242. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1971.

Frá Magnúsi Kjartanssyni og Sigurvin Einarssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 1 02 321 Kennaraskóli Íslands 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „8 000" kemur	15 000

Ed. 243. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur rætt frv. þetta á fundum sínum. Til fundar við nefndina komu formaður stjórnar Landsvirkjunar og framkvæmdastjóri. Á þeim fundi var einnig iðnaðarnefnd Nd. Nánar verður skýrt frá þessum fundi í framsögu.

Nendin mælir með, að frv. þetta verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frumvarpið.

Alþingi, 11. des. 1970.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.

Gils Guðmundsson. Axel Jónsson. Helgi Bergs. Einar Ágústsson.

Ed. 244. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndarmenn hafa athugað frumvarpið og mæla með samþykkt þess óbreytts. Axel Jónsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 1970.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Guðm. H. Garðarsson.

Helgi Bergs. Björn Jónsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 245. Lög [75. mál]

um breyting á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.).

Samhljóða þskj. 77.

Sþ. 246. Fyrirspurn [175. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um hagnýtingu jarðhita.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 17. maí 1969 um hagnýtingu jarðhita til ræktunar og rannsókna í þágu garðyrkju?

Nd. 247. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. — Fjarstaddur við afgreiðslu málsins var Guðlaugur Gíslason.

Alþingi, 11. des. 1970.

Ásberg Sigurðsson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Björn Pálsson.
Friðjón Þórðarson.	Sigurvin Einarsson.	Steingrímur Pálsson, með fyrirvara.

Nd. 248. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og rætt það við rektor Háskólans. Ákveðið var með bráðabirgðalögum að hefja kennslu í þjóðfélagsfræðum við Háskólann, og létu á annað hundrað stúdentar skrá sig til þess náms á síðastliðnu hausti. Kennsla þessi er þó hvorki sjálfstæð deild né innan þeirra deilda, sem fyrir eru, heldur lýtur hún sérstakri stjórn. Rétt þykir, að menntamálaráðherra sé heimilt að gera þessa námsbraut að sérstakri deild að fengnum tillögum háskólaráðs og eftir umsögn rektors og háskólaritara. Þá hefur þótt nauðsynlegt að setja í lögin nokkur frekari ákvæði en eru í bráðabirgðalögunum, svo sem fram kemur af breytingartillögum.

Nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fram koma í tillögum á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 1970.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eyjólfur K. Jónsson, fundaskr.	Magnús Kjartansson, með fyrirvara.
Birgir Kjaran.	Gunnar Gíslason.	Sigurvin Einarsson.

Nd. 249. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir IX. kafla laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, komi nýr kafli, er verður X. kafli, svo hljóðandi:

X. KAFLI

Nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

41. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, er lúti sérstakri námsstjórn, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar við námsbraut þjóðfélagsfræða, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósenta og lektora og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

Skipan, hlutverk og starfshætti námsstjórnar skal ákveða nánar í reglugerð.

Heimilt er, að námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum verði sérstök þjóðfélagsfræðadeild eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og eftir umsögn rektors og háskólaritara. Fer þá um stjórn þeirrar deildar eftir almennum ákvæðum þessara laga, þó með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr.

42. gr.

Kennsla í aðalgreinum almennra þjóðfélagsfræða fer fram á vegum námsbrautarinnar. Aðrar kennslugreinar almennra þjóðfélagsfræða má sækja til hinna ýmsu deilda Háskólans, þegar því verður við komið. Þó er heimilt að skipa eða ráða kennara í þær greinar sérstaklega.

Gegnir þá námsstjórn hlutverki háskóladeildar samkvæmt 11. gr., og eiga þá fulltrúar stúdenta ekki atkvæðisrétt.

43. gr.

Félag stúdenta í þjóðfélagsfræðum skal njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og deildarfélög stúdenta samkvæmt lögum þessum. Þannig á einn fulltrúi stúdenta í námsstjórn eftir ákvörðun aðalfundar atkvæðisrétt við rektorskjör.

44. gr.

Námsbraut þjóðfélagsfræða skal vera sérstakt viðfangsefni í fjárlagalið Háskólans.

Ed. 250. Frumvarp til laga [176. mál]

um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi 1970.)

1. gr.

Nú er í lögum heimilað að innheimta fyrirfram upp í opinber gjöld allt að 50% af gjöldum næstliðins árs og má þá hækka þann hundraðshluta, ef kaupgjald hefur almennt hækkað, um 15% eða meira árið áður samkvæmt úrskurði fjármálaráðuneytisins að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum eru almennar heimildir til að innheimta fyrirfram á gjaldári, með fimm jöfnum, mánaðarlegum greiðslum upp í útsvar og skatta, fjárhæð, sem nemur 50% af upphæð þessara gjalda hjá hverjum gjaldanda næstliðið ár.

Þar eð fyrirframinnheimtan er miðuð við álagða skatta fyrra árs, sem aftur á móti byggjast á tekjum ársins þar á undan, getur svo farið á tímum örra kaupgjalds- og tekjubreytinga, að sú upphæð, sem innheimt er á fyrra helmingi árs, reynist töluvert undir 50% af álögðum gjöldum, og verður þá að innheimta hlutfallslega meira

á síðari hluta árs. Er slíkt bagalegt bæði fyrir hið opinbera og ekki síður fyrir gjaldendur, svo sem dæmi eru um.

Ákvæði frumvarps þessa miða að því að bæta úr þessum ágalla og jafna greiðslubyrði gjaldenda milli fyrra og síðara árshelmings.

Gert er ráð fyrir, að fjármálaráðuneytið úrskurði fyrir lok hvers árs, hver hundraðshluti fyrirframinnheimtu megi hæstur vera á komandi ári.

Ed. 251. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán og um skuldaskil.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Bjarni Guðbjörnsson, Björn Fr. Björnsson, Einar Ágústsson.

I. KAFLI

Um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, er þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—1970, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.

2. gr.

Lán samkvæmt 1. gr. skulu veitt gegn veði í bújörðum ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum bænda og vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir.

Lánstími skal vera allt að 25 árum gegn veði í fasteign og allt að 10 árum gegn veði í vélum.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra. Vextirnir séu þó ekki hærri en 6% á ári.

3. gr.

Lán, sem veitt er samkvæmt ákvæðum þessa kafla laganna, sbr. 1. og 2. gr., að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins. Lagt skal til grundvallar hið nýja fasteignamat. Heimilt skal þó að víkja frá því, ef nauðsyn krefur, og skal matsverðið þá ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkazt hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

4. gr.

Seðlabanki Íslands kaupir fyrir nafnverð bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóv. 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóv. 1941 um lánveitingar samkvæmt þessum kafla laganna.

II. KAFLI
Um skuldaskil.

7. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður bænda.

8. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram stofnfé Skuldaskilasjóðs, allt að 50 millj. kr.

Ríkisstjórninni er þó heimilt að taka stofnfé sjóðsins, sbr. 1. málsgr., að láni til allt að 10 ára og endurlána það sjóðnum með sömu kjörum og lánið er tekið.

9. gr.

Nú tekur ríkisstjórnin stofnfé Skuldaskilasjóðs að láni að einhverju eða öllu leyti, sbr. 8. gr., og skal þá fjár til afborgana og vaxtagreiðslna af láninu aflað þannig:

1. Með árlegu framlagi ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, allt að 7 millj. kr. á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn á fjárlögum fyrir árið 1972.
2. Með árgjöldum af lánum, sem bændum hafa verið veitt úr Skuldaskilasjóði.

10. gr.

Til viðbótar stofnfé samkvæmt 8. gr. skal afla Skuldaskilasjóði starfsfjár með útgáfu handhafaskuldabréfa. Þau skulu gefin út af stjórn sjóðsins, og má fjárhæð þeirra nema samtals allt að 75 millj. kr.

Trygging fyrir skuldabréfunum skal vera sem hér segir:

1. Stofnfé sjóðsins.
2. Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Vextir af skuldabréfunum skulu vera 6% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki, og skal innleysa eigi minna en $\frac{1}{25}$ hluta þeirra á ári hverju, í fyrsta sinn 1973, þannig að öll bréfin séu innleyst á 25 árum.

Í reglugerð, er ráðherra setur, skal nánara kveðið á um gerð bréfanna, fjárhæð þeirra, greiðslu vaxta, innlausn þeirra og annað, er þurfa þykir.

11. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. janúar 1971, að svo miklu leyti sem þær eru ekki tryggðar með fasteignaveði, svo og til greiðslu á árgjöldum af fasteignaveðslánum, enda hafi árgjöldin fallið í gjalddaga fyrir 1. janúar 1971. Sama gildir um greiðslu á víxlum, sem gefnir verða út eftir 1. janúar 1971, en áður en lög þessi koma til framkvæmda, ef skuldin upphaflega hefur verið stofnuð fyrir árslok 1970.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu framvegis vera með nafnverði gildur gjaldeyrir af hendi einstaklinga og stofnana í viðskiptum við Seðlabanka Íslands, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Fé Skuldaskilasjóðs skal varið til lánveitinga handa bændum.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg.
2. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir og árstekjur séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli, nema hann fái einhverja eftirgjöf skulda.
3. Að umsækjandi geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda.

4. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnar staðið straum af árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkvæmt lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri.

13. gr.

Lánum úr skuldaskilasjóði skal varið einungis til greiðslu á skuldum lántakenda.

Lánin verða veitt gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar. Þau greiðast að sumu leyti í peningum og að öðru leyti í skuldabréfum sjóðsins, eftir því sem sjóðsstjórnin ákveður.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

Vextir af lánunum skulu vera 6% á ári.

Ef lántakandi breytir um atvinnuveg á lánstímanum eða eigendaskipti verða að hinni veðsettu eign, er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða, að lánið sé þegar fallið í gjalddaga.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Skuldaskilasjóði í einu lagi tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast, og gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa. Sama gildir um veðsetningu fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé. Heimilt er og að veðsetja sjóðnum í einu lagi aðra fjármuni án sérstakrar sundurliðunar.

15. gr.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréfi hefur verið þinglýst, og heldur sjóðurinn þá veðrétti sínum, þótt skuldabréfinu sé eigi þinglýst í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

16. gr.

Í stjórn Skuldaskilasjóðs eiga sæti fimm menn, er landbúnaðarráðherra skipar eftir tilnefningu þessara aðila: Bankaráð Búnaðarbanka Íslands tilnefnir einn, stjórn Stéttarsambands bænda annan, stjórn Búnaðarfélags Íslands hinn þriðja, stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga hinn fjórða og fjármálaráðherra hinn fimmta.

Nú skorast aðili, einn eða fleiri, undan að tilnefna mann í sjóðsstjórn, og skipar þá ráðherra mann eða menn í stjórnina án tilnefningar, þannig að stjórn sjóðsins verði fullskipuð.

Varamenn skulu vera fimm, og skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Stjórn sjóðsins velur sér formann.

17. gr.

Umsóknir um lán úr Skuldaskilasjóði skulu stílaðar til stjórnar sjóðsins, en sendar oddvita í því sveitarfélagi, þar sem umsækjandi á lögheimili. Oddviti sendir umsóknir aðila í sveitarfélaginu til stjórnar sjóðsins á þeim tíma, er hún tiltekur, eða svo fljótt sem auðið er, eftir að hann fær lánsumsókn í hendur.

Lánsumsókn skulu fylgja þau skilríki, sem hér segir:

1. Afrit af síðasta skattframtali lánbeiðanda, staðfest af skattstjóra eða umboðsmanni hans.
2. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda, og skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin er, gjalddaga og önnur greiðslukjör.
3. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hvort líkur eru til, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
4. Vottorð hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hefur stundað búskap og hvar, svo og um fjölskyldustærð hans.

5. Umsögn sveitarstjórnar um þörf lánbeiðanda á fjárhagsaðstoð.
6. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

18. gr.

Þegar sjóðsstjórnin hefur fengið lánsumsókn í hendur, ákveður hún, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveitingu. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests.

Ef skuldareigandi, sem eigi hefur lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar, meðan á samningaumleitunum stendur, færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 17. gr., 1. og 2. tölul., skal sjóðsstjórnin sannreyna, hvort framtalið er rétt.

Telji sjóðsstjórn, að umsækjandi geti ekki komið til greina við lánveitingu, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti, og þar greint frá ástæðum fyrir synjun.

19. gr.

Nú telur sjóðsstjórn, að lánbeiðandi þurfi að fá eftirgjöf á skuldum, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann. Í frumvarpi skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningnum er eigi ætlað að ná til, og getið trygginga fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta skuldunaut er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

Eftirgjöf á skuldum, sbr. 1. málsgr., skal þannig gerð, að Skuldaskilasjóður leggur fram 50% þeirrar fjárhæðar, sem skuldunaut er gefin eftir. Jafnframt skulu kröfur lánardrottna lækkaðar frá nafnverði — um sama hundraðshluta hjá öllum lánardrottnum hlutaðeigandi aðila — þannig að sú lækkun nemi samtals 50% þeirrar fjárhæðar, sem skuldunaut er gefin eftir.

Frumvarpið skal borið undir umsækjanda, og segi hann til innan 10 daga, hvort hann treystir sér til að hlíta ákvæðum þess.

20. gr.

Þegar eftir að samningsfrumvarp það, sem í 19. gr. getur, er fullsamið og samþykkt af umsækjanda, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið. Lánardrottni ber að segja til um það með bréfi til sjóðsstjórnar á þeim tíma, er hún tiltekur, hvort hann er samþykkur samningsfrumvarpinu eða hverra breytinga hann óskar.

Nú næst ekki samkomulag milli aðila á þann hátt, er í 1. málsgr. segir, og er sjóðsstjórn þá rétt að boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara til samningaviðræðna.

Þangað til fundurinn er haldinn, skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja í skrifstofu sjóðsins skuldheimtumönnum til sýnis.

21. gr.

Verði samkomulag milli lánbeiðanda og svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðrar kröfuupphæðar, er samningnum er ætlað að ná til, hefur sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta samningsfrumvarpið, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti því eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut

undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

22. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal sjóðsstjórnin ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

23. gr.

Samningurinn, sbr. 21. gr., hefur engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins að skuldaupphæð nemi eigi meiru en 80% af verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en þessu nemur samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningagerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr 80% af verði veðsins.
2. Forgangskröfur samkvæmt 8. kafla 82. og 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, að svo miklu leyti sem eigur skuldunautar teljast hrökkva fyrir þeim.

24. gr.

Frá því að umsækjandi hefur sent lánbeiðni til sjóðsstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótvíræðar forgangskröfur sé að ræða. Hann má ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

25. gr.

Jafnskjótt sem sjóðsstjórn hefur tekið við lánbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta á sama tíma.

Tímabilið frá því að sjóðsstjórn hefur tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt og skuldaskil framkvæmd svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fyrir árslok 1971.

27. gr.

Þegar lokið er lánveitingum úr Skuldaskilasjóði, skal stjórn sjóðsins, sbr. 16. gr., hætta störfum. Eftir það skal stjórn Búnaðarbanka Íslands falin stjórn Skuldaskilasjóðs.

28. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast afgreiðslu lána Skuldaskilasjóðs, innheimtu afborgana af þeim, svo og reikningshald fyrir sjóðinn. Reikningar Skuldaskilasjóðs skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbankans og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

29. gr.

Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin stimpilgjaldi.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

30. gr.

Kostnað við framkvæmd II. kafla laga þessara greiðir ríkissjóður, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

31. gr.

Í reglugerð, er ráðherra setur, skal kveða nánara á um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 31 2. maí 1969, um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, fluttum við framsóknarmenn á síðasta þingi, en það náði ekki fram að ganga. Síðan hefur árferði verið óhagstætt bændum og fjárhagur fer því versnandi. Á síðastliðnu sumri, sem bæði var stutt og kalt, voru ræktunarlönd víða mjög kalin og sumarið lélegasta heyskaparsumar um langt skeið, þegar athugað er landið í heild.

Er þess langt að minnast, að jafnlítil hey hafi verið til að haustnóttum sem að þessu sinni, en hey eru yfirleitt góð og vetur fremur hagstæður, það sem af er. Áburðarkaup á síðasta vori reyndust bændum erfið, en verra var þó, hve kalt var og klaki lengi í jörðu og tún stórkalin, svo að áburður nýttist mjög illa. Kaup á fóðurbæti á þessum vetri verða sennilega meiri að magni en dæmi eru til, en auk þess hafa fóðurvörur hækkað í verði frá fyrra ári um 30%.

Þrátt fyrir allan þennan tilkostnað fækkar búfénaði stöðugt og þar af leiðandi skerðast tekjur þær, sem eiga að standa undir búrekstrinum, og fara skuldir því vaxandi með hverju ári.

Bjargráðasjóður Íslands hefur með heyflutningastyrkjum til bænda og hagstæðum lánum til sveitarfélaga, sem þau endurlána bændum, verið mikill styrkur á þessum erfiðu tímum. En sú aðstoð bjargar ekki, þar sem miklar skuldir voru fyrir, þegar harðna tók í ári.

Lög þau, er ríkisstjórnin beitti sér fyrir að sett væru um að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, náðu á allan hátt of skammt og veittu mjög takmarkaða hjálp, enda allmargir bændur, sem féllu ekki undir ramma laganna. Er nú ekki annað sýnna en að ýmsir bændur verði að hrekjast frá atvinnu sinni og staðfestu, ef ekkert er að gert.

Við leyfum okkur að vitna hér í tillögur og greinargerð Búnaðarþings á s. l. vetri og umsögn formanns Stéttarsambands bænda á aðalfundi þess s. l. sumar.

Ályktun Búnaðarþings.

Búnaðarþing telur, að brýna nauðsyn beri til að gera eftirtaldar ráðstafanir vegna lausaskulda bænda, og skorar á landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir framkvæmd þeirra:

1. Að lengdur verði frestur til að sækja um lausaskuldalán til 1. júlí 1970 og að sú ákvörðun verði tilkynnt rækilega.
2. Að þeir bændur, sem annaðhvort hafa ófullnægjandi veð eða skulda meira en svo, að Veðdeild Búnaðarbankans geti veitt þeim lausaskuldalán, skv. lögum og reglum um þau, fái með löggjöf aðstoð til skuldaskila, þannig að bændum verði fjárhagslega kleift að halda áfram búskap.
3. Að Seðlabankinn verði skyldaður til að kaupa bankavaxtabréf þau, sem gefin eru eða gefin verða út til að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Skylda Seðlabankans verði að kaupa öll bréfin á nafnverði á næstu fjórum árum, samkvæmt reglum, sem þar um verði settar.

Greinargerð.

Það veit hver maður, sem eitthvað hefur kynnt sér fjárhagsmál landsmanna, að skuldir bænda, einkum lausaskuldir, hafa aukizt mjög hin síðari ár, að nokkru vegna slæms árferðis í verzlun og veðráttu, en einnig vegna lítilla eða mjög ónógra lánsmöguleika hjá lánastofnunum, einkum hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Veðdeild Búnaðarbankans. Lán til íbúðarhúsabygginga í sveitum hafa lækkað stórlega í hlutfalli við byggingarkostnað, og er þar gífurlegt misræmi milli lánsupphæða Stofnlánadeildar landbúnaðarins annars vegar og Húsnæðismálasjóðs ríkisins hins vegar. Bilið á milli stofnlánamöguleika til byggingarframkvæmda og annarrar fjárfestingar í sveitum, þar með talin vélakaup, og kostnaðar er gífulegt. Því hefur svo farið, að bændur hafa orðið skuldugir verzlunum eða einstaklingum fyrir þessum kostnaði eða þeir hafa tekið víxillán í bönkum og sparisjóðum. Tekjur bænda hafa hins vegar hvergi nærri dugað til að greiða vexti og afborganir af þessum geysidýru lánum, og þeir hafa því orðið vanskilamenn. Fjölmargir húsbyggjendur í kaupstöðum hafa hins vegar átt kost á lánum til langs tíma úr lífeyrissjóðum, og skilur hér mjög á milli þeirra og bænda.

Lögum um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, nr. 31 2. maí 1969, var ætlað að gera hér leiðrétting á. Lögin sjálf, eins og þau voru endanlega samþykkt, reglugerð um þau og framkvæmd þeirra hefur þó orðið með þeim hætti, að stórlega hefur dregið úr gildi þeirra fyrir bændur frá því sem þeir höfðu vonazt eftir og nauðsyn bar til, og þá einkanlega fyrir þá, sem verst voru staðir og mest þurftu með.

Úr skýrslu formanns Stéttarsambands bænda á aðalfundi þess s. l. sumar.

Í sambandi við afgreiðslu bankans á lánabeiðnum hafa komið upp mörg tilvik, sem annað tveggja útiloka bændur frá að fá þessa skuldabreytingu framkvæmda eða þá að hún fæst aðeins að hluta. Sumir bændur skulda svo mikið, að þeir hafa ekki nægjanleg fasteignaveð. Aðrir eru leiguliðar og hafa ekki fengið veðleyfi. Sumir bændur hafa ekki haft nægjanlegar framkvæmdir á móti lausaskuldum eða of lítið veð, og þá hefur lánið verið skorið niður sem því svarar. Allmikið hefur borið á því, að bændur hafa ekki talið lausaskuldir fram á skattskýrslu eða talið þær of lágar, og í einstöku tilfellum hafa skuldareigendur neitað að taka skuldabréfin sem greiðslu.

Alls hafa 720 bændur sótt um þessa fyrirgreiðslu, og framtaldar lausaskuldir þeirra verið kr. 191 890 000.00. 616 bændur hafa fengið afgreiðslu í bankanum og lánabreytingu að upphæð kr. 122 555 000.00. 19 bændum hefur verið synjað, og 85 umsóknir eru enn óafgreiddar skv. upplýsingum bankans.

Orsakir skuldasöfnunar bænda eru margar, en þessar helztar:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin vaxið mjög ört hin síðari ár.
2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnað.
3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður, nema á lánum til íbúðarhúsabygginga. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. fjárhús, hlöður og fjós, en til 20 ára út á steyptar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára út á aflvélar.
4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður eða 6% á íbúðarhúsalánum, en voru áður 3½%, á öllum öðrum lánum deildarinnar eru 6½% vextir, en voru áður 4%. Vaxtahækkun síðan 1960 er 60—70%.
5. Lagður er nú sérskattur á bændur, og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, er skatturinn var á þá lagður.
6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.
7. Þótt sívaxandi verðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað.

8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og veitir því of lág lán til jarðakaupa, og vextir eru óhagstæðir, þar sem þeir eru 8%.
9. Verðlag búvara er komið úr öllu samhengi við þarfir landbúnaðarins. Bændur eru því m. a. af þeim sökum tekjulægsta stétt landsins.
10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægjanlegan heyforða fyrir það búfé, sem fyrir er í landinu.
11. Grasbrestur á ræktuðu landi, kal og óþurrkar valda því, að innflutningur fóðurbætis hefur aukizt mikið.

Ýmsar aðrar orsakir samfara framantöldu valda því, að margir bændur eiga í miklum fjárhagserfiðleikum.

Fyrsti kafli frv. er um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, og kemur skýrt fram í frv., hvað hann fjallar um, en þó er sá munur á því og lögum um lausaskuldir bænda, sem hér greinir:

1. Að lögin nái til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda, sem komið hafa upp vinnslustöðvum, en ekki fengið nægjanleg stofnlán.
2. Að lögin taki einnig til lausaskulda, sem hafa myndazt vegna bústofns- og fóðurkaupa.
3. Að lögin nái yfir skuldasöfnun á tímabilinu 1960—1970.
4. Að vextir verði ekki yfir 6%.
5. Að lánin verði til 25 ára.
6. Að heildarlánsupphæð megi vera 80% af matsverði.
7. Að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum þeirra.
8. Að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði.

Annar kafli laganna fjallar um skuldaskil í landbúnaði.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ríkissjóði er gert að skyldu að leggja fram stofnfé Skuldaskilasjóðs, en heimilt er honum að taka stofnféð að láni og endurlána sjóðnum.

Um 9. gr.

Til þess að standa straum af greiðslu þeirra lána, sem ríkissjóður tekur og lánar Skuldaskilasjóði, verður að afla fjármagns á fjárlögum, auk þess sem sjóðurinn fær árgjald af þeim lánum, sem Skuldaskilasjóður lánar bændum. Áætlað er, að stofnlán ríkisins sé 50 millj. kr. upphaflega og borgist á 10 árum, þannig að afborgun verður 5 millj. kr. árlega og vextir að auki. Áætlað er, að ríkissjóður þurfi að leggja fram 7 millj. kr. árlega í þessu skyni næstu 10 ár.

Um 10. gr.

Til viðbótar þeim 50 millj. kr., sem um getur í 8. gr., verður að afla Skuldaskilasjóði stofnfjár með útgáfu handhafaskuldabréfa, er nema samtals allt að 75 millj. kr., og eru með 6% vöxtum til allt að 25 ára. Upphæðir þær, er að framan greinir, eru áætlaðar og miðaðar við það, að um 150 millj. kr. af lausaskuldum bænda komist ekki undir þá fyrirgreiðslu, sem veitt er samkvæmt I. kafla frv., og falli þar af leiðandi undir Skuldaskilasjóð. Reikna má með því, að um þriðjung af skuldum þessum verði erfitt eða útilokað að innheimta sökum fjárhagserfiðleika hjá hlutaðeigandi bændum.

Um 11. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á lausaskuldum og vanskilaskuldum eldri en frá 1. janúar 1971. Skuldabréfin skulu enn fremur vera gildur gjaldeyrir af hendi einstaklinga og stofnana í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Lánum úr Skuldaskilasjóði skal einungis varið til þess að koma skuldum hlutaðeigandi bænda í fastara form, og metur sjóðsstjórn tryggingar lánanna og á hvern hátt þau greiðast. Lánstími skal vera allt að 25 árum með 6% vöxtum.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um heimild fyrir þeim veðum, sem taka skal gild, þegar lán eru veitt.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þar sem skuldir bænda eru bæði í bönkum, samvinnufélögum og öðrum verzlunum, þykir rétt að Búnaðarbanki Íslands, sem bændur skipta mest við, tilnefni mann í stjórnina og að Samband ísl. samvinnufélaga, sem er samnefnari kaupfélaganna, tilnefni einn mann í stjórn. Þar sem frv. þetta gerir svo ráð fyrir, að ríkissjóður útvegi Skuldaskilasjóði það fjármagn, sem hann þarf á að halda og fær bæði í peningum og handhafaskuldabréfum, og að ríkissjóður sé einnig ábyrgur fyrir fjármagni þessu, auk þess sem frv. gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fjármagn, þegar um eftirgjöf skulda er að ræða, þá er nauðsynlegt, að fjármálaráðherra tilnefni einn mann í stjórnina. Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands tilnefna sinn manninn hvort í stjórnina og verða þeir fulltrúar bænda við skuldaskilin.

Um 17. gr.

Hér er greint frá þeim gögnum, sem verða að fylgja umsóknum þeim, er oddvitar senda með umsóknum til Skuldaskilasjóðs, en þeir eru nokkurs konar umboðsmenn sjóðsstjórnar.

Um 18. gr.

Stjórn Skuldaskilasjóðs verður að vega og meta, hvernig með hvert og eitt mál skuli farið, og hafa samráð við hlutaðeigandi oddvita, sem gefa nánari upplýsingar.

Um 19. gr.

Hér er í megindráttum mörkuð sú stefna, sem ríkja skal við mat og samninga um eftirgjöf skulda. Stjórnin gerir sér grein fyrir greiðslugetu hlutaðeigandi aðila og semur um eftirgjöf á þeim skuldum, sem ekki eru til veð fyrir né neinar líkur á að innheimtist. Skuldaskilasjóður tekur þátt í eftirgjöf skulda, eins og lög mæla fyrir.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar fjalla um það, hvernig með þau skuldamál skuli farið, sem ekki næst strax samkomulag um.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin kveður nánar á um það, hvaða skuldakröfur ber að taka til greina við samning um eftirgjöf skulda.

Um 24. og 25. gr.

Greinarnar segja fyrir um það, hvernig lánsumsækjandi skuli haga fjármálum sínum, á meðan á skuldaskilum stendur, og hvernig sjóðsstjórn fer með mál gagnvart skiptaráðanda.

Þriðji kafli frv. er almenns eðlis og þarfnast ekki skýringa.

Nd. 252. Frumvarp til laga [178. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 86 frá 31. des. 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Í stað orðanna í 2. gr.: „og gilda til 31. desember 1970“ komi: og gilda til 31. desember 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 86 frá 31. desember 1968 um breyting á lögum um verðlagsmál, fellur umboð núverandi verðlagsnefndar niður 31. desember 1970, sbr. lög nr. 100 frá 31. desember 1969 um breytingu á þeim lögum. Er ætlunin með þessari lagabreytingu að framlengja enn umboð núverandi verðlagsnefndar til 31. desember 1971.

Nd. 253. Frumvarp til laga [3. mál]

um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Þórisvatnsmiðlunar og undirbúnings virkjana í Tungnaá umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59, 1965 og breytingu á sömu lögum 7. maí 1969, um 704 Mkr. (8 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. Lánið endurlánar hún Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 254. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl. Nefndin leggur fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali og mælir samhljóða með frv. með þeim breytingum.

Alþingi, 15. des. 1970.

Sveinn Guðmundsson, frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Einar Ágústsson.

Axel Jónsson. Bjarni Guðbjörnsson. Björn Jónsson. Guðm. H. Garðarsson.

Ed. **255. Breytingartillögur** [161. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

a. Við 1. gr. Eftirtalin tollskrárnúmer ýmist bætist við í réttri töluröð eða breytist.

				Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
1.	28.04	30	Vatnsefni og eðalgös	7%		18%
2.	38.19	21	Mulinn steinn til vegamerkinga (synopal)	20%		35%
3.	39.01	08	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, meira en 0,4 mm á þykkt	20%		30%
4.	39.02	93	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, meira en 0,4 mm á þykkt	30%	20%	40% 30%
5.	40.07	00	Þræðir og snúrur úr toggúmmíi, einnig þakið spunavörum, spunagarn gegndreypt eða þakið með toggúmmíi	30%	21%	35% 25%
6.	40.08	04	Vélaþéttingar, þéttilistar	25%		35%
7.	42.03	05	Rafsuðuhanzkar, hlífðarsvuntur, hlífðarermar úr leðri	7%		65%
8.	65.06	01	Hlífðarhjálmar	7%		35%
9.	68.04	00	Kvarnarsteinar, hverfisteinar, slípisteinar o. þ. h. (o. s. frv., óbr. texti)	7%		25%
10.	68.05	00	Brýni og annar handfægi- og slípisteinn (o. s. frv., óbr. texti)	7%		25%
11.	70.14	01	Lampar og lampaskermar	90%	65%	90%
12.	73.27	02	Girðingarnet (einnig plasthúðað) úr vír, sem ekki er grennra en 2 mm í þvermál	10%		20%
13.	73.40	30	Grófunnin járn- og stálsmíði, svo sem grófunnir sveifarásar og öll fallsmíði (drop forgings), einnig formuð brennsluhólf og kúpaðir botnar í katla og þrýstiker	7%		7%
14.	74.03	03	Log- og rafsuðuvír úr kopar	7%		15%
15.	74.05	01	Þynnur í vatnskassaelement, prentaðar straumrásir o. þ. h.	7%		11%
16.	82.02	00	Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir, einnig tannlaus sagarblöð	7%		25%
17.	82.03	00	Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur (o. s. frv., óbr. texti)	7%		25%
18.	82.04	00	Handverkfæri og handáhöld (o. s. frv., óbr. texti)	7%		25%
19.	84.11	02	Þjöppur fyrir frystikerfi, ótalin stærð, og loftþjöppur með vinnsluafköstum allt að 2 m^3 á mínútu, hvort tveggja án drifmótora	7%		7% 35%
20.	84.13	01	Brennarar fyrir fljótandi eldsneyti til iðnaðarnota fyrir þunga olíu	7%		25%
21.	84.13	09	Annað	25%		25%
22.	84.62	00	Kúlu-, kefla- og nálaleg, einnig með áföstum festingum eða leguhúsum	14%		14% 25%
23.	85.17	01	Brunavarnarkerfi, þjófavarnarkerfi og hlutir til þessa	7%		35%
24.	85.17	09	Annað	35%		35%

				Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
25.	90.01	01	Gleraugnagler (án umgerðar)	20%		50%
26.	90.04	01	Rafsuðugler, hlífðar- og öryggisgleraugu, einnig gler til þeirra	7%		50%
27.	90.23	04	Háhitamælar (pyrometers), flotvogir og rakamælar	7%		35%
28.	90.24	01	Hitastillar, rennslismælar fyrir olíur og vatn	35%		35%
29.	90.24	09	Annað	7%		35%
30.	90.25	00	Tæki og áhöld til fysiskrar og kemiskrar greiningar (o. s. frv., óbr. texti)	7%		35%
31.	90.26	01	Mælar til prófunar á gas, vökva og rafmagnsstraum	7%		35%
32.	90.27	01	Snúnings- og framleiðsluteljarar, snúningshraðamælar (tachometers), segulmagnsmælar, sviðsjár (stroboscopes)	7%		25%
33.	90.27	09	Annað	25%		25%
34.	90.28	09	Önnur (þ. e. rafmagns- og rafagnatæki)	7%		35%
35.	90.29		Hlutar og fylgitæki þannig löguð, að þau séu einungis eða aðallega hæf og ætluð til einnar eða fleiri af þeim vörum, sem teljast til nr. 90.23, 90.24, 90.25, 90.26, 90.27, 90.28.			
		01	Til tækja og áhalda, sem teljast til nr. 90.28.01	4%		4%
		09	Annað	7%		35%
36.	92.12	01	Grammófónplötur með íslenzku efni	20%		30%

b. Við 2. gr.

1. a-liður 4. tölul. orðist svo:
   a) til framleiðslu á rafmagnseldavélum og bökunar- og steikarofnum, þannig að tollur verði ekki hærri en 15% af neinni notaðri efnivöru.
2. Aftan við 4. tölul. bætist:
   d) til framleiðslu á tvöföldu gleri, þannig að tollur af rakaeyðingarefni, sem telst til nr. 38.19.19, og af þéttilími, sem telst til nr. 32.12.00, verði ekki hærri en 20%.
   e) vegna kröfu um aukið hreinlæti er fjármálaráðherra heimilt að endurgreiða fiskiðnaðarfyrirtækjum toll af gólf- og veggflögum (flísum), sem falla undir tollnúmer 69.07.00 og 69.08.00.
   f) að endurgreiða gjöld af hlutum og efni til sjálfvirks stilli- og stýribúnaðar fyrir skip og vélar, þannig að tollurinn verði ekki hærri en 7% af notaðri efnivöru eða hlutum.

c. Við 3. gr. Greinin falli niður.

Ed. 256. Frumvarp til laga [8. mál]

um virkjun Lagarfoss.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. des.)

Samhljóða þskj. 8 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Óski sveitarstjórnir á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Lagarfoss og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

Nd. 257. Frumvarp til laga [179. mál]

um Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, er lýtur sérstakri stjórn, samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Markmið hennar er:

1. Að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu.
2. Að hafa á hendi einkasölu á tilbúnum áburði, og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða né flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburði og áburðarefnum og frekast er völ á.

3. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarsölu ríkisins, gagnvart einstaklingum og hinu opinbera og kemur að öllu leyti í hennar stað.

Allar bækur og skjöl áburðarsölunnar falla til Áburðarverksmiðjunnar.

Skipulagsbreytingin fer fram 1. janúar 1971 og miðast reikningsskil við þann dag.

4. gr.

Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til, auk hlutafjár Áburðarverksmiðjunnar h.f., stofnfjárframlög, eins og ákveðin kunna að verða í fjárlögum.

5. gr.

Að því leyti sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

6. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðjurekstrinum.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

8. gr.

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra, og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.

9. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum og innfluttum áburði. Skal verðið miðað við sjónarmið þau, sem fram koma í 2. gr., og að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Eignir skulu þá metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum hæfilegum afskriftum.

10. gr.

Innanlands selur Áburðarverksmiðjan áburð þann, sem hún framleiðir eða flytur til landsins, einungis búnaðarfélögum, samvinnufélögum, verzlunarfélögum, kaupmönnum, hrepps- og bæjarfélögum, eða öðrum opinberum aðilum.

11. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

12. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

13. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, lög nr. 69 28. maí 1969, um Áburðarverksmiðju ríkisins, og lög nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1928 voru sett lög, nr. 52, 7. maí, um tilbúinn áburð. Með lögunum var ríkisstjórninni heimilað að taka í sínar hendur einkasölu á tilbúnum áburði og leggja fram fé í því skyni. Lögunum var breytt með l. nr. 46 14. júní 1929 og aftur með lögum nr. 12 6. júlí 1931. Breytingarnar fjölluðu aðallega um greiðslu á flutningskostnaði á áburðinum. Árið 1935 28. janúar voru staðfest ný lög — nr. 51 — um verzlun með tilbúinn áburð. Þau voru svipuð og eldri lög, en því þó bætt við, sbr. 4. gr., að fela mætti: „Sambandi ísl. samvinnufélaga eða öðrum aðila, er henta þætti, rekstur áburðarsölu ríkisins og leggja fram eða ábyrgjast fé, er til þess þarf."

Samkv. lagaákvæðum þeim, sem hér hafa verið rakin, var Áburðarsala ríkisins sett á stofn og rekin á ábyrgð ríkissjóðs. Hinn 30. október 1961 var breytt til á þann veg, að notuð var heimild ofangreindrar 4. gr. l. nr. 51/1935 til þess að fela Áburðarverksmiðjunni h/f að annast reksturinn. Er Áburðarverksmiðjunni h/f var slitið, samkv. l. nr. 69/1969, tók Áburðarverksmiðja ríkisins við öllum réttindum og skyld-

um Áburðarverksmiðjunnar h/f, sbr. 3. gr. laganna og þá m. a. umboði til reksturs áburðarsölu ríkisins. Var það staðfest í bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 19. september 1969. Skipulagsbreyting var hins vegar ekki gerð að öðru leyti.

Hér er þá svo komið, að tvær stofnanir ríkisins, sem vinna að sama markmiði — öflun áburðar til hagsmuna fyrir íslenzkan landbúnað — eru að vísu undir einni stjórn, en þó reknar sem sjálfstæðar stofnanir, hvor um sig. Veldur þetta að ýmsu leyti auknum kostnaði og fyrirhöfn. Þegar landbúnaðarráðuneytinu barst bréf frá ríkisendurskoðuninni, dags. 7. apríl þ. á., þótti því rétt að taka málið til athugunar. Árangurinn var frumvarp það, sem hér kemur fram. Það er samið í samráði við stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins. Bréf ríkisendurskoðunarinnar er á þessa leið:

„Undanfarin ár hefur ríkisstjórnin falið Áburðarverksmiðjunni h/f að hafa á hendi einkasölu á áburði.

Þar sem ríkissjóður er nú orðinn eigandi áburðarverksmiðjunnar, vill ríkisendurskoðunin vekja athygli landbúnaðarráðuneytisins á því, að hagkvæmt væri, ef Áburðarverksmiðja ríkisins og Áburðarsala ríkisins væru ein reikningsleg heild, en meðan lög nr. 51/1935 um áburðarsölu ríkisins eru í gildi óbreytt, verður að semja tvenn reikningsskil fyrir það, sem samkvæmt eðli sínu er ein og sama ríkisstofnunin. — Orsakar þetta, að áliti ríkisendurskoðunarinnar, óþarfa fyrirhöfn og kostnað.“

Frumvarp þetta fjallar einungis um það, sem breyta þarf, til þess að koma á ofangreindri skipulagsbreytingu. Í rauninni er ekki um annað að ræða en það, að lög nr. 51/1935 eru felld inn í l. nr. 69/1969, samræmd þeim og gefin út að nýju.

Þar sem gengið er að fullu frá slitum Áburðarverksmiðjunnar h/f, eru felldar niður 13. gr. til 19. gr. laga nr. 69/1969.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

2. töluliður greinarinnar er nýr og samsvarar að mestu 1. gr. l. nr. 51/1935.

Um 2. gr.

Breytingin er nauðsynleg samræmis vegna.

Um 3. gr.

Breytinguna leiðir af skipulagsbreytingunni og samsvarar 3. gr. l. nr. 69/1969, eins og hún er nú.

Um 4.—8. gr.

Óbreyttar 4.—8. gr. laga nr. 69/1969.

Um 9. gr.

Samsvarar 9. gr. l. nr. 69/1969 að öðru leyti en því, að innfluttur áburður er felldur undir greinina, enda hlýtur skipulagsbreytingin að leiða til þess.

Um 10. gr.

Samsvarar 3. gr. l. nr. 51/1935. Staðgreiðsluákvæðið er þó fellt niður, enda má það heita óframkvæmanlegt og hefur ekki verið fylgt um langan aldur. Það er og fullt ósamræmi í því, að mismunandi lögbundnar reglur gildi um greiðsluhætti á þeim áburði, er verksmiðjan selur.

Um 11.—13. gr.

Óbreyttar 10.—12. gr. l. nr. 69/1969.

Um 14. gr.

Auk laga nr. 51/1935 og laga nr. 69/1969, eru felld úr gildi lög nr. 28/1921. Ákvæði síðastnefndra laga, er vörðuðu verzlun með kjarnfóður, voru úr gildi felld með lögum nr. 63/1947.

Síðan lög nr. 28 1921 voru sett, hafa margvíslegar breytingar orðið á verzlunarháttum með tilbúinn áburð. Þannig er t. d. í stað þess að gefa út tryggingaskírteini til hvers áburðarkaupanda, sem kaupir meira en 200 kg áburðar, eins og lögin gera ráð fyrir, hver áburðarpoki merktur með áburðarheiti, er gefur til kynna þá áburðartegund, sem hann inniheldur, heildarþunga og hundraðshlutamagn hinna jurtanærandi efna. Þá er og nafn framleiðanda og/eða seljanda tilgreint á umbúðunum. Er þetta í samræmi við venjur annars staðar í áburðarviðskiptum, til þess að gera kaupendum ljóst, hvaða magn jurtanærandi efna hver áburðartegund hefur að geyma.

Sþ. 258. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og áður unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur hún haft samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem samkv. venju hefur aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja. Veruleg hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði flóabáta og samgöngufyrirtækja yfirleitt.

Flóabátaferðirnar hafa verið reknar með svipuðum hætti og undanfarin ár. Hefur ekki reynzt mögulegt að fella niður ferðir einstakra flóabáta, þótt samgöngur hafi batnað verulega á landi í flestum landshlutum.

Nefndin hefur orðið að gera tillögur um verulega hækkun styrks til fjögurra stærstu flóabátanna. Að öðru leyti hafa framlög til minni bátanna lítið hækkað. Hins vegar er fjölgað nokkuð styrkjum til snjóbifreiða. Eru tillögur nefndarinnar við það miðaðar að tryggja, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum milli héraða í landinu.

Um rekstrarafkomu hinna einstöku flóabáta og samgöngutækja vill samvinnunefndin taka eftirfarandi fram:

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn „Drangur“ heldur nú aðallega uppi vetrarferðum um farsvæði sitt. Eftir að akvegasamband skapaðist við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð, þurfa þessir staðir aðeins á ferðum hans að halda að vetrarlagi, þegar vegir eru tepptir vegna snjóalaga. Hefur þar með orðið gjörbreyting á aðstöðu bátsins. Nokkur óvissa hefur því ríkt um það, hvort útgerðarmaður „Drangs“ treystir sér til að halda þessari þjónustu áfram. Mun hann eiga kost á að selja bátinn til annarrar starfsemi, en það væri mikið áfall fyrir samgöngumál þessara byggðarlaga. Er því í ráði, að þessi byggðarlög myndi samstarf um kaup á Drang með þátttöku ríkissjóðs. Að beiðni samgönguráðuneytisins samþykkti nefndin að mæla með heimild í 6. gr. fjárlaga til, að ríkisstjórnin f. h. ríkissjóðs gerist hluthafi í hlutafélagi um kaup og rekstur flóabáts, sem þjóni núverandi farsvæði Norðurlandsbáts, og skal hlutur ríkissjóðs vera allt að 50%, enda náist samkomulag um aðild sveitarfélaga eða annarra aðila um viðunandi rekstrargrundvöll. Styrkur til Norðurlandsbáts er hækkaður um 400 þús. kr., úr 2000 þús. kr. í 2400 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til Strandabáts hækki nú um 40 þús. kr. í 150 þús. kr. En þessi bátur annast farþega- og póstflutninga milli Hólmavíkur, Djúpavíkur og Gjögurs í Árneshreppi. Er gert ráð fyrir, að styrknum verði varið í samráði við sýslunefnd Strandasýslu, og þá fyrst og fremst haft í huga að tryggja vetrarsamgöngur við nyrzta hrepp sýslunnar, Árneshrepp.

Þá er lagt til, að styrkur til flugferða til Grímseyjar hækki um 50 þús. kr. í 250 þús. kr. Einnig mun Norðurlandsbáturinn halda uppi ferðum til Grímseyjar.

Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda lækkar um 30 þús. kr. í 50 þús. kr.

Loks leggur nefndin til, að styrkur til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði hækki um 25 þús. kr. í 90 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur.

Austfjarðasamgöngur eru í svipuðu horfi og áður. Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 65 þús. kr. í 300 þús. kr.

Mjög mikið gagn hefur orðið af rekstri snjóbifreiða á Austfjörðum og hefur þeim því fjölgað nokkuð og styrkir almennt verið hækkaðir vegna aukins tilkostnaðar.

Nefndin leggur til, að styrkur til snjóbifreiðar á Fjarðarheiði hækki um 40 þús. kr. í 320 þús. kr., að styrkur til snjóbifreiðar á Fagradal hækki um 20 þús. kr. í 110 þús. kr., að styrkur til snjóbifreiðar á Oddsskarði hækki um 100 þús. kr. í 200 þús. kr., að styrkur til snjóbifreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði hækki um 25 þús. kr. í 100 þús. kr., að styrkur til snjóbifreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða hækki um 35 þús. kr. í 100 þús. kr.

Þá er lagt til að taka upp styrk til snjóbifreiðar í Vopnafirði 100 þús. kr. og bifreiðar á leiðinni Stöðvarfjörður, Fáskrúðsfjörður—Egilsstaðaflugvöllur 50 þús. kr.

Suðurlandssamgöngur.

Haldið er áfram að veita styrki vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslu. Leggur nefndin til, að styrkur til vöruflutninga á Suðurlandi hækki um 100 þús. kr. í 900 þús. kr. Enn fremur er styrkur til vatnadreka við Skeiðará hækkaður um 10 þús. kr. í 50 þús. kr. Loks er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga hækki um 110 þús. kr. í 500 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur.

Rekstur „Akraborgar", sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur enn sem fyrr reynzt erfiður, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að gera rekstur skipsins hagkvæmari. Fellst nefndin á að leggja til, að styrkur til skipsins hækki um 800 þús. kr. í 4 300 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til Mýrabáts hækki í 20 þús. kr.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Samvinnunefndin leggur til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði á næsta ári óbreyttur eða 475 þús. kr. Verkefni þessa báts fara minnkandi. Hann heldur uppi samgöngum milli Breiðafjarðareyja og enn fremur byggðarlaganna í Austur-Barðastrandarsýslu, sem mörg eru akvegasambandslaus meginhluta vetrar.

Lagt er til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 15 þús. í 150 þús. kr.

Loks er lagt til, að rekstrarstyrkur til Stykkishólmsbátsins „Baldurs" hækki um 400 þús. kr. í 3 500 þús. kr. og auk þess fái hann 1 200 þús. kr. sem byggingarstyrk vegna lengingar hans á s. l. ári.

Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi á Snæfellsnesi leggur nefndin til, að veittur verði 50 þús. kr. styrkur.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn h/f á Ísafirði heldur sem fyrr uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Nefndin taldi óhjákvæmilegt að hækka styrk bátsins um 500 þús. kr. í 3 000 þús. kr. vegna minnkandi flutninga og aukins tilkostnaðar.

Styrkur til Patreksfjarðarbáts, 35 þús. kr., er óbreyttur, en styrkur til Dýrafjarðarbáts er hækkaður um 15 þús. kr. í 75 þús. kr. Styrkur til Skötufjarðarbáts fellur niður.

Lagt er til að veita styrk til rekstrar og kaupa á snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu að upphæð 250 þús. kr. Byggðarlög þessi eru læknislaus og verða að sækja lækni ýmist til Hólmavíkur eða Búðardals og auk þess mjög einangruð samgöngulega séð yfir vetrarmánuðina.

Styrkur til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði, leggur nefndin til, að verði óbreyttur eða 150 þús. kr.

Loks leggur nefndin til, að rekstrarstyrkur til snjóbifreiðar yfir Botnsheiði hækki um 50 þús. kr. í 150 þús. kr. Suðureyri við Súgandafjörð er nú læknislaus, og situr héraðslæknirinn á Ísafirði og mun svo sennilega verða áfram með tilkomu læknamiðstöðvar á Ísafirði.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1971 19 255 þús. kr. Er það 4 345 þús. kr. hærra en á árinu 1970.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1.	Norðurlandsbátur	2 400	þús. kr.
2.	Til Strandaferða	150	— —
3.	Hríseyjarbátur	100	— —
4.	Grímsey, vegna flugferða	250	— —
5.	Flateyjarbátur á Skjálfanda	50	— —
6.	Til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði	90	— —
7.	Mjóafjarðarbátur	300	— —
8.	Til snjóbifreiðar í Vopnafirði	100	— —
9.	Til snjóbifreiðar á Fjarðarheiði	320	— —
10.	Til snjóbifreiðar á Fagradal	110	— —
11.	Til snjóbifreiðar á Oddsskarði	200	— —
12.	Til snjóbifreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði	100	— —
13.	Til snjóbifreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða	100	— —
14.	Til bifreiðar Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur	50	— —
15.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	900	— —
16.	Til vöruflutninga til Öræfa	80	— —
17.	Til vatnadreka við Skeiðará	50	— —
18.	Til Vestmannaeyjabáts, vegna mjólkurflutninga	550	— —
19.	H/f Skallagrímur — „Akraborg“	4 300	— —
20.	Mýrabátur	20	— —
21.	Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi	50	— —
22.	Flateyjarbátur á Breiðafirði	475	— —
23.	Stykkishólmsbátur — „Baldur“	3 500	— —
	Sami — byggingarstyrkur	1 200	— —
24.	Langeyjarnesbátur	150	— —
25.	Til snjóbifreiðar í Austur-Barðastrandarsýslu	250	— —
26.	Til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði	150	— —
27.	Patreksfjarðarbátur	35	— —
28.	Dýrafjarðarbátur	75	— —
29.	Til snjóbifreiðar á Botnsheiði	150	— —
30.	Djúpbátur h/f — „Fagranes“	3 000	— —
	Samtals	19 255	þús. kr.

Alþingi, 14. des. 1970.

Ásberg Sigurðsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.
Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar, með fyrirvara.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Páll Þorsteinsson.
Sigurvin Einarsson.
Steingrímur Pálsson.
Guðlaugur Gíslason.
Björn Pálsson, með fyrirvara.
Jónas G. Rafnar.
Ásgeir Bjarnason.
Steinþór Gestsson.
Friðjón Þórðarson.
Karl Guðjónsson.

Nd. 259. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um sölu á íbúðum, sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1970.

Guðlaugur Gíslason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Kjartansson.
Stefán Valgeirsson.	Jónas Árnason.	Matthías Bjarnason.
	Geir Hallgrímsson.	

Nd. 260. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1970.

Guðlaugur Gíslason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Kjartansson.
Stefán Valgeirsson.	Jónas Árnason.	Matthías Bjarnason.
	Geir Hallgrímsson.	

Ed. 261. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í réttri tölurröð:

				Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi tollur
1.	69.11	01	Borðbúnaður og aðrar vörur úr postulíni almennt notaðar til hótelrekstrar, greinilega merkt viðkomandi aðila	50%		100%
2.	70.13	01	Borðbúnaður og aðrar vörur úr gleri almennt notaðar til hótelrekstrar, greinilega merkt viðkomandi aðila	50%		100%
3.	73.38	12	Áhöld og aðrar vörur úr járni og stáli, einnig ryðfríu stáli almennt notaðar til hótelrekstrar, greinilega merkt viðkomandi aðila	50%		100%
4.	82.14	01	Sömu áhöld og tæki og í 82.14 00 almennt notuð til hótelrekstrar, greinilega merkt viðkomandi aðila	50%		100%
5.	84.17	14	Kaffihitarar og önnur tæki til veitingarekstrar	7%		25%

Nd. 262. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

Á eftir IX. kafla laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, komi nýr kafli, er verður X. kafli, svo hljóðandi:

X. KAFLI

Nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

41. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, er lúti sérstakri námsstjórn, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar við námsbraut þjóðfélagsfræða, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósenta og lektora og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

Skipan, hlutverk og starfshætti námsstjórnar skal ákveða nánar í reglugerð.

Heimilt er, að námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum verði sérstök þjóðfélagsfræðadeild eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og eftir umsögn rektors og háskólaritara. Fer þá um stjórn þeirrar deildar eftir almennum ákvæðum þessara laga, þó með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr.

42. gr.

Kennsla í aðalgreinum almennra þjóðfélagsfræða fer fram á vegum námsbrautarinnar. Aðrar kennslugreinar almennra þjóðfélagsfræða má sækja til hinna ýmsu deilda Háskólans, þegar því verður við komið. Þó er heimilt að skipa eða ráða kennara í þær greinar sérstaklega.

Gegnir þá námsstjórn hlutverki háskóladeildar samkvæmt 11. gr., og eiga þá fulltrúar stúdenta ekki atkvæðisrétt.

43. gr.

Félag stúdenta í þjóðfélagsfræðum skal njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og deildarfélög stúdenta samkvæmt lögum þessum. Þannig á einn fulltrúi stúdenta í námsstjórn eftir ákvörðun aðalfundar atkvæðisrétt við rektorskjör.

44. gr.

Námsbraut þjóðfélagsfræða skal vera sérstakt viðfangsefni í fjárlagalið Háskólans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 263. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til laga um virkjun Lagarfoss.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, eins og það kom frá Nd., og mælir einróma með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 15. des. 1970.

Sveinn Guðmundsson, form. — Jón Árm. Héðinsson, fundaskr., frsm. — Jónas G. Rafnar.
Axel Jónsson. — Björn Fr. Björnsson. — Einar Ágústsson.
Gils Guðmundsson.

Nd. 264. Lög [70. mál]

um breyting á lögum nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 72.

Nd. 265. Lög [24. mál]

um breyting á lögum nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 24.

Ed. 266. Lög [3. mál]

um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 253.

Ed. 267. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laganna verði þannig:

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
12.09	00	**Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið**	0%		**35%**
15.07	85	*Sólrósarolía*	21%		25%
15.07	86	*Rapsolía, colzaolía og mustarðsolía*	21%		25%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
15.07	92	*Rísínusolía*	21%		25%
15.07	93	*Önnur*	21%		25%
17.03	02	Falli niður.			
17.03	09	Annað	20%		20%
21.07	07	Ávaxtasafi, tilreiddur og blandaður, umfram það, sem tilgreint er í 20.07 (nýtt nr.)	50%		100%
22.01	01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	100%	70%	70%
22.02	00	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07**	100%	70%	70%
22.03	00	**Öl gert úr malti**	100%	70%	70%
24.02	32	Neftóbak	35%	25%	35%
25.12		**Kísilsalli og önnur þess konar kísilsýrurík jarðefni (t. d. kísilgúr, infúsóríujörð, díatómjörð) með rúmþyngd 1 eða minna, einnig brennt:**			
	01	Kísilgúr	20%	14%	20%
	09	Annað	20%		20%
25.21		**Kalksteinn, sem ætlaður er til framleiðslu á kalki, sementi eða við málmvinnslu:**			
	01	Kalkáburður	0		20%
		Annað	20%		20%
28.04	30	*Vatnsefni og eðalgös*	7%		18%
32.08	00	**Tilreidd pigment, tilreidd gruggunarefni og tilreiddir litir, smelt og annar glerungur, fljótandi, gljáamyndandi efni og önnur þess konar framleiðsla, sem notuð er við leirmunagerð, smeltun og glergerð; engober (slips); glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur**	15%		20%
32.09	03	Áldeig	20%	14%	60%
33.04	03	Bökunardropar	30%	21%	55%
33.06	01	Hárliðunarvökvar, hárliðunarduft, hárlakk, hárlitir, hárkrem, hárþvottalögur (shampoo) og önnur hársnyrtiefni	100%	70%	100%
33.06	03	Húðkrem, húðolía og rakspritt	100%	70%	100%
34.02	02	Falli niður.			
38.11	02	Efni til að hindra spírun eða til eyðingar illgresis; jurtalyf	20%		20%
38.19	15	Prófefni (reagenser), svo og hitakeilur	25%		25%
38.19	21	Mulinn steinn til vegamerkinga (synopal)	20%		35%
39.01	08	Blöð, þynnu-, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, meira en 0,4 mm á þykkt	20%		30%
39.02	92	Plastplötur, báraðar	15%		40%
39.02	93	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað, meira en 0,4 mm á þykkt	30%	20%	40% 30%
39.02	99	Annað	40%		
39.03	25	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		25%
39.04	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og præðir	25%		25%
39.04	03	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		25%
39.04	04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—$2^1/_2$ mm í þvermál	4%	4%	4%
39.05	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og præðir	25%		25%
39.05	03	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		25%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
39.05	04	Límbönd	25%		25%
39.05	05	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%	4%	4%
39.06	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	25%		25%
39.06	03	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ómynstrað og óáletrað 0,4 mm og þynnra	15%		25%
39.07	45	Lampar, lampaskermar og lýsingartæki ót. a.	90%	65%	90%
39.07	77	Umgerðir um skuggamyndir	50%	35%	
39.07	89	Aðrar vörur úr plasti	70%		
40.07	00	**Þræðir og snúrur úr toggúmmíi, einnig þakið spunavörum; spunagarn, gegndreypt eða þakið með toggúmmíi**	30%	21%	35% 30%
40.08	04	Vélaþéttingar, þéttilistar	25%		35%
42.03	05	Rafsuðuhanzkar, hlífðarsvuntur, hlífðarermar úr leðri	7%		65%
42.05	09	Annars	65%		
43.01	00	**Loðskinn, óunnin**	30%	21%	30%
43.02	00	**Loðskinn sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), sútað eða unnið, ekki saumað saman**	35%	25%	35%
44.27	01	Lampar og önnur ljósatæki úr trjáviði	90%	65%	90%
44.28	94	Líkkistur	70%	50%	
44.28	99	Annars	70%		
46.02	09	Annað	60%		
46.03	09	Annað	100%		
48.09		**Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum:**			
	01	Byggingarplötur yfir 15 mm að þykkt	20%		30%
	09	Aðrar	30%		30%
48.13	00	**Kalkerpappír og annar pappír til fleirritunar, stensilpappír og annar hliðstæður pappír, tilskorinn, einnig í öskjum**	7%		55%
48.16	02	Pappírspokar margfaldir til umbúða um kartöflur, sement og áburð, enda sé á þeim viðeigandi áletrun, svo og aðrir margfaldir pappírspokar til umbúða, að flatarmáli 0,2 m² og stærri	15%	11%	
48.19	01	Vörur- og merkimiðar, óáprentaðir	30%	21%	30%
48.21	03	Lampar og lampaskermar	90%	65%	90%
48.21	09	Falli niður.			
48.21	11	Umgerðir um skuggamyndir	50%	35%	
48.21	19	Annars	70%		
51.04	10	Falli niður.			
Inn komi:		*Úr syntetiskum trefjum:*			
51.04	11	Grófur einskeftur vefnaður úr flötum einþáttungum 3—5 mm á breidd	2%	2%	25%
51.04	19	Annað	25%	20%	
59.04	03	Falli niður.			
59.06	03	Öngultaumar	4%	4%	4%
62.05	02	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0		20%
62.05	09	Falli niður.			
62.05	11	Skóskraut úr spunavöru	10%	7%	10%
62.05	19	Annars	80%	55%	

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
65.06	01	Hlífðarhjálmar	7%		35%
68.04	00	**Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	7%		25%
68.05	00	**Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrlegum steintegundum, úr samanlímdum náttúrlegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	7%		25%
68.16	03	Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu)	20%		35%
69.03	00	**Aðrar eldfastar vörur (svo sem tilraunaker, deiglur, múfflur, stútar, tappar, fótstykki, kælislöngur, lokar, pípur, plötur og stengur), þó ekki þær, sem teljast til nr. 69.01**	14%		35%
69.11		**Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis, úr postulíni (þar með talið biscuit og parían):**			
	01	Borðbúnaður og aðrar vörur úr postulíni almennt notaðar til hótelrekstrar, greinilega merkt viðkomandi aðila	50%		100%
	09	Annað	100%		100%
69.13	01	Lampar og lýsingartæki	90%	65%	90%
70.01	00	**Glerbrot og annar glerúrgangur, glermassi (þó ekki optískt gler)**	18%		25%
70.02	00	**Glerungur og smelt í massa, stöngum eða pípum**	18%		25%
70.03	00	**Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler) óunnið**	18%		25%
70.04	00	**Óunnið steypt eða valsað gler (þar með talið gler, sem við framleiðsluna hefur verið yfirlagt öðru gleri eða styrkt með málmþræði), með réttthyrningslögun, einnig mynstrað**	18%		35%
70.05	00	**Óunnið teygt eða blásið gler (einnig þakið öðru gleri við framleiðsluna) með réttthyrningslögun**	18%		35%
70.06	00	**Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri við framleiðslu eða styrkt með málmþræði) með réttthyrningslögun og slípað eða fágað á yfirborði, en ekki frekar unnið**	18%		35%
70.07		**Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skorið í aðra lögun en rétthyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fágað; marglaga einangrunargler, blýgreyptar rúður og þess háttar:**			
	01	Marglaga einangrunargler	50%	35%	50%
	09	Annað	50%		50%
70.13		**Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld, skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 70.19):**			
	01	Borðbúnaður og aðrar vörur úr gleri almennt notaðar til hótelrekstrar, greinilega merkt viðkomandi aðila	50%		100%
		Annað	100%		100%
70.14	01	Lampar og lampaskermar	90%	65%	90%
73.18	32	Pípur til raflagna	25%		35%
73.27	02	Girðingarnet (einnig plasthúðað) úr vír, sem ekki er grennri en 2 mm í þvermál	10%		20%
73.29	02	Snjókeðjur og hlutar til þeirra, á bifreiðar og önnur ökutæki, úr stálvír 4—10 mm í þvermál	35%		60%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
73.29	09	Aðrar	25%		35%
73.38	12	Áhöld og aðrar vörur úr járni og stáli, einnig ryðfríu stáli almennt notaðar til hótelrekstrar, greinilega merkt viðkomandi aðila	50%		100%
73.40	30	*Grófunnin járn- og stálsmíði, svo sem grófunnir sveifarásar og öll fallsmíði (drop forgings), einnig formuð brennsluhólf og kúpaðir botnar í katla og þrýstiker*	7%		7%
74.03	03	Log- og rafsuðuvír úr kopar	7%		15%
74.05	01	Þynnur í vatnskassaelement, prentaðar straumrásir o. þ. h.	7%		11%
76.03		**Plötur og ræmur úr áli:**			
	01	Báraðar eða mótaðar plötur til bygginga	15%		0
	09	Annað	0		0
82.02	00	**Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir, einnig tannlaus sagarblöð**	7%		25%
82.03	00	**Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur, griptengur og aðrar slíkar tengur, einnig til að klippa eða skera; gatjárn og gattengur; pípuskerar; boltaskerar og annað þess háttar, málmklippur; skrúflyklar; þjalir og raspar**	7%		25%
82.04	00	**Handverkfæri og handáhöld (þar með talin samsett glerskurðartæki), sem teljast ekki til einhvers annars númers þessa kafla; blásturslampar, steðjar; skrúfstykki og þvingur (þó ekki vélskrúfstykki); færanlegar smiðjur og slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótsnúnir)**	7%		25%
82.14		**Skeiðar, gafflar, fiskhnífar, smjörhnífar, sleifar og önnur svipuð áhöld til notkunar í eldhúsi og til að matast með:**			
	01	Áhöld og tæki almennt notuð til hótelrekstrar, greinilega merkt viðkomandi aðila	50%		100%
	09	Önnur	100%		100%
83.07	04	Götuljósker svo og ljóskastarar með dreifðum geisla til lýsingar á útisvæðum	35%	25%	35%
83.07	09	Annað	90%	65%	90%
84.11	02	Þjöppur fyrir frystikerfi, ótalin stærð, og loftþjöppur með vinnsluafköstum allt að 2 m^3 á mínútu, hvort tveggja án drifmótora	7%		7% 35%
84.13		**Brennarar fyrir fljótandi eldsneyti (úðarar), fyrir malað fast eldsneyti og gas; vélkyndarar (mechanical stokers), vélristar (mechanical grates), mekanísk öskuhreinsunartæki og annar svipaður útbúnaður:**			
	01	Brennarar fyrir fljótandi eldsneyti til iðnaðarnota fyrir þunga olíu	7%		25%
	09	Annað	25%		25%
84.17	14	Kaffihitarar og önnur tæki til veitingarekstrar	7%		25%
84.40	15	Vélar til eftirvinnslu á garni og spunavöru	7%		25%
84.51	01	Ferðaritvélar	35%		45%
84.51	09	Aðrar	35%		45%
84.52	01	Bókhaldsvélar	35%		45%
84.52	02	Reiknivélar	35%		45%
84.52	03	Fételjarar (stimpilpeningakassar)	35%		45%
84.52	09	Aðrar	35%		45%
84.54	01	Áritunarvélar og fjölritarar	35%		45%
84.54	09	Annað	35%		45%
84.55	01	Til ritvéla	35%		45%
84.55	09	Annað	35%		45%

			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Núverandi-tollur
84.62	00	**Kúlu-, kefla- og nálaleg, einnig með áföstum festingum eða leguhúsum**	14%		14% 25%
85.12	01	Rafmagnseldavélar, bökunar- og steikarofnar	80%	55%	80%
85.17		**Rafmagnsbúin hljóð- eða ljósmerkjatæki (t. d. hringingarbjöllur, flautur, sírenur, merkjakassar eða spjöld, þjófabjöllur, brunaboðar og önnur aðvörunartæki), þó ekki vörur, er teljast til nr. 85.09 og 85.16:**			
	01	Brunavarnarkerfi, þjófavarnarkerfi og hlutir til þeirra	7%		35%
	09	Annað	35%		35%
87.14	02	Heyflutningavagnar með útbúnaði til losunar og/eða lestunar og aðrir vagnar með áföstum tækjum til jarðræktar (áburðardreifingar, heyvinnslu o. þ. h.)	7%		7%
87.14	03	Falli niður.			
89.01	21	Björgunarbátar úr hvers konar efni eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0		4%
90.01	01	Gleraugnagler (án umgerðar)	20%		50%
90.04		**Gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, rykgleraugu og annað þess háttar til réttingar á sjón og henni til hlífðar:**			
	01	Rafsuðugler, hlífðar- og öryggisgleraugu, einnig gler til þeirra	7%		50%
	09	Annað	50%		50%
90.23	04	Háhitamælar (pyrometers), flotvogir og rakamælar	7%		35%
90.24	01	Hitastillar, rennslismælar fyrir olíur og vatn	35%		35%
90.24	09	Annað	7%		35%
90.25	00	**Tæki og áhöld til fysískrar og kemískrar greiningar (t. d. ljósskautunarmælar (polarimeters), ljósbrotsmælar (refractometers), ljósrófsmælar (spectrometers), gasgreinitæki); tæki og áhöld til mælingar á fljótanleika, gropinleika, þenslu, yfirborðsspennu og öðru þess háttar (svo sem „viscometers“, „porosimeters“, „expansion meters“); tæki og áhöld til mælingar á magni hita, ljóss eða hljóðs (svo sem ljósmælar (photometers) (þar með „exposure meters“), hitamagnsmælar (calorimeters); smásjársneiðatæki (microtomes))**	7%		35%
90.26	01	Mælar til prófunar á gas, vökva og rafmagnsstraum	7%		35%
90.27		**Snúningsteljarar, framleiðsluteljarar, taxtamælar, kílómetramælar, skrefteljarar og annað þess háttar, hraðamælar (einnig segulmagns) og snúningshraðamælar (tachometers) (aðrar en vörur þær, er teljast til nr. 90.14); snúðsjár (stroboscopes):**			
	01	Snúnings- og framleiðsluteljarar, snúningshraðamælar (tachometers), segulmagnsmælar, sviðsjár (stroboscopes)	7%		25%
	09	Annað	25%		25%
90.28	09	Önnur	7%		35%
90.29		**Hlutar og fylgitæki þannig löguð, að þau séu einungis eða aðallega hæf og ætluð til einnar eða fleiri af þeim vörum, sem teljast til nr. 90.23, 90.24, 90.25, 90.26, 90.27, 90.28.**			
	01	Til tækja og áhalda, sem teljast til nr. 90.28.01	4%		4%
	09	Annað	7%		35%
92.12	01	Grammófónplötur með íslenzku efni	20%		30%
97.04	09	Önnur	90%		
97.07	02	Veiðistengur	50%	35%	50%
97.07	03	Hlutir í veiðistengur, flugur eða tálbeitur	35%		50%
97.07	09	Annað	50%	35%	50%
98.02	09	Annað	35%	25%	35%
98.07	00	**Dagsetningar-, innsiglis- og tölusetningarstimplar o. þ. h. (þar með talin tæki til prentunar eða áletrunar á vörumiða), ætlað til notkunar í höndunum; letur og leturhaldarar til handstimplunar**	80%	55%	

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 31. tl. orðist svo:
   31. Að lækka um allt að 40% gjöld af efni í rafmagnsspenna og rafmótora.
2. 45. tl. orðist svo:
   45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því, að greiddur sé 10% verðtollur.
3. Inn komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   48. Að ákveða, að ýmsar vörur, er bera sama hundraðshluta tolls, í smásendingum allt að kr. 10 000.00 að fob-verðmæti, megi við tollafgreiðslu sameina í eitt tollskrárnúmer. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4. 50. tl. 3. gr. falli niður. Inn komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   50. Að endurgreiða tollmismun af efnivörum
   a) til framleiðslu á rafmagnseldavélum og bökunar- og steikarofnum, þannig að tollur verði ekki hærri en 15% af neinni notaðri efnivöru,
   b) til framleiðslu á rafmagnslýsingatækjum, þannig að tollur verði ekki hærri en 35% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til sömu tollskrárnúmera og lamparnir fullgerðir,
   c) til framleiðslu á veiðistöngum og veiðiflugum, þannig að tollur verði ekki hærri en 18% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til nr. 97.07,
3. Reykjanes	6 420	
4. Reykir	2 000	
5. Eiðar	3 450	
6. Skógar	600	
7. Laugarvatn	1 000	
		24 670
4. Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).		
1. Framlög til skólaframkvæmda samkv. ákvæðum laga nr. 41/1955.		
A. Barnaskólar:		
1. Reykjavík	23 907	
2. Mosfellssveit, barnaskóli	993	
3. Leirá, skóli	915	
4. Akranes, íþróttahús	1 546	
5. Kleppjárnsreykir, skóli	371	
6. Varmaland	312	
7. Laugagerði	1 397	
8. Lýsuhóll	200	
9. Hellissandur, íþróttahús	200	
10. Ólafsvík, íþróttahús	1 792	
11. Grundarfjörður, íbúð	278	

		Þús. kr.	Þús. kr.
12.	Laugar í Dalasýslu	1 080	
13.	Tálknafjörður	778	
14.	Hnífsdalur, íbúð	280	
15.	Ísafjörður	2 000	
16.	Súðavík, íbúð	251	
17.	Klúka í Bjarnarfirði	976	
18.	Þverárskóli, V.-Hún.	1 130	
19.	Reykir, A.-Hún.	2 762	
20.	Sauðárkrókur, sundlaug	550	
21.	Varmahlíð	180	
22.	Dalvík, íþróttahús	730	
23.	Svarfaðardalur	1 226	
24.	Árskógsströnd	215	
25.	Svalbarðsströnd, skóli	507	
26.	Svalbarðsströnd, íbúð	251	
27.	Grenivík, íbúð	369	
28.	Reykjadalur	1 025	
29.	Vopnafjörður, skóli	793	
30.	Vopnafjörður, íbúð	148	
31.	Seyðisfjörður, íbúð	150	
32.	Neskaupstaður, íþróttahús	1 175	
33.	Neskaupstaður, skóli	395	
34.	Hallormsstaður	1 969	
35.	Eskifjörður, íþróttahús	1 700	
36.	Fáskrúðsfjörður, sveitin	458	
37.	Kirkjubæjarklaustur	7 300	
38.	Hvamms- og Dyrhólaskóli	159	
39.	Hraungerðisskóli	863	
40.	Flúðir, Hrunamannahreppi	2 000	
41.	Biskupstungur, íbúð	407	
42.	Ljósifoss, íbúð	440	
43.	Selfoss, íbúð	209	
44.	Hveragerði, íbúð	251	
45.	Þorlákshöfn, skóli	165	
46.	Þorlákshöfn, íbúð	180	
47.	Keflavík	672	
48.	Njarðvík, íþróttahús	1 718	
49.	Vatnsleysuströnd, íbúð	181	
50.	Hafnarfjörður, íþróttahús	1 413	
51.	Garðahreppur	883	
52.	Kópavogur	5 004	
53.	Seltjarnarnes	1 800	
54.	Ýmsir skólar	600	
			77 254

B. Gagnfræðaskólar:

1.	Reykjavík	12 789
2.	Siglufjörður, íþróttahús	460
3.	Akureyri	380
4.	Héraðsskólinn, Laugum	550
5.	Hvolsvöllur	647
6.	Hella	618

	Þús. kr.	Þús. kr.
7. Selfoss	1 348	
8. Grindavík	1 040	
9. Keflavík	1 233	
10. Kópavogur	2 160	
		21 225
2. Skólar samkv. lögum nr. 49/1967, framhaldsfjárveitingar:		
A. Barnaskólar:		
1. Reykjavík:		
a. Árbæjarskóli 6 480		
b. Hvassaleitisskóli 4 359		
	10 839	
2. Varmá, heimavist	810	
3. Leirá, íbúðir	2 052	
4. Grundarfjörður, 2. áf.	4 315	
5. Búðardalur, skólastjóraíbúð	914	
6. Laugar í Dalasýslu	7 480	
7. Reykhólar	8 938	
8. Barðastrandarhr., skólastjóraíbúð	713	
9. Súgandafjörður	1 803	
10. Bolungarvík, sundl., 1. áf.	3 651	
11. Reykjanes	2 200	
12. Reykir í Miðfirði	8 686	
13. Blönduós	3 399	
14. Þelamörk, 2. áf.	7 020	
15. Hafralækur	9 507	
16. Stóru-Tjarnir	11 628	
17. Egilsstaðir	5 643	
18. Hafnahreppur	3 700	
19. Fljótshlíð	824	
20. Vestmannaeyjar	3 265	
21. Hafnarfjörður	5 852	
		103 239
B. Gagnfræðaskólar:		
1. Varmá	5 403	
2. Ólafsfjörður	3 530	
3. Hrafnagil	10 871	
4. Húsavík	2 983	
5. Nesjaskóli	5 745	
		28 532
C. Krýsuvíkurskóli, gegn jafnháu framlagi annars staðar að		4 310
3. Nýir skólar samkv. lögum nr. 49/1967:		
A. Barnaskólar:		
1. Reykjavík, Fellaskóli í Breiðholti	12 625	
2. Kléberg á Kjalarnesi	300	
3. Kleppjárnsreykir, íbúð	1 005	

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Laugagerði, íbúð	600	
5. Lýtingsstaðahreppur	300	
6. Sólgarðar í Fljótum, sundlaug	600	
7. Hrísey, íbúð	600	
8. Árskógshreppur, íbúð	600	
9. Akureyri	2 882	
10. Laugar, Þing., íþróttahús	1 680	
11. Lundur í Axarfirði, íbúð	677	
12. Eiðaskóli, íbúð	640	
13. Búðir, Fáskrúðsfirði	2 970	
14. Hvolsvöllur, íbúðir	600	
15. Gnúpverjahreppur	600	
16. Bessastaðahreppur	1 298	
17. Hafnarfjörður, Víðistaðaskóli	878	
18. Kópavogur, Digranesskóli	1 433	
		30 288
B. Gagnfræðaskólar:		
1. Akranes	1 500	
2. Sauðárkrókur	1 926	
3. Neskaupstaður	1 500	
4. Keflavík	987	
5. Hafnarfjörður (Flensborg)	3 900	
6. Kópavogur (Þinghólsskóli)	2 830	
		12 643
4. Skólar með fjárveitingar til undirbúnings framkvæmda:		
1. Varmaland, íþróttahús	300	
2. Borgarnes, íþróttahús	200	
3. Búðardalur	200	
4. Patreksfjörður	300	
5. Mýrahreppur, V.-Ís.	400	
6. Þingeyri	200	
7. Flateyri	200	
8. Hvammstangi, íbúðir	300	
9. Skagafjarðarsýsla	2 000	
10. Dalvík, heimavist	300	
11. Svarfaðardalur, íbúð	200	
12. Skúlagarður	400	
13. Svalbarðs- og Sauðanesskólahverfi	200	
14. Borgarfjörður eystri	200	
15. Reyðarfjörður	200	
16. Djúpivogur	200	
17. Hvammshreppur	200	
18. Djúpárhreppur	200	
19. Fljótshlíð	200	
20. Hella	200	
21. Selfoss	2 000	
22. Skeiðahreppur	200	
23. Reykholt í Biskupstungum	200	
24. Sandgerði	300	
25. Njarðvíkur, íþróttahús, 2. áf.	300	

	Þús. kr.	Þús. kr.
26. Garðahreppur	300	
27. Garðahreppur, íþróttahús	200	
28. Seltjarnarnes	500	
		10 600
		288 091

5. **Heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþingis (02 982 17).**

1. Ásmundur Sveinsson	175	
2. Brynjólfur Jóhannesson	175	
3. Guðmundur G. Hagalín	175	
4. Gunnar Gunnarsson	175	
5. Halldór Laxness	175	
6. Jóhannes S. Kjarval	175	
7. Jóhannes úr Kötlum	175	
8. Páll Ísólfsson	175	
9. Ríkarður Jónsson	175	
10. Tómas Guðmundsson	175	
11. Þórbergur Þórðarson	175	
		1 925

6. **Dagheimili, byggingarstyrkir (02 999 38).**

1. Akranes	75	
2. Ísafjörður	75	
3. Keflavík	75	
4. Kópavogur	125	
5. Kumbaravogur	100	
6. Neskaupstaður	75	
7. Selfoss	75	
		600

7. **Fyrirhleðslur (04 286 03).**

a. Til fyrirhleðslna:

1 Þverá og Markarfljót	600	
2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	200	
3. Kelduá í Fljótsdal	30	
4. Jökulsá í Lóni	370	
5. Hólmsá á Mýrum við Fláajökul	50	
		1 250

b. Til fyrirhleðslna gegn ¼ kostnaðar annars staðar að:

1. Djúpós og Hólsárbakkar	250	
		250

c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:

1. Laxá í Leirársveit	40
2. Leirá í Leirársveit	50
3. Hvítá við Þræley í Stafholtstungum	100
4. Holtsá í Fróðárhreppi	20
5. Hörðudalsá neðan Hörðubóls, skilyrði er stofnun vatnafélags	50
6. Reykjadalsá hjá Fellsenda	40

		Þús. kr.	Þús. kr.
7.	Miðá hjá Hundadal og Kvisthaga	10	
8.	Krossá í Dalasýslu	30	
9.	Svartá hjá Barkarstöðum	30	
10.	Vatnsdalsá hjá Bakka og Kornsá	60	
11.	Vatnsdalsá frá Grímstungu að Hofi	70	
12.	Giljá	70	
13.	Héraðsvötn	500	
14.	Svarfaðardalsá hjá Grund	40	
15.	Skíðadalsá	50	
16.	Hörgá hjá Möðruvöllum, skilyrði er stofnun vatnafélags	60	
17.	Hörgá hjá Hlöðum, skilyrði er stofnun vatnafélags	50	
18.	Kvíslá í Vopnafirði	30	
19.	Jökulsá í Fljótsdal	100	
20.	Geitdalsá í Skriðdal	40	
21.	Norðfjarðará, skilyrði er stofnun vatnafélags	100	
22.	Eskifjarðará	30	
23.	Tungná í Fáskrúðsfirði	30	
24.	Norðurdalsá í Breiðdal	30	
25.	Selá í Álftafirði	40	
26.	Hólmsá á Mýrum hjá Borg	120	
27.	Djúpá hjá Maríubakka	40	
28.	Laxá hjá Blómsturvöllum	30	
29.	Kúðafljót	150	
30.	Skálm hjá Skálmarbæ	30	
31.	Klifandi hjá Pétursey	40	
32.	Miðskálaá og Írá	110	
33.	Holtsá	200	
34.	Holtsós	50	
35.	Fiská hjá Árgilsstöðum	30	
36.	Eystri-Rangá hjá Keldum	20	
37.	Grjótalækur	20	
38.	Ölfusá hjá Kaldaðarnesi	100	
39.	Ölfusá hjá Eyrarbakka	100	
40.	Stóru-Laxá hjá Sólheimum	40	
41.	Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka	30	
42.	Litla-Laxá hjá Berghyl og Hruna	30	
43.	Litla-Laxá hjá Skyggni	30	
44.	Stakksá hjá Neðra-Dal	30	
45.	Litla-Laxá hjá Hverabakka	20	
46.	Karlsá í Lóni	10	
47.	Norðurá	30	
48.	Svartá í Gautlöndum	75	
49.	Klifandi í Dyrhólahreppi	50	
50.	Hofsá í Álftafirði	40	
51.	Við Reynifell í Rangárvallahreppi	30	
			3 125
			4 625

		Þús. kr.	Þús. kr.
8.	**Landþurrkun (04 286 04).**		
1.	Í Austur-Landeyjum	50	
2.	Í Vestur-Landeyjum	50	
3.	Neðan Þverár í Rangárvallahreppi	50	
4.	Í Út-Hjaltastaðaþinghá	80	
5.	Háfsósar	100	
6.	Í Leiðvallahreppi	50	
			380
9.	**Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 371 03).**		
a.	Til sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og heilsuverndarstöðva:		
1.	Reykjavík	26 000	
2.	Akranes	3 300	
3.	Akranes, röntgentæki	1 300	
4.	Borgarnes, læknamiðstöð	6 000	
5.	Patreksfjörður	250	
6.	Suðureyri	60	
7.	Ísafjörður, læknamiðstöð	6 000	
8.	Hvammstangi	120	
9.	Blönduós	77	
10.	Siglufjörður	1 600	
11.	Ólafsfjörður	1 140	
12.	Akureyri	6 100	
13.	Akureyri, þvottahús	900	
14.	Húsavík	5 000	
15.	Egilsstaðir, læknamiðstöð	6 000	
16.	Egilsstaðir, sjúkraskýli	540	
17.	Neskaupstaður	1 000	
18.	Vestmannaeyjar	2 200	
19.	Selfoss	3 750	
20.	Kópavogur, heilsuverndarstöð	100	
21.	Keflavík, röntgentæki	350	
			71 787
b.	Til læknabústaða:		
1.	Álafoss	350	
2.	Borgarnes	184	
3.	Kleppjárnsreykir	189	
4.	Búðardalur	200	
5.	Hellissandur	300	
6.	Ólafsvík	900	
7.	Stykkishólmur	200	
8.	Reykhólar	200	
9.	Patreksfjörður	400	
10.	Þingeyri	200	
11.	Flateyri	240	
12.	Ísafjörður, héraðslæknisbústaður	350	
13.	Ísafjörður, sjúkrahúslæknisbústaður	185	
14.	Hólmavík	200	
15.	Hvammstangi	212	

		Þús. kr.	Þús. kr.
16.	Blönduós	400	
17.	Skagaströnd	165	
18.	Sauðárkrókur	348	
19.	Ólafsfjörður	220	
20.	Dalvík	667	
21.	Húsavík	30	
22.	Raufarhöfn	60	
23.	A.-Egilsstaðir	420	
24.	Seyðisfjörður	506	
25.	Neskaupstaður	534	
26.	Eskifjörður	405	
27.	Reyðarfjörður	100	
28.	Fáskrúðsfjörður	667	
29.	Vík	350	
30.	Hella	76	
31.	Stórólfshvoll	200	
32.	Selfoss, héraðslæknisbústaður	200	
33.	Selfoss, sjúkrahúslæknisbústaður	294	
34.	Laugarás	667	
35.	Vestmannaeyjar, héraðslæknisbústaður	294	
36.	Vestmannaeyjar, sjúkrahúslæknisbústaður	200	
			11 113
			82 900

10. **Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.**

09 382 Samkvæmt launalögum ..... kr. 2 575 000

Samtals kr. 2 575 000

06 383	Embættismenn og aðrir starfsmenn:	Kr.	Kr.
	Aðalheiður Níelsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
	Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	49 539	
	Ágúst Kvaran	82 564	
	Ágúst Ólafsson, póstur	19 813	
	Alfons Gíslason, fyrrv. símstjóri	49 539	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm.	99 217	
	Anna Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	19 813	
	Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 252	
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
	Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
	Árni Vilhjálmsson, fyrrv. erindreki	39 630	
	Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	19 813	
	Ása Ásmundsdóttir	49 539	
	Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	39 630	
	Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	39 630	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	20 636	
	Benedikt Gíslason	99 074	

	Kr.	Kr.
Benjamín Sigvaldason, fyrrv. kjötmatsmaður	33 025	
Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	38 504	
Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	39 630	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	19 813	
Bjarni Þorsteinsson	26 420	
Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Björgúlfur Ólafsson	48 130	
Björn Einarsson	83 751	
Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	49 576	
Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	19 813	
Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	49 539	
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	118 890	
Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	38 504	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	19 813	
Egill Jónsson, fyrrv. símamaður	55 674	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	79 374	
Einar Eiríksson	33 025	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	33 025	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	26 420	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður ..	38 504	
Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur, biðlaun	113 190	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	33 025	
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	49 257	
Elísabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona	33 070	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	46 801	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	39 630	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	26 420	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	66 050	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	49 539	
Fríða Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæzlu ..	39 630	
Gísli Sigurðsson	33 025	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Guðbrandur Benediktsson	32 087	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	19 813	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	19 813	
Guðjón Sigurjónsson, fyrrv. þingvörður	39 304	
Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	19 813	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	21 027	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	26 420	
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi	19 813	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður ..	19 813	
Guðmundur Elíasson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 420	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri	39 630	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi .	62 996	
Guðmundur Jónsson	66 051	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	19 813	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	26 420	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	39 630	

	Kr.	Kr.
Gunnar Jóhannsson, fyrrv. alþm.	82 564	
Gunnlaugur Jóhannesson, fyrrv. vitavörður	19 813	
H. J. Hólmjárn	80 216	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	19 813	
Hálfdán Björnsson	39 630	
Halldór Hansen, læknir	75 593	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	85 987	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	19 813	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	39 630	
Helgi Ágústsson	66 051	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	33 025	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	19 813	
Helgi Kjartansson	32 087	
Helgi Tryggvason, bókbindari	39 630	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	39 630	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	39 630	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	28 658	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	66 051	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	44 098	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Ingibjörg Pétursdóttir	85 543	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	35 831	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	26 420	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	181 009	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Jakob Jóh. Smári, fyrrv. adjunkt, biðlaun	135 288	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	39 630	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	33 025	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	38 504	
Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	39 630	
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður	19 813	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	19 813	
Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustj., biðlaun	202 622	
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður, Dalvík	19 813	
Jón G. Jónsson	39 630	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 420	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	39 630	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	66 050	
Jón Stefánsson	49 539	
Jón Sumarliðason	48 130	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	19 813	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	19 813	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	49 576	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	99 074	

	Kr.	Kr.
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	19 813	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	19 252	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	26 420	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	26 420	
Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari	49 539	
Kjartan Ólafsson	118 890	
Klara Guðmundsdóttir	49 539	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Kristín Ingileifsdóttir	58 052	
Kristín L. Sigurðardóttir, fyrrv. alþm.	82 564	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 420	
Kristinn Kristjánsson, Nýhöfn	44 102	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	38 630	
Kristján Albertsson, rithöfundur	62 996	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	51 383	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	39 630	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	19 813	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	26 420	
Lúðvík R. Kemp	79 260	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	23 119	
Magnús Magnússon, rithöfundur	39 630	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	39 630	
María Markan, óperusöngkona	62 996	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	19 813	
Matthías Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 420	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	19 813	
Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona	39 630	
Oddný Wium	19 813	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	26 461	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	33 025	
Ólafur Guðmundsson	39 630	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	72 260	
Ólafur Þorsteinsson, læknir	31 498	
Ólafur Þorvaldsson, fyrrv. starfsm. Alþingis	89 168	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	31 498	
Páll Pálsson	49 539	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	19 813	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	33 025	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	33 073	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	71 655	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	29 723	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	49 539	

	Kr.	Kr.
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	26 420	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	65 170	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	33 025	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	35 831	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	38 504	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	49 539	
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	44 098	
Sigurður Greipsson	80 212	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	26 420	
Sigurður Nordal, prófessor	79 727	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	19 813	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	39 630	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	33 025	
Sigurlás Nikulásson	79 260	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	19 252	
Sigursteinn Steinþórsson	49 539	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	19 813	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	48 130	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	19 813	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	19 813	
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	19 813	
Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala	33 025	
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	19 813	
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Valdimar Björnsson, fyrrv. fiskmatsmaður	26 420	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	39 630	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	19 813	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	39 630	
Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgr.m.	66 051	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	29 723	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	19 813	
Þórður Benediktsson	96 259	
Þorlákur Stefánsson	39 630	
Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	33 025	
Þorleifur Jónsson	66 050	
Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	39 630	
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður	19 813	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 420	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	39 630	
Samtals		8 873 319

09 384 Ekkjur:	Kr.	Kr.
Aðalbjörg Sigurðardóttir	50 304	
Agnethe Kamban	85 425	
Ágústa Högnadóttir	19 252	
Ágústa Sigurðardóttir	33 025	
Anna Jakobína Árnadóttir	19 252	
Anna Ólafsdóttir	21 495	
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	26 420	
Árný Stígsdóttir	19 813	
Arnþrúður Daníelsdóttir	21 495	
Áslaug Nielsen	48 130	
Ásta Jónsdóttir	112 569	
Ásta Ólafsdóttir	39 630	
Ástríður Eggertsdóttir	33 025	
Ástríður Magnúsdóttir	19 813	
Björg Jónasdóttir	29 407	
Bryndís Þórarinsdóttir	44 865	
Dagbjört Guðjónsdóttir	31 498	
Dóra Þórarinsdóttir	48 130	
Elín Einarsdóttir	59 446	
Elísabet Jónsdóttir	19 813	
Erna Stefánsson	79 260	
Eufemía Ólafsdóttir	82 564	
Fjóla Kristjánsdóttir	31 498	
Fríða Hlíðdal	143 170	
Guðbjörg Erlendsdóttir	39 630	
Guðbjörg Guðmundsdóttir	33 025	
Guðbjörg Kristjánsdóttir	50 304	
Guðfinna Blöndal	79 260	
Guðlaug Magnúsdóttir	83 711	
Guðlaug Þorgilsdóttir	48 488	
Guðný Halldórsdóttir	39 630	
Guðný Sigurðardóttir	33 025	
Guðný Vigfúsdóttir	39 630	
Guðríður Sigurðardóttir	19 813	
Guðrún Guðnadóttir	33 025	
Guðrún Jóhannesdóttir	19 813	
Guðrún P. Jónsdóttir	50 304	
Guðrún Pálsdóttir	46 235	
Guðrún Ragúels	19 813	
Halldóra Eiríksdóttir	48 488	
Halldóra Þórðardóttir	25 155	
Helga Friðbjarnardóttir	39 630	
Helga Pétursdóttir	49 539	
Hildur Blöndal	125 707	
Hildur Sívertsen	82 564	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	49 539	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	39 630	
Hulda Þ. Björnæs	39 686	
Indíana Sturludóttir	49 539	
Ingibjörg Björnsdóttir	26 165	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	59 446	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	49 539	

	Kr.	Kr.
Ingibjörg Högnadóttir	19 813	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	59 446	
Ingibjörg Karlsdóttir	82 094	
Ingunn Hlíðar	31 498	
Ingveldur Ólafsdóttir	19 813	
Jakobína Thorarensen	33 025	
Jóhanna Vigfúsdóttir	19 813	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	36 117	
Jónína Ásmundsdóttir	19 252	
Jónína Gissurardóttir	48 090	
Jónína Kristjánsdóttir	49 539	
Jórunn Guðjónsdóttir	48 488	
Karen Louise Jónsson	49 539	
Katrín Ingibergsdóttir	36 117	
Katrín Sveinsdóttir	59 446	
Kolbrún Jónsdóttir	99 074	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	19 813	
Kristín Helgadóttir	19 252	
Kristín Pálmadóttir	39 630	
Kristín Pálsdóttir	33 025	
Kristjana Bjarnadóttir	19 252	
Kristjana G. Einarsdótir	24 063	
Kristólína Kragh	19 813	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	26 420	
Lára Svansdóttir	19 813	
Lára M. Vigfúsdóttir	66 051	
Lelia Stefánsson	99 074	
Lilja H. Arndal	66 051	
Lilja Jörundsdóttir	39 630	
Lilja Steinsen	115 587	
Lovísa Sveinbjörnsson	131 305	
Lydia Einarsson	82 564	
Mabel Sigurjónsson	66 051	
Magdalena Ásgeirsdóttir	19 813	
Málfríður Bjarnadóttir	19 813	
Margrét Árnadóttir	49 539	
Margrét Björnsdóttir	25 199	
Margrét Eyjólfsdóttir	39 630	
Margrét Guðbrandsdóttir	59 446	
Margrét Jónasdóttir	82 564	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	80 212	
Margrét L. Lárusdóttir	19 813	
Marta Oddsdóttir	19 813	
Melitta Urbancic	31 498	
Ólafía Finnbogadóttir	19 813	
Olga E. Jónsson	37 384	
Ólöf Bjarnadóttir	52 339	
Petrína Ottesen	49 539	
Ragnheiður Hafstein	79 260	
Ragnheiður Konráðsdóttir	33 025	
Rósa Guðnadóttir	48 488	
Rósa Þórarinsdóttir	33 025	
Sigríður Árnadóttir	118 890	

	Kr.	Kr.
Sigríður Árnadóttir	48 488	
Sigríður Bjarnason	83 999	
Sigríður Gísladóttir	19 813	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	63 774	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	21 027	
Sigrún Thorarensen	26 420	
Sigurbjörg Jónsdóttir	19 973	
Sigurlaug Jónsdóttir	49 539	
Sigurlaug Sigurðardóttir	39 630	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	37 384	
Stefanía Stefánsdóttir	41 123	
Steinunn P. Eyjólfsson	22 286	
Steinunn Tómasdóttir	33 025	
Svanborg Jónsdóttir	19 281	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	33 025	
Sveindís Hansdóttir	19 813	
Valgerður Helgadóttir	33 073	
Valgerður Ólafsdóttir	29 911	
Vigdís Guðmundsdóttir	39 630	
Þóra Magnúsdóttir	26 420	
Þóra Sigfúsdóttir	19 813	
Þóra Sigurðardóttir	19 813	
Þóra Skaftason	19 813	
Þorbjörg Kjartansdóttir	49 539	
Þorbjörg Leifs	39 630	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	29 723	
Þórey Jóhannsdóttir	19 813	
Þórhildur Sveinsdóttir	19 813	
Barnastyrkur		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur ..	19 813	
Samtals		5 903 147

11. **Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).**	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	3 750	
2. Akureyri	6 200	
3. Akureyri, dráttarbraut	1 900	
4. Arnarstapi	250	
5. Bíldudalur	525	
6. Bolungarvík	6 675	
7. Dalvík	1 750	
8. Djúpivogur	1 100	
9. Drangsnes	350	
10. Eyrarbakki	1 420	
11. Flateyri	1 125	
12. Gerðar	3 450	
13. Grenivík	2 000	
14. Grindavík	5 395	
15. Hafnarfjörður	2 880	
16. Hafnarfjörður, dráttarbraut	2 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
17. Hafnir í Höfnum	150	
18. Hellnar	100	
19. Hnífsdalur	1 000	
20. Hofsós	850	
21. Hrísey	150	
22. Húsavík	7 500	
23. Hvammstangi	745	
24. Höfn í Hornafirði	2 300	
25. Ísafjörður	120	
26. Neskaupstaður	445	
27. Ólafsfjörður	3 250	
28. Ólafsvík	7 870	
29. Patreksfjörður	625	
30. Sandgerði	750	
31. Sauðárkrókur	450	
32. Siglufjörður	825	
33. Siglufjörður, dráttarbraut	2 500	
34. Skagaströnd	1 500	
35. Stokkseyri	2 330	
36. Stykkishólmur, dráttarbraut	2 300	
37. Stöðvarfjörður	3 300	
38. Súðavík	5 280	
39. Suðureyri	1 350	
40. Vestmannaeyjar	2 700	
41. Vogar	1 000	
42. Vopnafjörður	7 975	
43. Þórshöfn	1 230	
		99 365
12. Ferjubryggjur (10 333 04).		
1. Búðardalur	200	
2. Brjánslækur	400	
3. Bæir á Snæfjallaströnd	600	
4. Melgraseyri	402	
5. Reykjanes við Ísafjarðardjúp	29	
6. Eyri, Mjóafirði	400	
7. Kleifarstaðir	250	
8. Vigur	500	
9. Æðey	500	
		3 281
13. Sjóvarnargarðar (10 333 08).		
1. Akranes	200	
2. Álftanes	350	
3. Bessastaðir	100	
4. Borgarfjörður eystri	50	
5. Borgarnes	75	
6. Búðardalur	50	
7. Flateyri	200	
8. Garðskagi	100	
9. Gerðar	100	
10. Grenivík	50	
11. Grótta	400	

	Þús. kr.	Þús. kr.
12. Höfn í Hornafirði	100	
13. Innri-Akraneshreppur við Innrahólm	50	
14. Melar í Melasveit	50	
15. Miðneshreppur	150	
16. Sauðárkrókur	100	
17. Seltjarnarnes	100	
18. Stokkseyri	75	
		2 300

Ed. 300. Lög [178. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 86 frá 31. des. 1968.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 252.

Ed. 301. Lög [170. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 233.

Ed. 302. Lög [161. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 296 (sbr. 267).

Ed. 303. Lög [147. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 262.

Ed. 304. Lög [6. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 298 (sbr. 6).

Ed. 305. Frumvarp til laga [183. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi 1970—71.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 60 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem Bæjar-

sjóður Vestmannaeyja mun taka til kaupa á nýrri neðansjávarleiðslu frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gert er ráð fyrir því, að Bæjarsjóður Vestmannaeyja muni taka lán að upphæð 670 000.00 Bandaríkjadollarar hjá Scandinavian Bank Limited, London. Lánið er afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en greiðist síðan á næstu þremur árum þar á eftir. Sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs er skilyrði fyrir því að lánið fáist.

Rétt er að undirstrika í þessu sambandi, að lagt er til, að umrædd ríkisábyrgð verði veitt vegna hins stórfellda kostnaðar, sem framkvæmd þessari er samfara í hlutfalli við stærð þess bæjarfélags, sem stendur að henni. Veitingu umræddrar ríkisábyrgðar má því eigi skoða sem neitt fordæmi um veitingu ríkisábyrgðar vegna vatnsveituframkvæmda annarra sveitarfélaga.

Núverandi vatnsleiðsla frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja getur flutt 1800 tonn af vatni á sólarhring. Talið er, að vatnsskortur verði í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð 1972, nema ný leiðsla verði lögð fyrir þann tíma. Gert er ráð fyrir því, að nýja vatnsleiðslan muni geta flutt 5200 tonn af vatni á sólarhring, og að hún muni fullnægja vatnsþörfinni í Vestmannaeyjum næstu 20—30 ár.

Nd. 306. Frumvarp til laga [184. mál]

um skólakerfi.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir að hálfu eða meira af almannafé, mynda samfellt skólakerfi.

2. gr.

Skólakerfið skiptist í þrjú stig:

1) skyldunámsstig, 2) framhaldsskólastig, 3) háskólastig. Á skyldunámsstigi er grunnskólinn. Á framhaldsskólastigi eru almennir framhaldsskólar, þar á meðal menntaskólar, svo og sérskólar. Á háskólastigi er háskóli og hliðstæðir skólar.

3. gr.

Grunnskóli er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára og er þeim skylt að sækja hann. Grunnskólinn veitir almenna undirstöðumenntun og býr undir nám á framhaldsskólastigi.

4. gr.

Framhaldsskólar eru tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinast í námsbrautir eftir því, sem þörf krefur. Stúdentspróf frá framhaldsskóla veitir rétt til háskólanáms. Um sérskóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

5. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf. Þó getur menntamálaráðuneytið að fengu áliti háskólaráðs ákveðið önnur inntökuskilyrði í einstakar háskóladeildir, ef þörf gerist. Háskólinn greinist í þær deildir, sem ákveðið verður í lögum hans og reglugerð. Um aðra skóla á háskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

6. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum skólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé.

7. gr.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.

8. gr.

Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess úr ríkissjóði gegn endurgreiðslu að hálfu frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

9. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd fræðslu, skólaskipan hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa og eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra. Falla samtímis úr gildi lög nr. 22/1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 4. júlí 1969 til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu (nr. 22/1946), lög um fræðslu barna (nr. 34/1946) og lög um gagnfræðanám (nr. 48/1946) á grundvelli athugunar, sem fram hafði farið í menntamálaráðuneytinu. Í nefndina voru skipaðir: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri Langholtsskóla og Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóri. Hinn 27. október 1969 var Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri, skipaður í nefndina, og í fjarveru Andra Ísakssonar frá 15. september 1969 til loka júnímánaðar 1970 tók Jóhann S. Hannesson skólameistari, sæti í nefndinni í hans stað og starfaði síðan áfram í nefndinni eftir að Andri tók þar sæti að nýju. Með nefndinni störfuðu Indriði Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og Þuríður J. Kristjánsdóttir, M. A., og var hún ritari nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með lögum um skólakerfi og fræðsluskyldu, nr. 22 10. apríl 1946, var samfelldu skólakerfi komið á hérlendis. Það merkir, að nemandi flyzt snurðulaust af einu skólastigi á annað, þó oft með tilskilinni lágmarksframmistöðu, og að einstakir skólar hafa ekki inntökupróf. Þetta var mikil réttarbót fyrir nemendur og jafnaði aðstöðu þéttbýlis og dreifbýlis. Þetta er og meginstefna þessa frumvarps. Þó er í 1. gr. gert ráð fyrir, að skólar geti notið verulegs styrks af almannafé, eða allt að helmingi kostnaðar, en verið þó undanþegnir ákvæðum laganna um samfellt skólakerfi. Eru þessi afbrigði einkum sett með tilliti til hugsanlegra lýðskóla, sem reknir væru og kostaðir að miklu leyti af stofnunum eða félagasamtökum, og þykir ekki rétt að binda námsefni þeirra og kennslu við samfellda skólann. Ákvæði frumvarpsins koma þó engan veginn í veg fyrir, að hægt sé að setja skólum, sem njóta styrks af almannafé að minna en hálfu, ákveðin skilyrði, svo sem um námsskrá, þar sem styrkurinn getur verið slíkum skilyrðum háður.

Um 2. og 3. gr.

Í stað barnafræðslustigs og gagnfræðastigs í lögunum frá 1946 kemur nú skyldunámsstig, sem nær yfir fyrstu 9 skólaárin. Þetta felur í sér tvær meginbreytingar, annars vegar lengingu skólaskyldu úr 8 árum í 9 og hins vegar er felldur niður fjórði bekkur gagnfræðastigsins, eins og það er nú.

Fræðsluskylda er nú 8 ár og lýkur með unglingaprófi, sem veitir nú mjög takmörkuð réttindi til framhaldsnáms. Reyndin er sú, að í kaupstöðum og þorpum, þar sem unglingar geta gengið í gagnfræðaskóla heiman frá sér, halda milli 90 og 100% þeirra áfram í 3. bekk. Lenging skólaskyldu hefur því fyrst og fremst áhrif til breytinga í dreifbýli. Mikillar óánægju gætir nú víða í sveitum landsins vegna þess misréttis, sem sveitabörn búa við í aðstöðu til menntunar. Kostnaður við að senda börn í heimavistarskóla að loknu skyldunámi er mörgum barnmörgum sveitaheimilum ofviða. Verði 9. skólaárið skylda, mun ríkissjóður taka þátt í greiðslu mötuneytiskostnaðar á sama hátt og hann gerir nú á skyldunámsstiginu og létta þannig hluta kostnaðar af framfærendum.

Á síðustu árum hefur mikið verið byggt af skólahúsum í dreifbýlinu. Sums staðar er því nú þegar til húsrými, þótt einum árgangi sé bætt við skyldunámið, en gert er ráð fyrir, að kennsla á skyldunámsstigi fari víða fram í sömu skólum og barna- og unglingafræðslan nú.

Hin meginbreytingin, sem felst í 2. og 3. gr., er, eins og áður var sagt, sú, að 4. bekkur gagnfræðastigs verður lagður niður í sinni núverandi mynd, en að loknu skyldunámi verði hins vegar völ á ýmsum námsbrautum. Á því stigi, framhaldsskólastigi, verða menntaskólar og aðrir þeir skólar, er taka nemendur eftir 9. bekk skyldunáms. Skólar á þessu stigi gera ýmist að búa nemendur undir nám á háskólastigi, veita þeim atvinnumenntun eða veita þeim alhliða framhaldsmenntun, sem ekki tekur mið af háskóla.

Tafla I.

Skóla-	Kennslumagn, sem nemandi fær skv. núgildandi reglum			skv. meðfylgjandi frumvarpi			
ár	Vikur	Mín./viku	Alls	Vikur	Mín./viku		Alls
1	34	20 × 40	27 200	34	960	(24 × 40)	32 640
2	34	22 × 40	29 920	34	1000	(25 × 40)	34 000
3	34	24 × 40	32 640	34	1120	(28 × 40)	38 080
4	34	30 × 40	40 800	34	1280	(32 × 40)	43 520
5	34	32 × 40	43 520	34	1360	(34 × 40)	46 240
6	34	32 × 40	43 520	34	1400	(35 × 40)	47 600
7	30	32 × 45	43 200	34	1520	(38 × 40)[1]	51 680
8	30	33 × 45	44 550	34	1600	(40 × 40)[2]	54 400
9	30	36 × 45	48 600	34	1600	(40 × 40)[3]	54 400
10	30	36 × 45	48 600				
			402 550				402 560

Eins og tafla I ber með sér, munu nemendur fá sama kennslumagn á 9 árum skylduskólans og þeir fá nú á 10 árum. Það fæst með árlegri lengingu skólatímans í 7. til 9. bekk um einn mánuð, fjölgun vikustunda í 1. til 8. bekk og betri nýtingu skólaársins. Kennslumagn nú er mótað af námsskrá og hefð. Það, sem reiknað er með í töflu I, er nálægt hámarki í þéttbýli. Annars staðar fá nemendur víða mun minna. Þótt kennslumagnið sé nú á 10 árum næstum nákvæmlega hið sama og meðfylgjandi frumvarp gerir ráð fyrir á 9 árum, er þess þó að gæta, að árleg aukning kennslumagns á yngri árum vegur e. t. v. ekki upp á móti því, sem tapast með 10. árinu, er

1) Eða: (33 7/9 × 45).
2) — (35 5/9 × 45).
3) — (35 5/9 × 45).

nemendur eru orðnir þroskaðri. Eigi að síður ætti hinn nýi skyldunámsskóli, með samræmdri námsskrá og breytingum á innra starfi skólans, að skila nemendum frá sér allmiklu betur búnum undir framhaldsnám en 3. bekkur gagnfræðaskólanna nú, og beztu nemendum svo, að þriggja ára viðbótarnám í menntaskóla nægi til undirbúnings háskólanámi.

Um 4. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að allir þeir, sem lokið hafa námi í grunnskóla, eigi kost á framhaldsnámi við sitt hæfi á framhaldsskólastigi. Er þar í stórum dráttum um þrenns konar nám að ræða, en ótiltekinn fjölda námsbrauta innan hvers um sig:

1) Tveggja ára nám til undirbúnings undir störf eða undir nám í ákveðnum sérskólum.
2) Þriggja til fjögurra ára nám til undirbúnings námi á háskólastigi eða til almennrar menntunar.
3) Nám í ýmsum sérskólum, sem veita sérmenntun til ákveðinna starfa.

Um 5. gr.

Á háskólastigi teljast í frumvarpi þessu Háskóli Íslands og þeir skólar aðrir, sem gera sömu kröfur til inngöngu og hann. Til þeirra munu teljast kennaraháskóli, þegar stúdentspróf er orðið inntökuskilyrði þar, e. t. v. tækniháskóli, sem tæki nemendur úr Tækniskóla Íslands, o. fl. Með meiri fjölbreytni í menntaskólanámi og þar með mörgum tegundum stúdentsprófs þarf nemendum að vera skýlaust ljóst, er þeir velja sér námsbraut í menntaskóla, að hvaða deildum háskóla og annarra skóla á háskólastigi þeir muni eiga aðgang. Þarf menntaskólinn að vera þarna ráðgefandi og háskólinn fræðandi um sérákvæði hinna ýmsu deilda.

Menntaskólanemar þurfa að eiga aðgang að sams konar vitneskju um þá erlenda háskóla, er íslenzkir námsmenn helzt sækja. Hugsanlegt er og, að einstakar deildir háskólans veiti kennslu í ákveðnum greinum, sem felldar hafa verið niður í sumum deildum menntaskólanna; er það t. d. nú þegar gert í latínu.

Um 6. gr.

Kennsla er nú veitt ókeypis í öllum skólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé, og þykir sjálfsagt, að svo verði áfram. Nemendur geta þó þurft að greiða ýmsan kostnað, svo sem efnisgjöld til handavinnu o. fl., og húsnæðis- og fæðiskostnað í heimavistarskólum. Sjá þó grg. með 2.—3. gr.

Um 7. gr.

Í lýðræðisríki, sem vill leggja áherzlu á jafnrétti þegna sinna, hlýtur opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum, að bera afdráttarlaus skylda til að sjá um, að búseta og misjafn efnahagur nemenda og forráðamanna þeirra valdi ekki misrétti um aðstöðu ungmenna til menntunar. Þessi skylda mun vera almennt viðurkennd í landinu, bæði af almenningi og kjörnum leiðtogum þjóðarinnar. Hins vegar er um það deilt, hvort aðgerðir til lausnar vandanum séu í samræmi við þörfina. Slíkar deilur eru ekki óeðlilegar, meðan það misrétti, sem um ræðir, hefur ekki verið betur og nákvæmar skilgreint en nú er.

Eðlilegt virðist, að lög um skólakerfi og fræðsluskyldu kveði á um skyldu opinberra aðila í umræddu efni, en til að slík lagaskylda verði raunhæf, þarf að skilgreina þörfina betur en lög geta gert og grundvalla síðan aðgerðir á þeirri skilgreiningu. Því er nauðsynlegt, að reglugerð verði sett um þessa grein frumvarpsins.

Um 8. gr.

Líta má á þessa grein sem framhald og nánari útfærslu 7. gr., að því er varðar grunnskólanám.

Það eru réttindi og skylda hvers ungmennis að sækja grunnskólann allan. Það er því í rauninni sjálfsagt, að enginn verði þar utan gátta vegna efnahags fram-

færenda. Það er hins vegar líklegt, að mörgum efnalitlum foreldrum falli illa að þurfa að leita til sveitarsjóðs beint eða framfærslufulltrúa, þar sem slíkt ber keim af því að „þiggja af sveit".

Um 9. gr.

Eðlileg ákvæði, sem eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 10. gr.

Svo fljótt sem unnt er, skulu lög þessi koma til framkvæmda. Þau teljast að fullu komin til framkvæmda, þegar nemendur ljúka skyldunámi samkvæmt þeim. Framkvæmd laganna kallar á heildarendurskoðun á skólum framhaldsskólastigsins. Jafnframt er brýn nauðsyn lagasetningar um lýðskóla, kvöldskóla, námsflokka, námskeið, bréfaskóla og aðra framhaldsmenntun fyrir fullorðna.

Nd. 307. Frumvarp til laga [185. mál]

um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

I. KAFLI

Markmið.

1. gr.

Grunnskólinn skal í samvinnu við heimilin veita nemendum siðgæðislegt og félagslegt uppeldi, sem miði að því að gera þá að nýtum og víðsýnum samfélagsþegnum í þjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Hann skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim til að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur og vera á verði um heilbrigði þeirra til líkama og sálar.

Kennsla í grunnskóla skal stefna að því að veita almenna undirstöðumenntun og tryggja öllum nemendum jafnan rétt og tækifæri til menntunar og þroska eftir getu hvers og eins.

II. KAFLI

Skólaskylda.

2. gr.

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, og nefnist hann grunnskóli. Öllum ungmennum á þessum aldri er skylt að sækja skóla. Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á átta árum með mjög góðum árangri, og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur þó á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flutzt á framhaldsskólastig, telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.

Undanþágu frá skólaskyldu má veita skv. 5. og 7. gr. þessara laga. Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár, er nemandinn nær nefndum aldri.

3. gr.

Grunnskóli er níu ára skóli og skiptist í 1.—9. bekk, þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla. Að jafnaði skal skipa nemendum í bekki eftir aldri, en heimilt er þó að víkja frá þeirri reglu, ef um veruleg frávik er að ræða að því er varðar námshæfni og þroska nemenda, sbr. 2. gr. og 88. gr. þessara laga, enda komi til álit sálfræðiþjónustu skólans.

4. gr.

Grunnskóli getur verið ein stofnun eða skiptur í einingar, tvær eða fleiri. Um það fer eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins að fengnum tillögum stjórnar fræðsluumdæmis.

5. gr.

Nú ber skólanefnd í skólahverfi fram við fræðslustjóra rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 2. gr. og 62. gr. þessara laga um skólaskyldu og starfstíma skóla. Skal fræðslustjóri þá í samvinnu við skólanefnd gera áætlun um, hvernig úr verði bætt á sem fæstum árum, og leggja áætlunina fyrir menntamálaráðuneytið ásamt umsókninni og umsögn sinni. Menntamálaráðuneytið úrskurðar síðan, hvort eða að hve miklu leyti undanþága skuli veitt, og tekur það tillögur um endanlegar úrbætur til meðferðar við gerð framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar.

Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar, sem það hefur tekið á sig eða á það verið lagðar með áætlun um, hvenær og hvernig það skuli uppfylla að fullu ákvæði 2. gr. og 62. gr. þessara laga, og getur þá menntamálaráðuneytið hlutazt til um, að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldualdri, og að það sæki skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður komi til, og láti barnið ekki skipast við áminningar skólans, né heldur geti forráðamaður þess bót á ráðið að fengnum aðvörunum, skal skólastjóri tilkynna fræðslustjóra um málið. Fræðslustjóri getur þá hlutazt til um, að barnið sé sett í annan skóla. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta þeim úrskurði, getur fræðslustjóri vísað málinu til barnaverndarnefndar, sem þá ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að vistun barnsins utan heimilis geti átt sér stað og barnið sæki skóla eða fái með öðrum hætti lögskipaða fræðslu.

7. gr.

Undanþegin frá því að sækja grunnskóla eru:

a) börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 86. gr., og
b) börn, er búa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr., að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi eiga börn, sem víkja svo mjög frá eðlilegum þroskaferli barna, að þau fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum. Sérkennslan skal fara fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérskólum, eins og hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla eða fræðsluumdæmis. Heimilt er að verja allt að 10 stundum á kennslumánuði skóla á hvern nemanda í sérkennslu. Kennsluna skulu annast sérmenntaðir kennarar, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla í þessu skyni að fjölga vikulegum skyldutímum einstakra nemenda um allt að 2 kennslustundum, enda sé forráðamönnum þeirra tilkynnt um lenginguna.

9. gr.

Sérkennslu skv. 8. gr. skulu njóta:

a. börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu skólans og annarra sérfræðinga, svo sem geðlækna, skortir hæfileika til þess að stunda nám í venjulegum deildum grunnskóla,
b. börn, sem að dómi sömu aðila eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum,
c. börn, sem að dómi sömu aðila eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu, og
d. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám.

10. gr.

Þeim börnum, sem um getur í a-, b-, c- og d-lið 9. gr. og ekki geta stundað nám í almennum grunnskóla, skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum skólum eða stofnunum.

Fræðslustjórar skulu í sameiningu, að fengnu áliti sálfræðiþjónustu skólanna, gera heildartillögur um þörf fyrir slíkar stofnanir í landinu, og er ríkinu skylt á næstu 10 árum frá því að álit um þörf liggur fyrir að fullnægja henni. Menntamálaráðuneytið lætur fara fram sérfræðilega endurskoðun á áætluninni og staðfestir hana með hliðsjón af þeirri endurskoðun.

Áætlunina má framkvæma í áföngum á þessu tíu ára tímabili. Stofnkostnaður greiðist að jöfnu af sveitarfélögum og ríki. Um annan kostnað fer eftir reglum skólakostnaðarlaga. Hlutur sveitarfélaga í slíkum rekstri greiðist sem daggjöld þeirra nemenda, sem í þessum skólum eru. Fræðsluumdæmin skulu skipuleggja sérkennsluna í samræmi við reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, þar sem kveðið verði á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Heimilt er menntamálaráðuneyti að ákveða nemendum, sem nám stunda í slíkum skólastofnunum, námstíma einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

11. gr.

Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólinn skal fylgjast með því, að barnið stundi nám.

12. gr.

Ákvæði laga þessara um skólaskyldu, starfstíma skóla og skólatíma nemenda skulu koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins og hvergi síðar en svo, að fyrsti bekkur geti hafið nám samkvæmt þeim innan þriggja ára frá setningu laganna og lokið því í samræmi við ákvæði þeirra, sbr. þó 5. gr.

III. KAFLI

Skólaskipan og skólahúsnæði.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu alls landsins í skólahverfi. Það ákveður, hvar stofna skuli skóla og hvar heimavist við skóla, að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðslustjóra, sbr. 60. gr. Það gerir eða lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a) er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til.
b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti ráðuneytisins.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnu áliti samstarfsnefndar ráðuneytisins og Sambands íslenzkra sveitarfélaga, skiptingu landsins í fræðsluumdæmi, og skulu þau vera 5 hið fæsta, en eigi fleiri en 8. Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð.

15. gr.

Skólahverfi er eitt eða fleiri sveitarfélög, sem ein sér eða í sameiningu starfrækja grunnskóla, einn eða fleiri. Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, í kaupstöðum skólaráð nema í Reykjavíkurborg, þar sem fræðsluráð fer með störf skólanefndar.

16. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, er fullnægi þörfum fyrir grunnskóla eða a. m. k. hluta hans. Skólahverfi geta sameinazt um skóla fyrir eldri bekki grunnskóla. Leita skal álits viðkomandi sveitarstjórna, fræðsluráðs og fræðslustjóra um slíka samvinnu, en menntamálaráðuneytið tekur endanlega ákvörðun. Um skólanefnd slíks skóla fer eftir ákvæðum 38. gr. Menntamálaráðuneytið ákveður um byggingu og gerð skólahúsnæðis í samræmi við lög um skólakostnað.

17. gr.

Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslustjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr. Kostnaður greiðist samkvæmt lögum um skólakostnað. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenzkra sveitarfélaga, árlegan hundraðshluta af brunabótamati hvers skólahúss til viðhalds húss og lóðar.

18. gr.

Umráð og umsjón skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, er í höndum sveitarstjórna (skólanefnda og skólaráða), nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð.

IV. KAFLI

Kennarar.

19. gr.

Engan má skipa kennara við grunnskóla, nema hann uppfylli skilyrði laga um kennaramenntun. Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð ákveðið, hvaða reynslu og menntun umfram kennaramenntun þurfi til að verða settur eða skipaður skólastjóri við grunnskóla.

20. gr.

Skólastjóri eða kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunnskóla, skal gegna því samkvæmt erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur.

Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þó skulu skólastjórar og kennarar við heimavistarskóla ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla.

21. gr.

Um vikulegan starfstíma og kjör skólastjóra og kennara og annars starfsliðs grunnskóla fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjaradómi.

22. gr.

Í hverjum grunnskóla skal allt að ákveðnu hlutfalli af hámarki reiknaðra stunda varið til stjórnunar skólans, sbr. 30. gr. Fræðslustjóri getur með samþykki menntamálaráðuneytisins minnkað kennsluskyldu skólastjóra með hliðsjón af tillögum hans um nýtingu og skiptingu kvóta skólans til stjórnunar- og skrifstofustarfa.

23. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um 1/6, og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um 1/6 af því, sem hún var upphaflega.

24. gr.

Skólastjóri fer í skóla sínum með umboð yfirstjórnar fræðslumála og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og forráðamönnum þeirra. Hann stjórnar

öllu starfi skólans eftir gildandi lögum og reglum og ber ábyrgð á því gagnvart yfirstjórn fræðslumála og skólanefnd. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar (skólaráðs), þegar fjallað er sérstaklega um skóla hans eða embættisrekstur, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Þetta á þó ekki við, þegar fjallað er um endursetningu eða skipun hans. Fræðslustjóri er tengiliður milli fræðsluráðs og skólastjóra og heldur fund með skólastjórum umdæmisins eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar (skólaráðs).

25. gr.

Í skólum, sem eiga rétt á tíu eða fleiri kennurum í fullu starfi auk skólastjóra, má ráða yfirkennara, sbr. 31. gr., er fer með skólastjórn í forföllum skólastjóra eða er falin skólastjórn að hluta í umboði hans. Í minni skólum fer sá kennari, sem skólastjóri nefnir til, með skólastjórn í forföllum hans, nema þegar séð verður fram á, að um langvarandi fjarveru, svo sem orlof eða forföll í 2 mánuði eða meira, sé að ræða, og gerir skólanefnd þá tillögu um setningu í starfið.

Afsláttur frá kennsluskyldu yfirkennara skal árlega ákveðinn af viðkomandi fræðslustjóra með hliðsjón af því, að hve miklu leyti yfirkennari tekst á hendur stjórnunar- og/eða skrifstofustörf innan þess kvóta, er skólinn á rétt á, sbr. 30. gr. Þó skal setja í reglugerð ákvæði um lágmarkskennsluskyldu yfirkennara miðað við stærð skóla.

26. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því, sem við verður komið, og stundakennurum að öðru leyti.

Um réttindi kennara til að kenna í grunnskóla eða einstökum bekkjum hans skal ákveðið í lögum um menntun kennara.

27. gr.

Aðalkennari hefur umsjón með bekkjardeild eða bekkjardeildum í grunnskóla. Hann fylgist með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra.

28. gr.

Heimilt er skólastjóra með samþykki fræðslustjóra og innan þeirra marka, sem um getur í 30. gr., að fela kennara fagnámsstjórn, þ. e. umsjón með kennslu í einni námsgrein innan síns skóla. Eigi skal þó kennari hafa umsjón með sömu námsgrein lengur en þrjú ár í senn.

Enn fremur getur skólastjóri með samþykki fræðslustjóra og skólanefndar og innan þeirra marka, sem tiltekin eru í 30. gr., ráðstafað hluta af reiknuðum stundum til eftirlits með bókasafni og kennslutækjum eða til annarra starfa í þágu skólans, svo sem skipulagningar og eftirlits með félagslífi nemenda. Eigi er skóla heimilt að fara fram úr kvóta sínum til þessara starfa nema til komi samþykki sveitarstjórnar, og greiðist þá umframkostnaðurinn úr sveitarsjóði.

29. gr.

Fastir kennarar, sem fá launalaust leyfi hluta af kennslutíma skólaársins, skulu fá laun greidd þá þrjá mánuði, sem skóli starfar ekki, í hlutfalli við þá tímalengd, sem þeir störfuðu, miðað við fullan starfstíma skóla.

30. gr.

Ríkissjóður greiðir í grunnskólum landsins launakostnað allt að ákveðnu hámarki reiknaðra stunda, er miðast við fjölda nemenda samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis og kennslustundafjölda á stundaskrá þeirra.

a) Hámark reiknaðra stunda á viku miðað við 30 nemendastundir á viku skal vera:

Séu nemendur:

allt að 20 komi 2,50 stundir á nemanda

21—50 komi 50 stundir auk 2,00 st. á hvern nem. umfram 20
51—150 komi 110 stundir auk 1,70 st. á hvern nem. umfram 50
151—350 komi 280 stundir, auk 1,50 st. á hvern nemanda umfram 150
fleiri en 350 komi 580 stundir auk 1,40 st. á hvern nem. umfram 350.

Sé fjöldi nemendastunda á viku að meðaltali annar en 30, breytist hámark reiknaðra stunda um 3% fyrir hvert einnar stundar frávik. Hver nemandi, sem nýtur sérkennslu skv. 9. gr., skal við ákvörðun hámarks reiknaðra stunda talinn sem 1.90 nemendur. Hver mánuður telst í þessu sambandi 4 vikur.

b) Fari fjöldi nemendastunda í bekkjum 9 mánaða skóla fram úr ákvæðum námsskrár, skal það ekki hafa áhrif á hámark reiknaðra stunda.

c) Sé fjöldi nemendastunda á viku í bekk meiri en námsskrá gerir ráð fyrir, vegna þess að skólaár er styttra en 9 mánuðir eða að bekkjum er kennt á víxl, skal hámark reiknaðra stunda hækka skv. a-lið, að því marki, að árlegum námsstundafjölda í 9 mánaða skóla sé náð. Þó skal aukning námsstunda á viku í einstökum bekkjum fram yfir 20% þess stundafjölda, sem námsskrá gerir ráð fyrir, ekki hafa áhrif á hámark reiknaðra stunda.

d) Starfi nemendur í skólabókasafni reglulega að skipulögðum verkefnum undir leiðsögn kennara síns, má bæta við fjölda nemendastunda í a-lið hér að framan allt að ½ kennslustund á viku á hverja bekkjardeild 10 ára barna og eldri. Veiti skóli verknámskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér skiptingu bekkjardeildar fram yfir það, að kennslustundir við hana séu 2,50 st. fleiri en nemendastundir á viku, skal hámark reiknaðra stunda hækka um þann stundafjölda, sem fram yfir er. Þó skal ekki hafa færri en 12 nemendur saman í sérkennslutímum af þessu tagi.

e) Af hámarki reiknaðra stunda skv. liðum a—d hér að framan má hvert grunnskólahverfi nota:

aa) til stjórnunarstarfa	allt að 5.5%
bb) til starfa við bókasöfn og kennslutæki	allt að 1,0%
cc) til félagsstarfa	allt að 1.0%
dd) til hjálparkennslu (leshjálp o. fl.)	allt að 6.5%
ee) til fagnámsstjórnar	allt að 1.0%
ff) til annarra nota	allt að 2.0%

f) Til stjórnunarstarfa telst afsláttur af kennsluskyldu skólastjóra og kennara, sem veittur er skv. 22. gr. og 25. gr., og skrifstofustörf í einstökum skólum og/eða sameiginleg fyrir fleiri skóla sama skólahverfis. Um skiptingu stjórnunarstarfa á ofangreinda liði og hámarksafslátt af kennsluskyldu þeirra vegna skal setja ákvæði í reglugerð.

g) Til starfa við bókasöfn og kennslutæki telst bókavarzla, eftirlit með og leiðsögn við notkun þeirra, önnur en um getur í lið d, svo og öll önnur störf, sem af bókasöfnum og kennslutækjum leiðir.

h) Reiknaðar stundir til félagsstarfa skal nota í 6.—9. bekk grunnskóla.

i) Til hjálparkennslu telst leshjálp, reikningshjálp, svo og öll önnur námsaðstoð við nemendur utan venjulegrar bekkjarkennslu, sem ekki fellur undir ákvæði 9. gr. laganna.

j) Til annarra nota skv. ff-lið telst m. a. námsleiðbeiningar, eftirlit með lesstofum, fyrirlestrahald og eyður í stundaskrám kennara.

k) Greiðslur vegna forfalla samkvæmt læknisvottorði teljast ekki til reiknaðra stunda, en endurgreiðast úr ríkissjóði. Sama gildir um laun stjórnskipaðra prófdómara.

Víkja má frá ákvæðum a—c-liða til hækkunar, þegar svo stendur á, að ekki er unnt innan þeirra að ná tilskilinni kennslu samkvæmt námsskrá eða vegna félagsstarfsemi nemenda. Slík frávik skulu úrskurðuð af ráðuneytinu til eins árs í senn eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þó skal ekki leyfa slík frávik umfram það, að útgjöld ríkissjóðs þeirra vegna nemi allt að tveimur af hundraði

(2%) af áætluðum heildargjöldum hans samkvæmt þessari grein, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Séu reiknaðar stundir með samþykki skólanefndar (fræðsluráðs) fleiri en samrýmist reglum a—d eða sérstakri skriflegri undanþágu menntamálaráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu ráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

Eigi skal að jafnaði skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skylduvinna þeirra sé allt að 80% af hámarki reiknaðra stunda. Undanþágu má þó veita skólum með allt að 4 kennurum, að skólastjóra meðtöldum.

Heimilt er að veita afslátt af kennsluskyldu vegna stjórnunarstarfa, sbr. 22. og 25. gr., eða vegna námsstjórnar, og skal sá afsláttur metinn til starfstíma í samræmi við ákvæði kjarasamninga eða kjaradóms.

Kennslustundir og afsláttarstundir vegna ákveðinna starfa teljast reiknaðar stundir. Vikugreiðslur (1 mán. = 4 vikur) fyrir önnur störf færast til reiknaðra stunda með því að deila í greiðsluupphæðina með gildandi stundakennarakaupi.

31. gr.

Skólastjóri gerir tillögu til skólanefndar (skólaráðs) um ráðningu yfirkennara við skólann. Þegar skólanefnd og skólastjóri hafa orðið sammála um val yfirkennara, gera þeir sameiginlega tillögu til fræðslustjóra, sem ræður hann í starfið til eins árs í senn. Að loknum tveggja ára reynslutíma yfirkennara getur skólastjóri gert tillögu til fræðslustjóra um, að yfirkennari fái fastráðningu í starfið, svo lengi sem viðkomandi skólastjóri gegnir skólastjórn við skólann.

Nú skiptir um skólastjóra við grunnskóla, þar sem yfirkennari hefur verið ráðinn, og á yfirkennari þá rétt á að halda starfi sínu eitt ár. Að því loknu fer um endurráðningu hans eða ráðningu annars kennara í starfið eftir því, sem segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

Náist ekki samkomulag milli skólastjóra og skólanefndar um ráðningu yfirkennara, svo og ef skóli er of lítill til að eiga rétt á að fá yfirkennara, ráðstafar skólastjóri að fengnu samþykki fræðslustjóra kvóta til stjórnunar skv. 30. gr. í samræmi við ákvæði 22. gr. og 28. gr.

Ríkissjóður ber kostnað vegna starfs yfirkennara, að því er varðar kennsluafslátt, sbr. 25. gr. og 30. gr. Um greiðslu til viðbótar kennaralaunum vegna starfs yfirkennara fer eftir samningi milli hans og viðkomandi sveitarfélags, sem ber þann kostnað.

32. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna náms-

ferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að orlof trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra.

33. gr.

Til endurmenntunar kennara má auk orlofs, sbr. 32. gr., verja árlega af hálfu ríkisins fjárhæð, sem svarar til eins hundraðshluta af samanlögðum skólastjóra- og kennaralaunum grunnskóla. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um endurmenntun kennara.

V. KAFLI

Stjórnun grunnskóla.

34. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn grunnskóla.

Skólastjóri fer með stjórn grunnskóla innan marka laga og reglugerða í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Í skólum, sem eiga rétt á 6 föstum kennurum eða fleiri, er skólastjóra til aðstoðar og ráðuneytis þriggja manna kennararáð, kjörið í upphafi skólaárs af almennum kennarafundi. Skólastjóri heldur kennarafundi svo oft sem honum og kennararáði þykir þurfa og hvenær sem a. m. k. ⅖ af föstum kennurum við skólann óska þess. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að koma á kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn er boðaður og fer fram innan þeirra marka daglegs starfstíma skóla, sem ákveðinn er í kjarasamningum.

Kennarafundur er ráðgefandi um stjórn skólans og leggur tillögur sínar fyrir skólastjóra, sem ákvarðar um meðferð þeirra og framkvæmd. Greini kennarafund og skólastjóra á, geta kennarar skotið ágreiningsefnum til skólanefndar og fræðslustjóra, sem þá leitast við að jafna ágreininginn. Takist það ekki, getur hver einstakur aðili málsins skotið því til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar. Þetta gildir einnig um ágreining milli skólastjóra og einstakra kennara, sbr. þó 92. gr.

35. gr.

Nú æskja foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofna foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að fylgjast með og hafa áhrif á skólastarfið. Er skólastjóra þá skylt að boða til foreldrafundar, þar sem formlega verði gengið frá stofnun félagsins. Stjórn foreldrafélags er kosin á félagsfundi, skal hún skipuð þremur eða fimm mönnum og nefnist foreldraráð viðkomandi skóla. Kjörtímabil foreldraráðs er til upphafs næsta skólaárs, en nýtt foreldraráð skal jafnan hafa verið kosið eigi síðar en fyrir 15. okt. ár hvert. Réttur til þátttöku í foreldrafélagi og kjörgengi til foreldraráðs takmarkast við þá, sem börn eiga í hlutaðeigandi grunnskóla. Foreldraráð boðar til funda í foreldrafélagi, svo oft sem þurfa þykir.

Foreldraráð skal starfa í samvinnu við skólastjóra, kennara og skólanefnd og getur óskað eftir fundum með þessum aðilum. Skylt er skólastjóra að verða við slíkum tilmælum, svo oft sem rökstuddar ástæður eru til.

36. gr.

Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar velja árlega, og kýs það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð. Menntamálaráðuneytið setur nemendaráði starfsreglur.

37. gr.

Við hvern skóla, þar sem stofnað hefur verið foreldraráð, skal vera samstarfsnefnd. Í henni eiga sæti tveir af kennararáðsmönnum, tveir fulltrúar kjörnir af foreldraráði og tveir af nemendaráði, sé það til við skólann. Samstarfsnefnd kýs sér formann og ritara. Skólastjóri og/eða yfirkennari skal sitja fundi nefndarinnar. Menntamálaráðuneytið setur samstarfsnefnd starfsreglur.

38. gr.

Í hverju skólahverfi utan kaupstaða, eða fyrir þá skóla, sem fleiri en eitt skólahverfi standa að, sbr. 16. gr., skal vera skólanefnd. Þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, skal skólanefndin vera skipuð þremur mönnum. Þar sem tvö sveitarfélög mynda skólahverfi, skal skólanefnd einnig vera skipuð þremur mönnum, tveimur frá því sveitarfélagi, sem fjölmennara er. Séu þrjú eða fleiri sveitarfélög saman í skólahverfi, skal skólanefnd skipuð einum fulltrúa frá hverju þeirra.

Fulltrúar í skólanefnd eru kosnir af nýkjörinni sveitarstjórn og skal viðhafa hlutfallskosningu, ef krafa kemur fram um það. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Skólanefnd kýs sér formann úr sínum hópi. Verði atkvæði jöfn við formannskjör, ræður hlutkesti. Kjörtímabil skólanefnda skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

39. gr.

Í hverjum kaupstað utan Reykjavíkur skal vera skólaráð, sbr. 15. gr., skipað fimm mönnum, og fer það með störf skólanefndar í samræmi við ákvæði þessara laga. Skólaráð skal kosið af nýkjörinni bæjarstjórn, og gilda um kosningu þess, kjörgengi og kjörtímabil sömu reglur og um skólanefndir. Skólaráð fer innan kaupstaðar með mál almennra skóla, sem kostaðir eru af ríki og bæjarfélagi sameiginlega. Að öðru leyti lýtur skólaráð sömu reglum um meðferð mála og skólanefndir.

Skólaráð getur, með samþykki viðkomandi bæjarstjórnar, ráðið sér framkvæmdarstjóra, sem er skólafulltrúi kaupstaðarins. Laun skólafulltrúa og kostnaður við starf hans greiðist úr bæjarsjóði.

40. gr.

Formaður skólanefndar (skólaráðs) kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja nefndina saman, ef einn nefndarmanna eða skólastjóri óskar þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir nefndarmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. sólarhring fyrir tilgreindan fundartíma. Skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fulltrúi í skólanefnd hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

41. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Skólastjóri semur á fyrsta starfsmánuði skólans í samráði við skólanefnd skýrslu um þau skólaskyld börn í skólahverfinu, sem ekki sækja grunnskóla, og sendir hana fræðslustjóra.

42. gr.

Nú er kennarastaða laus í skólahverfi. Skal skólanefnd þá tafarlaust tilkynna það fræðslustjóra, en menntamálaráðuneytið auglýsir stöðuna, ef fyrirvari er nægur. Þurfi hins vegar að setja kennara fyrirvaralítið, getur menntamálaráðuneytið sett hann án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal þá stöðuna að vori með venjulegum hætti. Þegar kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna skólastjóra það skriflega fyrir 1. apríl, og skal skólastjóri þá tafarlaust tilkynna það skólanefnd og fræðslustjóra. Skipun eða setning í kennarastöðu við grunnskóla miðast við 1. september og 9 mánaða starfstíma á skólaárinu, hafi skóli ekki fengið undanþágu til að starfa færri mánuði skv. 5. gr.

43. gr.

Þegar skólastjóri lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna það skólanefnd og fræðslustjóra fyrir 1. apríl. Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðuna með lögmæltum umsóknarfresti. Skólastjórastöður, sem losna vegna þess, að skólastjóri hefur fengið stöðu við annan skóla, eða af öðrum ástæðum, skulu auglýstar svo fljótt sem unnt er.

Skipun, setning eða ráðning í skólastjórastöður miðast við 1. ágúst, enda hefji skólastjóri þá störf. Starfstími skólastjóra á skólaárinu telst einum mánuði lengri en starfstími skólans.

44. gr.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um kennara- og skólastjórastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra. Fræðslustjóri sendir allar tilkynningar um lausar stöður, svo og tillögur um stöðuveitingar og umsagnir til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni.

45. gr.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og ber ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum.

46. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar eða sveitarstjórna og til fræðslustjóra um fjárframlög til skólahalds. Skólastjóri skal annast um skýrslugerðir, sem menntamálaráðuneytið beiðist frá skóla, en skólanefnd ber að veita honum allar þær upplýsingar, er hann þarfnast, og undirritar formaður nefndarinnar skýrslurnar með honum, þegar svo er fyrir mælt. Erindisbréf fyrir skólanefndir skal gefið út af menntamálaráðuneytinu.

47. gr.

Reykjavíkurborg er fræðsluumdæmi. Ákvæði 48. og 49. gr. þessara laga um fræðsluumdæmi taka til fræðsluráðs og fræðslustjóra Reykjavíkur með þeim frávikum vegna sérstöðu Reykjavíkur, er þar greinir. Fræðsluráð Reykjavíkurborgar fer einnig með störf skólanefndar í samræmi við ákvæði þessara laga.

48. gr.

Fræðsluskrifstofa skal vera í hverju fræðsluumdæmi, sbr. 14. gr.

49. gr.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðu fræðslustjóra og setur hann til tveggja ára að fenginni umsögn fræðsluráðs, en að þeim tíma liðnum á hann rétt á skipun í starfið eða sinni fyrri stöðu eða annarri jafnvel launaðri og hún var. Fræðslustjór-

ar skulu búsettir í umdæmum sínum eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Fræðslustjóri veitir fræðsluskrifstofu forstöðu og gerir tillögur til ráðuneytisins um ráðningu starfsfólks, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til í fjárlögum og af hálfu sveitarfélaga.

Í Reykjavík skal fræðslustjóri ráðinn af borgarstjórn með samþykki menntamálaráðuneytisins. Annað starfsfólk ræður borgarstjórn að fengnum tillögum fræðslustjóra.

50. gr.

Um launakjör fræðslustjóra og annars starfsliðs fræðsluskrifstofu fer eftir gildandi ákvæðum hverju sinni um kjör opinberra starfsmanna.

51. gr.

Þeir, sem settir eru fræðslustjórar, skulu fá launalaust leyfi frá því opinbera starfi, sem þeir kunna að hafa á hendi, er þeir gerast fræðslustjórar, allt að tveimur árum.

Heimilt er að greiða þeim fræðslustjóralaun í þrjá mánuði áður en þeir taka við starfinu, enda sé þeim tíma varið til undirbúnings. Fræðslustjórar og fast starfslið fræðsluskrifstofu tekur laun úr ríkisssjóði, en þau endurgreiðast að hálfu af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli, eftir skiptingu, sem sveitarfélögin koma sér saman um. Sama gildir um laun annars starfsliðs fræðsluskrifstofu, skrifstofu- og ferðakostnað o. s. frv. Ef samkomulag næst ekki, sker menntamálaráðuneytið úr, og skal greiðslum hagað í samræmi við þann úrskurð, unz sveitarfélögin koma sér saman um aðra skiptingu.

Kostnaður við fræðsluskrifstofu skal greiddur af báðum aðilum mánaðarlega fyrirfram samkvæmt áætlun samþykktri af menntamálaráðuneytinu. Í Reykjavík greiðir borgarsjóður allan kostnað við rekstur fræðsluskrifstofunnar, en ríkissjóður endurgreiðir hluta kostnaðarins og nemur sú greiðsla einum hundraðshluta af launakostnaði og stjórnunarkostnaði í þeim skólum í Reykjavík, sem eru reknir sameiginlega af ríki og borg.

52. gr.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð. Fer það með stjórn fræðslumála innan hvers fræðsluumdæmis í umboði menntamálaráðuneytisins, sveitarstjórna og skólanefnda eða skólaráða. Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.

Í Reykjavík er fræðsluráð skipað fimm fulltrúum, kosnum hlutfallskosningu af borgarstjórn eftir hverjar borgarstjórnarkosningar, og kýs það sér formann. Í öðrum fræðsluumdæmum er fræðsluráð skipað einum fulltrúa frá hverri skólanefnd eða skólaráði, sem þessir aðilar kjósa til þess. Fræðslustjóri hvers fræðsluumdæmis skal að loknum sveitarstjórnarkosningum kveðja alla hina nýkjörnu fulltrúa fræðsluráðs til fundar, þar sem þeir kjósa úr sínum hópi 3—5 manna framkvæmdanefnd til eins árs í senn, og kýs hún sér formann. Skólafulltrúar eiga rétt til setu á fundum framkvæmdanefndar fræðsluráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Auk kjörinna fræðsluráðsmanna á ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins rétt til setu á fundum fræðsluráðs.

53. gr.

Fræðslustjóri sér um, að gerðar séu árlega, í samráði við fræðsluráð, tillögur að fjárhags- og framkvæmdaáætlun um fræðslumál umdæmisins, bæði fyrir hvern einstakan skóla eða skólahverfi, svo og umdæmið í heild, og taki áætlunin til stofn- og rekstrarkostnaðar.

Tillögur þessar sendast menntamálaráðuneytinu, þegar þær hafa hlotið samþykki sveitarstjórna, er hlut eiga að máli.

54. gr.

Fræðslustjórar skulu vera menntamálaráðuneyti og sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd fyrirmæla, er varða starfsemi skóla, sem kostaðir eru sameig-

inlega af ríki og sveitarfélögum, svo sem grunnskóla, iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla. Einnig getur ráðuneytið í samráði við fræðsluráð falið fræðslustjórum að annast tiltekin málefni þeirra skóla, sem kostaðir eru að öllu leyti af ríkissjóði.

55. gr.

Fræðslustjórar hafa í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með rekstri, eignum og eignabreytingum þeirra skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, svo og þeim málefnum annarra skóla, er menntamálaráðuneytið kann að fela þeim, sbr. 54. gr.

Fræðslustjórar skulu, í samráði við skólastjóra og skólanefndir, semja áætlun um nemendafjölda og fjölda reiknaðra stunda til skólahalds og áætla kostnað ríkissjóðs annars vegar og sveitarsjóðs hins vegar fyrir hvert komandi skólaár. Skulu slíkar skýrslur og áætlanir komnar til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma, er það kveður á um. Menntamálaráðuneytið veitir leiðbeiningar um skýrslugerð og reikningsskil skóla og fyrirkomulag á skjalasafni skóla, þannig að það sé jafnan í röð og reglu til notkunar og varðveitist sem heimildargögn fyrir síðari tíma.

56. gr.

Fræðslustjórar skulu líta eftir því, hver í sínu umdæmi, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál, bæði að því er varðar sjálft kennslustarfið og stjórnunarmál, sé framfylgt. Þeir skulu kynna sér starfsskilyrði skólanna og starfsmanna þeirra, aðbúnað nemenda og aðstöðu til kennslu og náms. Þeir skulu einnig fylgjast með árangri kennslu í samvinnu við skólarannsóknadeild, sbr. 59. gr. Er fræðslustjóra heimilt að verja til námseftirlits og leiðbeininga allt að 10 vikustundum á hverja 1000 nemendur í grunnskólum umdæmisins, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Það er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, hvaða kennurum er falið að gegna þessum störfum. Fræðslustjórar skulu leiðbeina skólastjórum, kennurum og skólanefndum (skólaráðum) um réttindi þeirra og skyldur og leysa eftir föngum úr ágreiningi, sem upp kann að koma milli þeirra aðila, sem hlut eiga að skólastarfinu.

57. gr.

Fræðslustjórar skulu gera tillögur til ráðuneytisins um stærð skólahverfa og vinna að hagkvæmum breytingum á skipan og framkvæmd skólahalds.

58. gr.

Fræðslustjórar skulu athuga, í samvinnu við skólalækna og sálfræðiþjónustu skólanna, hvort í umdæminu eru börn, sem eiga ekki samleið með öðrum börnum í námi vegna

a) sjóndepru eða blindu,
b) heyrnargalla, málhelti eða málleysis,
c) tornæmis eða vanvitaháttar eða
d) af öðrum ástæðum.

Ef um slík börn er að ræða, skulu fræðslustjórar árlega senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um þau og hlutast til um, að börnin njóti kennslu við sitt hæfi í grunnskóla eða þeim stofnunum, sem sérfræðingar telja þeim henta, svo sem heyrnleysingjaskóla, blindraskóla, skóla fyrir vangefna o. s. frv., allt eftir því, sem lög, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli kveða á um, sbr. einnig 8., 9. og 10. gr.

59. gr.

Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla og fylgjast með árangri hennar skulu vera námsstjórar í einstökum greinum, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til í fjárlögum. Þó skal eigi varið til námsstjórnar lægri fjárhæð en sem nemur sex námsstjóralaunum, þótt starfinu sé e. t. v. skipt milli fleiri manna. Laun og annar kostnaður við starf námsstjóra greiðist úr ríkissjóði og ræður menntamálaráðu-

neytið þá til þriggja ára eða skemmri tíma, ef hentara þykir. Þeir skulu njóta launakjara samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins. Opinberir starfsmenn, sem veljast til námsstjórnar, fá launalaust leyfi, meðan þeir gegna námsstjórn. Heimilt er ráðuneytinu að greiða þeim laun og gera þeim á annan hátt kleift að verja allt að sex mánuðum í undirbúning, áður en starf þeirra hefst, enda sé þeim tíma eingöngu varið í því skyni í samráði við skólarannsóknadeild. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um námsstjórn sem þátt í starfi skólarannsóknadeildar, sbr. 80. gr.

60. gr.

Fræðslustjórar skulu gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um, hvar vera skuli skólar og hvar heimavistir við skóla, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda, fræðsluráða og sveitarstjórna, svo og iðnfræðsluráðs, að því er iðnfræðslu varðar. Einnig skulu þeir gera tillögur um skólabyggingar fyrir þau skólastig, sem starfssvið þeirra tekur til.

61. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um verkefni fræðslustjóra og fræðsluráða.

VI. KAFLI

Starfstími skóla og kennsluskipan.

62. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla miðað við 6 daga kennsluviku skal vera frá 1. september til 31. maí. Til kennslu og prófa skal varið 198 dögum af starfstímanum hið fæsta, en allt að 15 dögum að auki má verja til annarra þarfa skólans.

Ef sveitarfélag æskir, getur menntamálaráðuneytið heimilað, að kennt sé aðeins 5 daga vikunnar, og skal þá lengja daglegan og/eða árlegan starfstíma sem nemur fækkun daga, svo að nemendur fái á skólaárinu jafnmikla kennslu, hvort sem kennt er 5 eða 6 daga vikunnar. Í skólum með 5 daga vinnuviku má til viðbótar kennslu- og próftíma verja allt að 9 dögum til annarra þarfa skólans. Fræðslustjóri kveður á um, að fengnu áliti skólastjóra fræðsluumdæmisins og samþykki menntamálaráðuneytisins, hvernig verja megi þeim starfsdögum skóla (allt að 15 eða 9), sem ekki er skylt að nota sem kennsludaga eða prófdaga, og skal sú ákvörðun birt skólunum við upphaf hvers skólaárs, ásamt skrá um, á hvaða daga lögboðin leyfi falla á skólaárinu. Sé heimildin um að verja tíma til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa ekki fullnotuð, fjölgar kennsludögum á skólaárinu að sama skapi.

63. gr.

Í samræmi við markmið grunnskóla skal námsskrá kveða á um:

a) þjálfun í notkun móðurmálsins og fræðslu um íslenzkar bókmenntir og menningu,
b) undirstöðukennslu í stærðfræði,
c) kennslu í erlendum málum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir,
d) fræðslu um umhverfi og umheim — um landafræði, samfélagshætti og sögu,
e) kennslu í frumatriðum líffræði, efnafræði og eðlisfræði,
f) uppfræðslu í trúarbrögðum og almennri siðfræði,
g) þroskun fagurskyns og listhneigðar,
h) kennslu í heilsufræði og líkamsrækt,
i) kennslu í handíðum og heimilisrækt.

Að öðru leyti ákveður menntamálaráðuneytið námsefni grunnskóla, magn þess og skipan á námsár, sbr. þó 64. gr.

Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskólann skal þess sérstaklega gætt, að skólinn krefjist ekki hins sama af öllum, heldur komi til móts við og viðurkenni mismunandi þroska, getu og áhugasvið nemenda.

Setja skal sérstakar námsskrár fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu skv. 8. og 9. gr.

Skólarannsóknadeild ráðuneytisins hefur námsskrána stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar, þegar þörf er talin á.

Heimilt er í efstu bekkjum grunnskóla að nota hluta kennslutímans til valgreina í samræmi við reglur, sem menntamálaráðuneytið setur.

64. gr.

Vikulegur kennslutími í grunnskóla skal eigi vera skemmri en hér segir:

Í 1. bekk 960 mín., 2. bekk 1000 mín., 3. bekk 1120 mín., 4. bekk 1280 mín., 5. bekk 1360 mín., 6. bekk 1400 mín., 7. bekk 1520 mín., 8. bekk 1600 mín. og í 9. bekk 1600 mín.

Aukning kennslutíma frá framangreindu lágmarki er háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

65. gr.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun fræðsluyfirvalda og skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

66. gr.

Stundahlé skulu í grunnskóla vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru, og teljast þau starfstími kennarans til viðbótar beinni kennslu.

67. gr.

Leyfisdagar í grunnskóla skulu, auk helgidaga þjóðkirkjunnar, vera sem hér segir: Jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar, páskaleyfi frá og með laugardegi fyrir páskadag til og með þriðjudegi næstum eftir páska, sumardagurinn fyrsti, fyrsti maí og laugardagur fyrir hvítasunnu.

68. gr.

Eftir að frá hafa verið taldir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 8. gr. og 9. gr., skal meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers aldursflokks í grunnskóla ekki fara yfir 30 og nemendafjöldi í bekkjardeild að jafnaði ekki yfir 32. Heimilt er þó, þegar kennarar í aldursflokki eða námsgrein vinna saman í gengi, að leysa að nokkru upp bekkja- og deildaskipan og kenna nemendum saman í ýmist smærri eða stærri hópum, enda hafi það ekki áhrif til breytinga á heildarkennslumagni.

69. gr.

Í fámennum skólum, þar sem nemendur 1.—6. bekkjar eru á mismunandi aldri saman í deild, skulu að jafnaði ekki vera fleiri en 4 aldursflokkar saman í bekkjardeild. Hámarksfjöldi nemenda í bekkjardeild skal vera þessi, sbr. þó 70. gr.:

a) 16, ef aldursflokkar eru 4,
b) 20, ef aldursflokkar eru 3,
c) 24, ef aldursflokkar eru 2.

Fræðslustjóri getur samþykkt frávik frá reglunum um deildaskipun og nemendatölu.

70. gr.

Skólastjóri leggur í byrjun hvers almanaksárs fyrir fræðslustjóra áætlun um fjölda nemenda og bekkjardeilda næsta skólaár. Fræðslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, hækkað nemendafjölda þann, er um getur í 69. gr., um allt að 4 nemendur í bekkjardeild, gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skipti-

tímum. Slíkar ákvarðanir skulu ekki auka kennslumagn umfram það, sem ákveðið er í skólakostnaðarlögum, en ella vera háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

71. gr.

Í 7. til 9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem skólann sækja.

72. gr.

Til þess að 7. til 9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 15.

73. gr.

Fullnoti grunnskóli ekki hámark reiknaðra stunda samkvæmt 30. gr., að fullnægðum fyrirmælum námsskrár, getur skólastjóri gert tillögur um, hvernig allt að 75% af mismuninum skuli varið til aukinnar kennslu, og lagt þær fyrir fræðslustjóra. Koma þær til framkvæmda að fengnu samþykki hans.

Í skólahverfi með tvo eða fleiri grunnskóla skal miða kennslumagn við heildartölu nemenda.

VII. KAFLI
Námsmat.

74. gr.

Megintilgangur námsmats er örvun og námshjálp. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast með því, hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi, sem skólinn setur þeim, sbr. 63. gr. Skal jafnan nota þá matsaðferð, sem bezt á við markmiðið hverju sinni. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum, lögðum fyrir heila árganga, er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: í 1. og 2. bekk þrjá daga, í 3. bekk fjóra daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að tólf daga að meðaltali.

Meðan ekki hafa verið teknar upp í skólanum nýjar aðferðir við námsmat, svo sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, getur menntamálaráðuneytið veitt heimild til frávika frá þessum ákvæðum.

Óheimilt er að fella niður kennslu vegna prófa umfram það, sem hér segir.

75. gr.

Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Enn fremur skal hann fá skírteini, er veiti þá vitneskju um námsferil hans, er framhaldsskólum, vinnuveitendum og nemandanum sjálfum og forráðamönnum hans er nauðsyn á, þar á meðal um námsbraut hans í 8. og 9. bekk og námsárangur hans í einstökum greinum (dóm kennara og úrslit prófa, þ. á m., ef svo ber undir, samræmdra lokaprófa).

76. gr.

Í 1.—8. bekk grunnskólans skulu kennarar gefa umsögn og/eða einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga, er gefi til kynna námsárangur, vinnubrögð og framfarir nemandans og viðhorf hans til viðfangsefna skólans. Upplýsingar þessar skulu færðar í spjaldskrá skólans og prófskýrslur og veittar nemendum og foreldrum.

77. gr.

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans. Þó getur menntamálaráðuneytið ákveðið aðra tilhögun, svo sem við samræmd lokapróf í einstökum greinum.

78. gr.

Menntamálaráðuneytið skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf í einstökum greinum og stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði, svo fljótt sem við verður komið. Það skal og veita sérfræðilegar leiðbeiningar um, hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

79. gr.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats skal setja í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um, hvernig fylgzt verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri, sem eigi sækja almennan grunnskóla.

VIII. KAFLI

Um skólarannsóknir o. fl.

80. gr.

Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, er hefur með höndum m. a. gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, gerð staðlaðra prófa, endurskoðun námsskrár, undirbúning í samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka að útgáfu nýrra kennslubóka í þeim námsgreinum, sem deildin hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningastarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við Kennaraskóla Íslands.

81. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn fimm manna samstarfsnefnd um uppeldis- og skólarannsóknir, er nefnist uppeldisrannsóknanefnd. Í henni eiga sæti sérfróðir fulltrúar, tilnefndir af Háskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytinu, auk formanns, sem skipaður skal án tilnefningar.

82. gr.

Til rannsóknarverkefna á sviði skóla- og uppeldismála skal varið árlega úr ríkissjóði a. m. k. 1% af heildarútgjöldum ríkissjóðs á fjárlögum til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla og framhaldsskóla. Skulu a. m. k. ⅔ þessa fjár renna til skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, en allt að ⅓ getur ráðuneytið ráðstafað í samræmi við ákvæði 83. gr.

83. gr.

Uppeldisrannsóknanefnd skal vinna að eflingu rannsókna- og tilraunastarfsemi á sviði skóla- og uppeldismála í landinu með því að:

a) samhæfa verkefni þeirra aðila, er að slíkum málum vinna, og leitast við að koma í veg fyrir, að tvíverknaður eigi sér stað, og
b) gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um úthlutun fjár til slíkrar starfsemi, sbr. 82. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf uppeldisrannsóknanefndar, svo og um þau skilyrði, sem fullnægja þarf til þess að hljóta áðurnefnda fjárhagsaðstoð. Val rannsóknarverkefna skal miðast við þarfir íslenzkra skólamála.

84. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla með undanþágu frá ákvæðum fræðslulaga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o. s. frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bág við 1. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því, sem þar er gert ráð fyrir.

Ef kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því, sem greiða á til hans skv. skóla-

kostnaðarlögum, skiptist það, sem umfram er, að hálfu milli ríkisins og viðkomandi aðila, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega kostnaðaráætlun fyrirfram.

85. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn sjö manna ráð, er nefnist grunnskólaráð. Forstöðumaður skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins er formaður grunnskólaráðs, en með honum skulu eiga sæti í því fulltrúar frá þessum aðilum: Kennaraskóla Íslands, Háskóla Íslands, Ríkisútgáfu námsbóka, tveir fulltrúar frá samtökum kennara á grunnskólastigi — annar með sérþekkingu á kennslu í 1.—6. bekk, hinn með sérþekkingu á kennslu í 7.—9. bekk og einn fulltrúi fyrir framhaldsskólastigið.

Grunnskólaráð er ráðgefandi í kennslufræðilegum málefnum grunnskólans og skilar tillögum sínum til menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf og kveður á um starfstilhögun þess og starfssvið.

IX. KAFLI
Einkaskólar.

86. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 4. gr., eða forskóla, sbr. 93. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá, er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu samkvæmt 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá, jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

87. gr.

Kennsla óskólaskyldra barna umfram það, sem segir í 93. gr., er háð leyfi fræðslustjóra. Nánari ákvæði má setja í reglugerð.

X. KAFLI
Réttindi og skyldur nemenda, kennara og annars starfsliðs grunnskóla.

88. gr.

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 8., 9. og 86. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður 7 ára. Skólaganga má þó hefjast fyrr á almanaksárinu, ef skólahverfi heldur vorskóla. Sæki foreldrar eða forráðamaður um eða samþykki, að barn, sem náð hefur sex ára aldri fyrir 1. júlí, hefji nám á því ári, eða að barn, sem ekki verður sjö ára fyrr en eftir 1. júlí, fresti námi um eitt ár, getur skólastjóri, að fengnum meðmælum sálfræðiþjónustu skólans, haft þann hátt á. Nú sækja foreldrar eða forráðamaður um, að barn, sem nær sex ára aldri á síðari hluta almanaksársins, fái að hefja skólagöngu í grunnskóla. Getur þá skólastjóri heimilað þetta, ef sálfræðiþjónusta skólans og skólalæknir mæla með því hvor um sig.

89. gr.

Eigi má nemandi á starfstíma skólans stunda vinnu utan skólans, er að dómi skólastjóra og skólalæknis veldur því, að hann getur ekki rækt nám sitt sem skyldi

eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Skal skólastjóri í þeim tilvikum tilkynna það til forráðamanns nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda, en verði ekki bót á ráðin vísa málinu til meðferðar barnaverndarnefndar.

90. gr.

Kennarar og starfsfólk skóla skulu í öllum samskiptum við nemendur stuðla að því, að skólavistin verði þeim ánægjuleg og að þeir geti í námi og starfi fengið heilbrigðan vettvang fyrir athafnaþrá sína og starfsgleði. Nemendum ber að hlýða kennurum og starfsfólki skóla í öllu því, er skólann varðar, fara eftir skólareglum og temja sér prúðmannlega framkomu.

91. gr.

Verði nemanda eitthvað það á, sem ástæða þykir til að vanda um við hann fyrir, ber kennara að benda honum á, í hverju framkomu hans hafi verið áfátt. Alvarlegar umvandanir skulu ekki gerðar í áheyrn bekkjardeildarinnar, ef búast má við, að málið sé nemandanum viðkvæmt. Láti nemandi sér ekki segjast, ber kennara að ræða við hann í einrúmi og reyna að komast að orsökunum að vandkvæðum hans. Kennari ræðir þá einnig við foreldra nemandans, þyki honum ástæða til, eða við foreldra og nemandann sameiginlega.

Heimilt er kennara, ef nemandi brýtur verulega af sér, að vísa honum úr kennslustund, en tilkynna skal skólastjóra strax um þessa ákvörðun. Skólastjóri getur, sé um vítaverða hegðun nemandans að ræða, sent hann heim, það sem eftir er dagsins, enda hafi hann áður látið foreldra eða forráðamenn vita, hvers vegna nemandinn er sendur heim, og fengið vissu fyrir, að hann eigi þar athvarf.

Við endurtekin hegðunar- eða agabrot skal kennari vísa málinu til skólastjóra, sem ber skylda til í samráði við foreldra og bekkjarkennara að leita orsaka að framferði nemandans. Ef skólastjóra þykir ástæða til, getur hann leitað álits sálfræðiþjónustu skólans. Skólastjóri skal að þessu loknu leitast við að hjálpa nemandanum með þeim aðgerðum, sem honum finnst beztan árangur muni bera. Skólastjóra er þá rétt að aðvara nemandann um frekari aðgerðir, ef hann bætir ekki ráð sitt, og skal forráðamönnum nemanda tilkynnt það.

Haldi nemandi samt sem áður áfram endurteknum og alvarlegum hegðunar- og agabrotum, getur skólastjóri vikið honum úr skóla allt að þremur dögum eða lengur, ef nauðsynlegt er vegna athugunar á nemandanum. Skal skólastjóri þá áður eða eigi síðar en samtímis og brottvísunin á sér stað tilkynna foreldrum eða forráðamanni og fræðslustjóra um hana. Fræðslustjóri lætur, eftir því sem ástæða er til og við á, sálfræði-, félagsráðgjafa- og læknisþjónustu skólans kanna aðstæður nemandans og leita að orsökum fyrir athæfi hans. Virðist heimilið eiga sök á vandkvæðum nemanda, skal það tilkynnt barnaverndarnefnd.

Náist ekki árangur með framangreindum aðgerðum, eða hegðun nemanda er talin hafa spillandi áhrif á aðra nemendur, getur skólastjóri gert rökstudda tillögu til skólanefndar um, að nemandanum verði vikið úr skólanum. Slíkri tillögu skal fylgja umsögn sálfræðings og annarra sérfræðinga, sem kunna að hafa fjallað um mál nemandans.

Skólanefnd getur þá vikið nemandanum úr skóla um stundarsakir, enda sé málið rætt við foreldra og nemandinn undir eftirliti og athugun meðan brottvísunin stendur. Leiði sú athugun í ljós, að nemandinn eigi ekki samleið með venjulegum nemendum, sbr. 9. gr., b-lið, skal hann fluttur í viðeigandi skóla eða stofnun, sbr. 6. gr.

Telji skólanefnd þörf á að vísa nemanda að fullu og öllu úr grunnskóla, eða stofnun á vegum hans, sbr. 10. gr., ber að tilkynna það barnaverndarnefnd, enda er þá nemandinn að öllu leyti í hennar umsjá.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um aga í grunnskóla og hvernig með agabrot skuli farið.

92. gr.

Telji skólastjóri, að kennari — eða kennari, að skólastjóri — hafi gerzt brotlegur við ákvæði þessara laga og/eða fyrirmæli skv. þeim, skal hann leggja málið fyrir skólanefnd, sem sendir það menntamálaráðuneyti og fræðslustjóra, ásamt greinargerðum málsaðila. Berist skólanefnd hliðstæð kæra á skólastjóra eða kennara frá forráðamanni nemanda, skal sama málsmeðferð viðhöfð.

Óski menntamálaráðuneytið umsagnar fræðslustjóra, skal hann skila umsögn sinni til ráðuneytisins svo fljótt sem kostur er á.

Menntamálaráðuneytið fellir endanlegan úrskurð í málinu, en skjóta má honum til dómstóla.

Ef nauðsyn krefur, getur skólastjóri með samþykki skólanefndar vikið kennara úr starfi um stundarsakir. Skólanefnd getur einnig, ef knýjandi ástæður eru fyrir hendi, gert tillögu til menntamálaráðuneytisins um að víkja skólastjóra úr starti um stundarsakir. Í slíkum tilvikum heldur skólastjóri eða kennari fullum launum, unz endanlegur úrskurður menntamálaráðuneytisins liggur fyrir, eða undirréttardómur, sé málið rekið fyrir dómstólum.

XI. KAFLI
Forskóli.

93. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Við forskólann skulu starfa kennarar, sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er sömu aðilum að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun, sem henta þykir. Slíkir aðstoðarmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar, og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða kjaradómi.

Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði, sem fyrir hendi er.

XII. KAFLI
Bókasöfn.

94. gr.

Bókasafn og lesstofa fyrir nemendur og kennara skal vera við grunnskóla. Menntamálaráðuneytið gefur út reglugerð um skólabókasöfn, þar sem kveðið er á um lágmarksstofn bóka, stærð bókasafns miðað við nemendafjölda, starfslið og notkun.

Stofnkostnaður vegna húsnæðis og bóka greiðist eftir sömu reglum og gilda samkv. skólakostnaðarlögum um skólabyggingar og kennslutæki. Þátttaka ríkisins í launakostnaði fer eftir 30. gr. þessara laga, en um annan rekstrarkostnað fer eftir lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

XIII. KAFLI
Heilsuvernd.

95. gr.

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 41/1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214/1958. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum

fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs, í samráði við skólastjóra setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólanum.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.

XIV. KAFLI

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta.

96. gr.

Komið skal á ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla.

Sálfræðideild skal vera við hverja fræðsluskrifstofu landsins.

Ef menntamálaráðuneytinu þykir betur henta, geta tvö eða fleiri fræðsluumdæmi sameinazt um þessa þjónustu.

Fræðslustjóri gerir, með samþykki fræðsluráðs, tillögur til ráðuneytisins um að ráða í þessu skyni einn sálfræðing og honum til aðstoðar félagsráðgjafa í hálfu starfi og sérfróðan kennara í hálfu starfi fyrir hverja 2500 nemendur í 1.—6. bekk, en í 7.—9. bekk einn sálfræðing fyrir hverja 2500 nemendur og einn skólaráðgjafa fyrir hverja 500 nemendur. Skólaráðgjafar skulu vera sálfræðingar eða kennarar með viðurkennda framhaldsmenntun og starfsreynslu, sbr. 102. gr.

Heimilt er og að ráða ráðgefandi lækni við sálfræðideild.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum.

97. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er:

a) Að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi.
b) Að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi.
c) Að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. b-lið).
d) Að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra.
e) Að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga.

98. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta lýtur stjórn viðkomandi fræðslustjóra á sama hátt og skólar. Skólaráðgjafar eru starfsmenn sálfræðideildar, en hafa aðsetur í skólunum. Forstöðumaður sálfræðideildar hefur sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólastjóri, sbr. 24. gr. Enn fremur á hann rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum og/eða kennurum. Sálfræðideild skipuleggur starf skólaráðgjafa.

99. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

Ráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun, t. d. sálfræðideild, með samkomulagi við þá aðila, sem að henni standa, að annast fræðilega leiðbeiningastarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðiþjónustu í landinu.

100. gr.

Menntamálaráðuneytið skal fela sérfróðum starfsmanni að safna upplýsingum um námsbrautir, atvinnulíf og annað, er starfsfræðsla þarfnast, og annast útgáfu handbóka og hjálpargagna fyrir kennara og ráðgjafa.

101. gr.

Skólasálfræðingar skulu hafa lokið háskólanámi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði, sem viðurkennt er af menntamálaráðuneytinu að fenginni umsögn Sálfræðingafélags Íslands. Forstöðumenn deilda skulu hafa a. m. k. fimm ára starfsreynslu að loknu almennu námi og vera færir um að leiðbeina byrjendum í starfi.

Nú getur fræðslustjóri ekki mælt með sálfræðingi, er hefur tilskilda menntun og starfsreynslu til að veita sálfræðideild forstöðu. Skal þá menntamálaráðuneytið, meðan svo stendur, sjá fyrir sálfræðiþjónustu í því fræðsluumdæmi með því að fela hana sálfræðideild, er ráðuneytið viðurkennir, enda náist um það samkomulag milli hlutaðeigandi aðila. Að öðrum kosti getur menntamálaráðuneytið leyst málið í samræmi við ákvæði 96. gr.

102. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þessum málum vinna.

Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf.

103. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í samræmi við ákvæði 12. gr.

Jafnframt falla úr gildi:

Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Lög nr. 5 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, 5. gr., að því er tekur til ákvæða um námsstjórn í lögum um fræðslu barna og um gagnfræðanám.

Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Lög nr. 123 22. des. 1947, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 21 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Hinn 4. júlí 1969 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd „til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu (nr. 22/1946), lög um fræðslu barna (nr. 34/1946) og lög um gagnfræðanám (nr. 48/1946) á grundvelli athugunar, sem farið hefur fram í menntamálaráðuneytinu.“ Formaður var skipaður Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri. Aðrir nefndarmenn voru: Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri og Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóri. Í september 1969 fór Andri Ísaksson utan til framhaldsnáms, og tók þá Jóhann S. Hannesson, skólameistari, sæti hans í nefndinni og hefur starfað þar áfram einnig eftir að Andri hóf störf í nefndinni á ný eftir heimkomu sína í júlí 1970. Í nóvember 1969 gerðist Þuríður J. Kristjánsdóttir, M.A., ritari nefndarinnar. Þá hefur Indriði Þorláksson, hagfræðingur, starfsmaður í menntamálaráðuneytinu, setið fundi nefndarinnar frá því í maí 1970 og unnið að útreikningum og upplýsingasöfnun.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn hinn 11. júlí 1969.

Ekki er öld liðin síðan fyrst voru sett í lög á Íslandi ákvæði um kennslu barna. Árið 1880 voru sett lög um „uppfræðing barna í skrift og reikningi,“ en þá var og

í gildi konungsbréf frá 1790 um lestur barna og fræðslu þeirra, þar sem svo var kveðið á, að hvert barn skyldi hefja lestrarnám fyrir 5 ára aldur og varðaði sektum að láta það dragast til 7 ára aldurs. Konungsbréfið aldargamla og lögin frá 1880 giltu til ársins 1907, en þá voru samþykkt á Alþingi hin fyrstu fræðslulög og skólaskyldu komið á. Fræðslulögin hafa síðan verið endurskoðuð þrisvar sinnum, þ. e. árin 1926, 1936 og 1946. Gildandi fræðslulög eru því næstum aldarfjórðungs gömul. Með þeim var hið merka spor stigið að samræma skólakerfið þannig, að lokapróf hvers stigs þess væri jafnframt inntökupróf á næsta stig fyrir ofan. Sú er og stefna meðfylgjandi lagafrumvarps, en það víkur í nokkrum meginatriðum frá lögunum frá 1946, og skal nú gerð grein fyrir helztu frávikum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 9 ára skólaskyldu í stað 8 áður, og lýkur skólaskyldu samkvæmt því á því ári, sem nemandinn verður 16 ára. Á skyldunámsstigi flytjast nemendur viðstöðulaust milli bekkja, prófstigin tvö, barna- og unglingapróf, falla niður sem slík. Þetta þarf auðvitað ekki að tákna, að alltaf séu allir 9 árgangarnir saman í húsi eða stofnun, og eru raunar ákvæði í frumvarpinu, sem heimila ýmiss konar skiptingu eftir aðstæðum. Þar sem skólahverfi eru fámenn, gæti t. d. verið nauðsynlegt að sameinast um kennslu elztu bekkjanna, svo að fjölbreytni í námi verði nær því, sem kostur er á í stórum skólum, og nýting kennslukrafta og -tækja verði betri en ella.

Í frumvarpinu er hinn samfelldi 9 ára skyldunámsskóli kallaður grunnskóli og frumvarpið samkvæmt því kallað frumvarp til laga um grunnskóla. Nefndarmenn voru ekki alls kostar ánægðir með orðið grunnskóli, en hafa vanizt því og telja það vel nothæft. Við fyrstu sýn ber það svip tökuorðs úr Norðurlandamálum og þýzku (grunnskole, grundschule), og hefur það m. a. verið fundið því til foráttu. Á hitt má þó benda, að rótin grunn er engu síður íslenzk og notuð í mörgum orðum, svo sem grunnkaup, húsgrunnur o. s. frv. Nokkur önnur heiti komu til greina, svo sem þjóðskóli og lýðskóli, en þóttu ekki nothæf, m. a. vegna hefðbundinnar notkunar. Hefðbundin notkun kemur og í veg fyrir, að unnt sé að nota hið ágæta orð gagnfræðaskóli yfir 9 ára skólann. Leitað var til ritstjóra orðabókar háskólans, sem taldi orðið grunnskóli vel nothæft.

Það virðist allmikið stökk að lengja skólaskyldu úr 8 árum í 9. Í rauninni er þetta þó aðeins staðfesting á því, sem nú er, en alls staðar þar sem heimanganga er í þriðju bekki gagnfræðaskólanna eru þeir mjög almennt sóttir og allt að 100% sums staðar, þótt eigi tilheyri sá bekkur skyldunámi. Unglingar, sem ekki geta gengið að heiman í 3. bekk, eru nú mun verr settir en hinir. Er þarna um verulegt misrétti að ræða í menntunaraðstöðu eftir búsetu og gætir vaxandi óánægju hjá íbúum dreifbýlisins vegna þess. Nú tekur ríkissjóður þátt í heimavistarkostnaði nemenda á skyldunámsstigi. Er gert ráð fyrir að svo verði áfram, þótt skólaskylda lengist um eitt ár, og er því lenging skólaskyldu verulegt fjárhagsatriði fyrir þá, sem í dreifbýli búa.

Skólaárið 1966—1967 voru 3729 nemendur í 2. bekk unglinga- og gagnfræðaskóla. Samkv. nemendaskrá Hagstofu Íslands fóru 673 þeirra, eða 18%, út úr skólakerfinu, þ. e. komu ekki fram árið eftir í skólum á gagnfræðastigi né í verzlunarskóla. Þegar litið er þannig á landið í heild, héldu því 82% áfram námi. Þetta hlutfall er þó mun hærra í Reykjavík og á öðrum þéttbýlum svæðum, en allmikið lægra utan þeirra.

Þá er þess að geta, að víða í sveitum er skólaskylda enn stytt með þeim hætti, að börn hefja ekki skólanám fyrr en 8, 9 eða jafnvel 10 ára gömul. Þótt frumvarpið geri ekki ráð fyrir slíkum frávikum, nema um takmarkað árabil, þá er og verður enn um sinn um verulega styttingu námstíma að ræða hjá nokkrum hluta barna og einmitt þeim, sem sízt halda áfram að loknu skyldunámi eða hverfa jafnvel frá námi 14 ára gömul. Þessir unglingar standa nú mjög illa að vígi, er þeir leita sér atvinnu utan heimahaganna eða hyggja á framhaldsnám síðar, og væri mikil réttarbót, ef þeim væri tryggt nám til 16 ára aldurs.

Auk lengingar skólaskyldu um eitt ár gerir frumvarpið ráð fyrir allmikilli árlegri lengingu flest árin frá því, sem nú er, ýmist sem fjölgun vikulegra stunda, eink-

um í yngstu bekkjunum, eða sem fjölgun kennsluvikna í elztu bekkjunum. Þá er og gert ráð fyrir betri nýtingu skólaársins til kennslu en nú er. Af öllu þessu leiðir, að það kennslumagn, sem hver nemandi fær samkvæmt frumvarpinu á 9 árum, er að heita má hið sama, og þó örlítið meira, og hann fær á 10 árum eftir núverandi skipan. Grunnskólinn ætti því að skila nemendum allmiklu betur búnum undir framhaldsnám en þeim, sem nú koma á sama aldri úr landsprófi miðskóla. Það er því ekki ólíklegt, að menntaskólunum dygðu 3 ár til að búa þá undir nám á háskólastigi, a. m. k. ef þeir bættu mánuði við árlegan starfstíma sinn. Þá væri stúdentspróf almennt tekið ári fyrr en nú, eða það ár er menn verða 19 ára, eins og nú er í öðrum Norðurlandaríkjum. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að duglegir nemendur geti lokið grunnskólanámi á skemmri tíma en 9 árum og næmi þá flýting til stúdentsprófs tveimur árum — og hugsanlega þremur. Auk þess sparnaðar, sem þetta er fyrir hvern einstakling, þótt starfstími skóla lengist um einn mánuð, þá fær þjóðfélagið þetta fólk að jafnaði ári fyrr til starfa og nýting skólahúsnæðis verður mun betri. Nú standa skólahús landsins ónotuð til kennslustarfa 3—5 mánuði ársins og væri ekki lítil hagræðing að árleg nýting batnaði, en það húsrými, sem 4. bekkir gagnfræða- og menntaskóla taka, losnaði til annars. Á sama hátt mundi sérmenntað kennaralið framhaldsskólastigsins nýtast betur, og virðist ekki af veita, þar sem alltaf er skortur á kennurum með full kennsluréttindi. Er raunar vafasamt að við höfum efni á að nýta skólahúsin og sérmenntun kennara jafnilla og nú.

Ekki er hægt að búast við því, að grunnskólinn skili öllum þeim, sem nú ljúka gagnfræðaprófi, jafnvel að sér eftir 9 ár og þeir eru nú eftir 10, þótt þeir hafi fengið jafnmikla eða meiri kennslu. Margir þessara nemenda taka heldur seint út þroska og sýna oft í 4. bekk gagnfræðaskólanna betri tök á námi en áður. Hins vegar ætti nám í grunnskóla, sem yrði samfelldara og betur skipulagt en nú tíðkast, að vega á móti þeim aldursþroskamun, sem að ofan getur.

Ekki er hægt að semja svo lög fyrir skyldunámsskólann, að ekki sé jafnframt haft í huga hvað við tekur, þegar skyldunámi lýkur. Á síðustu árum hafa hugmyndir almennings um gildi og þörf menntunar mjög breytzt, enda mikið verið um þau mál rætt og ritað og æ fleiri leiðir lokazt þeim, sem ekki hafa meiri eða minni framhaldsmenntun eftir unglingapróf. Gagnfræðaprófið, sem fram til og fram yfir 1960 var talið lokapróf af öllum þorra þeirra, er tóku það, er nú af sífellt fleiri aðeins talið áfangi á lengri námsleið, leið sem oft gengur erfiðlega að finna. Verður því að gera ráð fyrir, að flestir unglingar haldi áfram námi að loknu skyldunámi, og þarf skólakerfið — og þjóðfélagið — að vera við því búið. Næsta skólastig fyrir ofan skyldunámsstigið er í frumvarpinu kallað framhaldsskólastig, og er hugmynd nefndarinnar sú, að þar verði um þrjár meginnámsleiðir að ræða, en margar námsbrautir á hverri.

Þessar námsleiðir eru: a) Tveggja ára nám, sem væri aðfaranám ýmiss konar sérnáms eða undirbúningur undir störf, b) þriggja til fjögurra ára nám til undirbúnings námi á háskólastigi eða störfum og c) nám í ýmsum sérskólum, sem ýmist krefjast ekki þess aðfaranáms, sem um getur í a-lið, eða taka við nemendum að loknu slíku námi. Gætu námsleiðir a og b auðveldlega sameinazt í einni stofnun.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins:

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þessu lík grein var í fyrsta sinn sett í fræðslulögin 1946. Þar með var í lögum vakin athygli á því, „að starf skólanna sé ekki bundið við fræðsluna eina," eins og orðrétt stendur í greinargerðinni frá 1946. Með tilliti til framvindunnar í heiminum síðustu áratugina er einnig vakin athygli á því, að nútímasamfélag er í sífelldri þróun. Sú þróun gerir það að verkum, að ekki er lengur hægt að búa sig undir ævi-

starf í eitt skipti fyrir öll. Því er álit margra skólamanna nú á tímum, að það eigi að hætta að líta á menntun fyrst og fremst sem þekkingarlegan afrakstur skólavistar („product") heldur miklu fremur sem þróunarferil mannlegra samskipta í námi og starfi („process"). Þessi grein frumvarpsins speglar að nokkru þessi viðhorf. Þróunin mun sífellt verða örari, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það er hlutverk skólanna að gera nemendur sína sem hæfasta þegna í þróunarsamfélagi, færa um að fylgja framvindunni og móta hana án þess að missa fótfestu. Tengsl við fortíð, raunsætt mat á nútíð, jákvætt og óttalaust viðhorf við framtíð og heilbrigði til líkama og sálar er því það, sem skólanum ber öðru fremur að leitast við að veita nemendum sínum, auk þeirrar grunnmenntunar, sem gerir þá færa um að tileinka sér frekara nám og leysa af hendi margvísleg störf.

Í þessari fyrstu grein laganna er og lögð áherzla á, að menntun sé réttur einstaklingsins. Að því ber að stefna, að allir geti notfært þér þennan rétt, en skólinn verður að laga sig eftir þörfum ólíkra einstaklinga og reyna að koma öllum til nokkurs þroska.

Um 2. gr.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að skólaskylda verði lengd um eitt ár og nái til 16 ára aldurs í stað 15 nú. Fyrir þessu atriði er gerð grein í sambandi við „frumvarp til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu", sem nefndin hefur einnig samið, en á það skal aðeins bent aftur hér, að fyrir þéttbýli er þarna í rauninni ekki um verulega breytingu að ræða frá því, sem nú er, en fyrir dreifbýli er þetta hins vegar mikil réttarbót, þar sem ríkissjóður tekur þátt í heimavistarkostnaði barna á skólaskyldualdri, og mun því gera það ári lengur en áður, ef 9 ára skólaskylda kemst á.

Á það er litið alvarlegum augum, ef höfð eru af börnum og ungmennum réttindi þeirra til menntunar. Því er yfirvöldum gert að skyldu að sjá fyrir skólum og forráðamenn og nemendur sjálfir gerðir ábyrgir fyrir skólasókn. Þó er talið, að nauðsynlegt geti reynzt að veita sveitarfélögum takmarkaðar undanþágur fyrst í stað, en fráleitt að heimila foreldrum að svipta börn sín rétti til skólagöngu.

Hér er gert ráð fyrir, að nemendur geti lokið grunnskólanámi á mislöngum tíma, þó verði enginn nemandi, sem stundar nám í almennum grunnskóla, skólaskyldur lengur en 9 ár. Í fyrri lögum hafa verið ákvæði, sem tóku tillit til sérstöðu þeirra nemenda, sem svo slakar námsgáfur hafa, að þeir fylgjast ekki með venjulegu skólanámi, en hitt hefur síður verið athugað, að frávik frá meðallaginu eru jafnmikil í hina áttina.

Frumvarpið gerir í meginatriðum ráð fyrir, að aldursárgangar og bekkir standist á, svo sem verið hefur. Með því fyrirkomulagi eru ýmis stjórnunaratriði gerð auðveld, svo sem inntaka nemenda í 1. bekk, en innan hvers árgangs er þroski nemenda mjög misjafn, og þeim mun misjafnari sem þeir eru eldri. Er skólum því óneitanlega mikill vandi á höndum, og oft er í rauninni lítill kostur annars en að miða kennslu við meðalnemandann. Til dæmis um mun á greindarþroska nemenda á sama aldri er eftirfarandi tafla. Einnig sýnir hún, hve munurinn eykst eftir því, sem aldur hækkar.

Greindaraldur (ár)	Lífaldur (ár)										
	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
22											
21											
20											1
19										1	2
18										1	4
17									1	4	8
16								1	3	7	12
15								2	7	13	15
14							2	6	12	16	16
13						1	5	12	17	17	15
12					1	4	12	18	19	16	12
11					3	11	19	21	17	13	8
10				2	11	21	23	18	12	7	4
9			1	9	22	25	19	12	7	4	2
8			7	23	28	21	12	6	3	1	1
7		5	24	31	22	11	5	2	1	1	
6	2	24	36	23	11	4	2	1			
5	23	41	24	9	3	1					
4	50	24	7	2	1						
3	23	5	1								
2	2										
Samtals	100	99	100	99	102	99	99	99	99	101	100

(P. M. Symonds: „Case Study and Testing Methods“, í Ernest Harms (ritstjóri): Handbook of Child Guidance, New York, Child Care Publications, 1947, bls. 311).

Tafla þessi, sem miðuð er við „normal“ dreifingu greindar, sýnir t. d. að 14 ára unglingar dreifast á 13 greindarár, eða hafa m. ö. o. frá 8—20 ára greindaraldur, og að börn með 9 ára greindaraldur finnast í 9 af þeim 11 aldursárgöngum, sem taflan nær yfir.

Hið æskilegasta væri, að hverjum og einum væri sköpuð aðstaða til að fara með sínum hraða gegnum skólann. Þótt því marki verði varla náð og ekki með núverandi bekkja- og deildaskipan, þá gerir frv. ráð fyrir, að mjög duglegum nemendum sé leyft að fara á styttri tíma gegnum skólann en öllum þorranum. Væri þá aðallega um annað tveggja að ræða: flýtingu í upphafi skólanáms, t. d. eftir forskóla, eða breytt fyrirkomulag á síðustu árunum, þar sem nemendur væru frekar bundnir af námsefni en deildaskipan.

Hár greindaraldur í hlutfalli við lífaldur er þó ekki einn saman nægilegur til að skynsamlegt sé að nemendur fari hraðar gegnum skóla. Þar kemur t. d. einnig til greina félags- og tilfinningaþroski, og þykir því ekki rétt að heimila flýtingu umfram eitt ár nema til komi rækileg athugun og samdóma álit aðila, sem hlut eiga að máli.

Um 3. gr.

Sjá grg. með 2. gr.

Um 4. gr.

Í frumvarpinu er jafnan talað um grunnskólann sem ein stofnun væri. Með því er lögð áherzla á, að þetta er samfelldur skóli öll 9 árin, en hins vegar er, eins og 4. gr. ber með sér, ekki gert ráð fyrir að hver skólastofnun þurfi að hafa alla 9 bekkina, þótt svo verði vitaskuld stundum. Hugsanlegt er að skipta á ýmsa vegu, en aldrei ætti einn bekkur að vera sér í skóla. Þar með er líka komið í veg fyrir að skipti verði milli 8. og 9. bekkjar, sem væri mjög óheppilegt. Hugsanlegar skiptingar eru t. d.:

1.—6. bekkur,	7.—9. bekkur,	
1.—7. —	8.—9. —	
1.—3. —	4.—9. —	
1.—3. —	4.—6. —	7.—9. bekkur

Í dreifbýli verður sennilega víða hagkvæmt að fleiri sveitarfélög sameinist um rekstur skóla fyrir 7.—9. bekk en 1.—6. bekk. Greining náms eykst í efstu bekkjunum og mjög litlir skólar geta ekki veitt nemendum sínum nægilega fjölbreytni í námi, miðað við stærri skóla, og auka þannig misrétti byggðarlaganna að því er menntunaraðstöðu varðar. Eftir því sem skóli á rétt á fleiri kennurum, er líklegra að þeir geti haft sérmenntaða kennara í einstökum greinum og nýting kennslukrafta almennt, kennslutækja og sérkennslustofa batnar. Sérkennslustofum, t. d. í eðlisfræði, verður raunar naumast komið upp við litla skóla.

Á hinn bóginn er eðlilegt að foreldrar kveinki sér við að senda 7 ára börn langar leiðir í heimavistarskóla, enda naumast ráðlegt, nema þá a. m. k. að unnt sé jafnframt að sjá skólunum fyrir sérmenntuðu starfsliði til að taka að sér fóstur þeirra, en þrátt fyrir það er hér um mikið vandamál að ræða, bæði fyrir börnin og heimilin. Skólar fyrir yngstu börn, t. d. 1. og 2. bekk, með heimanakstri, væru því e. t. v. æskilegir þar sem langt er að fara í heimavistarskólann, en spurning hins vegar hvernig gengi að fá sérmenntaða kennara til að starfa við slíka skóla. Kennsla yngstu barnanna í sveitum landsins, m. ö. o. lestrarkennslan, er vandamál sem ekki er til einföld lausn á.

Um 5. gr.

Í þessari grein er viðurkennt, að það geti sums staðar tekið árabil að brúa bilið milli þess ástands, sem nú er í skólamálum, og þess, er koma skal skv. frumvarpinu. Hins vegar á greinin að tryggja það, að skólahverfi geti ekki skotið sér undan skyldum sínum um langan tíma. Megináherzla er á það lögð, að lögin komi sem allra fyrst til framkvæmdar alls staðar á landinu.

Um 6. gr.

Sjá grg. með 2. gr. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlunin að tryggja hverju barni landsins þau mannréttindi að njóta fræðslu í skóla í 9 ár og þessari lagagrein ætlað að tryggja þann rétt, þótt skammsýn sjónarmið forráðamanna kunni í einstökum tilvikum að vera önnur.

Um 7. gr.

Sjá grg. með 5. gr.

Um 8. gr.

Þessi grein er í samræmi við 1. gr. frv. og þá almennu stefnu, að stefnt verði að því, að hvert barn fái kennslu í samræmi við þroska sinn og hæfileika. Rétt þykir að benda á, að hér er einkum átt við börn, sem víkja frá meðallaginu á þann veg að vera seinfær.

Þær 10 stundir á mánuði á hvern nemanda, sem talað er um, eru hluti af reiknuðum stundum viðkomandi skóla sbr. 30. gr. Þessi viðmiðunartala var upphaflega lögð til af samstarfsnefnd kennara og sálfræðinga, sem í áttu sæti fulltrúar frá Sambandi íslenzkra barnakennara, Landssambandi framhaldsskólakennara og Sálfræðingafélagi Íslands. Undirnefnd sérfróðra aðila, sem fræðslulaganefnd fól tillögugerð um sálfræðiþjónustu og sérkennslu, tók tillögu samstarfsnefndarinnar upp óbreytta, og hið sama hefur fræðslulaganefnd einnig, að athuguðu máli, ákveðið að gera.

Í greininni segir, að sérkennslu skuli annast sérmenntaðir kennarar, þar sem því verði við komið. Í „Menntamálum", 2. hefti 1970, gerir Þorsteinn Sigurðsson, talkennari, grein fyrir ástandi sérkennslu hérlendis nú og fyrir þörfinni, ef öllum væri sinnt, sem gera má ráð fyrir að þurfi á sérhjálp að halda. Telur hann sérkennsluþörfina vera:

Heyrnardaufrakennarar	14
Blindra- og sjóndapurrakennarar	2
Kennarar greindarskertra og hreyfilamaðra	102
Kennarar barna með hegðunarvandkvæði	22
Talkennarar	21
Sérhæfðir lestrarkennarar (Les-„pedagogar“)	50
Samtals	211

Alls telur hann 21 sérmenntaðan kennara nú við þessa kennslu, og er munurinn því 190. Þess ber þó að geta, að um nokkra skörun afbrigða verður hér að ræða, og dregur það úr viðbótarþörfinni fyrir sérmenntaða kennara. Um 50 manns er nú í framhaldsdeild Kennaraskóla Íslands, og munu þeir að námi loknu væntanlega annast stuðnings- og sérkennslu seinfærra nemenda í almennum skólum.

Sú stefna er nú almennt ríkjandi í heiminum að hafa eins fá börn og framast er unnt á sérstofnunum, en hafa heldur sérbekki og stuðningskennslu fyrir þau í almennum skólum. Þó er ómótmælanleg þörf fyrir ýmsar sérstofnanir og tiltölulega meiri í strjálbyggðu landi en þéttbýlu, sjá grg. með 10. gr.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þótt þeirri stefnu sé fylgt að hafa eins mörg hinna svokölluðu afbrigðilegu barna og unnt er í almennum skólum, þá eru mörg börn, sem ekki geta stundað nám í almennum skóla, ýmist vegna tegundar afbrigðis eða fágætis þess í heimaskóla, sem hefði þá ekki sérmenntuðum kennara á að skipa. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum stofnunum, ýmist þannig að stofnun væri komið upp innan umdæmisins eða að tvö eða fleiri fræðsluumdæmi — stundum landið allt — sameinuðust um eina stofnun. Sem dæmi má nefna blindraskóla, sem yrði einn fyrir landið allt, og t. d. skóla fyrir vangefna, sem yrðu fleiri.

Ýmsar þessar stofnanir eru nú þegar til, svo sem heyrnleysingjaskóli og nokkrar stofnanir fyrir vangefna. Lögð er áherzla á, að því verði flýtt svo sem auðið er að koma upp stofnunum, sem á vantar til að fullnægja þörf. Því eru sett ákveðin tímamörk.

Samkvæmt áðurnefndri athugun og áætlun Þorsteins Sigurðssonar telur hann 5432 nemendur á skyldunámsstigi nú (7—15 ára) þurfa einhvers konar sérkennslu, en 2756 njóta hennar. Af þessum 5432 munu 834 þurfa að vera í sérskólum eða -stofnunum, þannig skipt eftir tegund afbrigðis:

Tafla 2.

	Stofnun	% af árgangi	Fjöldi nemenda	
I.	Heyrnleysingjaskóli	0.60	32	
II.	Blindraskóli	0.15	5	
III.	Skóli og þjálfunarstöð fyrir heilasködduð, lömuð og fötluð börn	1.00	53	(4—16 ára)
IV.	Fávitahæli	4.00	140	
V.	Vanvitaskólar	10.00	394	
VI.	Taugahæli + geðsjúkrahús	1.00	35	
VII.	Heimavistarskóli fyrir börn með aðlögunarerfiðleika	3.00	105	
VIII.	Talkennslustöð með heimavist	2.00	70	
	Samtals:		834	

Samkvæmt þessu þarf sérstofnanir fyrir 834 börn, og eru þá ekki meðtaldir langlegusjúklingar á sjúkrahúsum.

Eftirtaldir sérskólar og -stofnanir starfa nú:

Tafla 3.

	Stofnun	Fjöldi nem.	Þar af í heimavist	
I.	Heyrnleysingjaskólinn, Rvík	51	26	
II.	Blindraskólinn, Rvík	3		
III.	Skóli lamaðra og fatlaðra í Reykjadal	15	15	
IV.	Skólar fyrir börn með skerta greind:			
	Lyngás, Rvík	43		
	Skálatún, Mosfellssveit	51	51	
	Tjaldanes, Mosfellssveit	15	15	
	Sólheimar, Grímsnesi	47	47	
	Sólborg, Akureyri	32	32	
	Kópavogshæli, Kópavogi	75	75	(vistmenn alls 150)
	Höfðaskóli, Rvík	110		
V.	Skólar fyrir börn með aðlögunarerfiðleika o.fl.			
	Breiðavík, Barðastr.sýslu	12	12	
	Jaðar, Reykjavík,	26	26	
	Hlaðgerðarkot, Mosfellssveit	16	16	
	Samtals:	496	315	

Samtals starfa því nú 13 sérstofnanir með 496 nemendum eða vistmönnum. Samkvæmt þessu ætti að þurfa í viðbót skóla og stofnanir fyrir 834 — 496 = 338 börn og unglinga. Það er þó sennilega of lág tala. Bæði er, að áætlunin nær til núverandi skólaskyldu, 8 ára, og má því ætla að hún sé um 100 of lág, miðað við 9 ára skóla, og eins hitt, að sumir þeir, sem nú eru taldir í töflu 3, eru eldri en 16 ára, þótt ekki séu þeir margir.

Eðlilegast þykir að hlutur sveitarfélaga í rekstri þessara skóla verði greiddur í hlutfalli við nemendafjölda úr viðkomandi sveitarfélagi, og er einfaldast að hann greiðist sem daggjöld.

Mörgum afbrigðilegum nemendum er nauðsynlegt að njóta fræðslu lengur en öðrum. Má þar nefna hve mikið og erfitt verk það er fyrir heyrnarlaus börn að ná valdi á máli, svo ekki er hægt að gera ráð fyrir að þau ljúki skyldunámi á sama aldri og heilbrigð börn. Þykir því rétt að þau njóti þeim mun lengur þeirra hlunninda, sem fylgja skólaskyldunni.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt er að frumvarp þetta, ef að lögum verður, komi sem fyrst til framkvæmda alls staðar á landinu. Sá frestur, sem hér er settur, er nauðsynlegur vegna ýmissa staða í dreifbýlinu og einnig vegna þess, að nauðsynlegt er að endurskoða alla námsskrá skylduskólans, þar sem meginbreyting frá gildandi lögum er ekki hinn lengdi kennslutími, heldur hitt, hvernig tíminn verður notaður. Jafnframt því sem námsefni er breytt, þarf að endurmennta kennara og er fyrstu nemendur ljúka skyldunámi skv. þessum lögum, þarf endurskipulagningu framhaldsskólastigsins að vera lokið í samræmi við lögin um grunnskóla og framkvæmd þeirra.

Að vísu er sá frestur, sem þessi grein veitir, fulllangur, þar sem fyrstu nemendur ljúka grunnskóla skv. þessum ákvæðum 12 árum eftir gildistöku laganna. Raunar geta lögin komið til framkvæmda að miklu leyti í þéttbýli strax eftir gildistöku

þeirra, og er ný námsskrá hefur verið samin, væri hægt að láta hana að nokkru koma til framkvæmda hjá nemendum, sem hófu skyldunám sitt skv. núgildandi fræðslulögum.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir, að börn í sveitum geti lengur komizt af með hálfan námstíma á ári miðað við það, sem kveðið er á um í lögum, en sá háttur er hafður nú við alla heimavistarbarnaskóla. Hefur umbót í þessu efni í för með sér aukinn kostnað við byggingarframkvæmdir og heimavist, sem ekki verður komizt hjá. Fyrirkomulag á kennslu yngstu barna í sveitum er og verður ærið vandamál, sem þarf að athuga afar vel. Sjá einnig grg. með 2., 5. og 6. gr.

Um 13. gr.

Ætlazt er til, að skipting í skólahverfi og fræðsluumdæmi miðist við það að ná sem hagkvæmustum einingum, bæði kennslulega og fjárhagslega. Hins vegar þykir ekki rétt né tímabært að ákveða neina sérstaka skiptingu að öðru leyti en því, er varðar hámarksfjölda fræðsluumdæma. Sjá grg. með 14. gr.

Að því er viðkemur skólabyggingum, miðar greinin einkum að því að tryggja góðan undirbúning framkvæmda.

Um 14. gr.

Með þessari grein þótti rétt að miða hámarksfjölda fræðsluumdæma við tölu kjördæma. Ætla má þó, að heppilegra muni verða í reynd að hafa fræðsluumdæmin nokkru færri og stærri, og ekki virðist alls staðar heppilegt að draga markalínur milli fræðsluumdæma eftir kjördæmaskiptingunni. Má t. d. benda á, að Strandasýsla á í þessu tilliti litla samleið með öðrum sýslum Vestfjarðakjördæmis, en fellur vel að Norðurlandskjördæmi vestra. Eins væri til athugunar að t. d. Norðurlandskjördæmin bæði yrðu eitt fræðsluumdæmi með miðstöð á Akureyri.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda barna, fæddra árin 1959—1967, eftir kjördæmum. Tölurnar eru teknar úr íbúaskrá 1968:

Tafla 4.

	Börn fædd 1959—'61:	Börn fædd 1962—'67:	Börn fædd 1959—'67:
Reykjavík	4 807	9 965	14 772
Reykjaneskjördæmi	3 025	5 677	8 702
Vesturland	1 000	1 897	2 897
Vestfirðir	778	1 458	2 236
Norðurl. vestra	679	1 318	1 997
Norðurl. eystra	1.507	3 189	4 696
Austurland	813	1 611	2 424
Suðurland	1 245	2 567	3 812

Stjórn fræðslumála hvers umdæmis verður samkv. greininni í höndum fræðsluráðs, sjá 52. gr. og grg. með henni.

Um 15. gr.

Eðlilegt þykir að í kaupstöðum sé ein skólanefnd fyrir allan kaupstaðinn, hve margir sem skólarnir eru, og gegni því sama hlutverki og fræðsluráð kaupstaða gera nú. Þar eð fræðsluráð er, skv. þessu frumv., yfir hverju fræðsluumdæmi, sbr. 14. gr., er fræðslustjórn kaupstaða kölluð skólaráð.

Um 16.—18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Það er æskilegt að skólastjórar fái viðbótarmenntun í sjórnunarfræðum. Væri ekki óeðlilegt, að það yrði ein námsleiðin í framhaldsnámi kennara. Sjá að öðru leyti grg. með 26. gr.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í lögum nú er kveðið á um kennsluskyldu kennara. Á það er hér litið sem kjaramál og ekki talið hlutverk fræðslulaga að ákveða slíkt.

Um 22. gr.

Hverjum skóla er ætlaður viss kvóti til stjórnunar. Getur hann nýtzt sem lækkun kennsluskyldu skólastjóra og/eða kennara, eins eða fleiri, sem taka að sér vissa þætti stjórnunar, einnig til greiðslu launa annars starfsliðs, t. d. skrifstofustúlku. Yfirleitt er æskilegra að þessi kvóti sé notaður til að fá skólastjóranum aðstoð í starfi hans en til að bæta á hann stjórnunarstörfum á kostnað kennslu, en þó getur oft, einkum í smærri skólum, reynzt ókleift að fá aðstoð og skólastjóri þá neyðzt til að taka öll slík störf að sér sjálfur. Þá er eðlilegt að kennsluskylda hans sé lækkuð.

Um 23. gr.

Óbreytt frá fyrri lögum. Kennsla er álitin slítandi starf mörgum öðrum störfum fremur, og því er reynt að tryggja nokkuð, að skólinn hafi jafnvakandi kennara þótt aldur færist yfir, með því að létta vinnuálagið.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Ekki er auðvelt að vita fyrirfram, hve löng fjarvera vegna veikinda verður. Er eigi talið fært að láta skóla vera skólastjóralausan lengur en tvo mánuði, án þess að starfinu sé formlega ráðstafað. Því ber skólanefnd skóla, sem ekki hafa yfirkennara, að gera tillögu um setningu í skólastjórastarf þegar sýnilegt er, að skólastjóri verði forfallaður um tveggja mánaða skeið, t. d. ef læknir bannar honum að vinna eða sér fram á löng veikindi.

Það þykir óæskilegt, að yfirkennari losni um of úr tengslum við sjálft kennslustarfið og því réttara að hann hafi með höndum nokkra kennslu, enda þótt kvóti skólans til stjórnunarstarfa kunni að heimila fullan afslátt. Mundi þá nokkur hluti þeirra starfa unninn af öðrum kennara og/eða skrifstofustúlku.

Um 26. gr.

Lögð er áherzla á, að skólar séu reknir með föstum kennurum að svo miklu leyti sem unnt er, en á ráðningu stundakennara sé litið sem bráðabirgðalausn.

Þar sem grunnskólinn er 9 ára skóli, sem tekur við börnum 7 ára gömlum, þarf hann bæði að hafa á að skipa kennurum, sem hafa sérþekkingu á kennslu yngri barna, og kennurum, sem auk kennslufræðilegrar þekkingar hafa mikla þekkingu í einstökum greinum til að kenna í eldri bekkjunum. Hvort tveggja krefst sérstaks undirbúnings og mikillar sérmenntunar, og því er ekki hægt að gera ráð fyrir, hver sem skipan kennaramenntunar í landinu verður, að hún búi nokkurn einstakling undir að kenna í öllum bekkjum grunnskóla.

Eftirfarandi atriði eru nefnd hér til ábendingar og upprifjunar:

a) Með frumvarpi þessu eru tvö skólastig sameinuð í eitt. Kennarar eru nú bundnir við að kenna á öðru hvoru stiginu, taka laun samkvæmt því og eru í tveimur stéttarfélögum — og þremur þó. Þessir kennarar verða að sjálfsögðu kennarar grunnskólans.

b) Eins og bent var á hér að framan, hentar ekki sami undirbúningur öllum kennurum grunnskólans. Verður að líkindum um tvo meginhópa að ræða: Kennara yngri bekkja og kennara eldri bekkja, sem yrðu margir hverjir sérgreinakennarar. Ólíkur undirbúningur táknar ekki mismikinn undirbúning, enda verði kennarar ekki bundnir af aldri nemenda svo sem nú er við skil barna- og unglingafræðslu. Fagkennsla í einstökum greinum kæmi óefað fyrr en nú. Nemendum er nú gerður óleikur með hinum skörpu skilum og gjörbreyttu kennsluháttum, sem verða er þeir færast úr barnaskóla í 1. bekk gagnfræðastigs. Aldrei má gleymast, að ekki er aðeins verið að kenna námsgrein heldur og nemendum.
c) Lög um Kennaraskóla Íslands eru í endurskoðun, og því er á þessu stigi óvissa um fyrirkomulag kennaramenntunar í framtíðinni.
d) Í þessari grein frv. er bent á það sem æskilega lausn, að sett verði heildarlöggjöf um kennaramenntun og kennsluréttindi á hinum ýmsu skólastigum.

Um 27. gr.

Þessi grein staðfestir fyrirkomulag, sem nú er í öllum barna- og gagnfræðaskólum. Þegar sami kennari kennir flestar eða allar greinar í einni deild, kemur af sjálfu sér, að hann fylgist náið með hverjum nemanda og að til hans leita þeir með vandamál sín. Öðru máli gegnir þegar kennslan er að mestu í höndum sérgreinakennara. Kennari, sem aðeins kennir eina eða tvær námsgreinar í deild, sem hann er aðalkennari í, þarf að eyða nokkrum tíma og fyrirhöfn í að fylgjast með gengi nemenda sinna, ef aðalkennarastarfið á að vera meira en nafnið eitt. Væri ekki óeðlilegt að á móti kæmi kennslufrádráttur, t. d. ein stund á viku, og mætti þá benda nemendum og foreldrum á ákveðinn viðtalstíma kennarans.

Starf aðalkennara er mjög mikilvægt og ekki síður en kennslan sjálf. Hlutverk kennara er vissulega að kenna hópi nemenda, en það má aldrei gleymast, að hópurinn er hverju sinni safn einstaklinga og aðalkennara ber að fylgjast með einstaklingunum, hverjum og einum. Hann hefur oft öðrum kennurum fremur tök á að beita uppeldisáhrifum sínum til að styrkja æskilegt atferli og breyta því, sem miður fer, og þarf að kunna þar til verka. Hann hefur samband við foreldra, og má t. d. benda á, að oft er það aðalkennari, sem fyrst tekur eftir ýmsum ágöllum, sem baga barnið, en bæta má úr, svo sem sjóngöllum, skapgerðargöllum o. fl.

Um 28.—29. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Þessari grein er ætlað að leysa af hólmi 19. grein laga nr. 49/1967 um skólakostnað. Reyndist nauðsynlegt að endurskoða þá grein með tilliti til þeirra breytinga, sem frumvarpið felur í sér. Eftir sem áður er ríkissjóði ætlað að greiða allan launakostnað af kennslu og öðrum nánar tilgreindum störfum upp að ákveðnu hámarki reiknaðra stunda, sem miðast við fjölda nemenda í grunnskólum skólahverfisins.

Er hámarkið þannig sett, að vel skipulagður skóli á innan þess að geta veitt nemendum sínum þá kennslu og aðra þjónustu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að veitt verði.

Skal hér greint frá efnisatriðum einstakra liða 30. gr. og sérstaklega þeim atriðum, sem breytt hefur verið frá 19. gr. skólakostnaðarlaganna.

Í lið a) er sá stigi, sem fjöldi stunda er reiknaður eftir. Í stað þess að miða stigann við ákvæði námsskrár, eins og gert var í skólakostnaðarlögunum, er hann hér miðaður við ákveðinn stundafjölda (30 stundir á viku) á stundaskrá nemenda í skólahverfinu. Ákvæði frumvarpsins og námsskrár um stundafjölda hafa síðan áhrif á þann hátt, að hámark reiknaðra stunda breytist um 3% fyrir hverja 1 stund, sem meðalfjöldi stunda á stundaskrá nemendanna víkur frá 30 stundum. Með þessu móti

verður óþarft sérákvæði um fjölda reiknaðra stunda í efri bekkjum grunnskóla sbr. b) lið 19. gr. skólakostnaðarlaganna og hámark reiknaðra stunda lagast sjálfkrafa að þörf skóla fyrir kennslustundafjölda, allt eftir skólafyrirkomulagi og þeirri kennslu sem hann veitir.

Þó að grundvallarstiginn í lið a) sé miðaður við 30 stundir á stundaskrá, hefur þegar með honum verið tekið tillit til þess stundafjölda, sem ætlaður er til annarra starfa en bekkjarkennslu í óskiptum bekkjum sbr. lið e).

Til grundvallar var lögð bekkjarskipting í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Í smærri skólum var gert ráð fyrir nokkurri samkennslu aldursflokka, annaðhvort í heilum bekkjum eða í einstökum fögum, en í stærri skólum miðað við 28 nemendur að jafnaði í bekk. Þrátt fyrir það var nauðsynlegt að reikna til muna fleiri stundir á hvern nemanda í smáum skólum en stórum. Þannig koma á nemanda að meðaltali 2.5 stundir á viku í skóla með 20 nemendur, 2.2 stundir í skólahverfi með 50 nemendur, 1.87 stundir í skólahverfi með 150 nemendur, 1.65 stundir í skólahverfi með 350 nemendur, sem fer síðan lækkandi í u. þ. b. 1.41 miðað við stærsta núverandi skólahverfi. Minnstu skólarnir fá þannig fast að 80% fleiri stundir á hvern nemanda en þeir stærstu.

Til viðbótar við fyrrgreindar 30 stundir var reiknað með 2.5 stundum á viku á hvern bekk vegna skiptra bekkjardeilda í verklegum greinum, en verknámskennsla fram yfir það tekin til greina sbr. c) lið.

Ákvæði 8. gr. frumvarpsins um sérkennslu barna, sem ekki fá að fullu notið venjulegrar bekkjarkennslu, en stunda þó nám í almennum skólum, eru tekin til greina í tvennu lagi. Annars vegar er hér um að ræða börn, sem ekki geta talizt falla undir skilgreiningu 9. gr. frumvarpsins, en þarfnast námshjálpar fram yfir það sem almenn bekkjarkennsla veitir þeim, annaðhvort sem stuðningskennslu einstaklingsbundna eða í smáum hópum eða sem kennslu í sérstökum bekkjum fámennari en almennt gerist.

Samkvæmt grein Þorsteins Sigurðssonar í Menntamálum 2. hefti 1970 má reikna með að um 7% nemenda þarfnist slíkrar námshjálpar og í samræmi við ákvæði 8. gr. frumvarpsins voru 7% nemenda í stærstu skólahverfunum reiknaðar 2.5 stundir á viku.

Í þessum skólahverfum þýðir það, að hægt er að hafa 7% nemenda í bekkjum með 12—14 nemendum eða ef bekkir eru stærri að nota þann kennslustundafjölda, sem við það vinnst, til stuðningskennslu. Í stærstu skólunum væri hér um að ræða um 7.7% aukningu kennslustunda miðað við 32.5 stundir á viku. Smærri skólum var ætlað sama hundraðshlutaálag, sem þýðir, að þeim eru reiknaðar nokkru fleiri námshjálparstundir á hvern nemanda. Námshjálp sem þessi er nauðsynleg öllum skólum og þegar framkvæmd í flestum þeirra að einhverju marki og því eðlilegt að gera ráð fyrir henni sem hluta af almennum kvóta skólans.

Hins vegar eru nemendur sem falla undir ákvæði 9. gr. frumvarpsins þ. e. þeir nemendur, sem njóta skulu sérkennslu að undangengnum dómi þar til greindra aðila. Ekki er ástæða til að ætla, að þeir nemendur skiptist jafnt niður á skólahverfi né heldur að unnt sé að koma slíkri sérkennslu við í öllum þeim skólahverfum, sem hafa þörf á, þar sem sérhæfðir kennarar eru ekki og verða ekki alls staðar fyrir hendi og því líklegt að koma verði slíkum nemendum þaðan í sérstofnanir eða skólahverfi, sem slíka þjónustu veita. Með því ákvæði að telja hvern einn slíkan nemanda sem 1.9 venjulega nemendur er það tryggt, að ákvæði 8. gr. er fullnægt í því skólahverfi, sem þessa sérkennslu veitir.

Í b) lið felst það ákvæði, að ríkissjóður greiði ekki kennslu umfram það, sem námsskrá gerir ráð fyrir, nema það rúmist innan hámarksákvæða a) liðar miðað við fulla námsskrá. Undantekning er gerð í c) lið, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ástæða þótti til að takmarka eitthvað mögulega aukningu á námsstundafjölda hvers nemanda á viku.

d) liður kveður svo á, að reglubundið og skipulagt starf nemenda að ákveðnum verkefnum í skólabókasafni sé metið til jafns við kennslu. Þess var áður getið, að þegar hefur verið tekið tillit til 2.5 stunda á bekk á viku vegna skiptra bekkjardeilda í einstökum greinum. Sé það ekki nægilegt vegna verknámskennslu, á nauðsynleg viðbót að fást með ákvæðum d) liðar.

Í liðum e) til j) er gerð grein fyrir til hvaða starfa og hve miklu má ráðstafa af reiknuðum stundum til annarra starfa en venjulegrar bekkjarkennslu. Reiknuðum stundum vegna þessara starfa hefur þegar verið bætt við kennslukvótann.

Ákvæðin í e) lið eru hámarksákvæði og sem slík nokkru hærri en sú viðbót, sem reiknað var með þeirra vegna. Þar af leiðir, að skólar munu að jafnaði ekki geta og ekki þurfa að nota í þessi störf allar þær reiknuðu stundir, sem rúmast innan ákvæða e) liðar.

Þeir geta og ekki notað sér þessi ákvæði á kostnað kennslustunda, sem mundi þýða fækkun stunda á stundaskrá nemendanna og þar með lækkað hámark reiknaðra stunda. Skólarnir hafa hins vegar nokkra valkosti varðandi ráðstöfun reiknaðra stunda milli hinna tilgreindu liða og geta eins aukið kennsluna gegn því að nota minna af reiknuðum stundum til starfa skv. liðum e—j undir ákvæði þessarar greinar. Er hér eingöngu um að ræða þau störf, sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að fram fari í grunnskólum og bætt hefur verið við reiknaðar stundir vegna venjulegrar bekkjarkennslu. Þessi ákvæði eru nokkur breyting frá 19. gr. skólakostnaðarlaganna, sem ekki taka nægilega skýrt fram, hvaða störf önnur en kennslu skal telja til reiknaðra stunda og hafa því valdið nokkrum ágreiningi. Skulu því raktar helztu forsendur hámarksákvæðanna í lið e).

Við reiknaðar stundir vegna beinnar kennslu var bætt við vegna stjórnunarstarfa 6.5%, sem samsvarar núverandi afslætti af kennsluskyldu skólastjóra í hinum smærri skólum og rúmar með vaxandi skólastærð afslátt af kennsluskyldu yfirkennara og/eða skrifstofuaðstoð og/eða sameiginlegan stjórnunarkostnað fleiri skóla innan skólahverfisins. Rétt þótti að ákvæði um hámarksafslátt af kennsluskyldu vegna stjórnunarstarfa verði sett í reglugerð.

Reiknaðar stundir til starfa við bókasöfn eru miðaðar við tillögur frá fræðsluráði Reykjavíkur um skólabókasöfn.

Undir lið g) falla öll störf við slík söfn önnur en þau, sem telja má kennslu, þ. e. þegar nemendur vinna þar í hópum (bekkjum) skipulega að ákveðnum verkefnum undir leiðsögn kennara síns. Slíkt reiknast sem önnur kennsla og hækkar kvótann sem um venjulegar kennslustundir væri að ræða.

Til félagsstarfa var miðað við 4 klst. á mánuði á 4 síðustu bekki grunnskóla, og er það nokkur aukning frá skólakostnaðarlögunum, sem ekki heimila greiðslur úr ríkissjóði fyrir slík störf nema í gagnfræðastigsskólum.

Sú hjálparkennsla, sem talað er um í lið i, nær eingöngu til nemenda, sem ekki teljast afbrigðilegir í skilningi 9. gr. frumvarpsins. Ekki þótti æskilegt að setja um þá hámarksákvæði, þar sem þörf fyrir slíka kennslu getur verið mjög mismunandi í skólahverfunum sbr. hér að framan.

Liður k) og það sem þar fer á eftir er efnislega óbreytt frá skólakostnaðarlögunum, en niður voru felldar málsgreinar, sem óþarfar eru og við var bætt ákvæðum um, hvernig störf þau, sem greinin fjallar um, skuli færð til reiknaðra stunda.

Um 31. gr.

Hér er reynt að tryggja, að svo miklu leyti sem unnt er í lögum, gott samstarf skólastjóra og yfirkennara.

Um 32. gr.

Í þessari grein eru nokkrar breytingar frá gildandi lögum um orlof kennara og skal nú gerð grein fyrir hinum helztu:

a) Til að koma til álita við veitingu orlofs þurfti áður 10 ára embættisferil, en skv. frv. 5. Ungir kennarar hafa oft mikinn áhuga á, en lítið bolmagn til, að afla sér framhaldsmenntunar að gagni, sem þó er ekki sízt nauðsynlegt nú vegna síbreytilegs námsefnis. Þykir því ekki rétt að útiloka þá, enda búnir að fá allmikla starfsreynslu eftir fimm ár.
b) Hægt verður að veita styttri orlof, allt niður í tveggja mánaða.
c) Heils árs orlof skal að jafnaði ekki veitt, nema til samfellds náms.
d) Mörgum kennara er nú um megn að taka orlof vegna þess, að ein laun nægja ekki til þess bæði að kosta nám og framfleyta fjölskyldu. Því er ákvæði um möguleika á viðbótarstyrk.
e) Stuttar, en vel skipulagðar námsferðir geta verið mjög gagnlegar, og er hér gert ráð fyrir, að til slíkra ferða sé unnt að verja hluta orlofsfjárveitingar.

Fjárveiting til orlofs kennara yrði ákveðin í fjárlögum hverju sinni svo sem verið hefur.

Um 33. gr.

Breyttir þjóðfélagshættir, breyttar kennsluaðferðir, ný námsskrá og nútímauppeldisfræði gera síauknar kröfur til skóla og kennara. Sú tíð er liðin, er menn gátu lært undir ævistarf sitt í eitt skipti fyrir öll og starfið hélzt óbreytt í mannsaldur eða mannsaldra. Þetta hefur í för með sér, að kennarar þurfa að kenna nemendum sínum með þetta í huga, kenna þeim t. d. að leysa vandamál almennt, en ekki bara eitthvert ákveðið vandamál, og keppa að því að gera nemendur víðsýna og sveigjanlega, áhugasama um nýjungar, en jafnframt gagnrýna. Þetta breytta grundvallarsjónarmið krefst þess, að kennarinn sjálfur hafi fyrrgreind viðhorf, en kennarinn getur ekki fremur en aðrir búið sig undir ævistarfið í eitt skipti fyrir öll.

Þörf fyrir endurmenntun kennara hefur komið glögglega í ljós á síðustu árum, þegar námsefni einstakra greina hefur verið endurskoðað og þar með kallað á nýja kunnáttu og nýja tækni hjá kennurum. Kennarar hafa fundið þessa þörf sjálfir og sótt vel þau endurmenntunarnámskeið, sem haldin hafa verið að undanförnu, t. d. bendir lausleg athugun til þess, að 50—60% fastráðinna kennara á barna- og gagnfræðastigi hafi sótt einhver kennaranámskeið nú á þessu sumri. Endurskoðun námsskrár er þegar hafin, og verður fyrirsjáanlega nauðsynlegt að endurskoða námsskrána í heild á næstu árum. Verður því næstu 5—10 árin mjög mikil þörf á miklu átaki í endurmenntun kennara. Eðlilegt virðist, að heildarskipulagning endurmenntunarnámskeiða fari fram með samstarfi skólarannsókna, er hafa endurskoðun námsskrár með höndum, fræðslumálaskrifstofunnar, sem nú skipuleggur flestöll kennaranámskeið, og Kennaraskóla Íslands, sem væntanlega tekur að sér æ meira af endurmenntun kennara. Einnig þarf samvinnu við Háskóla Íslands um þetta atriði. Þess skal getið, að til er nýlegt nefndarálit um endurmenntun kennara, og virðist eðlilegt, að reglugerðin, sem rætt er um í greininni, verði samin með hliðsjón af því áliti.

Nefndinni þótti eðlilegt að miða heildarfjárhæð þá, er ríkið verði til endurmenntunar kennara, við hundraðshluta af samanlögðum skólastjóra- og kennaralaunum grunnskóla. Hundraðshlutinn, sem tiltekinn er í greininni, næmi nú u. þ. b. 5 milljónum króna á ári.

Um 34. gr.

Með þessari grein er vald kennarafunda gert minna en er í gildandi lögum, þar sem stendur, að skólastjóri og kennarafundur stýri starfi hvers skóla. Þótti eðlilegra, að stjórn skóla væri í höndum skólastjóra fyrst og fremst, en honum til aðstoðar og ráðuneytis yrði kennarafundur, eða í stórum skólum þriggja manna kennararáð, kosið af almennum kennarafundi. Var talið, að slíkt ráð yrði miklu virkari aðili og léttari í vöfum en kennarafundur í stórum skóla.

Um 35. gr.

Það er mjög æskilegt, að foreldrar nemenda skólans láti sig varða starfið í skólanum meira en nú er. Með þessari grein er leitazt við að finna form fyrir slíkt samstarf. Það hefur margsinnis verið sýnt fram á, að fátt er óvænlegra í uppeldi barna en að þeir, sem uppeldið hafa með höndum, séu ekki samkvæmir. Nánara samstarf skóla og foreldra ætti að geta aukið á samkvæmni í uppeldisháttum þessara tveggja aðila, eytt tortryggni og misskilningi á báða bóga og með því orðið nemendum að miklu gagni. Sjálfsagt er að takmarka þátttöku í foreldrafélagi við þá, sem börn eiga í skólanum hverju sinni.

Um 36. gr.

Tilgangurinn með þessari grein er að auka tengsl milli skólastjórnar og nemenda og að skapa meiri ábyrgðartilfinningu nemenda fyrir rekstri skólans og gengi hans. Takist slíkt samstarf vel, er það tvímælalaust merkur þáttur í félagslegu uppeldi nemendanna.

Svipuð ákvæði hafa verið tekin upp t. d. í lög um menntaskóla hérlendis og grunnskólalög í sumum Norðurlandaríkjum. Er greinin hliðstæð 23. gr. menntaskólalaganna og grein í norsku grunnskólalögunum.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Nokkuð af því stjórnunarstarfi, sem nú er í höndum menntamálaráðuneytisins og stofnana, er undir það heyra, mun flytjast út í fræðsluumdæmin með tilkomu fræðsluskrifstofa, sbr. 48. gr. frumvarpsins, og fræðslustjóraembætta. Fræðslustjóri verður fulltrúi ríkisvaldsins í fræðsluumdæmi sínu, sbr. 49. og 55. gr. Því þótti eðlilegt, að skólanefnd kysi framvegis formann úr eigin hópi, svipað og er nú þegar um formenn fræðsluráða, í stað þess, að formenn skólanefnda yrðu skipaðir af ráðherra, eins og nú er.

Um 39. gr.

Ákvæðin um skólaráð þarfnast ekki skýringa fram yfir það, sem sagt var í greinargerð með 15. gr. Ákvæðið um skólafulltrúa er nýmæli. Eðlilegt þótti að gera ráð fyrir því, að ýmsir af fjölmennustu kaupstöðum vildu ráða sér sérstakan skólafulltrúa, er ynni svipað framkvæmdastjórastarf á sviði skólamála kaupstaðarins og t. d. fræðslustjórar í Kópavogi og Hafnarfirði gera nú.

Um 40. gr.

Greinin er 27. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, en bætt var við, til nánari skýringar og starfsskilgreiningar, ákvæði um löglega fundarboðun, um úrslit þegar atkvæði eru jöfn, og loks um, að varamaður taki sæti aðalmanns í skólanefnd, þegar fjallað er um mál, sem varða aðalmanninn sjálfan.

Um 41. gr.

Greinin er áþekk 28. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, að öllu leyti öðru en því, að hér er „skólastjóra .... í samráði við skólanefnd", en ekki skólanefndinni sjálfri, falið að semja, á fyrsta starfsmánuði skólans, skýrslu um skólaskyld börn, sem ekki sækja grunnskóla.

Um 42. gr.

Það er afar nauðsynlegt, að skólastjórar og fræðsluyfirvöld viti um það mun fyrr en nú er, þegar kennari hyggst hætta störfum. Æskilegt væri, að unnt yrði að

ljúka kennararáðningu næsta vetrar fyrir sumarleyfi skólanna. Vegna ákvæðis um þriggja mánaða uppsagnarfrest í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna væri e. t. v. til athugunar, að skólaárið byrjaði 1. ágúst, þótt ekki sé gerð tillaga um slíkt í þessu frumvarpi.

Um 43. gr.

Um ráðningu skólastjóra gildir hið sama og sagt var um kennararáðningu í 42. gr. Mjög eðlilegt verður að teljast, að starfstími skólastjóra teljist mánuði lengri en starfstími skólans. Skólastjóri á alltaf ýmsum störfum ólokið, þegar skóla er slitið að vori, og eins þarf tíma til undirbúnings að haustinu.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Greinin er nálega samhljóða 31. gr. núgildandi laga um fræðslu barna og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 46. gr.

Greinin er áþekk 32. gr. núgildandi laga um fræðslu barna að öðru leyti en því, að skýrslugerðin er flutt frá skólanefnd til skólastjóra, sbr. 41. gr.

Um 47. gr.

Sjá greinargerð með 14., 15. og 49. gr.

Um 48. gr.

Eðlilegt þótti, að sérstök fræðsluskrifstofa yrði í hverju fræðsluumdæmi. Með þeim hætti yrði komið til móts við almennar óskir í flestum landshlutum, jafnframt því sem þá yrði betur tryggt en ella, að nokkur færsla valds menntamálaráðuneytisins út í fræðsluumdæmin yrði meira en nafnið eitt.

Um 49. gr.

Samkvæmt þessari grein er fræðslustjóri Reykjavíkur ráðinn á annan hátt en aðrir fræðslustjórar landsins. Er þetta í samræmi við samning milli menntamálaráðuneytisins og borgarstjórnar Reykjavíkur um fræðslustjórn í Reykjavík, sem gilt hefur milli þessara aðila síðan 2. júlí 1968.

Að öðru leyti virðist greinin ekki þarfnast skýringa.

Um 50. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Fyrsta mgr. er í samræmi við upphaf 49. gr. Önnur mgr. ætti að skýra sig sjálf. Í þriðju mgr. kemur fram, að greiðslufyrirkomulag kostnaðar við rekstur fræðsluskrifstofu er annað fyrir Reykjavík en fyrir aðra hluta landsins. Stafar þetta af því, að nefndin sá ekki ástæðu til að breyta ákvæðum fyrrgreinds samnings milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um þetta atriði. Auk þess má benda á, að umrætt kostnaðarhlutfall, sem nægja mundi í Reykjavík, yrði ófullnægjandi utan Reykjavíkur, þar sem barnafjöldi er minni og rekstur því óhagstæðari. Í fræðsluumdæmi Reykjavíkur eru rúmlega 35% skólaskyldra barna á Íslandi, og skapar þessi mikli fjöldi möguleika á hagræðingu, sem leiðir til þess, að í Reykjavík getur nægt lægra kostnaðarhlutfall úr ríkissjóði til rekstrar fræðsluskrifstofu en í öðrum fræðsluumdæmum.

Um 52. gr.

Fræðsluráð skv. þessu frumvarpi verður allt annars og víðtækara eðlis en þau fræðsluráð, sem nú starfa í kaupstöðum landsins. Fræðsluráðin verða í sumum fræðsluumdæmum mjög fjölmenn og það svo, að þau verða algerlega óstarfhæf sem stjórnunareiningar. Talið er æskilegt, að fræðsluráðið komi saman til fundar árlega til að ræða fræðslumál umdæmisins og kjósa framkvæmdanefnd. Framkvæmdastjóri þeirrar nefndar og þar með fræðsluráðsins er fræðslustjóri umdæmisins.

Um 53. gr.

Greinin miðar að því að kerfisbinda fjárlagaundirbúning í fræðsluumdæmunum.

Um 54. gr.

Þar sem fræðslustjóri er starfsmaður menntamálaráðuneytisins og þar með fulltrúi ríkisvaldsins, þótti eðlilegt að gera ráð fyrir því, að unnt væri að fela honum að annast málefni tiltekinna ríkisskóla. Er þetta ákvæði fyrst og fremst sett með héraðsskóla í huga, og ætti umrædd tilhögun að geta treyst tengslin milli skóla og skólastiga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Sjá einnig 53. gr.

Um 56. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 59. gr. er nauðsynlegt að gera ráð fyrir nokkurri námsstjórn, námseftirliti og kennsluleiðbeiningum í einstökum fræðsluumdæmum eða skólahverfum. Námsstjóri í einstakri námsgrein, sem hefur allt landið að námsstjórnarsvæði, getur aldrei haft náið samband við alla þá kennara, sem kenna umrædda námsgrein í landinu. Enda þótt æskilegt sé, að hann kynnist eftir föngum starfi hvers einstaks kennara í greininni um land allt, þá verður að telja eðlilegra og skynsamlegra, að landsnámsstjóri einbeiti kröftum sínum fremur að því að starfa með nokkrum hópi kennara úr öllum landshlutum, sem síðan yrðu leiðbeinendur og umsjónarmenn með kennslu í hlutaðeigandi grein hver á sínu svæði, t. d. skólahverfi. Ákvæði 56. gr. um námseftirlit og leiðbeiningar eiga fyrst og fremst við slíka leiðbeinendur heima í héraði, og gætu þeir haldið áfram störfum, ef æskilegt væri talið, eftir að umræddur námsstjóri í greininni lætur af störfum. Slíkir námsleiðbeinendur heima í héraði ættu að geta aukið gildi og bætt nýtingu landsnámsstjórnar með því að tryggja framhald námsstjórnarstarfsins og miðlun vitneskju um námsskrá, námsefni og kennsluaðferðir, hver á sínu svæði. Þess skal getið, að nú þegar hafa einstök fræðsluhéruð, t. d. Reykjavík, reynt svæðisbundna námsstjórn og kennsluskipulagningu í einstökum námsgreinum, og þykir sú þjónusta mjög gagnleg.

Um 57. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Það er afar mikilvægt, að fræðsluyfirvöld fái, bæði snemma og reglulega, vitneskju um þau börn, sem þarfnast sérkennslu og annarra slíkra sérstakra kennsluaðgerða vegna ýmissa afbrigða, sbr. 8. gr. Þykir rétt, að fræðslustjórar verði ábyrgir fyrir könnun þessarar þarfar í samvinnu við skólalækna og sálfræðiþjónustu, og hlutist fræðslustjórarnir síðan til um viðeigandi kennsluaðgerðir í samráði við umrædda sérfræðinga.

Um 59. gr.

Þegar þess er gætt, hve umfangsmikil endurskoðun námsskrár og námsefnis á vegum skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins verður næstu árin, verður

ljóst, hve þörfin er brýn fyrir mikla og vel skipulagða námsstjórn í einstökum námsgreinum. Námsefnisendurskoðun skólarannsóknadeildar hófst síðsumars 1967 varðandi eðlis- og efnafræði, og síðan hefur verið hafin endurskoðun líffræði (náttúrufræði), stærðfræði og dönsku og auk þess undirbúin endurskoðun íslenzku annars vegar og sögu og samfélagsfræði hins vegar. Endurskoðun annarra greina er væntanleg. Sú endurskoðun, sem um ræðir, er í öllum greinum víðtæk og í mörgum róttæk. Jafnan þarfnast endurskoðunin góðrar heildarstjórnar í hverri grein og mikillar endurmenntunar kennara. Af þessum sökum telur nefndin nauðsynlegt, að gert sé ráð fyrir eigi minna en sex námsstjóralaunum samanlagt, þótt oftast yrði starfinu sennilega skipt á fleiri menn og yrðu þá sumir ekki í fullu námsstjórnarstarfi. Jafnframt þótti eðlilegt, að námsstjóri yrði eigi ráðinn til lengri tíma en þriggja ára. Hvort tveggja er, að þörf fyrir námsstjórn í einstakri grein er talin breytileg, og sömuleiðis, að sanngjarnt verður að telja, að nýir menn geti fengið tækifæri til að vinna að námsstjórn.

Hér á eftir er birt til skýringar yfirlitsáætlun skólarannsóknadeildar um vinnuþörf vegna þeirra námsefnisverkefna, sem þegar hafa verið tekin á starfsáætlun. Þörfin er metin í „mannmánuðum“ (mannmánuður = starf, sem nemur því, að einn maður yrði mánuð að vinna það að fullu).

Ljóst er af áætlunartöflunni, að um mjög mikla vinnu er að ræða. Ráðgert er og, að margir aðilar leggi hönd á plóginn varðandi hverja námsgrein. Af þessu tvennu ætti að verða skiljanlegt, hver þörfin er fyrir góða og vel skipulagða námsstjórn í einstökum námsgreinum hér á landi næstu árin.

Bráðabirgðayfirlit yfir endurskoðun námsefnis í nokkrum greinum fram til ársins 1980. Tölurnar tákna mannmánuði.

	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	
1. Eðlis- og efnafræði	4	14	21	23	16	14								92
2. Líffræði		1	12	25	30	20	12							100
3. Stærðfræði, barnastig .				2	15	25	24	26	11					103
Stærðfræði, gagnfræðast.			7	12	18	20	18	12	8					95
4. Danska				5	13	15	14	13	15	8				83
5. Saga og samfélagsfræði			1	15	30	37	49	37	23					192
6. Íslenzka, barnastig				3	10	8	11	17	19	15	12	11	4	110
Íslenzka, gagnfræðastig				3	10	8	11	11	15	6	9	4		77
7. Tónlist			2	3	4	2								11
8. Forskólakennsla				3	3	3	3	3	3	3	3			24
	4	15	43	94	149	152	142	119	94	32	24	15	4	887

Um 60. gr.

Þessi grein er grundvölluð á 2. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Um 61. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 62. gr.

Skólatíma á Íslandi hefur alla tíð verið stuttur og styttri en í flestum nágrannalöndum. Á þetta ekki aðeins við um árlegan kennsluviknafjölda, heldur einnig nýtingu hverrar kennsluviku. Ein afleiðing þessa ástands er sú, að námstími til stúdentsprófs hérlendis er 13 ár, en 12 ár annars staðar á Norðurlöndum. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir, að auka árlegan kennsluviknafjölda frá núverandi hámarki, þ. e. 9 mánuðum, sem er nú nokkurn veginn almennt í barnaskólum kaupstaða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að öll 9 árin muni grunnskólinn starfa í 9 mánuði. Jafnframt var farin sú leið að reyna að nýta skólaárið betur, þannig að til kennslu og prófa yrði varið 198 dögum hið fæsta, og af þeim tíma yrðu prófdagar mun færri en nú, sbr. 74. gr. Greinin gerir og ráð fyrir því, að allt að 15 dögum að auki megi verja til annarra þarfa skólans, og er þá átt við, að þessum dögum verði varið t. d. til skólasetningar og skólaslita, skóla- og skíðaferða, foreldradaga, þriggja fundardaga kennara í byrjun skólaárs og e. t. v. verði ekki kennt laugardaga septembermánaðar. Rétt er að leggja sérstaka áherzlu á, að fundardagar kennara geta verið afar gagnlegir til skipulagningar kennslu fyrir veturinn og samhæfingar á kennslustörfum kennaranna.

Með tilliti til þess m. a., að æ fleiri starfsstéttir vinna nú ekki á laugardögum, þótti rétt, að sveitarfélag gæti æskt og menntamálaráðuneytið heimilað 5 daga kennsluviku að því tilskildu, að heildarmagn kennslu minnkaði ekki.

Varðandi leyfisdaga þótti rétt, að við upphaf skólaárs yrði tilbúið skólaalmanak, þar sem slíkir dagar og aðrir þeir dagar skólaársins, sem víkja frá venjulegri önn skóladagsins, yrðu nákvæmlega tilgreindir.

Um 63. gr.

Í þessari grein eru grundvallaratriði námsefnis grunnskóla tiltekin, en um öll nákvæmari atriði og vægi einstakra námsgreina er vísað til námsskrár, sem menntamálaráðuneytið mun gefa út að settum nýjum fræðslulögum. Það er sérstaklega tekið fram í greininni, að við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla þurfi að gæta nauðsynlegrar námsaðgreiningar til að laga námið að mismunandi þroska, getu og áhugasviði nemenda.

Gert er ráð fyrir því að í framtíðinni muni, með hliðsjón af breytilegum þörfum og nýjum sjónarmiðum, þurfa að endurskoða námsskrána stöðugt og gefa hana út mun oftar en tíðkazt hefur. Eru þetta m. a. rökin fyrir því, að í greininni eru aðeins tiltekin grundvallaratriði námsefnisins, en ekki talin upp nöfn námsgreina við hvert stig grunnskóla eða vægi þeirra á stundaskrá.

Um 64. gr.

Sjá greinargerð með 2. og 3. gr. Þessi grein stefnir að allverulegri aukningu vikulegs kennslutíma í 1.—6. bekk grunnskóla frá því, sem nú er í barnaskóla, og eilítilli aukningu í 7.—8. bekk frá kennslutíma unglingabekkja nú. Tryggir þessi aukning, ásamt ákvæðum 62. gr., að heildarkennslumagn í 9 ára grunnskóla yrði a. m. k. jafnmikið og það er nú á 10 árum í þeim barna- og gagnfræðaskólum, sem hæstir eru að kennslumagni.

Um 65. gr.

Eigi þótti rétt að setja önnur mörk um lengd kennslustunda en lágmark, er tryggja á sæmilega nýtingu tímans til kennslu, og hámark, sem fyrst og fremst ver nemendur gegn þreytu og tryggir þeim og kennurum nægilega tíðar hvíldir. Gera verður ráð fyrir því, að framvegis fari lengd kennslustunda fyrst og fremst eftir ákvörðun skólastjóra og kennara, og grundvallist slík ákvörðun — innan ofangreindra marka — aðallega á eðli og rökum þess námsefnis, sem fengizt er við hverju sinni.

Um 66. gr.

Mjög erfitt er að koma við hlutlægri rannsókn á því, hver sé heppilegust lengd frímínútna á hverju aldursstigi, og virðist ekki liggja fyrir nokkur fræðileg niðurstaða um það, hver reglan ætti að vera um þetta efni, enda í hæsta máta ólíklegt, að öllum börnum muni henta bezt hið sama, jafnvel þótt þau séu á svipuðum aldri. Nefndin reyndi af þessum sökum að finna skynsamlega heildarreglu til viðmiðunar, en gerði ráð fyrir, að síðan réðu skólastjórar — innan heildarmarkanna — skiptingu stundahléstímans og lengd einstakra frímínútna í hverjum aldursflokki. Viðmiðunin 15 mínútna stundahlé á móti hverjum 100 mínútum kennslu jafngildir því,

að 9 mínútur komi á hvern kenndan klukkutíma, eða því, að á hverja 40 mínútna kennslustund, sem ekki er síðasta kennslustund skóladags, komi rúmlega 7 mínútna stundahlé.

Þess skal getið, að eiginlegt stundahlé, þ. e. hinn raunverulegi tími milli þess, að kennslu lýkur og kennsla hefst, er jafnan nokkru lengri en kennsluhléið er skv. stundatöflu og skólabjöllu. Það tekur auðvitað nokkurn tíma að komast úr kennslustofunni og í hana aftur o. s. frv. Nokkur könnun þessa atriðis var gerð í fáeinum Reykjavíkurskólum skólaárið 1969—1970, og annaðist hana Benedikt Gunnarsson, tæknifræðingur.

Um 67. gr.

Skv. þessum ákvæðum fækkar leyfisdögum í grunnskóla allverulega frá því, sem nú er, og á þetta einkum við um 1.—6. bekk. Jólaleyfi verður svipað því, sem það er nú í gagnfræða- og framhaldsskólum, en um viku skemmra en í barnaskólum nú. Páskaleyfi styttist um einn dag í 7.—9. bekk, en um þrjá daga í 1.—6. bekk. Hin svonefndu mánaðarleyfi leggjast niður skv. ákvæðum greinarinnar. Um aðra leyfisdaga eru ákvæðin svipuð og núgildandi reglur.

Tilgangurinn með fækkun leyfisdaga er bætt nýting skólaársins. Nefndin taldi, að umrædd fækkun og sú kennsluaukning, sem felst í 64. gr., ætti ekki að skapa hættu á of miklu vinnuálagi á nemendur. Í því sambandi er vert að benda á þá 15 (eða 9) daga á skólaárinu, sem verja má til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa, sbr. 62. gr.

Um 68. gr.

Gera verður ráð fyrir því, að í framtíðinni muni smátt og smátt verða dregið úr hinu hefðbundna bekkjarkennslufyrirkomulagi og í þess stað muni aukast, að bekkjardeildir verði sameinaðar í stærri hópa eða skipt í smærri hópa til kennslu, allt eftir rökum námsefnisins og þroskastigi nemenda, sbr. athugasemdir við 65. gr. Þó verður að ætla, að hið hefðbundna fyrirkomulag verði enn um sinn ríkjandi í landinu, og valda þessu m. a. kennsluvenjur og skólahúsnæði. Því þótti eðlilegt að tiltaka hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild til að koma í veg fyrir óeðlilega mikinn fjölda. Ýmsar nágrannaþjóðir vorar hafa tekið ákvæði um þetta atriði upp í fræðslulög sín, t. d. segir í 5. gr. norsku grunnskólalaganna (frá 13. júní 1969), að „eigi skuli vera fleiri en 30 nemendur í einum bekk“ grunnskóla. Í frumvarpi nefndarinnar er gert ráð fyrir svipuðu kerfi, en aðeins sveigjanlegra: að meðalfjöldi nemenda í almennri bekkjardeild grunnskóla skuli ekki vera meiri en 30 og nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild að jafnaði ekki meiri en 32.

Um 69. gr.

Enn um sinn verður að gera ráð fyrir því, að á ýmsum stöðum í strjálbýli verði litlir skólar, þar sem nokkrum árgöngum nemenda, tveimur eða fleiri, er kennt saman. Þar sem kennsla í slíkum skóla verður af augljósum ástæðum erfiðari en ella, þótti rétt að kveða á um hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild í slíkum skólum.

Ákvæði greinarinnar eiga aðeins við 1.—6. bekk grunnskóla; sjá 71. gr.

Um 70. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 71. gr.

Þegar komið er upp í 7. bekk er námsefnið orðið með þeim hætti í flestum greinum, að mjög óheppilegt verður að telja, að tveimur aldursárgöngum sé kennt saman að staðaldri. Af þessum sökum þótti þetta nauðsynlegt ákvæði.

Um 72. gr.

Grein þessi er í samræmi við núgildandi fræðslulög; sjá 59. gr. laga nr. 48/1946 um gagnfræðanám.

Þar sem fámenni er of mikið til þess, að skólahverfi geti starfrækt 7.—9. bekk skv. ákvæðum greinarinnar, er gert ráð fyrir því, að fleiri skólahverfi geti sameinazt um unglingafræðslu grunnskóla. Sjá 16. gr.

Um 73. gr.

Geti skólastjóri hagrætt kennslustörfum svo, að skólinn fullnægi fyrirmælum námsskrár án þess að nota að fullu það hámark reiknaðra stunda, sem skólanum ber, verður að teljast sanngjarnt, að skólinn eigi þá rétt á að nýta sjálfur til aukinnar kennslu verulegan hluta þess, sem sparast. Greinin ætti að geta orðið skólastjórum hvatning til að stefna að sem mestri hagræðingu í starfi.

Sjá að öðru leyti skýringar og útreikninga í kostnaðarkafla greinargerðarinnar.

Um 74. gr.

Hugtakið námsmat er hér notað sem samheiti yfir hvers kyns próf og einkunnagjöf. Námsmati má skipta í samræmi við tilgang sinn, í tvo aðalflokka:

a) Leiðsagnarnámsmat. Það hefur þann megintilgang að veita nemanda og kennara sem tíðasta vitneskju um það, hvernig nemandanum gengur í náminu, í því skyni að beina námi og kennsluaðferð í þá átt, sem vænlegasta má telja til góðs árangurs. Sem dæmi um leiðsagnarnámsmat mætti nefna tíð, örstutt skyndipróf, sem nemandi getur oft leiðrétt sjálfur samkvæmt ábendingum kennara. Einnig mætti nefna æfingar í lok stuttra kafla í kennslubókum, og ræður þá frammistaða nemandans í hlutaðeigandi æfingu gjarnan því, hvort hann les kaflann aftur eða heldur áfram með næsta kafla.
b) Yfirlitsnámsmat. Það hefur þann megintilgang að veita vitneskju um námsárangur nemanda í stórum námsáfanga, t. d. hálfs eða heils vetrar, í tiltekinni námsgrein. Einkunnagjöf yfirlitsnámsmats miðast venjulega við það, hversu miklum hluta heildarprófs nemandinn er talinn hafa valdið, ellegar þá við það, hver staða nemandans er talin vera í samanburði við aðra nemendur í sínum aldursflokki (svokölluð „relatíf“ einkunnagjöf). Yfirlitsnámsmat er venjulega, en þó ekki nauðsynlega, miðað við sérstök lokapróf, og er námsáfanginn, sem um ræðir, venjulega ein önn, eitt kennslumisseri eða eitt skólaár.

Rétt er að geta þess, að engin skörp skil eru milli leiðsagnarnámsmats og yfirlitsnámsmats. Unnt er að beita námsmati svo, að það feli í sér nokkuð af hvoru tveggja.

74. gr. miðar að því, að í grunnskóla framtíðarinnar muni verða sú breyting frá núverandi ástandi, að leiðsagnarnámsmat aukist á kostnað yfirlitsnámsmats. Upphafssetning greinarinnar lýsir stefnu í þessa átt. Sama er að segja um ákvæðin um náin tengsl markmiðssetningar og námsmats og órjúfanlegt samband námsmats við nám og kennslu. Sú tímatakmörkun fyrir heildarpróf, sem greinin tiltekur, gengur einnig í sömu átt, en slík takmörkun er að dómi nefndarinnar afar nauðsynleg.

Gera má ráð fyrir því, að tímatakmörkum greinarinnar verði ekki fyllilega náð, fyrr en ákvæði 78. gr. um nýjar aðferðir við námsmat hafa komið til framkvæmda, a. m. k. að einhverju leyti. Því er í greininni ákvæði um, að menntamálaráðuneytið geti veitt heimild til frávika frá ákvæðunum um prófdagafjölda.

Um 75. gr.

Eðlilegt þótti, að sérhver nemandi fengi við lok grunnskólanáms skírteini, er vottaði, að hann hefði fullnægt þeirri skyldu gagnvart þjóðfélaginu og sjálfum sér að ljúka lögboðnu skyldunámi. Jafnframt var talið nauðsynlegt til upplýsingar, að

nemandinn fengi skírteini, er veitti vitneskju um námsferil hans, þ. á m. námsbraut og námsárangur.

Þessi grein tiltekur ekkert fastákveðið um það, hvort grunnskólanámi skuli ljúka með samræmdu lokaprófi, t. d. í líkingu við landspróf miðskóla nú. Greinin gerir hins vegar ráð fyrir því, að um slík samræmd lokapróf geti verið að ræða í grunnskóla, og 77. gr. heimilar menntamálaráðuneytinu að ákveða slíka tilhögun. Nefndin taldi eðlilegt, að nákvæm ákvæði um samræmd lokapróf yrðu sett í reglugerð í samræmi við lög, en ekki í sjálft lagafrumvarpið. Þess má geta, að undirbúningur að áætlun um breytt próffyrirkomulag í barna- og gagnfræðaskólum er þegar hafinn í menntamálaráðuneytinu, og er hann í samræmi við meginstefnu þessa frv.

Um 76. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 77. gr.

Gert er ráð fyrir því, að námsmat í grunnskóla, bæði leiðsagnar- og yfirlitsnámsmat, verði fyrst og fremst í höndum kennaranna sjálfra. Jafnframt er menntamálaráðuneytinu þó heimilað að ákveða aðra tilhögun, t. d. um samræmd lokapróf í einstökum greinum. Þessi heimild er ekki takmörkuð við 9. bekk grunnskóla, heldur á hún við, hvar sem æskilegt yrði talið að taka upp aðra tilhögun námsmats en þá, sem upphafssetning greinarinnar lýsir. Sjá 78. gr. og athugasemdir við 75. gr.

Um 78. gr.

Greinin miðar að því, að undinn verði bugur að því að útvega skólum samræmd könnunarpróf og stöðluð próf, ásamt sérfræðilegum leiðbeiningum um námsmat. Aðaltilgangur slíkra aðgerða er að auðvelda skólunum sjálfum, þ. e. kennurum og skólastjóra, að meta árangur skólastarfsins og finna, hvar skórinn kreppir í starfi skólans. Einnig mætti hafa samræmd og stöðluð próf til hliðsjónar, þegar einkunnir eru gefnar í yfirlitsnámsmati.

Vert er að benda á það, að stöðlun prófa er afar tímafrekt og vandasamt verk, og verður í því efni að gera ráð fyrir löngum undirbúningstíma. Stöðlun prófs í einhverri grein hefst með söfnun fjölda prófatriða, sem síðan eru lögð fyrir úrtak nemenda, sem eru valdir samkvæmt tilteknum, fræðilegum reglum, til að vera fulltrúar stærri nemendahóps, t. d. aldursárgangs í grunnskóla. Að lokinni þessari forprófun eru síðan valin nokkur prófatriði, sem talin eru mæla vel kunnáttu, skilning o. s. frv., í samræmi við markmið námsins. Nánar tiltekið eru valin atriði, sem greina vel á milli kunnáttu og kunnáttuleysis, skilnings og skilningsleysis, o. s. frv., og einnig er gætt að því, að atriðin séu mismunandi þung og raðað á skynsamlega stigbundinn hátt eftir þyngd; jafnframt er þess gætt, að prófatriðin taki í eðlilegum hlutföllum yfir allt það, sem markmiðsskilgreining námsins tiltekur. Loks eru samdar bráðabirgðareglur um einkunnagjöf. Þetta próf er síðan lagt fyrir allan nemendahópinn, sem prófa á, t. d. heilan aldursárgang. Þá er venjan að meta fyrst úrlausnir tiltekins úrtaks nemenda, fyrst og fremst til að athuga, hvort prófið „komi út“ á svipaðan hátt og búizt var við eða ekki. Ef hið síðara verður reyndin, þarf að breyta bráðabirgðareglunum um einkunnagjöf, en að öðrum kosti má nota þær óbreyttar. Og að öllum þessum undirbúningi loknum eru úrlausnirnar í heild loks metnar og niðurstöður prófsins reiknaðar út og skráðar.

Kosturinn við stöðluð próf er sá, að þau „mæla“ yfirleitt mun betur en önnur próf sakir þess, að beztu prófatriðin hafa verið valin úr fjölda prófatriða samkvæmt forkönnun. Jafnframt vita menn nokkurn veginn nákvæmlega hvað þau mæla, vegna þess að prófatriðin eru gaumgæfilega valin með hliðsjón af skilgreindum kennslumarkmiðum. Í þriðja lagi geta menn vitað nákvæmlega, hvað hver einkunn merkir. Einkunnin 10 gæti t. d. verið skilgreind svo: „umræddur nemandi er meðal hæstu 3% nemenda síns aldursflokks í námsgreininni“. (Þetta væri „relatíf“ einkunnagjöf).

Væri einkunnagjöfin „absolút“, mætti t. d. skilgreina einkunnina 9 sem hér segir: „frammistaða umrædds nemanda er á því bili, að hann skilar 85—94% réttum svörum á prófi, sem er nákvæmlega sniðið eftir kennslumarkmiðum námsgreinarinnar í tilteknum bekk grunnskóla“. Í fjórða lagi eru stöðluð próf afar auðveld í úrvinnslu, ef fyrrgreindur undirbúningur hefur verið nægur og skynsamlegur.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, eru að sönnu mjög eftirsóknarverður ávinningur. Ljóst er þó jafnframt, að ávinningurinn kostar mikla fyrirhöfn, og því er sagt í greininni, að „svo fljótt sem við verður komið“, skuli menntamálaráðuneytið leggja skólunum til stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði.

Það er miklu minna verk og viðráðanlegra að samræma úrvinnslu prófa, sbr. það, sem að ofan var sagt um einkunnagjöf, en að staðla próf. Má búast við því, að slík samræming gæti komið til mjög fljótlega, eftir að tekin yrði ákvörðun um að taka umrædd vinnubrögð upp, t. d. einu eða tveimur árum síðar.

78. gr. var sett í frumvarpið, í stuttu máli sagt, til þess að marka þá stefnu, að nýjar réttmætari, áreiðanlegri og handhægari aðferðir við námsmat yrðu teknar upp, svo fljótt sem auðið væri, í stað núverandi aðferða, sem óneitanlega skortir æðimikið á um réttmæti, áreiðanleika og einfaldleika í úrvinnslu.

Um 79. gr.

Þessi grein kveður á um, það, að sett skuli reglugerð um námsmat fyrir alla nemendur á skólaskyldualdri. Sjá 75. og 77. gr.

Um 80. gr.

Í júlímánuði 1966 var stofnað til vísis að skólarannsóknum í menntamálaráðuneytinu og rúmum tveimur árum síðar, í ágúst 1968, voru rannsóknirnar gerðar að sérstakri deild í ráðuneytinu, skólarannsóknadeild. Greinin gerir ráð fyrir því, að deildin starfi áfram, og tiltekur meginverkefni hennar í stórum dráttum. Verkefnin eru tilgreind í samræmi við það, sem deildin hefur hingað til fengizt við, auk þess sem bætt er við atriðum, einkum viðvíkjandi gerð staðlaðra prófa og tillögugerð um nýjungar í kennaranámi, sem æskilegt var talið, að deildin fengist einnig við.

Um 81. gr.

Gera má ráð fyrir því, að á næstu árum muni skólarannsóknir og hvers kyns uppeldisfræðileg rannsóknarstarfsemi aukast talsvert á Íslandi. Ætla má, að miðstöðvar umræddrar rannsóknarstarfsemi verði einkum þessar: Háskóli Íslands og Kennaraskóli Íslands (sem e. t. v. ræku í sameiningu rannsóknarstofnun uppeldismála), sálfræðideild skóla í Reykjavík og skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins.

Uppeldisrannsóknanefnd þeirri, sem greinin fjallar um, er ætlað að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun þeirra aðila, sem við slíkar rannsóknir fást, að samhæfa eftir föngum verkefni þeirra og að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um úthlutun tiltekins kvóta þess fjár, sem árlega er varið úr ríkissjóði til rannsóknarverkefna á sviði skóla- og uppeldismála. Tilgangurinn með þessum stofnumiðum er góð nýting starfskrafta og fjármuna. Sjá 82. og 83. gr.

Um 82. gr.

Nefndin taldi eðlilegt að miða fjárveitingu til rannsóknarstarfsemi á sviði skóla- og uppeldismála við ákveðið hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs til skólamála. Með því yrði tryggt, að auknu skólastarfi fylgdu efldar skólarannsóknir, en slíkt hlýtur að teljast mjög augljós nauðsyn.

Viðmiðunin, sem hlutfallið tekur til, er takmarkað við þau skólastig, sem ætla má, að starf skólarannsóknadeildar muni takmarkast við næstu árin. Samkvæmt fjárlögum 1970 nemur 1% heildarútgjalda ríkissjóðs til stofn- og rekstrarkostnaðar

grunnskóla og framhaldsskóla um 11 milljónum króna, en af þeirri upphæð rynnu, skv. ákvæðum greinarinnar, a. m. k. ⅔, eða um 7.3 milljónir, til skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins. Ætti að nægja að benda á tvö eða þrjú þeirra verkefna deildarinnar, sem tiltekin eru í 80. gr., til þess að gefa vísbendingu um það, að þessi fjárhæð yrði sízt of mikil: gerð staðlaðra prófa og endurskoðun námsefnis og námsskrár. Sjá töflu og athugasemdir við 59. gr.

Um fjárþörf annarra aðila til rannsóknarstarfsemi á sviði skóla- og uppeldismála er örðugt að segja, meðan svo fáar rannsóknaráætlanir hafa verið gerðar, en nefndinni þótti ekki óeðlilegt, að ráðuneytið gæti varið allt að þriðjungi umræddsins hlutfalls til slíkra aðila í samræmi við ákvæði 83. gr.

Um 83. gr.

Sjá athugasemdir við 81. gr.

Um 84. gr.

Þessi grein er nýjung. Rök hennar eru þau, að ýmsar kennslutilraunir, sem æskilegar eru taldar, geta verið svo umfangsmiklar og/eða róttækar, að því er varðar skipulagningu, kennsluaðferðir, námsefni o. fl., að þær geta ekki „notið sín“ nema því aðeins, að undanþágur séu veittar frá ákvæðum laga og reglugerða varðandi þau atriði, sem tiltekin eru í greininni. Sem dæmi um slíka kennslutilraun mætti nefna áætlanir Reykjavíkurborgar um sameinaðan framhaldsskóla að loknu skyldunámi. Ekki er ósennilegt, að ýmsir aðrir aðilar kynnu að æskja þess síðar að notfæra sér slík heimildarákvæði um tilraunaskóla, t. d. Kennaraskóli Íslands (vegna Æfinga- og tilraunaskólans), svo og ýmis sveitarfélög, þar sem mikill áhugi ríkir á skólamálum.

Sanngjarnt þótti, að yrði um viðbótarkostnað að ræða við slíkan tilraunaskóla, þá yrði viðhöfð sú helmingaskipting kostnaðar, sem seinni mgr. greinarinnar tiltekur.

Um 85. gr.

Þar sem stofnun grunnskóla á Íslandi yrði afar djúptæk og umfangsmikil breyting frá núverandi skólaháttum, þótti rétt að fara að dæmi Norðmanna (sbr. norsku grunnskólalögin) og setja í frumvarpið ákvæði um grunnskólaráð, er yrði menntamálaráðuneytinu til ráðgjafar um kennslufræðileg málefni grunnskólans. Þeir sjö menn, sem greinin áformar, að taki sæti í ráðinu, eru fulltrúar þeirra aðila, sem ætla má, að hin umfangsmikla nýjung muni hvíla þyngst á: kennara, kennaramenntastofnana, Ríkisútgáfu námsbóka og skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, sbr. 80. gr.

Um 86. gr.

Þessi grein er efnislega í samræmi við 53. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, að öðru leyti en því, að bætt er við ákvæði um það, að menntamálaráðuneytið geti viðurkennt forskóla, sem eru einkaskólar, enda hefur slíkt raunar verið gert í mörg ár. Sjá 93. gr. þessa frumvarps og 54. gr. fyrrnefndra laga um fræðslu barna.

Um 87. gr.

Nefndin taldi, að svokölluð „tímakennsla“ óskólaskyldra barna væri í allmörgum tilvikum varhugaverð og hefði miður heppileg áhrif á nám barnanna síðar meir, ekki sízt vegna þess, að slík kennsla er oft í höndum einstaklinga, sem ekki hafa lært til kennslustarfa. Því var sett í frumvarpið grein um það, að slík kennsla skyldi háð leyfi fræðslustjóra.

Um 88. gr.

Grein þessi ákveður það sem aðalreglu, að skólaskylda barns hefjist við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára, og er þetta óbreytt frá núgildandi reglum. Hitt er nýmæli, að greinin tiltekur, að börn, sem verða sex ára gömul

á fyrri hluta árs, geti hafið grunnskólanám það ár, og að barn, sem verður sjö ára á seinni hluta árs, geti frestað námi um ár, hvort tveggja að því tilskildu, að forráðamenn barnsins sæki um eða samþykki slíkt og sálfræðiþjónusta skólans mæli með því. Jafnframt gerir greinin ráð fyrir því, að heimilt verði í undantekningartilvikum, að barn, sem nær sex ára aldri á síðari hluta almanaksárs, hefji grunnskólanám það ár, enda er þess þá krafizt, að sálfræðiþjónusta skólans og skólalæknir mæli með slíku hvor fyrir sitt leyti.

Umrædd heimildarákvæði um flýtingu og seinkun nemenda eru sett til þess að auðvelda það, að grunnskólinn geti betur en ella komið til móts við mismunandi aldursþroska og námshæfileika nemenda. Sjá greinargerð með 2. gr.

Um 89. gr.

Greinin er sett til þess að tryggja, að nemendum verði ekki á starfstíma skóla íþyngt svo með vinnu utan skólans, að þeir fái ekki hvílzt sem skyldi og skorti orku til að rækja nám sitt svo, að námsgeta þeirra megi njóta sín og góður námsárangur nást. Sjá einnig 41. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og 40. gr. reglugerðar nr. 105/1970 skv. þeim lögum.

Um 90. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 91. gr.

Þessi grein er afar ýtarleg og virðist ekki þarfnast sérstakra skýringa. Megintilgangurinn með henni er að tryggja, að verði nemanda eitthvað ámælisvert á í skólanum, þá kostgæfi skólinn að sýna honum nærgætni, að leita orsaka að vandkvæðum hans og forðast brottvikningu hans úr skóla í lengstu lög.

Um 92. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli í fræðslulögum. Þau þarfnast ekki skýringa.

Um 93. gr.

Grein þessi er svipuð 54. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, en öllu ýtarlegri. Hún gerir ráð fyrir því, að forskólar verði í tengslum við grunnskóla, að kennsluna annist barnakennarar með kennaraprófi, og hafi þeir forgangsrétt til starfsins, sem hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara. Jafnframt verði heimilt að ráða fóstrur til starfa í forskólum.

Eftirspurn eftir forskólakennslu, einkum fyrir 6 ára börn, fer nú mjög vaxandi í landinu, sérstaklega í þéttbýli. Er því nauðsynlegt, að skýr heimildarákvæði í lögum gildi um slíka fræðslu. Sjá jafnframt 86. gr.

Um 94. gr.

Telja verður, að grunnskóli geti alls ekki rækt hlutverk sitt í samræmi við markmið 1. og 63. gr. nema því aðeins, að við hann sé bókasafn og lesstofa.

Skólabókasöfn eru svið, sem fremur lítið hefur verið sinnt á Íslandi til þessa, og er eðlilegt, að undinn verði bugur að bráðum aðgerðum í þessu efni, eigi síðar en við setningu nýrra fræðslulaga um skyldunámsstigið.

Um 95. gr.

Rétt þótti að setja í frumvarp til laga um grunnskóla ákvæði um heilsuvernd í slíkum skólum, enda þótt gert sé ráð fyrir því, að sérstök lög og reglugerð muni áfram gilda um þetta atriði. Það er afar mikilvægt, að þeir aðilar, sem annast og stjórna heilsuvernd í skólum, hafi samráð og gott samstarf um verksvið sitt við fræðslustjóra og skólastjóra. Aðaltilgangurinn með greininni er að tryggja slíka samvinnu. Sjá einnig 58. gr.

Um 96. gr.

Nauðsyn þess að setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir allt landið er nú orðin svo brýn, að um hana verður ekki lengur deilt. Sálfræðideild skóla í Reykjavík var stofnuð við Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur fyrir 10 árum, og hefur sú deild unnið mjög gagnlegt starf, en eftirspurnin eftir þjónustu hennar hefur verið slík, að deildin hefur orðið að takmarka störf sín að mestu við barnastigið, enda þótt þörfin fyrir sálfræðiþjónustu sé sízt minni á gagnfræðastiginu. Úti á landi hafa foreldrar og skólamenn árum saman óskað eftir sálfræðiþjónustu, og hafa ýmsar bænaskrár og samþykktir verið gerðar, er að þessu hníga. Loks hafa landssamtök kennara, einkum barnakennara, sýnt málinu mikinn áhuga.

Af ofangreindum sökum taldi fræðslulaganefnd einsýnt, að setja þyrfti í frumvarp til laga um grunnskóla ákvæði um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir skóla skyldunámsins. Fól nefndin sérstakri undirnefnd sérfróðra manna að gera tillögur að lagaákvæðum um þessi atriði, og störfuðu í henni þeir Jónas Pálsson, sálfræðingur, Kristinn Björnsson, sálfræðingur, Stefán Ól. Jónsson, fulltrúi, og Þorsteinn Sigurðsson, talkennari. Eru ákvæði 96.—102. gr. sniðin, með nokkrum breytingum, eftir tillögum sérfræðinganna.

Gert er ráð fyrir því, að reynt verði að veita ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu úti í fræðsluumdæmunum, en binda þjónustuna ekki eingöngu við sálfræðimiðstöð í Reykjavík. Því er áformað, að sálfræðideild verði við hverja fræðsluskrifstofu landsins, en þó geti tvö eða fleiri fræðsluhéruð sameinazt um þessa þjónustu, ef menntamálaráðuneytinu þykir betur henta, og verði þá settar sérstakar reglur um slíka samvinnu.

Við ákvörðun nemendafjölda fyrir hvern sálfræðing var höfð hliðsjón af norskri fyrirmynd, en í Noregi er miðað við 3000 nemendur á sálfræðing í þéttbýli, en lægri tölu í strjálbýli. Rétt þótti að setja töluna við 2500 nemendur hér með tilliti til þess, að hér er aðstaða sízt auðveldari en í Noregi og minna um aðrar stofnanir, er vinna að sálgæzlu ungmenna og létt geta starf sálfræðiþjónustu skólanna. Í Noregi er gert ráð fyrir félagsráðgjafa í hálfu starfi til aðstoðar hverjum sálfræðingi, og er hið sama gert hér viðvíkjandi 1.—6. bekk. Auk þess er hér, varðandi sömu bekki, gert ráð fyrir sérkennara í hálfu starfi. Er þetta gert vegna þeirrar stefnu í sálfræðiþjónustu, sem nú er víðast ríkjandi, að slík þjónusta eigi að vera áhrifaaðili í sjálfu skólastarfinu og annast leiðsögn og upplýsingamiðlun úti í skólunum. Með tilliti til þessa þótti eðlilegt að bæta við starfsmanni, og var þá talið eðlilegt, að um yrði að ræða mann með sérstaka reynslu í skólastarfi.

Fyrir 7.—9. bekk verður eðli starfsins nokkuð annað en fyrir yngri bekki grunnskóla. Nú kemur m. a. til greina bein ráðgjöf til nemenda um starfsaðferðir við nám, um ýmis persónuleg og geðræn vandkvæði, sem mörg eru ný af nálinni; auk þess leiðbeiningar um náms- og starfsval o. fl. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að gera ráð fyrir meira starfsliði fyrir 7.—9. bekk en fyrir yngri bekki, miðað við nemendafjölda, og þá í nokkuð öðru formi. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir skólaráðgjafa fyrir hverja 500 nemendur í 7.—9. bekk, og starfi slíkir ráðgjafar í skólunum sjálfum, sbr. 98. gr. Þetta er í samræmi við það, sem nú mun gert ráð fyrir í menntaskólum og kennaraskóla, en sízt mun minni þörf á skólaráðgjöfum á unglingastigi grunnskóla. Auk þessa er gert ráð fyrir því, að einn sálfræðingur við sálfræðideild komi á hverja 2500 nemendur 7.—9. bekkjar, og er þetta sama hlutfall og fyrir yngri bekki. Áformað er, að sálfræðiþjónustan verði skólaráðgjöfunum til stuðnings, og yrði það þá verkefni sálfræðideildar að taka að sér afar vandasöm mál, sem örðugt er að vinna að í skólunum sjálfum. Ekki er gert ráð fyrir félagsráðgjafa eða sérkennara til þjónustu fyrir 7.—9. bekk, þar eð skólaráðgjafar rækja verkefni þeirra þar.

Nokkur ráðgefandi læknisþjónusta er nauðsynleg við sálfræðideildir. Þykir víða hæfilegt, að sérfróður barna- eða geðlæknir starfi í tvo tíma á viku á móti hverjum

sálfræðingi. Því var sett í frumvarpið heimildarákvæði um læknisþjónustu við sálfræðideildir.

Loks taldi nefndin eðlilegt, að kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu yrði greiddur að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum.

Um 97. gr.

Nauðsynlegt var talið að skilgreina hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í frumvarpinu. Viðvíkjandi b-lið var ákveðið að telja ekki upp tegundir afbrigða, heldur yrði slíkt gert í reglugerð, sbr. 102. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 98. gr.

Hér er gert ráð fyrir því um stjórnun sálfræðiþjónustu, að sálfræðideild sé nánast hliðstæða skóla og lúti á sama hátt og grunnskólar stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra, en yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, sbr. 99. gr. Skólaráðgjafar verði starfsmenn sálfræðideildar, sem skipuleggur störf þeirra, sbr. einnig 96. gr., en hins vegar starfi þeir og hafi aðsetur í skólunum sjálfum.

Um 99. gr.

Eðlilegt er, að yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sé í höndum menntamálaráðuneytisins, sbr. 96. og 98. gr.

Heimildarákvæði er í greininni um, að ráðuneytið geti falið tiltekinni stofnun, t. d. sálfræðideild, að annast fræðilega leiðbeiningarstarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðiþjónustu í landinu. Það er afar mikilvægt að tryggja, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta sé hvarvetna í landinu reist á traustum, fræðilegum grunni og þekkingu, og er eðlilegt, að hinum reyndustu sérfræðingum á þessu sviði verði falið að annast slíka umsjón, eftirlit, leiðbeiningar og hugsanlega framhaldsþjálfun. Miðað við núverandi aðstæður virðist eðlilegast, að sálfræðideild skóla í Reykjavík verði falið að annast þessa sérfræðilegu umsjón fyrir hönd menntamálaráðuneytisins.

Um 100. gr.

Þörfin fyrir aukna starfsfræðslu á unglinga- (gagnfræða-) og framhaldsskólastigi hefur komið skýrlega í ljós að undanförnu, og nægir í því sambandi að nefna mikla og vaxandi eftirspurn eftir ráðgjöf og þjónustu þess fulltrúa Fræðslumálaskrifstofunnar, sem haft hefur starfsfræðslu meðal verkefna sinna undanfarin ár. Því ákvað nefndin að setja í frumvarpið sérstök ákvæði um starfsfræðslu og starfsvalsleiðbeiningar. Þótti eðlilegt, að þessi þjónusta yrði á vegum menntamálaráðuneytisins. Hér er um að ræða upplýsinga- og leiðbeiningarstarfsemi, sem sérfróður maður um skólakerfi og atvinnulíf þarf að sjá um m. a. með því að sjá skólaráðgjöfum og öðrum, sem á þurfa að halda, fyrir handbókum og ýmsum þeim upplýsingum öðrum, sem nefndar eru í greininni.

Um 101. gr.

Tryggja verður, að skólasálfræðingar, þ. e. sálfræðingar við sálfræðideildir skóla, hafi góða menntun og forstöðumenn sálfræðideilda auk þess nægilega starfsreynslu við sálfræðiþjónustu. Sjá jafnframt 96. og 102. gr.

Um 102. gr.

Nauðsynlegt er að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, menntunarkröfur til starfsmanna hennar o. fl. Sjá 96., 97., 99. og 101. gr.

Um 103. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Sjá 12. gr. og athugasemdir við hana.

Kostnaðaráhrif.

Í þessum hluta greinargerðarinnar verður svo sem kostur er á reynt að gera ljósar þær breytingar á kostnaði við skólahald, sem af framkvæmd þeirra nýmæla, sem í frumvarpinu felast, munu hljótast, ef að lögum verður.

Í þeim tilgangi verður það borið saman við núverandi fyrirkomulag skólahalds á þessu stigi og reynt að gera grein fyrir kostnaðaráhrifum einstakra atriða, er breytast munu.

Margt veldur því, að hér verður að nokkru um ágizkanir að ræða. Ekki er alltaf mögulegt að gera á því skil, hver áhrif stafa beinlínis af nýmælum frumvarpsins, hver af enn óframkvæmdum ákvæðum eldri laga og hver af öðrum breytingum, sem verða munu á skólahaldi hvort sem þetta frumvarp verður samþykkt eða ekki. Þá eru og lítt fyrirsjáanleg ýmis óbein áhrif, sem það kann að valda. Má þar nefna áhrif á skólasókn og skólahald á öðrum stigum skólakerfisins, áhrif á launakjör kennara o. s. frv.

Að lokum er þess að geta, að hér verður ekki gerð tilraun til mats á því, hvort fyrirhugaðar breytingar séu þess virði, að lagt sé í óhjákvæmilegan kostnað þeirra vegna. Bæði er, að ýmsar breytinganna snerta gæði skólahaldsins og áhrif þeirra eru ekki metanleg og hitt, að tilgangur og markmið menntunar eru fjölþættari og ómælanlegri en svo, að slíku mati verði við komið.

Hér verður því fyrst og fremst um kostnaðarsamanburð mismunandi leiða að hliðstæðum áfangastöðum að ræða.

Hér verður nær einungis fjallað um kostnað ríkisins af skólahaldi og þá fyrst og fremst um launakostnað, sem er þar langtum stærstur liður, en látið nægja að geta um horfur á breytingu þess kostnaðar, sem sveitarfélög og einstaklingar bera, þar sem ástæða þykir til.

Samkvæmt frumvarpinu er 9 ára grunnskóla ætlað að leysa það verkefni, sem barna- og gagnfræðastigsskólar hafa leyst á 10 árum, og auk þess að hluta verkefni 1. bekkjar menntaskóla, þar sem reiknað er með mögulegri styttingu þeirra sem afleiðingu frumvarpsins.

Til samanburðar við áætlaðan grunnskóla verða því teknir barna- og gagnfræðaskólar í núverandi mynd, en áhrifum af breyttri lengd menntaskóla gerð skil síðar.

Þau atriði, sem áhrif hafa á árlegan kostnað ríkisins af skólahaldi, eru gróft og ekki tæmandi flokkuð þessi: Nemendafjöldi, daglegur og árlegur kennslustundafjöldi á nemanda, launakjör, starfs- og menntunarkröfur til kennara, kennsluhættir, m. a. bekkjastærðir og kennslutæki, kröfur til kennsluhúsnæðis, skipulag stjórnunarmála, kennslufræðileg starfsemi og félagsleg þjónusta við nemendur.

Ákvæði frumvarpsins snerta beint tvö fyrstu og þrjú síðast nefndu atriðin og verða þeim hér gerð nokkur skil, en hin, sem kunna að verða fyrir óbeinum áhrifum, látin að mestu liggja á milli hluta.

1. Fjöldi nemenda.

Fjöldi nemenda í barna- og gagnfræðastigsskólum landsins hefur vaxið mjög ört á undanförnum árum og áratugum. Hefur valdið samverkan stækkandi aldursárganga og vaxandi skólasókn.

Töflurnar sýna þá breytingu, sem orðið hefur frá 1930 eða alllöngu áður en gildandi fræðslulög voru sett.

Barnastig:	Fjöldi		
Ár	1. 7—12 ára barna	2. nemenda í barnaskólum	2. sem hundraðshluti af 1.
1930	13 659	8 265	60.6
1940	14 993	12.831	85.6
1950	15 020	14 216	94.6
1960	23 407	22 795	97.4
1969	27 375	ca. 27 050	98.8

Gagnfræðastig:	Fjöldi		
Ár	1. unglinga 13—16 ára	2. nemenda í gagnfræðastigsskólum	2. sem hundraðshluti af 1.
1930	8 370	2 700	32.3
1940	9 532	4 096	43.0
1950	9 404	5 509	58.6
1960	13 139	9 019	68.6
1965	15 450	11 849	76.8
1967	16 150	12 782	79.1
1969	17 047	ca. 14 380	84.4

Síðasti dálkur taflnanna sýnir ekki nákvæmlega hlutfallslega skólasókn. Veldur því meiri aldursdreifing nemenda en fjöldi viðmiðunarárganga segir til um og eins hitt, að ekki eru taldir allir þeir skólar, sem nemendur á þessum aldri sækja. Þó er augljóst, að skólasókn hefur vaxið mjög hin síðustu ár.

Í þeim tveimur bekkjum gagnfræðaskóla, sem ákvæði frv. hafa mest áhrif á, þ. e. 3. bekk, sem verður hluti skyldunáms, og 4. bekk, sem ætlað er að hverfa í núverandi mynd, hefur fjöldi nemenda og stærð aldursárganga á síðustu árum verið þessi:

Ár	15 ára árgangur	nem. 3. bekkjar	%	16 ára árgangur	nem. 4. bekkjar	%
1964	3705	2540	68.7	3675	1137	30.9
1965	3917	2777	70.8	3705	1278	34.5
1966	3870	3057	78.9	3917	1403	35.8
1967	3930	3197	81.2	3870	1566	40.5
1968	4037	3569	86.3	3930	1691	43.0
1969	4170	3875	92.9	4137	1891	45.7

Hlutfallstölur þessar fyrir 3. bekk munu vera allnokkru hærri en skólasókn 15 ára aldursárgangs, þar sem endurseta í þessum bekk er tíð eða skv. könnun 1967/1968 um 8.5%.

Breyting á fjölda í aldursárgöngum hefur átt mikinn þátt í breytingu nemendafjöldans og er því veigameiri sem skólasóknin eykst meir. Er svo komið, að þetta atriði er sem næst einrátt um nemendafjölda á barnaskólastigi og mun einnig verða svo á grunnskólastiginu öllu innan tíðar. Er því með nokkru öryggi mögulegt að segja fyrir um nemendafjölda í grunnskólum einn til hálfan annan áratug fram í tímann.

Skv. mannfjöldaáætlun Efnahagsstofnunarinnar verður fjöldi barna og unglinga á aldrinum 7—15 ára á nokkrum komandi árum þessi:

Ár	7—12 ára	13—15 ára	Samtals
1970	27 520	13 290	40 810
1972	27 526	13 657	41 183
1974	27 303	13 738	41 041
1976	26 367	13 716	40 083
1978	25 710	13 803	39 513
1980	25 658	13 372	39 030
1982	26 491	12 645	39 136
1984	27 567	12 590	40 157
1985	28 096	12 821	40 917

Af völdum stórfelldrar lækkunar frjósemistalna kvenna frá því um 1960 mun, sé ekki gert ráð fyrir frekari breytingum í því efni, fjöldi barna og unglinga á grunnskólaaldri 1980 verða um 2000 eða 5% lægri en hann verður 1972.

Sé borinn saman fjöldi nemenda í barna- og gagnfræðaskólum nú og áætlaður fjöldi í grunnskóla, verður einnig að taka tillit til þeirrar aukningar nemendafjöldans, sem stafar af seinkun í námi vegna endursetu. Árið 1967 var sú aukning í 1.—3. bekk gagnfræðastigs um 4.5% nemendafjöldans. Í barnaskólum mun sú tala vera til muna lægri, en á móti kemur sú flýting einstakra nemenda, sem gert er ráð fyrir. Hér verður gert ráð fyrir, að seinkun umfram flýtingu valdi um 3% aukningu nemendafjöldans á ári hverju.

Samkvæmt greinargerð með 10. gr. er gert ráð fyrir, að sérstofnanir þurfi fyrir um 2.2% barna á skólaaldri, og verða þau ekki talin með í tölum hér á eftir.

Á grundvelli ofangreindra talna skal nú gerður samanburður nemendafjölda í barna- og gagnfræðastigsskólum (án sérstofnana og framhaldsdeilda) skólaárið 1969/1970 og þeim hluta þeirra, sem ætla mætti að sótt hefði grunnskóla.

Skólaárið 1969/1970 voru í barnaskólum og 1.—4. bekk gagnfræðaskóla um 41 450 nemendur, þar af í 4. bekk um 1900 nemendur.

Með fullri skólasókn á núverandi skyldunámsstigi, en öðru óbreyttu, hefðu nemendur verið um 42 000 þar af um 1900 í 4. bekk.

Í fyrirhuguðum grunnskóla hefði að óbreyttri skólasókn tala nemenda allra árganga verið um 39 500.

Í fyrirhuguðum grunnskóla með fullri skólasókn allra árganga hefði tala nemenda verið um 40 600.

Nemendur grunnskóla hefðu þannig verið minnst 850 færri en fjöldi nemenda 1969/1970 í þeim skólum, sem honum er ætlað að leysa af hólmi. Á sama hátt verður séð, að fjöldi nemenda í grunnskóla, ef til kemur, yrði á næsta hálfum öðrum áratug mest ca. 41 500 miðað við fulla skólasókn um 1972/73, en minnst ca. 39 300 einnig miðað við fulla skólasókn um 1980. Með tilliti til þess að enn er ekki fyrirsjáanleg sú lausn, er þarf til þess að gera fulla skólasókn í dreifbýli mögulega, virðist hóflegt að ætla fjölda nemenda í grunnskólum um 41 000 um 1972, en þeim fari fækkandi í rösk 39 000 um 1980, en síðan vaxandi í samræmi við fjölgun barna og unglinga.

2. Fjöldi kennslustunda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir nokkurri aukningu á þeim námsstundafjölda, sem hverjum nemanda er ætlað að fá á ári hverju. Stafar það annars vegar af aukinni daglegri kennslu, einkum í yngri aldursflokkum og hins vegar af lengingu núverandi gagnfræðastigsskóla úr 8 mánaða skólum í 9 mánaða skóla. Í greinargerð með frumvarpi til laga um skólakerfi, var gerð grein fyrir því kennslumagni, sem ætlað er, að nemendur fái á ári hverju. Til greiðslu koma nokkru fleiri stundir á nemanda en þar er greint vegna skólaleyfa. Með núverandi fyrirkomulagi koma til greiðslu á nemanda að jafnaði á ári hverju, ef miðað er við fulla sókn í skyldunám og sókn í 3. og 4. bekk gagnfræðastigs svipuð og verið hefur á síðustu árum, um 1055 kennslustundir. Samkvæmt frumvarpinu miðað við fulla skólasókn í grunnskóla verður sá fjöldi 1184 og er því hér um ca. 12.2% aukningu að ræða.

3. Launakostnaður við grunnskóla.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir breytingum, sem væntanlega verða á 2 af 3 atriðum, er meginmáli skipta, ef áætla skal launakostnað í skólum. Þriðja atriðið er launakjör kennara og þær kröfur, sem gerðar verða til þeirra varðandi menntun.

Ógerningur er á þessu stigi málsins að sjá fyrir þær breytingar, sem þar á verða, sem beinar eða óbeinar afleiðingar þessa frumvarps, ef að lögum verður. Því verður hér valinn sá kostur að líta svo á, að launakjör þeirra haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Auk hins lengda kennslutíma er í frumvarpinu að finna nokkur nýmæli, sem koma til með að valda auknum launakostnaði m. a. starfræksla skólabókasafna og aukin námshjálp fyrir afbrigðilega og seinfæra nemendur.

Við áætlun launakostnaðar í grunnskólum og samanburð hans við núverandi fyrirkomulag hefur verið beitt aðferðum hliðstæðum þeim, sem notaðar hafa verið við undirbúning fjárlaga, síðan skólakostnaðarlögin frá 1967 komu til framkvæmda. Áætluð hefur verið hámarks notkun reiknaðra stunda skv. 19. gr. skólakostnaðarlaganna fyrir núverandi fyrirkomulag, en skv. 30. gr. frumvarpsins fyrir ætlaðan grunnskóla og sá stundafjöldi margfaldaður með meðalverði reiknaðrar stundar í marz 1970, í barnaskólum miðað við 16. launaflokk, í gagnfræðastigsskólum við 18. launaflokk. Í því sambandi var tekin til greina skipting reiknaðra stunda í skyldu-vinnu fastra kennara, yfirvinnu og stundakennslu og launamismun skólastjóra og kennara var jafnað niður á skyldustundir kennara.

Til þess að gera gleggri grein fyrir orsökum aukins launakostnaðar verður hann reiknaður út í þessum áföngum:

a) Óbreytt fyrirkomulag skólahalds og skólasókn eins og hún er nú.
b) Allir barnaskólar starfi í 9 mánuði og gagnfræðastigsskólar í 8 mánuði.
c) Full skólasókn í skyldunámsskóla, fjöldi annarra nemenda og starfstími sem í b.
d) Allir skólar starfi í 9 mánuði, nemendafjöldi sem í c.
e) Grunnskóli skv. ákvæðum frumvarpsins, full skólasókn og kennsla.

a) Óbreytt fyrirkomulag.

Skólaárið 1969—70 voru í barnaskólum (án forskóla og sérstofnana) um 27050 nemendur, er skiptust svo á skólahverfi eftir fjölda nemenda og starfstíma skóla.

Nemendur í barnaskólum 1969—70.

Starfstími skóla í mán.

Fjöldi nemenda í skólahverfinu	9	8	7	6	5	4	3	Samtals
1— 10				25	10	27	34	96
11— 20		37	105	129	73	17	11	372
21— 40		641	483	184				1.308
41— 80		1.949	457	55				2.461
81— 160	423	2.867	82					3.372
161— 240	200	374						574
241—2000	9.244							9.244
Yfir 2000	9.624							9.624
Samtals	19.491	5.868	1.127	393	83	44	45	27.051

Í gagnfræðastigsskólum voru sama skólaár 14383 nemendur og sýnir eftirfarandi tafla skiptingu þeirra á skólahverfastærðir og starfstíma.

Nemendur í gagnfræðastigsskólum.
Starfstími skóla í mán.

Fjöldi nemenda í skólahverfinu	8	7,5	7	6	Samtals
1— 10		7	124	11	142
11— 20		48	307	14	369
21— 40	81	266	510		857
41— 80	463	137	200		800
81— 160	2.190				2.190
161— 240	606				606
241—2000	3.882				3.882
Yfir 2000	5.537				5.537
Samtals	12.759	458	1.141	25	14.383

Eftir þessum töflum og í samræmi við 19. grein skólakostnaðarlaganna var hámark reiknaðra stunda í hverjum starfsflokki:

Starfstími í mánuðum	9	8	7,5	7	6	5	4	3	Alls
Hámark reikn.st. í þús.:									
í barnaskólum	933,1	315,6		60,4	19,4	3,6	1,6	1,2	1.336
í gagnfræðastigsskólum		709,5	33,9	82,2	1,7				827

Reiknaðar stundir á gagnfræðastigi eru miðaðar við 45 mínútna kennslustundir og samsvarar 931 þús. 40 mínútna stundum.

Laun á hverja reiknaða stund eru mjög misjöfn eftir starfstíma skóla. Stafar sá mismunur annars vegar af því, að skyldustundum kennara fækkar örar en laun lækka með styttri starfstíma og hins vegar af því, að laun skólastjóra eru því stærri hluti launa, því smærri og þar með styttri sem skólinn er.

Eftirfarandi tafla sýnir laun á hverja reiknaða stund eftir starfstíma skóla:

Starfstími í mánuðum	9	8	7,5	7	6	5	4	3
Laun á reikn.st.:								
í barnaskólum	177,40	193,90		211,20	223,50	213,90	206,70	196,70
í gagnfræðast.sk.		235,80	236,80	241,60	253,30			

Samkvæmt þessu yrði launakostnaður:

Í barnaskólum ..... 245 millj. kr.
Í gagnfræðastigsskólum ..... 196 — —

b) Allir barnaskólar 9 mán. og gagnfræðaskólar 8 mán.

Nemendafjöldinn héldist óbreyttur sem og skipting hans á stærðarflokka, en fjöldi reiknaðra stunda eykst í samræmi við aukinn starfstíma. Laun á reiknaða stund lækka nokkuð og verða:

Í barnaskólum ..... 179.50 kr.
Í gagnfræðastigsskólum ..... 235.50 —
og reiknaðar stundir og launakostnaður yrði:

	Reiknaðar stundir		Laun
Í barnaskólum	(40 mín.)	1.407 þús.	253 millj. kr.
Í gagnfræðastigsskólum	(45 mín.)	842 þús.	198 millj. kr.

c) Full skólasókn á núverandi skyldunámsstigi annað óbreytt frá b).

Nemendur yrðu um 500 fleiri en nú er og skiptust á hina smærri skóla. Reiknaðar stundir og launakostnaður yrði þá:

	Reiknaðar stundir		Laun
Í barnaskólum	(40 mín.)	1.428 þús.	256 millj. kr.
Í gagnfræðastigsskólum	(45 mín.)	853 þús.	201 millj. kr.

d) Allir skólar starfa 9 námuði.

Nemendafjöldi yrði óbreyttur frá því sem miðað er við í lið c), en reiknuðum stundum á gagnfræðastigi myndi fjölga um 12.5%. Þessi breyting kynni að hafa áhrif á laun á reiknaða stund á gagnfræðastigi til lækkunar, ef árslaun gagnfræðaskólakennara héldust óbreytt, en þau eru nú í 8 mánaða skóla miðuð við 9 mánaða starf, eða ef þau hækkuðu um 1/12, sem samsvarar núverandi reglum. Til að gera ráð fyrir mestu hækkun, sem af þessari breytingu gæti leitt, er þó hér miðað við að árslaun hækki í sama hlutfalli og árlegur skyldustundafjöldi og haldist því laun á reiknaða stund óbreytt.

Fjöldi reiknaðra stunda og laun yrðu þá:

	Reiknaðar stundir		Laun
Í barnaskólum	(40 mín.)	1.428 þús.	256 millj. kr.
Í gagnfræðastigsskólum	(45 mín.)	960 þús.	226 millj. kr.

e) Grunnskóli skv. frumvarpinu.

Ef miðað er við fulla skólasókn allra aldursárganga yrðu nemendur um 40 600 eða um 850 færri en nú eru í barna- og gagnfræðastigsskólum, þar sem núverandi 4. bekkur félli niður.

Reiknaðar stundir á ári miðað við 30 stundir á viku á stundaskrá að jafnaði yrðu 2 335 þús.

Ef gert er ráð fyrir að 5% barna njóti sérkennslu skv. 9. grein frumvarpsins, hækkar fjöldi reiknaðra stunda um 4.5%.

Kennsla í öllum skólum samkvæmt ákvæðum 64. greinar að viðbættum stundum vegna starfa í bókasafni sbr. d-lið 30. greinar, gerir að meðaltali 33% á stundaskrá nemenda. Af því leiðir 9.67% aukningu reiknaðra stunda.

Að þessu tvennu viðbættu yrði fjöldi reiknaðra stunda 2 677 þús.

Nefndin hefur enga afstöðu tekið til þess, hvort laun kennara við grunnskólann verða hin sömu í öllum bekkjum hans eða mishá eins og nú á sér stað um laun kennara á barnafræðslu- og gagnfræðastigi. Í áætlun þessari er tekið mið af þeim forsendum, sem fyrir hendi eru. Hér er því gert ráð fyrir tvenns konar menntunarstigum kennara við grunnskóla og miðað við, að 40 mínútna kennslustund í hærri flokknum kosti kr. 215.90, en í lægri flokknum kr. 179.50, og enn fremur að 52%

kennslunnar falli í dýrari flokkinn, en 48% í hinn. Yrðu þá meðallaun á reiknaða stund í grunnskóla kr. 198.40 og launakostnaður samkvæmt því 531 milljón króna.

Launakostnaðurinn myndi því aukast um 20.4% frá óbreyttu skólahaldi. Áður en nánar er farið út í þá aukningu, skal gerð nokkur grein fyrir, hvernig hún skiptist á einstaka orsakaþætti. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir það, sem hér fór á undan:

	Fjöldi nemenda	Reiknaðar stundir 40 mínútur				Launakostnaður			
		í þús.	%	á nem.	%	millj.	%	á nem.	%
a) Óbreytt skólahald	41.434	2.267	100	54,7	100	441	100	10.643	100
b) Barnask. 9 mán. og gagnfræðastigssk. 8 mán.	41.434	2.354	103,8	56,8	103,8	451	102,3	10.885	102,3
c) Sem b) en með fullri skólasókn á skyldustigi	41.950	2.387	105,3	56,9	104	457	103,6	10.894	102,4
d) Sem c) með alla skóla 9 mán.	41.950	2.507	110.6	59,8	109,3	482	109,3	11.490	108
e) Grunnskóli	40.600	2.677	118,1	65,7	120,1	531	120,4	13.079	122,9

Út frá þessari töflu má áætla áhrif einstakra breytinga á fjölda nemenda, hámark reiknaðra stunda og launakostnað, og sýnir eftirfarandi tafla þau áhrif í hundraðshlutum:

	Fjöldi nemenda	Breytingar í hundraðshlutum			
		Hámark reiknaðra st.		Launakostn.	
		alls	á nem.	alls	á nem.
b) Lenging allra barnaskóla í 9 mánuði, gagnfræðaskóla í 9 mánuði	0	3,8	3,8	2,3	2,3
c) Full skólasókn í skyldunámi	1,3	1,4	0,2	1,3	0,1
d) Lenging gagnfræðaskóla úr 8 í 9 mánuði	0	5,0	5,1	5,5	5,5
e) Niðurfelling 4. bekkjar en full skólasókn allra aldursflokka, nýr vikul. kennslustundafjöldi	—3,2	6,8	9,9	7,9	11,5
f) Breyttur launakostnaður á hverja reiknaða stund	0	0	0	2,1	2,1

Hámark reiknaðra stunda á nemanda hækkar þannig um 20%. Um 4% (liður b og c) hækkun gæti þó ekki talizt afleiðing þessa frumvarps, þó að lögum yrði, en stafar af því að ákvæði eldri fræðslulaga hafa ekki verið uppfyllt, en 15.5% ofan á þá hækkun felst í frumvarpinu. Eins og áður er getið hækkar árlegur kennslustundafjöldi, sem til greiðslu kemur, á hvern nemanda um 12.2% en afgangurinn um 3.3% stafar af aukinni þjónustu, sem skólunum er ætlað að veita fram yfir það, sem hingað til hefur verið gert. Er þar fyrst og fremst um aukna námshjálp vegna afbrigðilegra barna, aukin félagsstörf og starfrækslu skólabókasafna að ræða.

Heildarfjöldi reiknaðra stunda eykst þó ekki að sama marki, þar sem nemendur verða um 2% færri en nú er, en rösklega 3% færri, ef miðað er við fulla skólasókn. Heildarfjöldi reiknaðra stunda vex um 18.1%. Sem beina afleiðingu af frumvarpinu má telja um 12.1% hækkun.

Hækkun launakostnaðar er hins vegar allmiklu meiri eða rúmlega 20% þrátt fyrir færri nemendur, þar sem launakostnaður á nemanda vex um tæp 23%. 2.4% stafa af lengri starfstíma og aukinni skólasókn innan núverandi fyrirkomulags, 15.5% af auknum fjölda reiknaðra stunda á hvern nemanda, en afgangurinn 3.9% af breyttum launakostnaði á hverja reiknaða stund. Sú hækkun er vegna breyttrar skiptingar reiknaðra stunda á barna- og gagnfræðastig, en þar vegur mest lenging gagnfræðastigsskóla úr 8 í 9 mánuði.

Launakostnaðurinn hér að framan er miðaður við launakjör í ákveðnum launaflokkum í marz 1970, og nær aðeins til þess kostnaðar, sem færður er til reiknaðra stunda.

Annar launakostnaður sem ríkissjóður greiðir er einkum vegna heimavinnu kennara, forfallakennslu, prófa og umsjónar. Ef miðað er við áætlun Reykjavíkur vegna undirbúnings fjárlaga 1971, auka þessir liðir launakostnað um ca. 9%.

Í frumvarpinu til fjárlaga fyrir árið 1971 eru launaliðir miðaðir við september 1970 og er hækkun frá marz 22.6%. Sé því ásamt fyrrnefndri 9% hækkun bætt við launakostnaðinn hér að framan, fæst eftirfarandi:

Hækkun launakostnaðar frá óbreyttu skólahaldi (miðað við 1969—70) í grunnskólahaldi skv. frumvarpinu er úr um 590 millj. kr. í um 710 millj. kr. eða um 120 millj. kr. Þar af má rekja um 20 millj. kr. til þess að núgildandi fræðslulög eru ekki að fullu framkvæmd en um 100 millj. kr. til væntanlegs grunnskóla. Hækkun launakostnaðar á hvern nemanda er þannig úr ca. 14 220 kr. í um 17 480 kr., eða um 3 260 kr. Þar af vegna grunnskóla úr 14 560 kr. í 17 480 kr. eða 2 920 kr.

Hér hefur eingöngu verið gerð grein fyrir þeim breytingum launakostnaðar vegna fyrirhugaðs grunnskóla, er ætla má að verði á þeim skólastigum, sem hann nær til. Ætla má þó, að áhrif þessara breytinga verði til muna víðtækari.

Grunnskólanum er ætlað að skila nemendum sínum betur undirbúnum undir framhaldsnám en núverandi þriðji bekkur gagnfræðaskóla gerir.

Á þeirri forsendu byggist sú ætlun að fella niður fjórða bekk gagnfræðastigs og sú skoðun nefndarinnar, sem áður hefur verið minnzt á, að mögulegt verði að stytta nám í menntaskóla um eitt ár, og hið sama ætti að einhverju marki að gilda um fleiri framhaldsskóla.

Sé þannig mögulegt að stytta nám ofan grunnskóla, er ekki hægt að líta á aukinn launakostnað á grunnskólastigi sem hreinan kostnaðarauka, heldur verður að skoða hluta hans sem tilfærslu kostnaðar milli skólastiga.

Þessi tilfærsla er mikilvæg fyrir heildarkostnað af skólakerfinu m. a. af því, að launakostnaður á hvern nemanda á efri skólastigum er miklu hærri en á þeim neðri og eins af hinu, að á næstu árum er fyrirsjáanleg mjög mikil aukning nemenda í framhaldsnámi.

Skal lauslega gerð grein fyrir þessum áhrifum, hvað menntaskóla varðar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971 er áætlað í launakostnað í menntaskólum um 83 millj. kr. en nemendur í þeim munu vera um 2 700. Hefur þá ekki verið gert ráð fyrir auknum launakostnaði, sem hlýzt af framkvæmd nýju menntaskólalaganna og má ætla að með þeim verði launakostnaðurinn minnst 90 millj. kr. eða um 33 300 kr. á nemanda. Við að lengja árlegan starfstíma menntaskóla í 9 mánuði, en stytta skólann um eitt ár, sparast um 15% launakostnaður og næmi sú upphæð nú 14—15 millj. kr., en við það hækkaði árlegur launakostnaður á nemanda í um 37 500 kr.

Kennslukostnaður á hvern útskrifaðan stúdent (án þess að reiknað sé með brotthvarfi án prófs) með núverandi fyrirkomulagi miðað við fulla skólasókn í skyldunámi, er $14\,560 \times 9 + 33\,300 \times 4 = 264\,240$ kr. en yrði með grunnskólahaldi $17\,489 \times 9 + 37\,500 \times 3 = 269\,820$ kr. Hækkun launakostnaðar á stúdent væri þannig um 2%.

Framangreindar tölur hafa eingöngu verið miðaðar við þann launakostnað, sem ríkissjóður greiðir í skólum vegna kennslu eða skyldra starfa. Auk þess greiðir hann laun starfsfólks í mötuneyti heimavistarskóla á skyldunámsstigi. Til þeirra nota eru ætlaðar rúmar 16 millj. kr. á fjárlagafrumvarpi ársins 1971.

Ekki er mögulegt að segja fyrir um aukningu þess kostnaðar, en líklegt er þó, að hún verði einhver. En þar sem tekin hefur verið upp og ætla má að fari vaxandi aðstoð við námsfólk eftir að skyldunámi er lokið, yrði hér a. m. k. að hluta til aðeins um tilfærslu kostnaðar að ræða.

4. Stofnkostnaður.

Ekki er líklegt, að frumvarpið auki á byggingarþörf skólamannvirkja frá því sem nú er.

Nemendafjöldi á grunnskólastigi yrði nokkru lægri en nú er á barna- og gagnfræðastigi, og lengdur árlegur starfstími skólanna myndi auka nýtingu hinna dýru skólamannvirkja. Ofan grunnskólastigs kynni, vegna fyrirhugaðrar styttingar t. d. menntaskóla, að vera hægt að spara allmikinn byggingarkostnað. Sé gert ráð fyrir, að innan tíðar sæki 20% aldursárgangs menntaskóla, er þess ekki langt að bíða að nemendur í menntaskólum verði um 3 600 eða um 900 fleiri en nú og þarf að sjá þeim fyrir skólahúsnæði. Með þriggja ára menntaskóla yrðu nemendur, með sömu skólasókn um 2 700, eða jafnmargir og nú.

5. Útgjöld sveitarfélaga.

Sveitarfélögin greiða nú um 30% af rekstrarkostnaði skóla. Er þar fyrst og fremst um rekstur skólahúsnæðis að ræða, ljós, hita, ræstingu, viðhald og ýmsa þjónustu við nemendur, þ. e. kostnað, sem ekki ætti að breytast nema í mesta lagi er samsvarar árlegri lengingu á rekstrartíma skólahúsanna, sem lauslega má áætla 5% á barna- og gagnfræðastigi til samans.

Um stofnkostnað þann er sveitarfélögin bera, gegnir hinu sama og sagt var um hluta ríkissjóðs í þeim kostnaði.

6. Útgjöld einstaklinga.

Þó að kennsla og rekstur skóla fari fram án beinnar kostnaðarþátttöku einstaklinga, hafa nemendur og foreldrar þeirra margháttaðan kostnað af skólasókn.

Einkum hvílir þungur baggi á þeim foreldrum, er vista verða börn sín utan heimilisins vegna skólagöngu þeirra. Með lengingu skólaskyldunnar til 16 ára aldurs tekur ríkissjóður á sig að greiða launakostnað í mötuneytum heimavistarskóla einu ári lengur en nú er gert. Léttir það undir með þessum hópi nemenda og er spor í átt til jöfnunar menntunaraðstöðu.

Frá sjónarhóli einstaklingsins og þjóðfélagsins skiptir einnig miklu sá tekjumissir, sem námsfólk verður að taka á sig vegna skólagöngu. Sé þess kostur að stytta námstímann, án þess að draga úr námsgæðum, skilar það einstaklingnum og þjóðarheildinni fljótt hinum aukna kostnaði. Svo dæmi sé tekið. Ef mögulegt reyndist að fækka námsárum, að námsgæðum óbreyttum, hjá 1000 nemendum á ári hverju, og þeir hæfu því störf ári fyrr en ella, má lauslega áætla árstekjur þeirra og tekjuauka þjóðarbúsins 250 til 300 millj. kr., sem að frádregnum tekjumissi vegna styttri starfstíma í sumarleyfum, gerir miklu meira en að greiða upp allan kostnaðarauka vegna grunnskóla.

Í liðunum 1—6 hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim breytingum kostnaðar, sem stafa myndu af framkvæmd 9 ára skólaskyldu með auknum daglegum og árlegum kennslutíma. Í þeim, sem á eftir fara, verður fjallað um kostnað af þeim nýmælum frumvarpsins, sem ekki eru beint tengd fyrirhugaðri breytingu skólafyrirkomulagsins. Þessi nýmæli snerta fyrst og fremst gæði skólastarfsins, en ekki magn kennslustunda og kunna að reynast afar þýðingarmikil fyrir árangur af því. Hér er einkum um að ræða endurmenntun kennara, skólarannsóknir, námsstjórn, sálfræði- og félagsráðgjöf og stjórnun skólamála.

7. Endurmenntun kennara.

Skv. 32. og 33. grein frumvarpsins verður endurmenntun kennara kostuð á tvennan hátt. Annars vegar með veitingu orlofs og styrkja og hins vegar með skipulögðu námskeiðahaldi innanlands. (Sjá um 32. og 33. grein í skýringum við einstakar

greinar). Ekki er gert ráð fyrir, að framlag til orlofs og styrkja verði bundið í lögum, en verði ákveðið í fjárlögum hverju sinni, en vegna ákvæða um hámarksfjárhæð á hvern kennara, þ. e. ein og hálf embættislaun á starfsævi, má reikna með að til lengdar geti þessi upphæð ekki farið fram úr ca. 5% fastra launa kennara og skólastjóra, eða 20—25 millj. kr. á ári miðað við launakjör nú. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971 er gert ráð fyrir um 5.5 millj. kr. til þessara nota.

Skipulögð endurhæfing kennara í sambandi við nýjungar í námsefni og kennsluháttum er brýnt nauðsynjamál, sem þegar er komið allverulega af stað, einkum í sambandi við skólarannsóknir menntamálaráðuneytisins. Þannig er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971 gert ráð fyrir tæpum 2.5 millj. kr. í þá starfsemi. Með ákvæðum 33. greinar um að verja megi í þetta 1% skólastjóra- og kennaralauna gæti sú fjárhæð hækkað í 6—7.5 millj. kr. á ári hverju.

8. Skólarannsóknir.

Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins hefur þegar hafið umfangsmikla endurskoðun á mestöllu námsefni barna- og gagnfræðastigsskóla, og er ætlað að það verk standi yfir allt til ársins 1980. Gert er ráð fyrir um 3.6 millj. kr. kostnaði af verkefni þessu árið 1971 og nokkru meiri á næstu 3—4 árum, en síðan lækkandi kostnaði til um 1980. Að heildarendurskoðun lokinni mun taka við sífelld endurskoðun námsskrár og endurnýjun námsefnis, þó ekki verði það í jafnstórum stíl og heildaráætlunin til 1980 gerir ráð fyrir. Auk þess bíða skólarannsókna fjölmörg verkefni, sbr. 80. gr. frumvarpsins.

Sé gert ráð fyrir ríkisframlagi í samræmi við 82. grein frumvarpsins, yrði það í fjárlagafrumvarpi 1971 um 13 millj. kr. Þar af kæmi í hlut skólarannsóknadeildar um 8.7 millj. kr., en 4.3 millj. kr. yrði ráðstafað til annarra aðila skv. ákvæðum frumvarpsins.

9. Námsstjórn.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að námsstjórn verði framkvæmd á þrennan hátt. Í fyrsta lagi, að innan einstakra skólahverfa verði hægt að fela kennara umsjón með kennslu í námsgrein sinni. Á það eingöngu við skólahverfi það stór, að nokkrir kennarar annist í því kennslu sömu námsgreinar. Kostnaður af þeirri námsstjórn telst til reiknaðra stunda og var við ákvörðun hámarks þeirra tekinn til greina, og verður ekki ræddur nánar hér.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir námsstjórn í einstökum greinum, er nái til landsins alls, sbr. 59. gr. og verði það starf tengt starfi skólarannsóknadeildar. Þessu starfi verði minnst sinnt af 6 námsstjórum hverju sinni. Námsstjórar taka nú laun samkvæmt 22. launaflokki. Með ferðakostnaði, kostnaði af starfsundirbúningi og starfsaðstöðu, má ætla kostnað af hverjum námsstjóra um 600 þús. kr. á ári og alls um 3.6 millj. kr.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir svæðisbundnu námseftirliti á vegum fræðslustjóra í hverju fræðsluumdæmi, sbr. 56. gr. Þessi námsstjórn mun verða nokkuð annars eðlis en sú, sem að framan greinir, þ. e. ekki bundin einni námsgrein, heldur almennt eftirlit með gangi mála í skólum umdæmisins. Til þessara starfa skal vera heimilt að verja allt að 10 vikustundum á hverja 1000 nemendur í grunnskólum umdæmisins. Miðað við 40 600 nemendur í grunnskólum landsins yrði hér um 406 vikustundir alls að ræða eða sem svarar starfi 12 kennara. Árslaun þeirra myndu nema um 4.4 millj. kr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971 er áætlað að verja um 1.8 millj. kr. til námsstjórnar, en nú starfa aðeins 3 svæðisnámsstjórar, þó heimilt sé að hafa þá fleiri, auk tveggja námsstjóra í hálfu starfi á vegum skólarannsókna.

10. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta.

Í 96. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir, að komið verði á fót ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í hverju fræðsluumdæmi eða sameiginlega fyrir fleiri en eitt þeirra.

Samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar yrði sérhæft starfslið þeirra stofnana sem hér segir:

16 sálfræðingar, 5 félagsráðgjafar, 5 sérfróðir kennarar og 27 skólaráðgjafar.

Ætla verður fyrir kostnaði af starfsaðstoð og starfsaðstöðu þessara sérfræðinga. Verður hér reiknað með einum aðstoðarmanni á hverja 4 sérfræðinga og skrifstofu- og ferðakostnaði að upphæð 70 þús. kr. á ári á hvern þeirra.

Samkvæmt þessu yrði árlegur kostnaður af ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskólum um 26.5 millj. kr. og kæmi helmingur þess kostnaðar í hlut ríkissjóðs.

11. Fræðslustjórar og fræðsluskrifstofur.

Í 14. og 48.—61. greinar frumvarpsins eru ákvæði um störf fræðslustjóra og starfrækslu fræðsluskrifstofa. Samkvæmt þeim ákvæðum verða fræðsluskrifstofur 5—8, þar af ein í Reykjavík.

Í fræðsluskrifstofum utan Reykjavíkur skal ríkissjóður greiða helming kostnaðar á móti viðkomandi sveitarfélögum. Þar sem ekki hefur fengizt reynsla af rekstri slíkra stofnana utan Reykjavíkur er nokkrum vandkvæðum bundið að áætla nauðsynlegt starfslið og kostnað af skrifstofuhaldi sem þessu. Með tilliti til þess, hversu fjölþætt verksvið þessum stofnunum er ætlað, verður að gera ráð fyrir a. m. k. 2 starfsmönnum (fulltrúa og skrifstofustúlku) fræðslustjórum til aðstoðar, starfsaðstöðu fyrir þann hóp og sveðisnámsstjóra og ferðakostnaði.

Á þessum forsendum má reikna með, að kostnaður af hverri fræðsluskrifstofu utan Reykjavíkur verði um 1.5 millj. kr. á ári.

Í Reykjavík greiðir ríkissjóður upp í rekstrarkostnað fræðsluskrifstofu 1% af launakostnaði í þeim skólum, sem sameiginlega eru reknir af ríki og borg. Sú fjárhæð yrði um 2.2 millj. kr. á ári.

Samkvæmt áætlun fyrir 1971 mun ríkissjóður greiða um 2 millj. kr. upp í launakostnað af fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, þó því aðeins að það rúmist innan hámarks reiknaðra stunda, þar sem litið er á það sem sameiginlegan stjórnunarkostnað skólanna í Reykjavík og félli því skv. þessu frumvarpi undir ákvæði 30. greinar laganna. Þær 2.2 millj. kr., sem hér um ræðir yrðu því kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

Kostnaðarauki af starfrækslu fræðsluskrifstofa yrði því:

Verði þær 8	Hluti ríkissj.	Hluti sveitarsj.	Alls
Í Reykjavík	2,2 millj. kr.	—[1]	2,2 millj. kr.
Utan Reykjavíkur	5,25 millj. kr.	5,25 millj. kr.	10,5 millj. kr.
Samtals	7,45 millj. kr.	5,25 millj. kr.	12,7 millj. kr.
Verði þær 5			
Í Reykjavík	2,2 millj. kr.	—	2,2 millj. kr.
Utan Reykjavíkur	3,0 millj. kr.	3,0 millj. kr.	6,0 millj. kr.
Samtals	5,2 millj. kr.	3,0 millj. kr.	8,2 millj. kr.

Að lokum skulu hér dregnar saman niðurstöður framangreindra töluliða og er þá eingöngu tekið tillit til þess kostnaðar, sem telja verður afleiðingu af nýmælum frumvarpsins:

1) Reykjavík greiðir þegar um 60% af rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, og er hér ætlað að framlag Reykjavíkur verði óbreytt.

Kostnaðarauki í millj. kr. (sept. 1970).

	Hluti ríkissj.	Hluti sveitarsj.	Alls
Kennslulaun	100		100
Annar rekstrarkostnaður skóla		15[1])	15
Endurmenntun kennara	5[2])		5
Skólarannsóknir	9[3])		9
Námsstjórn	6		6
Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta	13	11[4])	24
Fræðslustjórar og fræðsluskrifstofur	7	5	12[5])
Samtals	140	31	171

Samkvæmt ofangreindu gæti kostnaðaraukinn reynzt um 170 millj. kr.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þessi kostnaður komi allur fram þegar í stað, heldur muni hann dreifast að nokkru á þau u. þ. b. 10 ár, sem talið er að þurfi til þess að koma ákvæðum frumvarpsins í framkvæmd. Á það einkum við um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og launa- og rekstrarkostnað skólanna.

Á móti hinum aukna kostnaði á þessu skólastigi kemur mikil aukning kennslumagns, stórbætt aðstaða til þess að auka gæði skólastarfsins á markvissan hátt, ásamt fjölþættari þjónustu við nemendur. Það er skoðun nefndarinnar, að auk hins ótvíræða gildis, sem þessi atriði hafa fyrir nemendur, gefi þau möguleika til þess að fækka námsárum nemenda eftir að grunnskóla lýkur frá því sem nú er, án þess að skerða nám þeirra. Sé svo, mun kostnaður sá, er af frumvarpi þessu leiðir, verða að nokkru jafnaður með lægri kostnaði en ella á síðari skólastigum, bættri nýtingu húsnæðis og minni byggingarþörf. Þar við bætist sá akkur, sem þjóðinni er í því að fá ungmenni sín fyrr og betur búin til þátttöku í atvinnu- og þjóðlífi.

Yfirlit um skólakerfi nokkurra landa.

(Björn Þ. Jóhannesson, M.A. Hons., tók saman eftir gögnum frá menningarmálaráði Evrópuráðsins (Council for Cultural Co-operation).

DANMÖRK

Skólakerfið.

Meginreglur.

Skólaskylda er frá 7 til 14 ára. Ef foreldrar óska, má þó taka börn í skóla í upphafi skólaárs þess, er þau ná 6½ árs aldri. Tillaga um að lengja skólaskylduna úr 7 í 9 ár 1972—74 lá fyrir þinginu 1967—68. 89.3% allra barna sóttu nám í 8. bekk 1968 og 76.6% í 9. bekk.

1) Áætlaður kostnaður ríkissjóðs af rekstri barna- og gagnfræðastigsskóla á árinu 1971 er um 700 millj. kr. Miðað við kostnaðarskiptingu síðustu ára má ætla kostnað sveitarsjóða um 300 millj. kr. Reiknað er með 5% aukningu þess liðar.

2) Kostnaður af orlofi kennara er ekki meðtalinn. Hann verður ákveðinn í fjárlögum hverju sinni.

3) Reiknað er með, að sú fjárhæð, sem um er talað í 82. gr., renni að fullu til þeirra verkefna, sem skólarannsóknir vinna að hverju sinni, en kostnaður af föstu starfsliði og skrifstofuhaldi verði, sem hingað til, fastur liður á fjárveitingum til menntamálaráðuneytisins.

4) Kostnaður, sem Reykjavík hefur nú þegar af sálfræðideild skóla, er ekki meðtalinn.

5) Miðað við 8 fræðsluskrifstofur.

Meginregla er, að opinberir skólar og einkaskólar með ríkisstyrk mega starfa samhliða undir eftirliti.

Kennsla er ókeypis í formlegum, opinberum skólum, tækni- og starfsgreinaskólum, og kennslubækur, skóla- og hjálpargögn eru einnig ókeypis í hinu opinbera, almenna skólakerfi.

Reglugerð um námsskrá er sett af menntamálaráðuneytinu, en að því er snertir barnaskóla og lægri miðskóla („unglingaskóla") ber að líta á slíkar reglur sem tillögur aðeins, þar sem yfirvöld bæjar- og sveitarfélaga hafa vald til að gefa út reglugerðir.

Kennurum er frjálst að nota hvaða kennslubækur, sem á markaðnum eru og við eiga, svo og að nota eigin kennsluaðferðir. Kennslubækur eru ekki háðar samþykki ráðuneytisins til notkunar í hinum almennu skólum, né gerir það neinar tillögur í því efni.

Öll lokapróf eru lögð fyrir af ríkinu undir umsjón menntamálaráðuneytisins. Nemendur mega taka próf í skólum hins almenna fræðslukerfis, þótt þeir hafi ekki sótt formlega kennslu í því námsefni, sem um er að ræða.

Stjórn skólanna.

Yfirstjórn.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á öllum greinum hins almenna fræðslukerfis, kennaramenntun (barna- og unglingakennara), tækni- og verzlunarmenntun, búfræðimenntun og æðri menntun.

Bæjar-, sveitar- og héraðsstjórn.

Skyldunámsskólar (folkeskolen) eru á vegum bæjar- og sveitarfélags, en njóta ríkisstyrks. Stjórn þeirra er í höndum bæjar- eða sveitarstjórnar. Yfirumsjón er í höndum skólanefndar, sem er tilnefnd af bæjar- eða sveitarstjórn og fulltrúar foreldra eiga sæti í. Nefndin ákveður, hvernig skólarnir og fræðslan yfirleitt skuli skipulögð á hennar umráðasvæði.

Dagleg stjórn er í höndum skólastjóra, en kennararáð á rétt á því, að ráða þess sé leitað í mikilvægum málum.

Stærri bæir skipa vanalega fræðslustjóra, sem sér um stjórn allra fræðslumála í barna- og unglingaskólum.

Skólayfirvöld hvers bæjar lúta stjórn menntamálaráðuneytisins beint, en fræðsluráð héraðanna (þ. e. sveitanna) hafa þar yfirumsjón með aðstoð amtsskólaráðgjafa.

Í Kaupmannahöfn hafa fræðsluyfirvöldin verulegt sjálfstæði.

Barna- og unglingaskólar og námsskeið einkaaðila lúta ekki yfirumsjón viðkomandi skólayfirvalda.

Menntaskólar og framhaldsmiðskólar eru vanalega ríkisskólar undir beinni stjórn menntamálaráðuneytisins. Þó eru allmargir þessara skóla starfræktir af bæjar- eða sveitarfélögum, og þá lúta þeir yfirstjórn viðkomandi yfirvalda á hverjum stað, sem áður voru nefnd.

Sumir skólar eru einkaskólar eða sjálfsstjórnarstofnanir og þannig undir takmarkaðri stjórn ráðuneytisins.

Rektor ber ábyrgð á fræðslunni svo og stjórn skólans.

Að því er tækni- og starfsgreinaskóla áhrærir er ekki um stjórn héraða eða bæjar- eða sveitarfélaga að ræða. Þessir skólar eru sjálfsstjórnarstofnanir undir beinni yfirstjórn ráðuneytisins. Skólanefndin, sem í eiga sæti fulltrúar samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaga launþega og venjulega einnig bæjar- eða sveitarfélags, fer með stjórn skólans, en dagleg stjórn er í höndum forstöðumanns. Nefnd fulltrúa iðngreina viðkomandi staðar getur verið ráðgefandi.

Tækniskólar (teknika) eru sjálfsstjórnarstofnanir og stjórnað af óháðum aðilum, en það eru fulltrúar iðnaðarins á viðkomandi stað, verkalýðsfélaga og bæjar- eða sveitarfélags. Ráðuneytið og skólastjóri viðkomandi skóla hafa einnig atkvæðisrétt,

er teknar eru ákvarðanir. Skólarnir lúta yfirstjórn ráðuneytisins, en hún er takmörkuð að því er varðar menntunarhlutverk þeirra.

Kennaraskólarnir geta verið annaðhvort eingöngu kostaðir af ríkinu eða að nokkru leyti af almannasjóðum og að nokkru af einkasjóðum, og eru þeir þá í síðara tilvikinu sjálfsstjórnarstofnanir. Stjórn kennaraskóla er í höndum skólastjóra með aðstoð kennararáðs.

Æskulýðsskólar og kvöldskólar lúta heima í héraði æskulýðsnefnd amtsins, sem nýtur aðstoðar ráðgjafa í æskulýðsfræðslu. Á viðkomandi stað er stjórnin í höndum æskulýðsnefndar.

Forskólafræðsla.

Leikskólar (børnehave) fyrir 2½—7 ára eru ýmist starfræktir af bæjarfélagi eða einkaaðilum. Þeir lúta yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins.

Forskólabekkir fyrir 5—7 ára. Ekki er lögð áherzla á eiginlega kennslu. Markmiðið er að aðhæfa börnin daglegum venjum skólagöngunnar og veita þeim viðfangsefni í uppeldislega hollu umhverfi.

Barna- og gagnfræðamenntun.

Skyldunámsskólar (folkeskole): barnaskólar, 8.—10. bekkur (deildir, þar sem engin próf eru haldin) og gagnfræðadeildir („unglingadeildir").

Barnafræðsla.

Barnaskólar annast fræðslu í 7 ár skyldunámsins. Námið er öllum sameiginlegt og engin próf eru haldin. Börnin ganga gegnum alla 7 bekkina eftir aldri, framför, þroska og getu.

Viss skipting getur þó verið gerð í námi í 6. og 7. bekk, þar sem kennsla byrjar vanalega í erlendum málum og stærðfræði. Ekki er þó um neina námsbrautaskiptingu að ræða.

Lægri miðskólamenntun.

Eftir barnanámið geta nemendur valið um tvær leiðir: 8., 9. og 10. bekk lægri miðskóla (engin próf haldin) eða 1.—3. bekk lægri miðskóla (prófdeild). Farið er eftir getu og óskum nemenda.

8.—10. bekkur.

Viss námsskipting getur átt sér stað. Kostur er á valgreinum, 10 vikustundir í 8. bekk, 14 í 9. bekk og 16 í 10. bekk. Flestir velja ensku, þýzku, vélritun og matreiðslu eða verknám. Nám í þessum bekkjum má þó ekki hneigjast til sérhæfingar. Í lok náms í 9. og 10. bekk geta nemendur tekið próf, ef þeir óska (statskontrollerede prøve). Hljóta þeir þá prófskírteini, sem sýnir árangur þeirra. Þeir, sem ekki óska að taka próf, eiga engu að síður rétt á skírteini, er sýni árangur í aðalgreinum þeirra og umsögn um áhugamál þeirra og hæfni.

Eftir 9. bekk geta nemendur t. d. átt kost á inngöngu í verzlunarskóla til náms í verzlunar- eða skrifstofustörfum og í undirbúningsskóla fyrir kennaraskóla.

Nemendur, sem tekið hafa eftirfarandi valgreinar: stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og eitt erlent mál, geta við lok 9. eða 10. bekkjar tekið undirbúningspróf í tæknifræðum (teknisk forberedelseseksamen) og við lok 10. bekkjar hið meira undirbúningspróf (udvidet forberedelseseksamen).

Nemendur, sem standast fyrra prófið, geta haldið áfram námi til að öðlast réttindi sem tæknimenn, en þeir, sem standast síðara prófið, geta fengið inngöngu í tækniskóla (teknika).

Gagnfræðadeildir.

Að loknu námi í 7. bekk barnaskóla fá nemendur inngöngu í gagnfræðadeildir, ef þeir, að mati skólans, eru taldir hæfir, líklegir til að hafa gagn af náminu og færir um að ljúka þessu þriggja ára námi á viðunandi hátt. Sé nemandi ekki talinn hæfur til þessa náms, getur hann óskað að fá að taka próf til að sanna hæfni sína.

Á námsskránni eru enska, þýzka, stærðfræði og raungreinar. Stærðfræði er þó valfrjáls í 3. bekk. Latína og franska eru valfrjálsar greinar í þessum bekk.

Þeir, sem standast gagnfræðapróf, hljóta aðgang að ýmsum miðskólum, tækniskólum (að loknu iðn- eða verknámi) sem og undirbúningsnámi fyrir hærra undirbúningspróf (højere forberedelseseksamen). Nemendur eiga þess kost að komast í menntaskóla upp úr 2. eða 3. bekk.

Nemendur, sem ekki hafa sótt gagnfræðaskóla, geta búið sig undir gagnfræðapróf í dag- eða kvöldskólum, sem taka 1—2 ár.

Sérstök kennsla er veitt andlega eða líkamlega afbrigðilegum nemendum, annaðhvort í venjulegum bekkjum, sérkennslubekkjum eða sérskóladeildum en alltaf innan ramma hins almenna skólakerfis.

Hærri miðskólamenntun.

Undirbúningsnám hærra miðskólaprófinu.

Þetta nám er frjálst öllum, sem hlotið hafa nægilegan undirbúning, en flestir þeirra, sem inngöngu hljóta, hafa lokið gagnfræðaprófi eða burtfararprófi úr 10. bekk.

Á námsskránni eru þessar skyldugreinar og valgreinar (námsefnið kennt í fjögurra missera önnum): danska, trúfræði, saga, líffræði, landafræði, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, enska, franska, þýzka, föndur og líkamsrækt. Lokaprófið veitir aðgang að kennaraskólum og vissri annarri framhaldsmenntun, en reglur um það atriði eru í athugun.

Menntaskólar.

Aðgang fá nemendur að loknu námi í 2. bekk gagnfræðaskólanna að fenginni umsögninni „hæfur“ eða „ef til vill hæfur“ til náms í menntaskóla. Þriðjungur nemenda hefur þó lokið gagnfræðaprófi, áður en þeir halda í menntaskóla.

Menntaskólarnir greinast í tvær deildir, mála- og stærðfræðideild. Skiptingin er eftir 1. bekk. Máladeild: nútíma mál, klassísk mál og þjóðfélagsfræði. Stærðfræðideild: stærðfræði, eðlisfræði, náttúrufræði og þjóðfélagsfræði.

Á námsskránni eru þessar greinar: danska, latína/gríska, enska, þýzka, franska/rússneska, saga, klassísk menningarsaga, stærðfræði og almennar raungreinar svo og trúfræði með sérstakri áherzlu á það, sem snertir þá námsleið, sem valin hefur verið.

Stúdentspróf er tekið úr 3. bekk. Ekki eru allar háskóladeildir opnar stúdentum. Fer það eftir því, hvaða námsleið þeir hafa valið í menntaskóla.

Tækni- og starfsgreinamenntun.

Menntun ófaglærðra verkamanna.

Í æskulýðsskólunum er nemendum á aldrinum 14—18 ára m. a. veitt kennsla á sviði byggingavinnu og flutninga. Slíkt nám tekur 2 ár, og lágmarksfjöldi kennslustunda er 300.

Þriggja vikna námsskeið hafa verið haldin í starfsgrein fyrir ófaglærða verkamenn, sem orðnir eru 18 ára, eða fyrir faglærða verkamenn, sem verða að skipta um starf. Í vissum starfsgreinum geta þessi námsskeið reiknazt sem hluti eiginlegs náms nemandans.

Sérstakar ríkisstofnanir veita slík námsskeið, þar sem sérstök áherzla er lögð á verknám á verkstæðum og rannsóknarstofum. Við lok slíkra námsskeiða eiga þátttakendur kost á að taka próf og hljóta skírteini, ef þeir standast það.

Þátttaka í vissum námsskeiðum í byggingaiðnaði og iðnaði veitir aðgang að framhaldsnámi í tæknigreinum.

Iðnfræðsla.

Unglingur, sem orðinn er 14 ára og lokið hefur skyldunámi, getur gert námssamning við viðurkenndan aðila um nám á viðurkenndu sviði í verzlunar- og skrifstofustörfum, handiðnaði eða iðnaði.

Nám í verzlunar- og skrifstofustörfum.

Umsækjendur verða að hafa staðizt próf úr 9. bekk hins almenna skólakerfis eða hafa hlotið sambærilega menntun.

Námstími er 2—4 ár, en það fer eftir aldri og fyrri menntun. Auk hins verklega náms í verzlun eða á skrifstofu verður nemandinn að sækja skóla fyrir starfsfólk í verzlunum (butikslærlingeskole) eða á skrifstofum (kontorlærlingeskole), 720—800 kennslustundir alls, til undirbúnings prófi (handelsmedhjælpereksamen).

Iðnnám (handiðnaður og iðnaður).

Um 100 greinar er að velja og námstími 3—4 ár. Iðnnemar fá fullt kaup vissan tíma á hverju ári, meðan þeir sækja iðnskóla. Kennslustundafjöldi er alls 750—1775, mismunandi eftir iðngreinum. Sveinsbréfið veitir réttindi til framhaldsnáms í tækni- og iðngreinum.

Verzlunarskólar.

Inntökuskilyrði: aðstoðarverzlunarmannspróf (handelsmedhjælpereksamen), burtfararpróf úr 9. eða 10. bekk, gagnfræðapróf eða samsvarandi menntun.

Nemendur mega velja um þessar námsleiðir: almennt nám, tungumál, bókfærslu eða smásöluverzlun.

Fjöldi kennslustunda er 1155—1380 í dag- eða kvöldskóla. Námi lýkur með verzlunarprófi.

Verzlunarháskólar (handelsgymnasier).

Inntökuskilyrði: aðstoðarverzlunarmannspróf, verzlunarpróf, stúdentspróf eða eitthvert annað próf, sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

Fjöldi kennslustunda er 2640, 1320—1540 fyrir stúdenta.

Námi lýkur með verzlunarprófi hinu meira (højere handelseksamen).

Framhaldsiðnfræðsla.

Námið fer eftir undirstöðumenntun nemenda. Getur verið um að ræða a) ófaglærða, sem ekki hafa stundað áður verklegt nám og b) faglærða í vissum iðnum eða handiðnum.

Venjulega þurfa báðir aðilar að hafa lokið undirbúningsprófi eða gagnfræðaprófi.

Námstími þeirra, sem eigi hafa áður hlotið verklega þjálfun, er venjulega 2 ár, og skiptist á bóklegt nám í iðntækniskóla og verklegt nám í iðnaði, byggingaiðnaði, á tilraunastofu eða verkstæði.

Faglærðir í einhverri iðngrein, sem lokið hafa iðnnámi, geta öðlazt réttindi sem tæknimenn með því að sækja sérnám í eitt ár í iðntækniskóla.

Faglærðir verkamenn í byggingaiðnaði og ófaglærðir, sem unnið hafa í vissum greinum byggingaiðnaðar og sótt viss námsskeið eða hafa lokið tilætluðu námi í verkstæðisskóla, geta öðlazt réttindi sem tæknimenn í byggingaiðnaði með því að sækja tækniskóla í 1½ ár.

Með tveggja ára viðbótarnámi geta þeir öðlazt réttindi sem byggingameistarar.

Tækni- og starfsgreinafræðsla.

Tækniskólar (teknika).

Inntökuskilyrði: „udvidet teknisk forberedelseseksamen", ásamt tveimur erlendum málum eða gagnfræðapróf og annaðhvort próf í iðngrein eða eins árs nám í verkstæðisskóla ásamt 15 mánaða starfsþjálfun í viðkomandi iðnaði.

Tæknifræðinámið greinist í fimm námsbrautir: samgöngu- og byggingatæknifræði, raftæknifræði, véltæknifræði, framleiðslutæknifræði og skipasmíðatæknifræði. Námið tekur 4 ár. Fyrsta árið er námið almenns efnis og sameiginlegt öllum. Hin 3 árin á sérhæfingin sér stað.

Kennaramenntun.

Markmiðið er að veita menntun til kennslu við barnaskóla og lægri miðskóla (folkeskole), æskulýðsskóla og kvöldskóla.

Bæði er um ríkis- og einkaskóla að ræða.

Inntökuskilyrði: meira undirbúningsprófið (højere forberedelseseksamen), stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun.

Á námsskránni skulu vera þessar greinar:

a) Uppeldisgreinar:
Uppeldisfræði, sálarfræði, kennslufræði og kennsluæfingar og sem sérnám ein eftirtalinna greina:
i. kennsla í neðri bekkjum „folkeskole“;
ii. kennsla í efri bekkjum „folkeskole“;
iii. kennsla afbrigðilegra.

b) Undirstöðugreinar, sem kenndar eru í „folkeskole“: danska (kunna skal skil á norsku og sænsku), skrift, reikningur og trúfræði.

c) Þrjár eftirtalinna greina: föndur, söngur/tónlist, leikfimi og handavinna stúlkna.

d) Samfélags- og þjóðfélagsfræði.

e) Tvær greinar til viðbótar, sem kenndar eru í „folkeskole“.

f) Aukanámsskeið.

Menntamálaráðherra ákveður, að höfðu samráði við kennaraskólaráð, reglur og reglugerð varðandi eftirtalin atriði: kennslu og námsefni hverrar greinar, prófaðferðir, prófkröfur og einkunnagjöf, prófhald, einkunnagjöf prófdómara og reglugerð um skyldur hans. Nemendur mega ganga undir próf eftir 3½ árs undirbúning og mega ekki gera það seinna en eftir 4 ár.

Framhaldsmenntun kennara.

Framhaldsmenntun kennara við „folkeskolen“ fer fram við kennaraháskólann. Framhaldsmenntun íþróttakennara við Íþróttakennaraháskóla Danmerkur, handavinnu- og verknámskennara við hina tvo handavinnukennaraskóla.

Núverandi lög um menntun kennara við „folkeskolen“ taka gildi við upphaf skólaársins í ágúst 1969.

Menntaskólakennarar hafa háskólapróf, M. A. eða M. Sc. í aðalgrein eða í aðal- og aukagrein, sem kenndar eru við menntaskólana. Áður en kennarar geta orðið fastir kennarar, verða þeir að hafa lokið prófi í uppeldisfræðum — skólasögu, uppeldissálarfræði, heilsufræði í skólum og kennsluæfingum.

Önnur kerfisbundin fræðsla.

Æskulýðsskólar (ungdomsskoler).

Frjálsir skólar eru fyrir ungt fólk á aldrinum 14—18 ára. Þeir geta verið dag- eða kvöldskólar.

Þessar greinar eru gjarnan kenndar:

a) Sérgreinar, t. d. meðferð ungbarna, innanhússskreyting, erlend mál, handavinna stúlkna, smíði o. s. frv.

b) Undirbúningsnámsskeið fyrir viss próf á lægra miðskólastigi.

c) Undirstöðuatriði í starfsgreinum fyrir ungt fólk, sem ekki sækir iðnskóla.

Sérfræðsla kann að vera veitt unglingum, sem seinfærir eru í lestri eða eiga við andlega erfiðleika eða líkamlega ágalla að stríða.

Heimavistarskólar fyrir unglinga (ungdomskostskoler).

Þeir halda 2—10 mánaða námskeið. Markmið kennslunnar er svipað og í „ungdomsskoler“.

Skólar að loknu skyldunámi („efterskoler“).

Þeir eru heimavistarskólar fyrir nemendur á aldrinum 14—18 ára, sem veita alhliða, almenna menntun, sem miðast við að þroska nemendur. Þeir geta veitt undirbúningsmenntun undir viss próf á lægra miðskólastigi. Í flestum er um 8—10 mánaða kennslu að ræða.

Kvöldskólar.

Öllum er frjáls aðgangur, sem lokið hafa skyldunámi.

Námsgreinar, sem almennt eru kenndar, eru þjóðfélagsfræði, listgreinar, venju-

legar skólagreinar og smávegis starfsgreinafræðsla. Aðstaða kann að vera veitt til kerfisbundins náms, tómstundastarfsemi svo og sérkennslu afbrigðilegra.

Kvöldháskólar (aftenhøjskoler) veita framhaldsmenntun á sama stigi og lýðháskólar.

Alþýðufræðsla á sviði æðri menntunar (folkeuniversitetsvirksomhed).

Þessi fræðsla er skipulögð af sérstakri nefnd. Markmiðið er að veita almenningi ókeypis kost á fyrirlestrum og fræðslu sérfræðinga varðandi upplýsingar um aðferðir og niðurstöður í nútíma vísindum.

Búnaðarskólar.

Þeir eru heimavistarskólar og markmiðið er að veita nemendum undirstöðumenntun í búfræði bæði bóklega og verklega.

Húsmæðraskólar.

Þeir eru heimavistarskólar og veita bæði bóklega og verklega fræðslu í húsmæðrastörfum og einnig í vissum almennum greinum. Námið tekur 3—5 mánuði.

Lýðháskólar.

Höfuðáherzla er lögð á alhliða, almenna menntun. Kennslan miðast fyrst og fremst við að þroska nemendur, en ekki við neina sérstaka starfsgrein né próf.

Nokkrir lýðháskólar veita sérhæfingu í líkamsrækt og íþróttum í nánum tengslum við æskulýðsstarfsemi.

Engin sérstök inntökuskilyrði eru sett, og lokapróf eru ekki.

NOREGUR

Lýsing á skólakerfinu (útdráttur).

Meginreglur.

Samkvæmt lögunum er markmið skyldunáms að hjálpa nemendum til að verða góðir samfélagsþegnar með því að veita þeim kristilegt og siðferðilegt uppeldi, þroska hæfileika þeirra og hæfni og veita þeim góða, almenna þekkingu. Lög um almenna gagnfræðaskóla fela í sér svipuð markmið, en lögin um hinar ýmsu tegundir sérskóla miðast vanalega við þá sérkunnáttu og hæfni, sem krafizt er.

Fræðsla er ókeypis í öllum opinberum fræðslustofnunum. Fjöldi einkaskóla er mjög takmarkaður.

Allir skólar eru samskólar.

Stjórn skólanna.

Skólakerfið lýtur stjórn opinberra aðila og er kostað af þeim. Meginreglan er sú, að sveita- og bæjafélög beri ábyrgð á skyldunámi, fylkin annist framhaldsmenntun á miðskólastigi — almenna, verklega og faglega menntun — og ríkið sjái um kennaramenntun og æðri menntun. Vanalega eru sérstök lög um hverja tegund skóla, en ákvæði sett í einstökum atriðum í reglugerðum, erindisbréfum og námsskrám. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórnina samkvæmt lögum, sem gilda þar um. Ráðuneytið ber einnig ábyrgð á námsskránum í einstökum atriðum, sem samdar eru samkvæmt ramma laganna.

Forskólafræðsla.

Forskólastofnanir eru aðallega á þéttbýlissvæðum. Einkaaðilar sjá um þær að mestu leyti, með eða án fjárhagsaðstoðar bæjar- eða sveitarfélags. Í sumum tilvikum eru þær starfræktar af bæjar- eða sveitarfélaginu sjálfu.

Ekkert beint samband er milli forskólastofnana og sjálfs skólakerfisins. Litið er á forskólastofnanir frá félagslegu sjónarmiði, fremur en þær eigi fræðsluhlutverki að gegna, og þær lúta yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins.

Einnig er mögulegt að koma á fót forskólabekkjum í tengslum við venjulegan barnaskóla, en hingað til hafa aðeins nokkur bæja- eða sveitafélög gert það.

Barna- og miðskólafræðsla.

Skyldunámið fer fram í barna- og unglingaskólunum (Grunnskolen).

Barnastigið nær yfir aldurinn 7—13 ára, unglingastigið 13—16 ára.

Í barnaskólunum er veitt fræðsla í hinum venjulegu grundvallarnámsgreinum. Auk þess eiga nemendur kost á erlendu máli tvö síðustu árin. Í unglingaskólunum er námsgreinaval á 8. skólaári og jafnvel enn frekar á 9. skólaári, en þá eiga nemendur val á þessum greinum: norsku, stærðfræði, ensku og þýzku. Þeir, sem vilja búa sig undir menntaskólanám, verða að taka framhaldsstigið, sem tekur til beggja erlendu málanna, ensku og þýzku.

Menntaskólarnir veita bóknámsmenntun á framhaldsstigi til undirbúnings stúdentsprófs. Í menntaskólunum eru sex námsbrautir: raungreinar og stærðfræði, enska, latína, náttúrufræðigreinar, norræn fræði og verzlunarfræði. Námsefni flestra námsgreina hinna mismunandi námsbrauta er hið sama, en mismunandi mikil áherzla er lögð á þær. Öllum þeim, er ganga vilja undir stúdentspróf er skylt að taka þrjú nútímamál (ensku, frönsku, þýzku).

Verzlunarmenntaskólar veita þriggja ára nám eftir lokapróf úr unglingaskóla (ungdomsskole — undirbúningsdeild fyrir menntaskóla). Þeir veita aðallega almenna menntun auk kennslu í hagfræði- og verzlunargreinum. Námið er sams konar og í verzlunardeildum menntaskólanna og veitir aðgang að æðri menntun.

Verknámsskólar veita undirbúningsfræðslu fyrir iðnnám. Námið tekur vanalega eitt ár, en er oft tveggja eða þriggja ára nám. Í síðara tilvikinu veitir það alla nauðsynlega bóknámsfræðslu, sem iðnnemar þarfnast.

Iðnskólar eru skólar fyrir iðnnema, sem eru vanalega starfræktir sem þriggja ára kvöldskólar eða kennt er einn dag í viku, en geta einnig verið skipulagðir sem röð dagnámskeiða.

Þjálfun iðnlærðra verkamanna, verkstjóra, verkstæðisstjóra o. s. frv. fer fram á heilum námskeiðum eða þeim er skipt.

Allt iðnnám, sem nefnt hefur verið hér að framan, fer fram á sama stað í svo nefndum yrkisskólum.

Verzlunarskólar veita undirstöðumenntun í verzlunarfræðum. Fræðslan fer fram á 6 mánaða námsskeiðum eða tekur eitt ár. Verzlunar- og skrifstofunemar sækja vanalega eins árs dagskóla, sem veita bæði verklega og bóklega fræðslu.

Húsmæðraskólar veita fræðslu í heimilishaldi.

Heimilisiðnaðarskólar veita undirstöðuþjálfun í handavinnu kvenna bæði til persónulegra og heimilisþarfa og sérfræðslu til að efla þróun norsks heimilisiðnaðar.

Sjóvinnuskólar (Fiskerfagskole) veita bæði verklega og bóklega undirstöðufræðslu í sjómennsku.

Búnaðarskólar veita sérfræðslu í landbúnaðarfræðum.

Garðyrkjuskólar veita starfsmönnum á þessu sviði fræðslu svo og garðyrkjunemum.

Skógræktarskólar veita sérmenntun í skógrækt.

Vélstjóranámskeið veita þeim, sem ætla í vélstjóraskóla, nauðsynlega þjálfun á verkstæðum.

Tækni- og starfsgreinamenntun.

Námskeið í skrifstofustörfum eru í tengslum við verzlunarmenntaskólana, sem veita sérþjálfun að loknu lokaprófi.

Hagfræðinámskeið (studentfagkurs) eru í tengslum við verzlunarmenntaskólana og veita bóklega fræðslu í hagfræði- og verzlunargreinum að loknu lokaprófi.

Tækniskólar veita tæknimenntun á næsta stigi við háskóla. Markmið þeirra er að mennta tæknifræðinga til starfa í iðnaði, byggingaiðnaði, raftækjasmíði o. s. frv. Fræðslan skiptist í ýmsar sérgreinar. Umsækjendur verða að standast inntökupróf. Lokapróf úr þessum skólum veitir rétt til náms á háskólastigi.

Iðntækniskólar (teknisk fagskole) veita bóklega og verklega fræðslu til undirbúnings störfum í iðnaði. Tveggja ára reynslu við iðnaðarstörf (eða eins árs starfs og eins árs þjálfunar í verknámsskóla) er krafizt til inngöngu.

Undirstöðutækniskólar (elementærteknisk skole) veita almenna menntun og bóklega fræðslu í undirstöðuatriðum tæknimenntunar starfsfólki í iðnaði. Lágmarksaldur til inngöngu er 17 ár, en faglærðir með verklega reynslu ganga vanalega fyrir.

Lista- og handíðaskólar veita kennslu í hagnýtum listum (glermálun, leirmunagerð, húsgagnagerð, taumunsturgerð, bókbandi o. s. frv.).

Sveitastjórna- og félagsmálaskólar veita sveitastjórnarmönnum og félagsráðgjöfum fræðslu.

Sjómannaskólar mennta stýrimenn og skipstjóra og annað starfslið verzlunarflotans: vélstjóra, loftskeytamenn, matsveina og þjóna. Námið er mismunandi langt. Í flestum tilvikum er krafizt ákveðins siglingatíma.

Kennaramenntun.

Ríkið annast kennaramenntun. Barnaskólakennarar hljóta menntun sína í kennaraskólum.

Kennaraskólar veita tvenns konar menntun, tveggja ára nám að loknu stúdentsprófi og fjögurra ára nám fyrir ungt fólk, sem hlotið hefur nokkra framhaldsmenntun að loknu barnaskólanámi. Inntökupróf eru haldin fyrir þá, sem taka fjögra ára námið. Báðar námsleiðirnar veita sömu réttindi. Mögulegt er barnakennurum að loknu kennaranámi að stunda ýmiss konar viðbótarnám, sem veitir þeim réttindi til að kenna í neðri bekkjum gagnfræðaskóla og öðrum tegundum skóla á miðskólastigi. Þessa viðbótarmenntun er hægt að hljóta við sérstakar stofnanir, sem mennta kennara með eins árs námi í vissum greinum (t. d. lista- og handíða-, húsmæðra- og íþróttakennaraskólum). Háskólarnir veita kennurum einnig framhaldsmenntun í nokkrum bóklegum greinum. Sú menntun er veitt á tveimur sumarnámsskeiðum.

Háskólaprófs er krafizt til að kenna við menntaskóla og kennaraskóla (lektorsgráðu, sem er 6—7 ára nám). Auk þess verður að stunda 6 mánaða nám í hagnýtri uppeldisfræði. Í því námi eru einnig innifaldar kennsluæfingar í umsjá reynds kennara.

Kennarar við iðnskóla eru einkum faglærðir iðnaðarmenn, sem hafa stundað 6 mánaða framhaldsnám í hagnýtri uppeldisfræði í yrkisskólum.

Annars konar skipulögð fræðsla.

Lýðháskólar veita fullorðnum og unglingum mismunandi mikla fræðslu. Þessir skólar halda ekki kennslunni innan ákveðins ramma, heldur leitast við að þroska einstaklinginn. Þeir eru heimavistarskólar. Námsefnið getur verið allmismunandi og getur einnig verið á sviði verklegra greina. Engin próf eru haldin.

SVÍÞJÓÐ

Skólakerfið 1969.

Meginreglur.

Endurbætur hafa verið gerðar á öllum stigum sænska skólakerfisins síðan 1962 og einnig á sviði kennaramenntunar.

Níu ára skyldunámi hefur nú verið komið á í öllu landinu. Samkvæmt þeirri meginreglu, að halda uppi stöðugum endurbótum í fræðslumálum, hefur menntamálanefnd þegar endurskoðað námsskrá skyldunámsins, sem gilt hefur síðan 1962. Þingið ákvað í desember 1968, að endurskoðuð námsskrá skuli taka gildi frá háskólaárinu 1970—71 að telja.

Stefnumiðið í sænskum fræðslumálum er, að allir, sem þess óska, eigi þess kost að halda áfram að loknu skyldunámi í einhverjum framhaldsskóla — menntaskóla, „fackskola“ eða sérskóla — en krafizt er 9 ára skyldunáms til inngöngu í alla þessa skóla. Nýju menntaskólunum, sem byrjað var að stofna 1966, hefur verið komið á fót um allt land, og hinum tveggja ára „fackskola“ hefur verið komið upp á rúmlega helmingi þeirra staða, þar sem menntaskólar eru. Endurskoðun námsskrár beggja þessara skólastiga er þegar hafin. Þingið ákvað í desember 1968, að frá haustönn 1971 að telja skuli menntaskólar, „fackskola“ og sérskólar sameinaðir á einu framhaldsskólastigi, sem veiti fræðslu á mismunandi stigum með námsbrautum í bæði bóklegum og verklegum greinum. Samtímis verður sérnám endurskoðað að því er snertir námsskrá og skipulag.

Annar hluti endurbótanna í fræðslumálum lýtur að menntun fullorðinna. Þessi fræðsla er að færa út kvíarnar um allt land til að gefa fullorðnum tækifæri til menntunar — bóklegrar og verklegrar — sem þeir fóru á mis við í æsku. Í framtíðinni munu þeir, sem aðeins ljúka skyldunámi, eiga þess kost að afla sér frekari menntunar eftir þessari leið. Fullorðnir, sem æskja frábrugðinnar eða viðbótarmenntunar, munu eiga þess kost. Fullorðnir hljóta að mestu leyti fræðslu sína í kvöldskólum.

Fræðsla er ókeypis í Svíþjóð á framhaldsskólastiginu. Sama á við um kennslu fullorðinna, sem viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag annast. Í framhaldsskólum verða nemendur oft að greiða kennslubækur og skólafönd. Á skyldunámsstiginu er þetta ókeypis.

Engin aðgreining er á kynjum í skólunum (að leikfimi undanskilinni).

Skólastjórn.

Skólanefnd, kosin af viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn, ber ábyrgð á stjórn skólakerfisins, hver á sínum stað, jafnt skyldunámsskólum, framhaldsskólum sem og kennslu fullorðinna, er viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn annast. (Undantekning: vissir sérskólar, m. a. hjúkrunarskólar að mestu og fræðsla til undirbúnings áþekkum störfum).

Fræðsluráð hvers fylkis hafa yfirstjórn styrkveitinga ríkisins til skólanna með höndum og umsjón með öllum skólum undir háskólastigi. Þessi ráð eru einnig ráðgefandi í uppeldismálum og skipa verulegan hluta kennaranna.

Menntamálanefnd ríkisins fer með yfirstjórn skólakerfisins og kennaramenntunarinnar. Höfuðviðfangsefni nefndarinnar er nú að stuðla að frekari þróun skólakerfisins, skipuleggja og samræma, raunhæfa (að umfangi og að því er snertir námskröfur) og veita ráð og þjónustu. Svo að nefndin geti betur rækt þessar skyldur, hefur venjubundin yfirumsjón og verulegur hluti stjórnunarstarfsins verið falið fræðsluráðum og skólanefndum eða skólastjórum.

Menntamálaráðuneytið markar stefnuna í almennum atriðum. Hlutverk þess er einnig að ákvarða fjárúthlutun til skólakerfisins samkvæmt ákvörðun þingsins. Menntamálanefnd ríkisins er framkvæmdaaðili ráðuneytisins.

Forskólafræðsla.

Forskólafræðsla er eftir frjálsu vali. Hún lýtur yfirumsjón velferðarnefndar í félagsmálum, ekki menntamálanefndar, sem sýnir eðli fræðslunnar og hlutverk. Slíkir skólar eru enn þá aðallega aðeins í bæjum. Þeir taka við börnum á aldrinum eins til sex ára.. Forskólagangan eykst hröðum skrefum. Uppeldisfræðingar og stjórnmálamenn ræða nú um það, hvort tengja eigi forskólafræðsluna skyldunámsskólunum. En engar athuganir né áform hafa verið gerð í því efni.

Barna- og framhaldsskólamenntun.

Skyldunámsskólar.

Börn hefja skólagöngu að hausti á því ári, sem þau verða 7 ára. Sérkenni skyldunámsins er, að þar er engin námsgreining eftir bekkjardeildum. Í því felst, að nemendur hafa að verulegu leyti sömu bekkjarfélaga allan skyldunámstímann. Aðeins þrjú síðustu árin er um visst val að ræða.

Fyrstu sex árin hljóta allir nemendur sömu fræðslu. Samt er um allmikla einstaklingsaðgreiningu að ræða. Í elztu deild (7.—9. ár) er visst valfrelsi, en mestu af tímanum varið í skyldugreinar sameiginlegar öllum (88 einingar af 105 að meðaltali öll árin 3). Enska er skyldugrein í 3.—9. bekk. Nemendur í elztu deild geta valið á milli tveggja mismunandi sviða í ensku og stærðfræði, hins minna og meira náms í þessum greinum. Frá 7. bekk verða nemendur að velja eitt af fjórum þessara kjörsviða: mál (þýzka eða franska), listir, hagfræði og tæknifræði (í 7., 8. og 9. bekk er varið 4, 3 og 4 tímum á viku í þessum greinum). Í málunum er um hið meira og minna kjörsvið að ræða. Hvert kjörsvið um sig gefur jöfn réttindi til framhaldsnáms á efra stigi framhaldsskólanámsins.

Í elztu deild verður hver nemandi einnig að stunda nám eftir frjálsu vali 2 stundir á viku, þ. e. grein, sem nemandinn hefur sérstakan áhuga á.

Í elztu deild er nú varið meiri tíma í fagurfræði og verklegar greinar. Í lesgreinum (náttúrufræði, samfélagsfræði og trúfræði) er verulegum hluta námsins beint að ákveðnum þáttum, þannig að um náin tengsl greinanna er að ræða. Engin kennsla er veitt, sem miðar beinlínis að vinnu í ákveðinni starfsgrein. Í 9. bekk hljóta nemendur tveggja vikna starfsfræðslu, sem er fólgin í verklegri þjálfun í einhverju starfi.

Þau atriði, sem nú hafa verið nefnd, eiga við námsskrána, sem taka á gildi haustið 1970. Samkvæmt núverandi námsskrá, sem mun smám saman víkja fyrir hinni nýju, er enska skyldugrein í 4.—7. bekk, en síðan eftir frjálsu vali. Í 7. og 8. bekk eru kjörsvið. Í 9. bekk eiga nemendur val á níu námsbrautum. Í fjórum þeirra er lögð áherzla á verklegt nám.

Á skyldunámsstiginu er nemendum, sem eru líkamlega eða andlega afbrigðilegir, veitt sérstök kennsla, annaðhvort með sérfræðslu eða í stofnunum, sem sérstaklega eru til þess ætlaðar. Nemandinn sækir þá venjulegan námsbekk, en sækir um vissan tíma nám til annars kennara eða stofnunar. Einnig eru sérbekkir fyrir nemendur, sem eiga við vandamál að stríða eða einhvers konar ágalla.

Menntaskólar.

Að loknu námi í 9. bekk skyldustigsins geta nemendur sótt um inngöngu í menntaskóla. Inntaka fer eftir einkunnum þeim, sem umsækjandi hefur hlotið í 9. bekk skyldustigsins eða í samsvarandi námi.

Samkvæmt nýja námskerfinu í menntaskólunum, sem kom til framkvæmda 1966, eru fimm námsbrautir: huggreinar, félagsfræði, hagfræði (veitir starfsréttindi og titilinn „Gymnasium ekonomist"), raungreinar og tæknifræði. Námið tekur þrjú ár og veitir réttindi til inngöngu í háskóla eða æðri menntastofnun. Nemendur í tæknifræði geta numið áfram ári lengur og hljóta þá starfsheitið „Gymnasium ingeniör".

Í fyrsta bekk eru 70% námsefnis sameiginleg öllum nemendum. Eftir það hefst sérhæfing smám saman. Ekkert lokapróf er við menntaskólana. Landsprófsverkefni eru lögð fyrir af menntamálanefnd í 2. og 3. bekk í vissum greinum. Námsstjórar ferðast milli menntaskólanna allt árið, fylgjast með einkunnum og námskröfum og veita ráð.

Í huggreinunum eru nútímamál aðalnámsgreinarnar.

Í félagsvísindum eru þjóðfélagsfræði og sálarfræði aðalgreinar.

Þeim fylgir frekara nám í stærðfræði og raungreinum, m. a.

Í hagfræðinni eru aðalgreinarnar viðskiptafræði og aðrar hagfræðigreinar og lögfræði. Undirdeildir eru í félags- og fagurfræði. Á þriðja ári eiga nemendur val á fjórum kjörsviðum: hagfræði og tungumálum, bókfærslu, vörudreifingar- og stjórnunarfræði.

Í raungreinum eru stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og líffræði aðalgreinarnar. Engar undirdeildir.

Í tæknifræði er sama námsefni í raungreinum og í raungreinadeildinni. Tæknifræðin eru kennd strax í 1. bekk.

Á þriðja ári er um fjórar leiðir að velja: véltæknifræði, byggingatæknifræði, raftæknifræði og efnatæknifræði. Á fjórða ári eru sex leiðir: véltæknifræði, almenn bygginga- og húsbyggingatæknifræði, rafstöðvafræði, fjarskiptafræði og efnatæknifræði.

„Fackskola".

Ný tegund skóla á efra miðskólastigi hefur verið stofnuð, „fackskola". Þetta er tveggja ára skóli með heldur minni áherzlu á bóklegar greinar en í menntaskólunum. Markmiðið er að leggja meiri áherzlu á hagnýtt gildi bóknámsins. Í „fackskola" eru þrjár námsbrautir, félags-, hag- og tæknifræði. Félagsfræðinámið veitir réttindi til framhaldsnáms m. a. til starfa í vissum greinum kennslu, hjúkrunar- og velferðarmála. Hinar tvær námsbrautirnar veita réttindi til starfa í iðnaði og iðngreinum og að vissu marki til framhaldsnáms. Til inngöngu í „fackskola" er krafizt 9 ára skyldunáms á samfellda stiginu eða samsvarandi menntunar. Fjórði hluti skólarýmis er ætlaður fullorðnum umsækjendum, sem lokið hafa námi við sérskóla eða hafa starfað a. m. k. í þrjú ár í iðnaði eða iðngrein. Nemendur, sem velja tæknifræðina, verða að vinna í níu mánuði milli 1. og 2. bekkjar, nema þeir hafi öðlazt slíka þjálfun áður.

Lægri miðskólar („unglingaskólar").

Héraðskvennaskólar (kommunal flickskola).

Báðar þessar tegundir skóla er verið að leggja niður.

Tækni- og sérmenntun.

Komið verður á nýju skipulagi með öðru námsefni í sérfræðslunni samkvæmt endurbótum samþykktum í þinginu 1968. Eins og þegar er sagt, verður sérfræðslan sameinuð námi í menntaskólum og „fackskola" á einu allsherjar framhaldsskólastigi. Inntökuskilyrði verða, að viðkomandi hafi lokið skyldunámi (í flestum tilvikum 9 ára samfelldum skóla).

Hið nýja efra framhaldsskólastig sameinuðu skólanna mun greinast í þrjár megindeildir: huggreinar og félagsfræði, hagfræði og náttúrufræði og tæknideild. Innan hverrar deildar verða mismunandi námsbrautir, sem svo greinast í undirdeildir.

Sérfræðslan á efra framhaldsskólastigi verður samkvæmt meginreglu tveggja ára nám, þótt bæði skemmra og lengra nám kunni að verða skipulagt. Enn hefur ekki verið gengið frá námsskrá. Sérnámið verður almenns eðlis. Núverandi sérfræðsla, sem er fólgin í miklum fjölda skóla, sem hver um sig veitir eingöngu sérhæfingu frá byrjun, er talin óheppileg vegna hinnar öru þróunar á vinnumarkaðinum. Samkvæmt hinum nýja, breiða grundvelli sérfræðslunnar er gert ráð fyrir, að sérhæfing sé veitt í iðnaði og verzlun að námi loknu. Fyrirkomulag þessarar sérhæfingar hefur enn ekki verið ákveðið.

Innan huggreina- og félagsfræðideildarinnar verða t. d. hjúkrunar- og ljósmæðrafræði.

Innan hagfræðideildarinnar verður vörudreifingar- og skrifstofunám.

Innan náttúrufræði- og tæknifræðideildarinnar verða mjög margar námsleiðir, t. d. raftæknifræði, véltæknifræði, byggingatæknifræði, matvælafræði, tæknifræði og dráttlist.

Sérfræðslan verður skipulögð á breiðum grundvelli, þannig að allir hefja nám á sameiginlegum grundvelli, en halda síðan áfram yfir á sérsvið. Á grunnstiginu eru kennd þau atriði, sem sameiginleg eru hinum ýmsu starfsgreinum, en síðan haldið yfir á braut sérhæfingar. Nemendum, sem ætla sér í mismunandi starfsgreinar innan sömu námsleiðar, er kennt saman á þessu stigi, síðan þrengist námssviðið, þ. e. sérhæfist.

Bein starfsfræðsla er veitt á hinu sameiginlega verknámssviði, sem nær yfir bæði sérfræðilegt bóknám og vinnutækni.

Í öllu starfsgreinanámi verður um meiri almenna menntun að ræða en nú er. Sænska, atvinnulífskynning og leikfimi verða skyldunámsgreinar öllum nemendum. Auk þess verður skylt að velja a. m. k. eina aukagrein, t. d. ensku, þjóðfélagsfræði, trúfræði eða stærðfræði.

Nemendur í sérnámi munu eiga kost á frjálsum valgreinum, einkum þó í 2. bekk. Í mesta lagi má verja 12 kennslustundum á viku í valgreinar, og er þá tilsvarandi hluta verknámsins sleppt. Aðeins má velja greinar, sem styðja eða auka við starfsgreinarnám nemandans.

Nú sem stendur eru starfsgreinaskólar á stöðum, þar sem engir skólar á menntaskólastiginu eru. Þessir skólar, sem ekki er hægt að sameina menntaskóla eða „fackskola“ verða látnir starfa áfram sem slíkir um sinn. Þeir taka til hinna margvíslegustu starfsgreina.

Hjúkrunarnám verður eins og áður skipulagt að verulegu leyti sem sjálfstæð eining skólakerfisins í sambandi við hlutaðeigandi stofnanir, t. d. hjúkrunarskólar í tengslum við sjúkrahús.

Sjálfstæðir sérskólar, eins og t. d. listnámsskólar, munu starfa áfram sér.

Æðri eða gagnbetri menntun er einnig veitt í starfsgreinaskólunum. T. d. mennta sumir skólar sjúkraþjálfara á samsvarandi hátt og gert er í háskólunum.

Kennaramenntun.

Kennaramenntun til kennslu í yngstu og miðdeild (þ. e. 1.—6. bekk eða 7—12 ára að báðum meðtöldum) skyldunámsstigsins er veitt í kennaraskólunum. Inntökuskilyrði í þessa skóla er lokapróf úr „fackskola“, menntaskóla eða sambærileg menntun. Flestir nemendur hafa því náð 18 ára aldri, er þeir koma í kennaraskóla.

Kennarar í yngstu deild (þ. e. 1.—3. bekk eða 7—9 ára).

Kennaranám til kennslu í yngstu deild skyldunámsstigsins tekur fimm annir. Er þeirri fjórðu varið til kennsluæfinga. Kenndar eru námsgreinar, uppeldisfræði, kennslufræði og svo eru kennsluæfingar. Grundvallarfræðsla er veitt í átta greinum, en í tveimur þeirra er námið ýtarlegra. Í þessum tveimur greinum öðlast nemandinn réttindi til að kenna í miðdeild (4.—6. bekk) skyldustigsins.

Kennarar í miðdeild (4.—6. bekk eða 10—12 ára).

Kennaranám til kennslu í miðdeild tekur sex annir. Fjórðu önn er varið til kennsluæfinga. Grundvallarnám er í þrettán greinum. Ýtarlegra nám er í þrem þessara greina, og nemandinn öðlast réttindi til kennslu í tveim þeirra í elztu deild.

Sérkennarar.

Kennaramenntun í sérgreinum til kennslu í elztu deild skyldustigsins, „fackskola“ og menntaskólum.

Bóklegt nám er veitt í háskólunum til B. A. stigs. Um mikinn fjölda námsgreinahópa er að ræða. Lagt er til, að nemendur, sem ætla að gerast kennarar, skuli hljóta nokkra fræðslu í uppeldisfræði og nokkra kennsluæfingu á meðan á háskólanáminu stendur.

Að loknu háskólaprófi hlýtur kennaraneminn kennsluæfingar í kennaraskóla. Sex skólar veita þjálfun á þessu stigi, en hún tekur eitt ár. Fyrstu önninni er alger-

lega varið í skólanum, en kennslunni fylgja þó áheyrnar- og æfingatímar. Sérhver kennaraskóli hefur aðgang að skólum til kennsluæfinga.

Möguleiki er fyrir kennara miðdeildarstigsins að öðlast með frekari menntun réttindi sem sérkennarar við elztu deild skyldustigsins.

Kennarar á menntaskólastigi.

Menntun kennara á menntaskólastigi.

Auk þeirra kennara við menntaskólastigið, sem nefndir eru í gr. 62, eru svo fullgildir kennarar á þessu stigi. Til þeirrar stöðu er krafizt hærri háskólagráðu (licenciat). Margir hafa jafnvel doktorsgráðu. Þeir, sem hafa B.Sc. gráðu í hagfræði eða verkfræðipróf, geta einnig orðið kennarar við þetta stig á sviði sinnar greinar. Auk þessarar framhaldsmenntunar á bóklega sviðinu verða væntanlegir kennarar á þessu stigi að hljóta sömu kennsluæfingu og sérkennararnir (gr. 62).

Kennarar við starfsgreinaskóla.

Til að hljóta kennarastöðu við starfsgreinaskóla í starfsgreinum þarf kunnáttu og hagnýta reynslu í viðkomandi starfsgrein svo og kennsluþjálfun. Kennsluæfingar eru veittar í stofnunum starfsgreinamenntunar. Þessa menntun á að endurskipuleggja, og ætlunin er, að stofnanir starfsgreinamenntunarinnar verði felldar inn í kennaraskólakerfið,.

Kennarar í fagurfræði og verklegum greinum.

Kennarar í þessum greinum á hinum ýmsu skólastigum hljóta menntun í ýmsum skólum (handavinnukennarar í handavinnukennaraskólum, teiknikennarar í listkennaraskóla). Þessa kennslu er nú verið að endurskoða og endurskipulagning á leiðinni.

Menntun fullorðinna.

Lýðháskólar.

Sænsku lýðháskólarnir gefa kost á margs konar námi. Námið tekur vanalega 2—3 ár, 34 vikur á ári. Markmiðið er að veita almenna menntun, en meiri hluti nemenda sækir þá til að öðlast undirstöðu til framhaldsmenntunar. Þó að sérhver lýðháskóli semji eigin námsskrá og ekki sé um neinar staðlaðar námsskrár lýðháskólanna að ræða, hefur menntamálanefnd veitt þeim, sem þessa menntun hafa hlotið, ákveðin réttindi. Margir lýðháskólar veita sérmenntun í listgreinum (tónlist, mynd- og leiklist) svo og sérmenntun fyrir verðandi æskulýðsleiðtoga. Styttri námskeið — frá viku upp í nokkra mánuði — eru haldin í sérstökum félags-, þjóðfélags-, menningar- og fagurfræðilegum greinum. Lýðháskólarnir eru venjulega heimavistarskólar. Lágmarks inntökualdur er 18 ár, en meðalaldur er yfir 21 ár. Lýðháskólarnir eru í náinni samvinnu við alþýðumenntun og frjáls félagssamtök.

Önnur kennsla fullorðinna.

Skólanefndir á hverjum stað hafa annazt skipulagningu kennslu fullorðinna síðan 1968, sem aðallega hefur verið kvöldkennsla. Fylgt er námsskrá elztu deildar skyldustigsins, menntaskólanna, „fackskola“ og starfsgreinaskólanna. Þátttakendur geta öðlazt full réttindi í því námi, sem þeir stunda, eða í einstökum greinum á samsvarandi hátt og í skólum.

Kennsla fullorðinna fer einnig fram í tveimur ríkisskólum fyrir fullorðna, í útvarpi og sjónvarpi, bréfaskólum og er veitt af ýmsum frjálsum fræðslusamtökum.

ENGLAND OG WALES

Skólakerfið.

Meginreglur.

Lögin leggja foreldrum þá skyldu á herðar að sjá um það, að börn þeirra á skólaskyldualdri (5—15 ára) hljóti fræðslu í samræmi við aldur sinn, getu og hæfileika.

Engin kennslugjöld eru í neinum opinberum skóla, og kennslubækur, ritföng og annað, sem til þarf, er ókeypis. Foreldrum er frjálst, ef þeir óska, að greiða kostnaðinn við að senda þau í aðra skóla.

Stjórn skólanna.

Núverandi fræðslulög (með síðari breytingum) eru frá 1944. Skólaskylda er frá 5 til 15 ára, en miðskólamenntun hefst við 11 ára aldur að nokkru leyti. Skólaskylduna á að lengja í 16 ár 1972—73, og samtímis er mjög verið að færa út kvíarnar á sviði æðri menntunar.

Mennta- og vísindamálaráðuneytið fer með yfirstjórn fræðslumála.

Ráðuneytið starfrækir ekki neina skóla sem slíkt. Það markar stefnuna og sér um framkvæmd hennar í höfuðdráttum varðandi barna-, miðskóla- og framhaldsmenntun. Ekki ræður það neina kennara né mælir fyrir um kennslubækur eða námsskrá. Það ákveður hins vegar lágmarksnámskröfur, hefur yfirumsjón með skólabyggingum og menntun kennara og kennaraþörf. Það ákveður einnig þær meginreglur er varða kennararéttindi. Samkvæmt fræðslulögunum framkvæmir ráðuneytið yfirumsjón sína og veitir leiðsögn með útgáfu reglugerða, reglna, dreifibréfa, bæklinga og handbóka.

Tvenn ráðgefandi landsráð, annað fyrir England, hitt fyrir Wales, eru ráðherra til aðstoðar í málum er varða fræðilega hlið og framkvæmd fræðslumála, venjulega í málum, sem sérstaklega er vísað til þeirra. Umræðufundir eru haldnir um mikilvæg mál, er varða allt landið, þar sem eru fulltrúar samtaka bæja- og sveitafélaga, kennara og trúarsamtaka.

Námsstjórar.

Aðalhlutverk námsstjóraráðsins er að gefa ráðherra skýrslu um skyldu- og framhaldsskólanám. Allir skólar lúta undantekningarlaust eftirliti námsstjóra. Þeir gefa yfirvöldum og skólum á hverjum stað ráðleggingar og ræða við þessa aðila um dagleg vandamál. Námsstjóraráðið er ráðuneytinu til ráðuneytis í faglegum efnum, samræmir þróunina í fræðslumálum, heldur stutt námsskeið fyrir starfandi kennara og útbýr leiðbeiningabæklinga.

Um 500 námsstjórar eru á Englandi, en yfir þeim er yfirnámsstjóri. Sex aðalnámsstjórar annast eftirtalin atriði:

a) barnafræðslu, miðskólamenntun — eftirlit og skýrslugjöf, sérskóla;
b) miðskólamenntun — endurskipulagningu og almenn atriði, vistheimili (approved school), skólarannsóknir;
c) framhaldsmenntun til starfa í iðnaði og verzlun;
d) alla aðra framhaldsmenntun;
e) kennaramenntun; og
f) almenna þróun í fræðslumálum.

Aðalnámsstjórunum til aðstoðar eru tíu deildarnámsstjórar og um 60 manna starfslið námsstjóra, sem sjá um einstakar greinar, t. d. ensku, nútímamál, vélfræði, listir eða þá sérstök námsstig, t. d. miðskólamenntun eða kennaramenntun. Í Wales er svipað fyrirkomulag.

Fræðsluyfirvöld héraðanna (counties).

Héraðsfræðsluráðin eru kjörin. Þau annast skólahald hins opinbera, reisa skóla, skipa kennara, útvega skólafönga, útbúnað o. s. frv. með styrk úr ríkissjóði. Þau eru sjálfsstjórnaraðilar og ekki á neinn hátt undirdeildir ráðuneytisins. Er frumkvæðið eftirlátið þeim eins og mögulegt er. Þau ráða vali kennslubóka og geta ákveðið námsskrá, en eftirláta þessi atriði næstum alltaf skólastjórunum.

Forskólafræðsla.

Fræðsluráð héraðanna verða að láta til sín taka þarfir barna undir fimm ára aldri. Börn á þessum aldri er hægt að setja í leikskóla eða bekki í tengslum við smábarnaskóla.

Barna- og miðskólafræðsla.

Barnafræðsla.

Barnaskólar skiptast í smábarnaskóla fyrir 5—7 ára og skóla (junior schools) fyrir 7—11 ára. Um helmingur barnaskólanna hefur alla árgangana 5—11 ára. Að loknu barnanámi hljóta börnin miðskólamenntun við sitt hæfi.

Miðskólamenntun.

Verið er að endurskipuleggja miðskólamenntunina, svo að hún verði samfelld og ekki þurfi að velja um námsleiðir við 11 ára aldurinn. Flestir eru þeir skólar (secondary modern schools), sem veita almenna menntun til loka skólaskyldualdurs, þótt nemendur geti — og geri í vaxandi mæli — haldið lengur áfram. Næstir að tölu eru „menntaskólarnir" (grammar schools), sem veita aðallega bóklega fræðslu nemendum á aldrinum 11—18 ára. Þá eru allmargir verknámsskólar (technical schools), sem nemendur veljast í 11 ára og svo skólar, þar sem menntaskóla-, verk- og almennu námi er ýmislega fléttað saman. Hinn samfelldi skóli þróast með ýmsum hætti, fer það eftir aðstæðum á hverjum stað, og yfirvöldum leyfist að hafa mismunandi fyrirkomulag á fræðsluskipan innan þess svæðis, sem þau bera ábyrgð á. Það skipulag, sem fræðsluyfirvöld á flestum stöðum aðhyllast helzt, er hinn venjulegi, samfelldi skóli fyrir 11 (stundum 12)—18 ára nemendur. Á allmörgum stöðum er verið að koma á miðskólakerfi, sem ekki miðar við aldursmörkin milli barna- og miðskóla, og samfelldir skólar fyrir aldursflokkana 11—16 ára að viðbættum 6. bekkjardeildum (6th form colleges) fyrir nemendur eldri en 16 ára hafa einnig hlotið viðurkenningu.

Lítill hluti miðskólanemenda hlýtur enn menntun sína í skólum fyrir alla aldursflokka skyldustigsins (5—15 ára), en smám saman er verið að endurskipuleggja þessa skóla.

Sjá má nemanda fyrir menntun í heimavistarskóla eða með öðrum hætti, sé það talið æskilegt. Er kostnaður greiddur að hluta eða öllu leyti af almannafé, sé foreldrum það um megn eða menntun við hæfi nemandans verður ekki með öðru móti veitt.

Aðrir skólar.

Auk þeirra skóla, sem getið hefur verið, eru nærri 3600 skólar, sem ekki eru kostaðir af viðkomandi fræðsluyfirvöldum. Skólagjalda er krafizt í þessum skólum, en um 3200 þeirra eru óháðir, þ. e. hljóta enga styrki úr opinberum sjóðum. Allir óháðir skólar verða þó að vera skrásettir opinberlega og þeir lúta eftirliti. Þeir þessara skóla, sem eru a. m. k. ekki lakari en opinberir skólar, geta hlotið viðurkenningu ráðherra þess efnis, að þeir séu fullnægjandi. Um 1500 slíkir skólar hafa hlotið slíka viðurkenningu (305000 nemendur). Meðal þessara skóla eru einkamenntaskólarnir (public schools). Viðleitni er í þá átt af opinberri hálfu að fella þessa skóla með einu eða öðru móti inn í hið almenna skólakerfi. Þá eru 122 sérskólar, aðallega heimavistarskólar, með um 9000 nemendur, sem fræðsluyfirvöld greiða skólagjöldin fyrir að öllu leyti.

Sérkennsla fyrir afbrigðilega nemendur.

Samkvæmt skilgreiningu í reglugerð ráðherra flokkast afbrigðilegir nemendur í tíu hópa: heyrnarlausa, heyrnarskerta, blinda, sjónskerta, fatlaða, vangefna, flogaveika, taugaveiklaða nemendur, nemendur með hegðunarvandkvæði og talgalla. Börn, sem hafa fleiri en einn þessara galla, flokkast eftir aðalgalla, en skólarnir sjá einnig fyrir þörfum þeirra varðandi aðra galla.

Það er skylda fræðsluyfirvalda á hverjum stað að ganga úr skugga um, hvaða börn þarfnast sérkennslu, og veita þeim hana, annaðhvort í venjulegum skólum, sérskólum eða á annan hátt. Það er stefna ráðuneytisins, að ekkert afbrigðilegt barn sé sent í sérskóla, sem getur notið kennslu í venjulegum skóla, svo að fullnægjandi sé. Öll sérkennsla er greidd af fræðsluyfirvöldum, foreldrum að kostnaðarlausu. Við sjúkrahús eru einnig sérskólar.

Fræðsluyfirvöldum er heimilt að hefja fræðslu afbrigðilegra, þegar þau eru tveggja ára. Skrásettir nemendur í sérskólum hætta vanalega ekki skólagöngu fyrr en 16 ára, og allmargir skólar hafa þá til 18—19 ára aldurs. Þrjár stofnanir veita blindum framhaldsmenntun og þjálfun og fimm fötluðum. Hvers konar framhaldsmenntun á starfsgreinasviðinu annast atvinnumálaráðuneytið.

Markmið sérskóla er að mennta börnin, svo að þau geti eftir því, sem unnt er, orðið sjálfstæðir, ábyrgir einstaklingar og efnahagslega sjálfstæð, ef mögulegt er. Til að ná þessu marki eru bekkjadeildir hafðar fámennar og starfsliðið fjölmennt miðað við fjölda nemenda. Í tengslum við sérskólana eru einnig sjúkraleikfimi, talkennsla, sállækningar og barnalækningar.

Tækni- og starfsgreinafræðsla (I.—III. stig).

Yfirleitt er ekki um starfsgreinanám að ræða á skyldustiginu, þótt í þá átt kunni að vera sveigt. Starfsgreinafræðsla er veitt í framhaldsskólum (sjá gr. 5).

Próf.

„Stúdentspróf" (General Certificate of Education, GCE).

Um tvenns konar aðalpróf er að ræða, „stúdentspróf" og miðskólapróf.

Átta sérstakir aðilar annast og veita „stúdentsprófið", flestir í tengslum við háskóla. Með því fæst þægilegt viðmiðunarstig lágmarksmenntunar, sem þarf til að fá aðgang að æðri menntun. Nemandinn getur tekið eins margar eða fáar greinar og hann kýs. Tvö prófstig eru í hverri grein, lægra og hærra (Ordinary and Advanced levels). Próf í greinum á lægra stiginu eru vanalega tekin við 16 ára aldur (fyrr aðeins með samþykki yfirkennara) og á hærra stiginu tveim árum síðar. Próf á hærra stiginu í tveim greinum er vanalega lágmarkskrafa til inngöngu í háskóla í Englandi eða Wales.

Miðskólapróf (Certificate of Secondary Education).

Prófið er ætlað þeim nemendum, sem eru í meðallagi miðað við aldursflokk sinn. Próf eru tekin á grundvelli hverrar greinar fyrir sig, og nemendur, sem eru að ljúka 5 ára miðskólanámi, geta tekið það. Ekki er felldur úrskurður um það, að viðkomandi hafi staðizt eða fallið. Einkunnir eru gefnar í 5 stigum í hverri grein eða ekkert stig er gefið. Próf með einkunn fyrsta stigs er nú almennt talið jafngilda „stúdentsprófi" á lægra stigi (Ordinary level) í viðkomandi grein. Upplýsingar þær, er gefnar eru á prófskírteininu, auðvelda vinnuveitendum að raða ungu fólki í störf, og þær eru notaðar við ákvörðun um inntöku nemenda í tækniskóla og aðra framhaldsskóla (colleges). Yfirumsjón með prófinu hafa starfandi kennarar, sem sæti eiga í svæðanefndum, 14 að tölu. Prófin miðast við venjulega kennsluviku miðskóla. Þau eru breytileg eftir héruðum og jafnvel skólum, en prófskírteinin eru jafngild alls staðar á landinu.

Framhaldsmenntun (tækni- og starfsgreinamenntun).

Framhaldsmenntun er mjög margvísleg, og er einkum (þó ekki eingöngu) á sviði starfsgreinamenntunar. Getur verið um að ræða allt frá hraðritun upp í nám, sem jafngildir háskólaprófi eða framhaldsnámi að loknu háskólaprófi.

Meðal slíkra skóla eru:

a) tækniskólar (technical colleges), sem halda undirbúningsnámsskeið fyrir einfaldari störf, og enn aðrir, sem bæði halda námsskeið og gefa kost á tveggja ára námi eða meir nemendum, sem hefja námið 18—19 ára;
b) skólar, sem veita skírteini (diploma) í handlistum og hönnun, sem eru viðurkennd sem jafngild háskólaprófi;
c) búnaðarskólar og stofnanir;
d) 4 ríkisskólar, sem veita æðri menntun á sviði sérstakra atvinnuvega.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að sameina æðri menntun innan framhaldsskólakerfisins með því að stofna 30 fjöltækniskóla („polytechnics") í stað um 60 aðaltækni-, verzlunar- og handlistaskóla.

Þá er iðnnám á öðru sviði.

Margir ungir starfsmenn fá sig lausa úr vinnu einn dag í viku til að sækja tækninám (500,000 1965—66). Vaxandi fjöldi fær sig einnig lausan úr vinnu til að stunda fullt nám.

Handlistaskólar (art colleges).

Bæði er um fullt nám og námskeið að ræða. Í sumum þessara skóla er þriggja ára nám á framhaldsstigi (advanced level). Hefja nemendur nám 18 ára og hljóta skírteini í handlistum og hönnun (Diploma in Art and Design), sem jafngildir nokkurn veginn háskólaprófi, fyrsta stigs.

Auk þess er mjög margs konar tveggja og þriggja ára nám í starfsgreinum, sem nemendur geta tekið strax að loknu miðskólanámi 16 ára eða eldri. Ekkert almennt kerfi fyrir allt landið er látið gilda um útgáfu prófskírteina í þessum skólum.

Fjárhagsaðstoð við nemendur.

Nám í framhaldsskólum er ekki ókeypis, en skólagjöld eru almennt lág. Oft eru þau aðeins að nafni til fyrir nemendur undir 18 ára aldri, en fræðsluyfirvöld á mörgum stöðum krefjast ekki skólagjalda, fyrr en nemandinn er 18 ára og sum ekki fyrr en hann er 19 ára. Nemendum er ætlað að kaupa bækur sínar sjálfir.

Fræðsluyfirvöld á hverjum stað eru skyld að veita stúdentum á fyrsta stigi í háskóla styrki, sem nægi til uppihalds og kennslu. Fer það þó eftir tekjum foreldra og stúdentsins sjálfs. Sama gildir um ákveðið, sambærilegt nám. Að því er varðar annað framhaldsnám, hafa fræðsluyfirvöld frjálsar hendur.

Kennaramenntun.

Fyrir utan þá, sem háskólapróf hafa, hljóta flestir kennarar við barna- og miðskóla réttindi sín með námi í kennaraskóla (college of education). Allir kennaraskólar á ákveðnu svæði mynda svæðissamband kennaraskóla (með háskólastofnun vanalega sem miðstöð eða kennaraskóla), sem sér um að samræma aðstöðu á svæðinu til kennaramenntunar og hefur umsjón með bóklegu námsefni skólanna. Það sér einnig um próf og mælir með þeim, sem standast, við ráðuneytið, að þeir hljóti kennararéttindi. Í stjórnum svæðasambanda kennaraskólanna eru fulltrúar háskólans og uppeldisfræðideildar hans, kennaraskólanna, fræðsluyfirvalda héraðsins og kennara þess.

Um 160 kennaraskólar eru í Englandi og Wales. Um tvo þriðju þeirra starfrækja fræðsluyfirvöld viðkomandi héraðs, en hinir eru starfræktir af einkaaðilum, vanalega í tengslum við kirkjudeildir. Þeir síðarnefndu njóta ríkisstyrks, sem nægir til að greiða rekstrarkostnað og fjóra fimmtu hluta stofnkostnaðar. Það síðarnefnda er háð samþykki.

Flestir skólanna eru samskólar, og flestir þeirra eru heimavistarskólar.

Nemendur verða að vera a. m. k. 18 ára og verða venjulega að hafa staðizt próf í 5 greinum á lægra stigi „stúdentsprófsins“ (Ordinary level of the General Certificate of Education). (Miðskólapróf með einkunn fyrsta stigs er jafngilt). Þeir verða einnig að vera við góða heilsu og líkamlega hæfir til kennslu. Nemendur geta fengið fjárhagsaðstoð til að greiða kennslugjöld, fæði og húsnæði, ferðir og önnur persónuleg útgjöld í samræmi við efnahag sinn eða foreldra. Ekkert aldurshámark er.

Í flestum kennaraskólanna tekur námið 3 ár, en í sérstökum tilvikum, og þarf samþykki til, geta eldri nemendur með tilliti til fyrra náms lokið prófi á 2 árum og í algerum undantekningartilvikum á 1 ári. Með fjögra ára námi eiga hæfir nemendur þess kost að taka B. Ed.-próf (Bachelor of Education degree).

Kennaraskólarnir veita bæði bóklegu fræðsluna og kennsluæfingar. Úr námsgreinunum geta nemendur valið eina eða tvær til ýtarlegra náms. Námið fer fram á breiðum grundvelli, en hneigist til undirbúnings kennslu ákveðinna aldursflokka.

Eins og er geta þeir, sem hafa háskólapróf, öðlazt kennararéttindi án frekara náms. En margir taka 1 ár í kennsluæfingum. Þetta nám fer fram í uppeldisfræðideildum háskólanna. Nemendur geta hlotið styrk til þessa náms.

Fræðsla fullorðinna.

Þessi fræðsla miðast við þá, sem eldri eru en 18 ára, og námið er ekki undirbúningur undir starf í starfsgrein. Fræðsluyfirvöldum ber lögum samkvæmt að sjá um aðstöðu til þessarar fræðslu. Námið fer fram á kvöldin, en sumar félagsmiðstöðvar fullorðinna hafa bekki að degi til. Útibúsdeildir háskólanna (extra-mural departments) hafa slíka bekki flestar, svo og fræðslusambönd verkalýðsfélaga með aðstoð og styrk frá menntamálaráðuneytinu. Fræðsla fullorðinna er ekki ókeypis, en kostnaður er greiddur niður í mismunandi ríkum mæli.

FRAKKLAND

Skólakerfið.

Meginreglur.

Börn og fullorðnir eiga jafnan og frjálsan aðgang að öllum stigum menntunar.

Einkaskólar eru heimilir jafnhliða opinberum skólum, og þeir geta hlotið ríkisstyrk.

Ríkið, fylkin (departments), bæja- og sveitafélög stofna og greiða kostnað við skóla.

Skólaskylda.

Hún er frá 6 til loka 16 ára aldurs.

Kennsla í opinberum skólum er ókeypis. Undantekningar eru þó háskólar og vissir „grandes écoles“. Stúdentar með góða námshæfileika, en takmörkuð fjárráð, hljóta opinbera styrki.

Próf.

Ríkið eitt hefur rétt til að veita prófstig. Aðgang að prófum hafa bæði nemendur ríkis- og einkaskóla. Úrtökupróf eru öllum heimil, sem fullnægja skilyrðum um aldur og undirbúning.

Stjórn skólanna.

Námsstjórar hafa eftirlit með skólunum, athuga vandamál, sem upp koma á hverjum stað, leiðbeina kennurum og meta hæfni þeirra.

Sjö námsstjórnarnefndir fara með eftirfarandi mál:

1) æðri menntun: mál er varða skipulag og stjórn háskólanna og „grandes écoles“;
2) kennslufræði, námsgreinar og leiðbeiningar: bera almenna ábyrgð á námsfyrirkomulagi og skólum;

3) málefni er varða kennara við tækni- og starfsgreinaskóla: annast ráðningu og stjórn starfsliðs;
4) íþróttaaðstöðu í skólum og háskólum: annast undirbúning og framkvæmd byggingaáætlana;
5) félagsmál og stjórnun: annast útbúnað, sem menntastofnanir eiga kost á;
6) samvinnu: annast samvinnu á sviði tæknimála við önnur ríki og alþjóðastofnanir;
7) opinber bókasöfn og lestur: sjá um starfrækslu skóla- og háskólabókasafna.

Landið skiptist í 23 fræðsluhéruð.

Yfir hverju héraði er fræðslustjóri (rector), sem er fulltrúi ráðherra og kanslari háskóla á sínu svæði. Námsstjórar eru svo fulltrúar hans í hverju fylki og námsstjórar barnaskóla í skólahverfum.

Námsskrár og kennsluaðferðir eru ákveðnar í reglugerð, sem ráðuneytið gefur út fyrir allt landið að höfðu samráði við fulltrúaráð einstakra námsstiga.

Forskólafræðsla.

Hún er veitt börnum á aldrinum 2—6 ára og fer fram í leikskólum eða smábarnadeildum barnaskóla. Kennsluaðferðir eru að nokkru grundvallaðar á aðferðum Montessoris og Decrolys.

Barna- og miðskólamenntun.

Barnafræðsla er veitt á aldrinum 6—11 ára.

Barnaskólar eru drengja-, stúlkna- eða samskólar. Þeir greinast í þrjár deildir, undirbúningsdeild (6—7 ára), undirstöðudeild (7—9 ára) og framhaldsdeild (9—11 ára

Lægra stig miðskólamenntunar (11—15 ára).

Á þessu stigi eru hæfileikar nemenda kannaðir, svo að hægt sé að leiðbeina þeim við að velja þá tegund menntunar, sem bezt hæfi þeim.

(„Lycées“) og almennir skólar (colléges d'enseignement général) annast fræðslu á lægra miðskólastigi. Nýstofnaðir miðskólar (colléges d'enseignement secondaire) munu þó í framtíðinni annast þessa fræðslu sem samfelldir skólar undir einni stjórn og á sama stað. Þessir skólar skiptast í eftirfarandi deildir: klassískar, nútíma- (1, 2 og 3) og verknámsdeildir.

Síðan skólaárið 1968—69 hefur miðskólanámið á lægra stiginu greinzt þannig:

3 deildir á fyrsta ári (= 6. ár skyldustigsins), I, II og III. I og II fylgja sama námsefni, en mismunandi aðferðum er beitt. Deild III hefur komið í stað verknáms, sem áður var.

Á öðru námsári er deildaskiptingin þannig:
a) fornmáladeild með latínu og ef til vill grísku;
b) deild nútímamála (1) með meiri áherzlu á frönsku og tvö erlend mál;
c) deild nútímamála (2) með aðeins eitt erlent mál;
d) verknámsdeild, þar sem fræðslan er meira við hæfi nemenda.

Á 3. og 4. ári getur verið um kennslu í vissum atriðum tæknifræði að ræða. Í deild III er námið almenns efnis og ætlað til uppfyllingar barnanámi fyrstu 2 árin. Seinni 2 árin er um verknám að ræða, sem er ætlað til undirbúnings námi í starfsgrein.

Deildarráð kennara á lægra miðskólastiginu halda reglulega fundi undir stjórn yfirkennara. Leiðbeiningaráð athugar tillögur deildarráðs og skýrir síðan foreldrum frá niðurstöðum sínum.

Sérdeildir (á 3. og 4. ári) geta tekið við nemendum, sem af ýmsum ástæðum gátu ekki komizt í 1. bekk lægra miðskólastigsins.

Hærra stig miðskólamenntunar (15—18 ára).

Í lok lægra miðskólastigsins er nemendum leiðbeint um framhaldsnám eftir hæfileikum, áhugamálum og námsárangri. Er þá um að ræða:

a) þriggja ára bók- og tækninám;
b) stutt námsskeið, sem taka ekki meira en 2 ár og veita undirbúning undir ákveðna starfsgrein svo og almenna menntun.

Þriggja ára námið fer fram í „menntaskólum“ (lycées), tveggja ára námið í framhaldsmiðskólum (colléges d'enseignement secondaire).

Lengra námið greinist í fimm hluta:

A-deild: bókmenntir.
B-deild: hagfræði- og félagsvísindi.
C-deild: stærðfræði og eðlisfræði.
D-deild: náttúruvísindi.
T-deild: iðn-og tæknifræði.

Deildaskiptingin hefst ekki fyrr en á öðru ári. Gerir þetta kerfið sveigjanlegra og nemendum kleift að skipta um námsbraut, ef þeir vilja. Á öðru ári eru aðeins bókmennta-, vísinda- og tæknideild. Náminu lýkur með baccalaureats-prófi.

Þriggja ára starfsgreinanám.

Þetta nám fer fram í „menntaskólum (lycées), tæknideildum þeirra eða svipuðum stofnunum. Það leiðir til tvenns konar prófa, baccalauréate de technicien“ og „brevets de technicien“.

„Baccalauréats de technicien“:

1) iðnfræði: þrjár valbrautir, vél- og raffræði, almenn byggingatæknifræði og rannsóknastörf (vinna á rannsóknarstofum);
2) hagsýslun: stjórnsýsla og verzlun.

„Brevets de technicien“:

Iðnaðargreinar, félagsstörf og hótelstjórn, búfræði.

Tækni- og starfsgreinanám.

Stofnanir og skólar á hærra framhaldsstigi mennta fólk til mikilvægra starfa í stjórnsýslu, kennslu, viðskiptum, her, flota og opinberri heilsugæzlu. Verzlunarháskólar og tækniskólar mennta fólk til meiri háttar starfa í viðskiptum og iðnaði. Nám í þessum skólum tekur minnst 3 ár og úrtökupróf eru haldin til inntöku. Prófkröfur eru meiri en til baccalaureats-prófs og oft þarf 2—3 ára undirbúningsnám í sérstökum bekkjum „menntaskóla“ (lycée).

Í mörgum fræðsluhéruðum hafa háskólastofnanir í tæknifræðum verið settar á fót. Krafizt er baccalaureats-prófs til inngöngu.

Kennaramenntun.

Eftirfarandi stofnanir annast kennaramenntun:

Kennaraskólar (2 í hverju fylki), sem mennta barnakennara.

Próf frá þeim getur einnig veitt réttindi til kennslu í 1. bekk miðskóla og verknámsbekkjum.

Kennarafræðslumiðstöðvar (Contres pédagogiques régionaux) veita kennsluþjálfun til kennslu við almenna mið- og tækniskóla þeim, sem þegar hafa kennsluréttindi í sérgrein úr háskóla og það bóklega nám, sem þarf til kennslu í þessum skólum.

Stofnanir, sem undirbúa kennara til kennslu á hærra miðskólastiginu.

Þær innrita að loknu úrtökuprófi nemendur, sem eru að búa sig undir háskólapróf.

Kennaraháskólar (écoles normales supérieures), m. a. íþróttakennaraskólar.

Iðnkennaraskólar (écoles normales nationales d'apprentissage) mennta kennara fyrir iðnfræðslustigið.

Önnur menntun

Sérkennsla fyrir afbrigðileg börn.
— sérkennslubekkir í tengslum við barnaskóla fyrir fötluð börn;
— skólar með aðstöðu til heimavistar fyrir börn og unglinga 14—17/18 ára, sem veita þjálfun í starfsgrein;
— sérkennslubekkir fyrir nemendur, sem þjást af skynjunar- eða hreyfigöllum;
— leikskólar fyrir vangefin börn;
— bekkir í tengslum við sjúkrahús fyrir börn undir læknishendi;
— heimavistarbarnaskólar fyrir börn förufjölskyldna.

HOLLAND

Skólakerfið.

Meginreglur.

Í stjórnarskránni er kveðið svo á, að einkaskólar skuli kostaðir að öllu leyti af því opinbera eins og opinberir skólar og sömu kröfur gerðar til þeirra.

Meginregla fræðslukerfisins er, að foreldrar eigi þess kost, að börnum þeirra sé veitt sú menntun, sem er í samræmi við lífsvenjur þeirra, lífsskoðun og uppeldisaðferð, sem þeir kjósa.

Námsskrá.

Námsskráin er ákveðin af ríkisstjórninni eða bæjar- eða sveitarfélagi. Einkaskólar njóta þar viss frelsis, en verða að fullnægja vissum skilyrðum, ef þeir hyggjast njóta opinberra fjárframlaga.

Skyldunám.

Það hefst 1. ágúst á því ári, sem barnið verður 6 ára og 8 mánaða, og lýkur við lok þess skólaárs, er barnið hefur sótt skóla, einn eða fleiri, í 8 ár eða í lok þess skólaárs, er nemandinn verður 15 ára.

Nýju lögin um skólaskyldu (1969) lengja hana í 9 ár. Fræðsla á skólaskyldualdri er ókeypis. Styrkir og vaxtalaus lán stuðla að því að veita hverjum ungling tækifæri til framhaldsnáms í samræmi við hæfileika sína að loknu skyldunámi.

Miðskólamenntun (þ. e. milli skyldunáms og háskóla).

Samkvæmt lögum um miðskólamenntun 1963 mynda allir skólar á þessu stigi eina samtengda heild.

Helztu atriði laganna eru þessi:

a) Hverjum nemanda skal eftir föngum veitt tækifæri til þeirrar menntunar, sem bezt hentar hæfileikum hans og áhugamálum.
b) Lögin veita meiri möguleika til námsgreiningar og færslu nemenda milli skóla. Kerfið gerir ráð fyrir bæði skyldu- og valgreinum.
c) Með því að stofna millistigsbekki sem fyrsta bekk í öllum skólum, sem taka við af skyldunámsstiginu, eru nemendum auðvelduð umskiptin, auk þess sem þá verður kleift að ganga úr skugga um, hvort nemandinn er fær um að njóta þeirrar fræðslu, sem viðkomandi skóli veitir. Sömu greinar og stundafjöldi er hafður í þessum millistigsbekkjum í öllum skólum til að gera nemendum kleift að skipta um skóla að ári loknu án þess að þurfa að endurtaka námsárið.
d) Lögin gera ráð fyrir samfelldum skóla. Þannig geta tveir eða fleiri skólar verið sameinaðir í einni stofnun. Samfelldir skólar geta verið stighækkandi, þ. e. eitt skólastig tekið við af öðru, eða samhliða, þ. e. margar tegundir skóla á sama stigi. Einnig er mögulegt að flétta bæði kerfin saman.
e) Lögin hafa aukið frekar almenna menntun í tækni og starfsgreinanámi. Enn fremur hefur undirbúningsmenntun slíks náms verið sett á breiðari grundvöll. Fagmenntun ætti að koma á eftir slíku almennu námi.

f) Mikilvægt atriði í lögunum er möguleikinn á færslu milli skóla. Eftir föngum hefur verið komið í veg fyrir, að námsleiðir lokuðust nemendum. Viðkomandi skóli tekur þó lokaákvörðun í því efni.

Aðalstig skólakerfisins.

Hollenzka skólakerfið skiptist þannig: a) forskólastig, b) barnaskólastig, c) sérskólastig, d) miðskólastig, e) háskólastig.

Forskólastig.

Forskólafræðsla er veitt í skólum. Leikur og nám fer saman. Lágmarksaldur er 4 ár.

Barna- og miðskólamenntun (almenn, tækni- og starfsgreinamenntun).

Barnafræðsla.

Barnafræðslustigið er 6 ár og nemendur á aldrinum 6—12 ára um það bil. Kennslustundafjöldi skal vera a. m. k. 1040 á ári.

Sérkennsla.

Hún er veitt börnum, sem ekki geta sótt aðra skóla vegna sjón- eða heyrnargalla, fötlunar, andlegra erfiðleika, hegðunarvandkvæða eða félagslegra ástæðna o. s. frv.

Miðskólamenntun.

Þar er um ferns konar skóla að ræða: a) undirbúningsmenntun undir háskóla, b) almenn miðskólamenntun, c) tækni- og starfsgreinamenntun, d) önnur miðskólamenntun. Sbr. 26 c).

Undirbúningsmenntun undir háskóla.

Þar er um þrenns konar skóla að ræða, „gymnasium“, „atheneum“ og „lyceum“. Námið tekur 6 ár í þeim öllum og er í beinu framhaldi af barnanámi.

Í „gymnasia“ eru latína og gríska kenndar í öllum bekkjum. Frá 4. eða 5. bekk greinast skólarnir í tvær deildir: a) þar sem aðaláherzla er lögð á klassísk fræði og b) með aðaláherzlu á stærðfræði og raungreinar.

Í „athenea“ eru fornmálin ekki kennd. Þar er því meiri áherzla lögð á nútímamál, sögu, landafræði, lög- og hagfræði. Frá 4. eða 5. bekk greinast skólarnir í tvær deildir: a) með aðaláherzlu á hagfræði og félagsvísindi og b) með aðaláherzlu á stærðfræði og raungreinar.

Í „lycea“ er námið sambland af náminu í „gymnasium“ og „atheneum“, en sama námsefni er í þeim öllum a. m. k. fyrsta árið.

Almenn miðskólamenntun.

Hér er um þrjú skólastig að ræða, sem öll taka beint við af barnanámi.

Almenn miðskólamenntun, lágstig.

Í þessum skólum tekur námið 2 ár. Stundum eru þeir samtengdir tækni- eða starfsgreinaskólum, lágstig (414), fer þá þetta nám fram á fyrsta ári eða fyrsta og öðru ári. Próf úr þessum skólum getur veitt inngöngu í almenna miðskóla, miðstig, og tækni- og starfsgreinaskóla, lágstig.

Almenn miðskólamenntun, miðstig.

Nám í þessum skólum tekur 4 ár, en stundum hafa þeir deild, þar sem námið tekur 3 ár. Próf að loknu fjögurra ára námi getur veitt inngöngu í almenna miðskóla, hástig, og tækni- og starfsgreinaskóla, miðstig, og með undirbúningsbekk inngöngu í vissa tækni- og starfsgreinaskóla, hástig.

Almenn miðskólamenntun, hástig.

Námið í þessum skólum tekur 5 ár. Stundum eru sérstakar deildir við „athenea“, „lycea“ og skóla þá, sem greindir eru í 410, sem veita þessa menntun. Þessar deildir veita þessa menntun á tveimur árum eftir þriggja ára undirbúningsnám undir há-

skóla eða fjögurra ára nám í skólunum, sem greint er frá í 410. Áþekkar deildir eru einnig við kennaraskóla, sem mennta barnakennara. Próf frá þessum skólum veita inngöngu í tækni- eða starfsgreinaskóla, hástig.

Starfsgreinafræðsla.

Þar er um þessar tegundir menntunar að ræða: tækninám, húsmæðrafræðslu, búnaðarfræðslu, verzlunarfræðslu (smásöluverzlun), viðskipta-, hagfræði- og skrifstofufræðslu, kennaramenntun, félags- og uppeldisfræði og listfræðslu.

Tæknimenntun/sjómannamenntun.

Tæknimenntun greinist í þrjú stig, lág-, mið- og hástig.

Sjómannamenntunin greinist einnig í þrjú stig.

Tæknimenntun, lágstig.

Þetta nám tekur beint við af barnanámi og tekur 3—4 ár. Hin eiginlega tæknifræðsla hefst á öðru ári. Bæði er um verklegt og bóklegt nám að ræða. Þeir, sem öðlast lokaprófsskírteini, geta haldið áfram námi hjá atvinnuveitanda samkvæmt iðnfræðslulögunum. Lokapróf í hinu bóklega námi veitir aðgang að miðstigsnáminu.

Sjómannamenntun á lágstigi veitir réttindi til innanlandssiglinga. Kostur er á eftirfarandi námi:

Skipstjóri á fljótabát: þriggja ára nám og tveggja ára starfsþjálfun.

Vélamaður: 18 mánaða nám.

Skipstjóri (smábátar): 4 mánaða nám.

Vélstjóri: 18 mánaða nám.

Loftskeytamaður: 1 árs nám.

Einnig veita þessir skólar sjómönnum lágstigsmenntun til starfa á kaup- og fiskiskipaflotanum:

Fyrsti stýrimaður (kaupskip): 4 ár.

Skipstjóri (litlir úthafsfiskibátar): 4 ár.

Skilyrði fyrir inngöngu í þessa skóla er 6 ára barnanám.

Einstaklingsfræðsla er einnig veitt á þessu stigi nemendum, sem eiga við námseða félagslega erfiðleika að stríða. Börn, sem setið hafa 6 ár í barnaskóla, geta fengið inngöngu úr 5. bekk barnaskóla. Þeir, sem ljúka prófi í slíku námi, geta öðlazt framhaldsmenntun í iðnaði.

Tæknimenntun, miðstig.

Námið tekur 4 ár. Þriðja árið vinna nemendur í iðnaði undir yfirumsjón skólans. Þessir skólar mennta nemendur til aðstoðarstarfa í iðnaði.

Sjómannamenntun, miðstig.

2—4 ára nám. Veitir skipstjóra- og vélstjóraréttindi á skipum í innanlandssiglingum, dráttarbátum á hafinu og úthafsfiskiskipum, m. a.

Húsmæðraskólar greinast í þrjú stig.

Búnaðarskólar greinast einnig í þrjú stig. Slík skipting er rauði þráðurinn í öllum þeim skólum, sem veita menntun til iðnaðar-, tækni- og verzlunarstarfa.

Tækni- og starfsgreinamenntun, hástig.

Námið tekur 4 ár. Þriðja árinu er varið til þjálfunar í iðnaði undir yfirumsjón skólans. Lokapróf veitir í vissum tilvikum réttindi til inngöngu í tækniháskóla.

Sjómannamenntun, hástig.

Námið tekur 4½ ár fyrir stýrimenn, skipstjóra og vélstjóra/yfirvélstjóra til að öðlast réttindi til millilandasiglinga. Tveggja ára nám er fyrir loftskeytamenn á stórum skipum.

Búnaðarmenntun, hástig.

Námið tekur 3 ár í búfræði, 4 ár í garðyrkju, tæknibúfræði, skógrækt og akuryrkju. Lokapróf veitir réttindi til inngöngu í búnaðarháskólann í Wageningen eða dýralækningadeild háskólans í Utrecht.

Hag- og stjórnunarfræði, hástig.

Námið tekur 3 ár. Á öðru ári greinist námið í þrennt: viðskiptahagfræði, verzl-

unarfræði og stjórnunarfræði. Stjórnunarfræðinni fylgir undirbúningsnám undir hin mikilvægari störf í opinberri þjónustu.

Félags- og uppeldisfræðimenntun.

Þetta nám veitir undirbúning undir fræðslustörf á meðal ungs fólks og fullorðinna, menningar- og félagsstörf, störf á sviði samfélagsþróunar, barnaverndar, heilsugæzlu, íþrótta, bókavörzlu, blaðamennsku og annarra starfa á hinu félags- og uppeldislega sviði. Nám á hástigi í þessum fræðum getur veitt aðgang að vissum háskóladeildum.

Iðnnám.

Það tekur vanalega við að loknu lágstigsnámi í tækni- og starfsgreinaskólunum. Þó eru opnar leiðir þeim, sem ekki hafa lokið slíku námi. Um tvenns konar stig er að ræða, grundvallar- og framhaldsstig. Grundvallarnámið tekur 2 ár, en í sérstökum tilvikum er mögulegt að ljúka því á 1 ári. Framhaldsnámið tekur 1 ár.

Fræðslustarf í þágu þeirra, sem hætta snemma skólagöngu.

Markmið þessarar fræðslu er að efla þroska ungs fólks, sem ekki nýtur neinnar formlegrar skólagöngu, en hefur þegar hafið störf. Reynt er að auðvelda því umskiptin frá námi til starfs. Á þetta sér stað bæði á vinnustað og á kvöldin. Drengir og stúlkur eru aðskilin. Einnig er um aldursskiptingu að ræða, 15—18 og 19—21 árs. Einnig er tekið tillit til trúarskoðana eins og í almenna skólakerfinu.

Kennaramenntun.

Skólar eru fyrir forskóla-, barna- og miðskólakennara.

Kennaraskólar fyrir kennslu á forskólastigi.

Námið tekur 4 ár og skiptist í fyrri hluta (forskólakennaramenntun), sem tekur 3 ár, og síðari hluta (yfirkennaramenntun), sem tekur 1 ár. Hægt er að fá inngöngu í fyrri hluta að loknu fjögurra ára námi á miðstigi almennrar miðskólamenntunar eða eftir þriggja ára nám í „menntaskólum“ (sbr. 44) eða almennum miðskólum, hástigi. Aðgang að síðari hluta fá aðeins þeir, sem lokið hafa fyrri hluta. Próf úr fyrri hluta getur einnig veitt aðgang að kennaraskólum barnastigsins.

Barnakennaramenntun.

Námið tekur 3 ár. Fyrri hluti — 2 ár — veitir barnakennararéttindi og síðari hluti — 1 ár — yfirkennararéttindi. Aðgöngu geta þeir fengið, sem lokið hafa almennu miðskólaprófi, hástigi, og forskólakennaraprófi úr fyrri hluta. Þeir einir fá aðgang að síðari hluta, sem lokið hafa fyrri hluta. Í vissum tilvikum geta þeir, sem lokið hafa síðari hluta, fengið inngöngu í sumar háskóladeildir.

Miðskólakennaranám.

Í nánustu framtíð verður komið á sérstöku námi, sem veita mun kennurum réttindi á þremur stigum. Fyrsta stigið verður líklega á háskólastigi, en annað og þriðja stigið á sama stigi og tækni- og starfsgreinanám á hástigi. Inntökuskilyrði verða sennilega próf á hástigi almenns miðskóla eða á miðstigi tækni- og starfsgreinaskóla til náms á öðru og þriðja stigi þessara skóla.

SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝZKALAND

Skólakerfið.

Meginreglur.

Fræðsluskylda er frá 6 ára aldri a. m. k. til 18 ára aldurs. Af þessum tíma eru 9 fyrstu árin heil námsár, en síðan koma 3 ár, þar sem námið tekur hluta úr námsári. Þeim nemendum, sem ekki leggja stund á iðnnám, er skylt að bæta við sig öðrum slíkum þremur árum, unz þeir verða fullveðja (21 árs).

Í öllum opinberum skólum fylkjanna (Länder) er kennslan ókeypis og í átta þeirra kennslugögn og hjálpartæki, einkum kennslubækur.

Rammareglugerðir eru gefnar út af menntamálaráðuneytunum varðandi námsskrár.

Útgáfa kennslubóka er frjáls, en ráðuneytin athuga þær og samþykkja. Kennurum er frjálst að velja kennslubækur af lista yfir slíkar bækur, er ráðuneytin hafa samþykkt.

Öll lokapróf eru ríkispróf undir yfirstjórn yfirvalda skólaeftirlitsins. Sérreglur eru um lokapróf í starfsgreinaskólum.

Í stjórnarskránni eru tryggð réttindi til að stofna einkaskóla.

Stjórn skólanna.

Löggjafar- og stjórnvaldið er í höndum hverrar fylkisstjórnar fyrir sig.

Menntamálaráðherrar fylkjanna halda stöðugt ráðstefnur til að samræma aðgerðir í fræðslumálum og eiga samvinnu í þeim efnum. Skólamálanefndin er ein af fastanefndum ráðstefnunnar. Hún fæst við öll mál er varða barna- og miðskólamenntun og einnig tækniskóla og kennaraskóla. Tillögur nefndarinnar eru háðar samhljóða samþykki allra ráðherranna, sem um leið skuldbinda sig til að fylgja samþykktunum eftir, hver í sínu fylki.

Héraðsstjórnir annast stofnun og kostnað við opinbera skóla. Þær bera einnig að hluta stofnkostnað miðskóla, en fylkin að hluta, og þau greiða einnig laun kennara.

Forskólakennsla.

Hún hefst yfirleitt við þriggja ára aldur. Bæja- eða sveitafélög, trúfélög eða einkaaðilar annast hana. Opinbert eftirlit er haft með henni. Börn, sem náð hafa skólaaldri en ekki nægum skólaþroska, halda áfram í forskólum.

Sífellt fleiri sérskólar á þessu stigi eru stofnaðir fyrir afbrigðileg börn til að auðvelda framtíðarstarfið í sérskólum. Enn fremur er tilhneiging til að stofna forskólabekki fyrir nemendur, sem eru komnir á skólaþroskastig, en hafa ekki aldur til að ganga í skóla.

Barna- og miðskólafræðsla.

Barnafræðsla (1. stig).

Fyrstu fjögur árin fer fram almenn barnafræðsla (Grundschule). Í Berlín, Bremen og Hamborg er hún þó 6 ár. Að því loknu geta nemendur valið um þrjár samsíða námsleiðir miðskóla. Ræður námsárangur nemandans þar úrslitum.

Aðgreining nemenda eftir námsleiðum.

Í sumum fylkjum eru 2 fyrstu árin notuð til að kanna nánar, hvaða námsleið henti nemendum bezt (Förderstufe). Er nemendum þá skipt í hæfnishópa til könnunar getu þeirra í ákveðnum greinum.

Hauptschule tekur við af Grundschule og í honum eru aldursflokkarnir 10—15 ára. Í þessum skóla eru nemendur búnir undir störf við þeirra hæfi. Eitt erlent mál er kennt, venjulega enska.

Gagnfræðaskólar (Realschule) eru 6 ára skólar (fyrir 10—15 ára). Enska er skyldugrein, en franska valfrjáls. Að loknu prófi úr gagnfræðaskólum er um þessar leiðir að velja:

— nám í starfsgrein á miðstigi
— tækniskóla eða annan framhaldsskóla (52 eða 53) að loknu verklegu og bóklegu námi í starfsgrein
— framhaldsbekki menntaskóla.

Framhaldsbekkir gagnfræðaskóla.

Nemendur, sem ekki hafa farið í gagnfræðaskóla fyrr en á 7. námsári skyldustigsins, geta tekið framhaldsbekki gagnfræðastigsins við Hauptschule eða Realschule til að öðlast gagnfræðapróf.

Kvöldgagnfræðaskólar.

Nemendur Hauptschule, sem lokið hafa skyldunámi, geta lokið gagnfræðaprófi með því að sækja þessa skóla.

Menntaskólar.

Þar eru aldursflokkarnir 10—18 ára. Algengustu námsleiðir eru: nútímamál, stærðfræði og raungreinar og klassisk mál. Einnig eru sérstakir menntaskólar til náms í hagfræði, hagfræði og félagsvísindum, tæknifræðum, tónlist og kvennamenntaskólar. Próf frá sumum þessara skóla veitir aðeins aðgang að sérsviðum æðri menntunar, en aukapróf geta veitt aðgang að öllum greinum hennar.

Í þeim menntaskólum, sem veita full réttindi til æðri menntunar, eru a. m. k. kennd tvö erlend mál og er latína venjulega annað þeirra. Í sumum hinna sérstöku menntaskóla er sérgrein kennd í stað þriðja erlenda málsins.

Framhaldsbekkir menntaskóla (Aufbaugymnasium).

Nemendur, sem lokið hafa námi í Hauptschule eða Realschule og vilja öðlast réttindi til æðri menntunar, geta sótt þessa skóla.

Kvöldmenntaskólar.

Þeir eru fyrir fullorðna, sem óska að taka stúdentspróf. Viðkomandi verður að hafa lokið námi í starfsgrein.

Kolleg (stofnun, sem veitir ungu fólki undirbúning til stúdentsprófs).

Inntökuskilyrði eru gagnfræðapróf (Realschule) og viðkomandi verður að hafa lokið námi í starfsgrein eða að hafa hlotið samsvarandi kunnáttu í starfi. Á námsskrá eru m. a. hagfræði, félagsvísindi og tvö erlend mál.

Starfsgreinafræðsla.

Berufsschule (námskeiðsskólar í starfsgreinum).

Þessir skólar taka við af skyldustiginu og ná yfir 10.—12. námsár (þ. e. 15—18 ára). Nemendur sækja þessa skóla 1—2 daga í viku (8—12 stundir) auk verknámsins, sem þeir stunda á vinnustað. Öllum unglingum, sem ekki sækja neina aðra miðskóla á þessu aldursstigi, er skylt að sækja þessa skóla, og unglingar, sem ekki sækja nám í neinni starfsgrein, verða að stunda nám í þessum skólum, unz þeir eru 21 árs. Hlutverk þessara skóla er að fullkomna verknám og veita um leið almenna menntun. Námið greinist í ýmsa þætti í samræmi við hin ýmsu störf.

Starfsgreinaskólar (fullt nám — Berufsfachschule).

Þeir taka vanalega 2 ár. Inntökuskilyrði eru lokapróf úr Hauptschule eða Realschule, en það fer eftir tegund starfsgreinar og kröfum, sem gerðar eru. Námið er bæði bóklegt og verklegt.

Berufsaufbauschule.

Inntökuskilyrði eru, að umsækjandi hafi sótt Berufsschule a. m. k. í hálft ár með góðum árangri. Þessir skólar veita meiri almenna menntun, þar á meðal er kennt eitt erlent mál. Þá veita þeir viðtækari tæknimenntun. Námið tekur 1 ár, en stunda má það á 3 árum í kvöldskólum. Próf úr þessum skólum veitir jafngild réttindi og lokapróf úr Realschule. Það veitir aðgang að verkfræðiháskólum (Ingenieurakademien).

Tækni- og starfsgreinamenntun.

Fachschule.

Þessir skólar veita nemendum framhaldsmenntun að loknu námi í starfsgrein. Skipulag þeirra og lengd er mismunandi eftir starfsgreinum, frá 6 mánuðum upp í 2½ ár. Lokapróf veitir aðgang að störfum á hærri sviðum og réttindi sem tæknimenn og verkstjórar. Algengustu skólar af þessu tagi eru tækniskólar, meistaraskólar, skólar fyrir forskólakennara og búnaðarskólar.

Verkfræðiháskólar (Ingenieurakademie).

Inntökuskilyrði eru gagnfræðapróf (Realschule) eða sambærilegt próf og viðurkennt nám í starfsgrein í 2 ár. Um tuttugu námsleiðir er að velja og tekur hver 3

ár. Þeir, sem við lokapróf hljóta vottorð um hæfni til vísindastarfa, geta öðlazt réttindi til æðri menntunar.

Aðrir framhaldsskólar (Akademien).

Um fleiri tegundir skóla er að ræða á svipuðu stigi og verkfræðiháskólana, einkum verzlunar- og hagfræðiskóla og félagsfræðiskóla. Inntökuskilyrði eru svipuð svo og námslengd.

Kennaramenntun.

Kennarar við Grund- og Hauptschulen.

Kennarar við bæði þessi skólastig hljóta í meginatriðum sömu menntun. Hana hljóta þeir annaðhvort í kennaraskólum eða uppeldisfræðideildum háskólanna. Námið tekur 3 ár. Eftir a. m. k. tveggja ára reynslutímabil við kennslu verður kennaraefni að taka annað próf, sem lýtur að raunhæfu kennslustarfi þeirra. Þeir, sem standast það, eiga rétt á að verða opinberir starfsmenn ævilangt.

Vegna skiptingar skyldustigsins (Volkschule) í barna- og miðskóla (Grund- und Hauptschule) er tilsvarandi tilhneiging til að greina sundur kennaramenntunina eftir því, hvort stigið um er að ræða. En inntökuskilyrði og próf eru hin sömu, hvort heldur sem er.

Sérskólakennarar.

Aðgang fá aðeins þeir, sem lokið hafa kennaranámi til kennslu á skyldustiginu (Volkschule). Eftir nokkra reynslu í starfi bætist við sérnám, vanalega 2 ár, við kennaraskóla eða sérstofnanir háskóla.

Gagnfræðaskólakennarar (Realschullehrer).

Menntunin er með tvennum hætti. Kennarar við barna- og miðskóla (Volkschule), sem hlotið hafa viðbótarmenntun í tveim greinum a. m. k., sem kenndar eru við gagnfræðaskóla, geta orðið gagnfræðakennarar að loknu sérstöku prófi. Í borgfylkjunum (Berlín, Bremen og Hamborg) og Hessen er kennaramenntun fyrir barnamið- og gagnfræðaskóla sameiginleg. Samt þarf próf í tveim greinum til að öðlast réttindi við gagnfræðaskóla.

Hin leiðin til að öðlast kennsluréttindi við gagnfræðaskóla er að stunda þriggja ára nám í háskóla og taka fyrra prófið (sbr. 61) og ljúka síðan seinna prófinu eftir viðbótarnám í verklegum og bóklegum greinum svo og eins til eins og hálfs árs reynslu í starfi.

Menntaskólakennarar.

Þeir hljóta menntun sína í háskóla. Námið tekur a. m. k. 4 ár og tekur til tveggja greina, sem kenndar eru við menntaskóla. Eftir tveggja ára reynslutíma í starfi er haldið annað próf, sem veitir réttindi til skipunar.

Tækni- og starfsgreinakennarar.

Þeir hljóta svipaða menntun og menntaskólakennarar. Áður en námið hefst, verða þeir að öðlast hagnýta reynslu á viðkomandi sviði. Námið fer fram í háskóla eða tækniháskóla og tekur a. m. k. 4 ár. Síðan kemur 1—2 ára reynslutími, áður en seinna prófið er tekið.

Önnur skipulögð kennsla.

Sérskólar.

Þeir eru fyrir fatlaða, vangefna og taugaveiklaða nemendur. Flestir þeirra eru á skyldustiginu (Volkschule), en einnig eru slíkir skólar til fyrir nemendur í tækni- og starfsgreinagagnfræða- og menntaskólum.

Endurhæfingarskólar (Berufliche Umschulung).

Samkvæmt lögum geta launþegar, sem ekki eiga lengur kost á vinnu í sinni starfsgrein, hvort heldur það er vegna breyttra atvinnuhátta eða slysa, hlotið endurhæfingu í starfsgrein á kostnað hins opinbera.

ORÐASKRÁ

yfir frumvarp til laga um grunnskóla.

(Vísað er í greinar).

Aðalkennari 2, 27.
Aðlögunarvandamál 9.
Agabrot 91.
Barnaverndarnefnd 6, 89, 91.
Bekkjardeild 27, 30, 36, 68—70, 72, 91.
Bekkjarkennari 91.
Bókasafn 28, 30, 94.
Bæjarfélag 39.
Bæjarsjóður 39.
Bæjarstjórn 39.
Dómstólar 92.
Einkaskólar 7, 86.
Einkunnir 76.
Endurmenntun kennara, 33.
Erindisbréf grunnskólaráðs 85.
— kennara 20.
— skólanefnda 46.
— skólastjóra 20, 34.
— starfsmanna ráðgjafar og sálfræðiþjón-
— ustu 102.
Eyður í stundaskrá 30.
Fagnámsstjórn 28. 30.
Félagslíf nemenda 28.
Félagsráðgjafaþjónusta 91.
Félagsráðgjafi 96.
Félagsstörf 30.
Fjárlög 13. 32, 49, 59, 82.
Fjármálaráðuneytið 30.
Foreldrafélag 35.
Foreldraráð 35, 37.
Foreldrar 35, 76, 88, 91, 97.
Forráðamaður 2, 6, 8, 11, 24, 27, 75, 88—89, 91—92.
Forskólakennarar 93.
Forskóli 86, 93.
Fóstrur 93.
Framhaldsskólar 2, 75, 85.
Framkvæmdaáætlun um skólabyggingar, 5, 13.
Framkvæmdanefnd fræðsluráðs 52.
Fræðsluráð 14—16, 24, 30, 47, 49, 52—54, 60—61, 96, 98.
Fræðsluskrifstofa 48—49, 50—51, 96.
Fræðslustjóri 5—6, 10—11, 16—17, 22, 24—25, 28, 31, 34, 41—44, 46—47, 49—58, 60—62, 69—70, 73, 87, 91—92, 95—96, 98, 101.
Fræðsluumdæmi 4, 8, 10, 14, 24, 47—49, 52—53, 55—56, 58, 62, 95—96, 101.
Geðlæknir 9.
Grunnskólaráð 85.
Háskóli Íslands 81, 85.
Heilsuvernd 95.
Heimavist(arskóli) 13, 20, 60.
Hjúkrunarkona 95.
Húsmæðraskólar 54.
Hæfniprófanir 97.
Iðnfræðsla 60.
Iðnfræðsluráð 60.
Iðnfræðsluskólar 54.
Kennarafundur 34.
Kennarar 8, 19—21, 23—26, 28—30, 32—36, 42, 44, 56, 66, 68, 74, 76—77, 80, 85—86, 90, 91—93, 96—98, 100. Sjá einnig **aðalkennari, bekkjarkennari, forskólakennarar, stundakennarar, yfirkennari.**
Kennararáð 34, 36—37.
Kennaraskóli Íslands 80—81, 85.
Kennsluskylda kennara 23, 30.
— skólastjóra 22, 30.
— yfirkennara 25, 31.
Kennslustundir, lengd 65.
Kennslutími, vikulegur 64.
Kennslutæki 28, 30, 45, 94.
Kjarasamningar og kjaradómur 21, 30, 34, 50, 59, 93.
Kvóti til stjórnunar og skrifstofustarfa 22, 25, 28, 31.
Leikvellir 45.
Leyfi, launalaust 29, 51, 59.
— lögboðin 62, 67.
Læknir, ráðgefandi við sálfræðideild 96.
Læknisþjónusta 91.
Lög um menntun kennara 26.
Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna 20.
— um skólakostnað 10, 16—17, 70, 84, 94.
Menntamálaráðuneytið 4—5, 10, 12—14, 16—17, 19—20, 22, 30, 32, 34, 36—37, 42—44, 46, 49, 51—64, 70, 74, 77—78, 80—86, 91—94, 96, 99—102.
Námsbrautir 75 100,
Námseftirlit 56.
Námsferðir kennara 32.
Námsráðgafar 100.
Námskeið kennara 80.
Námsmat 74, 78—79.
Námsskrá 30, 58, 63, 73, 80, 84.

Námsstjóri 59.
Námsstjórn 30, 59.
Námsval 97.
Nemendaráð 36—37.
Orlof 25, 32.
Próf 62, 74—75, 77.
— samræmd könnunar 78.
— samræmd loka 75, 77.
— stöðluð 78—80.
Prófdagar, fjöldi 74.
Prófdómarar 30.
Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta 96—99. Sjá einnig **Sálfræðiþjónusta.**
Reglugerð: agi, 91.
— endurmenntun kennara 33.
— fræðslustjórar og fræðsluráð 61.
— heilsuvernd í skólum 95.
— kennsla óskólaskyldra barna 87.
— kennsluskylda yfirkennara 25.
— skólastjórastöður (menntun og reynsla) 19.
— námseftirlit 56.
— námsmat 79.
— námsstjórn 59.
— nemendaráð 36.
— orlof kennara 32.
— ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta 102.
— samstarfsnefnd foreldra, kennara og nemenda 37.
— sérkennsla 10.
— skólabókasöfn 94.
— stjórnunarstörf 30.
— skólamannvirki (umsjón og umráð) 18.
— uppeldisrannsóknanefnd 83.
— viðhald húss og lóðar 17.
Reiknaðar stundir 22, 28, 30, 55, 73.
Reykjavík(urborg) 15, 39, 47, 49, 51, 52, 81.
— borgarsjóður 51.
— borgarstjórn 49, 52.
Ríkissjóður 30—31, 51, 54—55, 59, 82, 96.
Ríkisútgáfa námsbóka, 80, 85.
Sálfræðideild 96, 98—99, 101.
Sálfræðingafélag Íslands 101.
Sálfræðingur 91, 96, 101.
Sálfræðiþjónusta 3, 9—10, 58, 88, 91, 101.
Samstarfsnefnd foreldra, kennara og nemenda 37.
Samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Samb. ísl. sveitarfél. 14, 17.
Sérkennsla 8—10, 30.
Sérskólar 8.
Skiptitímar 70.
Skírteini 75.
Skólafulltrúi 39, 52.
Skólahverfi 5, 7, 12—13, 15—16, 30, 38, 41, 53, 57, 72—73, 84, 88.
Skólalæknir 9, 58, 88—89, 95. Sjá einnig **Læknisþjónusta.**
Skólanefnd, 5, 11, 15, 18, 24—25, 28, 30—31, 34—35, 38—47, 52, 55—56, 60, 86, 91—92, 98.
Skólaráð 15, 18, 24, 31, 39—40, 52, 56.
Skólaráðgjafi 96, 98.
Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins 56, 59, 63, 82, 85.
Skólasálfræðingur 2, 101.
Skólastjóri 2, 6, 11, 19—22, 24—25, 28, 30—32, 34—37, 40—44, 46, 55—56, 62, 65, 70, 73, 86, 88—89, 91—92, 95, 97—98.
Starfsfræðsla 100.
Starfsval 97.
Stundahlé 66.
Stundakennarar 24, 26.
Sveitarfélag 2, 10, 15, 17—18, 31, 38, 49, 51, 54—55, 62, 93, 96.
Sveitarsjóður 28, 30, 55.
Sveitarstjórn 16, 18, 28, 38, 46, 52—55, 60.
Tannlæknir 95.
Tilraunaskólar 84.
Uppeldisrannsóknanefnd 81,83.
Valgreinar 63.
Verknámskennsla 30.
Vinnuveitandi 75, 89.
Vorskóli 88.
Yfirkennari 25, 31, 37.

Ed. 308. Frumvarp til laga [186. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

Hlutverk.

1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Heimilt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvors annars til þess að forðast tvíverknað.
2. Það er hlutverk Kennaraháskóla Íslands að veita fullnægjandi þekkingu og leikni til þess að kenna og leiðbeina ungmennum á skyldunámsstigi og í yngri aldursflokkum, sem að því stigi liggja og eiga rétt á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.
3. Skólinn skal temja kennaraefnum fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra, er gerir þau hæf til samvinnu við vandamenn nemenda sinna, sérfræðinga og aðra aðila, er uppeldisstörfum sinna. Kennaraefnum skulu kennd hagkvæm og skipuleg vinnubrögð í námi, einum sér og í samvinnu. Námið á að þjálfa hugsun og glæða hugkvæmni, alúð, skyldurækni og félagsþroska.
4. Skólinn skal jafnan taka mið af markverðum nýjungum í vísindum og viðhorfum, er uppeldismál varða, hafa frumkvæði um að sannreyna gildi þeirra í íslenzku umhverfi, leita nýrri og betri kenninga og aðferða í námi og kennslu og vekja athygli yfirstjórnar skólans á æskilegum breytingum á skólahaldi og fræðslulöggjöf.
5. Skólinn skal í samvinnu við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

Stjórn skólans.

2. gr.

1. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.
2. Ráðherra til ráðuneytis um menntun kennara skal vera skólanefnd kennaraskóla, skipuð til fjögurra ára. Í nefndinni skal vera, auk rektors Kennaraháskóla Íslands eða fulltrúa hans, einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Skólastjórn Kennaraháskóla Íslands, sérkennaraskólum sameiginlega, háskólaráði, Sambandi íslenzkra barnakennara, Landssambandi framhaldsskólakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, samtökum íslenzkra kennaranema (nefndur til tveggja ára), fræðslustjórum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, fræðslustjórum utan þess svæðis svo og menntamálaráðuneytinu. Er fulltrúi þess formaður nefndarinnar. Skal skólanefndin kvödd til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
3. Rektor stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan.

   Skólastjórn fer að öðru leyti með stjórn skólans. Hana skipa rektor og fastir kennarar skólans ásamt skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans, svo og fulltrúar tilnefndir af nemendaráði, og komi einn fulltrúi nemenda fyrir hverja fjóra aðra fulltrúa, sem sæti eiga í skólastjórn.

Í skólaráði eiga sæti rektor, einn úr hópi fastra kennara við hverja skor skólans (skorarstjóri), þrír tilnefndir af nemendaráði og einn tilnefndur á almennum fundi lausráðinna kennara. Skólaráð fer með þau störf, sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum, og er að öðru leyti til aðstoðar rektor og skólastjórn við umsjón með stofnuninni.

Rektor er í forsæti á fundum skólastjórnar og skólaráðs, en konrektor ritari.

Á fundum skólastjórnar og skólaráðs verður ályktun því aðeins gild, að tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sæki fund hið fæsta. Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða staðgengils hans.

Rísi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af rektor, skólastjórn eða skólaráði, sker menntamálaráðherra úr.

4. Rektor skal kjörinn af skólastjórn úr hópi fastra kennara til 4 ára í senn. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og taka við embætti 1. ágúst, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.
5. Í aprílmánuði kjósa kennarar skorar sér skorarstjóra til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara og tekur hann við starfinu 1. júlí. **Um kosningu á fulltrúum lausráðinna kennara og nemenda sem og framkvæmd á kosningu skorarstjóra segir nánar í reglugerð.**

Nemendaráð.

3. gr.

1. Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólastjórn og skólaráð; enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.
2. Um kosningar í nemendaráð og framkvæmd þeirra skal ákveðið í reglugerð.
3. Nemendaráð setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Skulu þær háðar samþykki meiri hluta nemenda í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Inntaka nemenda í skólann.

4. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf.
2. Annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, en menntamálaráðuneytið fellst á það.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.
4. Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið, né neinum þeim ágalla, er að dómi skólastjórnar hamli skólavist.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar.

Nám og námstími.

5. gr.

Skipuleggja skal námið sem þriggja ára nám. Námstími skal eigi vera lengri en 9½ mánuður á ári og eigi skemmri en 8½. Menntamálaráðuneytið getur leyft allt að hálfsmánaðar vik frá þessu ákvæði.

Heimilt er að halda allt að níu mánaða námskeið á uppeldisfræðilegu sérsviði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

6. gr.

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

I. **Almennt kennaranám.**
   a. **Uppeldisgreinar** bóklegar, 2 hlutir.
   b. **Námsefni skyldunáms:**
      1) Kjarni: 4 hlutir. Námi í kjarna skal ljúka að því leyti, sem fært er, á fyrsta ári.
      2) Tvær valgreinar, 4 hlutir. Heimilt er skólastjórn að leyfa nemendum að bæta við sig þriðju valgrein og verður þá valgreinanámið 6 hlutir.
   c. **Uppeldisfræðilegt sérsvið** og **áheyrn**, 2 hlutir.

II. **Nám handavinnukennara** skal vera 2 hlutir í bóklegum uppeldisgreinum, 1 hlutur í kjarna, 2 í bóklegri valgrein og 7 í handlistum.

III. **Verklegt nám**, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í skyldunámsgreinum og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.

IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

7. gr.

Námsgreinar skólans skiptast í skorir, sem hér segir:

1. **Uppeldisgreinar:** sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar, auk skólasögu.

II. **Félagsgreinar:** félagsfræði, saga, siðfræði, trúarbragðasaga og kristinfræði.

III. **Mál:** íslenzka og íslenzk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, danska, enska.

IV. **Raungreinar:** eðlisfræði, efnafræði, líffræði, landafræði, auk stærðfræði.

V. **List- og verkgreinar:** skrift, vélritun, teiknun og handavinna, söngur og tónfræði, leiklist, íþróttir og fimleikafræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Nemendur skulu hafa tekið þátt í almennum framleiðslu- og þjónustustörfum eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á námstímanum eða árinu, áður en kennaranám var hafið.

Verkleg þjálfun eða starf á uppeldisstofnun getur komið í stað almennra starfa.

Námseftirlit og almenn próf.

9. gr.

1. Eftirlit, námsmat og próf skulu vera, eftir því sem við verður komið, eðlilegur þáttur eða lokastig í námi og þjálfun og miðast m. a. við verklegar æfingar og ritgerðir, hlutlæg próf svo og þau vinnubrögð önnur, sem veita nemendum sem gleggsta vitneskju um vald þeirra á námsefninu og örva þá til frekari dáða.

2. Svo skal haga gerð prófa, að þau standist fræðilegar kröfur um áreiðanleik, svo og réttmæti í samræmi við markmið námsins.
3. Próf skulu haldin í öllum námsgreinum fyrsta árs. Skera þau úr um það, hvort nemandi heldur áfram námi annars og þriðja árs.
4. Námsefni skal, eftir því sem reglugerð ákveður, skipt niður í námsáfanga. Lýkur námi í hverjum áfanga með prófi eða annars háttar mati. Þó skal heimilt, ef skólastjórn æskir þess og ráðuneyti fellst á það, að haga lokaprófi í tilteknum greinum svo, að það nái til tveggja eða fleiri áfanga í námsefni annars og þriðja árs.

   Lokapróf hvers áfanga eða námsgreinar er hluti af kennaraprófi.
5. Prófdómarar, skipaðir af menntamálaráðuneytinu, skulu dæma með kennara úrlausnir á lokaprófum í greinum, þar sem reglugerð mælir fyrir um lágmarkseinkunn. Í öðrum greinum kennaraprófs dæma kennarar einir og gefa einkunnir. Þó getur menntamálaráðuneytið skipað prófdómara í þessum greinum einnig, ef ástæða þykir til eða ef skólaráð æskir.

   Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um próf í Kennaraháskóla Íslands.

Þjálfun í starfi. Embættispróf.

10. gr.

Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennaraefni njóta tveggja ára leiðsagnar og þjálfunar í starfi, áður en þau öðlast réttindi til kennaraembættis. Fræðsluskrifstofur skulu hver í sínu umdæmi skipuleggja námskeið og viðræðufundi fyrir kennaraefni, í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsagnarkennara, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra.

Reynslutímanum lýkur með prófi. Kennaraháskóli Íslands hefur umsjón með prófinu. Nefnist það embættispróf kennara.

Til náms þessa skal varið sem svarar 2—4 vikum á ári.

Kenndar stundir nýliðans skulu nema hið fæsta hálfri kennsluskyldu fastra kennara á fyrsta starfsári, og samanlagður fjöldi kenndra stunda og námsstunda hans skal eigi vera meiri en fullur skyldustundafjöldi fastra kennara.

Heimilt er að setja nýliða í starf. Skal hann njóta fullra launaréttinda kennara á starfstímanum, þar með talinn tveggja til fjögurra vikna námstími hvort árið.

Starfslið.

A. Kennarar.

11. gr.

Fastir kennarar skólans eru prófessorar, dósentar og lektorar. Auk þess starfa við skólann aðjunktar, sem menntamálaráðherra ræður til tveggja ára hið skemmsta, að fengnum tillögum skólaráðs. Skólaráð ræður stundakennara.

Skipa skal allt að sjö prófessora, tvo í uppeldisgreinum, einn í íslenzkum fræðum, einn í erlendum málum, einn í raungreinum, einn í félagsgreinum og einn í listgreinum.

Dósentar skulu vera allt að níu, tveir í uppeldisgreinum, einn í málvísindum, tveir í raungreinum, tveir í félagsgreinum og tveir í listgreinum.

Um tölu lektora fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs.

Um vinnutíma kennara, árlegan eða vikulegan, fer eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms; í reglugerð skal kveða á um, hver sé kennsluskylda einstakra kennara.

12. gr.

1. Kennarar skólans skiptast á skorir eftir kennslugreinum sínum.
2. Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora.
3. Þá eina má skipa fasta kennara, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri, er þeir eiga að kenna, svo og prófi í uppeldis- og kennslufræðum. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, stöðuna, ef meiri hluti dómnefndar telur hann hæfan til að gegna starfinu.
4. Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar.

B. Annað starfslið.

13. gr.

I. Umsjónar- og ráðgjafastörf.

1. **Konrektor,** er rektor ræður úr hópi fastra kennara og vera skal honum til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans kjörtímabilið.
2. **Bókavörður,** er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Námsráðunautar,** er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
4. **Æfingastjóri,** er skipuleggur æfingakennslu og hefur umsjón með henni.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

II. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi,** er sé rektor og konrektor til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri,** er annast reikningshald skólans og bókhald.
3. **Annað starfslið,** eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

III. Önnur störf.

1. **Húsvörður,** er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður,** er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru í lið II. og III.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

Menntamálaráðherra ræður, setur eða skipar starfsmenn samkv. grein þessari, aðra en konrektor, að fenginni umsögn skólaráðs, er hafi áður leitað álits nemendaráðs, að því er námsráðunaut varðar.

Rannsóknarstofnun uppeldismála.

14. gr.

1. Komið skal á fót rannsóknarstofnun uppeldismála. Skal hlutverk hennar vera að:
   a. vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði sál- og félagsvísinda, og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni, er teljast hafa hagnýtt gildi fyrir skólastarf á Íslandi,
   b. veita kennaraefnum og háskólastúdentum þjálfun í fræðilegum rannsóknaraðferðum sál- og félagsvísinda.
2. Til stofnunarinnar skal ráða sérfræðinga á sviði sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, félagsfræði og tölfræði, eftir þörfum og samkvæmt því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Heimilt er að fela föstum kennurum beggja háskóla rannsóknarstörf við stofnunina. Má þá létta af þeim hluta af starfsskyldum, enda komi til samþykki háskólaráðs eða skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

   Eftir því sem tök eru á skal og veita prófessorum og dósentum aðstöðu til eigin rannsókna í stofnuninni.

15. gr.

1. Stjórn rannsóknarstofnunar uppeldismála skal vera í höndum 6 manna stjórnarnefndar, er í eigi sæti:
   rektor Kennaraháskóla Íslands,
   rektor Háskóla Íslands,
   fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum uppeldisskorar Kennaraháskóla Íslands,
   fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði.
   deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins,
   formaður, skipaður af menntamálaráðherra til fjögurra ára, án tilnefningar. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.
2. Vísindalegu starfi rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknarverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina. Forstjóra er skylt að kenna a. m. k. ⅔ hluta kennsluskyldu sinnar í hlutaðeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
3. Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

Æfinga- og tilraunaskóli.

16. gr.

Í sambandi við Kennaraháskóla Íslands starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurborgar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraháskólinn veitir rétt til að kenna.

17. gr.

Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Rektor Kennaraháskóla Íslands og prófessor í uppeldis- og sálarfræði skulu í samráði við skólastjóra Æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknarstarfi þessu.

18. gr.

1. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og að því er varðar fasta æfingakennara að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.
2. Stofnkostnaður skólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir $^3/_5$ hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur $^2/_5$ hluta.

   Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

   Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.

   Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

19. gr.

Stjórn Æfingaskólans skipa rektor Kennaraháskóla Íslands, skólastjóri og fastir kennarar Æfinga- og tilraunaskólans. Skólastjóri annast daglega stjórn í umboði rektors.

20. gr.

Heimilt er skólastjóra Æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun kennsluæfinga og eftirlit með þeim í samráði við æfingastjóra, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

21 gr.

1. Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara skal ráða til starfa við skólann aðra kennara eftir þörfum og jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við Æfingaskólann. Heimilt er, að fastir æfingakennarar séu eigi færri en aldursflokkar Æfingaskólans og einn fyrir hvert uppeldisfræðilegt sérsvið að auki. Þeir skulu annast æfingakennslu og hafa umsjón með henni í samráði við æfingastjóra og kenna við Kennaraháskóla Íslands, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.
2. Aðrir kennarar Æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að annast, fái þeir sérstaka þóknun, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

22. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

Orlof.

23. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

Ákvæði til bráðabirgða.

24. gr.

1. Nemendur, aðrir en stúdentar, sem skráðir voru í Kennaraskóla Íslands 1969 eða fyrr, og stúdentar skráðir í skólann fyrir gildistöku laga þessara, eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands nr. 23/1963.
2. Ráðuneytið getur að höfðu samráði við skólastjórn falið Kennaraháskóla Íslands eða menntaskólum að taka upp kennslu í menntadeild síðar, ef styrkbær fjöldi kennara, brautskráðra 1973 eða fyrr, kýs að stunda þar nám.

3. Enn fremur má fela skólanum að annast starfrækslu framhaldsdeilda á gagnfræðastigi og búa nemendur úr framhaldsdeildum undir próf jafngilt stúdentsprófi.
4. Skipaðir kennarar í bóklegum greinum við Kennaraskóla Íslands eiga forgangsrétt á skipun í lektorsstöður, sem veittar verða við Kennaraháskóla Íslands innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara að telja.

Skipaðir kennarar í öðrum greinum eiga og forgangsrétt til samsvarandi starfa við Kennaraháskólann eða stofnanir hans.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, sbr. þó 24. gr. þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Nefndarskipun, vinnubrögð nefndar og helztu nýmæli frumvarpsins.

Nefndarskipun.

Hinn 4. júlí 1969 skipaði dr. Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra nefnd til þess að „endurskoða löggjöfina um Kennaraskóla Íslands og gera tillögur um nýskipan kennaranámsins". Var ætlazt til, að nefndin lyki störfum innan eins árs.

Í nefndina voru skipaðir: Andri Ísaksson forstöðumaður Skólarannsókna, Ármann Snævarr háskólarektor, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Broddi Jóhannesson skólastjóri, formaður nefndarinnar, og Skúli Þorsteinsson formaður Sambands íslenzkra barnakennara.

Áður en nefndin hóf störf sín, tók Magnús Már Lárusson sæti Ármanns Snævars í nefndinni sem nýkjörinn háskólarektor. Enn fremur var Sveinbjörn Björnsson jarðeðlisfræðingur skipaður varamaður Andra Ísakssonar, er var fjarverandi fram á mitt sumar 1970. Eftir heimkomu Andra starfaði varamaður hans áfram í nefndinni. Frá júlí s. l. að telja sat Pálmi Bjarnason í nefndinni sem fulltrúi Samtaka íslenzkra kennaranema.

Í byrjun þessa árs var Loftur Guttormsson kennari ráðinn ritari nefndarinnar.

Störf nefndarinnar og starfshættir.

Vegna anna og fjarveru ýmissa nefndarmanna gátu nefndarstörf ekki hafizt fyrr en í nóvember 1969. Nefndin hélt alls 16 fundi á tímabilinu frá nóvember 1969 til september þessa árs, en þar að auki sat nefndin samfleytt að störfum dagana 24.—29. ágúst.

Eitt fyrsta verkefni nefndarinnar var að afla gagna og upplýsinga um tilhögun kennaramenntunarinnar í grannlöndum okkar, einkum á Norðurlöndum, Þýzkalandi, Bretlandi og í Bandaríkjum N.-Ameríku, en sjálfsagt þótti að hafa hliðsjón af þeim við endurskoðun laganna. Helztu niðurstöður af þeirri athugun fylgja greinargerðinni (viðauki II).

Að öðru leyti verða störf nefndarinnar rakin í sem stytztu máli.

Í upphafi vaknaði sú spurning, hversu rúman skilning bæri að leggja í viðfangsefni nefndarinnar, eins og það var orðað í skipunarbréfi ráðherra. Varð niðurstaða nefndarinnar sú, að henni bæri að binda endurskoðunina við þá kennaramenntun, sem Kennaraskóli Íslands hefði með höndum, enda væri heildarendurskoðun allrar kennaramenntunar í landinu umfangsmeira verk en svo, að því yrði lokið innan þeirra tímamarka, sem nefndinni voru sett.

Í nóvember 1969 var haldinn sameiginlegur fundur með fræðslulaganefnd. Þar var rætt um sennilegar breytingar, er sú nefnd mundi leggja til að gerðar yrðu á markmiðum og starfsháttum á skyldunámsstigi. Í framhaldi af þeim umræðum gerðu nefndarmenn sér grein fyrir nokkrum meginatriðum, er hafa bæri í huga við endurskoðun á löggjöfinni um Kennaraskólann.

Á fundum nefndarinnar í desember og janúar var einkum fjallað um tillögur til breytinga á 5. grein laga um Kennaraskóla Íslands, nr. 23 1963, en sú grein fjallar um inntökuskilyrði í skólann. Nefndin taldi nauðsynlegt að endurskoða þessi ákvæði laganna nógu snemma til þess að tryggja mætti þegar haustið 1970 eðlilegar breytingar á námsskipan í Kennaraskóla Íslands. Fyrsta stig þeirra taldi nefndin vera aukna undirbúningsmenntun kennaranema. Að höfðu samráði við menntamálaráðherra tók nefndin þetta ákvæði löggjafarinnar til endurskoðunar með það í huga, að það yrði lagt fyrir Alþingi til afgreiðslu fyrir vorið 1970. Hinar fyrirhuguðu breytingar á inntökuskilyrðum yrðu að sjálfsögðu í samræmi við endanlega, endurskoðaða löggjöf um Kennaraskóla Íslands.

Eftir ýtarlegar umræður urðu nefndarmenn sammála um að gera m. a. eftirfarandi breytingartillögur við 5. grein laganna um inntökuskilyrði:

a) Krefjast skal stúdentsprófs eða ígildis þess (tveggja ára aðfaranáms eftir lokapróf úr framhaldsdeildum gagnfræðaskóla) af þeim, sem hyggjast stunda almennt kennaranám.
b) Almennt kennaranám skal vera þriggja ára nám og skal því lokið með almennu kennaraprófi, er veiti kennararéttindi í barna- og unglingaskólum landsins (samanber þó ákvæði um reynslutíma nýliða og embættispróf kennara í 10. grein þessa lagafrumvarps).

Í samræmi við þessi meginsjónarmið gerði nefndin tillögur til breytinga á 2. og 5. grein laga nr. 23/1963 um Kennaraskóla Íslands og lagði þær fyrir menntamálaráðherra.

Fyrra hluta aprílmánaðar átti nefndin tvívegis fund með ráðherra. Greindi hann frá því, að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar teldu tillögur nefndarinnar hafa borizt of seint, til þess að Alþingi gæti tekið afstöðu til þeirra fyrir þingslit. En til þess að koma að nokkru leyti til móts við sjónarmið nefndarinnar kvaðst ráðherra mundu heimila hækkun á tilskilinni lágmarkseinkunn gagnfræðinga, er sæktu um kennaranám haustið 1970, svo og gera öllum umsækjendum um 1. bekk kunnugt, að fyrir næsta Alþingi yrði lagt frumvarp til nýrra laga um Kennaraskólann. Megi þar gera ráð fyrir lengingu náms til kennaraprófs frá því, sem verið hefur. Mundi ákvæði þeirra laga taka til þeirra nemenda, sem skráðir yrðu í skólann haustið 1970.

Nokkurt hlé varð vegna annríkis á störfum nefndarinnar frá miðjum apríl og fram í júlí, en áður hafði formaður lagt fram drög að efnisatriðum væntanlegs lagafrumvarps. Var fjallað um þau á fundi nefndarinnar í júlí og ýmsar breytingar gerðar. Loks sat nefndin á rökstólum samfleytt dagana 24.—29. ágúst. Á þeim fundi lágu fyrir frumdrög, sem formaður hafði gert að lagafrumvarpi. Um þau var fjallað þessa fimm daga og drögin rædd, endursamin og afgreidd ágreiningslaust af nefndinni.

Gerbreytt kennaramenntun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir gerbreytingu á kennaranáminu. Sérstaklega á það við um eftirtalin atriði:

1. Kennaramenntunin er sett á háskólastig og heitir skólinn Kennaraháskóli Íslands.
2. Inntökuskilyrði í skólann verður stúdentspróf eða annað jafngilt nám.
3. Námið verður skipulagt sem þriggja ára nám.
4. Verklega þjálfunin á skólatímanum verður eigi skemmri en 12 vikur, og er það stórfelld aukning frá því, sem verið hefur.

5. Sérhæfing er aukin bæði með hliðsjón af kennslugreinum, aldri nemenda og sérlegri gerð þeirra. Valfrelsi er aukið að sama skapi.
6. Nýliðar, sem lokið hafa kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands, skulu njóta tveggja ára leiðsagnar og starfsþjálfunar, áður en þeir öðlast skipun í kennarastarf.
7. Kennaraefnum er skylt að taka þátt í almennum framleiðslu- og þjónustustörfum eða vinna á uppeldisstofnun eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á námstímanum.
8. Rektor skal kjörinn til 4 ára í senn.
9. Rektor til aðstoðar er skólaráð auk skólastjórnar. Fulltrúar nemenda eiga sæti í skólastjórn og skólaráði.
10. Fastir kennarar skólans skulu vera prófessorar, dósentar og lektorar auk stundakennara.
11. Koma skal á fót rannsóknarstofnun uppeldismála.

B. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í eftirfarandi greinargerð eru athugasemdir gerðar við þá töluliði eina, sem nefndin telur þurfa skýringa við.

1. gr.

1. tl. Vísindaleg rannsóknarstarfsemi í uppeldis- og kennslufræðum verður að teljast eitt helzta viðfangsefni kennaraháskóla. Hann getur ekki látið sér nægja að kynna nemendum sínum erlendar kenningar og nýjungar á þessu sviði, heldur þarf hann að hafa tök á að sannreyna gildi þeirra í íslenzku umhverfi og leita nýrri og betri kenninga og aðferða í námi og kennslu.
5. tl. Með þessu ákvæði á að tryggja bæði heildarsýn yfir þörfina á endurmenntun kennara á hverjum tíma og heildarstjórn á framkvæmd hennar. Í því skyni er mikilvægt, að skólinn hafi nána samvinnu við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

2. tl. Þessu ákvæði um skólanefnd kennaraskóla er ætlað að tryggja, að í kenningu og verki nýtist sjónarmið og reynsla þeirra, sem mesta ábyrgð bera á kennaramenntuninni í landinu og mest eiga undir henni.
3. tl. Nýmæli er, að skólaráð aðstoði rektor og skólastjórn við umsjón með stofnuninni. Þar sem skólastjórn er mjög fjölmenn samkoma, á þetta ákvæði að auðvelda stjórn skólans í framkvæmd. Aðild nemenda að ráðinu er í samræmi við nútímahugmyndir um hlutdeildarlýðræði.

Um skorir skólans er fjallað í skýringum við 8. gr.

4. tl. Með hliðsjón af hinni öru framvindu í uppeldis- og kennslufræðum verður að telja æskilegt að skipta um forstöðumann skólans eigi sjaldnar en á fjögurra til átta ára fresti, ef forða á stofnuninni frá stöðnun og forstöðumanni hennar frá ofþjökun.

3. gr.


Þetta nýmæli á að tryggja nemendum eðlilega aðild að stjórn skólans, sbr. 3. tl. 2. gr. hér að framan.

4. gr.

1. tl. Óhjákvæmilegt er að krefjast stúdentsprófs til inntöku í Kennaraháskóla Íslands. Koma þar bæði til æ strangari kröfur um almenna menntun, svo og sú veigamikla staðreynd, að nauðsynlegri, faglegri og kennslufræðilegri sérhæfingu kennaraefna verður eigi við komið á þeim tíma, sem frumvarpið kveður á um, nema nemendur hafi áður aflað sér stúdentsmenntunar eða ígildis hennar.

Niðurlagsliður greinarinnar lýtur að því að meta menntun þeirra eða verðleika, sem getur í 2.—4. tl. greinarinnar.

Mynd 1


KENNARAMENNTUN
1969-1970
Stúdentspróf
HÁSKÓLI
KENNARASKÓLI
Gagnfræðapróf
Landspróf msk.
Almenn kennaradeild
Framhaldsdeild
Menntadeild
Undirbúningsd. sérnáms
Handavinnukennaradeild
ÍÞRÓTTAKENNARASKÓLI
Söngkennaradeild
Miðskólapróf
TÓNLISTARSKÓLINN
Í REYKJAVÍK
Teiknikennaradeild
Forskóli
Vefnaðarkennaradeild
MYNDLISTA- OG
HANDÍÐASKÓLI
Húsmæðraskóli
HÚSMÆÐRAKENNARASKÓLI
Skólaár
Deildarskipting,
Valfrelsi námsgreina
Verkleg þjálfun
Lokapróf
Réttur til háskólanáms
Réttur til sérfræðinóms
Inntökupróf
FS Forskóli

Á mynd 1 er gerð grein fyrir skipan kennaranáms á Íslandi svo sem hún hefur verið fram á haustið 1970. Á mynd 2 eru skýrð tengsl Kennaraháskólans við gagnfræða- og mennntaskólastigið, svo sem þau stig eru nú.

Í viðauka I er rakið, hvenær og hvernig breytingar mega ganga fram.

5. gr.

Ákvæði þetta er ásamt með ákvæðum um undirbúningsmenntun kennaraefna meginatriði frumvarpsins í þeim skilningi, að lengd námstímans setur umtaki námsins endanlegar skorður.

Þær þjóðir, sem Íslendingar eiga mest samskipti við í menningarlegum efnum, telja 3 ár að afloknum prófum, er veita réttindi til háskólanáms, lágmarksnámstíma fyrir kennara á skyldunámsstigi. Af þessu er einnig fengin veruleg reynsla í Kennaraskóla Íslands. Þar hafa ekki reynzt tök á því, fremur en á Norðurlöndum, að fullnægja lágmarkskröfum um uppeldisfræðilega þekkingu, verklega þjálfun né heldur sérþekkingu í aðalgreinum kennaraefnis, ef ekki er rýmri tími til umráða en 2 vetur eftir stúdentspróf eða 4 eftir landspróf (sbr. einnig viðauka I). Nefndin vekur sérstaklega athygli á því, að ekkert hefur dregið úr kennaraskorti utan þéttbýlissvæðanna á undanförnum árum, enda þótt fjöldi brautskráðra kennara hafi margfaldazt (sbr. töflur í viðauka I). Breytingar á lengd námstímans virðast heldur ekki hafa haft nein áhrif í þessu efni. Því eru engin haldbær rök fyrir því, að lenging námstímans muni auka vandann, heldur mun þörf að leita annarra haldbetri skýringa á kennaraskortinum.

6. gr.

Sjötta og sjöunda grein fjalla um viðfangsefni kennaranámsins og innbyrðis hlutföll þeirra á námsskrá og stundatöflu skólans.

Breytingar frá ákvæðum gildandi laga eru einkum þessar:

a) Auknum tíma er varið til verklegrar þjálfunar.
b) Sérhæfing er meiri, bæði með hliðsjón af einstökum greinum, aldursstigi og sérlegri gerð nemenda.
c) Frelsi verður meira til að kjósa sérsvið, bæði aðalgreinar og uppeldisfræðilegt sérsvið.

Fjöldi uppeldisfræðilegra sérsviða mun verða ákvarðaður í reglugerð, en þau verða væntanlega þrjú, **kennsla á barnastigi,** einkum byrjendakennsla, **kennsla á unglingastigi** og **kennsla afbrigðilegra ungmenna.**

Sérhvert kennaraefni skal kjósa 2 aðalgreinar (valgreinar) hið fæsta, auk uppeldisfræðilegs sérsviðs. Nám í aðalgrein veitir rétt til að kenna í hvaða bekk sem er innan skyldustigs, og skal það ákveðið nánar í reglugerð.


Reynsla hefur sannað, að ýmsum þáttum kennaramenntunar verður bezt sinnt á námskeiðum, þar eð viðfangsefni eru ekki svo tímafrek, að þau skipist eðlilega á samfellda stundaskrá. Nefna má **umferðarfræðslu, skógrækt, skíðaferðir, útivist og ábyrga stjórn á nemendahópum í ferðalögum, hjálp í viðlögum, meðferð kennslutækja** o.fl.

7. gr.

Á fjárlögum undanfarinna ára hefur Kennaraskólanum verið heimilað að hafa deildarkennara, en þeir hafa haft faglega umsjón með kennslu í greinum skólans. Slík umsjón er nauðsynleg, hefur enda verið iðkuð í skólum landsins um langt skeið og heimiluð í lögum, þótt hún muni ekki hafa verið afmörkuð skilmerkilega fyrr en með menntaskólalöggjöfinni nýju, þegar Háskóli Íslands er undanskilinn.

Skipun starfs og viðfangsefna á skorir á að stuðla að nákvæmni í skipulagningu, öryggi í framkvæmd og góðri nýtingu á mannafla, tíma, tækjum og mannvirkjum.

Með aðild hverrar skorar að skólaráði er stefnt að því að gera stjórn skólans samvirka og efla tengslin milli skora innbyrðis.


HÁSKÓLI ÍSLANDS
STÚDENTSPRÓF
PRÓF ÚR FRAMHALDSD. GAGNFRÆÐASKÓLA
AÐFARANÁM
LANDSPRÓF - GAGNFRÆÐAPR.
FRAMHALDSD.
SKÝRINGAR
EITT NÁMSÁR MEÐ GREINDUM NÁMSBRAUTUM
EITT NÁMSÁR Í DEILDUM, SEM KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS ER HEIMILT AÐ STARFRÆKJA TIL BRÁÐABIRGÐA

Mynd 2

Námsgreinar eru óbreyttar frá því, er verið hefur, nema leiklist er bætt við. Nokkur kunnátta kennara í þeirri list getur auðgað líf og starf í skólum á flestum aldursstigum, ekki sízt hinum yngri.

8. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Miklu varðar, að kennarar hljóti bein og raunsönn kynni af kjörum þeirra, er öðrum störfum gegna, svo að þeir öðlist á þeim ljósan skilning á öruggum forsendum, en sú er helzt vörn gegn samfélagslegum fordómum. Slíkur skilningur er einnig skilyrði fyrir öryggi, sveigjanleik og viðbragðsflýti í þeim fjölþættu mannlegu samskiptum, sem kennarans bíða.

9. gr.

Grein þessi stefnir að því að hagnýtt verði vísindaleg þekking á gerð prófa og réttmæti þeirra, sem og að nemandanum nýtist sá tími jafnframt í námi, er til prófa er varið. Einnig miðar hún að því að draga úr kostnaði við próf, hvort heldur er í starfi nemenda eða prófdómara.

Próf í lok fyrsta námsárs, sbr. 3. tölulið, á að skera úr um það, hvort nemanda lætur kennsla eða ekki, svo að hann geti í tæka tíð snúið sér að öðru námi eða starfi, ef vill.

10. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og á að tryggja kennaraefni þá þjálfun og leiðsögn, sem hvergi vinnst nema á vettvangi. Það á enn fremur að tryggja, að kennaraefni kynnist á eðlilegan, raunhæfan og frjóan hátt þeim viðfangsefnum, stofnunum og aðilum, sem hann á að starfa með, sem og að ungum og óreyndum kennara sé ekki falin kennsla eða viðfangsefni, sem hann veldur ekki án aðstoðar og eftirlits.

Íslenzk kennaraefni eru yfirleitt lausráðin fyrstu árin, ýmist sem stundakennarar eða sett í stöður. Þannig er þeim í framkvæmd gert skylt að gangast undir reynslutíma, en hending látin um það, hver úrslitin verða. Ákvæðin um lágmarks- og hámarkskennslustundafjölda nýliðanna lúta að því, að þeir skuli hljóta fullnægjandi reynslu í starfi og þó hafa svigrúm til frekara náms, en örðugt gæti reynzt að veita öllum nýliðum færi á hámarksstundafjölda í kennslu.

Ákvæði um, að námsstundir metist til launa sem kenndar stundir fela í sér viðurkenningu á nauðsyn þessa þáttar í starfi nýliðans.

11. gr.

Þó að skipulag skólans breytist, verða uppeldisgreinarnar, sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar og saga uppeldisins í kenningu og framkvæmd, aðalviðfangsefni kennaranámsins sem fyrr. Á það við hvort tveggja magn námsins í kennslustundum talið sem og stöðu þessara greina meðal annarra viðfangsefna kennaranámsins og í tengslum við þau. Af þessum sökum verður að ætla uppeldisskorinni meira starfslið en öðrum skorum. Mun ekki verða vel fyrir starfi þessarar skorar séð, nema þar vinni tveir prófessorar og tveir dósentar, hið fæsta.

Störf kennaranna skiptast einkum á kennslu og rannsóknarstörf. Prófessorar munu auk kennslu sinnar bera meginábyrgð á rannsóknarstörfum innan hverrar skorar, en dósentar og aðrir kennarar munu einnig sinna vísindastörfum eftir því sem rétt þykir og við verður komið.

Rannsóknarstörfin munu einkum beinast að uppeldislegum markmiðum, námsefni, uppeldis- og kennsluaðferðum. Því munu vísindamenn hverrar skorar öðru fremur fást við kennslufræði greinar sinnar, fylgjast með stöðu hennar innan íslenzka skólakerfisins á hverjum tíma og meta, með hliðsjón af gildi hennar, vinnubrögð, aðferðir og aðstöðu í skólum landsins og vinna að því, að Kennara-

háskólinn miðli kennaraefnum þeirri kunnáttu og leikni, er hæfa námsgreininni, stöðu hennar og hlutverki í íslenzkum skólum. Má því vænta, að tengsl verði náin milli vísindastarfa í uppeldisskor og öðrum skorum skólans.

Einu máli gildir hver námsgrein er kennd í skyldunámsskóla, allar krefjast þær mikils tíma og mikils fjár og ráða úrslitum fyrir sérhvert barn á einhvern veg. Er því einsætt, hversu afdrifaríku hlutverki þeir aðilar gegna, sem tryggja skulu af hálfu Kennaraháskólans, að kennaraefni hljóti þann undirbúning, að nám hverrar greinar megi nýtast hverju barni sem bezt.

Nú eru viðfangsefni hverrar skorar í Kennaraháskólanum fjölbreytileg og raunar sundurleit í sumum þeirra. Engu að síður mælir nefndin með því að aðeins einn prófessor verði ráðinn að hverri eftirtalinna skora: í félagsgreinum, raungreinum og listgreinum, en tveir í málum, enda eru íslenzk fræði, einkum móðurmálið, fyrirferðamest námsefni á skyldustigi, og erlendu málin munu einnig skipa þar mikið rúm í framtíðinni. Þótti því rétt að ætla einn prófessor fyrir hvort þessara sviða. Dósentar eru hins vegar ætlaðir tveir á aðrar skorir en málaskor, þar er gert ráð fyrir einum.

Ef reynsla leiðir í ljós, að mannafli þessi fullnægi ekki hlutverki skólans, verður að ætla, að löggjafinn leiðrétti það.

Í heild telur nefndin eðlilegt, að hlutfall kennara og nemenda verði nálægt því 1:15 til 1:12.

12. gr.

Rétt þykir, sbr. 3. tl., að heimila undanþágu frá ákvæði um fullnaðarpróf frá háskóla við skipun fastra kennara við Kennaraháskóla Íslands, standi svo á, að próflaus maður hafi með starfi og rannsóknum sannað þá verðleika, að dómnefnd dæmi hann hæfan til starfsins.

Rétt þykir, að skólaráði sé heimilt að æskja skipunar á dómnefnd til að fjalla um hæfi umsækjenda um lektorsstöður, ef vafi þykir leika á verðleikum þeirra, sbr. 4. tl.

13. gr.

Hér eru taldir þeir starfsmenn einir, sem þegar er viðurkennt með lögum, að þörf sé fyrir á framhaldsskólastigum, nema hvað æfingastjóri bætist hér við. Nauðsyn á starfi hans hefur verið viðurkennd á fjárlögum á undanförnum árum. Leiðir þetta starf af sérstöðu fjölmenns kennaraskóla. Sjá og greinargerð með lögum 20. marz 1970 um menntaskóla, að því er varðar aðra starfsmenn, sem nefndir eru í þessari grein.

14. gr.

Eigi menntunarstarf Kennaraháskóla Íslands að koma að tilætluðum notum fyrir framtíðarskólakerfi þjóðarinnar, er nauðsynlegt að tryggja, að kennarar skólans stundi vel skipulagðar, vísindalegar rannsóknir á sviði uppeldismála (sbr. grg. með 1. gr. frumvarpsins). Hið sama á við um starf Háskóla Íslands að menntun kennara og annarra uppalenda. Nefndin taldi, að bezta aðferðin til að efla slíkar vísindarannsóknir og forðast tvíverknað, væri að setja á laggirnar rannsóknarstofnun, er lyti sjálfstæðri stjórn, en væri í lífrænum tengslum við báða háskólana og fengi flestalla starfskrafta sína frá þeim.

15. gr.

Samkvæmt greininni yrði stjórn Rannsóknarstofnunar uppeldismála þannig skipuð, að miðlun á upplýsingum milli allra helztu aðila, sem fást munu við rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála á Íslandi eða stjórna þeim næstu árin, ætti að vera tryggð. Með því yrði komið í veg fyrir, að til óþarfs og óheppilegs tvíverknaðar kæmi, jafnframt því, sem nokkur skilyrði yrðu sköpuð til þess, að víðtæk samvinna næðist um starfsskiptingu við umfangsmikil rannsóknarverkefni.

Með greininni er reynt að tryggja sem allra bezt, að báðir háskólarnir, Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands, séu eftir föngum jafnréttháir gagnvart stofnuninni, t. d. verða skv. greininni regluleg víxl á forstjórastarfinu, þrjú ár í senn fyrir starfsmenn hvorrar stofnunar.

Vísindalega menntað starfslið Rannsóknarstofnunar uppeldismála mætti væntanlega flokka í ferut:

1) forstjóri (hálf laun),
2) sérfræðingar, yfirleitt í fullu starfi, og yrðu þeir ugglaust í allmörgum tilvikum kennarar í hlutaðeigandi háskólum, sem fengið hefðu tímabundið leyfi frá kennslustörfum til að helga sig vísindarannsóknum;
3) einstakir fastir kennarar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands í fræðigreinum á starfssviði stofnunarinnar, sem fengju afslátt frá kennsluskyldu til að vinna að skilgreindum rannsóknarverkefnum;
4) kennaranemar og aðrir stúdentar, sem ynnu tiltekin aðstoðarstörf og fengju þá jafnframt þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum.

Auk þess gætu prófessorar og dósentar fengið aðstöðu til að vinna að eigin rannsóknum í stofnuninni, en þægju þá engin laun frá henni.

Á það ber að leggja þunga áherzlu, að Rannsóknarstofnun uppeldismála gæti orðið að ómetanlegu gagni, jafnvel þótt hún væri ekki stór. Ef gert er ráð fyrir því t. d., að stofnunin taki til starfa í ársbyrjun 1973, mætti vel hugsa sér, að vinnuafl hennar yrði um það bil sem hér segir fyrstu þrjú árin:

a) forstjóri, í hálfu starfi;
b) einn sérfræðingur í fullu starfi;
c) tveir dósentar, sem samanlagt hefðu kennsluafslátt, er næmi hálfu lektorsstarfi;
d) einn stúdent, í hálfu starfi aðstoðarmanns.

Ef reiknað er með kaupgjaldi í sept. 1970, þá næmu hálf prófessorslaun um kr. 17 000.00 á mánuði, sérfræðingslaunin um kr. 28 000.00 á mánuði fyrir fullt starf, hálft lektorsstarf um kr. 14 000.00 á mánuði og hálft aðstoðarmannsstarf um kr. 10 000.00 á mánuði. Yrði þá árlegur rekstrarkostnaður fræðistarfanna sem hér greinir, eftir að búið væri að gera ráð fyrir nokkurri aðkeyptri tölfræðiaðstoð og tölvureikningi, sem hvort tveggja yrði nauðsynlegt að einhverju marki:

a.	Forstjóri	kr. 204 000.00
b.	Sérfræðingur	— 336 000.00
c.	Hálft lektorsstarf, vegna kennsluafsláttar	— 168 000.00
d.	Aðstoðarvinna	— 120 000.00
e.	Aðkeypt tölfræðiaðstoð	— 50 000.00
f.	Tölvureikningur og undirbúningur hans	— 50 000.00
	Samtals	kr. 928 000.00

16.—22. gr.

Ákvæði um Æfinga- og tilraunaskólann mega kallast óbreytt, nema hvað rétt þykir að fela rektor Kennaraháskóla Íslands stjórn Æfingaskólans og tryggja með því samræmda starfsemi stofnunarinnar.

23. gr.

Um orlof.

Nefndin ákvað að taka 32. gr. Frumvarps til laga um grunnskóla upp óbreytta. Við texta þeirrar greinar var síðan bætt tveimur málsgreinum. Næstsíðasta mgr. er tekin nánast óbreytt úr Lögum um menntaskóla frá 20. marz 1970. Síðustu málsgrein var bætt við til þess að tryggja, að veiting launalausra leyfa til handa kennurum Kennaraháskóla Íslands ætti sér stoð í lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Með bréfi menntamálaráðherra til skólastjóra Kennaraskóla Íslands, dags. 12. maí 1970, var ákveðið, að þeir, er settust í Kennaraskóla Íslands 1970 og síðar, skyldu gera ráð fyrir að stunda nám eftir nýrri löggjöf með lengdu námi. Ráðherrabréfið tók þó eigi til stúdenta. Því munu stúdentar, sem og nemendur þeir, er skráðir voru í 1. bekk skólans 1969 eða fyrr, stunda nám og ljúka því samkvæmt gildandi lögum. Til þess er ætlazt, að hið lengda undirbúningsnám jafngildi menntaskólanámi.
2. Nemendur í síðasta árgangi gamla kerfisins ljúka kennaraprófi vorið 1973, og eiga þeir rétt á að setjast í menntadeild skólans samkvæmt núgildandi lögum. Er því skylt að gera þeim kost á því veturinn 1973—'74. Eftir þann tíma virðist ekki ástæða til að halda menntadeild við Kennaraháskóla Íslands, þar eð stúdentar einir eða þeirra jafningjar munu þá setjast í skólann. Þó er sanngjarnt að tryggja þeim kennurum, er hug hefðu á framhaldsnámi í háskóla, rétt til þess. Að því lýtur þetta ákvæði.
3. Það hefur reynzt kennaraskólum á háskólastigi meginvandi að tryggja lifandi tengsl við hin lægri skólastig. Framhaldsdeildir, hóflega fjölmennar í tengslum við Kennaraháskóla Íslands ásamt Æfinga- og tilraunaskólanum leysa þann vanda á eðlilegan hátt.

   Þá er enn óráðstafað því námi, sem nemendur af uppeldiskjörsviði í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, er á kennaranám hyggja, skortir til jafns við stúdenta. Við skipulagningu þess mun æskilegt að hafa nokkra hliðsjón af væntanlegu kennaranámi. Af þeim sökum mun Kennaraháskóli Íslands vel við því búinn að annast menntun þeirra.
4. Það er hagsmunamál skólans að njóta starfskrafta þeirra, sem þegar hafa öðlazt mikilvæga reynslu af því að búa kennaraefni undir störf. Allur þorri starfandi kennara við skólann fullnægir settum skilyrðum um hæfi til lektorsembættis.

VIÐAUKI I

Þættir úr greinargerð laganefndar með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 23/1963 um Kennaraskóla Íslands, er nefndin lagði fyrir menntamálaráðherra á öndverðu þessu ári, sbr. bls. 10.

Í kafla þeim, er hér fer á eftir, er gerð grein fyrir þörfinni á auknu undirbúningsnámi kennaraefna. Lýst er, hversu löggjöfin frá 1963 ákvarðaði kröfur um nám og þjálfun, sem ekki var unnt að ná miðað við undirbúningsmenntun kennaraefna og námstíma þann, sem lögin bundu.

Þá eru skýringarmyndir og töflur um þróun skólans og fyrirhugaðar breytingar.

Menntun landsprófsmanna og gagnfræðinga hefur reynzt allsendis ófullnægjandi undir kennaranám. Á undanförnum árum hefur hundraðshluti fallinna kennaranema á 1. námsári í almennri kennaradeild verið öðru hvoru megin við 30 á ári. Hefur þurft að verja óhæfilega miklum tíma til almennrar menntunar, en misjafn undirbúningur kennaraefna hefur um árabil torveldað eðlilega skipulagningu á kennaranáminu og klofið það.

Tími sá, er ætlaður hefur verið til kennaranámsins í þröngum skilningi, hefur og reynzt ónógur. Er það að vonum, því að nærri lætur, að kennaraefnum hafi með löggjöfinni frá 1963 verið ætlað að tileinka sér tveggja ára námsefni fram yfir það, er lögfestur námstími hrökk til að sinna.

Með lagabreytingum þessum eru ákvæðin um undirbúningsmenntun allra kennaraefna samræmd og tengd við þær námsbrautir, er markaðar voru með lögum um framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla frá 27. ágúst 1969, auk þeirra, er fyrir voru.

Námstími þeirra kennaraefna, er stúdentsprófi hafa lokið, er lengdur úr 2 árum í 3, og sömu námskröfur eru gerðar til hinna, er aðra leið koma inn í Kennaraskólann. Er lenging þessi að nokkru komin á í verki með námi þeirra landsprófsmanna og gagnfræðinga, er settust í 1. bekk framhaldsdeildar við gagnfræðaskóla á síðastliðnu hausti, en rétt þykir að kennaranám stúdenta verði lengt í 3 ár frá og með haustinu 1971.

Frá og með haustinu 1973 munu því stúdentar og aðrir nemendur í bóklegu kennaranámi í Kennaraskólanum eiga fulla samleið.

Athygli er vakin á því, til frekari skýringar, að undirbúningsnám gagnfræðinga og landsprófsmanna lengist og breytist með þeim hætti, að þeir verða 2 ár í framhaldsdeildum (fjölfræðideildum) gagnfræðaskóla eftir landspróf eða gagnfræðapróf og síðan 2 ár í aðfaranámi kennaranáms. Verður aðfaranámið hliðstæða eða ígildi 2ja síðustu bekkja menntaskólanáms.

Að aðfaranámi loknu hefst kennaranám í þröngum skilningi:

Í almennu kennaradeildinni hefur megninu af tímanum tvö fyrstu árin af fjórum verið varið til náms í almennum greinum, en sérgreinar kennaranáms verið stundaðar tvö síðustu árin. Nú lengist sá hluti námstímans í þrjú ár, en almenna náminu að mestu lokið fyrir þann tíma.

Þannig mun námið til lokaprófs í Kennaraskólanum taka sjö ár eftir landspróf eða gagnfræðapróf, hvort sem nemendur setjast í bóklegu deildina eða handavinnudeildina að afloknu stúdentsprófi í menntaskóla eða aðfaraprófi í Kennaraskólanum.

Breytingar á námstíma má og setja fram á eftirfarandi hátt:

Gamla skipanin:

Inntökuskilyrði:	Kennaranám:	Heildarnámstími:
1. Gagnfrpr. eða landspróf	Almenn kennaradeild 4 ár	4 ár
2. Gagnfrpr. eða landspróf	Undirbúningsdeild sérnáms 2 ár handavinnudeild 2 ár	4 ár
3. Stúdentspróf eftir 4 ár frá landsprófi	Kennarad. stúdenta 2 ár	6 ár

Nýja skipanin:


1. Próf úr framhaldsdeild gagnfræðaskóla eftir 2 ár + aðfaranám 2 ár + alm. deild 3 ár. Alls 7 ár.
2. Próf úr framhaldsdeild gagnfræðaskóla eftir 2 ár + aðfaranám 2 ár + bókl. kennaranám 1 ár + handav. 2 ár. Alls 7 ár.
3. Stúdentspróf eftir 4 ár, aðfaranám + almenn deild 3 ár. Alls 7 ár.
4. Stúdentspróf eftir 4 ár + bóklegt nám 1 ár + handav. 2 ár. Alls 7 ár.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands, sem lagt var fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi 1962—1963, segir svo í 2. gr., 2. lið, bls. 15, en þar er fjallað um lágmarksnámstíma stúdenta í Kennaraskóla Íslands:

„... Hér er gert ráð fyrir tveggja ára námi, svo sem er annars staðar á Norðurlöndum nema í Danmörku, þar sem námstíminn er 3 ár. Fyrst um sinn er þó ráðgert eins árs nám, þar sem tvöföldun námstímans myndi vafalaust draga úr aðsókn, sem ekki er æskilegt, meðan kennaraskortur er ...“

Nú er svo komið um Norðurlönd öll, að námstími kennara á skyldustigi hefur í flestum greinum verið lengdur í 3 ár eftir stúdentspróf eða undirbúin löggjöf um það efni, nema hvað Danir krefjast 3½—4 ára náms og í Svíþjóð ljúka kennarar í

Mynd 3



Áætlun þessi er miðuð við tilkomu framhaldsdeilda í gagnfræðaskólum haustið 1969. Þar sem inntaka nemenda í Kennaraskólann var ekki takmörkuð það haust fram yfir það, er verið hafði undanfarin ár, má vera, að svo fáir hafi sótt um uppeldiskjörsvið gagnfræðaskólanna á sama tíma, að þaðan komi ekki nemendur í aðfaranám fyrr en haustið 1972. Yrðu þá fyrstu kennararnir, er þessa leið velja, brautskráðir 1977, en ekki 1976.

yngri deild (lågstadiet) námi á 2½ ári, en lenging er líkleg. Skólaár í þessum löndum er auk þess lengra en á Íslandi, sbr.:

Danmörk: Lov nr. 235 af 8. juni 1966, gr. 8, Stk. 5.
Finnland: Lag angående ändring av lagen om folkskoleseminarier, 13. juni 1967, gr. 2.
Noregur: Framlegg til lov om lærarutdanning, 19. des. 1968, gr. 3.
Svíþjóð: Kungl. Majs:ts stadga för lärarhögskolorna, SFS 1968—318, gr. 19 og gr. 25.

Frá öðrum þjóðum á áþekku stigi menningar og mennta er svipaða sögu að segja.

Fyrir framangreindum lágmarksnámstíma kennara eru einföld rök:

1. Það er alþjóðleg reynsla, að eigi verður komizt af með öllu minna en um það bil tvo þriðju hluta úr námsári til þess eins að veita kennaraefnum **viðhlítandi verklega þjálfun,** og þarf að vanda því betur til þeirrar þjálfunar sem kenna skal yngra aldursflokki.
2. **Fræðilegar uppeldisgreinar** eru annar tímafrekur þáttur í kennaranámi. Verður þeim ekki sinnt að gagni á skemmri tíma en einu til einu og hálfu ári.
3. Þá er þörf á **sérhæfingu** orðin svo mikil, bæði með hliðsjón af **einstökum kennslugreinum, aldursskeiðum** og **gerð nemenda,** að eitt ár hrekkur ekki til að veita fullnægjandi kunnáttu og leikni.
4. Loks koma til ýmsar listgreinar og aðrar greinar, sem kennarar þurfa á að halda og ekki hefur verið lögð rækt við í undirbúningsnámi þeirra.

Til frekari skýringar á þörfinni á bættu undirbúningsnámi og auknu kennaranámi, vekur nefndin athygli á eftirtöldum atriðum:

Þó að löggjöfin um Kennaraskóla Íslands sé aðeins 7 ára gömul, er þörfin á að endurskoða hana orðin næsta brýn. Því valda eigi aðeins þær almennu breytingar, sem orðið hafa á námskröfum á þessu árabili. Hitt hefur reynzt afdrifaríkara, að lagasetningin var miðuð við ýmsar forsendur, er ráku framkvæmdir í beina sjálfheldu þegar í upphafi.

Á fundum nefndarinnar, er undirbjó löggjöfina frá 1963, var mjög um það rætt, að námið í almennu kennaradeildinni skyldi vera 6 ár, en í kennaradeild stúdenta 2 ár. Frá hvoru tveggja var horfið, en lagt í hendur framkvæmdavaldsins að lengja námið í kennaradeild stúdenta, þegar tilfinnanlegasti kennaraskorturinn kynni að verða úr sögunni. Það hefur nú verið gert. Vandkvæðin á því að framkvæma löggjöfina fólust í eftirfarandi staðreyndum:


1. Veita skyldi öllum kennaranemum lágmarksþekkingu í almennum greinum.
2. Tryggja skyldi þeim sæmilega undirstöðuþekkingu og þjálfun í uppeldisgreinum.
3. Þeim skyldi gerður kostur á kjörfrelsi í náminu og búin aðstaða til sjálfstæðra vinnubragða.

Kröfur þær, sem taldar eru í 1. og 2. lið máttu heita sæmilega skilgreindar með þeim vikustundafjölda, sem til þeirra var ætlaður á stundaskrá skólans. Í almennu kennaradeildinni var samanlagður vikustundafjöldi 158, og skiptist jafnt að kalla á 4 ár. Meðalvikustundafjöldi var því 39.5. Þær stundir allar voru bundnar við námsgreinar í kjarna og því ætlaður öllum nemendum skólans. Slíkur vikustundafjöldi er með fullum ódæmum í kennaraskóla af því tagi sem Kennaraskóli Íslands telst til. Er ekki fjarri lagi, að 158 vikustundir sé hæfilegur fjöldi í 6 ára námi á slíku skólastigi, verður þá meðalfjöldi vikustundanna 26.

Þá er 3. liðurinn eftir, kjörfrjálsa námið. Hvar skyldi því námi ætlað rúm á stundaskrá, þar sem þegar voru skráðar 39.5 kennslustundir á viku hverri?

Slíku kjörfrjálsu kennaranámi er eðlilegt að ætla stundafjölda sem svarar til um það bil eins árs náms og þó fremur meira en minna. Því voru fullgild rök til þess að lengja kennaranámið verulega þegar við síðustu endurskoðun á löggjöfinni, þó að það yrði ekki nema umræðan ein.

Mynd 4


NEMENDAFJÖLDI Í FYRSTA BEKK Á HAUSTI.
(FIMM ÁRA MEÐALTÖL)
FJÖLDI NEMENDA
220
200
150
100
90
80
70
60
50
40
30
20
10
ÁR
1908-9
10-14
15-19
20-24
25-29
30-34
35-39
40-44
45-49
50-54
55-59
60-64
65-69

Tafla 1

Nemendafjöldi á hausti.

	Almenn kennaradeild								
	4. b.	3. b.	2. b.	1. b.	Kenn.d. stúd.	Handa- v.d.	Mennta- deild	Frh.- deild	Alls
1908		32	15	10					57
1909		24	19	22					65
1910		19	24	15					58
1911		19	22	14					55
1912		21	22	15					58
1913		23	24	18					65
1914		20	12	12					44
1915		10	17	19					46
1916		13	16	17					46
1917[1])									
1918		21	7	7					35
1919		6	17	8					31
1920		14	17	17					48
1921		15	23	8					46
1922		23	17	15					55
1923		17	23	9					49
1924		21	18	9					48
1925		17	16	13					46
1926		18	20	14					52
1927		21	28	13					62
1928		26	17	7					50
1929		21	16	7					44
1930		21	24	14					59
1931		27	27	12					66
1932		30	30	8					68
1933		64[2])	19	16					99
1934		25	32	10					67
1935		34	25	15					74
1936		36	24	10					70
1937		36	26	18					80
1938		29	26	23					78
1939		43	29	33					105
1940		27	32	23					82
1941		31	27	21					79
1942		26	23	8					57
1943		25	14	10					49
1944		15	16	19					50
1945	14	17	21	9					61
1946	18	25	19	11					73
1947	25	26	19	9					79
1948	28	28	27	13					96
1949	29	33	27	6					95
1950[3])	32	29	20	14					95
1951	30	24	25	16	14	26			135
1952	24	31	18	22	14	26			135
1953	29	22	25	19	6	24			125
1954	22	26	19	15	12	21			115
1955	26	18	12	15	10	20			101
1956	19	11	13	21	15	18			97
1957	13	15	23	20	19	25			115
1958	14	24	15	27	19	24			123
1959	26	19	18	28	16	28			135
1960	20	15	22	29	26	25			137
1961	15	25	24	56	24	26			170

1) Skólinn starfaði ekki, þar eð fé fékkst ekki til að kaupa kol til hitunar á skólahúsinu.
2) Þar af próflausir farkennarar 30.
3) Fram til 1950 höfðu stúdentar sótt kennslu með nemendum 3. og síðar 4. bekkjar.

Tafla 1, frh.

	Almenn kennaradeild				Kenn.d. stúd.	Handa- v.d.	Mennta- deild	Frh.- deild	Alls
	4.	3.	2.	1.					
1962	25	28	46	59	33	25			216
1963[1])	29	49	48	96	33	27			282
1964	46	53	74	119	40	25			357
1965	54	52	96	142	35	18			397
1966	52	73	108	187	39	29			488
1967	75	81	178	214	65	30	28		671
1968	81	151	193	278	43	38	28[2])	9	821
1969	150	177	220	272	38		44[3])	8	954
									8216

1) Haustið 1963 hefst undirbúningsdeild sérnáms.
2) Þar af 6 óreglulegir.
3) Þar af 7 óreglulegir.

Ath.: Á skýrslu þessari eru ekki taldir kennarar, er prófi luku í sérgrein, svo sem söng og handavinnu.

Tafla 2

Nemendafjöldi á hausti. Meðaltöl 5 ára.

Ár	Meðaltal í 1. bekk	Alls á árabilinu	4. bekkur alm.	Std. I	Stúdentar	Std. II
1908—1909	16.0	32				
1910—1914	14.8	74				
1915—1919	10.2	51				
1920—1924	11.6	58				
1925—1929	10.8	54				
1930—1934	12.0	60				
1935—1939	17.8	89				
1940—1944	16.2	81				
1945—1949[1])	9.6	48	22.80			
1950—1954[2])	14.2	71	27.40		12.00	
1955—1959	22.0	110	19.60		15.80	
1960—1964	72.0	360	27.00		31.20	
1965—1969	218.6	1093	82.40		44.00	
1970—1971	54.0		174.00	13		34

1) 4. bekkur hefst.
2) Stúdentar byrja að sækja skólann að ráði.

Tafla 3

Nemendafjöldi í 2. bekk undirbúningsdeildar sérnáms.

Ár	fjöldi
1964	24
1965	26
1966	28
1967	31
1968	33
1969	29
1970	60

Sem kunnugt er, hefur aðsóknin að skólanum aukizt jafnt og þétt eftir 1960. Hefur aukningin einkum komið fram í almennu kennaradeildinni, en nemendum í henni hefur fjölgað á þessum tíma úr 86 í 819.

Stúdentum hefur einnig fjölgað verulega. Meðalfjöldi síðustu 5 ára er 44. Lenging námsins úr 1 ári í 2 virðist ekki hafa dregið úr aðsókninni að marki. Nemendur eru nú 38.[1])

Áætluð árleg þörf á brautskráðum kennurum á skyldunámsstigi, miðað við óbreytt kerfi, er talin af sérfræðingum allt að 50 næstu 5 árin, en nálægt 300 við næstu aldamót. — Því virðist ekki ástæða til að óttast, að sú lenging kennaranáms, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni draga svo úr aðsókn, að kennaraskorti valdi, en skylt er að minnast þess, að margir og miklir annmarkar eru á því að gera trausta áætlun um kennaraþörf langt fram í tímann.

Ekki er þó ólíklegt, að lenging námsins dragi allverulega úr aðsókn að sérnámi, en hvort tveggja er, að nú munu vera tvisvar til þrisvar sinnum fleiri nemendur í undirbúningsdeild sérnáms en svarar til eðlilegrar þarfar á sérkennurum og bolmagns sérskólanna, handavinnudeildarinnar og iþróttakennaraskólans, til að veita kennaraefnum viðtöku og ætla verður, að fram verði látin fara endurskoðun á menntun sérkennara samfara annarri endurskoðun á löggjöf um fræðslumál. Þótti nefndinni því ekki rétt á þessu stigi að gera tillögur til breytinga á lagaákvæðum um menntun handavinnukennara fram yfir það að tryggja þeim sömu stöðu og bóknámskennurum innan kerfisins.

Framanskráð línurit og töflur 1, 2 og 3, veita nokkra hugmynd um aðsókn að Kennaraskólanum frá stofnun hans 1908, og lýkur hér vitnun í greinargerð laganefndar frá 5. febrúar 1970.

VIÐAUKI II

Almenn menntun kennara í ýmsum löndum.

Hér á eftir verður lýst meginþáttum í almennri kennaramenntun nokkurra þjóða. Einnig er vikið að sérsviðum, en hvergi er þar um tæmandi lýsingu að ræða, heldur drepið á atriði, er skýra — beint eða óbeint — stöðu hinnar almennu kennaramenntunar. Því fer og fjarri, að greint sé frá kennaramenntun þeirra þjóða allra, er verða mættu Íslendingum til fyrirmyndar eða hvatningar; má þar t. d. nefna Hollendinga, Svisslendinga og Sovétmenn, og er þó fátt eitt talið.

Meðfylgjandi uppdráttur (mynd 5) á að sýna, hvernig kennaranámi er skipað í ýmsum grannlöndum í samanburði við Ísland. Uppdrátturinn lýsir tengslum hins almenna náms við kennaranámið með hliðsjón af aldri nemenda, lengd námstíma og greiningu náms eftir stigum hins almenna skólakerfis.

Samanburðurinn sýnir m. a. ljóslega eftirfarandi staðreyndir:

a) Íslenzkir kennaraskólanemar hefja almennt kennaranám 2—3 aldursárum fyrr en gerist meðal grannþjóðanna, en þær krefjast allar stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar til inntöku í kennaranám. Á sama hátt ljúka íslenzkir kennaraskólanemar kennaraprófi miklum mun fyrr, eða 19—21 árs.


b) Sökum naumrar undirbúningsmenntunar íslenzkra kennaraskólanema þarf að verja miklum tíma til almennrar menntunar þeirra; því verður miklu skemmri tími aflögu til verklegrar þjálfunar en nauðsynlegt er talið meðal grannþjóðanna.

---

1) Haustið 1970 gerist þó breyting til markverðrar fækkunar, hvort sem hún reynist varanleg eða ekki.

Mynd 5

Samanburður á kennaranámi og kennsluréttindum í Danmörku, Sviþjóð, Þýzkalandi, Bandaríkjum N.-Ameríku og á Íslandi.



DANMÖRK

Forskólaaldur.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að endurbótum á kennaramenntuninni í Danmörku á ýmsum sviðum, einkum þó á forskóla- og skyldunámsstigi (Børnehave, Folkeskole). Jafnframt hafa verið gerðar tilraunir og rannsóknir og nefndir skipaðar til þess að undirbúa breytingar og gera tillögur um þær. Leikskólar (børnehaver) eru margir og góðir í Danmörku, en hafa ekki verið felldir inn í skólakerfið. Fáir einir eru á framfæri sveitarfélaga, sumir eru sjálfseignarstofnanir, sumir í umsjá félaga og samtaka.

Með lögum 1951 voru settar reglur um ríkisstyrk til leikskóla. (Arbejds- og socialministeriet). Taka þær einkum til fátækra barna. Stofnun og rekstur leikskóla er háður samþykki umsjónarmanns barnaverndarinnar (Overinspektøren for barnetilsynet). Með löggjöfinni 1951 var komið á eftirliti í héraði; kýs sveitarstjórn fulltrúa í stjórn leikskóla eða barnaverndarnefnd setur skólanum eftirlitsmann.

Námstími leikskólakennara — fóstra — (børnehavelærer) er 2 ár, sbr. tilskipun menntamálaráðuneytisins 12. júní 1961. Hugmyndir hafa þó komið fram um þriggja ára menntun, og 2. des. 1962 skipaði menntamálaráðherrann nefnd til þess að gera tillögur um kennaraskóla (seminar) fyrir fóstrur og tómstundakennara; skyldi hún afmarka og skilgreina breytingarnar á lengdu námi úr 2 árum í 3. Nefndin skilaði áliti í marz 1966 ásamt frumvarpi til laga um skóla fyrir kennara við leikskóla og tómstundaheimili. Taldi nefndin fært að hefja kennslu í þriggja ára kennaraskóla frá og með 1. sept. 1968, en menntamála- og félagsmálaráðuneytin skyldu ákveða tímann og meta forsendur þess, að slíkt nám yrði hafið. Hinn 6. júní 1968 voru gefin út lög um tómstundafræðslu o. fl. („Lov om fritidsundervisning m. v.").

Nefndin minnir á það, að menntun leikskólakennara hófst þegar árið 1855. Námstíminn var fyrst 1 ár, en var lengdur í 2 ár 1918. Með tilskipun menntamálaráðuneytisins 24. sept. 1953 voru settar reglur um samræmt nám í skólum þessum. Þann 12. júní 1961 var gefin út endurskoðuð tilskipun lítt breytt. Námstími skyldi vera 2 ár, og bóklegar kennslustundir alls 1224.

Þar sem kröfur til fóstra hafa aukizt jafnt og þétt taldi nefndin ráðlegt að lengja námið í 3 ár.

Nefndin reisti umræður sínar á tilskipuninni um leikskólakennara frá 12. júní 1961 og um tómstundaseminör, fritidsseminarier, 22. febrúar 1962. Gerði hún grein fyrir æskilegu námsefni, námsskipan, verklegum æfingum, inntökuskilyrðum, framhaldsnámi, breytingunni úr tveggja ára námi í þriggja ára nám, ríkisstyrkjum og fjárhagslegum forsendum fyrir breytingunni.

Menntun fóstranna skyldi um námsefni og önnur viðfangsefni sniðin eftir þeim kjörum og aðstæðum, er þær myndu síðar búa og starfa við. Framhaldsnám skyldi einkum miðað við væntanlega leiðtoga eða forstöðumenn tómstundaheimila og annarra félagslegra uppeldisstofnana.

Framhaldsnám á þessu sviði telur nefndin skuli vera um 1 ár að jafnaði og heimilt þeim einum, er lokið hefur fullu námi tómstundakennara (fritidspædagog) og unnið 3 ár hið skemmsta á tómstundaheimili eða annarri stofnun fyrir ungmenni á aldrinum 7—18 ára.

Skyldunámsstig (Folkeskolen).

„Lov om uddannelse af lærere til folkeskolen", 8. júní 1966, leysti af hólmi löggjöfina frá 11. júní 1954. Var orðin brýn þörf á endurskoðun á löggjöf um menntun kennara í Danmörku, þar eð ný löggjöf hafði verið sett um skyldunámsstigið 7. júní 1958 og 16. júní 1962. Þar var gert ráð fyrir ýmsum breytingum á starfsháttum og námsefni, er krafðist aukinnar þekkingar og uppeldisfræðilegrar

kunnáttu af kennurum. Þannig olli þróun skyldunámsskólanna því, að menntamálaráðuneytið skipaði nefnd 23. desember 1960 til þess að kanna, hver þörf væri á breytingum á námsefni og uppeldisfræðilegri menntun kennaraefna og nýjum reglum þar um. Formaður nefndarinnar var þáverandi umsjónarmaður fræðslumála (Statskonsulent) K. Helveg Petersen. Jafnframt var nefndinni falið að athuga, hvort þörf væri á að endurskoða sjálfa löggjöfina um menntun kennara.

Með löggjöf 16. júní 1962 var menntamálaráðherranum heimilað að leyfa frávik frá ákvæðum laganna frá 1954, þar sem einsætt var, að kennaraskólarnir þyrftu að taka hina breyttu námsskrá skyldunámsins til greina.

Í marz 1965 skilaði nefndin meira hluta áliti, en minni hluti gerði ágreining um ýmis atriði. Nefndin var á einu máli um þörfina á nýrri löggjöf um menntun kennara og skilaði frumvarpi til laga um hana. Var það lagt fyrir þingið í maí 1965 og ráðgert að taka það fyrir í október um haustið.

Frumvarpið fylgdi drögum laganefndarinnar í meginatriðum. Rakið var í athugasemdum við frumvarp það, sem lagt var fyrir þingið í maí (frumvarp I), hvar vikið væri frá drögum laganefndarinnar. Samtímis skýrði ráðuneytið frá því, að það hefði leitað álits ýmissa stofnana og samtaka á frumvarpinu, og yrðu þær álitsgerðir vegnar og metnar við endurupptekt frumvarpsins á þingi 1965—'66 (frumvarp II).

Auk þeirra aðila, er ráðuneytið leitaði álits hjá, bárust athugasemdir frá ýmsum, er sjálfkvæman áhuga höfðu á máli þessu.

Þingnefnd sú, er um málið fjallaði, fékk í hendur álitsgerðir þær, er ráðuneytinu höfðu borizt. Jafnframt var lagt fram frumvarp um HF-próf og þátt þess í inntökuskilyrðum í kennaraskólana, en það er ígildi stúdentsprófs.

Um gerð kennaramenntunar og inntak hennar fylgdi frumvarpið drögum laganefndar í öllum meginatriðum nema einu: Samkvæmt lögunum frá 1954 er inntaka í kennaraskóla, auk inntökuprófs, háð því, að skólinn telji umsækjanda hæfan til að gegna kennarastarfi. Huglægt mat af þessu tagi er jafnan vanda- og vafasamt. Lagði laganefndin til, að endurskoðaðar reglur kvæðu svo á, að skólinn væri ekki bær að dæma mann óhæfan til kennarastarfa við inntöku í nám.

Menntamálaráðuneytið lagði áherzlu á tvö meginatriði við ákvörðun á inntökuskilyrðum: Menntun undir kennaranám skyldi eigi vera blindgata, þar sem leiðir væru lokaðar til annars náms, og ekki skyldu heldur gerðar kröfur um persónulega verðleika fram yfir það, er gert væri við inntöku í annars kyns framhaldsnám. HF-námið var sérstaklega miðað við fyrra meginatriðið, því beinir það nemendum leið til annarra framhaldsskóla en kennaraskólanna einna.

Margháttuð vandamál við inntöku nemenda eru forsenda fyrir hinu meginsjónarmiðinu, og eru þau ekki ný af nálinni. Í frumvarpinu eru felld niður ákvæði um hegðun og sérstaka eiginleika umsækjenda. Ef kennaranemi reynist ekki hæfur til starfa, mun það jafnan birtast í námsárangri hans, einkum í uppeldisgreinum og æfingakennslu. Úrskurður um hæfni kennaraefnis getur því komið fram á prófum og í öðru námsmati, sem er þáttur í kennaramenntuninni, og þó einkum á forprófi því, sem § 8 í frumvarpinu ráðgerir og því alhliða mati á kunnáttu nemandans, sem þar er mælt fyrir um. Forprófið fer fram eftir 1. námsár, sbr. „Bekendtgørelse", 19. júní 1969 § 6. Heimilt er að sitja þrisvar í 1. bekk.

Þá hefur verið vikið frá ákvæðum laganna frá 1954 um heilbrigðiskröfur, og er stefnt að því að brjóta ekki í bága við ákvæðin um að veita fötluðum sem hagfelldust færi á námi. Helzta ákvæðið lýtur að því, að nemandi sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.

Með lögunum 1954 var greinarmunur gerður á ríkisskólum og einkaskólum fyrir kennara. Með nýju löggjöfinni er í meginatriðum stefnt að því, að samræmdar reglur gildi fyrir báðar tegundir dönsku kennaraskólanna.

Við undirbúning frumvarpsins var fylgt tveimur meginsjónarmiðum: Annars vegar skyldu allir kennarar á skyldustiginu (folkeskolen) hljóta **samræmda menntun,**

kjarni námsins skyldi vera sameiginlegur; hins vegar skyldu þeir einnig öðlast þá **sérhæfingu**, sem fjölbreytni og greining í námi hjá væntanlegum nemendum þeirra krefst. Því skal öllum kennaranemum veitt slík fræðsla í undirstöðugreinum skyldunámsins (folkeskolen), að þeir séu færir um að kenna á öllum stigum þess og geti kennt nokkrar námsgreinar og fylgt nemendunum eftir um árabil. Jafnframt skulu kennaraefni hljóta fyllri menntun á afmörkuðum sviðum uppeldis og námsgreina (pædagogisk spesiale, liniefag) svo að þau séu hæf til að kenna sérstökum flokkum nemenda eða sérstakar námsgreinar í efstu bekkjum skyldunámsins.

Uppeldisgreinum er fengið meira rúm í kennaramenntuninni en áður. Kennaraefni skulu tamin við slík vinnubrögð, að þau geti starfað áfram að námi í grein sinni á eigin spýtur eða stundað framhaldsnám í kjörgreinum sínum í „Danmarks lærerhøjskole".

Með uppeldisfræðilegu sérsviði er kennaraefnum veitt þjálfun í að kenna a) **byrjendum**, b) **unglingum** og c) **afbrigðilegum börnum.**

Með því að kennaranámið hefur verið hafið á hærra stig og undirbúningsnám aukið, er ekki þörf á að skipta kennaraefnum í deildir með mislöngu námi.

Í fjölbreyttu námi með mikilli sérgreiningu, kjörsviðum og sjálfstæðri vinnu er rík þörf á prófkerfum eða öðrum matsaðferðum, sem skera tryggilega úr um það, hvort nemendur hafi náð fullnægjandi árangri. Eru því fyrirhuguð bæði forpróf og lokapróf í flestum greinum. Í æfingakennslu skal kennaraefnum þó gefinn vitnisburður (standpunktskarakterer) með hliðsjón af daglegu starfi.

Námsgreinar í kennaraskólum.

Kjarni:

1) Uppeldisfræði, sálarfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, móðurmál, kristinfræði, félagsfræði og 3 af eftirfarandi greinum: mótun (formning), söngur/tónlist, íþróttir og handavinna.
2) 2 **valgreinar** (aðalgreinar), heimilt er þó að taka 3 valgreinar.
3) 1 **uppeldisfræðilegt sérsvið.**

Námskeið skulu haldin í námstækni, raddþjálfun og framsögn, fjölskyldufræði, heilsufræði, umferðarreglum, námsvali og starfsfræði, nýsitækjum, gerð kennsluefnis og selskólahaldi (lejrskole).

Valgreinar eru: Móðurmál, stærðfræði, kristinfræði, mótun (formning), söngur/tónlist, handavinna kvenna, saga, landafræði, líffræði, eðlisfræði og efnafræði, enska, þýzka, franska, latína, næringarefnafræði og heimilisfræði (husholdningslære), trésmíði eða málmsmíði.

Ef nemandi tekur 3 valgreinar, má telja trésmíði og málmsmíði 2 valgreinar.

Uppeldisleg kjörsvið eru 3:

a) kennsla í yngri bekkjum skyldunáms.
b) kennsla í eldri bekkjum skyldunáms sem og æskulýðs- og tómstundafræðsla (ungdoms- og fritidsundervisning).
c) kennsla nemenda, sem eiga við sérstaka námsörðugleika að etja.

Hverri valgrein eru ætlaðar 13 vikustundir, nema á uppeldislegu sérsviði eru þær 8.

Tafla 4

Námsgreinar og kennslustundafjöldi í dönskum kennaraskólum.

	Stundafjöldi alls	Vikustundafjöldi árlangt	Vikustundafjöldi á semestri
Uppeldisfræði	98	3½	7
Sálarfræði	168	6	12
Kennslufræði	140	5	10
Æfingakennsla	112	4	8
Danska	140	5	10
Félagsfræði	84	3	6
Stærðfræði	140	5	10
Skrift	42	1½	3
Kristinfræði	168	6	12
Mótun	112	4	8
Söngur/músik	98	3½	7
Íþróttir	140	5	10
Handavinna	112	4	8
Félagsfræði	84	3	6
1. valgrein	364	13	26
2. valgrein	364	13	26
Uppeldisfræðileg sérsvið	224	8	16

Tafla 5


Skipting námsefnis á missiri í dönskum kennaraskólum.

	1. ár		2. ár		3. ár		4. ár	Semester-stundir alls
	1. sem	2. sem	3. sem	4. sem	5. sem	6. sem	7. sem	
Uppeldisfræði					2	2	3	7
Sálarfræði	2	2	2	2	2	2		12
Kennslufræði	2	0	2	2	2	2		10
Æfingakennsla	1	1	2	2	1	1		8
Danska	5	5						10
Stærðfræði	5	5						10
Skrift	0	3						3
Kristinfræði	6	6						12
Mótun	2	2	2	2				8
Söngur/músik	2	2	3					7
Íþróttir	3	2	2	3				10
Handavinna	2	2	2	2				8
Félagsfræði			4	2				6
1. valgrein			4	4	6	6	6	26
2. valgrein			4	4	6	6	6	26
Uppeldisfræðileg sérsvið				4	4	4	4	16
	27/28	28	24/25	24/27	23	23	19	

Mynd 6

Dæmi um nýtingu kennslutíma í dönskum kennaraskólum.

Lágmarkstími náms: 3½ ár. — Hámarkstími náms: 4 ár.



Hver reitur táknar eina viku.

Praktikuge: æfingakennsla.
Kursusuge: námskeið.
Studieuge: samfellt nám á afmörkuðu sviði.
Skemauge: venjuleg kennsla.
Eksamensperiode: próf.
Disponibel uge: til frjálsrar ráðstöfunar skólans.

Sameiginlegu námsefni — kjarna — skal í meginatriðum lokið á fyrstu 4 semestrum, en uppeldisgreinar og kjörgreinar stundaðar síðustu 3—4 semestrin.

Kennsluvikur eru fyrirhugaðar 43 á ári hverju. Skiptast þær þannig á 2 semester í meginatriðum:

a. Hefðbundin stundatafla 14 vikur á hverju semestri. Á hverju vorsemestri, 1. febrúar— 30. júní, eru auk þess ætlaðar 6 vikur til prófa.
b. Á haustsemestrum, 15. ágúst—31. janúar, eru auk hefðbundinnar stundatöflu í 14 vikur ætlaðar 3 vikur til annars kyns námshátta: Áheyrnar- og æfingakennslu, námskeiða, samfellds náms eða námsferða og frjálsrar ráðstöfunar. Á 7. semestri er 6 vikum varið til prófa. Á því semestri er engin æfingakennsla.

Kennaranemum er heimilt að þreyta lokapróf eftir 3½ árs nám, en að jafnaði munu þeir gera það eftir 4 ár. Ef sérstaklega stendur á, má veita þeim undanþágu til að þreyta það eftir þriggja ára nám.

Framhaldsnám geta kennarar með kennaraprófi stundað í „Danmarks lærerhøjskole". Sérstök námskeið (statskurs) eru haldin til að veita handavinnu-, smíða- og teiknikennurum framhaldsmenntun. Nám húsmæðrakennara er 2 ár, auk sérdeildarinnar við Háskólann í Árósum.

Íþróttakennarar sækja „Danmarks højskole for legemsøvelser" í Kaupmannahöfn.

Ótalin eru hin ýmsu námskeið við kennaraháskólann.

Lögin kveða á um **kennaraskólaráð**, er vera skal menntamálaráðherra til ráðuneytis um málefni kennaraskólanna. Ráðsmenn eru 17, tilnefndir af rektorum kennaraskóla, kennurum þeirra, kennarasambandinu og landsráði kennaranema.

Þá skulu **kennararáð** og **nemendaráð** vera við kennaraskólana.

Lögin komu til framkvæmda 1. ágúst 1969.

Samkvæmt lögunum frá 1958 telst 8., 9. og 10. skólaárið til gagnfræðastigsins. Sumir gagnfræðaskólanna eru tengdir „folkeskole", sumir menntaskólum.

Kennarar við menntaskóla skulu hafa lokið embættisprófi (skoleembedseksamen) frá háskóla. Löggjöfin 1948 kveður svo á, að cand. mag.-próf í huggreinum frá háskóla skuli taka til aðalgreinar og einnar aukagreinar. Auk hinna viðurkenndu hugvísindalegu greina má velja kristinfræði og tónlist. Í raungreinum má velja um 2 námssvið, eðlisfræði—stærðfræði og náttúrufræði—landafræði. Velja má íþróttir með öllum námssviðum. Embættispróf í huggreinum tekur að jafnaði 7 ár, en í raungreinum 6 ár. Í aðalgrein til cand. mag.-prófs er krafizt sjálfstæðrar rannsóknar kandidatsins á afmörkuðu efni.

Kennaraefni skulu sækja námskeið í eitt semester í fræðilegri uppeldisfræði, sálarfræði og heilsufræði skóla. Kennsluæfingar skulu þeir stunda í menntaskóla undir handleiðslu reynds menntaskólakennara. Uppeldisfræðilega náminu lýkur með bóklegu og verklegu prófi.

FINNLAND

Finnsku fræðslulögin 1957 kváðu svo á, að stofnskólinn skyldi vera 6 ár, en „framhaldsskólinn" 2 ár. Í framhaldsskólanum er mikil áherzla lögð á verknám og þegnskaparuppeldi. Velja má um ýmsar línur eða deildir innan hans. Upp úr 4. bekk stofnskólans eiga nemendur heimila leið til hins „æðra almenna náms", í menntaskólum (lycea). Mikil áherzla er lögð á íþróttir og líkamsrækt í finnskum skólum, og verknám, enda er starfsþjálfun og kunnátta mikil og góð í flestum greinum atvinnulífs.

Elzti kennaraskólinn (folkskoleseminarium) var stofnaður í Jyväskylä árið 1863. Uno Cygnæus var skólastjóri og hafði mikil áhrif á finnsk menntamál þá og síðar. Lagði hann áherzlu á, að barnaskólinn yrði skóli allra stétta, sannur þjóðskóli á barnastigi. Einnig taldi hann, að námið skyldi vera bæði bóklegt og verklegt, skyldi verklegum greinum gert jafnhátt undir höfði og bóknámsgreinum. Í upphafi var kennaranámið fjögurra ára nám að loknum barnaskóla. Síðar var það lengt í 5 ár.

Árið 1920 var þremur kennaraskólum breytt á þá lund, að inntökuskilyrði var þriggja ára, síðar fjögurra ára nám í gagnfræðaskóla. Kennaraskólanum í Jyväskylä var breytt í kennaraháskóla með lögum 1934. Kennaraháskólar skyldu mennta kennara fyrir barnaskólastigið á tveimur árum. Hefur kennaraháskólunum fjölgað síðan. Í **kennaraháskólum** er megináherzla lögð á uppeldisgreinar og af námsgreinum barnaskóla eru aðeins kenndar listrænar og verklegar greinar, íþróttir og söngur. Námsskrár **kennaraskólanna** taka til allra námsgreina barnaskólanna. Frá og með kennaraskólalöggjöfinni 1958 hafa kennaraskólarnir aðeins tekið nemendur, sem lokið hafa miðskólaprófi. Þó áttu nemendur, er lokið höfðu barnaprófi einu saman, kost á tveggja ára undirbúningsnámi. Þannig hefur kennaranámið verið 2 ár fyrir stúdenta (í kennaraháskólunum) og fjögur ár eftir 6 ára barnaskóla og síðan miðskóla (í kennaraskólunum).

Árið 1968 voru sett ný fræðslulög í Finnlandi, og skyldu þau koma til framkvæmda á næstu þremur árum.

Kennarar í elztu deild (7.—9. skólaár) (den högre skolen) skulu hafa lokið háskólanámi. Kennarar í miðdeild — 4.—6. skólaár — „**yngre lektorer**“ — skulu hafa lokið kandidatsprófi af lægstu gráðu í hugvísindum eða raungreinum. Menntaskólakennarar — svonefndir „ældre lektorer“ — skulu hafa lokið **filosofikandidateksamen** í hugvísindum eða raungreinum. Tengja má námsgreinar í þessum prófum með ýmsum hætti eftir þörfum skólanna. Algengast er, að prófgreinar séu 3—4, en þær geta verið fleiri. Námstími er 3—4 ár undir próf af lægri gráðu, en nálægt 5 árum undir próf af hærri gráðu. Við bætist próf í uppeldisgreinum og skólalöggjöf, meðtalin æfingakennsla í menntaskóla í tvö kennslumisseri, í sumum greinum handlista eitt kennslumisseri. Þá rekur ríkið kennaraskóla fyrir kennara við sérskóla ríkisins. Lýtur hann yfirstjórn verzlunar- og iðnaðarráðuneytisins. Skóli þessi (institut) var stofnaður 1958.

Fóstrur stunda nám í fóstruskólum, tveggja ára nám. Lágmarksinntökuskilyrði er miðskólapróf. Margir nemanna eru stúdentar. Fóstruskólarnir lúta yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins.

Kennaramenntunin í Finnlandi hefur auðkennzt af ósamræmi ýmiss konar. Hinn 3. nóvember 1965 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að samræma og skipuleggja kennaranámið. Skyldi nefndin afla sem gleggstrar vitneskju og setja hana skýrt fram með hliðsjón af væntanlegum endurbótum á kennaramenntuninni, eftir að skólakerfið hefði verið tekið til heildarendurskoðunar. Enn skyldi nefndin gera yfirlit um það, hvernig framkvæma mætti hinar ýmsu tillögur og tilraunir í starfinu. Í nefndarálitinu eru þessir meginkaflar: I. Inngangur, II. Yfirlit um þróun kennaramenntunar, III. Markmið kennaramenntunar, IV. Uppeldishlutverk skóla, V. Stig kennaramenntunar og gerð hennar, VI. Inntak kennaramenntunar. VII. Skipulagning kennaramenntunar og stofnanir hennar, VIII. Framhalds- og endurmenntun kennara.

Nefndin vakti athygli á því, að tengsl hafi verið of veik milli fræðilegs náms og æfingakennslu í einstökum námsgreinum og kennara hafi brostið tök og færi á framhalds- og endurmenntun, en hlutverk kennara væri að efla vöxt og viðgang nemenda, hver sem kennslugrein hans væri. Kennarar skulu hafa hlotið góða almenna menntun, en í daglegu hátterni skulu þeir fara að sem aðrir dauðlegir menn. Kennara er skylt að vita deili á vaxtar- og þroskalögmálum ungmenna og kunna lag á að samræma framferði þeirra og manngildishugsjón. Hann verður einnig að hafa vald á ýmsum kennsluaðferðum og vera hæfur til samvinnu við starfssystkin sín. Leiðin milli yngri og eldri deildar er auðveldari en áður var. **Bekkjarkennarar** annast kennslu á **lægsta stigi** (í 3 fyrstu bekkjunum), ef til vill að undanskildu fyrsta erlenda málinu. Á **miðstiginu** (4.—6. skólaár) munu bekkjarkennarar annast megin kennslunnar, enda þótt þeir geti einbeitt sér að hlutfallslega fáum greinum. Á **efsta**

stigi (7.—9. skólaár) verður kennslan í höndum sérkennara, þó með þeim hætti, að einn þeirra, umsjónarkennarinn, kennir eftir atvikum margar stundir í bekknum.

Það er álit nefndarinnar, að samræma beri kennaramenntun fyrir stofnskólann allan með þeim hætti, að hún sé á sama akademiska stigi. Bekkjarkennarar sem sérkennarar skulu hljóta menntun sína við sömu stofnanir eða að minnsta kosti við stofnanir á sambærilegu menntastigi. Engu að síður hlýtur inntak námsins að vera breytilegt með hliðsjón af mismunandi hlutverkum væntanlegra kennara.

Námskröfur í kennaraskólum hljóta að aukast í samræmi við auknar almennar námskröfur. Inntökuskilyrði til kennaranáms skulu vera hin sömu og í háskóla, það er stúdentspróf eða hliðstæð menntun. Allir kennarar við stofnskólann — einnig kennarar, er síðar kunna að koma til á yngra aldursstigi — skulu taka lægstu akademiska gráðu, t. d. kandidatspróf í hugvísindum eða hliðstætt stig, er krefst þriggja ára náms hið skemmsta. Enn hefur ekki verið ákveðið, hversu tengja skal námsgreinar þær, sem teljast til hinnar akademisku gráðu.

Nefndin hefur leitazt við að ákvarða aðrar forsendur fyrir starfsréttindum kennaraefnis. Ef skapgerðareinkenni benda til þess, að kennaraefni hæfi ekki kennarastarf, er talið rétt að synja um réttindi til þess. Ef nemandi sjálfur eða kennari hans telur, að starfið hæfi ekki, er skylt að greiða fyrir því, að nemandinn komist í annað nám eða starf.

Bekkjarkennaraefni skulu leggja stund á almennar greinar, þ. e. kjarna (grunnkurs) kennaranáms. Auk þess skulu þeir sérhæfa sig með því að sækja meiri háttar námskeið í nokkrum greinum. Þegar námskeið þessi eru hluti af háskólanámi, eiga stúdentar að jafnaði að leggja stund á uppeldisfræði sem aðalgrein og auk þess þær tvær megingreinar eða þrjár, er þeir helzt kjósa að kenna. (Lægsta akademiskt stig). **Sérkennaraefni** skulu stunda almennt nám og tvær greinar hið fæsta. Þannig geta sérkennarar kennt tvær greinar hið fæsta á efsta stigi skólans. Auk þess skulu þeir ljúka prófi í uppeldisfræði.

Þá er stefnt að því að gera æfingakennslu raunhæfari en verið hefur með því að nýta almenna skóla þar til auk æfingaskólanna.

Auk þess hefur nefndin gert drög að skipan kennaramenntunar, þar sem öll kennaraefni fengju menntun sína að einhverju eða öllu leyti í háskóla eða hliðstæðri stofnun, að því undanskildu, að æfingakennsla færi fram í sérstökum „pædagogiskum seminörum“. Ef slíkar stofnanir liggja hver í grennd annarrar, má sækja hvort tveggja námið samtímis, ella gengur það á mis. Fyrirhugað er, að kennaraháskólinn í Joensuu verði fullkominn háskóli í uppeldisfræðum (pedagogiskur háskóli), þar sem einnig má stunda almennar námsgreinar á háskólastigi.

Þá fjallaði nefndin um framhalds- og endurmenntun kennara. Er þar m. a. gerð grein fyrir því, hvernig veita megi kennurum, er nám stunduðu með gamla laginu, jafnrétti á við þá, er nýja stílnum fylgja. Halda skal stutt námskeið fyrir alla kennara, sem kenna í 5 yngstu bekkjum núverandi „folkeskole“ og einnig fyrir kennara við tvo eða þrjá efstu bekkina í „folkeskolen“ eða „framhaldsskolen“ eða aðra hliðstæða skóla. Markmið námskeiðanna er að kynna kennurum hlutverk, gerð og kennsluaðferðir í nýtízku stofnskóla. Hefur nefndin gert tillögur um námskeið fyrir hina einstöku hópa kennara.

Stefna Finna fylgir fordæmi Svía á ýmsa lund: að veita kennaramenntun í hlutfallslega fáum kennaraháskólum eða háskólum í tengslum við „pedagogisk seminör“. Stúdentsmenntun er inntökuskilyrði og mikil áherzla skal lögð á að tengja í náminu fræðilega sálar- og uppeldisfræði og kennsluæfingar og aðra þjálfun í væntanlegum kennslugreinum.

NOREGUR

Frumvarp til laga um kennaramenntun í Noregi, 19. desember 1968.

Útdráttur úr greinargerð fyrir nokkrum greinum laganna.

Kröfur um menntun kennara.

Þær kennarastöður, sem lögin gera ráð fyrir, eru: Smábarnakennari (barnahagelærar), kennari (lærar), sérkennari (faglærar), aðjúnkt, lektor.

Þessar kennarastöður svara til þriggja eftirtalinna hæfnisstiga:

Fyrsta hæfnisstig: Smábarnakennari, kennari, sérkennari.
Annað hæfnisstig: Aðjúnkt.
Þriðja hæfnisstig: Lektor.

Þessi hæfnisstig eru óháð skólastigum þeim, sem lögin kveða á um. Kennarar á öllum skólastigum geta tileinkað sér hvaða hæfnisstig sem er.

Menntun kennara í ofangreindum stöðum.

Kennarar á fyrsta hæfnisstigi skulu ljúka hinu tilskilda þriggja ára kennaranámi, annaðhvort að öllu leyti við hlutaðeigandi kennaraskóla, (fóstruskóla, kennara- eða sérkennaraskóla) eða með því að stunda þar tveggja ára nám, að viðbættu eins árs viðurkenndu námi við aðra stofnun, sem annast kennaramenntun, þ. m. t. við háskóla (universitet) eða sérháskóla („högskole").

Þær kröfur, sem gerðar eru til menntunar allra kennara á fyrsta hæfnisstigi, eru í meginatriðum jafn umtaksmiklar. Þannig er **kennara** skylt að ljúka þriggja ára námi, þar af a. m. k. tveggja ára námi við kennaraskóla, eftir tilskilið undirbúningsnám. **Sérkennari** getur ýmist lokið a) þriggja ára námi við sérkennaraskóla, tveggja ára sérnámi og uppeldisfræðilegu námi að fenginni fullri menntun og viðurkenndri starfsþjálfun í greininni, b) eða tengt á ýmsa vegu kennaranám sérnámi á einu sviði, en menntun hans skal vera sambærileg, að umtaki og gæðum, við þá menntun, sem kennarar á barnastigi hafa.

Aðjúnkt skal hafa lokið prófi eftir fjögurra ára nám hið skemmsta bæði í sérgreinum og uppeldisfræði. Cand. mag.-próf, ásamt uppeldisfræði, getur einnig veitt aðjúnktgráðu, sömuleiðis eins árs nám til viðbótar tilskilinni menntun smábarnakennara, kennara eða sérkennara. Eins árs námið getur tekið til ýmissa þátta, sem meta má í einingum. Tilskilið er þó, að lögin setji ákvæði um framhaldsmenntun (etterutdanning) kennara; að öðrum kosti verður aðjúnktgráðu aðeins náð eftir a. m. k. fimm ára nám í sérgreinum og uppeldisfræði.

Lektor skal hafa lokið prófi í sérgreinum og uppeldisfræði við háskóla eða sérháskóla eða eiga að baki annað nám, sambærilegt að umtaki og gæðum.

Í bóklegum greinum mun lektorsmenntun venjulega helgast af embættisprófi af hærri gráðu, (cand. philol.- eða cand. real.-prófi) frá sögu/heimspekideild eða stærðfræði/náttúruvísindadeild eða af embættisprófi í uppeldisfræði, samsvarandi að umtaki og gæðum.

Vanalega mun lektor í bóklegum greinum hafa lokið cand. philol.-, cand. real.- eða cand. paed.-prófi, en önnur sambærileg embættispróf, hvort sem tekin hafa verið heima eða erlendis, koma einnig til greina. Sérfræðimenntun í einni tiltekinni grein kemur og til álita fyrir lektora, sem starfa við sérhæfðari skóla eða stofnanir. Hæfir til að gegna lektorsstöðu teljast enn fremur þeir smábarnakennarar, kennarar og sérkennarar, sem bætt hafa við sig menntun, er samsvarar lektorsgráðu að umtaki og gæðum.

Í ákvæðum um menntun aðjúnkta og lektora er ekki tiltekið, hvort hún skuli taka til einnar greinar eða fleiri. Þar sem lektorar eða aðjúnktar starfa á skyldu-

námsstigi (1.—9. bekk) og við framhaldsskóla, mun yfirleitt nauðsynlegt, að þeir hafi menntun í tveim til þrem greinum. En í skólum, sem eru sérhæfðari, t. d. kennaraskólum, getur það verið kostur, að menntun þeirra liggi á einu sviði (fagomraade).

Hugsanlegt er að haga kennaramenntun svo, að á þriðja ári verði lögð meiri áherzla á tvær greinar, sem væntanlegur kennari mun síðar sérhæfa sig í. Með þessu móti yrði ríflegri tími ætlaður þessum tveim greinum.

Þeir, sem kenna bóklegar greinar í tveimur til þremur síðustu bekkjum skyldunáms, skulu aðallega hljóta sérmenntun í kennaraháskóla („lærarhögskole") eða háskóla.

Sem fyrr skulu kennaraskólar annast þá sérhæfingu, sem barnaskólakennurum er nauðsynleg, s. s. uppeldis- og sálarfræði yngstu aldursflokka skyldunámsins.

Menntun kennara á hverju skólastigi.

Sá, sem skipaður er **kennari við barnastig**, skal hafa lokið námi frá norskum kennaraskóla eða sambærilegu viðurkenndu námi. Í sumum tilvikum má setja sérkennara, aðjúnkt eða lektor, án almennrar kennaramenntunar, til að kenna ákveðnar greinar frá 4. bekk að telja.

Unglingastig.

Til kennslu á þessu stigi má skipa kennara, sérkennara, aðjúnkt eða lektor. Gert er ráð fyrir, að síðar verði krafizt aðjúnktgráðu til kennslu á þessu stigi.

Sömu kröfur gilda um menntun kennara við „framhaldsskole" og „realskole".

Til að kenna afbrigðilegum börnum og unglingum (í „specialskole") þarf sérmenntun og í heild eigi minni menntun en krafizt er á hliðstæðum stigum hins almenna skóla. (Sjá ákvæði um sérkennaraskóla, „speciallærarskole").

Menntun kennaraskólakennara.

Til þess að gegna kennarastöðu við stofnanir, sem annast kennaramenntun, þarf að jafnaði lektorsgráðu. Við þessar stofnanir má skipa menn í „vísindalegar kennslustöður", svo að tækifæri gefist til sérfræðilegrar kennslu og rannsókna, eftir því sem þörf krefur. Hér er einkum átt við skóla, sem annast menntun kennara fyrir afbrigðileg börn og unglinga („speciallærar").

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má skipa aðjúnkt í stöðu kennaraskólakennara. Í ýmsum listrænum og verklegum greinum verður nauðsynlegt, enn um nokkra hríð, að skipa kennara með aðjúnktgráðu við kennaraskóla.

Framhaldsmenntun kennara.

Sveitarstjórnir og ríki skulu gefa allt að tíunda hverjum fastráðnum kennara, á ári hverju, tækifæri til orlofs til framhaldsmenntunar. Vinnuveitendur kennara skulu ábyrgjast, að tök verði á orlofi, svo að hver kennari megi vænta þess, að hann fái tækifæri til framhaldsmenntunar á starfsferli sínum.

Einstakir kennaraskólar skulu að verulegu leyti bera ábyrgð á skipulagningu framhaldsmenntunar kennara, í samráði við ráðuneytið og „lærarutdanningsraadet" (sbr. næstu grein).

Stjórnvöld geta ekki sett ákveðnar reglur um framhaldsmenntun kennara fyrr en þeim hafa verið sköpuð skilyrði, bæði með orlofi og eftirsóknarverðum tilboðum til að stunda framhaldsnám.

Kennaramenntunarráð.

Skipa skal 11 manna „lærerutdanningsråd“, er verði ríkisstjórninni til ráðuneytis um skipan kennaramenntunar. Ráðið skal gefa skýrslur, gangast fyrir prófum og hafa umsjón með kennaraskólunum utan háskóla og sérháskóla.

Ráðið skal skipað mönnum, sem eru kunnugir hinum ýmsu skólastigum og stofnunum, sem annast kennaramenntun, þ. m. t. háskólar og sérháskólar. Skipa skal einn kennaranema í ráðið til tveggja ára í senn. Starfstími annarra ráðsmanna er fjögur ár. Kennaranemann skal skipa skv. tillögu samtaka kennaranema. Í reglugerð skal kveða á um atkvæðisrétt hans í ráðinu.

Kennaraskólar aðrir en háskólar og sérháskólar.

Kennaraskólar, sem mennta kennara á fyrsta hæfnistigi, geta veitt þriggja ára menntun og lagt sérstaka áherzlu á eina grein, sérsvið eða afmarkaðri verkefni. En þeir geta einnig menntað bekkjarkennara, án verulegrar sérhæfingar.

Við þessa kennaraskóla er einnig hægt að nema fjögur ár og hljóta aðjúnktsgráðu.

Undirbúningsnám.

Allir kennaraskólar fyrsta hæfnistigs gera yfirleitt sömu kröfur um undirbúningsmenntun.

Fóstruskólar, kennara- og sérkennaraskólar heimta stúdentspróf, sambærilega menntun eða sérstaka þriggja ára almenna undirbúningsmenntun, t. d. við kennaraskóla eða „folkehögskole“.

Sérkennaraskólar fyrir myndíð (forming), átthagafræði, hússtjórnarfræði (husstell), verzlunarfræði og aðrar einstakar greinar, byggja allar á a. m. k. þriggja ára almennri menntun eða sérmenntun eftir skyldunám (9 ára). Fer eftir greinum, hversu rík áherzla er lögð á þessa tvo þætti undirbúningsnámsins.

Hlutverk fóstruskóla.

Hlutverk þeirra er að búa nemendur undir störf í leikskólum (barnehaga), forskólum, hjálparbekkjum og öðrum uppeldisstofnunum fyrir börn á aldrinum 1—7 ára eða börn tilsvarandi þroskastigs.

Hlutverk almenns kennaraskóla.

Kennaraskólum er ætlað að búa nemendur undir kennslu í öllum aldursflokkum skyldunámsins. Þeir skulu veita nemendum fræðslu í öllum skyldugreinum, sem námsskrá kveður á um.

Sérhver kennaraskólanemi skal þó eigi hljóta menntun til að kenna allar þessar greinar, heldur býr hann sig undir að kenna nokkrar greinar eða greinasamstæður. Menntun bekkjarkennara getur m. ö. o. verið mismunandi.

Kennaraskólinn skal einnig veita framhaldsmenntun kennurum við alla aldursflokka skyldunámsins. Mikilvægast er, að þessi viðbótarmenntun komi barnastiginu að gagni. Hingað til hefur viðbótarmenntun sú, sem kennurum barnastigsins er nauðsynleg, ekki verið metin til jafns við viðbótarmenntun þá, sem miðuð er við þarfir unglingastigsins. Af þessu hefur leitt nokkra stöðnun í starfi kennaraskólanna og viðbótarmenntun kennara á barnastigi. Aftur á móti hafa skólarnir keppzt um að bjóða upp á sem fjölbreytilegastar leiðir til sérhæfingar kennara fyrir unglingastigið, samhliða þeirri framhaldsmenntun sem háskólar og kennaraháskólar veita.

Hlutverk „faglærarskole".

Slíkir skólar skulu búa menn undir kennslustarf á unglingastigi skyldunáms og við framhaldsskóla. Þegar svo ber undir getur verið nauðsynlegt, að sérkennarar kenni nokkuð á barnastigi, en að jafnaði munu þeir kenna sérgreinar einar í efstu bekkjum skyldunámsins og í framhaldsskólum.

„Speciallærarskole".

Þessir skólar geta veitt ½ árs, eins árs, tveggja ára og þriggja til fjögurra ára menntun. Námið á að vera hægt að tengja við aðra kennaramenntun og skal teljast hluti af aðjúnkt- eða lektorsgráðu.

„Speciallærarskolen" skal búa menn undir kennslustarf í leikskóla, við skóla skyldunámsins, framhaldsskóla og aðrar uppeldisstofnanir.

Til inntöku þarf annaðhvort próf frá kennaraskólum fyrsta hæfnistigs eða nám í a. m. k. einni námsgrein skólans, er svarar til einnar greinar (grunnfags) í háskóla eða sérháskóla. Þeim, sem hafa ekki kennaramenntun eða sérmenntun, skal gefinn kostur á undirbúningsnámi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hálfs árs námseiningum í afbrigðilegri sálar- og uppeldisfræði („specialpedagogik") vegna þess, hve brýn þörf er fyrir slíka menntun á öllum stigum skólakerfisins.

Uppeldisfræðistofnun.

Þörf er á sérstakri uppeldisfræðistofnun fyrir þá, sem hafa aflað sér faglegrar kennaramenntunar, en hafa ekki notið fræðslu í uppeldisfræði við þá kennaraskóla, sem falla undir þessi lög, eða við háskóla eða sérháskóla.

Þessa stofnun skal starfrækja fyrir:

— þá sem hafa lokið embættisprófi frá háskóla eða sérháskóla,
— þá sem hafa lokið a. m. k. tveggja ára námi eftir stúdentspróf eða sambærilegt nám,
— þá sem hafa fulla fagmenntun í handíðum og eins árs viðbótarmenntun („allmennteknisk" eða „allmennteoretisk") og a. m. k. tveggja ára viðurkennda starfsreynslu.

SVÍÞJÓÐ

Samfara stofnun „grunnskóla" í Svíþjóð hafa verið gerðar gagngerar breytingar á kennaramenntuninni. Af kröfum um nýja kennsluhætti, þar sem áherzla er lögð á einstaklingslegar leiðbeiningar kennara í sundurleitum bekkjum, leiðir, að nýjar kröfur hafa verið gerðar til menntunar þeirra.

Svíar leggja áherzlu á, að kennaranám fylgi samfelldri þróun skólakerfisins. Skapa beri hjá kennaraefnum vilja og hæfni til endurmats á inntaki og formi skólastarfsins. Þá á námið að gera kennara færa um að taka þátt í uppeldisfræðilegum tilraunum og rannsóknum á vísindalegum grundvelli. Er mikið lagt upp úr því, að bæði sérkennarar og bekkjarkennarar hljóti staðgóða þekkingu í uppeldis- og kennslufræði.

Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði til kennaranáms er stúdentspróf eða annað jafngilt nám. Þeir sem lokið hafa prófi frá **fackskola** á félagsfræðikjörsviði eftir tveggja ára nám hafa rétt til að hefja kennaranám fyrir yngri deildir barnaskóla.

Greining kennaranámsins.

Kennaramenntunin greinist í þrjá flokka eftir aldursstigum skyldunámsins:
Kennaranám fyrir:
Yngri deildir barnaskóla (lågstadiet) 2½ ár.
Eldri deildir barnaskóla (mellanstadiet) 3 ár.
Unglingastig (högstadiet) 4 ár.

Námsefni og skipulag.

Kennari í yngri deild barnaskóla skal nema sænsku, ensku, stærðfræði, trúfræði, átthagafræði, föndur, tónlist og leikfimi. Þá skal hann hljóta nokkra sérmenntun í tveim greinum, sem hann kýs, og hefur hann rétt til að kenna kjörgreinar sínar í eldri deildum barnaskólans.

Af námstímanum er um ⅖ varið til sérnáms, ⅖ til áheyrnar- og kennsluæfinga og ⅕ til náms í uppeldis- og kennslufræði.

Kennari fyrir eldri deildir barnaskóla skal nema sömu greinar, en sérmenntar sig auk þess í þremur greinum eftir bundnu vali: sænsku, ensku, einni umhverfisgrein (samfélagsfræði, sögu, landafræði eða líffræði) og annaðhvort tónlist eða leikfimi. Gildir sama um hann og yngri deildar kennara, að kjörgreinar sínar má hann kenna á næsta stigi fyrir ofan, þ. e. unglingastigi. Annars á hann að geta kennt allar greinar síns stigs nema myndíð (bild- og formarbete) og annaðhvort tónlist eða leikfimi.

Kennari fyrir unglingastig skal nema 3 greinar og fær réttindi til að kenna þær á sínu stigi.

Viðbótarnám.

Gert er ráð fyrir föstu kerfi viðbótarnáms, svo að kennarar geti flutzt milli skólastiga, ef þeir óska. Gildir bæði um kennara yngri og eldri deilda, að þeir skulu hafa stundað kennslu í 3 ár, áður en þeir hefja viðbótarnám sitt.

Til þess að yngri deildar kennari öðlist kennsluréttindi í eldri deild er krafizt **eins árs náms** í sænsku, ensku, einni umhverfisgrein, tónlist og leikfimi. Á sama hátt öðlast eldri deildar kennari kennsluréttindi á unglingastigi eftir 1½ árs nám í þeim þremur greinum, sem hann hyggst kenna á því stigi. Þá getur unglingakennari fært sig upp í menntaskóla með því að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru um menntun menntaskólakennara í tveimur greinum.

Skipulag kennaramenntunarinnar.

Menntun kennara fyrir grunnskóla skal fara fram í kennaraháskóla (lärarhögskola) og háskóla (universitet). Skulu háskólar annast sérmenntun kennaranema að nokkru eða öllu leyti. Gert er ráð fyrir, að unglingakennarar sæki alla sérmenntun sína til háskóla, en barnaskólakennarar að nokkru. Að öðru leyti stunda þeir sérnám sitt í kennaraháskóla. En meginhlutverk kennaraháskólanna er að sjá um verklega þjálfun og uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara skyldunámsins. Þar af leiðandi geta menn aðeins lokið kennaraprófi frá kennaraháskóla, en ekki frá almennum háskóla. Til þess að tryggja nána samvinnu kennaraháskóla og háskóla um þessi mál skulu starfa námsefnisnefnd og kennaramenntunarnefnd. Námsefnisnefnd í hverjum skóla fjallar um námsskrá og námsskipan, en í kennaramenntunarnefnd eiga sæti fulltrúar allra námsefnisnefnda.

Endurmenntun kennara.

Svíar leggja þunga áherzlu á nauðsyn endurmenntunar, bæði til þess að kennarar tileinki sér efnislegar og tæknilegar nýjungar og verði um leið hæfari starfsmenn. Endurmenntun er talin nauðsynleg til viðhalds grunnmenntun. Slíka viðhaldsmenntun á að tryggja kennurum m. a. með kvöldnámskeiðum á kennsluárinu, stuttum námskeiðum á sumrin og lengri námskeiðum, sem dreifast á allt að 3 kennslumisseri. Gert er ráð fyrir, að kennaraháskólar eða háskólar standi að þessum námskeiðum.

Dæmi um námsgreinar og stundafjölda í sænskum kennaraháskóla (Lärarhögskolan i Uppsala).

Yngri deild (Lågstadiet).

Kjarni:

Hverju kennaraefni er skylt að leggja stund á allar eftirtaldar greinar:

Sænsku, ensku, stærðfræði, trúarbrögð (religionskunskap), átthagafræði (hembygdskunskap), myndið („bild- och formarbete"), tónlist, íþróttir.

Námsgreinar þessar eru stundaðar á fyrra hluta námstímans.

Valgreinar (Obligatoriske tillvalskurser):

Á síðari hluta námstíma skal hvert kennaraefni velja 2 „skylduvals"-greinar. Ber þær upp á 3. og 5. önn (termin). Er valin sín greinin úr hvorum flokki. Í fyrri flokknum eru:

Sænska, enska, stærðfræði, lesgreinar teknar sem ein heild.

Í síðari flokknum eru myndið, tónlist, íþróttir.

Nám í báðum þessum valgreinaflokkum veitir kennsluréttindi á miðstigi stofnskólans (4., 5. og 6. skólaár).

Um það bil helmingur kennslustunda í kennslufræði fellur á móðurmál, afgangurinn á ensku, stærðfræði, lesgreinar, kennslutæki og skrift. Valgreinum fylgja aukatímar í kennslufræði (metodik).

Valgreinaskipanin á að tryggja góða sérþekkingu í yngri deild og gera kennara hæfa til að kenna á eldra stigi. Einnig má vænta, að umsjónar- eða yfirkennarar í einstökum greinum verði valdir eftir kunnáttu í valgreinum.

Áheyrn og æfingakennsla er með eftirfarandi hætti:

2 vikur æfingakennsla á 2. önn
4 vikur æfingakennsla á 3. önn } Áheyrn og stundakennsla.
4 vikur æfingakennsla á 5. önn

Á 4. önn er **samfelld æfingakennsla** allan tímann.

Átthagafræði er kennd í yngri deild (lågstadiet), en félagsfræði, saga, landafræði, líffræði, efnafræði og eðlisfræði í eldri deild (mellanstadiet).

Tafla 6

Skipting kennslustunda á námsgreinar og námsmisseri í sænskum kennaraháskóla.

Yngri deild.

Námsgrein	Námsmissiri					Summa
	I.	II.	III.	IV.	V.	
I. Sérgreinar						
A. Skyldugreinar						
Sænska	50	40	30			120
Enska	35	42				77
Stærðfræði	30					30
Lesgreinar:						
Kristinfræði	30	15				45
Átthagafræði						
Félagsfræði	15					
Saga	15					
Landafræði	15					
Líffræði		35				160
Efnafræði		10				
Eðlisfræði		10				
Umhverfisfræði					30	
Selskóli					30	
Myndíð	80	40				120
Tónlist	60	40	40			140
Íþróttir	60	40	40			140
B. Skylduvalsgreinar						
Valgreinar I						
Sænska			60			60
Enska			(60)			(60)
Stærðfræði			(50)			(50)
Lesgreinar:						
Kristinfræði 10						
Félagsfræði 10						
Saga 10						
Landafræði 10						
Líffræði 10						
Efnafræði 10						
Eðlisfræði 10		(70)				(70)
Valgreinar II						
Myndíð					60	60
Tónlist					(60)	(60)
Íþróttir					(60)	(60)
II. Uppeldisgreinar						
Sálarfræði og uppeldisfræði		(55)	(57)			
Almenn kennslufræði	35	45	67		40	187
Heilsufræði skóla						
III. Sérkennslufræði						
A. Skyldugreinar						
Sænska	10	35	25		30	100
Enska			10		5	15
Stærðfræði	10	15	10		15	50
Lesgreinar, heildakennsla	10	10	10		20	50
Meðferð tækja	5	10				15
Skrift	20					20

Kennsluæfingar (æfingamissiri)

Tafla 6, frh.

Námsgrein	Námsmissiri					Summa
	I.	II.	III.	IV.	V.	
B. Skylduvalsgreinar						
Sænska			20			20
Enska			(20)			(20)
Stærðfræði			(30)			(30)
Lesgreinar			(10)			(10)
	480	387	312		230	1409
IV. Kennsluæfingar						
Æfingaskeið (dagar)		(9 d)	(20 d)			(29 d)
	3 d	11 d	18 d	(5 d)	13 d	50 d
Æfingamissiri, stundir				ca 425 st		ca 425 st
						Meðaltal
Vikulegt álag, stundir	24,5	21,5	17,0		13,0	19,5

Athugasemd: Tölur í valgreinaflokkum eru settar innan sviga til merkis um, að þær stundir einar séu taldar í heildarstundafjölda, er kennaraefni velur.

Eldri deild (Mellanstadiet).

Kjarni:

Í kjarna eru þessar 13 greinar:

Sænska, enska, stærðfræði, trúarbrögð, félagsfræði, saga landafræði, líffræði, efnafræði, eðlisfræði, myndíð, tónlist, íþróttir.

Valgreinar eru á 4. og 6. önn. Er 1 grein í hverjum flokki, en þeir eru 3 alls.

1. valgreinaflokkur: Trúarbrögð, móðurmál, stærðfræði, efnafræði og félagsfræði.
2. valgreinaflokkur: Saga, enska, eðlisfræði, líffræði og jarðfræði.
3. valgreinaflokkur: Tónlist, íþróttir. Í myndíð gildir val 2 í yngri deild.

Valgrein í 3. flokki veitir kennsluréttindi í eldri deild. Hinir flokkarnir báðir veita kennsluréttindi á unglingastigi. Við ákvörðun á valgrein er höfð hliðsjón af undirbúningsnámi kennaraefnis.

Tengingar á valgreinum eru bundnar, t. d. skal nema efnafræði á 4. önn og líffræði á 6.

Heimilar tengingar valgreina:

I.	II.	III.
Trúarbrögð	Saga	Tónlist
Móðurmál	Enska	
Stærðfræði	Eðlisfræði	eða
Efnafræði	Líffræði	
Félagsfræði	Landafræði	Íþróttir

Æfingakennsla.

1 vika á 2. önn.
2 vikur á 3. önn.
3 vikur á 4. önn.
4 vikur á 6. önn.

Heimild: Lärarhögskolan i Uppsala. En informationsskrift för studerande på klasslärarlinjen.

Tafla 7 **Eldri deild.**

Námsgrein	Námsmissiri I.	II.	III.	IV.	V.	VI.	Summa
I. Sérgreinar							
A. Skyldugreinar							
Sænska	110	80	30				220
Enska	60	50	50				160
Stærðfræði	30	20	15				65
Lesgreinar:							
Kristinfræði		30	30		Kennsluæfingar (æfingamissiri)		60
Félagsfræði			20	5			25
Saga			20	5			25
Landafræði			20	5			25
Líffræði		45		5			50
Efnafræði	20			5			25
Eðlisfræði	20			5			25
Myndið	54	24	42				120
Tónlist	25	25					50
Íþróttir	25	25					50
B. Skylduvalsgreinar							
Valgreinar I							
Sænska, stærðfr., kristinfræði, félagsfræði eða efnafræði				140			140
Valgreinar II							
Enska, þýzka, saga, landafræði eða líffræði						140	140
Valgreinar III							
Tónlist eða íþróttir				75		75	150
II. Uppeldisgreinar							
Sálarfræði og uppeldisfræði							
Almenn kennslufræði	35	35	35	42		40	187
Heilsufræði skóla							
III. Kennslufræði							
A. Skylduvalsgreinar							
Sænska	12	8	22			8	50
Enska	4	10	10			6	30
Stærðfræði	12	10	10			8	40
Lesgreinar og „samlad undervisning“	12	15	32	10		8	77
Meðferð tækja	10	5					15
Skrift	16						16
B. Skylduvalsgreinar							
Valgreinar I							
Sænska, stærðfr., kristinfræði, félagsfræði eða efnafræði				20			20
Valgreinar II							
Enska, eðlisfræði, saga, landafræði eða líffræði						20	20
Alls	445	382	336	317		305	1785
IV. Kennsluæfingar							
Æfingadagar	3 d	5 d	10 d	13 d	(5 d)	14 d	50 d
Æfingamissiri					ca 425 st		ca 425 st
Vikulegt álag, stundir	23,0	20,0	18,5	18,0		17,5	Meðaltal 19,5

Heildarstundafjöldi.

Á 6 önnum er áætlaður stundafjöldi í bóklegum greinum nálægt 1600, áheyrn og kennsluæfingar nálægt 700.

Bóklegu stundirnar skiptast nokkurn veginn að jöfnu milli þessara fjögurra efnisflokka.

1. Sænsku og ensku.
2. Lesgreina og stærðfræði.
3. Listgreina.
4. Uppeldisgreina.

Heimild: Lärarhögskolan i Uppsala. En informationsskrift för studeranda på klasslärarlinjen.

ENGLAND

Skólakerfið í Englandi og Wales er reist á skólalöggjöfinni frá 1944, **Education Act.** Fyrir skólaskyldualdur skulu börn sækja leikskóla (nursery schools). Í Skotlandi er löggjöfin áþekk. Er hún frá árinu 1945.

Kennaranámið er 3 ár (frá og með árinu 1960). **The National Union of Teachers** er félagsskapur kennara á öllum skólastigum. Í Englandi og Wales eru um 150 kennaraskólar, og mennta þeir kennara fyrir bæði stigin, **primary** og **secondary.** Í nokkrum kennaraskólum tekur námið 4 ár; þar má þreyta hvort tveggja, kennarapróf og háskólapróf.

Við inntöku í kennaraskólana er hliðsjón höfð af hvoru tveggja, prófum og einkunnum, sem og persónuleika, áhugamálum og hæfni til kennslu.

Kennaraskólum og uppeldisdeildum við háskóla er skipað saman í 19 uppeldisfræðistofnanir. Hlutverk uppeldisfræðistofnana þessara er að samræma námsskilyrði hver í sínu umdæmi. Auk þess skulu þær hafa umsjón með sérmenntuninni og fá kennara að kennaraskólunum og stofnununum. Einnig skulu þær efla kennaramenntunina með því að beita sér fyrir námskeiðum og kennaraþingum sem og vísindalegu rannsóknarstarfi.

Í Skotlandi skulu allir karlar stunda kennaranám í þrjú ár við háskóla og í eitt ár við **College of Education.** Þar eru sérstakir þriggja ára kennaraskólar fyrir konur. Leggja Skotar mikla áherzlu á kennslufræði og æfingakennslu. Einnig halda þeir námskeið til framhalds- og endurmenntunar, t. d. í kennslu afbrigðilegra barna. Sum námskeiðin eru árlöng, önnur styttri til upprifjunar.

Í kennaraskólunum hafa verið haldin árlöng námskeið fyrir þá kennara, er luku tveggja ára kennaraprófi fyrir 1960, er námið var lengt í þrjú ár. Fá kennararnir að jafnaði laun á námstímanum og fargjöld ókeypis og kennslu.

Ekki er gerður munur á menntun kennara við „primary og secondary level".

Allur þorri þeirra, er lýkur námi við háskólana, sækir einkum til menntaskólanna, en nokkrir þeirra leita atvinnu á lægri skólastigum.

Menn með verulega framhaldsmenntun eiga kost á eins árs kennaramenntun við kennaradeild í háskóla, **Technical Teacher Training Colleges, Art Training Centres,** og nokkra kennaraskóla. Menntun þessi er einkum ætluð þeim, er kenna á aldursstiginu 15—18 ára. Sumir þeirra kenna einnig á miðskólastiginu.

Skozku sérgreinakennararnir sækja námskeið í háskólum, listaháskólum, tónlistarháskólum eða verzlunarháskólum.

ÞÝZKA ALÞÝÐULÝÐVELDIÐ

Kennarar í fjórum lægstu bekkjum stofnskólans stunda nám í **Institut für Lehrererbildung,** í 4 ár. Hafa þeir áður lokið 8. bekk stofnskólans. Skulu þeir að jafnaði eigi vera eldri en 16 ára, er þeir hefja nám. Samkvæmt sérstökum ákvæðum frá 1954 eiga verkamenn og bændur á aldrinum 18—35 ára kost á tveggja ára kennaranámi í Leipzig, að afstöðnu inntökuprófi.

Kennarar við miðstig stofnskólans, 5.—8. skólaár, stunda 6 missera nám við „Pädagogisches Institut".

Undirbúningsnám: miðskólanám eða hliðstæð menntun.

Kennarar við þetta stig (5.—8. skólaár) fá sérmenntun í einni grein eða fleirum, þar eð sérkennsla er tíðari á því en bekkjarkennsla. Þá er veitt tveggja ára sérmenntun í íþróttum. Inntökualdur 18 ár hið lægsta. Sérkennarar í handlistum og tónlist á miðskólastigi skulu hafa hlotið eins árs sérmenntun.

„Pedagogisku institútin" eru á háskólastigi.

Kennarar efsta stigs, 9.—12. ár, hljóta menntun sína í „Pädag-Institut" í Potzdam (stofnað í okt. 1948) eða í lista- og vísindadeildum háskóla eða hliðstæðra stofnana. Inntökuskilyrði er lokapróf eftir 12. námsár. Námið tekur að jafnaði fjögur ár.

Með námi í bréfaskólum geta kennarar yngsta stigs eða miðstigs öðlast réttindi á hærra stigi. Bréfaskólinn er þrjú ár. Skal náminu lokið með prófi.

Æskulýðsleiðtogar af ýmsu tagi eiga kost á sérnámi. Inntökuskilyrði eru þau sömu og í kennaranám hlutaðeigandi stofnana.

Fóstruskólar eru þriggja ára skólar að loknu 8. námsári. Fyrirhugað er að lengja námið í fjögur ár.

Sérstök „institút" eru fyrir sérkennara verknáms. Prófkröfur eru einkum miðaðar við fræðilega þekkingu og kunnáttu á tæknisviðinu, í uppeldisfræði, þjóðfélagsfræði og móðurmáli. Þá verða kennaraefni að sanna hæfni sína til að þjálfa væntanlega handverksmenn og beita sér að því að ná þeim markmiðum, sem skólum eru sett. Stefnt er að því, að kennarar við tækniskóla hafi háskólamenntun. Kennaraskortur hefur þó tafið fyrir því.

Mikil áherzla er lögð á framhalds- og endurmenntun kennara á öllum skólastigum. Þar gegnir meginhlutverki sérstök stofnun í Dresden („Zentralinstitut", stofnað 1955), einkum með hliðsjón af þeim þáttum framhalds- og endurmenntunar, er varða hugmyndafræði og samfélagsleg viðhorf, kennslufræði og kennsluaðferðir, uppeldisfræði og sálarfræði. Mikil áherzla er lögð á, að kennarar fylgist með hræringum sósíalismans, nýjungum í grein sinni og fjölfræði- (pólytekníska)-menntuninni.

Öllum kennurum er skylt að stunda framhalds- og endurmenntun. Um þrjár leiðir er að velja:

1) Bréfaskóli frá „miðstofnuninni".
2) Námskeið „miðstofnunarinnar" á leyfisdögum.
3) Sjálfstætt nám.

Háskólanám menntaskólakennara er fjögur ár (en tvö ár fyrir miðskólabekkina).

Kennarar við iðnskóla og hliðstæða sérskóla stunda nám í verzlunarskólum, æðri tækniskólum, list- og handverkshaskólum o. s. frv.

Nám í verzlunarháskóla tekur fjögur ár. Inntökuskilyrði stúdentspróf. Kennarar við æðri tækniskóla skulu hafa fulla háskólamenntun.

ÞÝZKA SAMBANDSLÝÐVELDIÐ

Hér er lauslega greint frá því, hversu kennarar eru búnir undir kennslu í **barnaskólum, gagnfræðaskólum og menntaskólum.**

Inntökuskilyrði er stúdentspróf. Í sumum fylkjum (ekki Bæjaralandi) eru veittar undanþágur frá þessari reglu til inngöngu í kennaraskóla. Er þá tekið sérstakt inntökupróf (hæfnipróf). Fjöldi slíkra nemenda er innan við 10% af kennaraefnum.

Allir kennarar fá menntun sína og þjálfun á háskólastigi, þ. e. í kennaraháskólum, háskólum og tæknihäskólum. Þeir, sem ætla að kenna listgreinar, sækja listaháskóla.

Menntun barnakennara.

Menntun barnakennara hefur verið nokkuð mismunandi eftir fylkjum (Länder). Mörgum fámennum kennaraháskólum hefur verið slegið saman eða, eins og í Bæjaralandi, sameinaðir háskólunum. (Hagræðing, ekki mikil breyting á námstilhögun).

Námstími barnakennara er nú þrjú ár, var víða tvö ár allt til 1965.

Kennarar eru búnir undir að kenna allar greinar bæði á barnastigi, eldra og yngra, frá byrjendabekk til lokadeildar í 9. bekk. Kjarninn í námi þeirra er uppeldisfræði, ásamt heimspeki, sálarfræði og þjóðfélagsfræði. Námsgreinar, sem taldar eru til kjarna, eru allmismunandi eftir fylkjum, t. d. guðfræði í Bæjaralandi og stjórnvísindi í Hessen. Mikil áherzla er lögð á líkamsrækt og listmenntun, sem og að kennaraefni nái góðu valdi á kennslu í greinum barnastigsins, bæði kenningu og framkvæmd.

Í öllum fylkjum verða stúdentar að velja ákveðnar greinar til kennslu og sérhæfingar, s. s. ensku, stærðfræði, sögu, kristinfræði. Kynning á bekkjarkennslu hefur yfirleitt verið tekin samhliða annarri kennaraþjálfun, en nú gerist það í ýmsum fylkjum að þjálfun þessi er geymd til reynslutímans, er kemur að loknum fyrra hluta embættisprófs.

Í sumum fylkjum er reynslutími 2—4 ár, undir umsjón reynds kennara. Kennaraefni er skylt að sækja umræðufundi og ljúka síðari hluta embættisprófs, svokölluðu prófi í uppeldisvísindum; veitir það réttindi til skipunar í fasta kennarastöðu.

Ný skipan er í Hessen frá 1969: Barnakennari sérhæfir sig í **einni grein,** sem hann fær rétt til að kenna upp í 10. bekk, einnig í menntaskóla.

Kennarar á eldra stigi skyldunámsins öðlast réttindi til að kenna í gagnfræðabekkjum og menntaskólum upp í 10. bekk. Þeim er veitt sérhæfing í **tveimur** greinum. Menntaskólakennarar fá rétt til að kenna frá og með 5. bekk til loka 13. bekkjar (11—19 ára nemendur). Talið er, að nýting á kennurum verði umtaksmeiri með þessu lagi, og það á einnig að tryggja, að kennarar fái góða þjálfun með hliðsjón af kennslu á ákveðnum aldursstigum og uppeldissviðum.

Menntun gagnfræðaskólakennara.

Í sumum löndum þýzka sambandslýðveldisins er sams konar menntun fyrir barnakennara á yngra og eldra stigi (Grundschule, 1.—4. skólaár, Hauptschule 6.—15. aldursár, 1.—9. skólaár) og í gagnfræðaskólum (Realschule, Aufbauzüge, 5.—10. skólaár, 11.—16. aldursár). Embættisprófið veitir rétt til að kenna við þessar þrjár tegundir skóla. Það sem hér hefur verið sagt á við Hamborg, Bremen og Hessen. Í Hessen er þó aukaprófs krafizt af kennurum þeim, sem hljóta fastar stöður við gagnfræðaskóla. Í öðrum fylkjum er um tvær leiðir að velja: 6 missera háskólanám hið skemmsta (Universität eða TH), eða kennari á skyldunámsstigi kýs að afla sér réttinda til loka gagnfræðastigs. Getur hann þá að afloknum síðara hluta embættisprófs sótt námskeið og síðan þreytt próf.

Enn eru fylki, er veita kennurum kost á ársnámskeiði við sérstaka skóla fyrir gagnfræðakennara. Algengast er, að gagnfræðaskólakennarar sérhæfi sig í **tveimur greinum** undir fyrra hluta embættisprófs. Gilda fastar reglur um heimilar tengingar á námsgreinum. Að loknum fyrra hluta embættisprófs kemur eins til tveggja ára reynslutími í starfi. Lýkur honum með síðara hluta embættisprófs.

Menntaskólakennarar hafa um rúmlega hundrað ára skeið sótt menntun sína í háskóla og tækniháskóla, tíðast 5—7 ára nám.

Þau vandamál, sem helzt gætir í umræðum um menntun þýzkra kennara á skyldunáms-, gagnfræða- og menntaskólastigi, eru þessi:

1. Margar stofnanir og sundurleitar annast kennaramenntunina.
2. Það er sameiginlegt kennurum á öllum skólastigunum þremur, að þá skortir undirstöðuþjálfun í uppeldisvísindum, sálarfræði og félagsfræði.
3. Misjöfn áherzla er lögð á fræðilega og verklega kennslu í uppeldisgreinum og öðrum undirstöðugreinum kennara. Meðal kennaraefna barnastigs er megináherzla lögð á æfingakennslu en meðal kennaraefna menntaskólastigs er aðaláherzla lögð á bóklega sérhæfingu.
4. Reynslutímann hafa kennarar og kennaraefni gagnrýnt á ýmsa lund.

Af þessu kvikna ýmsar veigamiklar spurningar: Þarfnast nýtízkuskólakerfi ekki kennara, sem búa yfir **djúpri og víðtækri** þekkingu í uppeldisgreinum? Hvaða sess skal ætla félagsvísindum meðal undirstöðugreina kennaranáms? Mundi ekki skylt að miða menntun allra kennaraefna öðru fremur við hagnýtar þarfir kennarans í kennslustofunni? Mun ekki vera þörf nánari samvinnu og tengsla milli hinna tveggja stiga þýzkrar kennaramenntunar, bóklegu fræðslunnar og reynslutímans?

Dæmi um menntun kennara og prófkröfur í þýzku fylkjunum Hessen og Nordrhein-Westfalen.

HESSEN

Námsefni og námsferill kennara við **Grundschulen, Hauptschulen og Realschulen.**

1. **Námstími:** 6 misseri hið skemmsta.
2. **Námsefni:**

2.1 **Uppeldisgreinar:** Uppeldisfræði, uppeldisleg sálarfræði, félagsfræði, samfélagslegt uppeldi (politische Bildung).

2.2 **Aðrar námsgreinar:** Ev. trúarbrögð, kaþ. trúarbrögð, þýzka, enska, franska, rússneska, saga, samfélagsfræði, eftirtalin meginsvið: a) félagsfræði, b) stjórnfræði (politologie"), c) saga. Landafræði, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, handlistir, íþróttir.

2.3 **Kennslufræði.**

3. **Æfingakennsla.**

Æfingakennsla á tveimur skólastigum.
a) 4 vikna fornámskeið (Einführungspraktikum).
b) 6 vikna aðalnámskeið (Hauptpraktikum).

4. **Millipróf.**
5. **Embættispróf, fyrri hluti.** (1. Staatsprüfung).

Prófkröfur:

5.1 **Vísindaleg heimaritgerð.** Kennaraefni má velja ritgerðarefni úr uppeldisgreinum, öðrum greinum eða kennslufræðilegum þætti þeirra. Skilafrestur: 8 vikur.

5.2 **Uppeldisgreinar.** Munnlegt próf í tveim uppeldisgreinum:
a) Uppeldisfræði eða uppeldisleg sálarfræði.
b) Félagsfræði uppeldis eða samfélagslegt uppeldi. Próftími ekki yfir 30 mínútur í grein.
Ef kennaraefni óskar, má setja fjögurra stunda skriflegt próf í staðinn.

5.3 **Próf í sérgrein:** Munnlegt próf í einni þeirra greina, sem getið er í 2.2. — Próftími allt að 45 mínútur. Auk þess er prófað í **kennslufræði tveggja námssviða** (aðalgrein þó undanskilin) eða í **kennslufræði yngri deildar barnastigs** (Didaktik der Grundschule, þ. e. 1.—4. skólaár).

6. **Staða kennaraefnis og nám fram að síðara hluta embættisprófs** (2. Staatsprüfung).

6.1 Laus ráðning í kennarastöðu.

6.2 **Undirbúningstími:** Eigi skemmri en tvö ár.

6.3 **Fræðilegt og verklegt nám.**
a) Aðalnámskeið: Eigi skemmra en 10 dagsverk á ári.
b) Námskeið í kennslufræði eigi færri en 10 þriggja stunda fundir á ári.
Auk þess skal nýliðinn starfa við viðurkennda skóla.

7. **Embættispróf.** Síðari hluti. **Prófkröfur:**

7.1 **Prófritgerð.** Kandidat velur ritgerðarefni frá starfsreynslu sinni. Skilafrestur: 12 vikur.

7.2 **Kennslupróf.** 3 kennslustundir (45 mín. hver). Kennaraefni ræður viðfangsefni í tveimur þeirra.

7.3 **Munnlegt próf.** Rætt er við kandidatinn um meginviðfangsefni kennslu og skólastarfs, almenna uppeldisfræði og sálarfræði náms og skóla.
Einnig skal fjallað um kennslufræði og kennsluaðferðir í einstökum námsgreinum, samfélagslegt uppeldi, skólalöggjöf og rekstur skóla. Próftími: allt að 90 mínútur.

NORDRHEIN-WESTFALEN

I. Menntun kennara við Grund- og Hauptschulen.

1. **Námstími:** 6 misseri hið skemmsta.

2. **Námsefni:**

2.1 **Uppeldisgreinar:** Almenn uppeldisfræði, uppeldisfræði skólastarfs, sálarfræði, heimspeki, félagsfræði, stjórnfræði.

2.2 **Aðrar greinar. Valgreinar.** Trúarbrögð, þýzka, stærðfræði, saga, samfélagslegt uppeldi, landafræði—jarðfræði, líffræði, eðlisfræði, efnafræði, enska, músik, listfræði, handlistir, vefnaður, heimilisfræði, íþróttir, hagfræði og starfsfræði.

2.3 **Nám í greinum, sem miðaðar eru við aldursstig.**
Meginsvið I: Trúarbrögð, þýzka, stærðfræði, átthagafræði.
Meginsvið II: Greinar þær, sem taldar eru í 2.2.

3. **Kennsluæfingar.**
Almenn æfingakennsla í 5 vikur.
Æfingakennsla í valgreinum meginsviðs (sjá 2.3), 4 vikur.

4. **Millipróf.**
Í stað prófs kemur vitnisburður við lok 4. misseris um árangur í tveim uppeldisgreinum (2.1).

5. **Embættispróf. Fyrri hluti. Prófkröfur:**

5.1 **Fræðileg ritgerð** í uppeldisgreinum eða valgrein. Skilafrestur: 8 vikur.

5.2 **Uppeldisgreinar.** Prófað í almennri uppeldisfræði, kennslufræði og sálarfræði og eftir vali í einni af þremur: heimspeki, félagsfræði eða stjórnfræði.

Prófi í tveimur uppeldisgreinum er talið lokið með vitnisburði eftir 4. misseri. Munnlegt próf allt að 30 mínútur í grein. Skriflegt próf: fjórar stundir. Skriflega prófið fellur niður, ef heimaritgerðin er á sviði uppeldisgreina.

5.3 **Aðrar greinar** (sérgreinar): Prófa skal í 1 grein úr flokknum 2.2 og 2 úr flokki 2.3. Reglugerð segir til um heimilar tengingar námsgreina. Munnlegt próf í flokki 2.2, allt að 45 mínútur. Munnlegt próf í flokki 2.3, 45 mín. samanlagt. Ritgerð, 4 stundir, er felld niður, ef heimaritgerð er í sérgrein.

6. **Staða og nám kennaraefnis til loka síðara hluta embættisprófs.**

6.1 Kennari lausráðinn.

6.2 **Undirbúningstími:** Eitt ár.

6.3 Nám í svæðisskóla (Bezirksseminar). Aðalnámskeið fjórar stundir á viku. Námskeið í sérgreinum, tvær stundir á viku. Áheyrn, kennsluæfingar og sjálfstæð kennsla, 15 vikustundir.

7. **Prófkröfur. Síðari hluti embættisprófs.**

7.1 **Heimaritgerð.** Frjálst efni miðað við eigin reynslu í uppeldi og kennslu. Skilafrestur: 5 mánuðir.

7.2 **Kennslupróf** bæði í yngri og eldri deild.

7.3 **Munnlegt próf:** Prófað í viðfangsefnum aðalnámskeiðs, próftími allt að 30 mínútur. Prófað í sérgreinum. Próftími allt að 20 mínútur.

II. Menntun kennara við Realschulen.

1. **Námstími:** 6 misseri hið skemmsta.

2. **Námsefni:**

2.1 **Uppeldisgreinar:** Uppeldisfræði.

2.2 **Sérgreinar.**

a) Trúarbrögð, þýzka, enska, franska, hollenzka, saga, jarðfræði—landafræði, félagsfræði, stærðfræði, hagnýt stærðfræði, líffræði, eðlisfræði, efnafræði, listfræði (Kunst), tónlist, vefnaður, handlistir, heimilisfræði, íþróttir.

b) Heimspeki, þjóðfræði, stjórnfræði, listasaga, tónvísindi, hagfræði, sálarfræði, latína, rússneska, danska, sænska, pólska, ítalska, spænska, portúgalska.

3. **Kennsluæfingar.**

4. **Millipróf.**

5. **Embættispróf. Fyrri hluti. Prófkröfur:**

5.1 **Heimaritgerð.** Kennaraefni velur ritgerðarefni úr einni grein gagnfræðastigs eða úr uppeldisgrein. Skilafrestur: 10 vikur.

5.2 **Uppeldisgreinar.** Próf í uppeldisfræði, munnlegt. Próftími allt að 45 mínútur. Ritgerð, próftími 4 stundir. Má vera lengri, eftir eðli verkefnis.

5.3 **Sérgreinar.** Prófað er í tveimur greinum í flokki 2.2a. Tengingar greina skv. reglugerð. Heimilt er að þreyta einnig próf í 2.2b, ef prófdómarar hafa verið skipaðir.

Munnlegt próf að jafnaði 45 mínútur í grein. Skriflegt próf, fjögurra stunda vinna undir eftirliti í grein, nema saumum og heimilisstörfum. Lengja má úrlausnartíma eftir eðli verkefnis.

6. **Staða kennaraefnis og nám fram að síðara hluta prófs.**

6.1 Lausráðinn kennari.

6.2 **Undirbúningstími:** 18 mánuðir hið skemmsta.

6.3 **Menntun** í svæðisskóla. Viðfangsefni: Almenn kennslufræði, sérkennslufræði, kennsluæfingar.

Hagnýt þjálfun, 12 vikustundir hið skemmsta.

7. **Síðari hluti embættisprófs. Prófkröfur.**
7.1 **Heimaritgerð.** Efnissvið: Uppeldi og kennsla á gagnfræðastigi. Skilafrestur: fjórar vikur.
7.2 **Kennslupróf.** Tvö próf: Kennsla mismunandi greina í mismunandi bekkjum á ólíku aldursstigi. Prófdómari velur viðfangsefni.
7.3 **Munnlegt próf.** Greinar: Uppeldisfræði, kennslufræði, æskulýðsfræðsla, frumatriði löggjafar um skóla, réttindi og skyldur embættismanna og stjórnsýsla, sem og skólakerfið í kenningu og framkvæmd.
Próftími allt að ein stund.

BANDARÍKI N.-AMERÍKU

Ríkáherzla er lögð á kennslufræði og æfingakennslu. Að öðru leyti er kennaranámið almennt nám með hliðsjón af kennslugreinum á skyldustigi. Mjög er hugað að persónueigindum væntanlegra kennara, einkum að þeir hæfi því aldursstigi, sem þeir hyggjast kenna á, og enn að þeir séu gæddir náttúrlegum áhuga á börnum. Á tveim fyrstu námsárunum er einkum sinnt almennu námi, síðari árin er fengizt við kennaranám í þrengri skilningi: uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði.

Bekkjarkennaranámið er að jafnaði fjögur ár við **College** eða **University** (lýkur með B.A. eða B.Sc.-prófi). Því fylgir síðan eitt ár í starfi. Í umræðu er að lengja námið úr 4 árum í 5.

Inntökuskilyrði: 12 ára nám.

Sérkennaranámið er 4 ár til B.A.-prófs, síðan 1—2 til M.A.-prófs. Að þessum prófum loknum kemur til sérhæfing í einni grein. Þessar tvær námsleiðir eru sameiginlegar að mestu leyti. Margir sérkennarar hafa þó aðeins fjögurra ára nám að baki í **college** eða háskóla.

Í Bandaríkjunum er að jafnaði ekki greint skýrt milli bekkjar- og sérkennara.

Kennarar við „junior og senior high school" eru sérhæfðir í einstökum greinum. Kenna þeir aðalgrein sína eða náskyldar greinar. Kennarar í heimilisfræðum, landbúnaðarfræðum, verzlunarfræðum, tónlist, myndíð og handiðnum sinna sjaldan kennslu í öðrum greinum. Auk venjulegrar kennslu í bekk, 20—30 stundir á viku, er kennurum skylt að sinna ýmsum öðrum störfum, svo sem að leiðrétta úrlausnir, semja próf, annast kennslutæki og búa efni undir kennslu og ræða við foreldra.

Af fjögurra ára háskólanámi kennara við „high schools" er um þriðjungi námstímans varið til aðalnámsgreinar eða aðalnámssviðs. Um það bil sjötti hluti námstímans tekur til uppeldisgreina, afgangi tímans er varið til almenns náms eða listnáms í ýmsum tengingum.

Tíu ríki krefjast fimm ára háskólanáms af kennurum við „high school".

Dæmi um námskröfur og stundafjölda í kennaranámi í nokkrum bandarískum háskólum.

University of California, Berkeley.

Kennararéttindi í **barnaskólum allt til loka „high school".**

1. Inntökuskilyrði í kennaranám er B.A.- eða B.S.-próf.
2. Námstími 3 annir (semester) að loknu B.A.- eða B.S.-prófi.
3. Auk bóklegs náms skal kennaraefni ljúka kennsluæfingum í aðalgrein og aukagrein.

Boston University.

Kennaramenntun: B.S.-próf (a. m. k. 120 annastundir). Skilyrði fyrir æfingakennslu er meðaleinkunnin 2.00 og á sérsviði meðaleinkunnin 2.50.

1. **Almennt nám,** alls 38 annastundir.
   - 1.1 Enska og listir 12 annastundir.
   - 1.2 Félagsvísindi 6 annastundir.
   - 1.3 Náttúruvísindi (2 ár í grein) 12—14 annastundir.
   - 1.4 Heilsufræði 3 annastundir.
   - 1.5 Sálarfræði 3 annastundir.
2. **Uppeldisgreinar,** alls 18 annastundir.
   - 2.1 Sálarfræði námsins 3 annastundir.
   - 2.2 Uppeldisfræði 6 annastundir.
   - 2.3 Próf og matsaðferðir 3 annastundir.
   - 2.4 Kennsluæfingar 6 annastundir.
3. **Kjörgreinar og sérsvið,** alls 54—56 annastundir.
   - 3.1 Almennt kennarapróf (kjarni 37 annastundir).
     - 3.1.1 Barnasálarfræði 3 annastundir.
     - 3.1.2 Stærðfræði fyrir barnakennara 6 annastundir.
     - 3.1.3 Kennslufræði, lestur, móðurmál og átthagafræði 6 annastundir.
     - 3.1.4 Uppeldisfræði 6 annastundir.
       Sálarfræði 3 annastundir.
     - 3.1.5 Kjörgrein (saga, félagsfr., mannfr. eða hagfr.) 27 annastundir.
     - 3.1.6 Sérsvið (listir, íþróttir eða heilsufræði) 8 annastundir.
   - 3.2 Kennarapróf fyrir framhaldsskóla.
     - 3.2.1 Uppeldis- og sálarfræði og kennslufræði 21—24 annastundir.
     - 3.2.2 Aðalgrein, aukagrein og valgrein 66—69 annastundir.

State University of New York.

Nemandi þarf að ljúka a. m. k. 120 annastundum (semester credits) þ. e.. a. s. B.A.- eða B.S.-prófi.

A. **Almennt kennarapróf** (barnaskólastigið).
   1. Almenn menntun, 55—73 annastundir.
      - 1.1 Efna- og eðlisfræði 8 annastundir.
      - 1.2 Líffræði 8 annastundir.
      - 1.3 Stærðfræði 9 annastundir.
      - 1.4 Félagsvísindi 15 annastundir.
      - 1.5 Bókmenntir og listir 15 annastundir.
      - 1.6 Enska (undanþ. með sérstöku prófi) 0—6 annastundir.
      - 1.7 Erlend tungumál (2 ár) 0—12 annastundir.
   2. Sérsvið — ein aðalgrein 30 annastundir.
   3. Uppeldisgreinar, alls 38 annastundir.
      - 3.1 Uppeldisfræði eða saga 3 annastundir.
      - 3.2 Sálfræðilegir eða félagslegir fræðiþættir uppeldiskenninga 3 annastundir.
      - 3.3 Barnasálarfræði 3 annastundir.
      - 3.4 Félagsleg sálarfræði 3 annastundir.
      - 3.5 Uppeldisfræði 3 annastundir.
      - 3.6 Uppeldisfræði, rannsóknaræfingar 3 annastundir.

B. **Kennarapróf** (framhaldsskólar).
   1. Almenn menntun 44—58 annastundir.
   2. Sérsvið — aðalgrein 30—39 annastundir.

3. Uppeldisgreinar (12) og æfingakennsla (6) 18 annastundir.
   3.1 Sálarfræði og félagsfræði 3 annastundir.
   3.2 Kennslufræði 3 annastundir.

Kennararéttindi. — Dæmi tekið frá Michigan State.

I. Tímabundin réttindi („Provisional certificate") öðlast þeir, sem:
   1. Hafa lokið B.A.-prófi eða B.S.-prófi með skilgreindri lágmarkseinkunn á sérsviði (2.25 „grade points").
   2. Hafa tekið 30 „credits" í uppeldisgreinum.
   3. Hafa 1 sérgrein og 2 aukagreinar eða heildarsvið.

II. Varanleg réttindi („Permanent certificate") öðlast þeir, sem:
   1. Hafa tímabundin réttindi og eiga að baki hið skemmsta þriggja ára kennslu með góðum árangri.
   2. Hafa bætt við sig a. m. k. 15 „credits" frá viðurkenndum háskóla.
   3. Hafa kennt við það skólastig, sem menntun kennaraefnis var miðuð við.
   4. Beiðni um „varanleg réttindi" verður að koma frá þeim skóla, sem lagði til að kennarinn fengi bráðabirgðaréttindi.

VIÐAUKI III.

Áætlaður rekstrarkostnaður Kennaraháskóla Íslands.

Við samningu kostnaðaráætlunar fyrir Kennaraháskóla Íslands er miðað við að skólinn sé „fram genginn" í þriggja ára kennaranámi á árabilinu 1975—1980. Meðalfjöldi í árgangi er áætlaður 100 nemendur, meðalfjöldi kenndra stunda í bekkjardeild á viku hverri 24, en bekkjardeildir í árgangi 7 talsins.

Að sjálfsögðu verður ekkert vitað með **fullri vissu** um kennaraþörf á skyldunámsstigi í framtíðinni né heldur aðsókn að kennaranámi, en fullvíst má telja, að framan skráður nemendafjöldi fullnægi kennaraþörfinni á skyldunámsstiginu næsta áratug.

Um næstu aldamót er þörfin á brautskráðum kennurum handa skyldunámsstigi áætluð 300 ár hvert, miðað við óbreytt skólakerfi, og fjöldi kennaranema í þriggja ára námi 1100, ef fullnægja skal þörfinni, sbr. bréf Torfa Ásgeirssonar til skólastjóra Kennaraskólans 14. nóv. 1969. — Slíkar áætlanir eru að sjálfsögðu gerðar með fyrirvara.

Í eftirfarandi kostnaðaráætlun er ekki gert ráð fyrir öðru námi en kennaranámi. Ef slíkt nám fer fram í tengslum við Kennaraháskólann eða æfingaskóla hans, svo sem bráðabirgðaákvæði frumvarpsins gera kost á, mun það verða viðlíka dýrt og sambærilegt nám við aðra skóla.

Aðferðin við að áætla kennaraþörfina og nýtingu á kennurum veitir að sjálfsögðu ekki neina vitneskju um skipulag kennslunnar, heldur er myndin gerð miklu einfaldari en hún getur orðið í framkvæmd.

Svo sem ljóst verður af samanburði á kostnaði við Kennaraskóla Íslands árið 1971 og Kennaraháskólann 1975—1980 lækkar kostnaðurinn af kennaramenntuninni stórlega. Þetta stafar af því, að áætlaður nemendafjöldi í Kennaraháskólanum er miðaður við eðlilegar þarfir, en kostnaður af hverju kennaraefni mun hækka eitthvað, þó ekki væri af öðru en lengingu námstíma.

I. **Helztu forsendur áætlunarinnar:**

A. **Nemendafjöldi.**

Á 1. ári 100 nem. — 7 bekkjardeildir
Á 2. ári 100 nem. — 7 bekkjardeildir
Á 3. ári 100 nem. — 7 bekkjardeildir

Alls 300 nem. — 21 bekkjardeild

B. **Fjöldi vikulegra kennslustunda í bekkjardeild 24.**

21 bekkjardeild × 24 vikustundir = 504 vikustundir.
Kennslustundir alls 504 pr. viku.

C. **Skipting kennslustunda á kennara:**

Prófessorar 7×18 vikustundir	126[1])
Dósentar 9×21 vikustund	189[1])
Lektorar 16×12 vikustundir	192
	507

II.

A. **Laun kennara.**

Í 26. launafl. 7×34 538.00 = 241 766.00 pr. mán.
Í 24. launafl. 9×30 050.00 = 270 450.00 pr. mán.
Í 23. launafl. 16×28 695.00 = 459 120.00 pr. mán.

Kr. 971 336.00

Kennaralaun pr. kr. 971 336.00×12 = **kr. 11 656 032.00.** Miðað er við, að prófessorar hafi náð hámarkslaunum, en dósentar og lektorar hafi 5 ára starfsreynslu.

B. **Önnur laun.**

1. Húsvarzla, skrifstofulaun o. fl. **kr. 820 000.00.**
2. **Prófkostnaður.**
Laun prófdómara o. fl. áætlast kr. 1 000.00 pr. nem. Kr. 1 000.00×300 = **kr. 300 000.00.**

III. **Annar kostnaður.**

A. Pappír, ritföng o. fl. (Í K. Í. fyrir 1971 er áætlað ca. kr. 390.00 pr. nem.)	kr.	120 000.00
B. Viðhald (K. Í. fyrir 1971 kr. 683 þús., áætlað 50% aukning vegna stækkunar húsnæðis o. fl. — 1 024 þús.)	—	1 024 000.00
C. Tryggingar, launaskattur, lífeyrissj. o. fl. vegna starfsmanna	—	1 106 000.00
D. Fasteignagjöld og tryggingar efnislegra fjármuna	—	170 000.00
E. Sími og frímerki	—	100 000.00
F. Heilsugæzla	—	35 000.00

1) Hér er gert ráð fyrir því, að kennsluskylda prófessora sé 6 stundir á viku, en dósenta 9. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þeir kenni heilum árgöngum, þ. e. 7 bekkjardeildum, í senn 2 stundir á viku, og hækkar þá fjöldi vikustunda þeirra, umreiknað á einfalda bekki, um 12.

IV. Samanburður á rekstrarkostn. Kennaraháskóla Íslands og Kennaraskóla Íslands.

	Rekstrarkostnaður Kennaraháskóla Íslands. Áætlað meðalt. 1975—80, miðað við launaflokka í sept. 1970.	Kennaraskóli Íslands skv. fjárlagatillögum 1971. Launagreiðslur með 5% álagi
Launagreiðslur	kr. 12 776 000	kr. 28 331.000
Annar kostnaður	— 1 531 000	— 5 564 000
Viðhald	— 1 024 000	— 683 000
	Kr. 15 331 000	Kr. 34 578 000

Ljós, hiti og hreinlætisvörur eru ekki í ofangreindri kostnaðaráætlun.

Kostnaður á nemanda af þessum gjaldaliðum er áætlaður um 2 750.00 kr. í tillögum Kennaraskólans til fjárlaga fyrir árið 1971. Einsætt er, að kostnaður sá er óeðlilega lágur sökum ofsetningar á húsnæði skólans, en hann er í sjálfu sér tiltölulega óháður því, á hvaða stigi skóli er.

Gert er ráð fyrir, að Kennaraháskóli Íslands starfi algjörlega í eigin húsnæði, og því er ekki ætlað fyrir húsaleigu.

Bækur og áhöld svo og námsferðir, styrkir o. fl. er ekki talið í þessari áætlun um rekstrarkostnað Kennaraháskóla Íslands.

HELZTU HEIMILDIR

DANMÖRK

1. Betænkning vedrørende Læreruddannelsen. Betænkning nr. 390 — 1965.
2. Lov om uddannelse af lærere til folkeskolen. Lov nr. 235 af 8. juni 1966.
3. Læreruddannelsen eftir loven af 1966. Betænkning nr. 527 — 1969.
4. Seminarie håndbogen 7. udgave.
5. Det ideelle seminarium? Læreruddannelsen efter 1969. Oplæg udarbejdet af Lærerstuderendes landsråd 1967.

FINNLAND

6. Lärarutbildningskommissionens betänkande. Kommittebetänkande 1967: B 101. Helsingfors 1968.

NOREGUR

7. Lov og reglement for lærarskolen. Kyrkje- og undervisningsdepartementet 1965.
8. Undervisningsplan for den 2-årige og 4-årige lærarskolen. (Ajourført og revidert utgåve av gjeldande plan). Utgjeven av Kyrkje- og undervisningsdepartementet.
9. Innstilling om Lov om lærarutdanning. Frå Lærarutdanningsrådet, 19. desember 1968. Bergen 1969.
   Mjög var stuðzt við yfirlitskafla norsku laganefndarinnar um skipan kennaramenntunar með ýmsum þjóðum.

SVÍÞJÓÐ

10. Lärarutbildningen, 1960 års lärarutbildningssakkunniga; IV:1. Statens offentliga utredningar 1965:29, Ecklesiastikdepartementet.
11. Specialundersökningar om lärarutbildning, 1960 års lärarutbildningssakkunniga; V. Statens offentliga utredningar 1965:31, Ecklesiastikdepartementet.
12. Kungl. Maj:ts proposition nr 4 år 1967 angående reformerad lärarutbildning.
13. Aktuellt från skolöverstyrelsen, 2., 1968/69. Kungl. Maj:ts stadga för lärarhögskolorna SFS 1968:318.
14. Lärarhögskolan i Uppsala. En informationsskrift för studerande på klasslärarlinjen.

ÞÝZKALAND OG ÝMIS ÖNNUR LÖND

15. Arbeitsmaterial zusammengestellt vom Sekretariat der Kultusministerkonferenz 1969. Zur Harmonisierung der Lehrerbildung und Lehrerbesoldung.
16. Council of Europe. Teacher training in the Federal Republic of Germany. The present situation and reform tendencies. Reproduction of an article which appeared in number 6/1969 of the review „Education in Germany".
17. Étude sur les enseignants. Germany, Belgique, United Kingdom.
    Study on teachers. Organisation for economic co-operation and development 1969.
18. Teacher Training by Joseph Majault. Council for cultural co-operation of the Council of Europe. — Strasbourg 1965.
19. School Systems. Council for cultural co-operation of the council of Europe. — Strasbourg 1965.

EFNISYFIRLIT

(Bls.-tal miðað við sérprentun.)

Bls.

Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands 1

Hlutverk, 1. gr. 1
Stjórn skólans, 2. gr. 1
Nemendaráð, 3. gr. 2
Inntaka nemenda í skólann, 4. gr. 2
Nám og námstími, 5.—8. gr. 3
Námseftirlit og almenn próf, 9. gr. 4
Þjálfun í starfi. Embættispróf, 10. gr. 4
Starfslið: A. Kennarar, 11. og 12. gr. 4
— B. Annað starfslið, 13. gr. 5
Rannsóknarstofnun uppeldismála, 14. og 15. gr. 6
Æfinga- og tilraunaskóli, 16.—22. gr. 7
Orlof, 23. gr. 8
Ákvæði til bráðabirgða, 24. gr. 8
Gildistaka laganna, 25. gr. 9

Athugasemdir við frumvarpið 9

A. Nefndarskipun, vinnubrögð nefndar og helztu nýmæli frumvarpsins 9
Gerbreytt kennaramenntun 10
B. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins 11

Viðauki I.

Þættir úr greinargerð laganefndar frá öndverðu ári 1970 með tillögum til breytinga á inntökuskilyrðum og námstíma kennaraefna 18

Viðauki II.

Almenn menntun kennara í ýmsum löndum 25
Danmörk 27
Finnland 32
Noregur 35
Svíþjóð 38
England 44
Þýzka alþýðulýðveldið 45
Þýzka sambandslýðveldið, almennt yfirlit 46
Dæmi frá Hessen og Nordrhein-Westfalen 47
Bandaríki Norður-Ameríku 50

Viðauki III.

Áætlaður rekstrarkostnaður Kennaraháskóla Íslands 52
Helztu heimildir 55

Skýringarmyndir og töflur:

Mynd 1: Kennaramenntún 1960—70 12
— 2: Kennaraháskóli Íslands 14
— 3: Tímaskil á breyttu kennaranámi 20
— 4: Nemendafjöldi í K. Í. árin 1908—1969 22
— 5: Samanburður á kennaranámi í nokkrum löndum 26
— 6: Nýting kennslutíma í dönskum kennaraskólum 31

Tafla 1—3: Nemendafjöldi í Kennaraskóla Íslands 1908—1970 23
— 4: Námsgreinar og kennslustundafjöldi í dönskum kennaraskólum 30
— 5: Skipting námsefnis á misseri í dönskum kennaraskólum 30
— 6 - 7: Skipting kennslustunda á námsefni og misseri í sænskum kennaraháskóla: Yngri deild 41
Eldri deild 43

Nd. **309. Frumvarp til laga** [187 mál]

um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Hótel- og veitingaskóli Íslands skal starfræktur í Reykjavík. Meginverkefni hans er að mennta og þjálfa fólk til starfa í íslenzkum veitinga- og gistihúsum og í skyldum greinum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fimm manna skólanefnd. Skulu fjórir nefndarmenn skipaðir eftir tilnefningu eftirtalinna samtaka:

Einn eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda.
Einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna.
Einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna.
Einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands.

Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

3. gr.

Hlutverk skólans skal vera:

1. Að veita bóklega og verklega fræðslu þeim, sem nema vilja matreiðslu til sveinsprófs, sbr. l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.
2. Að veita bóklega og verklega fræðslu þeim, sem nema vilja framreiðslu til sveinsprófs, sbr. l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.
3. Að veita fræðslu þeim, sem ætla að gerast matsveinar á fiski- og flutningaskipum, sbr. l. nr. 50/1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.
4. Að veita fræðslu þeim, sem ætla að gerast brytar á farþega- og flutningaskipum, sbr. l. nr. 50/1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.
5. Að starfrækja framhaldsdeild fyrir þá, sem ætla sér að gerast umsjónarmenn í veitingasölum og yfirmatreiðslumenn.
6. Að veita fræðslu öðru starfsfólki í hótelum og veitingahúsum, en um getur í 1. og 2. tölulið, svo og þeim, sem hyggjast starfa við hliðstæð störf á farþegaskipum og flugvélum. Enn fremur er skólanum heimilt að starfrækja deild eða efna til námskeiða fyrir matráðskonur.
7. Þá er og skólanum heimilt, með samþykki ráðuneytis, að veita fræðslu nemendum skyldra iðn- og starfsgreina, svo sem í brauð- og kökugerð og kjötiðnaði.
8. Skólinn getur, með samþykki ráðuneytis, haldið námskeið utan Reykjavíkur, ef henta þykir.

4. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

A. Fyrir nemendur samkvæmt 1. og 2. tl. 3. gr. eru inntökuskilyrði hin sömu og gilda á hverjum tíma samkvæmt lögum og reglugerð um iðnfræðslu.
B. Fyrir aðra nemendur skólans skulu inntökuskilyrði ákveðin í reglugerð, nema annað sé ákveðið í lögum.

5. gr.

Verklegt nám fer fram í eldhúsi og vinnusölum skólans. Ráðherra getur ákveðið, að skólinn starfræki veitingahús og/eða hótel af hæfilegri stærð.

6. gr.

Ráðherra setur og skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar og fasta kennara að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Um menntun skólastjóra og kennara fer eftir reglugerð, sem ráðuneytið setur, sbr. 9. gr.

Ráðherra setur skólastjóra og kennurum erindisbréf, þar sem kveða skal á um starfssvið þeirra, réttindi og skyldur.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans taka laun samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna eða dómi kjaradóms.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir stofn- og rekstrarkostnað skólans.

8. gr.

Ráðuneytið ákveður þátttöku nemenda í efniskostnaði að fengnum tillögum skólanefndar.

Gjöld þessi, svo og hreinar tekjur samkv. 5. gr., skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði skólans.

9. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og iðnfræðsluráðs, þar sem nánar verður kveðið á um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni o. fl.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 82/1947, um matsveina- og veitingaþjónaskóla, og lög nr. 83/1952, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, sem þegar hafa byrjað nám í skólanum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, heyrir Matsveina- og veitingaþjónaskólinn, síðan 1. janúar 1970, undir menntamálaráðuneytið. Hinn 4. maí 1970 skipaði ráðuneytið eftirgreinda menn í nefnd til þess að endurskoða löggjöfina um skólann: Tryggva Þorfinnsson, skólastjóra Matsveina- og veitingaþjónaskólans, Tryggva Jónsson, skipaðan samkvæmt tilnefningu Félags matreiðslumanna, Jón Maríasson, skipaðan samkvæmt tilnefningu Félags framreiðslumanna, Sigurjón Ragnarsson, skipaðan samkvæmt tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, Óskar Hallgrímsson, formann Iðnfræðsluráðs, og Runólf Þórarinsson, fulltrúa í menntamálaráðuneytinu, sem er formaður nefndarinnar.

Nefndin skilaði 2. desember 1970 frv. til laga um Hótel- og veitingaskóla Íslands og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Lög þau um Matsveina- og veitingaþjónaskóla, sem nú gilda, eru að mestu frá árinu 1947. Smávægilegar breytingar voru gerðar árið 1952.

Frá því að lögin voru sett, hefur hótelrekstur orðið stóraukin atvinnugrein hér á landi vegna mjög vaxandi þjónustu við erlenda ferðamenn. Í ljós hefur komið, að mikill skortur er á sérmenntuðu fólki í hinum ýmsu greinum hótel- og veitingastarfsemi, enda hefur Matsveina- og veitingaþjónaskólinn búið við þau skilyrði, að hann hefur ekki haft tök á því að veita menntun í öðrum greinum en matreiðslu og framreiðslu.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að mikið átak þarf að gera til að sérmennta annað starfsfólk í veitinga- og gistihúsum, m. a. til að stuðla að því, að móttaka

erlendra ferðamanna og ýmiss konar þjónusta við þá geti orðið sambærileg við það, sem er hjá öðrum þjóðum, sem leggja áherzlu á, að þjónusta við ferðamenn sé eins og bezt verður á kosið.

Á undanförnum árum hefur fjöldi ferðamanna aukizt mjög, og má gera ráð fyrir að svo verði áfram. En til þess að þjóðin geti vænzt að hafa verulegar tekjur af ferðamönnum, verður að bæta mjög alla menntunaraðstöðu þess fólks, sem sérhæfir sig í þessari starfsgrein.

Með hliðsjón af framansögðu hefur nefnd sú, sem samdi frumvarpið, þess vegna lagt til, að Matsveina- og veitingaþjónaskólinn verði starfræktur framvegis á miklu breiðari grundvelli en hingað til, þ. e. að skólinn verði gerður að alhliða hótelskóla. Í samræmi við það leggur nefndin til, að nafni skólans verði breytt og hann kallaður Hótel- og veitingaskóli Íslands.

Hér fara á eftir skýringar við þær greinar frumvarpsins, sem fela í sér helztu breytingarnar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að skólinn fái þá aðstöðu, að hann geti veitt fræðslu öllu því starfsfólki, sem innir af hendi ýmiss konar þjónustustörf í hótel- og veitingastarfsemi, þ. á m. á farþegaskipum og flugvélum, enn fremur matráðskonum.

Það nýmæli er fyrirhugað, að starfrækt verði framhaldsdeild (meistaraskóli) fyrir framreiðslu- og matreiðslumenn, svo sem lög um iðnfræðslu kveða á um.

Þá er og mælt með því, að skólanum verði veitt heimild — með samþykki ráðuneytis — að veita fræðslu í skyldum greinum matvælaiðnaðar, svo sem í brauð- og kökugerð og kjötiðnaði. Nefndin telur hagkvæmt, að fræðsla í þessum greinum fari fram í einum og sama skóla, þar sem unnt er að nota að miklu leyti sömu tæki og skólinn þarf til annarrar starfsemi sinnar.

Í þessari grein er einnig gert ráð fyrir, að skólanum verði heimilt — með samþykki ráðuneytis — að halda námskeið utan Reykjavíkur, t. d. í framreiðslu og matreiðslu. Í þessu sambandi skal bent á, að mikill skortur er á vel hæfu fólki til þessara starfa víða úti á landi.

Um 5. gr.

Í þessari grein er ráðherra veitt heimild til að ákveða, að skólinn starfræki veitingahús og/eða hótel, af hæfilegri stærð. Nefndin telur, að stórauka þurfi alla verklega kennslu í skólanum, en slík kennsla er mjög kostnaðarsöm, nema hægt sé að selja það, sem framleitt er. Til þessa hafa möguleikar skólans verið mjög takmarkaðir í þeim efnum.

Eins og áður segir, er gert ráð fyrir því, að skólinn verði alhliða hótelskóli, en til þess að því markmiði verði náð, er það skoðun nefndarinnar, að nauðsyn beri til, að hann reki veitingahús og/eða hótel og geti þannig veitt verklega kennslu í öllum greinum hóteliðnaðar, svo sem hótelstjórn, gestamóttöku og skyldum störfum. Enn fremur starfrækt ýmiss konar námskeið fyrir annað starfsfólk, t. d. herbergisþernur, afgreiðslustúlkur við býtiborð (buffet), aðstoðarstúlkur í veitingasölum, smurbrauðsstúlkur og matráðskonur.

Nefndin telur ekki ástæðu til að skýra fleiri greinar frumvarpsins, enda þótt um lítils háttar breytingar sé að ræða frá núgildandi lögum“.

Nd. 310. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum um loðdýrarækt, nr. 68 28. maí 1969.

Flm.: Magnús Kjartansson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hvert loðdýrabú skal hafa mark og einkenna með því öll dýr, sem geymd eru í búinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um loðdýrarækt eru mjög ákveðin fyrirmæli um tryggilega gerð loðdýrabúa, einkanlega þeirra, sem geyma eiga minka, og töldu hvatamenn loðdýraræktar óhugsandi, að minkar gætu sloppið úr þeim vistarverum. Því miður hefur reynslan nú þegar sannað, að gæzla minkanna er ekki eins örugg og vonir stóðu til. Alimink hefur þegar sloppið og olli miklu tjóni að Dalsmynni á Kjalarnesi, áður en hann var felldur. Lögum samkvæmt er eigandi minksins ábyrgur fyrir því tjóni, sem dýrið hefur valdið, og virðist auk þess brotlegur við 10. og 11. gr. laga um loðdýrarækt. Lögregluransókn er þegar hafin, en torvelt virðist að finna þann, sem ábyrgðina ber, þar sem minkurinn er ekki merktur. Fyrir því er hér lagt til, að minkar verði merktir eigendum sínum á hliðstæðan hátt og búfé samkvæmt landsleigubálki Jónsbókar frá 1281. Sú ráðstöfun mundi auðvelda eftirgrennslan, ef slíkir atburðir endurtaka sig, auk þess sem hún yrði loðdýraeigendum aðhald til sem nákvæmastrar gæzlu.

Sþ. 311. Þingsályktun [49. mál]

um stuðning við æðarrækt.

(Afgreidd frá Sþ. 25. jan.)

Samhljóða þskj. 49.

Ed. 312. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Við 55. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef sérstakar ástæður mæla með því, getur ráðherra, að fengnum tillögum landlæknis og lyfjaskrárnefndar, takmarkað skráningu sérlyfs við notkun á tilteknum spítaladeildum eða undir umsjá slíkra deilda. Lyf, sem svo eru skráð, má einungis auglýsa eða kynna fyrir þeim, sem leyfin mega nota samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nokkrir framleiðendur sérlyfja svo og sérfræðingar í ýmsum greinum læknisfræði hafa á undanförnum árum ítrekað óskað eftir, að tiltekin lyf yrðu því aðeins skráð á sérlyfjaskrá, að notkun þeirra væri bundin við sérstakar spítala deildir eða lækningastöðvar, þar sem tryggt væri, að einungis sérfræðingar fjölluðu um notkun þeirra.

Þess háttar takmörkun á skráningu sérlyfja hefur tíðkazt alllengi á Norðurlöndum, t. d. í Danmörku.

Fylgiskjal I.

LYFJASKRÁRNEFND

Reykjavík, 18.12. 1970.

Með tilvísun til bréfs nefndarinnar, dagsett 20.11. 1970, og bréfs ráðuneytisins, dagsett 24.11. 1970, leyfir lyfjaskrárnefnd sér að setja fram hjálagða tillögu um breytingu á 55. gr. lyfsölulaga ásamt greinargerð.

F. h. lyfjaskrárnefndar,

Þorkell Jóhannesson.

Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins,
Laugavegi 172,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 4. janúar 1971.

Ráðuneytið hefur sent mér til umsagnar ljósrit af bréfi lyfjaskrárnefndar, dags. 18. des. f. á., þar sem nefndin gerir tillögu um breytingu á 55. gr. lyfsölulaga, sbr. fylgiskjal með bréfinu.

Ég leyfi mér að mæla með breytingartillögu lyfjaskrárnefndar.

Benedikt Tómasson.
settur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,
R.

Sþ. 313. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um rannsókn á aðstöðu æskufólks til framhaldsnáms.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að stjórnir sveitarfélaga í landinu rannsaki, hver í sínu umdæmi, hvort og þá hversu margir unglingar, sem luku skyldunámi vorið 1970, eru án skólanáms á yfirstandandi skólaári og af hvaða ástæðum það er. Skýrsla um niðurstöður þessarar rannsóknar skal lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það er hverjum manni brýn nauðsyn að stunda nokkurt framhaldsnám, eftir að skyldunámi er lokið. Hver sá maður, sem hefur ekki aflað sér meiri menntunar en þeirrar, er skyldunámið veitir, er að ýmsu leyti verr settur en aðrir menn í nútíma þjóðfélagi, hvaða störf sem hann tekur sér síðar fyrir hendur. Það er alkunnugt, að skólum landsins eru takmörk sett, hversu mörgum nemendum þeir geta tekið við árlega. Mun það ekki vera neitt einsdæmi, að skóli sé fullskipaður einu eða tveimur árum fyrir fram. Þegar skóla berast fleiri umsóknir um skólavist en hann rúmar, er ekki annarra kosta völ en að synja þeim umsóknum. Hér er um rannsóknarefni að ræða, því að sé ástandið í þessum efnum með þeim hætti, að æskufólk sé útilokað frá framhaldsnámi, sem óskar þó að stunda nám, er það með öllu óviðunandi.

Flm. þessarar tillögu tóku sér fyrir hendur á síðastliðnu hausti að kanna, hversu margir nýir nemendur hefðu komið í héraðsskólana síðastliðið haust og hversu mörgum hefði orðið að synja um skólavist. Fyrra atriðinu var að sjálfsögðu auðsvarað, en hinu síðara var skólastjórum ekki auðvelt að svara á fullnægjandi hátt. Flestir þeirra höfðu ekki skrásett munnlegar umsóknir og fyrirspurnir um skólavist, eftir að skólinn var fullskipaður. Allir gerðu þeir þó áætlun um, hversu mörgum umsóknum þeir hefðu orðið að synja. Niðurstöður úr þessari könnun í fyrrnefndum átta skólum eru eftirfarandi:

Nemendur samtals í byrjun skólaárs 1970	995
Þar af nýir nemendur	541
Áætlaður fjöldi umsókna, er varð að synja	370—400

Sé þessi áætlun um synjanir nærri sanni, kemur í ljós, að yfir 40% þeirra unglinga, er sóttu um skólavist, komust ekki í þá skóla, er þeir sóttu um. Hvað varð um þessa umsækjendur? Komust þeir í aðra skóla, eða eru þeir án framhaldsnáms á yfirstandandi skólaári?

Efnahagur foreldra og annarra aðstandenda unglinga kemur mjög við sögu, þegar um framhaldsmenntun æskufólks er að ræða. Fjárskortur getur oft og hefur oft orðið þess valdandi, að unglingar hafa farið á mis við framhaldsnám. Er þar kominn annar alvarlegur þröskuldur á vegi unglinga til framhaldsmenntunar. Svo er um þetta atriði sem hið fyrra, að fullkomin óvissa ríkir um það, hversu víðtæk áhrif fjárskorturinn hefur í þessum efnum.

Væntanlega munu forráðamenn þjóðfélagsins vilja, að æskufólk hafi sem jafnasta aðstöðu til menntunar. Það er því full ástæða til að rannsaka, hvort menntunaraðstaðan er viðunandi, því að óneitanlega bendir margt til þess, að svo sé ekki.

Nd. 314. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum og styrkveitingum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir og dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fela skal Tryggingastofnun ríkisins stjórn sjóðsins og daglegan rekstur hans. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis D.A.S. eiga tillögurétt um lán- og styrkveitingar.

3. gr.

Framan við 5. gr. laganna bætist:

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum, allt að 50% af árlegum tekjum hans, til byggingar á hentugum íbúðum og dvalarheimilum fyrir aldrað fólk.

4. gr.

Síðari málsgr. 7. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 23/1968) orðist svo:

Lán og styrkir, sem veitt eru úr sjóðnum til byggingar dvalarheimila, mega nema allt að 40% af kostnaðarverði þeirra, og skulu þau tryggð með veði í heimilunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 75% af kostnaðarverði íbúðanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um byggingarsjóð aldraðs fólks er hlutverk sjóðsins að stuðla með lánveitingum að því, að byggðar verði íbúðir og dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Aðaltekjur þessa sjóðs eru hluti af ágóða happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna, samkvæmt ákvæðum þar um í lögum um happdrættið. Í þeim lögum er svo kveðið á, að 60% af ágóða happdrættisins renni til byggingarframkvæmda fyrir aldrað fólk, en 40% af tekjum þess renni til byggingarsjóðs aldraðs fólks.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að sú breyting verði gerð á lögum um byggingarsjóð aldraðs fólks, að heimilt verði að veita styrki úr sjóðnum, er nemi allt að 50% af árlegum tekjum hans, til byggingar á hentugum íbúðum og dvalarheimilum fyrir aldrað fólk.

Flutningsmenn þessa frv. telja eðlilegt og sanngjarnt, að þeir aðilar víðs vegar um landið, sem standa að byggingum dvalarheimila fyrir aldrað fólk, njóti að nokkru styrks úr opinberum sjóði til þessara framkvæmda.

Nd. 315. Frumvarp til laga [192. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Magnús Kjartansson, Hannibal Valdimarsson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Nr. 87.02.20 í 1. gr. laganna orðist svo:

	Tollskrár-tollur	Efta-tollur
Almenningsbifreiðar (svo sem langferðabifreiðar og strætisvagnar), 8 farþega leigubifreiðar og sendiferðabifreiðar, sem ætlaðar eru til leiguaksturs	30%	

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurgreiða skal toll af leigubifreiðum, sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. jan. s. l., þannig, að kaupandi verði jafnt settur og ef lög þessi hefðu þá verið í gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeirri breytingu á tollskrá, að greiddur verði 30% tollur af allt að 8 farþega bifreiðum, er notaðar eru til fólksflutninga í atvinnuskyni (leigubifreiðar), svo og af sendibifreiðum, sem ætlaðar eru til leiguaksturs. Það verður að telja sanngjarnt, að þeir, sem slíkan atvinnurekstur stunda, sitji við sama borð og þeir, er vöruflutninga stunda eða fólksflutninga samkv. sérleyfi.

Sþ. 316. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um bann við því, að hljóðfráar þotur fljúgi yfir Ísland.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja bann við því, að hljóðfráar þotur fljúgi yfir Ísland og landgrunnssvæðið umhverfis landið með svo miklum hraða, að sprengihljóð myndist.

Greinargerð.

Flugvélaverksmiðjur vinna nú kappsamlega að því, að tekið verði að nota hljóðfráar þotur í farþegaflugi, en jafnframt hafa menn vaxandi áhyggjur af áhrifum þeirra á umhverfi sitt. Þar kemur til gnýr í námunda við flugvelli, mun meiri en hann gerist nú verstur, mikil gasmyndun í háloftunum, sem ýmsir óttast að kunni að leiða til loftslagsbreytinga, en þó umfram allt sprengihljóðið, sem berst frá þotunum til jarðar.

Sprengihljóðið stafar af því að breytingar á loftþrýstingi frá hljóðfrárri þotu mynda keilulaga þrýstibylgju, sem berst skáhallt niður á við aftur frá vélinni. Þrýstibylgjan berst til jarðar á geysistóru svæði með meiri hraða en hljóðið og spannar yfir eina 100 kílómetra á breiddina. Hver staður á þessu svæði verður fyrir sprengihljóði, sem er venjulega tvær hvellar sprengingar með millibili, sem nemur þriðjungi úr sekúndu. Venjulega er sprengihljóðið öflugast undir braut flugvélarinnar, en minnkar niður í helming á jöðrunum. Á skeifulaga svæði fremst í þrýstibylgjunni magnast sprengihljóðið svo mjög, að það veldur skelfingu manna og dýra, og læknar telja, að það geti verið háskalegt, til að mynda fólki með hjartagalla.

Auk þess sem sprengihljóð þetta er lítt bærilegt og vafalaust hættulegt mönnum og dýrum, getur það valdið verulegu tjóni á mannvirkjum, gleri og öðrum brothættum efnum. Tilraunir, sem gerðar voru í Oklahoma City 1964, — en þá voru hljóðfráar herþotur látnar fljúga yfir borgina 1253 sinnum á sex mánuðum, — leiddu til þess, að dómstólar úrskurðuðu skaðabætur, sem námu 200 000 dollurum, vegna tjóns á eignum manna. Samt var sprengihljóðið frá herþotum þessum mun minna en þau áhrif, sem verða af hljóðfráu farþegaþotunum.

Öll eru þessi mál nú til sérstakrar athugunar hjá Alþjóðaflugmálasambandinu, ICAO, og mun vera stefnt að alþjóðlegri ráðstefnu til að fjalla um þessi vandamál. Mörg lönd hafa hins vegar ekki talið sér fært að bíða eftir slíkri ráðstefnu og þegar lýst yfir verulegum takmörkunum á því að leyfa hljóðfráum þotum afnot af lofthelginni. Írland, Kanada, Holland, Noregur, Sviss, Svíþjóð og Vestur-Þýzkaland hafa þegar sett þau skilyrði fyrir flugleyfi, að sprengihljóðin megi ekki vera hættuleg

heilsu manna eða valda tjóni á mannvirkjum. Stjórnir Bandaríkjanna og Bretlands lýstu yfir því í fyrra, að þær hefðu í hyggju að banna skilyrðislaust, að hljóðfráar farþegaþotur flygju yfir löndum þeirra með hraða, sem ylli sprengihljóði, er bærist til jarðar. Fróðlegt er, að þarna er einmitt um tvö ríki að ræða, sem eru að framleiða hljóðfráar farþegaþotur (Concorde og Boeing). Ýmis fleiri ríki hyggja nú á hliðstæðar ráðstafanir. Tillögur um bann við slíku flugi liggja fyrir þjóðþingum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, og fyrir Norðurlandaráði liggur tillaga, þar sem skorað er á ríkisstjórnir allra Norðurlanda að ákveða slíkt bann.

Aðilar þeir, sem hyggja á að taka upp farþegaflug með hljóðfráum þotum, lýsa nú yfir þeirri ætlun sinni, að vélarnar verði aðeins látnar fljúga með fullum hraða yfir hafi og strjálbyggðum löndum. Ísland er eitt hinna strjálbyggðu landa. Því er sjálfsagt, að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til þess að vernda landsmenn fyrir þeim ófögnuði, sem fylgja mundi því, ef hljóðfráum þotum væri heimilt að nota lofthelgi okkar. Með því yrðu Íslendingar einnig þátttakendur í baráttu, sem nú er háð víða um lönd gegn þessari tilgangslausu, ómennsku tækninýjung.

Sþ. 317. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þegar í stað raunhæfar ráðstafanir til þess að ráða bót á þeim skorti hjúkrunarfólks, sem nú veldur því, að sjúkrahúsin í landinu geta ekki veitt fulla þjónustu.

Greinargerð.

Hinn 28. október 1970 gerði fyrri flm. tillögu þessarar þá fyrirspurn til heilbrigðismálaráðherra, hvaða ráðstafanir hann hygðist gera til þess að ráða bót á hjúkrunarfólksskorti, sem m. a. veldur því, að nýjar, fullbúnar deildir geta ekki tekið til starfa.

Í svari ráðherra kom fram, að helzta úrræði ríkisstjórnarinnar væri að setja á laggirnar nefnd, sem hefði það hlutverk að semja frumvarp til laga um kennslutilhögun til menntunar starfsfólki sjúkrahúsa, svo og um starfsréttindi þess. Kvað hann þess að vænta, að slíkt lagafrumvarp yrði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Slík nefndarskipun er vafalaust góðra gjalda verð, en leysir þó í skyndi engan vanda.

Síðan þessar umræður fóru fram í sameinuðu Alþingi, hefur ástand mála sízt batnað. Í frásögnum blaða hefur m. a. verið frá því skýrt, að á ríkisspítölunum sé nú engin deild starfrækt að fullu.

Í forustugrein Morgunblaðsins hinn 23. janúar s.l. er vikið að skorti á hjúkrunarkonum, og segir þar m. a.:

„Það er auðvitað óhæft ástand, að ekki sé hægt að nýta þau sjúkrarúm, sem til eru, vegna skorts á hjúkrunarliði. Þar við bætist, að búizt er við fámennari árgöngum hjúkrunarkvenna á næstunni en verið hefur síðustu árin. Heilbrigðisyfirvöldin verða að taka þetta vandamál mjög föstum tökum og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að fá menntaðar konur til starfa og auka áhuga á hjúkrunarnáminu.“

Flutningsmenn telja sjálfsagt, að Alþingi láti í ljós vilja sinn í þessu þýðingarmikla hagsmunamáli með því að ályktа í þá átt, sem í tillögunni bendir.

Til úrbóta er vafalaust um ýmis úrræði að tefla, svo sem bætt launakjör og bætta starfsaðstöðu á sjúkrahúsunum. Enn fremur verður að gera ráðstafanir til

þess, að fleiri útskrifist úr Hjúkrunarskólanum á næstu árum en horfur eru á eins og sakir standa. Til þess vantar kennara að skólanum. Hins vegar skortir ungt fólk ekki áhuga á þessu námi, því að fyrir liggja umsóknir frá langtum fleiri ungmennum en skólinn getur tekið á móti, og er undirbúningur þeirra til hjúkrunarstarfa betri en áður hefur tíðkazt.

Nánar í framsögu.

Nd. 318. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hl. n. leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl., Stefán Valgeirsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, mun skila sérálíti. Tveir nefndarmenn, þeir Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson, voru ekki viðstaddir, er málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 29. jan. 1971.

Bjartmar Guðmundsson, form. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.

Nd. 319. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hl. n. leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl., Stefán Valgeirsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, mun skila sérálíti. Fjarstaddir, er málið var afgreitt úr nefnd, voru Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi, 29. jan. 1971.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.

Sþ. 320. Fyrirspurnir. [195. mál]

I. Til fjármálaráðherra um skiptingu tekna af launaskatti.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hver var hlutfallsskipting tekna af launaskatti á árinu 1969 eða 1970 milli eftirtalinna flokka gjaldenda:

1. Ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, þar með taldir ríkisbankar.
2. Bæjarfélaga og bæjarfyrirtækja.
3. Fyrirtækja og einstaklinga í einkaeign og félagseign?

II. Til sjávarútvegsráðherra um afborganir og vexti af stofnlánum fiskiskipaflotans.

Frá Geir Gunnarssyni, Jónasi Árnasyni og Steingrími Pálssyni.

Hve miklu er áætlað, að afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa nemi á árinu 1970:
a) af togurum,
b) af öðrum fiskiskipum?

III. Til sjávarútvegsráðherra um greiðslur af aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa og til útgerðarfyrirtækja.

Frá Geir Gunnarssyni, Jónasi Árnasyni og Steingrími Pálssyni.

Hversu miklu er áætlað, að greiðslur af óskiptu aflaverðmæti samkv. lögum nr. 79 31. des. 1968 nemi á árinu 1970:
1. Í Stofnfjársjóð fiskiskipa:
   a) til togara,
   b) til annarra fiskiskipa?
2. Til útgerðarfyrirtækja, sem hlutdeild í almennum útgerðarkostnaði?

IV. Til heilbrigðismálaráðherra um setningu reglugerðar um skóla samkvæmt 15. gr. laga nr. 53 frá 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

Hvað líður setningu reglugerðar fyrir skóla gæzlusystra samkvæmt 15. gr. laga nr. 53 frá 22. apríl 1967, um fávitastofnanir?

V. Til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um náttúruvernd.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvenær kemur náttúruverndarfrumvarpið?

VI. Til iðnaðarráðherra um raforkumál.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hver er hámarksorkuþörf á orkuveitusvæði Landsvirkjunar og hver er örugg orkuframleiðsla frá vatnsaflsstöðvum hennar?
2. Hversu mikil orka hefur verið framleidd í gasaflsstöðinni í Straumsvík og gufuaflsstöðinni við Elliðaár að undanförnu og hversu mikill er kostnaðurinn af þeirri raforkuframleiðslu?
3. Hversu mikil brögð hafa verið að skömmtun á raforku til Áburðarverksmiðjunnar og hver aukakostnaður hefur hlotizt af þeirri skömmtun fyrir verksmiðjuna?

Nd. 321. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá Benedikt Gröndal.

Á eftir 8. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Við Áburðarverksmiðju ríkisins starfar samstarfsnefnd skipuð þrem fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum.

Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis, gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og efla hagkvæman rekstur fyrirtækisins. Nefndin skal eftir föngum leitast við að hindra eða leysa ágreiningsmál án þess að fara inn á svið kjarasamninga. Stjórnendum verksmiðjunnar ber að veita samstarfsnefnd allar þær upplýsingar um rekstur fyrirtækisins, sem máli skipta.

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um samstarfsnefnd í reglugerð.

Nd. 322. Frumvarp til laga [196. mál]

um þjóðgarð á Vestfjörðum.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Þjóðgarður skal vera á Vestfjörðum, er takmarkast að sunnan af línu, sem dregin er úr botni Hrafnsfjarðar í botn Furufjarðar.

Þjóðgarður þessi er friðlýst svæði allra Íslendinga.

2. gr.

Hið friðlýsta svæði er eign íslenzku þjóðarinnar og skal vera undir vernd Alþingis.

3. gr.

Til þess að hafa á hendi stjórn þjóðgarðs Vestfjarða skal kjörin þriggja manna stjórn. Alþingi kýs tvo menn og náttúruverndarráð tilnefnir einn mann. Stjórnin skiptir með sér verkum. Þrjá varamenn skal velja með sama hætti. Þjóðgarðsstjórn skal kjörin með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi strax eftir gildistöku laganna út það kjörtímabil og síðan í upphafi hvers kjörtímabils.

4. gr.

Jarðrask, húsabyggingar, vegi eða önnur mannvirki má ekki gera á hinu friðlýsta svæði nema með leyfi þjóðgarðsstjórnar. Þó skal vita- og hafnamálastjórn, flugmálastjórn og Slysavarnafélagi Íslands heimil mannvirkjagerð til öryggis í samgöngum, í samráði við þjóðgarðsstjórn.

Suðurmörk hins friðlýsta svæðis skulu varin ágangi sauðfjár með fjárheldri girðingu.

5. gr.

Öll veiði á hinu friðlýsta svæði, á landi, í björgum, vötnum, ám, ósum og fyrir landi, samkvæmt ákvæðum laga um lax- og silungsveiði, er bönnuð, nema með leyfi þjóðgarðsstjórnar, enda komi gjald fyrir.

Netaveiði í vötnum, ám og ósum er þó bönnuð með öllu.

6. gr.

Þjóðgarðsstjórn er heimilt að auka fjölbreytni dýralífs á hinu friðlýsta svæði innan þeirra marka, sem gildandi lög leyfa.

7. gr.

Þjóðgarðsstjórn skal sjá um samninga við eigendur jarða og hlunninda á hinu friðlýsta svæði um réttmætar greiðslur fyrir eignir þessar.

Náist ekki samningar milli þjóðgarðsstjórnar og eigenda jarða og hlunninda, sem tilheyra hinu friðlýsta svæði, er þjóðgarðsstjórn heimilt að taka eignir þessar eignarnámi samkvæmt lögum, og skulu eigendum greiddar bætur samkvæmt mati tveggja dómkvaddra og óvilhallra manna. Ef annar hvor málsaðili vill eigi una því mati, getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan mánaðar, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum.

Hafa skal hliðsjón af skattaframtali síðustu þriggja ára, er eignir og hlunnindi eru metin.

Fyrir jarðir í eigu ríkisins koma engar bætur. Þó skal heimilt að greiða bætur vegna riftunar eldri leigumála af slíkum jörðum, og skulu þá hafðar til hliðsjónar leigutekjur ríkisins af jörðum þessum undanfarin fimm ár.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar þjóðgarðsins, nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Í reglugerð skal kveðið á um, að tekjum af hinu friðlýsta svæði skuli varið upp í kostnað við kaup og vernd hins friðlýsta svæðis.

9. gr.

Reikningar þjóðgarðsins á Vestfjörðum skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

10. gr.

Þjóðgarðsstjórn er heimilt að ráða starfsmann eða starfsmenn til fjögurra ára í senn.

Starfssvið og laun starfsmanna skulu ákveðin af þjóðgarðsstjórn í samráði við menntamálaráðuneytið.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við kaup og verndun hins friðlýsta svæðis umfram það, sem tekjur þjóðgarðsins hrökkva til, eins og fé er veitt á fjárlögum hverju sinni.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerð, sem sett verður samkv. þeim, varða sektum allt að kr. 50 000.00 eða einföldu fangelsi allt að þremur mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sé þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Það svæði, sem með frumvarpi þessu er lagt til að gera að þjóðgarði, nær yfir Sléttuhrepp og hluta úr Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Á því er engin byggð nema vitavarðarbústaður í Látravík. Síðustu íbúar Sléttuhrepps yfirgáfu hrepp sinn fyrir um það bil tveimur áratugum. Mannvirki á þessu landssvæði eru víða hrunin eða í slæmu ástandi, með örfáum undantekningum.

Þetta landssvæði býr yfir fjölbreytilegri náttúrufegurð. Þar eru fögur vötn, ár og ósar með miklum silungi, stórfengleg bjórg iðandi af fugli og lífi. Meðal þeirra er hið stórbrotna Hornbjarg, sem enginn getur gleymt, sem þangað hefur einu sinni komið. Margar víkur á þessu svæði eru mjög grasgefnar með töfrandi sumarfegurð. Jökulfirðir frá Hestfirði til Hrafnsfjarðar eru fagrir og friðsælir. Í hlíðum þeirra eru einhver beztu berjalönd, sem finnast í landi okkar. Á þessu landssvæði er víðast ósnortin náttúra.

Afmarka þarf land þetta með girðingu úr Hrafnsfirði í Furufjörð. Sú vegalengd er aðeins um 6 km. Allt landið, sem hér er lagt til að gera að þjóðgarði, er um 582 ferkílómetrar, en til samanburðar má geta þess, að svæði þjóðgarðsins á Þingvöllum er um 27.7 ferkílómetrar.

Á undanförnum árum hefur áhugi fólks, sem býr í þéttbýli, farið vaxandi á því að leita sér afþreyingar í kyrrð og fegurð óbyggðra svæða. Þar hafa þúsundir manna fundið hvíld og frið frá önn hversdagslífsins og þeirri spennu og hraða, sem fylgir lífi fólks, sem býr í fjölmenni.


Óvíða er hægt að njóta jafngóðrar hvíldar og í umhverfi, sem hefur að bjóða tilkomumikla náttúrufegurð og möguleika að njóta margvíslegra gæða slíks umhverfis.

Hornstrandir og Jökulfirðir eru að dómi okkar einhverjir ákjósanlegustu staðir til að opna fyrir hvern þann, sem þráir kyrrð og frið frá hávaða og mengun í bæjum og borgum. Þetta stórbrotna hérað var byggt um aldir fólki, sem háði þar harða lífsbaráttu einangrað og naut ekki þeirra lífsþæginda, sem bæir og flest önnur héruð buðu börnum sínum. Það yfirgaf að lokum þessa byggð. Fólk þráir nú að leita að sumrinu til slíkra landssvæða til að hvíla sig og njóta heilnæms loftslags og kyrrðar.

Við teljum, að þegar sé tímabært að friðlýsa svæði sem þetta og gera það að almenningseign undir eftirliti opinberrar stjórnar. Þá teljum við mjög koma til greina að gera dýralíf á þessu svæði fjölbreyttara en nú er. Tilraun ætti að gera með að flytja nokkur hreindýr til þessara staða, og sömuleiðis væri skynsamlegt að gera nú að nýju tilraun með innflutning sauðnauta til þessara svæða. Þarna yrðu þessi dýr á afmörkuðu, en víðáttumiklu svæði og gætu neytt gróðurs, sem engin skepna er til að neyta. Þarna mundu þessi dýr lifa í friði fyrir áreitni og skotgleði veiðimanna. Að vetri til leggja veiðimenn ekki í ferð á þessar slóðir, en að sumrinu mun fjöldi fólks sækja þessi svæði. Fólk, sem þráir frið og er að njóta náttúrufegurðar, mun aldrei þola, að þessum dýrum verði grandað.

Þá teljum við það vera mikilvægt, að silungsstofninn, sem er í ám, ósum, vötnum og fyrir landi á þessum svæðum, verði verndaður fyrir rányrkju neta og ádráttar. Þarna á að rækta silung og leyfa aðeins veiði á stöng innan þeirra marka, sem kunnáttumenn telja að stofninn þoli. Ferðamaðurinn á að fá keypt veiðileyfi fyrir hóflegt verð, sem hver maður á að hafa efni á að greiða.

Fjölmiðlar okkar þyrftu að kynna þetta svæði, sem önnur óbyggð svæði, sem fólki væri hollt að koma til og njóta útivistar í hollu loftslagi. Slík kynning, þó sérstaklega í sjónvarpi, mundi vafalaust hafa mikil áhrif á fólk og verða til þess, að margfalt fleiri en nú yfirgæfu um sinn vélknúin tæki sín og leituðu á vit ósnortinnar náttúru við nyrzta haf og kæmu til starfa sinna á ný þróttmeiri, hressari og betri menn.



Yfirlitskort af fyrirhuguðum þjóðgarði Vestfjarða.

Nd. **323. Breytingartillögur** [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá Gísla Guðmundssyni, Ingvari Gíslasyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 6. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:
   Landsvirkjun er heimilt:
   1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum.
   2. Að reisa allt að 130 MW raforkuver í Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss eða raforkuver í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, ásamt aðalorkuveitum, enda liggi ekki fyrir lögleg ákvörðun um, að Rafmagnsveitur ríkisins eða norðlenzkur virkjunaraðili annist þessar framkvæmdir.
   3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjarfoss eða allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.
   4. Að ráðast í áætlanir og framkvæmdir til að tryggja það, að sem mest af orkunni frá hinni nýju stórvirkjun eða stórvirkjunum, sem ekki telst nauðsynleg til að fullnægja hinum almenna markaði, verði notað til hitunar húsa.

   Nú tekst ekki nægilega snemma að tryggja eðlilegt samhengi milli orkuframleiðslu frá stórvirkjunum og orkunotkunar, og er Landsvirkjun þá heimilt að reisa allt að 30 MW raforkuver í Brúará við Efstadal og einnig allt að 10 MW jarðgufuorkuver í Mývatnssveit, ef bæjarstjórnir og sýslunefndir á orkuveitusvæði Laxár óska þess.

   Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna samkv. 1. málsgr., sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.
2. Við 4. gr. Orðin „í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá“ falli niður.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „Búrfellsvirkjunar og virkjana í Tungnaá“ komi: virkjana.
4. Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (6. gr.) Heimild í 2. og 3. tölul. 6. gr. er bundin því skilyrði, að Landsvirkjun skuldbindi sig til, gegn tilsvarandi hækkun ríkisábyrgðar fyrir láni, að tengja saman með aðalorkuveitu raforkuverin á austanverðu Norðurlandi og Suðurlandi, ef ráðherra mælir svo fyrir og á þann hátt og á þeim tíma, sem hann ákveður með hæfilegum fyrirvara. Enn fremur að selja raforku á sama verði til allra almenningsrafveitna, sem kaupa orkuna frá aðalorkuveitum Landsvirkjunar.
   b. (7. gr.) Alþingi það, er samþykkir lög þessi, kýs 7 manna nefnd til þess að endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku, og skulu tillögur hennar lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en í árslok 1972. Með tillögum nefndarinnar skal að því stefnt, að fyrirtækið Landsvirkjun verði annaðhvort ríkiseign eða sameign ríkisins og þeirra sveitar- og sýslufélaga, er þess óska, í réttu hlutfalli við fólksfjölda, og að raforka til sams konar nota verði seld á sama verði um land allt.

Sþ. **324. Tillaga til þingsályktunar** [197. mál]

um sérstaka athugun á móðurmálskennslu í barna- og gagnfræðaskólum og tillögur til úrbóta.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta í samráði við fræðslumálastjóra, kennarasamtökin, rithöfundasamtök og heimspekideild Háskóla Íslands fara fram sérstaka athugun á því, hvort íslenzkukennslu í barna- og gagnfræðaskólum sé almennt að meira eða minna leyti áfátt, og gera tillögur til úrbóta um námsefni og kennslutilhögun, eftir því sem nauðsynlegt telst, að lokinni rannsókn. Í þessu sambandi skal einkum athuga:

1. Hvort kennsla í íslenzkri málfræði taki of mikið eða of lítið af námstímanum, hvort næg áherzla sé lögð á að kenna það, sem nauðsynlegast er, og hvort eitthvað af námsefninu geti talizt óþarft.
2. Hvort næg áherzla sé á það lögð að kenna nemendum að lesa og tala skýrt í heyranda hljóði.
3. Hvaða árangur stafsetningarkennslan ber.
4. Hvernig skólunum takist að auka orðaforða nemenda, kenna þeim notkun íslenzkra orðtaka eða orðskviða og bæta á annan hátt málfar þeirra í ræðu og riti, t. d. með því að draga úr notkun útlendra orða eða orðskrípa.
5. Hvernig tekizt hafi að kynna nemendum sígildar íslenzkar bókmenntir og vekja eða auka áhuga á slíkum bókmenntum.
6. Hvort næg áherzla sé lögð á að kenna nemendum ljóð og að greina stuðlað mál og rím frá óbundnu máli.

Niðurstaða athugunarinnar skal lögð fram á Alþingi og birt opinberlega.

Greinargerð.

Starfsemi barna- og gagnfræðaskólanna — og raunar fleiri skóla — hefur verið allmikið gagnrýnd opinberlega í seinni tíð, og er sú gagnrýni misjafnlega rökstudd. M. a. hafa ýmsir orðið til þess að finna að móðurmálskennslunni í skólum þeim, sem undirstöðumenntun veita. Stundum hefur því verið haldið fram í blöðum og tímaritum — og jafnvel á Alþingi —, að móðurmálskennslan í skólunum sé „málfræðistagl“, sem að litlu gagni komi og eyði tíma frá öðru þarfara. Þetta er harður dómur um fræðslumálastjórn og móðurmálskennarana, og er hann ekki fremur en margt annað misjafnt, sem um skólana er sagt, til þess fallinn að laða nemendur að skólum eða auðvelda störf skólastjóra og kennara og þeirra fræðslustofnana, sem kostaðar eru af almannafé. En þó að skynsamlegt sé að forðast sleggjudóma í þessum efnum, er samt ekki rétt að skella skollaeyrum við aðfinnslum, því að oft geta þær verið réttmætar eða byggðar á misskilningi, sem hægt er að leiðrétta. Þetta á ekki aðeins við um það, sem sagt er um „málfræðistaglið“, heldur og ýmislegt annað, t. d. „agaleysi“ eða „ofþjökun“, sem oft er nefnt í skólaspjalli manna. Skylt er að athuga staðreyndir eftir föngum og „hafa það, er sannara reynist“.

Æskilegt er, að sem flestir læri undirstöðuatriði íslenzkrar málfræði. Hjá góðum kennara — og fyrir suma án kennslu — getur íslenzk málfræði verið ein hinna skemmtilegustu námsgreina, því að lögmál tungunnar eru á sinn hátt undursamleg, og kunnátta í íslenzkri málfræði greiðir fyrir því að læra málfræði annarra þjóðtungna og þar með sjálfar tungurnar. En margan hefur dreymt um það í æsku að fá að læra útlend tungumál. Einn af „aldamótamönnunum“ kvað:

„Gott er að vera enn þá ungur
og eiga í vændum langan dag
og geta numið nýjar tungur,
nýja siði og háttalag.“

Án þess að lasta málfræðina og kalla hana „stagl“ geta menn gert sér grein fyrir því, að „ástkæra, ylhýra málið“ er meira en það, sem í „málfræðinni“ stendur, þótt góð sé og gagnleg. T. d. er nauðsynlegt að læra stafsetningu og verða „sendibréfsfær“, sem kallað var. Fólk þarf að vita, „að orð er á Íslandi til um allt, sem er hugsað á jörðu“, og kunna sem mest af íslenzkum orðum, orðtökum og orðskviðum. Íslendingur þarf að kunna að lesa og tala móðurmálið upphátt, til þess að aðrir eigi ekki örðugt með að heyra mál hans. Nokkuð virðist bera á því sums staðar, að börn og ungmenni veigri sér við að lesa öðruvísi en „með sjálfum sér“, séu fljótmælt og hafi óglöggan eða þvoglulegan framburð, sem mun verða þeim til trafala, sem síðar kunna að fá löngun til að taka til máls eða „koma fram“ á mannamótum. Leiðinlegt er að þekkja ekki mun á bundnu máli og óbundnu, og harmsefni er það, ef komandi kynslóðir glæpast á að vanmeta hina háþróuðu list stuðlamálsins eða týna henni, eins og gert hafa frændþjóðir Íslendinga. Skólarnir þurfa líka að reyna að stuðla að því, að sem flestir af hinni uppvaxandi kynslóð njóti íslenzkra bókmennta, en hneigðin til þess er misjöfn hjá einstaklingum. Óþarfi er að hneykslast á því, þó að ekki séu öll ungmenni bókhneigð. Þau, sem ekki eru það, geta samt orðið gott fólk, lifað lífinu með sæmd, lært að koma vel fyrir sig orði á móðurmálinu og eiga kannske ekki erfiðara með það en aðrir að kenna afkomendum sínum að tala þetta mál.

Hér hefur þá verið drepið á nokkuð af því, sem tillagan fjallar um, að til greina komi við athugun þá og tillagnagerð, sem gert er ráð fyrir. Sumt af því varðar að vísu fremur gagnfræðaskólana en barnaskólana. En nú er á dagskrá að steypa saman barnaskólum og gagnfræðaskólum og nefna þá í heild grunnskóla, en sú nafngift orkar tvímælis, enda ekki ómögulegt, að annað betra orð komi í leitirnar.

Vera má og raunar ekki ólíklegt, að eitthvað af því, sem hér er farið fram á, að rannsakað verði, hafi þegar verið rannsakað. Flýtir það þá fyrir því, að lokið verði þeirri athugun í heild, sem tillagan fjallar um, og að hægt verði að gera niðurstöðuna kunna. Gæti sú niðurstaða orðið til sparnaðar á handahófs- og ágizkunarumræðum um þessi mál og jafnframt undirstaða jákvæðra ráðstafana.

Í þeim skólum, sem ætlaðar eru allri þjóðinni, á móðurmálið að vera í fyrirrúmi, ekki aðeins í orði, heldur einnig í reynd.

Ed. 325. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur að nýju haft frv. þetta til athugunar og rætt það, en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess. Minni hl. nefndarinnar mun skila séráliti.

Meiri hl. nefndarinnar fær ekki séð, að neitt það liggi nú fyrir í þessu máli, sem var ekki áður þekkt, og færir eins og fyrr þessi rök fram fyrir afstöðu sinni til frv.:

Árið 1936 keypti ríkissjóður jörðina Holt í Dyrhólahreppi af Þorsteini Einarssyni.

Ástæðan til kaupanna var sú, að óttazt var, að vatnaágangur mundi eyðileggja eða rýra til muna nytjaland jarðarinnar við það, að Hafursá og Klifanda var veitt saman í einn farveg.

Jörðin var eftir þetta í ábúð til ársins 1943, en hefur síðan verið nytjuð til beitar og slægna frá Nikhól, þar sem ekkja Þorsteins, Jóhanna, og sonur hennar, Hörður, búa nú.

Árleg leiga hefur verið alla tíð hin sama, kr. 135.00.

Þó að Holt hafi enn ekki spillzt svo af vatnaágangi sem upphaflega var gert ráð fyrir, hefur jörðin orðið fyrir spjöllum, og sá möguleiki er jafnt fyrir hendi nú að dómi kunnugra manna eins og hann var árið 1936, að frekari landspjöll geti átt sér stað.

M. a. bendir landnámsstjóri á þetta í umsögn sinni um mál þetta.

Einnig má benda á, að Klifandi hefur undanfarin ár hlaupið úr farvegi sínum, brotið varnargarð og skemmt nytjalönd.

Jarðirnar Álftagróf, sem er ríkisjörð, og Holt eiga sameiginleg og óskipt heimalönd og heiðalönd, og gengur búsmali jarðanna saman.

Bóndinn í Álftagróf, sem þar hefur búið í tæp 40 ár, hefur sent landbúnaðarráðuneytinu bréf, sem Alþingi hefur borizt ljósrit af, þar sem hann telur, að búskap hans í Álftagróf sé stefnt í það mikinn voða, að hann muni segja ábýlisjörð sinni lausri, verði Holt selt.

Upplýst er, að eignir ábúandans í Álftagróf í mannvirkjum eru miklar og ríkissjóður er að lögum sem jarðareigandi skyldur að kaupa þær, standi ábúandinn upp af jörðinni.

Einnig hefur komið fram, að Jóhanna Sæmundsdóttir og sonur hennar, Hörður, geta áfram haft leiguafnot af Holti, en þannig er hægt að firra árekstrum vegna landsafnota milli ábúanda Álftagrófar og leigutaka Holts umfram það, sem gæti orðið, ef ríkið sleppti eignarhaldi á Holti.

Umsagna Landnáms ríkisins og Jarðeignadeildar ríkisins var leitað um frumvarpið, og mæltu báðar stofnanirnar gegn því, að heimild væri veitt til sölu jarðarinnar, enda virðist salan andstæð hagsmunum ríkisins.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, telur meiri hluti landbúnaðarnefndar svo þung rök mæla gegn því, að jörðin verði seld, að meiri hluti nefndar leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 2. febr. 1971.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Jón Árnason.

Jónas G. Rafnar.

Ed. 326. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag fjallað um frumv. og mælir með samþykkt á því óbreyttu. Fjarstaddir voru við afgreiðslu málsins BFB og AJ.

Alþingi, 2. febr. 1971.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Björn Jónsson.

Ásgeir Bjarnason. Ólafur Björnsson.

Ed. 327. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag fjallað um frumv. og mælir með samþykkt á því óbreyttu. Fjarstaddir voru við afgreiðslu málsins BFB og AJ.

Alþingi, 2. febr. 1971.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Ásgeir Bjarnason. Ólafur Björnsson.

Ed. 328. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 84 19. ágúst 1970, um Háskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag fjallað um frv. og mælir með samþykkt á því óbreyttu. Fjarstaddir voru við afgreiðslu málsins BFB og AJ.

Alþingi, 2. febr. 1971.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Ásgeir Bjarnason. Ólafur Björnsson.

Nd. 329. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar er ánægður með frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Minni hlutinn telur það allsendis ófullnægjandi og flytur breytingartillögur.

Fulltrúar bænda í sex-mannanefnd sömdu við ríkisstjórnina um stofnun framleiðnisjóðsins haustið 1966. Sjóðurinn skyldi veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði. Stofnframlag var ákveðið 50 milljón króna framlag ríkissjóðs, 20 millj. árið 1967, síðan 10 millj. á ári í þrjú ár.

Í athugasemdum við frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, er rækilega sýnt fram á nauðsyn þess að efla sjóðinn og tryggja, að hann geti starfað óslitið. Er þar réttilega lögð áherzla á hvort tveggja, að halda áfram stuðningi við verkefni, sem þegar er byrjað á, og að greitt verði fyrir fleiri nýjungum. En í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir, að árleg framlög verði allt fram til 1976 hin sömu að

krónutölu og þau voru 1967—69, þrátt fyrir stórfellda rýrnun á verðgildi íslenzku krónunnar. Og enda þótt í athugasemdum standi skýrum stöfum, að lagt sé til, að stofnframlag verði aukið „um 10 m.kr. á ári á næstu 5 árum", þá gerir frv. ekki ráð fyrir neinu stofnframlagi á árinu 1971. Hefur engin skýring fengizt á þessu ósamræmi.

Minni hlutinn leggur til, að á frumvarpinu verði gerðar gagngerar breytingar:

Tekin verði upp bein fyrirmæli um, að tilraunir við innlenda fóðuröflun og heyverkun sitji fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu. Bændur hafa að undanförnu goldið slíkt afhroð vegna gróðurskemmda á ræktuðu landi og af völdum óþurrka, að þetta virðist eðlilegt.

Heimild til styrkveitinga verði hækkuð úr ⅓ í ⅗ af árlegu ráðstöfunarfé. Er þetta lagt til með sérstöku tilliti til þess, að stuðningur við tilrauna- og rannsóknarstarfsemi geti orðið vaxandi þáttur í starfsemi sjóðsins.

Þá leggur minni hlutinn til, að árlegt framlag ríkissjóðs sé ákveðið í fjárlögum ár hvert, að fenginni rökstuddri greinargerð bændasamtakanna um fjárþörfina, þó þannig, að framlagið verði aldrei lægra en 25 m.kr. Með tilliti til verðlagsþróunarinnar teljum við óráðlegt að binda upphæð framlagsins til 5 ára í senn. Hins vegar ber á það að líta, að mörg af viðfangsefnum sjóðsins eru langtímaverkefni. Með tilliti til þess teljum við nauðsynlegt að ákveða lágmark hins árlega framlags nokkuð fram í tímann, því að án þess yrði áætlanagerð til nokkurra ára ógerleg.

Við, sem skrifum undir þetta nefndarálit, höfum ásamt þrem öðrum alþingismönnum, Ágúst Þorvaldssyni, Magnúsi H. Gíslasyni og Sigurvin Einarssyni, flutt frv. um breyt á l. um framleiðnisjóð landbúnaðarins, og eru breytingartillögur okkar samhljóða efni þess. Við leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. frv. komi tvær greinar, er orðist svo:
   a. (1. gr.) Aftan við fyrri málsgrein 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
      Þó skulu tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu.
   b. (2. gr.) Í stað „⅓" í 3. gr. laganna komi: ⅗.
2. 1. gr. (verður 3. gr.) orðist svo:
   Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 25 milljónum króna á ári.
   Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitsgerðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir, þegar fjárveitinganefnd gerir tillögur sínar til Alþingis um framlag til sjóðsins.

Alþingi, 2. febr. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Stefán Valgeirsson.

Nd. 330. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og einnig annað frumvarp um breytingu á sömu lögum frá Gísla Guðmundssyni o. fl. Bæði frumvörpin voru send til Sveins Einarssonar veiðistjóra til umsagnar, og fylgir álit hans hér með sem fylgiskjal.

Eins og kunnugt er, hefur Sveinn Einarsson mikla reynslu í þessum málum, og teljum við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, eðlilegast að fara að ráðum hans í þessu efni, og eru tillögur okkar sniðnar eftir umsögn hans.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir „kr. 300.00“ kemur: kr. 400.00.
2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 1100.00“ kemur: kr. 1400.00.
3. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Eftir gildistöku þessara laga endurgreiði ríkissjóður að fullu kostnað við eyðingu minka samkv. lögum.

Alþingi, 2. febr. 1971.

Stefán Valgeirsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS
Veiðistjóri

Reykjavík, 2. des. 1970.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis
Alþingi

Ég vísa til bréfs háttvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis og sendi eftirfarandi umsögn mína varðandi tvö lagafrumvörp um breytingar á lögum um eyðingu refa og minka frá 1957.

Þegar umrædd lög tóku gildi 1957, var það álit margra veiðimanna, að nokkurs ósamræmis gætti í verðlaunagreiðslum fyrir unnin dýr, þannig að verðlaun fyrir að vinna ref, kr. 350.00, voru of lág miðað við að vinna mink, kr. 200.00.

Mitt álit er, að verðlaun fyrir að vinna hin svonefndu hlaupadýr hafi verið of lág í fyrstu, hvað þá nú. Með tilliti til þess og ýtrustu hófsemi í útgjöldum, þá legg ég til, að verðlaun fyrir unna refi verði hækkuð í kr. 1400.00, svo sem gert ráð fyrir í þingskjali 137, og verðlaun fyrir að vinna mink í kr. 700.00, svo sem gert er ráð fyrir í þingskjali 150.

Þá tel ég nauðsynlegt, að verðlaun fyrir unnin grendýr og yrðlinga verði einnig hækkuð, svo sem gert er ráð fyrir í þingskjali 137.

Nái þessar verðlaunahækkanir fram að ganga, mun það vafalaust auka mikið áhuga fyrir dýraveiðunum á ný, en þess hefur gætt undanfarin 2—3 ár, að áhugi fyrir veiðunum hefur minnkað verulega sökum of lágra verðlauna.

Viðvíkjandi 3. gr. í þingskjali 137 leyfi ég mér að taka eftirfarandi fram: Eftir að hafa haft náin kynni af þessum málum um langt árabil, er það skoðun mín, að greiðslur fyrir minkavinnslu komi mjög misjafnt og óréttlátlega á sveitarfélög landsins, þar sem sum þeirra telja aðeins örfáa gjaldendur, og má í því sambandi t. d. benda á Þingvallasveit, Skógarströnd, Ögurhrepp og ýmis önnur fámenn hreppsfélög, þar sem villiminkur heldur sig mjög mikið. Mér er vel kunnugt um, að þessi fámennu hreppsfélög eiga í erfiðleikum með að standa í skilum við veiðimenn með tilskilin verðlaun fyrir unnin dýr, sem geta orðið á annað hundrað talsins á einu ári.

Það er ekki síður í þágu þeirra, sem í þéttbýlinu búa, að þessum skaðvaldi, sem villiminkurinn er í náttúrulífi landsins, sé eytt eins og frekast má verða. Það er engin sanngirni í, að þeir, sem búa í strjálbýlinu og þola jafnframt margvíslegt

fjárhagslegt tjón af völdum minka, verði einnig að bera meiri kostnað við eyðingu hans en aðrir landsmenn. Það voru ekki bændur, sem fluttu minkinn inn í fyrstu, og ekki eru það þeir, sem hefja minkarækt hér að nýju. Ef litið er á þessi mál með skilningi og sanngirni, þá hlýtur það að vera réttlætiskrafa, að kostnaður við eyðingu villiminka komi þó jafnt niður á alla landsmenn. Það er sannfæring mín, að taki ríkissjóður á sig allar greiðslur vegna eyðingar villiminka, muni það gjörbreyta henni til hins betra og útiloka ýmsa erfiðleika, sem nú er við að etja.

Ég lít svo á, að þegar þessi lagabreyting er rædd, sé nauðsynlegt að athuga, hvernig hún yrði í framkvæmd, til að fyrirbyggja hugsanlega misnotkun. Enn fremur álít ég, að ef til þeirrar lagabreytingar kæmi, að ríkissjóður tæki á sig allan kostnað við eyðingu villiminka, þá eigi sýsluskrifstofur að annast allar greiðslur vegna hennar fyrir hönd ríkissjóðs.

Tala unninna dýra á öllu landinu síðustu árin er um 450 fullorðin grendýr, 1200 yrðlingar, 400 utan grenja (hlaupadýr) og nærri 3000 minkar á ári.

Virðingarfyllst,

Sveinn Einarsson.

Nd. 331. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um loðdýrarækt, nr. 68 28. maí 1969.

Frá Ingvari Gíslasyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Við 10. gr. laganna bætist:

Loðdýraræktendum er jafnan skylt að hafa með sér landssamtök.

Nú sannast ekki, hver sé eigandi aliloðdýrs, er veldur bótaskyldu tjóni, og skal þá Samband íslenzkra loðdýraræktenda eða annar félagsskapur, er fullnægir kröfum þessarar greinar um landssamtök loðdýraræktenda, bæta tjónið og gera í því skyni fullnægjandi ráðstafanir til þess að koma á samábyrgð íslenzkra loðdýraræktenda um bætur tjóns af völdum aliloðdýra.

Nd. 332. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 79 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Flm.: Geir Gunnarsson, Jónas Árnason.

1. gr.

Í stað „10%“ í 2. gr. laganna kemur: 5%, og í stað „20%“ kemur: 10%.

2. gr.

Í stað „11%“ í 3. gr. laganna (sbr. lög nr. 4 1970) kemur: 5%.

3. gr.

Í stað „22%“ í 4. gr. laganna kemur: 11%.

4. gr.

I. kafli laganna fellur úr gildi hinn 31. des. 1971.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum, sem samþykkt voru á Alþingi hinn 19. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, var ákveðið, að við sölu afla í innlendri höfn skyldi, áður en til hlutaskipta samkv. kjarasamningum kæmi, greiða 10% aflaverðmætis í Stofnfjársjóð fiskiskipa, þó 20% af verði síldar og humars, og þar að auki 17% til útgerðarmanna sem hlutdeild í útgerðarkostnaði. Við sölu afla í erlendri höfn skyldi greiða 22% af heildarsöluverðmæti í Stofnfjársjóð fiskiskipa, áður en til hlutaskipta kæmi.

Þessi lagasetning raskaði að sjálfsögðu stórkostlega kjarasamningum sjómanna, en ríkisstjórnarflokkarnir reyndu að réttlæta hana með bágri afkomu útvegsins vegna aflatregðu og lækkaðs afurðaverðs.

Setning umræddra laga olli þegar á þeirri vertíð, sem þá fór í hönd, langvinnu verkfalli á fiskiskipaflotanum og varð orsök þess, að gífurleg verðmæti töpuðust þjóðinni.

Í árslok 1969 var ljóst, að greiðslur þær, sem samkv. lögunum runnu í Stofnfjársjóð fiskiskipa af óskiptum aflahlut, námu um 430 millj. kr. og framlag af óskiptum afla til hlutdeildar í rekstrarkostnaði nam um 390 millj. kr., eða samtals um 820 millj. kr. á því eina ári.

Til þess að freista þess að firra stöðvun fiskiflotans á síðustu vetrarvertíð vegna kjaradeilna, sem skerðingarlögin mörkuðu svo mjög, var af hálfu Alþýðubandalagsins flutt þingsályktunartillaga um skipun nefndar fulltrúa sjómanna, útgerðarmanna og sjávarútvegsráðuneytisins til þess að gera tillögur um breytingar á umræddum lögum á þann veg, að þau yrðu ekki þrándur í götu samninga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á árinu 1970.

Þessi tillaga fékk ekki afgreiðslu, og til verkfalls kom á bátaflotanum. Það verkfall leystist ekki, fyrr en sú breyting hafði fengizt gerð á lögunum, að sá hluti aflaverðsins, sem af óskiptu skyldi fara til hlutdeildar í útgerðarkostnaði, var lækkaður úr 17% í 11%.

Ein meginástæðan til þess, að kjarasamningar tókust á þessum grundvelli, var sú, að sjómenn litu svo á, að hér væri um að ræða fyrsta áfangann á þeirri braut að afnema ákvæði laganna um greiðslur af óskiptu aflaverðmæti.

Þessi ásetningur sjómanna að beita samtakamættinum til að fá lögin afnumin kemur skýrt fram í samþykktum 7. þings Sjómannasambands Íslands, sem haldið var dagana 9.—11. okt. s. l., og í ályktun fulltrúafundar aðildarfélaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 10. okt. s. l.

Í samþykkt þings Sjómannasambandsins segir m. a.:

„7. þing Sjómannasambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 9.—11. okt. 1970, telur, að ekki verði hjá því komizt að segja upp gildandi bátakjarasamningum miðað við, að þeir verði úr gildi um næstkomandi áramót, til þess, í formi kröfu um hækkaða skiptiprósentu til áhafna á bátum, að keppa að því að ná aftur því, sem tekið var af samningsbundnum hlut fiskimanna með lögunum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna gengislækkunar ísl. krónu, er samþykkt voru á Alþingi haustið 1968. Heitir þingið á öll sjómannafélög og verkalýðsfélög, sem semja um kjör sjómanna, að segja upp gildandi bátakjarasamningum.

Um s. l. áramót tókst að ná samkomulagi um breytingu á nefndum lögum, þannig að í stað 17% komu 11%, og náðust á þann hátt 6%, er koma áhöfnum fiskiskipanna til góða með 6% hækkun fiskverðs.

Það er álit þingsins að óhjákvæmilegt sé að ná því, sem var tekið af fiskimönnum með nefndum lögum, og þá ekki aðeins af því, sem heyrir undir 21% og 31% samkvæmt lögunum, eins og þau eru nú, heldur einnig 22%, sem tekin eru, þegar skip siglir með aflann og selt er erlendis ...“

Í ályktun fulltrúafundar aðildarfélaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 10. okt. segir svo:

„Með lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi o. s. frv. frá 19. des. 1968 voru kjör sjómanna skert stórkostlega, svo þess eru engin dæmi, að svo harkalegar ráðstafanir hafi átt sér stað gagnvart nokkurri launastétt í landinu.

Samningsbundnum skiptakjörum var allt í einu breytt svo í óhag sjómönnum, að ekki verður lengur við unað. Þrátt fyrir einhuga varnarbaráttu hefur ekki tekizt að halda hlut sjómanna þannig, að lífskjörin rýrni ekki ár frá ári.

Fari svo, að umrædd lög verði ekki felld úr gildi, hafa samtökin ekki aðra leið en að sækja hlut sinn við samningaborðið.

Samtökin krefjast óskerts samningsréttar án lögbindingar um kaup og kjör. Þar sem með fjölmörgum lagasetningum hefur verið kippt stoðum undan grundvelli þeim, sem lögin um verðlagningu sjávarafurða voru byggð á, telja samtökin nauðsyn á endurskoðun umræddra laga.“

Tillögur að nýjum bátakjarasamningum aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og útgerðarmanna, þar sem ekki var gert ráð fyrir breytingu á skerðingarlögunum, en gengið út frá 25% hækkun fiskverðs innanlands, hafa einungis verið samþykktar hjá sjómannadeildum verkalýðsfélaganna á Suðurnesjum og Akranesi, en annars staðar ýmist verið felldar eða ekki teknar til atkvæðagreiðslu enn.

Samningar flestra sjómannafélaga, og allra hinna stærstu, eru því lausir, og til vinnustöðvunar getur komið á bátaflotanum hvenær sem er með viku fyrirvara.

Tillögur um nýja kjarasamninga yfirmanna á öllum bátaflotanum, þar sem ekki var gert ráð fyrir, að hreyft væri við ákvæðum laga um greiðslur af óskiptum aflahlut, hafa verið felldar alfarið og samningar yfirmanna á bátaflotanum því lausir um allt land.

Frá samninganefnd yfirmanna á togaraflotanum barst Alþingi svo hljóðandi bréf, dags. 3. nóv. s. l.:

„Á fundi fulltrúa yfirmanna á botnvörpuskipum, þ. e. skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna, var samþykkt einróma að skora á Alþingi það, sem nú situr, að fella úr gildi lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis ísl. krónu frá 19. des. 1968.

Í upphafi var svo gert ráð fyrir, að lög þessi giltu aðeins nokkurn tíma, meðan útgerðin væri að komast yfir erfiðleikatímabil.

Fari svo, að Alþingi sjái sér ekki fært að verða við óskum viðkomandi, munu þeir krefja útgerðina um auknar kaupgreiðslur, sem jafngilda því, er lögin skerða hlut þessara manna.

Afgreiðsla þessa máls þolir enga bið. Samningar eru lausir 1. des. 1970, og mun þá geta komið til vinnustöðvunar hvenær sem er eftir 1. des. 1970 með löglegum fyrirvara.

Samninganefnd yfirmanna á botnvörpuskipum

(undirskriftir).“

Yfirmenn á botnvörpuskipaflotanum hafa nú verið í verkfalli síðan 6. jan. s. l., og svo til allur togaraflotinn liggur í höfn. Á sama tíma sitja útlenzkir einir að miðum togaranna hér við land. Það er ljóst, að orsök þeirrar vinnustöðvunar, sem nú er á togaraflotanum og við blasir á bátaflotanum, eru þau lög, sem sett voru í

des. 1968 um stórfelldar greiðslur af óskiptum aflahlut í Stofnfjársjóð og sem hlutdeild í útgerðarkostnaði.

Áætla má, að á þeim tíma, sem lögin hafa gilt, nemi þessar greiðslur um 2000 milljónum króna, og þar af eru um 1000 millj. beint af aflahlut sjómanna.

Sú höfuðröksemd, sem færð var fram til stuðnings lagasetningunni, bág afkoma útgerðarinnar, er ekki lengur fyrir hendi, heldur var afli mjög góður á s. l. ári og afurðaverð í hámarki.

Verði ákvæðum umræddra laga varðandi þá hlutfallstölu aflaverðmætis, sem greidd er af óskiptu, ekki breytt til lækkunar, hækkar um hundruð milljóna á ári sú fjárhæð, sem þannig er tekin, vegna hækkaðs fiskverðs á þessu ári.

Þótt sjómenn njóti við sölu fiskafla á innanlandsmarkaði hækkaðs fiskverðs til jafns við útgerðina, þá eru sérstakar lögþvingaðar greiðslur af óskiptum afla, svo að nemur milljarði króna árlega, með engu móti réttlætanlegar. Launakjör íslenzkra sjómanna, sem standa undir svo til allri þjóðarframleiðslunni, eru ekki betri en svo, að erfiðlega gengur að manna bátaflotann, enda þótt allir togarar í landinu liggi bundnir í höfn.

Eins og áður er getið, má áætla, að af hlut sjómanna hafi verið tekið í Stofnfjársjóð og í hlutdeild í útgerðarkostnaði s. l. tvö ár um 1000 millj. króna. Lögin um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu hafa þannig bitnað harkalega á sjómönnum. Þegar ákvæði þessara laga valda því, að togaraflotinn er bundinn í höfn og hvenær sem er getur skollið á verkfall á bátaflotanum, samtímis því sem verð á fiskafurðum er nú hærra á heimsmarkaði en áður hefur þekkzt, þá eru afleiðingarnar farnar að bitna svo á þjóðinni allri, að jafnvel þeir, sem að lagasetningunni stóðu, ættu að fara að gera sér ljóst, að lögin verður að afnema.

Sjómenn hafa þó sjálfir fallizt á, að lögin verði afnumin í áföngum, og því er í frv. þessu gert ráð fyrir, að sá hluti af óskiptum afla, sem samkv. lögunum á að fara í Stofnfjársjóð og til greiðslu útgerðarkostnaðar, lækki nú þegar um helming, en falli með öllu niður um n. k. áramót.

Nd. 333. Frumvarp til laga [199. mál]

um sjúkrahús í sameign ríkis og bæjar á Akureyri.

Flm.: Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Starfrækja skal á Akureyri sem fullkomnast deildaskipt sjúkrahús, er sé að 80 hundraðshlutum eign ríkisins, en að 20 hundraðshlutum eign Akureyrarbæjar. Hlutfall rekstrarkostnaðar skal vera hið sama.

2. gr.

Í samræmi við ákvæði 1. gr. skal reisa viðbyggingu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á tímabilinu 1972—1977 og meðal annars gerðar nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu ráðherra til undirbúnings og fjáröflunar í því skyni.

3. gr.

Stefnt skal að því, að hagnýt kennsla og starfsþjálfun geti átt sér stað í sambandi við sjúkrahúsið á Akureyri með sérstöku tilliti til sérmenntunar héraðslækna og aðstoðarfólks þeirra. Kostnaður, sem leiðir af efni þessarar greinar, greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Stjórn sjúkrahússins skal skipuð 5 mönnum. Skulu 2 kjörnir af bæjarstjórn Akureyrar, 2 af sameinuðu Alþingi, en ráðherra skipar fimmta mann, sem jafnframt er formaður. Starfssvið sjúkrahússtjórnar skal markað með erindisbréfi ráðherra að fengnu samþykki bæjarstjórnar Akureyrar.

Eignaraðilar skulu gera með sér sameignarsamning, þar sem nánar er kveðið á um einstök atriði varðandi samstarf þeirra um byggingu og rekstur sjúkrahúss samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið frumvarps þessa, ef að lögum verður, er að sameina ríki og Akureyrarbæ um að koma upp sem fullkomnustu sjúkrahúsi á Akureyri fyrir árslok 1977. Er gert ráð fyrir samaðild ríkis og bæjar að byggingu og rekstri sjúkrahússins þannig, að ríkið eigi 80% hlut, en Akureyrarbær 20%.

Svo sem mörgum er kunnugt, er starfandi á Akureyri spítali, er nefnist „Fjórðungssjúkrahús". Nafnið segir þó ekki að öllu rétt til um veru þessa sjúkrahúss, því að ábyrgð af stofnun þess og rekstri er öll á herðum Akureyrarbæjar, og er stofnunin að því leyti til í reynd bæjarsjúkrahús á Akureyri. Hins vegar hefur starfssvið sjúkrahússins náð langt út fyrir mörk Akureyrarkaupstaðar, sem á því sést, að legudagar sjúklinga frá Akureyri eru að meðaltali á ári aðeins 55% af legudagafjölda, en legudagar sjúklinga, sem heima eiga utan Akureyrar, þ. e. hvaðanæva af Norður- og Austurlandi, eru 45% af legudagafjöldanum. Sum ár hefur þetta hlutfall verið 50:50.

Í reynd er því hér um að ræða bæjarsjúkrahús, sem tekið hefur að sér þjónustu við landið í heild, þjónustu, sem ríkinu ber að hafa forgöngu um. Slíkt fyrirkomulag er í senn óeðlilegt og óréttlátt og getur ekki staðið til frambúðar.

Augljós er nauðsyn þess að gerbreyta sjúkrahúsaðstöðu á Akureyri. Fjórðungssjúkrahúsið svonefnda, sem tók til starfa árið 1953, var á sínum tíma stórstíg framför í sjúkrahúsmálum, en hefur úrelzt fljótt vegna örra breytinga á sviði læknisvísinda og á gerð sjúkrahúsa yfirleitt. Er því ekki að leyna, að sjúkrahúsið á Akureyri er að ýmsu vanbúið, eins og nú er komið. Nauðsyn krefst þess, að úr þessum vanbúnaði verði bætt á næstu árum. Það er sannkölluð óheillaþróun, ef Akureyri dregst aftur úr í sjúkrahúsmálum meira en orðið er. Miklar framfarir hafa orðið í sjúkrahúsmálum höfuðborgarinnar að undanförnu, og skal það sízt eftir talið. Einnig hafa verið gerð veruleg átök í sjúkrahúsmálum annarra staða, svo sem nauðsyn ber til. En á þessum tíma hefur bilið milli Reykjavíkur og Akureyrar breikkað mjög í þessum efnum, en þrengzt á hinn veginn milli Akureyrar og ýmissa annarra staða. Þetta er óeðlilegt og hættulegt. Akureyri á að hafa forustu í sjúkrahúsmálum utan höfuðborgarinnar. Þar er hagkvæmt og skylt að reka fullkomið sjúkrahús, sem þjónað gæti stóru landssvæði. Ríkinu er skylt að stuðla að slíkri þróun, og telja flm. þessa frv. því rétt að leggja til, að ríkið hafi meginforgöngu um byggingu framtíðarsjúkrahúss á Akureyri og eigi í því og rekstri þess 80% aðild á móti 20% aðild Akureyrarbæjar. Er vilji fyrir því meðal ráðamanna bæjarins að leggja sitt af mörkum til uppbyggingar sjúkrahúsaðstöðu á Akureyri, og er rétt, að sá vilji fái að njóta sín í eðlilegu samstarfi við ríkissjóð. Ljóst er, að bæjarfélaginu er ofviða að koma upp þess háttar sjúkrahúsi, sem þörf er fyrir á Akureyri vegna almannahagsmuna norðan- og austanlands, enda fráleitt, að bæjarfélagið ráðist eitt í slíkar framkvæmdir. Hins vegar er ekki þörf bæjarsjúkrahúss á Akureyri, ef markmiði þessa frumvarps yrði náð. Flm. vilja því sameina bæ og ríki um stofnun og rekstur myndarlegs sjúkrahúss á Akureyri, er starfaði að öllu sem sameignarfyrirtæki með sérstakri stjórn, svo sem gert er ráð fyrir í frv.

Sérmenntun héraðslækna.

Eitt nýmæli er í frv. þessu, sem ástæða er til að geta sérstaklega. Í 3. gr. þess er ákvæði um það, að stefnt skuli að því, að hagnýt kennsla geti átt sér stað í sambandi við sjúkrahúsið á Akureyri með sérstöku tilliti til sérmenntunar héraðslækna og aðstoðarfólks þeirra. Svo sem kunnugt er, eru góðir spítalar öðrum þræði kennslustofnanir. Góður spítali á Akureyri getur orðið kennslustofnun ekki síður en hver annar. Æskilegt kynni þó að vera að marka honum ákveðið svið að þessu leyti. Þess skal getið, að kunnugir menn hafa látið svo um mælt við flm. þessa frv., að kennsluhættir í læknisfræði og þjálfun læknisefna hér á landi sé þess eðlis, að sízt muni af leiða hvatningu til héraðslæknisstarfa. Sé þetta rétt, er hér um svo alvarlegan ágalla á kennslufyrirkomulagi að ræða, að ekki er hægt að horfa fram hjá honum. Hver hugsandi maður hlýtur að gera sér grein fyrir því, að sérfræðikennslu til ákveðinna starfa er fyrst og fremst haldið uppi í landinu til þess að tryggja landsmönnum — þjóðinni í víðtækum skilningi — tiltekna nauðsynjaþjónustu. Háskóli er að sjálfsögðu hvort tveggja í senn vísindastofnun og hagnýt kennslustofnun. Háskóla Íslands er því ætlað að þjálfa menn til tiltekinna nauðsynjaverka, sem inna þarf af hendi í almannaþágu á Íslandi. Læknadeild Háskóla Íslands er beint framhald af Læknaskólanum gamla, og engum getur blandazt hugur um, að markmið þess skóla var nær einvörðungu að sjá Íslendingum fyrir því, að í landi þeirra væru tiltækir menn, sem vildu gegna læknisstörfum meðal fólksins í landinu. Þessi megintilgangur með innlendri læknakennslu hefur ekki breytzt. Það er því nokkuð hörð ásökun, ef rétt reynist, að starfsþjálfun læknisefna gangi samkvæmt eðli sínu gegn þessu markmiði! Flm. þessa frv. hafa ekki skilyrði til þess að meta til fulls réttmæti þessarar ásökunar í garð starfsþjálfunar lækna nú um sinn. Hitt telja þeir eðlilegt, að einskis sé látið ófreistað til þess að tryggja það, að læknakennsla fari þannig fram, að kandidatar frá ríkisreknum læknaskóla séu fræðilega og siðferðilega sæmilega undir það búnir að sinna þeim störfum í starfsgrein sinni, sem þjóðinni er mest nauðsyn á hverju sinni. Nú er það staðreynd, að mikill læknaskortur er hér á landi og víða neyðarástand í heilbrigðismálum. Ástæðan er ekki einvörðungu sú, að fáir hljóti læknismenntun hér á landi, heldur allt eins af því, að læknislærðir menn staðfestast illa hérlendis og ílendast annars staðar. Sérstaklega ber á skorti almennra heimilislækna í þéttbýli og á héraðslæknisleysi úti um byggðir landsins.

Auka þarf veg héraðslæknisstarfanna og hinna almennu læknisstarfa með sérstakri þjálfun stúdenta til slíkra starfa, framar því, sem verið hefur. Varla þyrfti það að kosta óyfirstíganlega erfiðleika eða umbrot á sviði lækniskennslu í landinu. Nú eiga sér stað miklar umræður um endurbætur og nýskipan háskólanáms hér á landi sem annars staðar. Að líkindum verður lækniskennslan ekki útundan í þeim umræðum, og vonandi hafa sérfræðingar þolinmæði til þess að hlusta á raddir manna, sem af einlægni vilja vinna að því, að menntun lækna sem önnur menntun komi að sem mestum notum fyrir land og lýð.

Við flm. teljum það framkvæmanlegt, að öðru jöfnu, að efla Akureyrarspítala sem kennslustofnun. Við leggjum til, að í þeirri kennslustofnun verði lögð aðaláherzla á sérmenntun og starfsþjálfun héraðslækna. Yrði þá vart hjá því komizt að stofna í þessu skyni sérstakan kennslustól, lektors- eða prófessorsstöðu, sem að sjálfsögðu yrði á vegum Háskóla Íslands. Mikil nauðsyn er á því að þjálfa aðstoðarfólk héraðslækna, karla og konur, sem ætlað væri að vinna með héraðslæknum og undir þeirra stjórn að ýmsum heilsugæzlu- og skrifstofustörfum. Má vel hugsa sér, að víða um sveitir væru sérstakir umboðs- og aðstoðarmenn lækna, sem fólk gæti leitað til með ýmis minni háttar erindi, að ekki sé minnzt á menn, sem þjálfaðir eru í fyrstu hjálp, ef slys ber að höndum. Þar eð þörf er á slíkum hjúkrunarliðum víða um land, er æskilegt, að komið verði upp námskeiðum, er þjálfi menn til slíkra starfa. Er það tillaga okkar flm., að sjúkrahúsinu á Akureyri verði í framtíðinni falið að annast þess háttar kennslu.

Ed. 334. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18/1970, um eftirlaun til aldaðra félaga í stéttarfélögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um, að nauðsyn beri til, að lögum þeim, sem frv. fjallar um, verði breytt í þá átt, sem það gerir ráð fyrir. Nefndinni hefur einnig borizt vitneskja um, að mál þetta er nú í sérstakri athugun hjá fulltrúum ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Í samræmi við þetta ályktar nefndin eftirfarandi:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi það, sem nú situr, frv. til breytinga á lögum nr. 18/1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem feli í sér viðunandi breytingu á þeim ákvæðum laganna, sem frv. fjallar um, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, leggur nefndin til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 2. febr. 1970.

Jón Árm. Héðinsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Björn Jónsson, frsm.
Axel Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Ólafur Björnsson.	

Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um 10 ára áætlun um ráðstafanir til að binda enda á vanþróun Íslands í vegamálum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson, Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ólafur Jóhannesson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að láta svo fljótt sem unnt er og ekki síðar en fyrir árslok 1972 gera sundurliðaða kostnaðaráætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á árunum 1973—82, eða á skemmri tíma, ef fært þætti, enda sé í áætluninni miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkv. 12. og 13. gr. vegalaga, nr. 71 30. des. 1963, sbr. l. nr. 98 1970. Jafnframt lýsir Alþingi yfir þeim vilja sínum, að eftir að gerð 10 ára áætlunarinnar er lokið, skuli gerð og viðhald þjóðvega þannig fjármögnuð, að tekin verði ríkislán til að byggja upp hraðbrautirnar og þær þjóðbrautir, sem mest umferðarálag er á, og þannig endurgreidd þau gjöld, sem ríkissjóður hefur tekið eða tekur í sinn hlut af umferð á vegum, en kostnaður við uppbyggingu annarra þjóðvega svo og viðhald og stjórn vegamála greitt úr vegasjóði, þ. e. af fé því, sem innheimt er til vegagerðar samkv. vegalögum. Framkvæmdaröð í áætluninni verði við það miðuð, að landsbyggð haldist og eflist, svo og æskilegt jafnvægi milli landshlutanna, og að sem fyrst verði dregið úr þeim kostnaði við bifreiðarekstur landsmanna í heild, sem ástand veganna hefur áhrif á. Kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þó að miklar framfarir hafi orðið hér á landi í seinni tíð á ýmsum sviðum, er Ísland enn þá vanþróað land í vegamálum. Landið er stórt og vegalengdir miklar

miðað við fólksfjölda, og síðasta áratuginn a. m. k. hefur ekki verið fylgt þeirri stefnu að verja öllum tekjum af umferðinni til þess að koma vegakerfinu í nútímahorf. Vegasjóður fær að vísu í sinn hlut síðan 1963 tekjurnar af benzínskatti, bifreiðaskatti og gúmmígjaldi, en innflutningsgjöld af bifreiðum og bifreiðavörum svo og leyfisgjöld hafa runnið í ríkissjóð. Skýrt hefur verið frá því á Alþingi og staðfest af Félagi ísl. bifreiðaeigenda, að þessar tekjur af umferðinni, sem runnið hafa í ríkissjóð, hafi fyrir einu ári eða svo numið samtals um 4000 millj. kr. öll árin, sem hér er um að ræða, og nemi nú árlega nokkrum hundruðum milljóna. Ekki er þess að vænta, að ríkissjóður geti endurgreitt þessa upphæð með skjótum hætti eða að fjármálastjórn ríkisins sé reiðubúin til að afhenda vegasjóði umrædd tolla- og leyfisgjöld þegar á næstunni, enda kann það að vera einhverjum vandkvæðum bundið í framkvæmd að greina á milli tolla í þessu sambandi. Hitt mun betur framkvæmanlegt, að ríkissjóður taki að sér tiltekinn hluta af vegakerfinu, afli lánsfjár til langs tíma til framkvæmdanna, standi síðan straum af afborgunum og vöxtum framvegis og greiði þannig á nokkuð löngum tíma meira eða minna af skuld sinni við „umferðina", svo og það, sem í hans hlut kemur af gjöldum af umferðinni. Ætti þá ríkissjóður að taka að sér þann hluta vegakerfisins, sem nú er talið að hægt sé að fá lán til erlendis — þó að nokkuð af fénu fáist vonandi innanlands —, og er þar samkvæmt upplýsingum stjórnarvalda einkum um hraðbrautirnar að ræða, en lántökumöguleikarnir byggjast á því, að talið er af sérfróðum mönnum erlendum og innlendum, að fjármagn, sem lagt sé í hraðbrautirnar, skili álitlegum hagnaði, þegar tekinn er með í reikninginn sá sparnaður í viðhaldi og rekstri bifreiða, sem uppbygging hraðbrauta með endingargóðu slitlagi mundi hafa í för með sér.

Samkvæmt skýrslum Vegagerðar ríkisins var flokkun og lengd þjóðveganna sem hér segir í árslok 1969:

Hraðbrautir	324.4 km
Þjóðbrautir	2756.3 —
Landsbrautir	5621.0 —
Þjóðvegir í þéttbýli	97.8 —
Samtals	8809.5 km

Þjóðvegir í þéttbýli skiptast milli aðalflokkanna þriggja. Til þeirra er varið tilteknum hluta af tekjum vegasjóðs samkvæmt V. kafla vegalaganna frá 1963. Samanlögð lengd sýsluvega var í árslok 1969 2571 km, og fá sýsluvegasjóðir tekjur í héruðum og einnig samkvæmt IV. kafla vegalaganna frá 1963, sbr. lög nr. 98 frá 1970.

Nauðsyn ber til að gera sér grein fyrir því, hve stórt það viðfangsefni er, sem þjóðin tekur sér fyrir hendur, ef hún færist það í fang að koma þjóðvegakerfinu í heild í viðunandi horf og þar með gera þá hringbraut um landið, sem að jafnaði mætti teljast fær árið um kring, sbr. t. d. ályktun kjördæmisþings framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi eystra, sem gerð var í öndverðu eftir tillögu Jóns Sigurðssonar á Yztafelli, um slíka „hringbraut". Í þessari tillögu er gert ráð fyrir, að þetta viðfangsefni verði leyst af hendi á 10 árum og sá árafjöldi verði lagður til grundvallar við áætlunargerð, sem ríkisstjórnin feli Vegagerð ríkisins að framkvæma, þannig að áætlunargerðinni verði lokið fyrir árslok 1972. Áætlunin ætti því samkvæmt tillögunni að fjalla um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á árunum 1973—1982, að báðum meðtöldum, og er nánar um það fjallað í tillögunni, hvaða gerð vega skuli miða við. Sýnist þá rétt að miða við þá gerð vega, sem gert er ráð fyrir í gildandi vegalögum og reglugerðum samkvæmt þeim lögum.

Tillagan fjallar einnig um það, sem fyrr var að vikið í þessari greinargerð, að ríkissjóður taki að sér hluta vegakerfisins. Er þar gert ráð fyrir viljayfirlýsingu

Alþingis um fjármögnun 10 ára áætlunarinnar, þannig að fjár til hraðbrautanna verði aflað með töku lána til langs tíma, sem ríkissjóður, en ekki vegasjóður, standi straum af. Rétt þykir að athuguðu máli, að ríkislán verði einnig tekin til þeirra þjóðbrauta, þar sem umferðarálag er mest, og yrðu mörkin þá væntanlega nánar tiltekin í áætluninni. Eru þá m. a. hafðir í huga vegir, sem nefna má „framleiðsluvegi". Mikill hluti þjóðbrautanna og landsbrautirnar mundu þá koma í hlut vegasjóðs, svo og vegaviðhaldið og stjórn vegamála. Varðandi það, sem sagt er í tillögunni um röðun vega í áætlun, má m. a. telja eðlilegt, að sérstakt tillit verði tekið til landshluta, þar sem algengt er, að þjóðvegir teppist af snjó eða miklu fé þarf nú að verja til snjómoksturs flest ár.

Um það er erfitt að spá nú, hver muni verða heildarupphæð slíkra tíu ára áætlana sem hér er um að ræða í krónum talin, enda er verðlag óstöðugt hér á landi. Maður, sem er vel að sér í vegamálum, gizkaði á 8—10 milljarða á opinberum fundi nýlega, miðað við nokkrar tilgreindar forsendur og núverandi verðlag. Ætla má, að sú upphæð reynist fremur of lág en of há. En geta má þess til samanburðar, að niðurstöðutala fjárlaga ríkisins fyrir árið 1971 er ca. 11.5 milljarðar og er vegasjóðurinn (nál. 900 milljónir) í þeirri tölu.

Tillögu svipaðs efnis fluttu flutningsmenn þessarar tillögu á Alþingi 1967, og náði hún þá ekki fram að ganga. En fyrr eða síðar verður Alþingi og þjóðin að horfast í augu við það viðfangsefni, sem fram undan er í vegamálum, og gera upp við sig, hvað viðunandi sé og fært í þessum efnum. Það er vandræðaleið að bæta við bifreiðagjöldin hækkun á hækkun ofan án þess að geta jafnframt gert grein fyrir því, að hægt sé að ná viðunandi takmarki og hvenær vænta megi, að það takist.

Ed. 336. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (ÓB, AJ, JÁH, SvG).

1. gr. frv. orðist svo:

Nú er í lögum heimilað að innheimta fyrir fram upp í opinber gjöld á fyrstu 6 mánuðum byrjaðs árs 50% af gjöldum næstliðins árs. Hækka má þann hundraðshluta með úrskurði fjármálaráðuneytisins þannig, að í stað 50% megi innheimta allt að 60% fyrir árið 1971.

Nd. 337. Frumvarp til laga [201. mál]

um kjarabætur aldraðra.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason.

1. gr.

Markmið laga þessara er að bæta efnaleg kjör aldraðra, styðja sjálfsbjargarvilja þeirra og draga úr tekjumismun á efri árum fólks.

2. gr.

Hafi skattgreiðandi, sem eigi nýtur lífeyrissjóðsréttinda, náð 70 ára aldri, skal til viðbótar öðrum frádrætti draga sérstaklega frá tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er á lagt, 60 þús. kr., ef hann er einhleypur, en a. m. k. 90 þús. kr., ef hann á maka á lífi.

3. gr.

Nú nýtur kvæntur eða giftur lífeyrisþegi, sem orðinn er 70 ára, ekki annars lífeyris en eftir almannatryggingalögum og hefur litlar eða engar vinnutekjur, og skal hann þá taka lífeyri, sem svarar til fulls hjónalífeyris, þótt maki hafi ekki náð 67 ára aldri, enda hafi maki ekki vinnutekjur að marki.

Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. almannatryggingalaga um skiptingu á viðbótarlífeyrisgreiðslum (uppbótum) milli sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða viðbótarlífeyri, er nemur fullum ellilífeyri einstaklings, hjónum, sem orðin eru 70 ára, hafa ekki vinnutekjur að marki og eru ekki félagar í lífeyrissjóði.

Heimilt er, að ákvæði þessarar greinar nái til fólks, sem lengi hefur búið saman sem hjón væru.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Ákvæði laga þessara skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1972.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flm. þessa frv. hafa á undanförnum árum flutt frv. til laga um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðs fólks, sem ekki er í lífeyrissjóði. Fjallar 2. gr. þessa frv. um það efni, og er því enn um endurflutning málsins að ræða að þessu leyti.

Um markmið laganna segir svo í 1. gr. frv., að þeim sé ætlað að bæta efnaleg kjör aldraðra, styðja sjálfsbjargarvilja þeirra og draga úr tekjumismun á efri árum fólks.

Í 2. gr. felst það, að öldruðu fólki, sem nýtur ekki lífeyrissjóðsréttinda, er ívilnað í sköttum og útsvörum eftir sjötugt. Meginröksemdin er sú, að þessu fólki yrði þá auðveldara að leggja fyrir til síðustu æviára sinna nokkurt sparifé, sem yrði því ómetanleg stoð og til öryggis afkomu þess, þegar starfsævi hlýtur óhjákvæmilega að ljúka, þótt annars endist líf og heilsa, auk þess sem slík ívilnun er fullkomlega sanngjörn með tilliti til hinnar miklu rýrnunar peningagildis á undanförnum árum, sem hvað harðast kemur niður á öldruðu fólki, sem leitazt hefur við að spara til elliáranna. Ef ákvæði 2. gr. yrði lögfest, er á virkan hátt komið til móts við sjálfsbjargarvilja aldraðs fólks, aðallega þess hluta aldraðra, sem vinnur enn fyrir sér á almennum vinnumarkaði og hefur því talsverðar vinnutekjur og þarf að vinna vegna þess, að það hefur annars ekki af öðru að lifa en naumum ellilífeyri almannatrygginga. Ekki mun þetta ákvæði hafa neina úrslitaþýðingu fyrir tekjumöguleika hins opinbera, því að hvort tveggja er, að ekki er hægt og varla sæmandi að reisa verulega tekjuvon á skattlagningu gamalmenna, og slíkur stuðningur við sjálfsbjargarviðleitni hinna öldruðu dregur úr þörfinni á beinni opinberri aðstoð við aldrað fólk. Hér er því í rauninni um að ræða sérstakt form félagslegra aðgerða í þágu aldraðra og má skoða í því ljósi.

Í 3. gr. frv. er m. a. nýmæli, sem hefur ekki verið rætt áður opinberlega, að því er flm. bezt vita. Er þar gert ráð fyrir því, að lífeyrisþegi, sem tekur lífeyri samkv. almannatryggingalögum, orðinn er 70 ára og hefur litla sem enga vinnu né heldur maki hans, skuli fá sem svarar fullum hjónalífeyri, enda þótt makinn hafi ekki náð 67 ára aldri. Hér er það öðru fremur haft í huga, að venjulega er eiginmaðurinn „fyrirvinna“ heimilis og margar eiginkonur vinna ekki utan heimilis, enda oft svo, að þær eiga þess ekki kost eða telja sig ekki færar um það. Ef miseldri er með hjónum, einkum ef það er á þann veginn, að „fyrirvinnan“ er að mun eldri, þá reynist oft svo, að heimilistekjurnar verða ekki aðrar en ellilífeyrir hans, einstaklingslífeyrir, samkv. almannatryggingalögum. Er svo ástatt um fjölda fólks

í landinu, að það hefur ekki úr öðru að spila en þessum afar naumu tekjum. Það merkir, að mánaðarlaun hjónanna eru þá kr. 4900.00, og er augljóst, að af því einu verður ekki lifað eðlilegu lífi. Á meðan ekki er leitað annarra úrræða, t. a. m. þeirra, að allir landsmenn séu í lífeyrissjóði, yrði það veruleg kjarabót fyrir það fólk, sem hér um ræðir, að fá fullan hjónalífeyri, sem er kr. 8820.00 á mánuði. Þetta er vel framkvæmanlegt og ber að gera sem lágmarksviðleitni af hálfu þjóðfélagsins til þess að draga úr því ægilega tekjumisræmi, sem ríkir milli aldraðs fólks eftir því, hvort það hefur átt þess kost að gerast félagar í lífeyrissjóði eða ekki.

Þá er það nýmæli í 3. gr. frv., að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að greiða úr sjóði sínum verulegan viðbótarlífeyri öldruðum hjónum, sem eru ekki í lífeyrissjóði, og kæmi í því tilviki ekki til nein skipting milli sveitarfélags og ríkisins um uppbót á lífeyrinn, svo sem gert er ráð fyrir í 21. gr. almannatryggingalaga, né heldur ráðslag og reiptog milli sveitaryfirvalda og ríkisins um uppbætur. 21. gr. almannatryggingalaga er, að skoðun flm., varla í samræmi við nútímahugsunarhátt, heldur lyktar hún öll af gamla sveitarstyrkjafyrirkomulaginu og ölmusugjöfum til fátækra. Framkvæmd hennar hlýtur að leiða af sér sálarlausa skriffinnsku hjá hinu opinbera og hreina niðurlægingu fyrir aldrað fólk, sem neyðist til þess að leita kjarabóta á þessum grundvelli.

Flm. gera sér fulla grein fyrir því, að framkvæmd þessara hugmynda kann að vera einhverjum vanda bundin, en varla meiri en mörg önnur lagaframkvæmd á sviði tryggingamála. Við gerum ráð fyrir því, að ráðherra setji reglur um framkvæmd ákvæða 3. gr., enda verður svo að vera. Rétt þótti okkur, að heimilt væri að láta ákvæði 3. gr. ná til fólks, sem lengi hefur búið saman sem hjón væru.

Nd. 338. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er þess efnis, að hámarkslán úr fiskimálasjóði megi vera 600 000.00 kr. í stað 400 000.00 kr.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 4. febr. 1971.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Guðlaugur Gíslason.	Jón Skaftason.	Lúðvík Jósefsson.
	Björn Pálsson.	

Sþ. 339. Nefndarálit [81. mál]

um till. til þál. um varnir gegn sígarettureykingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þessa tillögu til athugunar og er sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

IV. töluliður tillögunnar orðist þannig:

Athugaðir verði möguleikar á að stofna „opnar deildir" (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.

Alþingi, 4. febr. 1971.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Friðjón Þórðarson.	Jónas Árnason.	Gísli Guðmundsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Ed. 340. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Því fer fjarri, að mál þetta sé nýtt af nálinni hér á þingi. Það kom fyrir þingið í fyrra og hittiðfyrra, einnig árið þar áður. En aldrei hefur Alþingi afgreitt það, heldur látið það æ ofan í æ daga uppi. Venjulega hefur það verið samþykkt í þeim stofnunum þingsins, sem fjallað hafa um það. Þannig var málið samþykkt hér í efri deild tvö undanfarandi ár.

Enn er það á ferðinni og nú stutt þeim rökum umfram það, sem áður hefur verið, að hreppsnefnd Dyrhólahrepps leggur fram einróma meðmæli með samþykkt þess.

Sú saga, sem liggur að baki þessu máli, er svo margrakin í þingskjölum, að óþarfi er að endurtaka hana í þessu nefndaráliti. En meiri hluti nefndarinnar færir það fram sem rök gegn söluheimild ríkissjóðs á Holti, að bóndinn í Álftagróf telji búskap sínum á þeirri jörð stefnt í mikinn voða, verði Holt selt. Nú er ekki vitað til, að sá bóndi hafi neinar nytjar af Holtsjörðinni, þvert á móti hefur Jóhanna Sæmundsdóttir nytjar af Holti, sem fyrrum var hennar eignarjörð og hún eða hennar börn hafa alltaf síðan haft til leiguafnota, nema það tímabil, sem jarðeignadeild ríkisins hindraði þau afnot með lögbanni, sem síðar var hrundið með dómi.

Minni hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 3. febr. 1971.

Karl Guðjónsson, frsm.	Páll Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.

Ed. 341. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og sent það til umsagnar jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins og landnámsstjóra. Jarðeignadeildin mælir með sölu jarðarinnar, en landnámsstjóri vill fresta afgreiðslu málsins og að fram fari athugun á því, hvort ekki sé rétt að skipta umræddri jörð á milli jarðanna Bessatungu og Fremri-Brekku. — Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps mælir hins vegar með sölu jarðarinnar, eins og frumvarpið felur í sér.

Landbúnaðarnefnd mælir einróma með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 3. febr. 1971.

Steinþór Gestsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Páll Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.	Karl Guðjónsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Ed. 342. Frumvarp til laga [202. mál]

um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Flm.: Jón Árnason, Björn Jónsson, Ásgeir Bjarnason, Axel Jónsson, Gils Guðmundsson, Jón Þorsteinsson.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó skal bönnuð öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa (en með því er átt við svæði innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 6 sjómílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að bönnuð verði öll veiði með dragnót, flotvörpu og botnvörpu í Faxaflóa, en þar er, svo sem kunnugt er, ein helzta uppeldisstöð ungfisks, sem um getur við strendur landsins.

Þó að frumvarp það, sem hér um ræðir, nái aðeins til Faxaflóa, væri þess vissulega þörf, að slíkar ráðstafanir væru einnig gerðar víðs vegar í flóum og fjörðum við strendur landsins, þar sem vitað er, að um uppeldisstöðvar ungfisks er að ræða.

Eftir að landhelgin var færð út í 4 sjómílur frá yztu annesjum og flóar og firðir voru friðaðir fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum, var þess ekki langt að bíða, að fiskimagnið ykist þar. Samfara því kom það einnig til, að veiðarnar og hið góða hráefni nýttist á allan hátt betur.

Þessi hagstæða þróun fiskveiðanna í Faxaflóa stóð því miður skamma stund. Það leið ekki langur tími, eftir að dragnótaveiðarnar hófust að nýju í flóanum, þar

til þess fór að verða vart, að fiskimagnið fór hraðminnkandi. Er nú svo komið, að heita má, að í Faxaflóa sé fiskilaust á flestum tímum árs, a. m. k. á móts við það, sem áður átti sér stað.

Hér hefur því sagan endurtekið sig. Á meðan dragnóta- og botnvörpuveiðarnar nutu ávaxtanna af friðunartímabilinu, gáfu þessar veiðar að vísu góða raun. En brátt komu í ljós áhrifin af rányrkjunni og því skýrar sem lengra hefur liðið. Er nú svo komið, að veiðar þessar hafa ekki rekstrargrundvöll og hafa því orðið að njóta styrks úr aflatryggingasjóði.

Eins og oft hefur verið bent á, er hættan af dragnóta- og botnvörpuveiðunum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflóinn er ekki einvörðungu fólgin í veiði nytjafiska, heldur miklu fremur í hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem vitað er að veiðum þessum fylgir.

Það tjón, sem landsmönnum er búið af þessum veiðum í Faxaflóa, verður ekki með tölum talið. Þetta tjón tekur einnig til fleiri en þeirra, sem við flóann búa eða þar í nánd. Fiskurinn, sem fær frið og næði til að vaxa upp í Faxaflóa, dreifist, er hann stækkar, um öll fiskisvæði við strendur landsins. Hér er því mikið í húfi og áríðandi, að því verði ekki lengur á frest skotið að gera þær ráðstafanir, sem einar geta að gagni komið, en það er að banna með öllu þær veiðar, sem hér um ræðir.

Oft hefur verið um það rætt, að endurskoða þurfi lögin um dragnótaveiðar og fá álit fiskifræðinga um þá hættu, sem hér er talin eiga sér stað varðandi fiskistofnana. Það er hins vegar álit flutningsmanna þessa frumvarps, að of seint sé að ljúka þeirri endurskoðun eða fá álit fiskifræðinganna, þegar hver fiskur hefur verið drepinn á grunnmiðum í Faxaflóa.

Það er alkunna, að veiðar þær, sem hér um ræðir, voru á sínum tíma leyfðar í skjóli þess, að vísindamenn og fiskifræðingar hefðu vakandi auga með þeirri þróun, sem ætti sér stað. Nú hefur hins vegar komið í ljós og verið upplýst með tölum, sem ekki verður um villzt, hvert stefnir með ýsustofninn í Faxaflóa. Má í því sambandi benda á bréf og skýrslu Útvegsmannafélags Akraness, sem sent var til Fiskifélags Íslands 23. nóvember s. l. Er þar um nákvæmt yfirlit að ræða, sem nær yfir níu haustvertíðir landróðrabáta frá Akranesi. Skýrsla þessi, sem hér er prentuð sem fylgiskjal, talar skýru máli og upplýsir þann voða, sem við blasir, ef enn verður daufheyrzt við að gera þær ráðstafanir, sem með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði.

Fylgiskjal.

Akranesi, 23. nóvember 1970.

Fiskifélag Íslands, Reykjavík.

Skv. athugun, sem Útvegsmannafélag Akraness hefur látið gera á ýsuafla landróðrabáta á Akranesi á haustvertíðum frá 1960 til 1969, kemur greinilega í ljós ískyggileg þróun á ýsustofninum í Faxaflóa. Eftirfarandi skýrsla sýnir óumdeilanlega þessa þróun:

1960	.....	159 080	kg	64	róðrar	=	2.5	tonn í	róðri
1961	.....	332 496	—	138	—	=	2.4	—	— —
1962	.....	246 990	—	67	—	=	3.7	—	— —
1963	.....	105 440	—	32	—	=	3.3	—	— —
1964	.....	223 870	—	89	—	=	2.5	—	— —
1965	.....	510 680	—	254	—	=	2.0	—	— —
1966	.....	381 780	—	192	—	=	2.0	—	— —
1967	.....	103 200	—	56	—	=	1.8	—	— —
1968	.....	116 330	—	163	—	=	0.7	—	— —
1969	.....	206 410	—	252	—	=	0.8	—	— —

Eins og kemur fram í skýrslu þessari, snýst dæmið við eftir 1962. Frá því ári minnkar ýsuaflinn stöðugt, þó að um þverbak keyri síðustu 2—3 árin, og virðist vera að nálgast þá eymd, sem var, áður en Faxaflóa var lokað um 1950.

Við teljum, að dragnótin og síðar trollið eigi sök á þessu og að þessi veiðarfæri eigi að banna hér í Faxaflóa, enda er viðurkennt, að Faxaflói sé ein mesta uppeldisstöð ýsunnar.

Við viljum spyrja, hver stjórni þessu háttalagi. Er það Hafrannsóknastofnunin eða einhver annar aðili? Væri vissulega gott að fá ákveðin svör við því.

Að lokum viljum við geta þess, að svo til vonlaust er að gera út á línu héðan nú í haust vegna hreinnar ördeyðu, og kennum við áðurnefndri þróun um það.

Virðingarfyllst,

Útvegsmannafélag Akraness.

Nd. 343. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til laga um skólakerfi.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 2. gr. Í stað „grunnskólinn“ komi: þjóðskólinn.
Annars staðar í frv. komi alls staðar orðið þjóðskóli í stað „grunnskóli“.

Nd. 344. Breytingartillaga [185. mál]

við frv. til laga um grunnskóla.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað „grunnskólinn“ komi: þjóðskólinn.
Annars staðar í frv. komi alls staðar orðið þjóðskóli í stað „grunnskóli“.

Nd. 345. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til laga um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Frá Jónasi Árnasyni og Magnúsi Kjartanssyni.

Við 2. gr. Aftan við 1. tölulið bætist:
Skulu áætlanir við það miðaðar, að aðstoð Íslendinga við þróunarlöndin aukist í áföngum og nemi 1% af þjóðartekjum þeirra eftir 10 ár.

Ed. 346. Frumvarp til laga [203. mál]

um Hagstofnun launþegasamtakanna.

Flm.: Ólafur Björnsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Komið skal á fót, þegar skilyrðum þeim, sem lög þessi kveða á um, er fullnægt, stofnun, er nefnist Hagstofnun launþegasamtakanna.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera stjórnum launþegasamtaka þeirra, er aðild hafa öðlazt að stofnuninni, sbr. 3. gr., til ráðuneytis um efnahagsmál, einkum þá þætti þeirra, er snúa að kjaramálum og öðrum málefnum vinnumarkaðarins. Skal stofnunin jöfnum höndum vinna að tillögum og áætlanagerðum, eftir því sem slíks kann að verða óskað af aðilum hennar, svo og að upplýsingasöfnun og rannsóknum í þeim mæli, sem slíkum verkefnum er ekki sinnt af öðrum stofnunum, svo að fullnægjandi sé að dómi þeirra, sem ákvarðanir taka um störf stofnunarinnar. Einnig getur stjórn stofnunarinnar ákveðið henni verkefni.

3. gr.

Aðild að stofnun þessari geta eftirfarandi heildarsamtök launþega öðlazt, enda sé fullnægt ákvæðum 5. gr. um fjárframlög af þeirra hálfu til stofnunarinnar: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Samband íslenzkra bankamanna.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal jafnaðarlega skipuð 5 mönnum. Skal einn tilnefndur af fjármálaráðherra, en aðrir aðilar stofnunarinnar tilnefna hver sinn stjórnarmann. Nú óska einhverjir þeirra, er aðild geta átt að stofnuninni skv. 3. gr., ekki eftir að notfæra sér þann rétt, og skal þá fækka í stjórninni sem því nemur. Eigi skal stofnunin þó starfa, nema stjórn hennar geti verið skipuð þrem mönnum hið fæsta.

Stjórn stofnunarinnar ræður henni starfslið og hefur yfirumsjón með rekstri hennar. Hún ákveður einnig, í hvaða röð þeim verkefnum skuli sinnt, er einstök launþegasamtök leita með til stofnunarinnar.

Stjórninni er skylt að leggja árlega fyrir fjárveitinganefnd í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga áætlun um kostnað við rekstur stofnunarinnar fyrir næsta fjárlagaár.

5. gr.

Kostnaður við rekstur stofnunarinnar greiðist að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅓ hluta af samtökum þeim, sem aðild eiga að stofnuninni. Kostnaði þeim, sem samtökin standa straum af, skal skipt milli þeirra í hlutfalli við tekjur þeirra af framlögum frá meðlimum sínum eða aðildarfélögum.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar er minnst tvö þeirra fjögurra heildarsamtaka launþega, er skv. 3. gr. eiga rétt á aðild að stofnuninni, hafa tjáð sig fús til þess að leggja fram ⅓ af kostnaði við rekstur stofnunarinnar. Að öðru leyti öðlast lögin þegar gildi.

Greinargerð.

Hugmyndinni um Hagstofnun launþegasamtakanna mun fyrst hafa verið hreyft á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja haustið 1964, og var á þinginu sam-

þykkt ályktun um það, að stjórn bandalagsins skyldi vinna að því í samvinnu við önnur launþegasamtök að koma stofnuninni á fót. Ekki varð þó af framkvæmdum í því efni að því sinni, og mun þar mestu hafa valdið um, að önnur launþegasamtök sýndu málinu ekki verulegan áhuga.

Þó að fyllilega hefði verið tímabært að dómi okkar flutningsmanna að koma slíkri stofnun á fót þá, hefur þróun mála síðan gert slíkt enn þá meira aðkallandi. Tilgangur slíkrar stofnunar verður auðvitað fyrst og fremst sá, að inna af hendi þjónustustarfsemi fyrir launþegasamtökin og verða þannig tæki í hagsmunabaráttu þeirra. Verður og að telja, að í iðnvæddu þjóðfélagi sé sérfræðileg aðstoð í efnahagsmálum samtökunum brýn nauðsyn. Á hinum Norðurlöndunum verja launþegasamtökin, ekki sízt verkalýðssamtökin, miklum fjármunum til slíkrar aðstoðar. Í Danmörku eru t. d. sex hagfræðingar í fullu starfi á vegum danska Alþýðusambandsins.

Nú má segja sem svo, að það sé launþegasamtakanna sjálfra að kosta slíka þjónustustarfsemi í eigin þágu, enda mun svo vera annars staðar á Norðurlöndum. En fjárráð íslenzkra launþegasamtaka eru svo takmörkuð, að þess yrði óhjákvæmilega langt að bíða, að þau yrðu slíks megnug. Má og vekja athygli á því í þessu sambandi, að hér á landi eru starfandi stofnanir í þágu helztu atvinnuveganna, sem telja má hagstofnanir þeirra, þó að þær gegni einnig öðrum hlutverkum. Er hér átt við Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Iðnaðarmálastofnunina. Eru þessar stofnanir kostaðar að öllu leyti af ríkinu, en í þessu frv. er þó gert ráð fyrir verulegu framlagi til slíkrar stofnunar í þágu launþegasamtakanna frá samtökunum sjálfum.

Þá er og rétt að vekja athygli á því, að enda þótt hér sé um að ræða þjónustustofnun í þágu launþegasamtakanna og þeim sé ætlað að ráða verkefnum hennar, þá ætti það einnig að vera í þágu opinberra aðila, að slíkri stofnun yrði á fót komið. Það er að vísu ekki hlutverk hennar að móta stefnu samtakanna, heldur að vera tæki til þess að auðvelda framkvæmd þeirrar stefnu, sem mótuð er af þeim eða fulltrúum þeirra. En hið opinbera og hagsmunasamtök launþeganna hljóta að hafa margvísleg samskipti í nútímaþjóðfélagi, og það hlýtur að torvelda mjög alla hagstjórn, svo að ekki sé meira sagt, ef sambúð þessara aðila er slæm. Stofnun sú, sem hér er lagt til að á fót verði komið, gæti átt góðan þátt í því, að samskipti þessara aðila verði á málefnalegri grundvelli en ella, enda þótt starfsemi hennar komi að sjálfsögðu ekki í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Það skal tekið fram, að við flm. litum svo á, að starfsemi þeirrar stofnunar, er hér um ræðir, grípi á engan hátt inn í starfssvið Kjararannsóknarnefndar, sem að undanförnu hefur starfað á vegum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Sú nefnd vinnur að söfnun upplýsinga um ákveðnar staðreyndir og úrvinnslu þeirra, en meginverkefni Hagstofnunar launþegasamtakanna yrði tillögu- og áætlanagerð.

Ekki vakir heldur fyrir okkur, að stofnun þessi sé á neinn hátt sett til höfuðs þeim stofnunum, er að svipuðum verkefnum starfa á vegum hins opinbera, svo sem Efnahagsstofnuninni og Hagdeild Seðlabankans. Þvert á móti getur góður árangur af starfsemi Hagstofnunarinnar oft verið því mjög háður, að gott samstarf geti tekizt við þessar opinberu stofnanir. Hitt ætti að vera skiljanlegt, að nokkurrar tortryggni hefur jafnan gætt af hálfu launþegasamtakanna í garð þessara opinberu stofnana, sem þau telja stjórnað af aðilum, sem andstæðra hagsmuna eigi að gæta. Ef samtökin hins vegar eiga aðgang að eigin sérfræðingum, er gæta eiga hagsmuna þeirra, gæti slíkt í mörgum tilvikum eytt tortryggni og auðveldað málefnalegri samskipti hins opinbera og samtakanna.

Sþ. 347. Fyrirspurnir. [204. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hve lengi á að ríkja það bráðabirgðaástand um stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, sem nú hefur þjakað rekstur hennar á þriðja ár og skapað óánægju og óvissu hjá starfsliði hennar?

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, sem skipuð var til þess að endurskoða lögin um Sementsverksmiðjuna?

Hefur nefndin haft samráð við starfslið verksmiðjunnar við þessa endurskoðun?

II. Til siglingamálaráðherra um framkvæmd laga um eftirlit með skipum.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað dvelur skipan rannsóknarnefndar sjóslysa, sem skipa á skv. lögum frá 30. apríl 1970 um eftirlit með skipum?

Ed. 348. Frumvarp til laga [205. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Sandfell í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja jörðina Sandfell í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu þessum aðilum:

Bergi Þorsteinssyni, Hofi, Hofshreppi.
Bjarna Sigurjónssyni, Hofi, Hofshreppi.
Gunnari Þorsteinssyni, Hofi, Hofshreppi.
Magnúsi Þorsteinssyni, Hofi, Hofshreppi.
Magnúsi Lárussyni, Svínafelli, Hofshreppi.

Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sandfell í Öræfum var um langan aldur prestssetur. Prestur sá, er síðast hafði þar búsetu, fluttist þaðan árið 1931. Eftir það var jörðin leigð bónda til ábúðar og var búið á jörðinni til 1947. Það ár var jörðin leigð bændum á Hofi til afnota með þeim skilmálum, að þeir skyldu hafa öll afnot jarðarinnar, „án þess þó að þeim sé gert að skyldu að búa í húsunum eða nota þau“.

Með lögum nr. 35 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, var Sandfellsprestakall sameinað Kálfafellsstaðarprestakalli og sú skipan gerð til frambúðar, að Sandfell verður ekki prestssetur.

Á Hofi eru nokkur býli í sama hverfi. Á þeim jörðum eru allstór tún og þar er mjög gott land til ræktunar, en beitiland sauðfjár of takmarkað.

Nú hafa bændur á Hofi farið þess á leit, að veitt verði lagaheimild til þess, að þeir geti fengið Sandfellsjörðina keypta, svo að þeim gefist með því kostur á að tryggja sér það að geta framvegis notið sömu aðstöðu til búskapar og þeir hafa haft í 24 ár.

Fyrir 19 árum brá búi einn þeirra bænda á Hofi, sem fengið hafði Sandfell til afnota. Færðist þá afnotarétturinn að þeim hluta í hendur bónda í Svínafelli.

Leigjendur hafa átt jafna hlutdeild til afnota af Sandfelli, þ. e. ⅕ hluta hver þeirra. Í frumvarpi þessu er miðað við, að þetta hlutfall haldist, ef þeim verður seld jörðin.

Fylgiskjal.

Við undirritaðir bændur, sem nytjað höfum ríkisjörðina Sandfell í Öræfum í 24 ár, viljum hér með fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það mæli með, að við getum fengið téða jörð keypta fyrir sanngjarnt verð.

Það skal tekið fram, að við óskum eindregið eftir, að sölunni fylgi allt það, sem jörðinni hefur fylgt og fylgja ber, svo sem rekafjörur og meiri hluti Ingólfshöfða.

(Í Ingólfshöfða á jörðinni Hof ⅖ hluta grasnytjar.)

Virðingarfyllst,

Hofi, 26. jan. 1971,

Bergur Þorsteinsson, Hofi.
Gunnar Þorsteinsson, Hofi.
Magnús Þorsteinsson, Hofi.
Bjarni Sigurjónsson, Hofi.
Magnús Lárusson, Svínafelli.

Ed. 349. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og m. a. leitað umsagnar Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar.

Umsögn Rafmagnsveitna ríkisins er birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Alþingi, 8. febr. 1971.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm. | Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. | Jónas G. Rafnar.

Axel Jónsson.

Fylgiskjal.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis, Alþingi,
Reykjavík.

2. desember 1970.

Með bréfi iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis er óskað umsagnar um 67. frv. til laga um breytingu á orkulögum. Breytingin fjallar um fyrirgreiðslu bænda, sem hyggjast koma sér upp eigin rafstöðvum.

Í 71. gr. orkulaga eru þrenns konar ákvæði um fyrirgreiðslu til bænda varðandi rafvæðingu. Þau eru í reynd þessi:

1. Bændur, sem fá rafmagn frá samveitum Rafmagnsveitna ríkisins, greiða heimtaugagjald, en það nemur til jafnaðar um 25 þús. kr. Ríkissjóður greiðir annan kostnað við línu til þeirra, og nemur það framlag um 260 þús. kr., miðað við nálægt 1.5 km línulengd á notanda. Síðan greiða bændur raforkunotkun sína skv. hinni alm. gjaldskrá, sem er ein og hin sama á öllum svæðum Rafmagnsveitna ríkisins, í kauptúnum og sveitum.
2. Bændur, sem koma sér upp eigin mótorstöðvum, fá lán, allt að 80% af stofnkostnaði.
3. Bændur, sem byggja eigin vatnsaflsstöðvar, fá lán, allt að 67% stofnkostnaðar.

Umrætt frumvarp til breytingar fjallar um 3. lið, þannig að í stað 67% láns komi allt að 90% lán og framlag, þar af allt að 75% lán og allt að 15% framlag.

Það er erfitt að gera sér grein fyrir, hvaða hundraðstölu ætti að velja í þessum efnum. Í stað þess munu hér verða settar fram nokkrar hugleiðingar um þessi mál almennt, um rafvæðingu dreifbýlisins.

Í frumáætlun, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa gert um rafvæðingu sveitabýla frá samveitum í allt að 4 km meðallengd að býli, er niðurstaðan sú, að það muni kosta um 300 millj. kr., og er þá miðað við verðlag vorið 1970 og það sem eftir stendur af rafvæðingu í byrjun ársins 1971. Tala býla er hér um 860, og er því stofnkostnaður á býli nálægt 350 þús. kr. til jafnaðar.

Að þeirri rafvæðingu lokinni standa eftir um 200 býli utan samveitu.

Nú má gera tilraun til að kanna raforkukostnað við áðurnefnda þrjá flokka, 1., 2. og 3. lið. Slíkt er þó mjög erfitt, sérstaklega vegna mismunandi þátta, sem fram koma við 3. lið.

Til samanburðar skal þó tekið dæmi frá samveitu, en þar er algengt, að hvert býli geti haft til ráðstöfunar 10 kW og að reynslutala um alhliða notkun, markafltaxta, er 21 000 kWst. á ári að meðaltali. Bóndinn greiðir hér fyrir þessa notkun um 37 000.00 kr. miðað við orkuverð 1970. Auk þess hefur hann greitt heimtaugargjald, í eitt skipti fyrir öll, um 25 000.00. Til samanburðar við síðari valkosti skulu reiknaðir hér 8.5% vextir af þeirri upphæð, og er þá greiðsla bóndans á ári um 39 100.00 kr. eða um 1.86 kr. á kWst. Í þessu verði er innifalinn 11% söluskattur, en hann kemur ekki til við einkastöðvar.

Bóndinn, sem byggir eigin mótorstöð, 10 kW að stærð, verður að greiða fyrir hana nálægt 200 þús. kr. Fjármagnskostnaður miðast við jafnar greiðslur til vaxta og afborgana 10 ár og 8.5% eða um 15%. Viðhaldskostnaður reiknast 5% og eldsneytiskostnaður um 2 kr. á hverja af áðurnefndum 21 000 kWst. Árlegur rekstrarkostnaður verður þá 30+10+42=82 þús. kr., eða um 3.90 kr. á kWst. Rétt er þó að taka fram, að algengasta stærð mótorstöðvar mun nú vera um 6 kW.

Varðandi bóndann, sem byggir eigin vatnsaflsstöð, er margt í óvissu um stofn- og rekstrarkostnað. Aðstaða til virkjunar er mjög mismunandi, og ýmisleg atriði gera rekstrarkostnað óvissan, því oft hefur það orðið svo, að ýmisleg óhöpp hafa gert rekstur þessara stöðva illviðráðanlegan. Þó skal ekki gert ráð fyrir hinu síðar-

nefnda í þessum samanburði. Stofnkostnaður er mjög breytilegur eftir aðstæðum, og eru áætlanatölur allt frá 35 000.00 til 70 000.00 á hvert kW, ásamt nokkurri línulengd frá stöð að býli. Stofnkostnaður 10 kW stöðvar getur því verið frá 350 þús. kr. upp í 700 þús. kr. Fjármagnskostnaður miðast við 20 ár og 8.5% eða 10.5% á ári, en viðhaldskostnaður 3%. Rekstrarkostnaður verður þá 13.5% af 350—700 þús. eða 47 500.00 til 95 000.00 kr. Miðað við 21 000 kWst. notkun, sem áður, er þá verðið 2.25 til 4.50 kr. á kWst. Raunverulega er þó hæpið, að bóndinn geti fengið lán til 20 ára, eins og gert er ráð fyrir hér að framan varðandi fyrningartíma, og verða þá útgjöld hans mun meiri á lánstímanum.

Niðurstaðan er því, miðað við áðurnefnda fyrirvara, að þetta kostar bóndann:

1. Við samveitu 39 100.00 kr. á ári eða 1.86 kr. á kWst.
2. Við eigin mótorstöð 82 000.00 kr. á ári eða 3.90 kr. á kWst.
3. Við eigin vatnsaflsstöð 47 500.00 til 95 000.00 kr. á ári eða 2.25 til 4.50 kr. á kWst.

Eins og áður er fram tekið, er þetta sett fram með mjög miklum fyrirvara um 2. og 3. lið og þó sérstaklega um 3. lið.

Samanburðurinn gefur þó vísbendingu um æskilega endurskoðun þessara mála og einnig um það, að nefnt lagafrumvarp bætir hér ekki mjög mikið um.

Nú er stórum áfanga náð í rafvæðingu dreifbýlisins, með því að verið er að ljúka rafvæðingu með 1.5 km meðallengd á býli. Um leið og nýtt mark er sett í þessum efnum, er full ástæða til að kanna, með hvaða hætti hægt er að fjármagna samveitur, og þá jafnvel að fjármagna á sama hátt rafvæðingu á tilteknum einangruðum svæðum, „einangraðar samveitur“. Í þessum efnum kemur til greina samhjálp eða samstaða alls „raforkuiðnaðarins“ (vinnsla, dreifing og sala), hliðstætt því, sem nú er hér á landi í málefnum síma, hljóðvarps og sjónvarps. Í öðrum löndum Evrópu er mjög víða komið á slíkri samstöðu í raforkuiðnaðinum, en í öðrum löndum stefnir þróunin í sömu átt. Varðandi fjárhagsaðstöðu slíkrar einingar til rafvæðingar hér á landi má geta þess, að árleg raforkusala er nú nálægt 1000 millj. kr.

Hér á landi kann þróunin í raforkuiðnaði að stefna í sömu átt sem í öðrum löndum Evrópu, þótt hún kunni að verða á margra ára tímabili.

Með tilliti til þessa vil ég leyfa mér að benda á, að æskilegt er að fara varlega í hlutfallslega miklum fjárfestingum til rafstöðva fyrir einstök býli, nema að undangenginni athugun um framtíðarlausn þessara mála, og þá að kannað verði, hvernig slíkt falli inn í heildarskipulag, sem sett yrði.

Virðingarfyllst,

Valgarð Thoroddsen.

Ed. 350. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndina greindi á um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. vill vísa því til ríkisstjórnarinnar. Minni hl., sem undirritaðir skipa, mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

Í frv. er lagt til að greiða nokkru betur en nú er gert fyrir þeim bændum, sem eiga ekki þess kost að komast inn á samveitusvæði í náinni framtíð, en hyggjast reisa sér eigin vatnsaflsstöðvar til raforkuvinnslu. Slíkar stöðvar eru dýrar í stofni, misjafnlega að vísu eftir aðstæðum, en yfirleitt mun dýrari en mótorstöðvar. Hefur þótt eðlilegt að styrkja bændur til framtaks í þessu efni. Orkulöggjöfin kveður svo á, að bændur, sem koma sér upp mótorstöðvum, fái lán úr Orkusjóði allt að 80% stofnkostnaðar, en bændur, sem reisa vatnsaflsstöðvar, fái

lán allt að 67% stofnkostnaðar, og það er hlutskipti þeirra bænda, sem frv. er ætlað að bæta að nokkru. Frv. gerir ráð fyrir því, að þeir geti fengið allt að 75% lán og að auki óafturkræft framlag, þannig að hvort tveggja nemi allt að 90% stofnkostnaðar vatnsvirkjunar og línulagna að bæjarvegg.

Hér mun ekki verða um svo aukin útgjöld úr Orkusjóði að ræða, að honum sé ofætlun að standa undir þessari eðlilegu viðbótarfyrirgreiðslu. Eigi verður fallizt á, að sanngjarnt eða viðhlítandi sé að bíða með þessar úrbætur, þar til séð verði, hvernig framtíðarlausn í þessu sérstaka efni kann að falla inn í heildarskipulag raforkumála.

Alþingi, 8. febr. 1971.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Gils Guðmundsson. Einar Ágústsson.

Sþ. 351. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um endurskoðun laga varðandi úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins o. fl. um ályktanir sveitarstjórna.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, og annarra laga um úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins og annarra stjórnvalda um ályktanir sveitarstjórna. Verði sérstaklega kannað, hvort ekki sé rétt og eðli málsins samkvæmt að fela sérstökum dómstóli að fjalla um tiltekin ágreiningsefni innan sveitarstjórna og ágreiningsefni einstakra aðila eða yfirvalda við sveitarstjórnir, sem nú er skotið til annarra stjórnvalda. Skýrsla um athugun þessa verði lögð fyrir næsta Alþingi, svo og frumvörp til laga, sem athugunin þykir gefa tilefni til, að samin verði.

Greinargerð.

Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.“ Í 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, segir: „Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því, sem lög ákveða . . . “ Í sveitarstjórnarlögunum eru ýmis ákvæði um afskipti félagsmálaráðuneytisins af málum sveitarfélaga. Þannig eru ákvæði í 2. og 4.—8. gr. um hreppamörk, skiptingu og sameiningu hreppa. Í 11. gr. er mælt fyrir um takmarkanir á ráðstöfunum sveitarfélaga, þ. á m. um afskipti ráðuneytisins af heildarálagningu útsvara og af áhættusömum atvinnurekstri. Í 35. gr. segir, að ráðuneytið leggi úrskurð á tiltekin ágreiningsefni bæjarstjóra og bæjarstjórna. Skv. 42. gr. getur ráðuneytið haft afskipti af því, hvort sveitarstjóri er ráðinn í fámennum hreppum. Í III. kafla laganna, sem fjallar um fjármál sveitarfélaga, eru margvísleg ákvæði um íhlutunarrétt félagsmálaráðuneytisins. Einnig má minna á, að skv. 33. gr. laganna getur félagsmálaráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný, ef ekki næst meiri hluti bæjarstjórnar fyrir ráðningu bæjarstjóra.

Í öðrum lögum eru ýmis ákvæði um heimild félagsmálaráðherra (félagsmálaráðuneytis) til að leggja úrskurði á málefni, sem sveitarstjórnir hafa ályktað um. Er þess ekki kostur að telja öll þau ákvæði upp. Minna má á 14. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5/1962, um málskot til félagsmálaráðuneytis á úrskurðum sveitarstjórna á kærum vegna sveitarstjórnakosninga. Þá má minna á 4. gr. laga nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Þetta lagaákvæði heimilar einstökum tilgreindum aðilum að skjóta samþykkt eða synjun borgarstjórnar á ályktunum bygg-

ingarnefndar til fullnaðarúrskurðar ráðuneytisins. Þar segir einnig, að ráðuneytið skeri úr ágreiningi byggingarnefndar og borgarstjórnar. — Þess er að geta, að dæmi eru um, að önnur stjórnvöld en ráðuneytið hafi skv. lögum vald til að fjalla um ályktanir sveitarstjórna, sbr. ákvæði um skipulagsstjórn ríkisins í skipulagslögum, nr. 19/1964, og ákvæði um heilbrigðiseftirlit ríkisins í lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Er þess að minnast, að verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga er næsta flókin hér á landi, og takmarkar það athafnafrelsi beggja aðila.

Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir sem fyrr greinir, að vald sitt skuli sveitarstjórnir framkvæma „með umsjón stjórnarinnar", þ. e. félagsmálaráðuneytisins. Vafalitið veitir þetta stjórnarskrárákvæði einnig heimild til að setja í lög ákvæði um eftirlit eða umsjón annarra stjórnvalda, t. d. skipulagsstjórnar eða heilbrigðiseftirlits. Það er hins vegar hlutverk löggjafans að kveða nánar á um þessa „umsjón", og heimilt er að setja lög um, að tiltekin atriði, sem varða sveitarfélögin, skuli úrskurðuð af öðrum en „stjórninni", t. d. dómstólum. Flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar, að ástæða sé til að taka til sem rækilegastrar athugunar, hvort ekki sé rétt og eðli málsins samkvæmt að færa visst úrskurðarvald í hendur sérstökum dómstóli, sem stofnaður yrði í því skyni.

Jafnan verður að hafa í huga, að sveitarstjórnir eru kjörnar í almennum kosningum. Þær sækja því vald sitt til fólksins, ekki síður en Alþingi eða ríkisstjórn. Að sjálfsögðu getur staðið svo á, að ráðherra hafi önnur stjórnmálaleg viðhorf en meiri hluti sveitarstjórnar. Engu að síður er heimilt eftir núgildandi íslenzkum lögum að skjóta til ráðherra ýmsum samþykktum, sem sveitarstjórnir hafa gert og hljóta að byggjast á stjórnmálalegu mati. Réttara sýnist þó vera, að stjórnmálaágreiningi um málefni sveitarfélags ráði kjörin sveitarstjórn endanlega til lykta. En ágreiningur sá, sem skjóta má til ráðherra, getur einnig verið um lögmæti gerða sveitarstjórnar. Um ágreining af því tagi sýnist réttast að gangi úrskurður hlutlauss ópólitísks aðila, en ekki ráðuneytis, sem lýtur ákvörðunarvaldi pólitísks ráðherra. Flutningsmenn þessarar þáltill. eru þeirrar skoðunar, að matsatriðum eigi að höfuðstefnu til að ráða til lykta í sveitarstjórnum, en ágreiningi um lagaatriði eigi að vera unnt að skjóta til óháðs úrskurðaraðila, helzt dómstóls, sem starfi eftir reglum, er greiða fyrir sem skjótustum úrslitum. — Játa ber, að um þetta mál er erfitt að setja fram fullmótaðar tillögur. Rannsaka þarf rækilega, hvers konar ágreining á að vera heimilt að kæra, hverjir hafa skuli kæruheimild og innan hvaða frests. Þá þarf að athuga, hvernig samræma má starfsemi nýs dómstóls í sveitarstjórnarmálum dómstóla- og stjórnkerfinu í landinu. — Þó að líklegt sé, að sitthvað muni koma fram, er þykir torvelda breytingar, verður jafnan að hafa það í huga, að sveitarfélögin, íbúar þeirra og sveitarstjórnir, eiga rétt til að ráða sjálf málum sínum innan ramma laganna. Réttarbóta er þörf, svo að það megi vera.

Sþ. 352. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um vetrarorlof.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndarmenn hafa athugað tillögu þessa og mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 4. febr. 1971.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.

Jónas Árnason.

Sþ. 353. Nefndarálit [37. mál]

um till. til þál. um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu þessa og sent hana til umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, sem hafa sent svör. Að þeim athuguðum varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara vísindalega fiskileit og nákvæmar fiskirannsóknir í Húnaflóa og annars staðar fyrir Norðurlandi undir stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands. Rannsóknir þessar skulu miða að leit nýrra fiskimiða, könnun á því, hvers konar fiskveiðar væru hagkvæmastar og hvaða stærð fiskiskipa hentaði bezt á þessum slóðum. Þá verði einnig rannsakað, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskirækt eða fiskuppeldi í Húnaflóa og annars staðar í fjörðum norðanlands.
2. Við fyrirsögn bætist: og annars staðar fyrir Norðurlandi:

Alþingi, 4. febr. 1971.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Jónas Árnason.
Gísli Guðmundsson. Friðjón Þórðarson. Matthías Bjarnason.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 354. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 60 þúsund.

2. gr.

Á eftir orðunum „Fyrir hjón“ í B-lið 16. gr. laganna komi: og einstætt foreldri, sem heldur heimili fyrir börn sín.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1970.

Greinargerð.

Á tveim síðustu þingum hafa flutningsmenn flutt frumvarp um breytingu á þessum lögum, er varðar fyrri grein frumvarpsins. Munurinn er þó sá, að nú leggjum við til, að frádráttarupphæðin megi vera allt að 60 þúsund í stað 50 þúsund áður. Er það í samræmi við þær verðlags- og kaupbreytingar, sem orðið hafa síðan. Í

lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði, er heimila hjónum að draga frá skattskyldum tekjum sínum 50% þeirra tekna, er konan vinnur fyrir, „enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti“. Vinni konan við eigin atvinnurekstur hjónanna, „eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna.“ En hér fylgir böggull skammrifi, því að „aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15 000 krónur.“ Þetta ákvæði í lögunum er óbreytt frá árinu 1960, þó að allt verðlag og kaupgjald hafi a. m. k. fjórfaldazt síðan. Árið 1958 var þetta lagaákvæði á þann veg, að frádráttarupphæðin mætti aldrei vera hærri en tvöfaldur persónufrádráttur konunnar. Persónufrádráttur einstaklings var þá 6 500 kr. og því hámarksfrádráttur á árinu 1958 13 000 kr. Persónufrádráttur til tekjuskatts fyrir einstakling er nú 134 400 kr. Á þessu sést, hversu fráleitt það er, að þessi frádráttarupphæð skuli öll þessi ár hafa staðið óbreytt þrátt fyrir að t. d. kaupgjald hefur meira en fjórfaldazt á þessum árum.

Þegar sú ríkisstjórn, sem enn situr, komst til valda, var það fyrirheit gefið að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Árið 1960 var lögunum um tekjuskatt og eignarskatt breytt af þessu tilefni. Ein breytingin, sem þá var gerð, var að afnema persónufrádrátt og þau ákvæði, sem voru í beinum tengslum við hann. Áður en þessi breyting var gerð, höfðu einstæðar mæður sama persónufrádrátt og hjón, ef þær höfðu heimili fyrir börn sín, og til viðbótar þessum frádrætti höfðu þær í frádrátt ⅓ af persónufrádrætti barna. Í stað þess frádráttar, er einstæðar mæður höfðu haft, var sett inn í lögin 1960 nýtt ákvæði: „Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, er nemur 10 000 kr. að viðbættum 2000 kr. fyrir hvert barn.“ Þegar lögunum var breytt 1965, voru þessar upphæðir hækkaðar upp í 16 000 kr. og 3200 kr. fyrir hvert barn. Þessi frádráttur er nú 26 900 kr. og fyrir hvert barn 5380 kr.

Persónufrádráttur til tekjuskatts er nú:

Fyrir hjón	kr. 188 200
Fyrir einstakling	— 134 400
Fyrir barn	— 26 900

Einstæðir foreldrar, sem eiga tvö börn, fá nú í aukafrádrátt 37 660 kr., en ef lagaákvæðin hefðu verið enn óbreytt, er giltu þegar núverandi ríkisstjórn komst til valda, þá hefði þessi frádráttur verið 71 733 kr. En ef frumvarp þetta yrði að lögum, mundi hann verða 91 460 kr.

Ef gift kona vinnur utan heimilis, má hún draga frá tekjum sínum 50%, áður en skattgjald er á þær lagt. Ef gift kona vinnur utan heimilis og hefur í árskaup 240 þús. kr., þá mundi hún fá í frádrátt 120 þús. kr. Ef hún missir manninn og heldur heimili fyrir 2 börn, þá mundi hún fá í frádrátt að óbreyttum lögum aðeins 37 660 kr., þrátt fyrir þann aðstöðumun, sem orðið hefði. Hér er um svo mikið ranglæti að ræða, að löggjafinn getur ekki verið þekktur fyrir að hafa þessi ákvæði óbreytt lengur.

Á það má benda, að einstæðir foreldrar verða að koma börnum sínum á barnaheimili eða fá handa þeim aðra gæzlu, á meðan þeir eru í vinnu. Barnaheimili eru enn mjög af skornum skammti og geta því færri en vilja komið börnum sínum þangað. Daggjald þar er nú 2 200 kr. á mánuði. Einstaklingar, sem taka börn í gæzlu, taka um eða yfir 3 000 kr. á mánuði fyrir barnið, og við þessar upphæðir bætist svo flutningsgjald í flestum tilfellum. Sé aðstaða einstæðra foreldra athuguð miðað við aðra þjóðfélagsþegna, virðist einsýnt, að sá frádráttur, sem í þessu frumvarpi er lagt til að þeir fái, sé engin ofrausn af hendi þjóðfélagsins.

Frekar í framsögu.

Nd. 355. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt, og hefur því gefizt gott tóm til að íhuga það. Nefndin fékk álitsgerð frá útvarpsráði og útvarpsstjóra, og töldu báðir þessir aðilar frv. mikla bót á gildandi lögum. Sendu þeir brtt., sem nefndin hefur að mestu tekið til greina. Þá hafa ýmsir aðilar komið sjónarmiðum á framfæri við nefndina, og leitað hefur verið til margra einstaklinga og stofnana um upplýsingar.

Nefndin flytur á sérstöku þingskjali allmargar brtt. við frv. Margar þeirra eru um orðalagsbreytingar, betra málfar eða smávægileg atriði. Nokkrar eru þó um veigamikil efnisatriði, svo sem skipan útvarpsráðs, framkvæmdasjóð, undanþágu aldraðra og öryrkja frá afnotagjöldum, veðrétt í sjónvarpstækjum, skráningarskyldu tækja og fleira. Verður gerð grein fyrir brtt. í framsögu.

Menntamálanefnd leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún gerir tillögur um. Þó hafa einstakir nefndarmenn fyrirvara um nokkur atriði (SE, EystJ og BG um 3. till., en SE og EystJ um atriði í III. kafla) og allir um frekari brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 5. febr. 1971.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Gunnar Gíslason.
Þorsteinn Gíslason.	Eysteinn Jónsson, með fyrirvara.	Sigurvin Einarsson, með fyrirvara.
	Magnús Kjartansson.	

Nd. 356. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenzka tungu. Það skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.
   b. Í stað orðsins „atvinnustofnunum“ í 3. mgr. komi: stofnunum.
2. Við 4. gr.
   a. Fyrri mgr. orðist svo:
      Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.
   b. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Útvarpsráð skipa 15 menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu ráðsmanna.

Útvarpsráð skiptist í tvær dagskrárnefndir, og eru átta menn í hvorri, en formaður ráðsins formaður beggja. Önnur nefndin fjallar um dagskrá hljóðvarps, hin sjónvarps. Útvarpsráð kemur að jafnaði saman mánaðarlega, en dagskrárnefndir a. m. k. hinar þrjár vikur mánaðarins.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og beggja dagskrárnefnda og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum, en dagskrárnefndir leggja fullnaðarsamþykki á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda.

Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæzlu þess, að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar.

5. Við 7. gr. 3. mgr. orðist svo:

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisútvarpið og Landssími Íslands skulu hafa náið samstarf til að tryggja, að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Landssíma Íslands um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

7. Við 10. gr.

a. Á eftir orðinu „Ríkisútvarpinu“ komi: án endurgjalds eða nokkurra kvaða.
b. Á undan orðinu „mannfundir“ komi: almennir.
c. Á eftir orðunum „Réttur til að“ komi: hljóðrita, myndrita eða.

8. Við 12. gr. Í stað orðanna „ekki flytja slíkar fregnir af öðrum“ komi: ekki flytja öðrum slíkar fregnir.

9. Við 13. gr. Aftan við 3. mgr. bætist orðin: í fjárlögum.

10. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Í sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 5% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

11. Við 15. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- eða örorkulífeyri samkvæmt 21. gr. laga um almannatryggingar frá 1963, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi.

12. Við 16. gr.

a. Í stað orðsins „afhendandi“ í 2. mgr. komi: sá, sem af hendi lætur.
b. 3. mgr. falli niður.
c. Aftan við 4. mgr. bætist: mánaðarlega.

13. Við 17. gr. Í stað orðsins „tilgreiningu“ í 6. og 7. lið komi: upplýsingar.

14. Við 18. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum, sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignaréttarfyrirvörum.
15. Við 20. gr. Í stað orðsins „gjalddaga“ í 1. málsgr. komi: eindaga.
16. Við 24. gr. Í stað orðanna „kr. 10 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 100 000.00.
17. Aftan við frv. bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Útvarpsráð skal í fyrsta sinn kosið samkvæmt lögum þessum að loknum alþingiskosningum í júní 1971.

Nd. 357. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. desember 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

1. Aftan við 1. ml. 2. mgr. 3. gr. laganna bætist:
Aldrei skal þó koma hærri fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en nemur hálfum persónufrádrætti hjóna samkvæmt B-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr.
2. 3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Þegar gift kona vinnur við fyrirtæki, sem hjónin, annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, á hún rétt á því, að helmingur launa hennar eða áætlaðs hluta hennar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, verði dregið frá sameiginlegum tekjum hjónanna. Aldrei skal þó koma hærri fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en nemur ¼ hluta persónufrádráttar hjóna samkvæmt B-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra, að undanskildum skattfrjálsum arði samkvæmt B-lið 12. gr. og skattfrjálsum vöxtum samkvæmt 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema meira en persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., er þó skattstjóra heimilt að ákveða því skatt sem sjálfstæðum skattþegni, enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Foreldrum skal þó alltaf telja til tekna af tekjum barnsins fjárhæð jafna persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., en hjá barninu það, sem umfram er.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) að undanskildum eignarskattsfrjálsum innstæðum, skv. 1. mgr. 21. gr. Heimilt er þó skattstjóra að ákveða börnum eignarskatt sem sjálfstæðum skattþegnum, ef tilmæli koma fram um það frá foreldrum.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:

A. Hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila. Undanþegin eru þó þau félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.
B. Gagnkvæm vátryggingar- og ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.
C. Samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna sinna. Þó skulu þau eigi greiða skatt af þeim tekjum, sem skipt er á milli félagsmanna í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu samlagsins og skattlagðar skulu hjá þeim.
D. Sjóðir, félög og stofnanir, þar með talin sjálfseignarfélög, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattskyldu samkvæmt 6. gr., svo og þrotabú og dánarbú undir skiptum.

Á sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð eins eða fleiri félagsaðila skal ekki lagður skattur sem sjálfstæða skattþegna. Eignum og tekjum slíkra félaga skal skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í 1. mgr. A—D hér að framan og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum og eignum sem önnur félög.

4. gr.

1. C-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Landskuld af leigujörðum og arður af hvers konar hlunnindum og ítökum, leiga eftir lóðir, hús og önnur mannvirki, skip og loftför, svo og áætlað gjald af jörðum, ítökum, hlunnindum, lóðum, húsum og öðrum mannvirkjum, skipum, loftförum eða öðrum fjármunum, sem eigendur eða rétthafar nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án eðlilegs endurgjalds. Enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, arður af byggingarpeningi, svo og leiga eða arður af lausafé, sem á leigu er selt.

2. D-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir og arður af hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum, svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum, útistandandi skuldum og öðrum arðberandi kröfum, sbr. þó B-lið 12. gr. og 2. mgr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því heldur ekki til skattskyldra tekna hluthafans. Jöfnunarhlutabréf má eigi gefa út frekar en nemur bókfærðri hreinni eign hlutafélagsins annarri en eign í arðjöfnunarsjóði og varasjóði. Eigin hlutabréf teljast ekki til eignar. Arður af eigin hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af verðbréfum, svo sem skuldabréfum og víxlum, teljast afföll af slíkum bréfum og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborganatímans.

3. E-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ágóði af sölu fyrnanlegs lausafjár samkvæmt 15. gr., þar með talin skip og loftför, sölu verðmæta samkvæmt 4. og 5. tl. A-liðs 15. gr., svo og sölu hlutabréfa, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu

eign skemur en tvö ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í tvö ár, en skemur en fjögur ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna, en hafi skattþegn átt eignina í fjögur ár eða lengur, skal aðeins fjórðungur ágóðans teljast til skattskyldra tekna.

Ágóði af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., annarra en hlutabréfa, er að fullu skattskyldur á söluári. Þó skal ágóði af sölu þessara eigna eigi teljast til skattskyldra tekna, ef skattþegn hefur átt eignina í tvö ár eða lengur. Ágóði af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði hins vegar.

Ágóði af sölu fasteigna, þar með talin sala náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en þrjú ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í þrjú ár, en skemur en sex ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna, en hafi skattþegn átt hina seldu eign í sex ár eða lengur, skal aðeins fjórðungur ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Þó skal ágóði af sölu íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., eigi teljast til skattskyldra tekna, hafi skattþegn átt íbúðarhúsnæðið íbúðarhæft í þrjú ár eða lengur.

Hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna samkvæmt C-lið 15. gr. skal teljast mismunur söluverðs þeirra annars vegar og bókfærðs verðs þeirra hins vegar, en bókfært verð samkvæmt lögum þessum er heildarfyrningarverð samkvæmt B-lið 15. gr., að frádregnum fengnum fyrningum samkvæmt ákvæðum skattalaga. Þegar fyrnanleg eign er seld, skal á söluárinu telja seljanda til tekna alla fyrningu, sem hann hefur fengið vegna eignarinnar, umfram hámarksfyrningu, ákveðna eftir reglum C-liðs 15. gr. laganna, allan fyrningartímann til söludags, þó ekki hærri fjárhæð en söluhagnaði nemur. Í þessu sambandi skulu allar fyrningar fengnar fyrir gildistöku laga þessara teljast hámarksfyrningar. Söluhagnaður af frádregnum skattskyldum fyrningum samkvæmt 2. málslið þessarar málsgreinar telst skattskyldur ágóði samkvæmt 1. og 3. mgr.

Ágóði af sölu fasteigna, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., og íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði þeirra hins vegar. Þó skal heimilt að miða við fasteignamatsverð, staðfest á árinu 1971, í stað kaupverðs, hafi fasteignin verið í hendi seljanda í árslok 1969.

Við ákvörðun kaupverðs og söluverðs fasteigna, skipa og loftfara skal ætíð taka tillit til lána þeirra, er á fasteign, skipi eða loftfari hvíla og eignum þessum fylgja við sölu, svo og skuldaskipta þeirra, sem stofnast milli kaupanda og seljanda við söluna. Fjármálaráðherra skal setja reglur um, hvernig reikna skuli raunverðmæti skulda og lána í þessu sambandi.

Nú selur skattþegn sérgreinda fasteign eða mannvirki ásamt eignarlóð eða landi í heild eða hluta, og skal þá heildarsöluverði skipt í sama hlutfalli og þessar einingar eru metnar til gildandi fasteignamatsverðs á söludegi. Sama skal gilda um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu, sé um að ræða sameiginlega sölu íbúðarhúsnæðis og atvinnurekstrarhúsnæðis. Á sama hátt skal ákvörðuð skipting á kaupverði kaupanda.

Ágóði af sölu hlutabréfa skal teljast mismunur raunverulegs söluverðs þeirra annars vegar og kaupverðs þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda fyrir árslok 1972 skal ákvarða sem samanlagt nafnverð keyptra hlutabréfa og þeirra jöfnunarhlutabréfa, sem hann hefur fengið úthlutað fyrir þann tíma, eða raunverulegt kaupverð, hvort sem hærra reynist. Séu hlutabréf keypt og seld eftir 31. desember 1972, skal leggja raunverulegt kaupverð þeirra til grundvallar. Í þessu sambandi skulu jöfnunarhlutabréf, sem úthlutað hefur verið eftir árslok 1972, eigi talin fengin við verði. Kaupverð hlutabréfa, sem skattþegn hefur eignazt við samruna hlutafélaga samkvæmt 8. gr., skal ákvarðast

jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa, er hann lét af hendi. Þegar ákvarða skal ágóða af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs ákvarðað jafnt meðalverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda. Við ákvörðun eignartíma hluthafa á hlutabréfum skal miða við kaupdag keyptra bréfa og að hluthafi hafi eignazt jöfnunarhlutabréf við úthlutun þeirra. Þau hlutabréf, sem hluthafi eignast við samruna hlutafélaga samkvæmt 8. gr., skal hann talinn hafa fengið til eignar, þegar hann eignaðist hlutabréf þau, sem hann lét af hendi við samrunann. Þau bréf skulu fyrst talin seld, er hluthafi eignaðist fyrst. Nú er hlutafélagi slitið samkvæmt VI. kafla laga nr. 77/1921, án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 8. gr., og skal þá raunveruleg greiðsla til hluthafa teljast söluverð hlutabréfanna.

Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattþegns, telst ágóði af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Ágóði telst mismunur á söluverði eignanna annars vegar og kaupverði, kostnaðarverði eða bókfærðu verði þeirra hins vegar.

Bætur vegna altjóns og eignarnámsbætur teljast sem söluverð í þessu sambandi. Stafi söluhagnaður af greiðslu bóta vegna altjóns eða eignarnáms, er skattþegni heimilt að dreifa skattskyldum hluta ágóðans á fimm ár, þannig að með tekjum hvers árs skuli aðeins teljast einn fimmti hluti.

Hafi skattþegn eignazt hið selda fyrir arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma samkvæmt þessari grein miðað við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

Áður en skattskyldur ágóði af sölu eigna samkvæmt þessari grein er ákveðinn, má skattþegn draga frá heildarágóðanum það tap, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar verðmæta á sama ári.

4. Á eftir F-lið 1. mgr. 7. gr. laganna komi nýr liður, G-liður, svo hljóðandi:

Heiðurslaun, sem íslenzkir skattþegnar fá án umsóknar frá innlendum eða erlendum stofnunum fyrir sérstök afrek, skulu aðeins teljast til skattskyldra tekna að einum fjórða hluta, enda séu slík heiðurslaun einungis veitt sama aðila í eitt sinn.

5. Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Skattskyldar tekjur erlendra vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Sé hlutafélagi slitið þannig, að það sé algjörlega sameinað öðru hlutafélagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu, sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í félagi því, sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann, sem hlutabréfin lét af hendi.

Við slíkan samruna félaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags, sem slitið var.

Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um samruna hlutafélaga.

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Félög, sem myndað hafa arðjöfnunarsjóð, sbr. 1. mgr. 17. gr., mega einungis verja honum til arðgreiðslu eða til að mæta tapi af rekstri á næstu fimm árum eftir að fé var lagt í sjóðinn.

Félög samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1965, önnur en sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna eins eða fleiri, sem lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt

2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja helming varasjóðsins við höfuðstól sinn og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna félagsins. Þeim hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal einungis heimilt að verja til að mæta tapi af rekstri.

Sé fé úr arðjöfnunarsjóði eða varasjóði varið til annarra nota, skal það teljast með öðrum skattskyldum tekjum félagsins á ráðstöfunarárinu. Hafi framlag í arðjöfnunarsjóð eigi verið notað samkvæmt 1. mgr. á næstu fimm árum eftir að féð var lagt í sjóðinn, skal það teljast með öðrum skattskyldum tekjum félagsins á sjötta ári. Fé það, sem um ræðir í þessari málsgrein telst eigi til hreinna tekna samkvæmt 17. gr.

7. gr.

1. Í B-lið 10. gr. laganna falli niður orðið „brunabóta".

2. E-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Eignaauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota.

Þessi eignaauki skal þó skattlagður, að svo miklu leyti sem hann fæst endurgreiddur í söluverði íbúðar, hafi hann myndazt innan 5 ára fyrir söludag.

3. G-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Fæði, er sjómenn á skipum og aðrir launþegar, er vinna utan heimilissveitar sinnar, fá hjá vinnuveitendum sínum. Sama gildir um fæðisstyrk, ef eigi er um fullt dagsfæði að ræða.

8. gr.

2. mgr. B-liðs 11. gr. laganna orðist svo:

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga og eigi hefur verið mætt með færslu úr arðjöfnunarsjóði eða varasjóði samkvæmt 9. gr., má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það þannig er að fullu jafnað, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Þann hluta rekstrartapa, sem myndazt hefur vegna fyrninga, samkvæmt C-lið 15. gr., og ekki hefur verið jafnað að fullu samkvæmt 1. málslið, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Á sama hátt má flytja á milli ára þann hluta rekstrartapa, sem myndazt hafði til ársloka 1970 vegna fyrninga samkvæmt B-lið 15. gr. laga nr. 90/1965, og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið.

9. gr.

1. A-liður 12. gr. laganna orðist svo:

Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr. Afföll af seldum verðbréfum má greiðandi færa til gjalda í samræmi við reglu 3. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr.

2. Á eftir A-lið 12. gr. laganna komi nýr stafliður, B, og breytist stafliðaröðin samkvæmt því. Stafliður B verði svo hljóðandi:

Arð af hlutabréfum í eigu manna og vexti af stofnsjóðum manna í félögum samkvæmt B-lið 1. mgr. 5. gr., þó eigi meira fé en kr. 30 000.00 samtals hjá hverjum einstaklingi, kr. 60 000.00 hjá hjónum, sem telja fram saman, og kr. 15 000.00 hjá börnum, sem telja fram með foreldrum sínum.

3. B-liður, sem verður C-liður, orðist svo:

Eignarskatt félaga, sem greiddur hefur verið á árinu.

10. gr.

1. Í A-lið 13. gr. laganna breytist „32 000 kr.“ í „55 000 kr.“.
2. Í 1. mgr. D-liðs 13. gr. laganna breytist „15 000 kr.“ í „25 000 kr.“.
3. 5. mgr. D-liðs 13. gr. laganna orðist svo:

Þá skal draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattþegn hefur keypt sér, þó eigi hærra iðgjald en 15 000 kr.

11. gr.

1. Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1967 breytist „500 kr.“ í „800 kr.“.
2. Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1967 breytist „3000 kr.“ í „5000 kr.“.

12. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Um fyrningu, sbr. A-lið 11. gr., fer sem hér segir:

A. Fyrnanlegar eignir eru þeir fjármunir, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur, þó ekki veltufjármunir.

Fyrnanlegar eignir eru þessar helztar:

1. Vélar, tæki, skip, loftför og annað lausafé.
2. Byggingar og önnur mannvirki.
3. Náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.
4. Keyptur eignarréttur að verðmætum, hugverkum og auðkennum, svo sem höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til notkunar þekkingar og reynslu, réttur til einkaleyfis, vörumerkis, viðskiptavildar og sérstök atvinnuréttarleyfi.
5. Sérstakur stofnkostnaður, svo sem frumkostnaður við markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfa og vörumerkja.

B. Heildarfyrningarverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ. e. kaupverð eða framleiðsluverð ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu að viðbættum tollum, flutningsgjöldum, niðursetningarkostnaði og öðrum áföllnum kostnaði, þó eigi vöxtum, þar til eignin er hæf til teknaöflunar, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, sbr. þó 4. mgr. D-liðs, afsláttum, eftirgjöfum skulda eða skaðabótum, sem til falla í sambandi við kaup eða framleiðslu eignarinnar. Fyrningarverð íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í E-lið, skal þó vera jafnt fasteignamatsverði.

Gengistap á skuldum, sem stofnað var til vegna öflunar fyrnanlegra eigna, sem fyrnast samkvæmt C-lið, skal færa til eignar sem hluta heildarfyrningarverðs hlutaðeigandi eignar á því rekstrarári, sem gengisbreyting á sér stað.

Fyrningartími eigna hefst, þegar þær eru hæfar til teknaöflunar í hendi eiganda, sbr. þó D-lið. Fyrningartími verðmæta samkvæmt 3. tl. A-liðs hefst þó fyrst við nýtingu þeirra. Upphaf fyrningartíma fyrnanlegra eigna, sem skattþegn á í árslok 1970, telst 1. janúar 1971.

C. Fyrning skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, ákveðin sem fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði þeirra eigna og innan þeirra marka, sem hér greinir:

1. Véla og tækja til jarðvinnslu, námareksturs og mannvirkjagerðar, svo og allra flutningatækja annarra en skipa. Lágmark 10% en hámark 15%.
2. Skipa, skipsbúnaðar og allra véla, tækja og annars lausafjár, sem eigi fellur undir 1. tl. Lágmark 8% en hámark 12.5%.
3. Bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í E-lið. Hámark 2% til 10% eftir gerð og byggingarefni. Lágmark skal vera helmingur af hundraðshluta hámarks. Fjármálaráðherra skal í reglugerð flokka til fyrningar byggingar og önnur mannvirki samkvæmt þessum tölulið.

4. Keypts eignarréttar að verðmætum hugverkum og auðkennum skv. 4. tl. A-liðs og sérstaks stofnkostnaðar skv. 5. tl. A-liðs. Lágmark 5% en hámark 20%.

Fyrning náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra skal miðuð við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessari málsgrein má aldrei verða hærri en heildarfyrningarverð hins fyrnda, að frádregnu verðmæti því, sem eftir stendur að lokinni nýtingu.

Stofnkostnað þann, sem um ræðir í 5. tl. A-liðs, má fyrna að fullu á því ári, sem hann myndast.

Gengistap, sbr. 2. mgr. B-liðs, má fyrna að fullu á eftirstöðvum fyrningartíma hlutaðeigandi eignar.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má víkja frá reglum þessa stafliðs um hámarksfyrningu. Skattstjóri veitir heimild til þessa fráviks, en skjóta má ákvörðun hans til ríkisskattstjóra. Verði fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið ónothæf, áður en fyrningu hennar er lokið, og eftirstöðvar bókfærðs verðs hennar eru hærri en niðurlagsverð eða tjónbætur, má færa mismuninn til gjalda á því ári. Nú er fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið seld eða hún eyðileggst, og skal þá reikna ársfyrningu til gjalda hlutfallslega miðað við söludag eða tjóndag. Þó má fyrna niður í söluverð eða tjónbætur, sé það lægra en bókfært verð.

D. Til viðbótar þeirri föstu fyrningu, sem um ræðir í C-lið, er heimilt að fyrna eignir þær, er getur í 1.—3. tl. C-liðs, aðrar en íbúðarhúsnæði, skv. E-lið, með sérstakri fyrningu, er nemi að hámarki 30% af heildarfyrningarverði þeirra. Eigandi ræður, hvenær hann notar þessa heimild og að hve miklu leyti ár hvert.

Nú hefur verið gerður kaup- eða verksamningur í sambandi við öflun eigna þeirra, sem um getur í 1.—3. tl. C-liðs, annars en íbúðarhúsnæðis, þar sem samningsfjárhæð nemur minnst tíu milljónum króna og minnst eitt ár skal líða frá gerð samnings til afhendingar eignanna, og er þá heimilt að fyrna samning þennan með að hámarki 30% af verðmæti á samningstímanum. Aldrei má þó fyrning þessi nema hærri fjárhæð en skattþegn hefur greitt til efnda á samningum. Fyrning þessi kemur í stað fyrningar samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs. Nemi fyrning samkvæmt þessari málsgrein eigi að fullu þeim fyrningum, sem skattþegni eru heimilaðar samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs, er honum heimilt að nota síðar þann hluta, sem á skortir.

Eigi má mynda rekstrarhalla vegna fyrningar samkvæmt 1. og 2. mgr. og ekki nota þessar fyrningar til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum.

Óendurkræfa styrki til öflunar á fyrnanlegum eignum samkvæmt A-lið, aðra en þá, sem um ræðir í F-lið 10. gr., skal telja til tekna á því ári, sem þeir eru greiddir, og til eignar sem hluta kostnaðarverðs eignanna, sbr. 1. mgr. B-liðs. Á sama rekstrarári er heimilt að fyrna þessar eignir með sérstakri fyrningu, er nemi sömu fjárhæð og styrkirnir. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein.

Hvers konar eftirgjafir eða afslættir af kostnaðarverði fyrnanlegra eigna, eftir að þær eru hæfar til teknaöflunar, svo og skaðabætur vegna galla, eftirgjafir skulda að öllu eða nokkru, óendurkræfar eða ekki endurkrafðar afborganir skulda, sem greiddar hafa verið af öðrum, enda hafi skuldirnar stofnazt vegna öflunar þessara eigna, skulu teljast til tekna á því rekstrarári, sem ákvörðun er tekin um slíkt. Sama gildir um gengishagnað vegna slíkra skulda. Á sama ári er heimilt að fyrna þessar eignir með sérstakri fyrningu, er nemi sömu fjárhæð og talin var til tekna vegna þessa, þó eigi meira en nemur ófyrndum eftirstöðvum heildarfyrningarverðs eignanna. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein. Nú er óráðstöfuðum varasjóði samkvæmt II. tl. í ákvæðum til bráðabirgða varið til öflunar

fyrnanlegra eigna, sem fyrnast samkvæmt C-lið, og skal þá telja slíka ráðstöfun varasjóðsins til tekna á því ári. Jafnframt er heimilt að veita á sama ári sérstaka fyrningu á þessum eignum, er nemi sömu fjárhæð og talin er til tekna vegna ráðstöfunar varasjóðs. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein.

E. Fyrning íbúðar, sem maður notar fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína, skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði. Heimilt er eiganda íbúðarhúsnæðis samkvæmt 1. málslið að beita sömu fyrningarreglu um aðra íbúð, er hann kann að eiga, eða annað íbúðarhúsnæði í sömu fasteign, enda sé fasteignamatsverð þess eigi hærra en íbúðar þeirrar, er hann má fyrna samkvæmt 1. málslið. Þessi heimild eiganda miðast við aðstæður við upphaf fyrningartíma og skal notuð þá strax og halda gildi sínu allan eignarhaldstíma hans á þessu íbúðarhúsnæði.

Árlegan frádráttarbæran viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt er samkvæmt 1. mgr., má ákveða sem fastan hundraðshluta af fasteignamatsverði.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð ákveðið um flokkun íbúðarhúsnæðis samkvæmt 1. mgr. eftir gerð og byggingarefni og ákveðið árlegan hundraðshluta fyrningar og viðhaldskostnaðar.

13. gr.

1. Í A-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „80 000 kr.“ í „134 000 kr.“.
2. Í B-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „112 000 kr.“ og „56 000 kr.“ í „188 000 kr.“ og „94 000 kr.“.
3. Í C-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ í „27 000 kr.“.
4. Í 3. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ og „3 200 kr.“ í „27 000 kr.“ og „5 400 kr.“.

14. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Félög þau, sem um ræðir í A-lið 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum arð þann, er þau greiða til hluthafa sinna eða eigenda, framlag í arðjöfnunarsjóð, sbr. 9. gr., og skatt samkvæmt 25. gr. III. lið.

Félög þau, sem um ræðir í 5. gr. B-lið, mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Þá mega félög þessi draga frá hreinum tekjum sínum það fé, er þau greiða félagsmönnum sínum í vexti af stofnsjóðseign og skatt samkvæmt 25. gr. III. lið.

Félög, sem hafa það að meginmarkmiði sínu að vinna úr eða selja afurðir félagsmanna sinna, mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Fé, sem þannig er úthlutað, telst ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu, en til tekna hjá einstökum félagsmönnum.

Hafi félög þau, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, skal telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt grein þessari skal draga frá þeim yfirfæranleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr.

Eigi má mynda yfirfæranlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1.—3. mgr.

Innlend vátryggingarfélög mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við vátryggingartaka eða vátryggða.

15. gr.

Á eftir 2. mgr. 18. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Ef skattþegnar, einstaklingar eða félög, sem tengdir eru sifjaréttarlega eða fjárhagslega, semja eða ákveða skilmála um samskipti sín í fjármálum, á hátt, sem er verulega frábrugðinn því, sem vera mundi, ef ekki væru tengsl milli samningsaðila, skulu verðmæti, er án þessa samnings eða skilmála hefðu runnið til annars skattþegnsins, en gera það ekki vegna samningsins eða skilmálanna, teljast honum til tekna.

16. gr.

Aftan við C-lið 20. gr. laganna bætist orðin „sbr. þó A-lið 22. gr.“.

17. gr.

B-liður 1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Innstæður manns, sem ekki skuldar meira fé en jafngildir hámarki lána Húsnæðismálastjórnar ríkisins til einstaklings um hver áramót, enda séu skuldir þessar fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til að afla fasteigna eða endurbæta þær.

18. gr.

1. A-liður 22. gr. laganna orðist svo:

   Fasteignir, mannvirki, lóðir, lendur og bújarðir skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði eða áætluðu verði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi. Eiganda leigulóðar skal talið afgjaldskvaðarverðmæti hennar til eignar, en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgjaldskvaðarverðmætis.

2. C-liður 22. gr. laganna orðist svo:

   Skip, loftför og annað lausafé skal telja til eignar á bókfærðu verði.

3. D-liður 22. gr. laganna orðist svo:

   Vörubirgðir verzlana og framleiðslufyrirtækja skal meta á kostnaðarverði eða dagverði í lok reikningsárs, að frádregnum afföllum af gölluðum eða úreltum vörum. Frá matsverði þannig reiknuðu er heimilt að draga að hámarki 30% og telja það verð heildarverðmæti birgða.

4. H-liður 22. gr. laganna falli niður.

19. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

   Af fyrstu 62 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 9%. Af 62 000 kr.—104 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 5 580 kr. af 62 000 kr. og 18% af því, sem fram yfir er. Af 104 000 kr. skattgjaldstekjum og hærri greiðist 13 140 kr. af 104 000 kr. og 27% af því, sem fram yfir er.

II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í A-, B-, C- og D-liðum 1. mgr. 5. gr., skal vera 20% af skattgjaldstekjum.

III. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr., skulu greiða í skatt 15% af því fé, er þau greiða hluthöfum sínum eða eigendum í arð eða leggja í arðjöfnunarsjóð. Sama skatt skulu félög þau, sem um ræðir í B-lið 1. mgr. 5. gr., greiða af fé því, er þau greiða félagsmönnum sínum sem vexti af stofnsjóðseign.

   Sé móttakandi arðsins innlent félag samkvæmt A- eða B-lið 1. mgr. 5. gr., sem á meira en 25% af hlutafé þess félags, er arðinn greiðir, eða félag, sem hefur það að einasta markmiði að ávaxta fé sitt í hlutabréfum eða öðrum verðbréfum, skal því félagi, er arðinn móttekur, heimilt að draga frá þeim skatti,

er því bæri að greiða samkvæmt II. tl. og 1. mgr. III. tl. 25. gr., fjárhæð, er samsvarar 15% af þeim arði, er félagið hefur móttekið á árinu og uppfyllir skilyrði þessarar málsgreinar.

IV. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

20. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

I. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, reiknast þannig:

Af fyrstu 3 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur. Af næstu 3 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0.3%. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0.6%.

II. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0.7% af skattgjaldseign.

III. Eignarskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

21. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga þessara, svo og þeir, er telja sig skattfrjálsa samkvæmt lokaákvæði A-liðs 1. mgr. 5. gr., skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður, þar sem greindar eru að viðlögðum drengskap tekjur síðastliðið ár og eignir í árslok. Framtalsskyldan hvílir á hverjum einstaklingi, sameiginlega á hjónum, sem samvistum eru, á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefur á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða, og einnig á skiptaráðendum og skiptaforstjórum dánar- og þrotabúa, erfingjum, er skipta einkaskiptum, og maka, er situr í óskiptu búi, svo og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands. Skýrslur þessar skulu komnar til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir lok janúarmánaðar. Þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum, þurfa þó eigi að hafa skilað framtalsskýrslu fyrr en fyrir lok febrúarmánaðar. Ef sérstaklega stendur á, getur skattstjóri eða umboðsmaður hans veitt frest til framtals til febrúarloka. Þeim, sem stunda atvinnurekstur, má þó veita frest til 31. marz. Vátryggingarfélög þurfa eigi að skila framtali fyrr en 31. maí.

Nú er framteljandi sjálfur ófær að rita framtalsskýrslu, og er þá skattstjóri eða umboðsmaður hans skyldur að veita honum aðstoð til þess, en skylt er framteljanda að láta í té allar upplýsingar og gögn, til þess að framtalið verði rétt. Sá, er aðstoð veitir samkvæmt þessari málsgrein, skal rita á skýrsluna yfirlýsingu um, að hann hafi veitt aðstoð við gerð hennar.

22. gr.

3. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að ⅗ hlutum þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

23. gr.

2. ml. 6. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Skal þá lækka viðurlög þau, sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar, þannig, að þau ákveðist 1% fyrir hvern dag, sem skil hafa dregizt, af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eignum, þó aldrei hærri en 15%.

24. gr.

1. Síðasti ml. 1. mgr. 48. gr. laganna falli niður.
2. Síðasti ml. 6. mgr. 48. gr. laganna falli niður.

25. gr.

Á eftir 2. mgr. 52. gr. laganna komi ný mgr., 3. mgr.:

Greiði skattþegn, sem skattskyldur er hér á landi samkvæmt ákvæðum I. kafla þessara laga, skatt af eignum sínum og tekjum, sem skattskyldar eru hér á landi, til ríkissjóðs eða opinberra aðila í ríki, sem Ísland hefur ekki gert við tvísköttunarsamning, er ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattþegns, að lækka tekjuskatt eða eignarskatt hans með hliðsjón af þessum skattgreiðslum.

26. gr.

53. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 48 frá 12. maí 1970, orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr. í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1972.

27. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi ákvæði 1., 2. og 3. gr. laga nr. 78/1967 og lög nr. 48/1970.

Lög þessi skulu þegar öðlast gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Ákvæði 23. og 25. gr. skulu þó koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir skattárið 1970. Þá skulu ákvæði til bráðabirgða, I. kafli, koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1970, skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1970 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, öðrum en íbúðarhúsnæði, fyrir árið 1970 og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1970, miðað við þær eignir, sem hann átti í árslok 1968 og á í árslok 1970, en að frádreginni þeirri viðbótarfyrningu, sem hann kann að hafa fengið á árinu 1970 vegna gengistapa á árinu 1968.

II.

Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna samkvæmt C-lið 5. gr. laga nr. 90/1965, þar sem eignum og tekjum skal nú skipt með sameigendum, sem lagt hafa fé í varasjóð skv. 2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja 3/5 hluta varasjóðsins við höfuðstól eigenda og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna eigenda. Þann hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal telja með skattskyldum tekjum eigenda með að minnsta kosti einum fimmta hluta ár hvert, þar til varasjóðurinn er að fullu leystur upp. Þann hluta varasjóðsins, sem ekki hefur verið leystur upp á hverjum tíma, mega eigendur þó verja til að mæta sérstökum fyrningum samkvæmt ákvæðum 5. mgr. D-liðs 15. gr.

III.

Á árinu 1971 skulu atvinnurekstrarfyrirtæki hækka bókfært verð fyrnanlegra eigna sinna, að undanteknu íbúðarhúsnæði, sem um er rætt í E-lið 15. gr., er þau áttu í árslok 1970, en höfðu eignazt fyrir árslok 1968. Hækkun þessi skal nema 20% að því er varðar byggingar og önnur mannvirki, en 40% að því er varðar lausafé, að frádreginni þeirri óbókfærðu aukafyrningu, sem skattþegn fékk á árinu 1970 vegna eigna þessara samkvæmt I. lið bráðabirgðaákvæða þessara. Þó er eigi heimilt að hækka þann hundraðshluta bókfærðs verðs, sem hækkaður var vegna gengistaps á árinu 1968. Hækkun bókfærðs verðs samkvæmt þessari málsgrein telst ekki til skattskyldra tekna, en hækkar hins vegar heildarfyrningarverð, sbr. B-lið

15. gr. Heildarfyrningarverð fasteigna skv. þessari mgr. skal þó aldrei verða hærra en fasteignamatsverð skv. fasteignamati því, er tekur gildi á árinu 1971.

Í stað hækkunar bókfærðs verðs samkvæmt 1. mgr. er atvinnurekstrarfyrirtækjum heimilt á árinu 1971 að láta meta verðmæti fyrnanlegra eigna sinna annarra en íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt er samkvæmt E-lið 15. gr., er þau áttu í árslok 1970, en höfðu eignazt fyrir árslok 1968.

Við matið skal haft mið af kaupverði hliðstæðra eigna nýrra, en frá því verði dregin hlutfallsleg hámarksfyrning, samkvæmt C-lið 15. gr., miðað við heildarfyrningartíma eignarinnar, sem samtals hefur verið notuð við ákvörðun fyrningar hinnar metnu eignar á liðnum árum. Þá skal frá draga þá óbókfærðu aukafyrningu, sem skattþegn fékk á árinu 1970 vegna þessara eigna samkvæmt I. tl. bráðabirgðaákvæða þessara. Þannig metið endurkaupsverð eignanna skal talið heildarfyrningarverð samkvæmt B-lið 15. gr., en frádregin hámarksfyrning telst fengin fyrning samkvæmt C-lið sömu greinar. Þó skal heildarfyrningarverð fasteigna vera fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamati því, er tekur gildi á árinu 1971.

Hækkun bókfærðs verðs samkvæmt mati þessu telst ekki til skattskyldra tekna. Skattstjórar skulu úrskurða um matið. Skattþegn, sem ekki vill sætta sig við úrskurð skattstjóra, getur skotið máli sínu til ríkisskattstjóra, sem kveður upp um það endanlegan úrskurð.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd mats þessa.

IV.

Á árunum 1971 og 1972 er úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem eigi teljast til arðs, sbr. 2. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr., bundin því, að eignarhlutdeild hluthafa í félagi breytist ekki við útgáfu bréfanna og útgáfan sé byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, sem eigi hefur verið leystur upp, eða öðrum eignum félagsins, er verið hafa í eigu þess minnst þrjú ár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi flutti fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis að tilhlutan fjármálaráðherra frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (210. mál, þingskjal 530). Frumvarpið, sem fól aðallega í sér breytingu á gildandi lögum að því er varðar skattlagningu fyrirtækja, var lagt fram í lok þings, einkum til að kynna efni þess og kanna viðbrögð þeirra aðila, sem hér gátu átt hlut að máli eða hagsmuna að gæta. Frumvarpið var í megindráttum samið í samræmi við tillögur embættismannanefndar, sem starfað hafði að íhugun á þessu efni tæpt ár um þær mundir, sem frumvarpið var lagt fram. Nefnd þessi var sérstaklega skipuð til þess að kanna og gera tillögur um skattalega aðstöðu fyrirtækja hér á landi með tilliti til aðildar að EFTA. Hafði fjármálaráðherra í skipunarbréfi markað nefndinni ramma að meginstefnu, sem hún skyldi miða við í störfum sínum, en að öðru leyti hafði hún mjög óbundnar hendur um sína tillögugerð.

Það kom skýrt fram í skýrslu þeirri, sem nefndin gaf fjármálaráðherra á s.l. vetri, að tillögur nefndarinnar, sem þá lágu fyrir, snertu einungis hluta þeirra atriða, sem hún taldi nauðsynlegt að marka afstöðu til. Því bar að líta á þessar tillögur nefndarinnar og frumvarpið sem skref í því endurskoðunarstarfi, sem þarna var hafið.

Að loknu þingi tók fjármálaráðherra mál þetta upp að nýju og gaf embættismannanefndinni nýtt og víðtækara umboð til starfa. Um leið og hann fól nefndinni að ljúka því verkefni, sem henni var áður falið, fól ráðherra henni að framkvæma heildarathugun á skattalögum með því markmiði annars vegar að gera skattkerfið sem einfaldast, en hins vegar að gera þær breytingar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt að því er varðar skatta einstaklinga, sem nefndin kynni að telja sanngjarnar og eðlilegar. Í því sambandi fól ráðherra nefndinni sérstaklega að taka til athugunar þau frumvörp til breytinga á skattalögum, sem flutt voru á síðasta þingi og flestum var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hefur nefndin síðan enn unnið að þessu verkefni, eftir því sem aðstaða hennar og einstakra nefndarmanna hefur frekast leyft, og skilaði nefndin skýrslu til fjármálaráðherra í desember s. l. Með þeirri skýrslu telur nefndin að svo stöddu lokið tillögugerð sinni um breytta stefnu í skattlagningu að því er varðar fyrirtækjaskatta. Hins vegar telur nefndin enn mikið verk óunnið áður en hún getur með nokkrum viðunandi hætti skilað því verki öllu, sem óskað er eftir í viðbótarumboði ráðherra til nefndarinnar. Þannig er sú skýrsla, sem nefndin nú hefur gert og lagasetning, sem eftir hana kann að koma, skref í heildarendurskoðun stefnunnar í álagningu beinna skatta og verður þannig að skoðast sem hluti af þeirri endurskoðun.

Það er nýjung í undirbúningi þessa máls, að sett hefur verið sérstök nefnd alþingismanna úr fjárhagsnefndum Alþingis til að fjalla um málið. Hefur þingmannanefndin rætt drög að frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, jafnharðan og þau hafa orðið til. Í þingmannanefndinni hafa starfað alþingismennirnir Björn Jónsson, Lúðvík Jósepsson, Ólafur Björnsson, Sigurður Ingimundarson og Þórarinn Þórarinsson, svo og Matthías Á. Mathiesen sem formaður.

Eins og getið var verður að líta á það frumvarp, sem hér liggur fyrir, sem lið í heildarendurskoðun stefnunnar í álagningu beinna skatta. Slík umfangsmikil endurskoðun verður ekki gerð, án þess að höfð sé hliðsjón af stöðu beinna skatta í tekjustofnakerfi ríkisins almennt. Vísast til framsögu fjármálaráðherra fyrir þessu frumvarpi um það yfirlit yfir tekjustofnakerfi ríkisins, sem ráðherra telur breytingar þessa frumvarps vera hluta af.

Að því er varðar skattlagningu atvinnurekstrar er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, í megindráttum reist á sömu forsendum og áðurnefnt frumvarp, sem lagt var fyrir síðasta þing. Með hliðsjón af gagnrýni, ábendingum og athugasemdum, sem fram hafa komið um frumvarpið, hafa þó verið gerðar á því efnislega allveigamiklar breytingar í því skyni að sníða af því agnúa, sem taldir voru á frumvarpinu í frumgerð þess. Ýmis nýmæli eru þó í frumvarpinu, sem snerta skattlagningu atvinnurekstrar og ekki voru í frumvarpinu, sem lá fyrir síðasta þingi.

Verður nú gerð grein fyrir helztu stefnuatriðum, sem frumvarpið tekur til meðferðar og varða skattlagningu atvinnurekstrar:

1. Frumvarpið felur í sér veigamikla stefnubreytingu um fyrningu eigna í atvinnurekstri. Breytingin miðar að því að gefa atvinnurekanda meira svigrúm en verið hefur um, hvenær á notkunartíma eignar hann fyrnir. Þannig er honum gefið færi á að fyrna eign í atvinnurekstri örar, þegar vel gengur, en endranær. Þá felur frumvarpið í sér, að allur atvinnurekstur verði jafnsettur gagnvart fyrningarreglum. Gert er ráð fyrir, að sérstökum fyrningarheimildum, sem vissar tegundir fastafjármuna njóta í gildandi lögum, verði breytt, án þess þó, að fyrningarheimildir séu í nokkru skertar, en eignir í hvaða atvinnurekstri sem er verði jafnsettar gagnvart fyrningu.

   Gert er ráð fyrir heimild til að fyrna eign að fullu, en ekki einungis niður í 10% af kostnaðarverði, sem verið hefur í gildandi reglum.

   Gerðar eru tillögur um hækkun fyrningarverðs eigna með tilliti til verðþróunar síðustu ára, og þess, að raungildi fyrninga af meginhluta þeirra eigna, sem atvinnurekstur í landinu nú fyrnir árlega, hefur rýrnað mjög. Að því er varðar fasteignir er gert ráð fyrir fyrningu hins nýja fasteignamatsverðs, en að því er varðar lausafé er gert ráð fyrir, að atvinnufyrirtæki geti valið í milli uppfærslu bókfærðs verðs um 40% eða endurmats skv. sérstökum reglum.

   Með þessum tillögum um endurmat á eignum til fyrninga er að vissu marki tekin upp sú stefna, sem rædd hefur verið á Alþingi og utan þess um fyrningu fastafjármuna í atvinnurekstri á endurkaupsverði. Þetta er þó gert þannig, að í stað sjálfkrafa árlegrar endurskoðunar fyrningarverðs er gert ráð fyrir endurmati nú með sérstakri heimild Alþingis og þá gert ráð fyrir sams konar aðgerðum síðar, ef ytri aðstæður gera það nauðsynlegt. Þá eru þær tillögur, sem með

frumvarpinu eru gerðar um heimildir til örrar fyrningar eigna í atvinnurekstri tilraun til að koma til móts við atvinnureksturinn vegna verðþróunar. Er gert ráð fyrir, að fjármagn, sem fyrirtæki bindur í eign, geti skilað sér aftur á mjög skömmum tíma, ef atvinnureksturinn skilar nægum hagnaði til þess. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að fyrirtæki varðveiti eða nýti andvirði fyrninga í fyrirtækjum þannig, að það haldi verðgildi sínu þrátt fyrir verðbólgu.

Sams konar endurmat og hér er rætt um var leyft 1962, eftir gengisbreytingarnar 1960 og 1961.

2. Gildandi lög leyfa mjög öra fyrningu á ýmsum tegundum eigna, svo sem skipum, fiskvinnslustöðvum, flugvélum og fleiri eignum. Eru þær fyrningarheimildir, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, einungis litlu rýmri að því er þessar eignir varðar en gildandi lög gera ráð fyrir. Þessar rúmu fyrningarheimildir ásamt reglum gildandi laga um skattfrelsi söluhagnaðar eftir 3—5 ár eftir tegundum eigna skapa aðstöðu, sem vert er að lýsa nánar.

Sé tekið dæmi um skip, sem útgerðarmaður kaupir fyrir 20 millj. kr. og gerir út í 3 ár, þannig að mjög vel gengur og fyrningarheimildir notaðar til fulls, hefur hann að þeim tíma loknum dregið frá tekjum sínum vegna fyrninga á þessum þremur árum sem svarar 12 millj. kr. Sé dæmið ekki flækt með verðbreytingu, en gert ráð fyrir, að útgerðarmaður hafi haldið skipinu vel við, mætti ætla, að hann gæti selt það aftur fyrir 14 millj. kr. að þremur árum loknum. Samkvæmt dæminu og eftir núgildandi skattalögum mundi útgerðarmaðurinn ganga frá þessum viðskiptum með 6 millj. kr. (12 millj. kr. óskattlagðar tekjur vegna fyrninga að frádreginni 6 millj. kr. verðrýrnun skipsins), sem algjörlega skattfrjálsan hagnað.

Segja má, að ákvæði þessi hafi getað átt rétt á sér um áhættusaman og hverfulan atvinnurekstur eins og útgerð. Þegar hins vegar ætlunin er, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, að veita öllum atvinnurekstri sambærilegar heimildir til fyrninga við það, sem útgerðarmaðurinn í dæminu getur notið, er augljóst, að nauðsyn ber til að koma í veg fyrir misnotkun á slíkum ákvæðum.

Því gerir frumvarpið ráð fyrir stefnubreytingu að því er varðar skattalega meðferð söluhagnaðar og andvirðis sérstakra fyrninga. Samkvæmt gildandi lögum er hvers konar söluhagnaður skattfrjáls, ef liðinn er tiltekinn tími frá því að seljandi eignaðist hina seldu eign. Þessi tími er 3 ár, ef um er að ræða lausafé, en 5 ár, ef um er að ræða sölu fasteignar. Með frumvarpinu er gerð tillaga um, að söluhagnaður af fyrnanlegum eignum og hlutabréfum sé alltaf skattskyldur, en að misstórum hluta eftir eignartíma, minnst 25% eftir 4 eða 6 ár, eftir því hvort um er að ræða lausafé eða fasteignir. Um frekari skýringar á þessum reglum vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins. Þegar rætt er um skattskyldan söluhagnað í þessu sambandi, er átt við, að söluhagnaður teljist til tekna, með öðrum tekjum og því þeim ráðstöfunarrétti, sem fylgir nettótekjum endranær.

3. Skattaleg meðferð hagnaðar af atvinnurekstri breytist mikið skv. frumvarpinu. Ein breytingin snýr að skattlagningu sameignarfélaga, sjá sérstakar athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir heimild til að leggja fé í arðjöfnunarsjóð hjá hlutafélögum eftir ákveðnum reglum. Gert er ráð fyrir, að útborgun arðs og framlag til arðjöfnunarsjóðs af hagnaði sé ekki takmarkað við 10% af nafnverði hlutafjár eins og verið hefur, en hins vegar gert ráð fyrir 15% skattgreiðslu frá fyrirtækinu til ríkissjóðs af fé, sem þannig er ráðstafað.

Gerð er tillaga um þá stefnubreytingu, að allt að 30 þús. kr. arður af hlutafé eða vextir af stofnsjóðsinnstæðu verði tekjuskattsfrjáls hjá viðtakanda, 60 þús. kr. fyrir hjón og allt að 15 þús. kr. fyrir hvert barna. Er með þessum hætti

stigið skref í þá átt að gera hlutafjár- og stofnsjóðseign að nokkru samkeppnishæfari við sparifé og skattfrjáls spariskírteini en er skv. gildandi lögum.

4. Frumvarpið gerir ráð fyrir stefnubreytingu gagnvart sameignarfélögum og skattalegri meðferð þeirra. Er lagt til, að sameignarfélög sem sjálfstæðir skattaðilar verði felld niður úr skattkerfinu. Um ítarlega röksemdafærslu fyrir þessari tillögugerð vísast til sérstakra athugasemda við 3. gr. frumvarpsins.

5. Með frumvarpinu eru gerðar tillögur, sem miða að því að auðvelda samruna og slit hlutafélaga. Ekki hefur reynt til fulls á gildandi reglur um samruna hlutafélaga, en frumvarpið gerir ráð fyrir að eyða réttaróvissu um þetta atriði. Gert er ráð fyrir að samruni hlutafélaga, sem eingöngu er fólginn í algjörum samruna fjármuna og eigin fjár með skiptum á hlutabréfum, en engum öðrum greiðslum til hluthafa í félagi, sem hverfur inn í annað félag, skuli ekki leiða til skattskyldu við samruna. Til skattskyldu getur komið, þegar slík bréf í eftirlifandi félagi eru seld eða því félagi er slitið, og þá eftir reglum frumvarpsins um söluhagnað.

   Reglur frumvarpsins um slit hlutafélaga fela í sér stefnubreytingu. Núgildandi reglur gera ráð fyrir algerri skattlagningu alls eigin fjár í hlutafélagi umfram nafnverð hlutabréfa og þá jafnvel án tillits til þess, hvert kaupverð hlutabréfanna var. Afleiðing þessara lagaákvæða hefur verið sú, að hlutafélögum er að jafnaði ekki slitið, jafnvel þótt þau séu í raun algerlega hætt starfsemi.

   Reglur frumvarpsins tengjast beinlínis ákvæðum þess um söluhagnað og er ætlazt til, að skattlagning við slit hlutafélags verði hin sama og gildir um skattlagningu söluhagnaðar, þannig að skattlagning ræðst af því, hversu langt er síðan hluthafi eignaðist bréf sín í hlutafélaginu, sem slitið er, og við hvaða verði.

   Þessi ákvæði um samruna og slit hlutafélaga eru hin sömu og í frumvarpinu, sem lá fyrir síðasta þingi. Í þessu frumvarpi eru til viðbótar ákvæði, sem greiða fyrir samstarfi fyrirtækja í því formi, að hlutafélag og/eða einstaklingar stofni með sér hlutafélag til að ráðast í tiltekinn atvinnurekstur, til að koma í veg fyrir tvísköttun hagnaðar, sem flyzt milli hlutafélaga.

6. Með frumvarpinu er breytt ákvæðum um mat á birgðum við uppgjör til skatts og þannig veitt nokkurt svigrúm til að mynda dulinn varasjóð í mati birgða.

   Um önnur veigaminni atriði, sem varða skattlagningu atvinnurekstrar fyrst og fremst og frumvarpið fjallar um, vísast að öðru leyti til nánari greinargerðar í athugasemdum með einstökum greinum frumvarpsins hér á eftir.

Eins og getið var hér að framan má líta svo á, að frumvarp þetta feli í sér heildartillögur um frambúðarstefnu um beina skatta til ríkissjóðs á tekjur og eignir í atvinnurekstri. Sambærilegar tillögur um tekjuskattlagningu og eignarskattlagningu einstaklinga eru ekki enn undirbúnar þannig, að þær verði lagðar fyrir í frumvarpsformi. Engu að síður hefur þótt rétt að taka upp í þetta frumvarp allmörg ákvæði, sem snerta beina skatta einstaklinga. Þá tillögugerð verður að skoða í því ljósi, að væntanleg sé heildarúttekt á tekju- og eignarskattlagningu einstaklinga í framhaldi af þeirri lagasetningu, sem Alþingi kynni að ákveða á grundvelli þessa frumvarps. Því er ekki efni til að draga saman yfirlit yfir stefnubreytingar að því er varðar þessa skattlagningu. Hins vegar felur frumvarpið í sér veigamikla breytingu á eignarskattlagningu, sem rétt er að gera nánari grein fyrir.

Skv. gildandi lögum leggjast eignarskattar mjög misþungt á mismunandi tegundir eigna. Til eignarskatts teljast skuldabréf og hlutabréf á nafnverði, en fasteignir á margfeldi af fasteignamatsverði, sem er einungis brot af raunverði. Innstæður í bönkum og sérstök verðbréf eru eignarskattsfrjáls. Hlutabréf eru skattalega verst sett í þessu sambandi vegna ótryggra tekna af þeim, en eignarskatta þarf að sjálfsögðu að greiða án tillits til arðs.

Frumvarpinu er ætlað að ýta undir hlutabréfaeign, en núverandi eignarskattlagning vinnur gegn henni. Nýtt fasteignamat gerir einnig nauðsynlegt að breyta reglum um eignarskatt vegna þess, hversu það raskar öllum eignarskattsgrunninum.

Frumvarpið gerir því ráð fyrir mikilli hækkun skattfrjálsrar eignar og minni stighækkun en verið hefur. Skatthlutfall er við það miðað, að skatturinn sé ekki frádráttarbær hjá einstaklingum.

Um breytingar og nýmæli, sem frumvarp þetta felur í sér að öðru leyti og skýringar vísast til eftirfarandi athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir breytingu á ákvæðum 3. gr. laganna, sem fjallar um aðferð við skattlagningu á tekjum hjóna.

Sérsköttun hjóna verður að teljast æskileg frambúðarstefna á því sviði, sem 3. gr. laganna fjallar um. Slík breyting krefst mikils undirbúnings og mjög breyttra skattstiga. Sú aðgerð verður því að bíða frekari endurskoðunar á skattlagningu einstaklinga. Meðan sérsköttun hjóna er ekki lögfest, er á hinn bóginn talið rétt að gera tillögu um breytingu á þessari grein til að draga úr því misrétti, sem nú stafar af ákvæðum laganna um heimild giftrar konu til að draga helming frá tekjum sínum án takmörkunar, áður en skattur er á þær lagður. Ákvæði þetta veldur því, að skattaleg meðferð tekna hjá tekjuháum, giftum konum, er mjög óeðlilega miklu betri en hjá öðrum skattþegnum án tillits til fjölskylduaðstöðu.

Því þykir rétt að svo stöddu að breyta þessu ákvæði, þannig að fjárhæð, sem til frádráttar kemur skv. ákvæðinu um helmingsfrádrátt á tekjum giftrar konu, skuli aldrei nema hærri fjárhæð en hálfum persónufrádrætti hjóna skv. B-lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Ákvæði þetta, ef að lögum verður, mundi leiða til þess, að reglan um helmingsfrádrátt mundi gilda óbreytt frá því sem verið hefur fyrir tekjur giftrar konu allt að 188 þús. kr. á ári, en tekjur þar umfram mundu leggjast óskertar við skattskyldar tekjur eiginmanns. Ákvæðið mundi ná því markmiði að örva til verulegrar vinnu giftra kvenna utan heimilis, en draga úr áðurnefndu misræmi, sem verið hefur um skattlagningu, þegar giftar konur hafa mjög háar tekjur af slíkri vinnu.

Gildandi lög gera ráð fyrir sams konar frádrætti og um var rætt hér að ofan fyrir gifta konu, sem gengur til verka við atvinnurekstur með manni sínum, þegar atvinnureksturinn er að verulegu leyti eign þeirra, annars hvors eða beggja. Sá frádráttur er þó takmarkaður við 15 þús. kr. Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir breytingu á þessu ákvæði. Vinni gift kona við fyrirtæki, sem hjónin annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, er gert ráð fyrir, að hún eigi rétt á helmingsfrádrætti miðað við beint vinnuframlag hennar, en frádátturinn verði takmarkaður við ¼ hluta persónufrádráttar hjóna skv. B-lið 1. mgr. 16. gr. laganna. Til þess er ætlazt, að ákvæði þetta taki til húsfreyja í sveitum og sömuleiðis giftra kvenna, sem vinna við einkafyrirtæki, sameignarfyrirtæki eða fjölskyldufyrirtæki í hlutafélagsformi. sem gift kona vinnur við vegna eignaraðildar hennar eða eiginmanns eða þeirra nánustu ættingja, sem getið er í greininni.

Frádrættir skv. þessari grein og takmarkanir á þeim eru miðaðir við hlutfall af persónufrádrætti hjóna, gagngert í því skyni að þeir breytist með skattvísitölu, en verði ekki úreltir með sama hætti og núgildandi ákvæði.

Um 2. gr.

Breytingar á greininni stafa eingöngu af breytingum skv. 9. gr. frumvarpsins um skattfrjálsan arð af hlutabréfum. Greinin þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. frumvarps þess, sem lá fyrir síðasta Alþingi um breytingu á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt. Ástæða er til að gefa mun betri skýringar á þeirri grein en gert var í greinargerð með því frumvarpi.

Frumvarpsgreinin felur í sér breytingu á 5. gr. gildandi laga. Meginbreytingin stafar af þeirri tillögu að fella niður sameignarfélög sem sjálfstæða skattaðila en gera ráð fyrir, að eignir og tekjur slíkra félaga skiptist hlutfallslega milli eigenda við álagningu skatta. Þannig falla sameignarfélög niður úr 5. gr. C-lið laganna, en gerð er tillaga um óbreytt fyrirkomulag að því er varðar samlög, sem hafa að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna sinna. Til þeirrar tillögu, sem hér er gerð, að því er varðar sameignarfélög liggja einkum eftirtalin rök:

1. Sameignarfélög eru skv. gildandi löggjöf betur sett skattalega en hvort heldur er atvinnurekstur einstaklings eða rekstur í hlutafélagsformi. Í samanburði einstaklings og sameignarfélags er takmarkaskattur einstaklings nettó (þegar tekið hefur verið tillit til þess, að útsvar er frádráttarbært) um 51%. Sambærileg skattprósenta sameignarfélags er um 44%, en að auki koma til greina heimildir sameignarfélagsins til að leggja fé í varasjóð, sem svarar til lækkunar á virkri skattprósentu sameignarfélags niður í um 33%, samanborið við áðurgreindan 51% takmarkaskatt einstaklings. Verða ekki talin rök til að veita sameignarfélagsforminu með lögum þessi skattalegu forréttindi umfram einstaklingsrekstur.

   Í samanburði hlutafélags og sameignarfélags verður sama uppi á teningnum, þótt með nokkuð öðrum hætti sé. Skattprósenta þessara félaga og varasjóðsréttindi eru hin sömu. Meginmunurinn er hins vegar fólginn í ráðstöfunarrétti þess fjár, sem eftir er í félaginu að lokinni skattgreiðslu. Í sameignarfélaginu hafa eigendur á því fullt og ótakmarkað forræði án skattlagningar, en í hlutafélaginu verður ráðstöfunin að eiga sér stað innan hlutafélagsformsins eða ella koma til fullrar skattlagningar að nýju við úthlutun arðs og/eða slit hlutafélagsins.

   Á það hefur verið lögð talsverð áherzla í umræðum um þetta efni undanfarna mánuði, að taka beri tillit til í þessu sambandi, að ábyrgð eiganda að sameignarfélagi sé full og ótakmörkuð, en sama máli gegni ekki um hlutafélög. Verða þau rök ekki talin nægileg til að réttlæta þessa mismunun í skatti, einkum með tilliti til þess, að í viðskiptum við hlutafélög, sem einungis eru hlutafélög að nafni eins og mörg svonefnd fjölskylduhlutafélög eru, krefjast lánastofnanir og aðrir viðskiptaaðilar persónulegrar ábyrgðar eða veðsetningar persónulegra eigna hluthafa til tryggingar skuldbindingum hlutafélagsins.

   Ástæða er til að leggja áherzlu á í þessu sambandi, að eftir þá breytingu, sem hér er gerð tillaga um, verður rekstur í sameignarfélagi heimill með sama hætti og verið hefur, en breytingin í því fólgin, að skattlagning ætti sér stað hjá hverjum eiganda, bæði að því er varðar eignir og tekjur, hlutfallslega eftir þeim reglum, sem þar um giltu.

2. Íslenzk löggjöf á sviði félagaréttar er mjög vanþróuð, þannig að fastar reglur skortir um stofnun, form og félagslega stöðu sameignarfélaga. Þau eru því mjög laust félagsform, þar sem allur tilflutningur fjármagns og kostnaðar er auðveldur milli félagsins og eigenda þess. Er óæskilegt að láta verulega skattalega hagsmuni hvíla á svo veikum grunni, eins og gildandi löggjöf gerir.

3. Eins og hægt er að sýna fram á með dæmum getur núverandi fyrirkomulag í þessu efni haft í för með sér, að menn, sem stunda stórfelldan atvinnurekstur í sameignarfélagsformi og hafa af því verulegan hagnað, þurfa ekki að taka eðlileg laun fyrir störf sín hjá fyrirtækjum sínum, heldur láta skattleggja þennan hagnað hjá félaginu með þeim skattkjörum, sem lýst var hér að framan. Afleið-

ingin er sú, að persónulega bera eigendur þessara fyrirtækja sjálfir óveruleg opinber gjöld. Nauðsynlegan framfærslueyri og fé til einkafjárfestingar fá þessir eigendur án skattgreiðslu út úr sameignarfélaginu með úttekt af höfuðstól. Hagnaður sá, sem höfuðstól þennan myndaði, hefur eins og lýst var verið skattlagður með verulega hagstæðari skattkjörum en orðið hefði, ef eigendurnir hefðu reiknað sér eðlileg laun.

Samanburður ýmissa launþega við skattbyrði atvinnurekenda af þessu tagi hefur átt sinn þátt í að ala á efasemdum og óánægju meðal launþega með framkvæmd skattalaga.

4. Gildandi lög skylda þrjá eða fleiri aðila að sameignarfélagi til að láta skattleggja félagið sérstaklega. Allmörg dæmi eru um það í samvinnu hlutafélaga, t. d. verktakasamsteypum o. þ. h., að félög kæra sig ekki um sameiginlega skattlagningu, eins og lögin krefjast. Tillagan, sem hér er gerð, mundi leysa aðila sjálfkrafa undan þessari skyldu.

Að því er varðar frumvarpsgreinina að öðru leyti er vert að vekja athygli á orðalagsbreytingu, sem gerð er tillaga um í 5. gr. A-lið laganna. Samkvæmt ákvæðinu, eins og það nú er orðað, eru félög með takmarkaðri ábyrgð tekjuskattsfrjáls og eignarskattsfrjáls, ef „tekjuafgangi er einungis varið til almennra þarfa". Ástæða þykir til að lögfesta þrengingu þessa ákvæðis, þannig að undanþegin skatti séu aðeins félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum félaganna.

Um 4. gr.

Greinin felur í sér breytingar á 7. gr. laganna, en sú grein geymir meginhluta ákvæðanna um, hverjar teljast skattskyldar tekjur.

Orðalagi C-liðs 1. mgr. 7. gr. er vikið við til lagfæringar, en að auki er gerð nokkur efnisbreyting á liðnum. Í stað þess, að í gildandi lögum telst með tekjum

„áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigendur nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án endurgjalds"

komi

„áætlað gjald af jörðum, ítökum, hlunnindum, lóðum, húsum og öðrum mannvirkjum, skipum, loftförum eða öðrum fjármunum, sem eigendur eða rétthafar nota sjálfir eða láta öðrum í té án eðlilegs endurgjalds".

Með þessum hætti er tekinn af vafi um, að ákvæðið taki til allra fjármuna. Breyting er í því fólgin, að ákvæðið er látið taka til rétthafa yfir fjármunum auk eigenda og loks tekur ákvæðið til áætlaðs gjalds af fjármunum að því marki sem það er óeðlilega lágt.

Með ákvæði þessu svo breyttu væri starfsgrundvöllur skattyfirvalda mun traustari en verið hefur til að gera átak í þá átt að ná til skattlagningar tekjum, sem nú sleppa iðulega við skattlagningu og eru fólgnar í verðmætum afnotum af alls kyns eignum og réttindum, sem fyrirtæki eiga og láta starfsmönnum sínum og eigendum í té án endurgjalds eða fyrir óverulegt gjald. Má hér nefna farartæki, hús, veiðirétt o. s. frv.

Skattyfirvöldum er fengin með ákvæðinu viss heimild til að meta aðstæður, þar sem talað er um „eðlilegt" endurgjald fyrir réttindi. Er þar að jafnaði átt við venjulegt endurgjald á markaðsverði. Þó er gert ráð fyrir t. d., að „eðlileg" húsaleiga í viðskiptum föður og sonar, sem t. d. er við nám, geti verið lægri en almennt markaðsverð.

Frumvarpið felur í sér miklar breytingar á D-lið 1. mgr. 7. gr. laganna. Gerð er tillaga um þá frambúðarreglu, að því er varðar útgáfu jöfnunarbréfa, að slík útgáfa verði heimil svo lengi sem bókfærður höfuðstóll hlutafélags hrekkur til útgáfu slíkra bréfa.

Núgildandi reglur laga um jöfnunarhlutabréf takmarka útgáfu þeirra bæði við raunverulegar eignir, sem fyrirtæki þarf að hafa átt í 3 ár og við ákveðna vísitölu. Reyndin hefur verið sú, að hneigð til útgáfu jöfnunarbréfa hefur ekki verið mikil, að vissu marki vegna þess, hversu eignarskattur af slíkum bréfum getur orðið hár, en að auki hefur heimild fyrirtækja til útgáfu bréfa að jafnaði rekizt á áðurnefnda vísitölu.

Í ákvæðum til bráðabirgða með frumvarpinu er því sérákvæði um heimild til útgáfu jöfnunarbréfa til ársloka 1972. Það ákvæði er samhljóða gildandi ákvæðum að öðru leyti en því, að heimildin til útgáfu jöfnunarbréfa er ekki bundin vísitölutakmörkun. Er hér einnig um að ræða lið í lögfestingu ákvæðanna um skattlagningu söluhagnaðar að því er varðar hlutabréf. Með ákvæðinu er eigendum hlutafélaga gert kleift að koma nafnvirði bréfa sinna á raunvirðisgrunn, sem síðar yrði miðað við í ákvörðun skattskylds söluhagnaðar við kaup og sölu hlutabréfa. Breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir á eignarskattlagningu, draga úr þeim hömlum, sem sú skattlagning hefur verið á útgáfu jöfnunarbréfa. Síðan er gert ráð fyrir, að áðurnefnd frambúðarstefna um útgáfu jöfnunarbréfa verði gildandi.

Þessi breyting er nátengd breytingunni á meðferð söluhagnaðar, sem getið var hér að framan í athugasemdum og er þá gert ráð fyrir mismunandi meðferð söluhagnaðar eftir því, hvort í hlut á jöfnunarhlutabréf gefið út fyrir árslok 1972 eða eftir þann tíma skv. þeim reglum, sem þá gilda. Kaupverð bréfa, sem gefin yrðu út fyrir árslok 1972 yrði þannig talið nafnverð bréfanna, en kaupverð jöfnunarhlutabréfa, sem út yrðu gefin eftir þann tíma yrði talið ekkert. Við sölu yrði hagnaður af fyrrnefndu bréfunum söluverð umfram nafnverð, en af hinum síðarnefndu yrði hagnaður allt söluverðið. Skattskyldur hluti hagnaðar yrði síðan 100%, 50% eða 25% eftir eignarhaldstíma.

Sú regla, sem hér er upp tekin leiðir til breytingar á úthlutun til hluthafa við félagsslit, því að slík úthlutun yrði skattlögð eins og um sölu hlutabréfa væri að ræða í stað þess að nú er öll úthlutun umfram nafnverð bréfa skattskyld hjá viðtakanda eins og arður.

E-liður 1. mgr. 7. gr. laganna felur í sér allar þær reglur, sem gerð er tillaga um að leiða í lög að því er varðar skattlagningu ágóða af sölu eigna. Tillaga þessi er að því leyti mun víðtækari en frumvarpið, sem lá fyrir síðasta þingi, að í því var einungis gerð tillaga um meðferð söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum og hlutabréfum.

Það er meginregla þessara ákvæða, að ágóði af sölu eigna sé skattskyldur. Með því að á verðbólgutímum er hluti slíks ágóða krónuhagnaður en ekki ágóði í raunverðmætum, er meginregla tillagnanna sú, að fyrstu 2—3 árin er hagnaður skattskyldur að fullu, næstu 2—3 árin að hálfu og síðan að fjórðungi, allt eftir því hvaða eignir er um að ræða. Frá þessum meginreglum eru þó nokkrar undantekningar.

Þegar talað er um ágóða eða hagnað og skattskyldu hans í frumvarpinu eða þessari greinargerð er að sjálfsögðu alltaf átt við, að hinn skattskyldi hluti ágóða leggst einungis við tekjur hlutaðeigandi aðila, þannig að sé um að ræða tap á rekstri eða hafi atvinnurekstur fyrningarheimildir ónotaðar, þá getur það jafnað út þann „skattskylda“ söluhagnað, sem um er rætt. Sömuleiðis hefur félag sams konar ráðstöfunarrétt á þessum tekjum og öðrum tekjum, t. d. til arðgreiðslu.

Gert er ráð fyrir skattlagningu ágóða af sölu fyrnanlegs lausafjár og sölu hlutabréfa, þannig að ágóði sé skattskyldur að fullu fyrstu tvö ár eignarhaldstíma, að hálfu næstu 2 ár eignarhaldstíma, en eftir það skattleggjast að einum fjórða hluta.

Þegar um er að ræða ágóða af sölu lausafjár, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 15. gr., annars en hlutabréfa, svo sem listaverka og bóka, skal ágóði ekki teljast til skattskyldra tekna, ef skattþegn hefur átt eignina 2 ár eða lengur.

Að því er varðar ágóða af sölu fasteigna er gert ráð fyrir fullri skattskyldu

fyrstu 3 árin af eignarhaldstíma, hálfri næstu 3 ár en eftir það skattskyldu fjórðungs ágóða. Frá þessu er gerð undantekning um íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í sjálfur ásamt með nokkurri viðbót húsnæðis í sama húsi eða annarri íbúð. Er gert ráð fyrir, að ágóði af sölu slíks húsnæðis verði skattskyldur að fullu í 3 ár af eignarhaldstíma, en eftir það skattfrjáls.

Samanburður þessara ákvæða við gildandi lög er sá, að ágóði af sölu lausafjár og hlutabréfa er nú skattskyldur að fullu í 3 ár, en skattfrjáls eftir það. Ágóði af sölu fasteigna er skattskyldur að fullu í 5 ár, en skattfrjáls eftir það. Þó er skattþegni nú heimilt að selja íbúðarhúsnæði án skattlagningar innan 5 ára tímans, ef hann kaupir aðra fasteign, sem að minnsta kosti er jafnverðmæt að fasteignamati innan tiltekins tíma.

Ákvæði frumvarpsins skýrgreina hagnað af sölu fyrnanlegra eigna, en slíka skýrgreiningu hefur vantað í lög. Þar er tekið fram, að þegar fyrnanleg eign er seld, skuli á söluárinu telja seljanda til tekna alla fyrningu, sem hann hefur fengið vegna eignarinnar, umfram leyfilega hámarksfyrningu, þó ekki hærri fjárhæð en söluhagnaði nemur. Ákvæði þetta er hluti af því skattlagningarkerfi söluhagnaðar, sem frumvarpið felur í sér. Gerð hefur verið sú breyting frá frumvarpinu, sem lagt var fyrir síðasta þing, að einungis fyrning umfram hámarksfyrningu kemur að fullu til skattlagningar án tillits til sölutíma. Í frumvarpinu s. l. vor miðaðist þessi frádráttur við lágmarksfyrningu.

Frumvarpið, sem lá fyrir síðasta Alþingi hefur verið gagnrýnt að því er varðar þessi ákvæði um skattlagningu söluhagnaðar. Hefur því verið haldið fram, að með þessu sé tekin upp skattlagning á verðbólguhagnaði, sem sé hvort tveggja, ósanngjörn og íþyngjandi frá gildandi löggjöf um þetta efni. Það er ljóst, að við sæmilega stöðugt verðlag er skattlagning söluhagnaðar að fullu algjörlega réttmæt. Sú regla, sem hér er gerð tillaga um um helmingsskattlagningu um ákveðið árabil og fjórðungsskattlagningu eftir það, er tilraun til að mæta því, að verð á þeim eignum, sem hér er um að ræða hækkar jöfnum höndum vegna þróunar verðlags og vegna þess, að þær raunverulega aukast í verði. Vísast um röksemdafærslu fyrir þessu til almennrar greinargerðar hér að framan. Að auki er rétt að benda á, að eftir því sem við á eru það viðbótarrök fyrir þeirri stefnu, sem hér er gerð tillaga um, að umtalsverður hluti af söluverði eigna ræðst af því, hversu vel þeim hefur verið við haldið. Í öllum greinum atvinnurekstrar og að því er varðar ýmsar aðrar eignir er viðhaldskostnaður frádráttarhæfur frá tekjum, þannig að í söluverði vel viðhaldinnar eignar er eigandinn að fá endurgreiddan hluta af viðhaldskostnaði og verður að telja óeðlilegt, að hann fái þann hluta bæði dreginn frá tekjum sínum og algerlega skattfrjálsan, þegar hann fæst endurgreiddur í söluverði.

Til að komast hjá skattlagningu verðbólguhagnaðar er heimilað að nota staðfest fasteignamatsverð í stað kaupverðs eða kostnaðarverðs, þegar reiknaður er söluhagnaður af fasteignum, sem menn áttu í árslok 1969. Með þessum hætti eru verðhækkanir fram til þess tíma, að nýtt fasteignamat tekur gildi í reynd undanþegnar skattlagningu.

Þá er nýmæli (6. mgr.) um aðferð við reikning söluverðmætis, í því skyni að taka tillit til þess, hversu söluverð er mismunandi eftir mismunandi greiðslukjörum. Eins og kunnugt er er söluverð eigna að jafnaði þeim mun hærra, sem minna af söluverði greiðist út í hönd og eftirstöðvarnar greiðast á lengri tíma. Er gert ráð fyrir, að settar verði sérstakar reglur til að reikna slíkt söluverð til verðgildis miðað við staðgreiðslu, en það verð á að vera sambærilegt við fasteignamatið nýja.

Það er enn fremur nýmæli í þessum ákvæðum, að tilgreint er í þessum lið (7. mgr.), hvernig söluverði skuli skipt á lóð og mannvirki við sölu.

Upp eru tekin í þennan lið skýr ákvæði um aðferð við útreikning söluhagnaðar af hlutabréfum, viðmiðanir um verð, ákvörðun eignarhaldstíma o. fl.

Loks er gert ráð fyrir nýjum lið í þessa grein laganna, sem fjalli um skattlagn-

ingu heiðurslauna. Eins og kunnugt er hafa frumvörp um skattfrelsi einstakra heiðursverðlauna verið flutt og afgreidd sem lög frá Alþingi. Hefur verið talið æskilegt, að um þessi laun verði fjallað almennt í lögum um tekju- og eignarskatt fremur en samþykkja hverju sinni sérstakar undanþágur á Alþingi. Þar hefur þó mátt merkja greinilega hneigð í þá átt, að slík heiðursverðlaun verði skattfrjáls.

Í undirbúningi þessa máls hafa verið talin vandkvæði á að semja almenna skýrgreiningu fyrir heiðursverðlaun, sem væri nægilega þröng til að taka eingöngu til undantekninga, sem hæfilegt mætti telja að njóti skattfrelsis í anda þeirra frumvarpa, sem um þetta hafa verið afgreidd á þingi. Þá má færa fram rök gegn því að verðlaun af þessu tagi verði algjörlega skattfrjáls og er hér gerð tillaga um að velja í þessu efni svipaða leið og gert er í Danmörku, þar sem farið er með slík verðlaun sem eignaaukningu vegna verðhækkunar. Hér er því gerð tillaga um, að heiðurslaun verði skattlögð með sama hætti og söluhagnaður af eignum eftir langt eignarhald, þ. e. að fjórðungur verðlauna komi til tekjuskattlagningar. Gert er ráð fyrir, að heimild til slíkrar sérstakrar sköttunar takmarkist við, að um sé að ræða verðlaun, sem veitt eru í eitt skipti hverjum aðila úr sjóðum menningarstofnana án umsóknar fyrir afburðaframmistöðu á einhverju sviði.

Gert er ráð fyrir í lok þessarar greinar frumvarpsins, að 2. mgr. 8. gr. gildandi laga verði síðasta mgr. 7. gr., en gert er ráð fyrir, að 1. mgr. 8. gr. gildandi laga falli niður, enda er það ákvæði efnislega óþarft.

Er ekki talið, að þessi ákvæði eða önnur í greininni þarfnist frekari skýringa.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að upp verði tekin ný 8. gr. laganna, sem fjalli um samruna og slit hlutafélaga. Er ákvæðið óbreytt frá frumvarpinu, sem lá fyrir síðasta þingi og gerir ráð fyrir, að samruni, sem eingöngu er fólginn í algjörum samruna fjármuna og eigin fjár með skiptum á hlutabréfum, en engum greiðslum milli hluthafa, skuli ekki leiða til skattskyldu. Þannig mundi raunveruleg eignaaukning, sem ætti sér stað við slíkan samruna, koma á sínum tíma til skattlagningar við slit félags eða í formi söluhagnaðar við sölu hlutabréfa í hinu nýja félagi, ef svo bæri undir. Er með þessum hætti gert ráð fyrir, að félagið, sem eftir stendur yfirtaki með þessum hætti öll skattaleg réttindi og skyldur eldra félagsins.

Í sambandi við þetta ákvæði frumvarpsins er vert að ítreka, að frumvarpið gerir að öðru leyti ráð fyrir, að meðferð hlutafélags við slit, sem ekki tengjast samruna, sé algjörlega hin sama og við á, þegar hlutabréf eru seld. Þannig er niður fellt ákvæðið um afdráttarlausa skattskyldu alls þess fjár, sem kemur í hlut hluthafa umfram nafnverð hlutabréfa, en eins og kunnugt er hefur það ákvæði komið í veg fyrir, að slitið sé hlutafélögum, sem í raun eru löngu hætt öllum rekstri.

Um 6. gr.

Greinin felur í sér nýja 9. gr. laganna, en gerir ráð fyrir, að núverandi 9. gr. falli úr gildi. Hún fjallar um takmarkanir á heimild til ráðstöfunar varasjóða.

Eins og fram hefur komið fyrr í greinargerðinni gerir frumvarpið ráð fyrir niðurfellingu heimildar til ráðstöfunar fjár í varasjóð. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir heimild til að mynda svonefndan arðjöfnunarsjóð og fjallar 9. gr. um, hvernig með hann skuli fara, svo og um meðferð eldri varasjóða. Gert er ráð fyrir, að félög geti lagt fé í arðjöfnunarsjóð og varið því þaðan til arðgreiðslu eða til að mæta tapi af rekstri næstu 5 ár eftir að fé var lagt í sjóðinn. Sé fé úr arðjöfnunarsjóði ráðstafað til annarra þarfa eða ekki ráðstafað innan 5 ára, skal það teljast með öðrum skattskyldum tekjum félagsins.

Frumvarpið, sem lá fyrir síðasta þingi gerði ráð fyrir, að eldri varasjóðir yrðu allir leystir upp á 5 árum að því er varðaði sameignarfélög en 10 árum að því er varðaði hlutafélög. Frumvarpsgreinin, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að hluta-

félög og samvinnufélög geti haldið varasjóðunum óskertum með óbreyttum skilmálum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir upplausn varasjóða sameignarfélaga á 5 árum, en jafnframt gert ráð fyrir sérstökum heimildum til að mæta þeim tekjuauka, sem af þessu mundi leiða með sérstökum afskriftum, ef við á, sbr. ákvæði til bráðabirgða II.

Um 7. gr.

Gerð er tillaga um, að úr B-lið 10. gr. laganna falli niður orðið „brunabóta", þ. e. núgildandi ákvæði um að eignarauki, sem stafar af brunabótum teljist ekki til tekna. Þessi breyting er til samræmis við breytingar, sem lagt er til, að gerðar verði um söluhagnað eigna, sbr. 4. gr. frumvarpsins, til dæmis að því er varðar altjón og eignarnámsbætur.

Að auki er í frumvarpsgreininni gert ráð fyrir, að nýtt ákvæði bætist við E-lið 10. gr. laganna, þar sem til samræmis er ætlazt til, að eignarauki, sem stafar af eigin vinnu, verði því aðeins skattlagður að hann fáist endurgreiddur í söluverði íbúðar innan fimm ára miðað við söludag.

Gerð er tillaga um nýtt efni G-liðar 10. gr. laganna, en hann fjallar nú um, að fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda, sé ekki skattskylt. Gildandi lög gera þannig ráð fyrir, að fæði allra aðila annarra en sjómanna, sem atvinnurekandi leggur til, skuli teljast skattskyld hlunnindi hjá þiggjanda fæðisins. Mjög hefur farið í vöxt, að atvinnurekendur leggi starfsmönnum til fæði að einhverju eða öllu leyti og í ýmsum tilfellum er slíkt fæði hluti umsaminna kjara. Skattframkvæmd í þessu efni hefur verið óráðin og ber brýna nauðsyn til þess að löggjöfin kveði skýrt á um skattalega meðferð í þessu efni, svo að samræmi sé tryggt.

Gerð er tillaga um, að fæði launþega, sem hann fær hjá vinnuveitanda sínum skv. kjarasamningum eða venju, þegar hann starfar fjarri heimili sínu, verði skattfrjálst. Í núgildandi lögum á þetta einungis við um sjómenn.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um 2. mgr. B-liðs 11. gr. laganna og er óbreytt frá frumvarpinu á s. l. vori. Breytingin frá gildandi lögum er fólgin í því, að rekstrartap, sem myndast vegna fyrninga, má skv. henni flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt. Þessi regla hefur til þessa eingöngu gilt um sérstakar fyrningar, sem veittar hafa verið einstökum atvinnugreinum, en almenna reglan hefur takmarkazt við 5 ára flutning taps. Gert er ráð fyrir, að yfirfærsluréttur vegna taps á liðnum árum vegna sérstakra fyrninga haldist óbreyttur.

Um 9. gr.

1. mgr. frumvarpsgreinarinnar gerir ráð fyrir breytingu í A-lið 12. gr. laganna til samræmis við þá breytingu, sem gerð er um afreikning affalla til gjalda í D-lið 1. mgr. 7. gr. Breytingin er hér fólgin í því, að í stað þess að dreifa afföllum á afborganatíma eða 5 ár eftir því hvort er skemmra, er gert ráð fyrir, að afföllin dreifist á allan afborganatímann, undantekningarlaust.

Þá hefur 2. mgr. greinarinnar að geyma ákvæði um tekjuskattsfrjálsan arð af hlutabréfum og vöxtum af stofnsjóðum. Er gert ráð fyrir, að fyrstu 30 þús. kr., sem einstaklingur hefur í arð af hlutabréfum séu skattfrjálsar, 60 þús. kr. fyrir hjón og 15 þús. kr. fyrir hvert barn. Eins og getið var í almennri greinargerð er þessi breyting gerð í því skyni að jafna nokkuð skattalega aðstöðu tekna af hlutabréfaeign samanborið við skattalega meðferð vaxta af sparisjóðsinnstæðum og skattfrjálsum spariskírteinum.

Loks er í 3. mgr. greinarinnar breyting, sem felur í sér, að gert er ráð fyrir, að eignarskattur einstaklinga hætti að vera frádráttarbær til skatts. Eins og getið er í almennri greinargerð hér að framan, gerir frumvarpið ráð fyrir niðurfellingu eignarútsvars og lækkun eignarskattsprósentu, jafnframt því, sem eignarskattsfrjáls eign er hækkuð verulega. Skattprósentur þær, sem þar er gerð tillaga um að því er

varðar einstaklinga miðast við, að eignarskattur sé ekki frádráttarbær, enda er hagræði í framkvæmd að slíkri ákvörðun skattsins.

Um 10. gr.

Frumvarpsgreinin felur eingöngu í sér breytingu á grunntölum nokkurra heimildarákvæða í 13. gr. til frádráttar frá skattskyldum tekjum, vegna heimilisstofnunar, sem hækka frá 32 þús. kr. í 55 þús. kr., vegna iðgjalda af lífeyri, sem hækka úr 15 þús. kr. í 25 þús. kr. og iðgjalda af lífsábyrgð, sem hækka úr 6 og 9 þús. kr. upp í 15 þús. kr.

Um 11. gr.

Greinin gerir ráð fyrir breytingu á grunntölum fyrir sérstakan skattfrádrátt fyrir sjómenn skv. 14. gr. laganna sbr. 1. gr. l. nr. 78/1967 og 1. gr. laga nr. 48/1970 um breyting á þeim. Þannig er gert ráð fyrir, að 500 kr. á mánuði vegna hlífðarfata verði 800 kr., en sérstakur frádráttur, 3000 kr. verði 5000 kr. á mánuði.

Um 12. gr.

Frumvarpsgreinin felur í sér mikla stefnubreytingu á 15. gr. laganna um fyrningu á eignum í atvinnurekstri. Greinin er að mestu óbreytt frá því sem var í frumvarpinu, sem lá fyrir síðasta þingi. Í greinargerð með því frumvarpi sagði, að helztu breytingar frá gildandi lögum séu þessar:

Mörkuð er skýr afstaða til þess í A-lið greinarinnar, hvaða fjármuni megi fyrna. Hér er að nokkru verið að binda í lögum venju, sem mótazt hefur í framkvæmd. Á hinn bóginn er fyrnanlegum eignum ætlað að fjölga nokkuð, þannig að ýmiss konar keyptur eignarréttur að verðmætum, hugverkum eða einkennum verði fyrnanlegur, en svo hefur ekki verið til þessa um sum þessi réttindi, s. s. einkaleyfi, vörumerki og viðskiptavild (good-will). Það er einnig nýmæli í A-lið þessarar greinar frumvarpsins, að sérstakur stofnkostnaður, svo sem frumkostnaður við markaðsöflun, rannsóknir og fleira geti orðið fyrnanleg eign.

Í B-lið greinarinnar er gerð tillaga um að lögfesta venju, sem er í samræmi við gildandi reglugerð og framkvæmd á liðnum árum um, hvað teljast skuli heildarfyrningarverð eigna. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Með C-lið greinarinnar er breytt verulega frá gildandi lögum. Samkvæmt þeim ber að fyrna jafnmikið frá ári til árs, og er hámarksfyrning hverrar tegundar eignar bundin með ákvæði í reglugerð. Í gildandi lögum eru sömuleiðis sérákvæði, sem heimila 20% árlega upphafsfyrningu í 3 ár af fiskiskipum og öðrum veiðiskipum, flutningaskipum, flugvélum til farþega- og vöruflutninga, síldarverksmiðjum, dráttarbrautum og vinnslustöðvum fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir.

Eins og fram kemur fyrr í þessum athugasemdum með frumvarpinu er gerð tillaga um að leggja þetta kerfi niður og gera allan atvinnurekstur jafnsettan gagnvart fyrningum. Gert er ráð fyrir, að atvinnufyrirtæki sé gefinn kostur á að velja sér fasta árlega fyrningu fyrir eignir sínar innan vissra marka og er ákvæði um þá fyrningu að finna í áðurnefndum C-lið 15. gr. eins og 12. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að hún verði orðuð.

Með þessum ákvæðum er forráðamönnum atvinnurekstrar sköpuð aðstaða til að marka fyrningarstefnu fyrir fyrirtæki sín. Þeir geta ráðið miklu um hvort sá hluti af hagnaði fyrirtækis, sem svarar til þessa mismunar verður kyrr í fyrirtækinu sem viðbótarfyrning og treystir þannig fjárhagsstöðu þess. Þeir geta einnig valið hæga fyrningu og þá meiri nettóhagnað til arðgreiðslu eða arðjöfnunar milli ára í því skyni að geta náð fjármagni inn í fyrirtækið, t. d. með útboði hlutabréfa.

Í þennan lið greinarinnar eru tekin upp ákvæði, sem heimila fyrningu, þegar sérstaklega stendur á, aðallega til að leysa þau tilvik, þegar fyrnanleg eign er óvenjumikið nýtt, svo sem vinnuvél notuð samfellt á vöktum allt árið, þannig að hún rýrnar raunverulega í verði meira en venjulegar fyrningarreglur hrökkva til.

Í D-lið greinarinnar er nýmæli, þar sem eiganda fyrnanlegra eigna samkvæmt 1.—3. tl. C-liðs greinarinnar er heimilað að færa síðustu 30% af heildarfyrningarverði hverrar eignar fram á fyrningartímann, eftir því sem honum hentar og hagnaður hrekkur til. Þegar um er að ræða meiri háttar fjárfestingu er heimilað að færa þessa sérstöku fyrningu fram á fjárfestingartímann með þar til greindum skilyrðum. Með þessum hætti er atvinnurekstri gert mögulegt að fresta skattgreiðslu af tekjum, meðan hann er að treysta fjárhag sinn í sambandi við fjárfestingu. Af sjálfu sér leiðir, að þessar sérstöku heimildir geta ekki notað önnur fyrirtæki en þau, sem skila góðum hagnaði.

Þær sérstöku heimildir til fyrningar, sem veittar eru með þessum ákvæðum verður að skoða í samhengi við reglur um skattlagningu söluhagnaðar samkvæmt E-lið 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Sá atvinnurekandi, sem notar sér heimildir til þeirrar flýtifyrningar, sem D-liður greinarinnar skv. frumvarpinu heimilar, nýtur einungis góðs af því ákvæði til frambúðar, að hann eigi eignina áfram. Sé eignin seld meðan þessi fyrning er raunverulega umframfyrning, gerir frumvarpið ráð fyrir, að andvirði þessara sérstöku fyrninga bætist við skattskyldar tekjur að fullu.

Til raunverulegrar skattgreiðslu af slíkum tekjum mundi þó ekki koma, ef söluverðið er notað til að kaupa aðra fyrnanlega eign, sem fyrna má flýtifyrningu.

Með E-lið greinarinnar er gerð tillaga um verulega breytingu frá gildandi lögum. Þessi ákvæði fjalla um fyrningu íbúðarhúsnæðis, og voru þeim ekki gerð skil í frumvarpinu, sem lá fyrir síðasta þingi.

Gildandi reglur gera ráð fyrir, að fyrning íbúðar- og skrifstofuhúsnæðis sé fastur, árlegur hundraðshluti af gamla fasteignamatsverðinu, án tillits til þess, hvernig eignarhaldi þess eða notkun er háttað. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að eign á húsi til útleigu sé í rauninni atvinnurekstur með sama hætti og hvaða atvinna sem er önnur og því gildi um fyrningu í því sambandi sama regla og um allan annan atvinnurekstur. Hins vegar þykir rétt að hafa sérákvæði í þessu efni um fyrningu íbúðar, sem maður notar fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína. Er eftir sem áður gert ráð fyrir, að sú fyrning verði fastur, árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði og að samsvarandi heimild sé beitt gagnvart annarri íbúð, sem hann kann að eiga eða sem því svarar.

Um meðferð söluhagnaðar af þessari tegund eigna vísast til 3. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 3. tl. 4. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þau ákvæði.

Um 13. gr.

Greinin gerir eingöngu ráð fyrir nýjum grunntölum persónufrádrátta. Er þá gert ráð fyrir, að persónufrádráttur einstaklings hækki úr 80 þús. kr. í 134 þús. kr., persónufrádrættir hjóna úr 112 í 188 þús. kr. eða 94 þús. kr. fyrir hvort hjóna, telji þau fram sitt í hvoru lagi, en 16 þús. kr. frádráttur fyrir hvert barn breytist í 27 þús. kr. og aðrar tölur samsvarandi. Með þessum fjárhæðum er núgildandi skattvísitala fyrir árið 1971, 168 stig, færð inn í fjárhæðir laganna.

Um 14. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma nýja 17. gr. laganna, en hún fjallar nú um heimildir félaga til að draga frá tekjum sínum útborgaðan arð af hlutafé eða stofnfé allt að 10%, um frádráttarhæf framlög í varasjóði og fleiri ákvæði af sama tagi.

Með ákvæðum frumvarpsins er gerð tillaga um algjöra stefnubreytingu á þessu sviði. Gert er ráð fyrir, eins og áður segir í greinargerð þessari, niðurfellingu heimildar til að leggja fé í varasjóð, enda er varasjóðsheimildin erfið í framkvæmd og eftirliti með viðhlítandi öryggi. Með því að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breyttri skattprósentu fyrirtækja má með nokkrum rétti segja, að virk skattprósenta sé með þessum hætti nokkuð hækkuð með frumvarpinu. Hins vegar verður að líta

á tillögur þess og ávinning fyrirtækja af tilkomu þeirra sem heild fremur en líta á hvert atriði fyrir sig. Flest atriðin eru fyrirtækjunum til hagsbóta, þótt þetta kunni að vera til lítils háttar íþyngingar.

Þessi grein frumvarpsins gerir jafnframt ráð fyrir heimild til að draga frá hreinum tekjum félaga skv. A-lið 5. gr. laganna allan arð, sem þau greiða til hluthafa eða eigenda, framlag í arðjöfnunarsjóð og sérstakan skatt, sem um ræðir í 25. gr. laganna, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Hér er gert ráð fyrir verulegri breytingu frá því sem gilt hefur. Í stað skattfrjáls frádráttar frá tekjum allt að 10% af hlutafé eða stofnfé, sem takmarkast við útborgaðan arð, kemur heimild, sem í rauninni er ekki takmörkuð, til ráðstöfunar á arði til útborgunar til hluthafa eða til arðjöfnunarsjóðs innan fyrirtækisins, en allt gegn greiðslu 15% skatts til ríkissjóðs af hinum ráðstafaða arði. Þessi ákvæði eru enn eitt dæmi um þá stefnu, sem í frumvarpinu felst að gefa fyrirtækjum verulegt svigrúm til að marka sína eigin stefnu, ef svo ber undir í því skyni, að fyrirtækið geti aflað sér eigin fjár með sölu hlutabréfa.

Skattur þessi er hugsaður sem fullnaðarskattur hjá félaginu og lögfesting hans kallar því eftir samsvarandi breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ákvæðum 17. gr. að því er varðar samvinnufélög skv. 5. gr. B-lið laganna er ekki ráðgert að breyta og þannig ekki haggað við þeim sérstöku kjörum, sem þeim eru veitt í samræmi við lög nr. 46/1937. Á hinn bóginn er gerð tillaga um þá breytingu frá gildandi lögum, að hreinar tekjur, sem jafna megi út meðal félagsmanna, skuli takmarkast við tekjur af viðskiptum við þá. Gert er ráð fyrir, að tekjur af öðrum rekstri slíkra félaga verði skattlagðar hjá þeim, ef svo ber undir. Sömuleiðis er lögð sú kvöð á þessi félög með 4. mgr. 2. ml. greinarinnar, að þau geri grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn sérstaklega. Geti þau það ekki, njóti þau ekki þeirra sérstöku heimilda, sem þeim annars eru veittar með 2. og 3. mgr. greinarinnar.

Um 15. gr.

Greinin felur í sér algjört nýmæli og gerir ráð fyrir, að ný málsgrein bætist við 18. gr. laganna þess efnis, að í þeim tilvikum, að skattþegnar, einstaklingar eða félög, sem tengdir eru sifjaréttarlega eða með einhverjum hætti fjárhagslega, semja eða ákveða skilmála um samskipti sín í fjármálum á þann hátt, sem verulega er frábrugðinn því, sem vera mundi, ef ekki væru nein tengsl milli samningsaðila, skulu verðmæti, sem án þessa samnings eða skilmála hefðu runnið til annars skattþegnsins, en gera það ekki vegna samningsins eða skilmálanna, teljast honum til tekna.

Hér er gagngert verið að koma í veg fyrir undandrátt tekna frá skatti með þeim hætti, sem nokkuð hefur tíðkazt. Dæmi má nefna að maður eigi að verulegu leyti eða reki stórt fyrirtæki og telji sig hafa þar lítil laun. Hins vegar greiðir fyrirtækið í viðskiptareikning allan byggingarkostnað íbúðarhúss fyrir manninn. Hann fær síðan vexti af þessari skuld við fyrirtækið að fullu viðurkennda samkvæmt lögum til frádráttar tekjum sínum, en þarf að forminu til aldrei að hafa tekjur til að greiða neinn hluta þess húss, sem hann býr í og því kemur ekki til neinnar skattlagningar í því sambandi. Annað dæmi af sama tagi er fólgið í því, að skipstjóri er á skipi, sem ef til vill er í eigu fyrirtækis eða einstaklinga, sem skipstjórinn er með einhverjum hætti tengdur. Skipstjórinn telur sig hafa óverulegar mánaðartekjur, en safnar skuldum sem nema hundruðum þúsunda við útgerðarfyrirtækið á ári hverju.

Ákvæðið, sem hér er gerð tillaga um, veitir skattyfirvöldum víðtækar heimildir til að líta framhjá formi gerninga af þessu tagi og telja aðilum að þeim til tekna þau raunverulegu verðmæti, sem þeir fá til ráðstöfunar með þessum sérstöku samningum eða skilmálum. Að því er varðar viðskipti, þar sem ákveðnir kaupgjaldssamningar eru til viðmiðunar um þá hagsmuni, sem um er að ræða, er eðlilegt að miða við þá. Hitt er mat skattstjóra og ríkisskattanefndar, hvernig með skuli fara ákvæði þetta að öðru leyti.

Um 16. gr.

Greinin er einungis samræmisbreyting, sbr. breytingu, sem 18. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir á A-lið 22. gr. að því er varðar eignarskattskyldu leiguréttar umfram afgjaldskvaðarverðmæti.

Um 17. gr.

Í þessari grein er lagt til, að gerð sé nokkur breyting á B-lið 1. mgr. 21. gr. til hagsbóta fyrir skattþegna. Samkvæmt gildandi ákvæði eru innstæður einstaklinga í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga skattfrjálsar, enda skuldi skattþegn ekki meira en kr. 200 þús. samtals, og þessar skuldir séu fasteignaveðlán tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notaðar til að afla fasteignar eða endurbæta fasteign. Lagt er til, að skuldamarki þessu verði breytt þannig, að framvegis verði miðað við hámark lána Húsnæðismálastjórnar ríkisins. Það mun vera um 600 þús. kr. Þessi breyting er í samræmi við frumstefnu gildandi laga, en fjárhæðir þær, sem þar um ræðir, eru eðlilega orðnar úreltar.

Um 18. gr.

Greinin felur í sér nokkrar breytingar á 22. gr. gildandi laga.

Með breytingu á A-lið 22. gr. er gagngert bætt inn ákvæði, sem kveður á um, hverjum skuli teljast til eignar svonefnt afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar og hverjum fasteignamatsverðmæti, sem er umfram afgjaldskvaðarverðmæti. Þessu til skýringar skal upplýst, að í nýju fasteignamati er leigulóð metin til verðmætis. Afgjaldskvaðarverðmæti er síðan talinn sá hluti af verðmæti leigulóðar, sem svarar til lóðarleigunnar og er notuð sú reikningsaðferð, að 15-föld leiga er talið vera það verðmæti, sem leiguhafi lóðarinnar greiðir í raun fyrir fullu verði og því það verðmæti, sem eigandi lóðarinnar nýtur arðs af. Verðmæti leigulóðar að öðru leyti er í höndum leiguhafa lóðarinnar og því talið eðlilegt, að honum verði talinn sá hluti hins metna lóðarverðs til eignar.

Breyting á C-lið 22. gr. er einungis orðalagsbreyting, sem svarar til skýrgreiningar á bókfærðu verði í 4. mgr. E-lið 1. mgr. 7. gr. laganna eins og henni er ætlað að verða sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Breyting á D-lið 22. gr. er lagfæring á gildandi ákvæðum um, hvernig vörubirgðir skulu metnar við uppgjör til skatts. Skv. gildandi reglum skal meta vörur eftir því hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum. Tillagan, sem hér er gerð miðast við, að æskilegt sé, að svipaðar reglur gildi í þessu efni og tíðkast í nágrannalöndunum, þannig að heimiluð verði nokkur myndun dulinna fjármuna í birgðum, en henni sett hæfileg mörk. Tillagan, sem hér er gerð er svipuð og ákvæði, sem um þetta gilda í Danmörku, þannig að heimilaður er viss sveigjanleiki í mati birgða, sem í reynd hefur verið til, en ekki markaður lagarammi, eins og hér er gert ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir niðurfellingu H-liðs 22. gr. laganna, enda er ákvæðið orðið úrelt.

Um 19. gr.

Breyting frá I. tl. 25. gr. gildandi laga er einungis sú, að fjárhæðir eru færðar til samræmis við gildandi skattvísitölu og hundruðum króna sleppt til hægðarauka.

Í III. tl. greinarinnar eru hins vegar algjörlega ný ákvæði um hinn sérstaka skatt, sem áður hefur verið rætt um í greinargerð þessari og leggjast skal á það fé, sem félög, skv. A- og B-lið 1. mgr. 5. gr. greiða hluthöfum sínum eða eigendum í arð, leggja í arðjöfnunarsjóð eða greiða félagsmönnum sínum sem vexti af stofnsjóðseign. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að ákvæði frumvarps þess, sem fyrir síðasta þingi lá um skattlagningu arðs sætti nokkurrri gagnrýni. Var því annars vegar haldið fram, að frumvarpið gengi alltof langt í þá átt að auðvelda og gera álitlega úthlutun arðs úr félögum og ynni þannig raunverulega gegn því markmiði frumvarpsins að auka og efla eigið fé fyrirtækja.

Það var meginsjónarmið í nefndu frumvarpi að efla áhuga manna á því að leggja fé í hlutafélög, en slíkt er óhugsandi nema arðgreiðslur geti verið verulegar. Það er að vísu matsatriði, að hve miklu leyti innstreymi fjár í hlutafélög með aukinni hlutafjársöfnun kemur í stað útstreymis í formi arðgreiðslna ef þessi leið er farin, en svo virðist sem skoðanir manna og reynsla í nágrannalöndunum bendi til þess, að sú stefna, sem mörkuð var með frumvarpinu væri til nokkurra bóta.

Þá hefur það verið gagnrýnt, að hin rúmu ákvæði um arðjöfnunarsjóð, auk sveigjanlegra afskrifta og skattfrjálsrar útborgunar á arði, leiði til þess, að fjöldi arðbærra fyrirtækja greiði í raun engan tekjuskatt. Í þessu sambandi er rétt að benda á það, að lagt er til að leggja niður varasjóðina í því formi, sem þeir eru nú og taka upp arðjöfnunarsjóði. Arður, sem greiddur er úr hlutafélagi, kemur yfirleitt til skattlagningar hjá móttakanda, hluthafa, svo þannig er í raun verið að flytja til skattlagninguna.

Þá hefur það einnig verið gagnrýnt í frumvarpinu frá því í vor, að þar væri of skammt gengið og eigi veitt nægileg hvatning til aukningar á eigin fé. Var þá sérstaklega á það bent, að varasjóðshlunnindi hefðu verið lögð niður. Þá leiði reglur um takmörkun á skattfrjálsum arði til þess, að veruleg tvísköttun geti haldið áfram. Í því sambandi var bent á samkeppnina um fjármagnið við hin skattfrjálsu spariskírteini og spariinnlán í bönkum og sparisjóðum. Nú eru lagðar til nýjar hugmyndir um þetta efni. Gert er ráð fyrir, að af öllum greiddum arði og framlögum í arðjöfnunarsjóð og vexti af stofnfé verði greiddur 15% frádráttarbær skattur. Hins vegar eru algjörlega felldar niður takmarkanir á arðgreiðslum sem slíkum. Með þessum reglum er tvísköttun arðs að mestu hindruð. Þá er rétt að benda á það, að með tillögum þessum mun nást nokkur skattur af arðgreiðslum til erlendra hluthafa í íslenzkum fyrirtækjum.

Sé móttakandi arðs innlent félag, sem á meira en 25% félags þess, sem greiðir arðinn, eða um er að ræða félag, sem hefur það að einasta markmiði að ávaxta fé sitt í hlutabréfum eða öðrum verðbréfum, er lagt til, að arðmóttakandi megi draga frá þeim skatti, er því félagi ber að greiða, fjárhæð er samsvari 15% af þeim arði, sem félagið hefur móttekið á árinu og uppfyllir skilyrði þessarar málsgreinar. Hér er verið að koma í veg fyrir tvísköttun arðs, sem gengur frá einu hlutafélagi til annars og verður því sjálfkrafa andlag skattlagningar hjá tveimur eða fleiri fyrirtækjum. Hér er miðað við tvær tegundir félaga, þar sem annað félagið á 25% af hlutafé arðgreiðandi félagsins eða móttakandi er hreint fjármögnunarfélag, sem hefur það að markmiði að ávaxta fé sitt í hlutabréfum og öðrum verðbréfum, en enga aðra starfsemi. Þá er rétt að benda á það, að heimild þessi tekur einungis til innlendra félaga en ekki erlendra.

Um 20. gr.

Hér er lagt til, að gerðar séu mjög veigamiklar breytingar á gildandi ákvæðum um eignarskatt.

Mörg og mikil rök liggja til þess að breyta beri gildandi ákvæðum um þetta efni. Má þar til nefna sérstaklega, að á þessu ári mun verða staðfest nýtt fasteignamat. Þegar er vitað, að fasteignamatsverð mun hækka mjög mikið og langt fram yfir þær fjárhæðir, er fasteignir voru reiknaðar mönnum til eignarskatts skv. gildandi ákvæðum. Þá hefur því verið haldið fram, að eignarskattar, eins og þeir eru nú ákveðnir hafi í för með sér hemil á útgáfu jöfnunarhlutabréfa og ef til vill viðskipti með þau.

Þegar marka á stefnu um framtíð eignarskatta í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs verður hún að skoðast í ljósi eignarskattlagningar sveitarfélaga og sérstaklega tengjast þeirri stefnu, sem upp verður tekin um fasteignaskatta. Margt mælir með því að auka verulega hlut fasteignaskatta til tekjuöflunar sveitarfélaga og eru tillögur frumvarps þessa við það miðaðar. Þá er það í reynd, að skv. gildandi lögum leggst eignarskattur mjög misþungt á hinar ýmsu eignategundir. Eignarskattlagning fasteigna er

mjög lítil vegna þess, að fasteignir eru taldar til skattverðs á gömlu fasteignamatsverði margfölduðu með 9 eða 4,5. Það verð nær alls ekki raunverðmæti og ekki því fasteignamatsverði, er reikna má með, að staðfest verði á þessu ári. Miðað við þetta er skuldabréfa- og hlutabréfaeign mjög þungt skattlögð. Hins vegar eru bankainnstæður og skattfrjáls verðbréf ekki eignarskattlögð nema að nokkru marki. Hluthafi verður að greiða eignarskatt af hlutabréfum sínum án tillits til þess arðs, er hann fær af bréfunum.

Með hliðsjón af þessu er lagt til, að mörk skattfrjálsrar eignar verði hækkuð mjög verulega og skattprósentan lækkuð. Þá er lagt til, að eignarskattur verði framvegis eigi frádráttarbær, þegar um einstaklinga er að ræða. Gert er ráð fyrir, að fyrstu 3 millj. kr. af skattgjaldseign skattgreiðanda séu skattfrjálsar, en næstu 3 millj. kr. beri 0.3% árlegan eignarskatt, en það sem fram yfir er beri 0.6% í eignarskatt. Þá er gert ráð fyrir, að eignarskattur innlendra og erlendra félaga verði 0.7% af skattgjaldseign.

Eins og áður hefur verið getið er það ætlunin, að fasteignir teljist til eignarskatts á hinu nýja fasteignamati og að lóðarverð leigulóðarhafa umfram afgjaldskvaðarverðmæti teljist til eigna.

Þá er það forsenda fyrir breytingum þeim, sem hér eru hugsaðar og í samræmi við aðra meginstefnu frumvarpsins, að eignaútsvör verði algjörlega niður felld.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um framtalsskyldu, framtalsfresti og að nokkru um gerð framtala.

Breytingar eru aðallega tvær. Skylda aðila til að skila framtölum er nokkuð aukin. Þannig er hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, sem verja hagnaði sínum til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði sínu, sbr. A-lið 1. mgr. 5. gr., gert skylt að skila framtölum, ef þau vilja fá skattfrelsi skv. áðurgreindri lagagrein. Þessir aðilar hafa eigi verið taldir framtalsskyldir, en óhjákvæmilegt er, að aðilar, sem fá jafnmikinn rétt og skattfrelsi er, verði einnig að sæta nokkru aðhaldi. Þá er tekið upp það nýmæli, að sá skattstjórnarmaður, sem veitir skattþegni aðstoð, skuli votta um aðstoð sína á framtalið. Er þetta nauðsynleg starfsregla til að forðast tortryggni.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin felur í sér breytingu á 6. mgr. 47. gr. laganna, sem fjallar um viðurlög. Gildandi lög gera ráð fyrir viðurlögum ekki lægri en 15% af ákvörðuðum tekjum og/eða eign, ef framtal skattþegns berst eftir lok framtalsfrests, en áður en skattskrá er lögð fram. Meginreglan er hins vegar 25% viðurlög. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir, að þessi viðurlög verði 1% af eignum og/eða tekjum, fyrir hvern dag, sem skil hafa dregizt fram yfir framtalsfrest, þó aldrei hærri en 15%, þannig að á 15 dögum nái viðurlögin fullum þunga skv. gildandi lögum. Þykir þessi aðferð sanngjarnari og sennilegri til að bera árangur um skil skattframtala.

Um 24. gr.

Lagt er til, að felld verði niður úrelt ákvæði, sem voru tímabundin.

Um 25. gr.

Samkvæmt gildandi lögum getur íslenzkur skattþegn, sem hefur tekjur eða á eignir í öðrum löndum, orðið skattskyldur vegna þeirra bæði þar og hérlendis. Lagt er til, að ríkisskattstjóra verði veitt heimild til að lækka tekju- og/eða eignarskatt slíks skattþegns hér á landi, með hliðsjón af þeim sköttum, sem hann hefur greitt erlendis. Þetta á þó ekki að koma til, að því er varðar þau lönd, sem Ísland hefur gert við tvísköttunarsamninga.

Um 26. gr.

Með greininni er gerð tillaga um efnisbreytingu á 53. gr. gildandi laga. Samkvæmt henni hefur fjármálaráðherra heimild til að ákveða skattvísitölu að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra og þannig hækka eða lækka ýmsa frádráttarliði og breyta þrepum í tekjuskattstiganum.

Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir, að skattvísitala sé ákveðin í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum ársins 1972. Þykir þessi aðferð eðlileg með tilliti til þess, að áætlun um fjárhæð tekjuskatts í fjárlögum, sem Alþingi setur í lok hvers árs fyrir komandi ár, hlýtur að miðast við ákveðnar forsendur um skattvísitölu, og þykir þá eðlilegt, að ákvörðun skattvísitölunnar verði formlega hluti af fjárlagasetningu.

Um 27. gr.

Í frumvarpinu eru lagðar til veigamiklar breytingar á skattlagningu fyrirtækja, sem hljóta að hafa í för með sér breytingar á framtölum þeirra og jafnvel bókhaldi. Er því lagt til, að ákvæði frumvarpsins taki eigi gildi fyrr en við álagningu skatta á árinu 1972, þegar lagt er á tekjur ársins 1971 og eignir í árslok það ár.

Þó er lagt til, að ákvæði 23. gr. um breyting á viðurlagaákvæðum og 25. gr. um heimild til að veita lækkun skatts vegna tvísköttunar, komi til framkvæmda við álagningu 1971.

Um ákvæði til bráðabirgða

I.

Þar sem eigi verður unnt að beita ákvæðum til bráðabirgða III við skattlagningu á árinu 1971 er nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði um meðferð fyrningar á því ári. Ákvæðið er sams konar og samþykkt var á síðasta þingi vegna álagningar árið 1970 með þeirri breytingu, að nú er miðað við raunverulegar fyrningar á árinu 1970.

II.

Ákvæðið fjallar um upplausn varasjóða sameignarfélaga. Sams konar ákvæði var í frumvarpi því, sem lá fyrir síðasta Alþingi. Þar er gert ráð fyrir upplausn varasjóða sameignarfélaga með þeim hætti, að helmingur varasjóðs leggist við höfuðstól eiganda án þess að til skattskyldu komi, en hinn helmingur varasjóðsins skuli teljast með skattskyldum tekjum eigenda með a. m. k. 1/5 hluta ár hvert, þar til varasjóðurinn er að fullu leystur upp.

Þessu er nú breytt þannig, að gert er ráð fyrir að 3/5 hlutar varasjóðsins leggist við höfuðstól eigenda án skattskyldu, en 2/5 teljist með skattskyldum tekjum eigenda með a. m. k. 1/5 hluta ár hvert eins og var í fyrri tillögum, þar til varasjóðurinn er að fullu leystur upp. Því ákvæði er og bætt inn í bráðabirgðaákvæði þessa frumvarps, að eigendur mega jafna þennan tekjuauka með sérstökum fyrningum skv. ákvæðum 5. mgr. D-liðs 15. gr.

III.

Ákvæðið er í meginatriðum sama efnis og ákvæði til bráðabirgða III í frumvarpi því, sem lá fyrir síðasta þingi. Frumvarpið gerir ráð fyrir endurmati á bókfærðu verði fyrnanlegra eigna nema íbúðarhúsnæðis, sbr. E-lið 15. gr. Þó er nú sú breyting gerð, að frá endurmatshækkun er dregin sú sérstaka aukafyrning, sem skattþegnar fá á árinu 1971, skv. ákvæði til bráðabirgða I.

IV.

Ákvæðið hefur að geyma heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árunum 1971 og 1972. Þessi sérstaka heimild er hin sama og nú er í lögum með þeirri rýmkun, að heimildin takmarkast ekki við vísitölu með sama hætti og nú gildir um slíka úthlutun.

Nd. 358. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Sigurvin Einarssyni og Eysteini Jónssyni.

1. Við 19. gr. 2., 3. og 4. mgr. falli niður.
2. Við 20. gr. Greinin falli niður.

Nd. 359. Frumvarp til laga [176. mál]

um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. febr.)

1. gr.

Nú er í lögum heimilað að innheimta fyrir fram upp í opinber gjöld á fyrstu 6 mánuðum byrjaðs árs 50% af gjöldum næstliðins árs. Hækka má þann hundraðshluta með úrskurði fjármálaráðuneytisins þannig, að í stað 50% megi innheimta allt að 60% fyrir árið 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 360. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum um hefð, nr. 46 10. nóv. 1905.

Flm.: Pálmi Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist: Hefð verður þó eigi unnin á búpeningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er stefnt að þeirri einu breytingu á lögum um hefð frá 10. nóv. 1905, að aldrei vinnist eignarréttur á búfénaði fyrir hefð, þótt svo kunni að fara um aðra lausafjármuni og fasteignir.

Svo sem kunnugt er, þá er meginreglan sú um þann hluta búpenings, sem mest gengur laus í högum og á afréttum, að hann ber mark og helgast eigendum sínum í samræmi við það. Hefur svo verið um langan aldur, a. m. k. allt frá gildistöku Jónsbókar árið 1281. Nú er það miklu algengara en sumir kunna að halda, að mistök verði við skil á afréttarpeningi, einkum hrossum, enda alltítt, að þau séu ekki markskoðuð, heldur dregin eftir því, sem menn telja sig þekkja. Sumt er enda marklaust og er þá að réttu eign upprekstrarfélags, verði eigi sannað, hver eigandinn er. Þannig kemur það nokkuð oft fyrir, að bændur heimta skepnur að hausti, sem þeir hafa ekki séð árum saman, enda þótt þær séu með glöggu og réttu marki þeirra, og hafa þær þá væntanlega verið í umsjá annarra manna vegna

mistaka við skil. Hafi skepna þannig verið í umsjá sama manns og hann farið með sem sína eign í fullan hefðartíma lausafjár eftir gildandi lögum, getur hann eignazt hana á hefð, jafnt fyrir það, þó að hún sé með skýru marki annars manns.

Að dómi flm. eru slík ákvæði óeðlileg og stríða gegn réttlætiskennd almennings, svo sem þeir þekkja til.

Nd. 361. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til laga um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar og leggur til samhljóða, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 10. febr. 1971.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eðvarð Sigurðsson.	Þórarinn Þórarinsson.	Gísli Guðmundsson.
	Ásberg Sigurðsson.	

Ed. 362. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur á fundi sínum athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess. — Sveinn Guðmundsson var fjarverandi.

Alþingi, 11. febr. 1971.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.
Einar Ágústsson.	Bjarni Guðbjörnsson.	Björn Jónsson.

Ed. 363. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og leitað umsagna um frumvarpið.

Með frumvarpinu eru staðfest þau ákvæði, sem fram komu í bráðabirgðalögum frá 1. júní 1970, um auknar tekjur til handa aflatryggingasjóði sjávarútvegsins vegna áhafnadeildarinnar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 10. febr. 1971.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Axel Jónsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Gils Guðmundsson.	Ólafur Jóhannesson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Ed. 364. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og leitað umsagna um það til aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Í umsögnum um málið hefur það helzt komið fram, að gagnrýndur er sá mismunur, sem á sér stað varðandi álög á hinar ýmsu framleiðslugreinar.

Nefndin hefur að athuguðu máli leyft sér að bera fram nokkrar breytingartillögur við frumvarpið og í þeim efnum m. a. stuðzt við ábendingar frá stjórn Tryggingasjóðs fiskiskipa, er nefndinni bárust fyrir milligöngu sjávarútvegsráðuneytisins. Flytur nefndin umræddar breytingartillögur á sérstöku þingskjali. — Að öðru leyti skal það fram tekið, að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma undir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. febr. 1971.

Jón Árnason, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Axel Jónsson.
Bjarni Guðbjörnsson.
Gils Guðmundsson.
Ólafur Jóhannesson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 365. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

a. 1. töluliður orðist svo:

Kr. 1900.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

b. 4. töluliður orðist svo:

6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er frá 1. jan. 1971 að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.

c. Við 5. tölulið. 1. málsliður orðist svo:

7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski.

d. 6. töluliður orðist svo:

8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna og síldarlýsi.

Nd. 366. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og l. nr. 23 19. apríl 1968.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr. (verður 2. gr.), svo hljóðandi:
   3. gr. laganna orðist svo:
   Tekjur sjóðsins eru:
   1. Ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna samkv. ákvæðum þar um í lögum um happdrættið.
   2. Framlag ríkissjóðs 15—25 millj. kr. árlega skv. fjárlögum.
   3. Frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla.
   4. Vaxtatekjur.
2. 5. gr. (verður 6. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, en veita skal fé úr ríkissjóði í fyrsta sinn skv. fjárl. 1972.

Sþ. 367. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um öflun skeljasands til áburðar.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvar hagkvæmt sé að vinna skeljasand til kölkunar túna, og gera síðan ráðstafanir til þess að auðvelda öflun hans.

Greinargerð.

Um árabil hafa Íslendingar notað kalksnauðan tilbúinn áburð í ríkum mæli. Kunnugt er, að sjá þarf ræktunarlöndum fyrir nægu kalki, og með rannsóknum og tilraunastarfsemi má fara nærri um kalkþörfina á hverjum stað.

Þó að íslenzki skeljasandurinn sé kalkríkur, þá þarf samt það mikið magn af honum, að flutningur frá þeirri sandvinnslu, sem nú fer fram á Akranesi, er mjög kostnaðarsamur.

Vitað er, að skeljasandur finnst víðar við land, t. d. við suðausturströndina nálægt Djúpavogi. Er nauðsynlegt að kanna, hvar og með hverjum hætti væri heppilegt að vinna skeljasand til áburðar, og gera síðan ráðstafanir til að afla hans. Væri að því augljóst hagræði, ef takast mætti með viðráðanlegum kostnaði að dæla upp og landsetja skeljasand norðanlands og austan, því að þeir landshlutar eiga lengsta sókn að sandnáminu við Faxaflóa.

Eftir endurbyggingu Áburðarverksmiðju ríkisins verður hægt að framleiða kalkblandaðan áburð í Gufunesi. En hvort tveggja er, að kalkblandaður áburður nægir ekki, þar sem kalkskortur er orðinn mikill, og fróðir menn telja þrátt fyrir allt ódýrara að kalka með skeljasandi, ef takast mætti að afla hans með hóflegum tilkostnaði og um leið að komast hjá óhæfilega dýrum flutningum.

Virðist tvímælalaust tímabært að hefjast handa um þær aðgerðir, sem tillaga þessi fjallar um.

Ed. 368. Frumvarp til höfundalaga. [211. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

I. KAFLI
Réttindi höfunda o. fl.

1. gr.

Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Til bókmennta og lista teljast samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist.

Uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, njóta verndar með sama hætti og bókmenntaverk.

2. gr.

Það er eintakagerð, þegar bókmenntaverk eða listaverk er tengt líkamlegum hlutum, einum eða fleiri, sem skilað geta verkinu til vitundar manna.

Verk telst gefið út, þegar eintök af því eru með réttri heimild og í álitsverðum fjölda boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim er dreift til almennings með öðrum hætti. Nú er vernd verks háð því, að það hafi fyrst verið gefið út hér á landi, og telst því skilyrði þá fullnægt, ef það er gefið hér út innan 30 daga frá því, að það kom fyrst út erlendis.

Verk telst birt, þegar það er með réttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. málsgr.

Það telst sjálfstæð opinber birting, þegar útvarpsflutningi á tónlist eða bókmenntaverki er dreift til almennings með hátalara eða á annan hátt.

Nú er verk flutt eða sýnt á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn vinna eða fleiri, og telst það þá opinber birting.

Þegar rætt er í lögum þessum um flutning verks eða birtingu í útvarpi, nær það bæði til hljóðvarps og sjónvarps, nema annars sé getið.

3. gr.

Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum.

4. gr.

Skylt er, eftir því sem við getur átt, að geta nafns höfundar bæði á eintökum verks og þegar það er birt.

Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Ógilt er afsal höfundar á rétti samkvæmt þessari grein, nema um einstök tilvik sé að ræða, sem skýrt eru tilgreind bæði um tegund og efni.

5. gr.

Sá, sem þýðir verk, aðhæfir það tiltekinni notkun, breytir því úr einni grein bókmennta eða lista í aðra eða framkvæmir aðrar aðlaganir á því, hefur höfundarétt að verkinu í hinni breyttu mynd þess. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að frumverkinu.

Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.

6. gr.

4. gr. er um þær námsgreinar, sem kenna skuli við skólann, ásamt heimild til að bæta við námsgreinum eftir þörfum. Gert er ráð fyrir ýtarlegri fræðslu um fiskmeðferð en verið hefur, og einnig, að bætt verði við námsgreinum bæði fyrir farmenn og fiskimenn eftir því sem þurfa þykir.

Um 5. gr.

Hér er bætt við eldri lagaákvæði gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi sem inntökuskilyrði í 1. bekk (áður 13. gr.). Í greininni er þó gert ráð fyrir, að skólinn hafi heimild til að undirbúa þá nemendur til inntöku í 1. bekk, sem ekki hafa tilskilið próf fyrir 1. bekk.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að skólinn starfi eigi skemur en til 15. maí í stað nú til aprílloka, sbr. 14. gr. eldri laga. Einnig heimild til að halda hálfsmánaðar námskeið að haustinu áður en kennsla hefst.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir prófi við lok hvers stigs, og að þeir sem ljúka prófi, er veitir þeim réttindi í utanlandssiglingum, fái útgefin prófskírteini bæði á íslenzku og ensku.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir einum prófdómara í hverri grein í stað þess, að í eldri lögum var gert ráð fyrir tveim prófdómurum í fallgreinum.

Um 9. gr.

Greinin er hliðstæð 11. gr. eldri laga.

Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð 15. gr. eldri laga að öðru leyti en því, að tala fastra kennara er ekki ákveðin.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði ákveðið um námsefni og nánar kveðið á um próf, einkunnir, námskeið o. fl., er varðar skólahaldið í stað þess, að áður var talið upp námsefni fyrir hvert stig, sbr. 5., 6., 7., 8. og 9. gr. eldri laga.

Um 14. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans í stað samgöngumálaráðuneytisins samkv. eldri lögum og er það í samræmi við reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands.

Nýmæli er, að skipuð verði skólanefnd, sem ekki hefur áður verið starfandi fyrir skólann. Gætu með þessu skapazt nánari tengsl milli skólans annars vegar og skipstjórnarfélaganna og vinnuveitenda skipstjórnarmanna hins vegar.

Um 15. gr.

Greinin er hliðstæð 19. gr. eldri laga. Þó er gert ráð fyrir, að undirbúningsnámskeið undir 1. bekk verði haldin árlega, þegar næg þátttaka er fyrir hendi og enn fremur, að 1. bekkjardeildir verði haldnar árlega í stað annað hvert ár samkv. eldri lögum. Í reglugerð yrði nánar kveðið á um þátttöku og tilhögun námskeiðanna.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 370. Frumvarp til laga [213. mál]

um náttúruvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

Hlutverk náttúruverndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Stjórn náttúruverndarmála.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

3. gr.

Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa þriggja manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn kýs nefndarmenn til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs.

4. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:
1) Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2) Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenzkra náttúrufræðinga, Hið íslenzka náttúrufræðifélag, Náttúruverndarsamtök, Bandalag íslenzkra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenzkra farfugla, Ferðafélag Íslands.
3) Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði.
4) Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5) Náttúruverndarráð.
6) Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.

5. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, unz það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

6. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 4. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

7. gr.

Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir í náttúruverndarmálum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Ráðið hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m. a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum.

Ráðið skal hafa náið samstarf við samtök áhugamanna um náttúruvernd, m. a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd.

8. gr.

Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna.

9. gr.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir menntamálaráðuneytinu fjárhagsáætlun um útgjöld, sem ætla má að leiði af framkvæmd laganna á næsta almanaksári.

10. gr.

Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum.

Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.

11. gr.

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar, enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landinu. Sé land girt, er aðeins heimilt að fara um hlið á girðingunni.

För um ræktuð landsvæði er háð leyfi forráðamanna lands, svo og dvöl þar.

12. gr.

Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðu landi, til neyzlu á vettvangi.

Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

13. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Heimilt er Náttúruverndarráði að banna óþarfan akstur ökutækja utan vega og merktra bílaslóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt.

Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig, að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

14. gr.

Bannað er að eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Bannað er að saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum.

15. gr.

Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðar eða áhöld eða mannvirki, þ. á m. girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður, svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru, er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði, er landeiganda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum, að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum, á kostnað þess, er skylt var að annast þær, en hefur látið það ógert.

16. gr.

Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvílíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, áður en staðurinn er tekinn til afnota.

17. gr.

Malarnám, sandnám, grjótnám og gjallnám er hverjum manni heimilt til afnota á landi sínu, ef ekki gengur í berhögg við 22.—26. gr. Eigi að flytja efnið burt til afnota annars staðar, skal tilkynna það sveitar- eða bæjarstjórn, sem beri málið undir náttúruverndarnefnd. Sveitarstjórn getur bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til menntamálaráðuneytisins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Á afréttum og almenningum, sem falla utan hreppamarka, er bannað allt nám jarðefna, er um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

18. gr.

Hafi jarðrask orðið við mannvirkjagerð, malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða á annan hátt af mannavöldum, skal þeim, er valdið hefur, skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt. Náttúruverndarráð getur sett fyrirmæli um, hvernig við skal skilið, og m. a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi.

19. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign, þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar.

Spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði falla ekki undir ákvæði þessi.

Náttúruverndarráð setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt þessari grein og úrskurðar vafaatriði.

20. gr.

Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd í minni fjarlægð en 150 metra frá hæsta flóðmáli né á vatnsbakka og árbakka í minni fjarlægð en 100 metra frá vatnsborði. Ákvæði þessarar málsgreinar á þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, né þau, sem reist eru með leyfi réttra yfirvalda á skipulögðum svæðum.

21. gr.

Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumarbústaði án leyfis sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal, áður en leyfi er veitt, leita umsagnar náttúruverndarnefndar héraðsins.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um leyfi til bygginga sumarbústaða og ákveður þar meðal annars, að Náttúruverndarráð skuli jafnan gefa umsögn um staðsetningu og skipulag sumarbústaðahverfa.

Það telst sumarbústaður, ef bygging er reist til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs, t. d. um helgar.

Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða.

22. gr.

Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða

þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkv. þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.

Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess að þau fái notið sín, og skal þess greinilega getið í friðlýsingu og markað á staðnum.

Friðlýstum náttúruvættum má enginn granda, spilla né breyta nema eftir fyrirmælum Náttúruverndarráðs.

23. gr.

Náttúruverndarráð getur friðlýst jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Friðunin getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

Ef ætla má, að fyrirhugaðar framkvæmdir raski svo náttúrlegu umhverfi, að hætta sé á, að ákveðnar jurtir eða dýr eyðist eða verði fyrir verulegum skaða, getur Náttúruverndarráð látið friðlýsingu sína taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn stofnana á viðkomandi sérsviði.

24. gr.

Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, getur Náttúruverndarráð friðað í heild, og nefnast þau landsvæði friðlönd. Má þar ekki spilla né breyta náttúrufari né gera mannvirki, sem raska svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um, hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar, umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir, til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu, ef ástæður eru fyrir hendi.

25. gr.

Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvíli söguleg helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign.

Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarða og setur reglur um meðferð þeirra og umgang almennings.

26. gr.

Eignist bæjar- eða sveitarfélag landsvæði, sem það ætlar til útivistar almennings, eða félag eða einstaklingar leggja slíkt landsvæði fram, og má þá lýsa það fólkvang. Náttúruverndarráð skal setja reglur um almenna umgengni þar í samráði við sveitarstjórnir.

Allan kostnað af fólkvöngum greiðir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

27. gr.

Til stuðnings við útivist almennings getur Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefndir gengizt fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum, sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því, að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr og girðingarstiga og afmarkað tjaldstæði og gert annað það, er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeiganda.

Framkvæmd friðlýsingar.

28. gr.

Náttúruverndarráð skal með aðstoð náttúruverndarnefnda kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa, svo og lönd þau, sem ástæða kann að verða til að lýsa friðlönd eða leggja til þjóðgarða eða fólkvanga. Skal ráðið semja skrá um slíkar minjar og slík lönd.

Ef Náttúruverndarráð telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða samkvæmt lögum þessum, skal það freista að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra, er hagsmuna eiga að gæta. Verði samkomulag, skal það fært til bókar og staðfest af hlutaðeigandi aðilum.

29. gr.

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts eða lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafizt atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

Nánari fyrirmæli samkv. þessari grein setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

30. gr.

Ákveði Náttúruverndarráð friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eigenda eða annarra rétthafa eða sveitarfélags þess, er hlut á að máli, þá skal Náttúruverndarráð semja tillögu að friðlýsingunni.

Tillagan skal send landeigendum, ábúendum og öðrum rétthöfum, er friðlýsingin snertir, svo og sveitarfélögum. Skal þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við friðlýsinguna, koma að mótmælum eða gera bótakröfur til Náttúruverndarráðs innan 4 mánaða. Jafnframt skal í tillögunni tekið fram, að berist kröfur ekki innan þess tíma, verði þær ekki teknar til greina í friðlýsingunni.

31. gr.

Berist mótmæli gegn friðlýsingu eða bótakröfur vegna hennar, getur Náttúruverndarráð reynt samninga á ný um bótakröfurnar og breytt friðlýsingunni í samræmi við mótmælin, enda skerði breytingin í engu rétt annarra.

32. gr.

Engar ákvarðanir Náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu koma til framkvæmda, fyrr en menntamálaráðuneytið hefur lagt á þær samþykki sitt.

33. gr.

Þegar tekin hefur verið fullnaðarákvörðun samkvæmt 32. gr. um friðlýsingar og friðunarákvæði, birtir menntamálaráðuneytið þau í Stjórnartíðindum, og taka þau gildi frá þeim degi, sem þau eru birt.

Þau skulu og fest upp á staðnum, eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt er að mati Náttúruverndarráðs.

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Um sölu jarðar, sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjaskrá samkv. 29. gr., fer eftir ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, en þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

35. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðlýsingu, er í lögum þessum greinir.

36. gr.

Hver sá, er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmdar á framangreindum ákvæðum, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám, nr. 61 1917.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum, eða til þess að láta af atferli, sem er ólögmætt.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956.

Lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Náttúruverndarráð, sem skipað var samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956, skal starfa samkvæmt lögum þessum, unz nýtt hefur verið kosið. Náttúruverndarþing skal kallað saman innan árs frá gildistöku þessara laga.

Sýslunefndir og bæjar- eða borgarstjórnir skulu hafa lokið kosningu náttúruverndarnefnda eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um náttúruvernd var flutt á síðasta þingi af menntamálanefnd neðri deildar, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Frumvarpinu fylgdi greinargerð nefndar þeirrar, er frumvarpið samdi, svo og athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Í nefndinni áttu sæti þessir menn, allir skipaðir af menntamálaráðherra: Birgir Kjaran, formaður, Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson og Gils Guðmundsson.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er að stofni til samhljóða fyrra frumvarpinu, en þó hefur ríkisstjórnin gert á því nokkrar breytingar og eru þessar helztar:

1. Samin hafa verið ný ákvæði um greiðslu kostnaðar af framkvæmd laganna, 5., 9. og 10. gr.
2. Ný ákvæði eru um malarnám, sandnám, grjótnám og gjallnám, 17. gr.
3. Breytt er á nokkrum stöðum orðalagi í kaflanum um framkvæmd friðlýsingar í því skyni að gera reglur um það efni skýrari og traustari.
4. 35. og 38. gr. frumvarpsins hafa verið umorðaðar.

Sþ. **371. Fyrirspurnir.** [214. mál]

I. Til dómsmálaráðherra vegna Umferðarráðs.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Telur dómsmálaráðherra eða ríkisstjórnin, að Umferðarráð geti sinnt hlutverki sínu með aðeins 900 þúsund króna fjárveitingu?

Hefur ríkisstjórnin ekki í hyggju að tryggja ráðinu aukna fjárveitingu á þessu ári, og ef svo er, um hve mikla fjárhæð er þar að ræða?

Hvaða ráðagerðir eru uppi um auknar umferðarslysavarnir, og hvernig er fyrirhugað að vinna að auknum slysavörnum í umferðinni á þessu ári?

II. Til samgönguráðherra um flugvallargerð á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvenær má vænta ákvörðunar flugmálayfirvalda um, hvort byggja eigi nýjan flugvöll á höfuðborgarsvæðinu, og hvar er sennilegast, að hann yrði gerður, ef til kæmi?

III. Til iðnaðarráðherra um jarðvarmaveitur ríkisins.

Frá Jónasi Péturssyni.

1. Hvaða starfsemi annast jarðvarmaveitur ríkisins, og hvar og hverjar eru eignir þeirra?
2. Á hvaða lagafyrirmælum byggist þessi ríkisstofnun, er samkvæmt fjárlögum umsetur 10.8 milljónir?

IV. Til forsætisráðherra um þingskjöl og Alþingistíðindi.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hver hefur verið árlegur útgáfukostnaður síðustu þrjú árin: a) á þingskjölum, b) á skjalaparti Alþingistíðinda, c) á umræðuparti Alþingistíðinda?
2. Hve mikið er óprentað af umræðuparti Alþingistíðinda?
3. Eru uppi ráðagerðir um breytingar á útgáfufyrirkomulagi þingskjala og Alþingistíðinda, sem leitt gætu jöfnum höndum til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar?

V. Til samgönguráðherra um þungaskatt af bifreiðum samkvæmt ökumæli.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hafa tekjur vegasjóðs af þungaskatti reynzt svipaðar og áður, eftir að farið var að innheimta hann samkvæmt ökumæli, en ef svo er ekki, hafa þær þá aukizt eða minnkað?
2. Er fyrirhuguð endurskoðun á gjaldskrá fyrir þungaskatt?
3. Telur ráðherrann, að núgildandi fyrirkomulag um álagningu þungaskatts geti orðið til frambúðar, þótt af því leiði mjög aukinn mismun á flutningskostnaði til byggðarlaga eftir fjarlægð þeirra frá markaðsstað?

Sþ. 372. Tillaga til þingsályktunar [215. mál]

um rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi og athugun á nýtingu hans.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fiskifræðilegar rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi — um stærð hans og lífshætti.

Þá láti ríkisstjórnin gera ýtarlega athugun á, hvernig gera megi grásleppuhrogn sem verðmætust í útflutningi og fiskinn, sem nú er að mestu fleygt, að söluvöru.

Greinargerð.

Grásleppuveiði hefur á síðustu árum farið vaxandi við Norðurland og alveg sérstaklega fyrir austanverðu Norðurlandi. Hefur veiðin verið nær eingöngu stunduð vegna grásleppuhrognanna, sem söltuð eru í tunnur og síðan að mestu seld úr landi sem hráefni í grásleppuhrognakavíar. Kemur nú verulegur hluti heimsframleiðslunnar af þessu hráefni frá Íslandi og þá einkum frá Norðurlandi.

Við Skjálfandaflóa voru t. d. saltaðar um 2300 tunnur af grásleppuhrognum á s. l. vori, auk verulegs magns á Ólafsfirði, Dalvík, Raufarhöfn, Þórshöfn og víðar á austanverðu Norðurlandi.

Miklar sveiflur hafa hins vegar orðið á útflutingsverði hrogna á undanförnum árum, þannig að góð veiði hér við land hefur yfirleitt þrýst niður heimsmarkaðsverði. Getur því stóraukin sókn á þessar veiðar bæði gengið of nærri hrognkelsastofninum og stórlækkað verð hrognanna. Virðist því einsýnt, að hér þurfi að hafa gát og stjórn á, svo mikilsverð tekjulind sem hér er í húfi fyrir marga sjómenn, og þyrfti þegar í stað að setja reglur um veiðitíma á hrognkelsum, verkun hrogna og eftirlit með henni, sem og hámarksmagn, er setja megi árlega á útflutningsmarkaðinn, en bæta svo um þessar reglur, þegar niðurstöður aukinna rannsókna á hrognkelsastofninum og athugun á hagnýtingu aflans liggja fyrir.

Það er ekki vansalaust, að þjóð, er aflar meginhluta hráefnis í þann grásleppuhrognakavíar, sem á heimsmarkaðinum er, freisti þess ekki að taka í eigin hendur þessa kavíarframleiðslu. Yrði svo og tækist vel, þarf varla að lýsa því, hver lyftistöng slíkt gæti orðið fyrir verstöðvar víða um land, ekki síst norðanlands, þar sem árstíðabundið atvinnuleysi herjar enn.

Loks er svo að geta þess, að fiskinum sjálfum, grásleppunni, er nú að mestu fleygt, svo að hundruðum tonna nemur árlega, enda þótt úr honum megi að sögn fróðra manna gera ágætan mat. Er þessi sóun verðmæta ekki sæmandi, og þarf vissulega úr að bæta. Virðist einsætt, að ríkisvaldið hafi um það hvetjandi forustu.

Sþ. 373. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um upphitun húsa.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara sérfræðilega athugun á leiðum til að gera upphitun húsa ódýrari utan núverandi hitaveitusvæða til að jafna hitunarkostnað landsmanna. Niðurstöður athugunarinnar skulu lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Fregnir frá Teheran herma, að vænta megi allmikillar hækkunar á olíuverði. Mun sú hækkun án efa ná til þeirrar olíu, sem Íslendingar kaupa, áður en langt líður.

Þessi tíðindi mættu verða Íslendingum tilefni til að íhuga, hversu háð þjóðin er innfluttum olíum og benzíni. Ef flutningur á þessu eldsneyti til landsins stöðvaðist nokkrar vikur, mundi samgöngukerfi þjóðarinnar lamast, útgerð og margvíslegur annar atvinnurekstur falla niður, en þúsundir heimila og annarra bygginga yrðu án upphitunar.

Nokkur hluti þjóðarinnar býr við upphitun með jarðhita og nýtur allmiklu betri kjara á því sviði en hinir, sem verða að nota aðflutta olíu. Vegna gengisbreytinga, ófriðar í austurlöndum nær og annarra aðstæðna á olíumarkaði hefur hitunarkostnaður þessa fólks hér uppi á Íslandi hækkað mjög mikið og er orðinn einn þyngsti útgjaldaliður hjá mörgum fjölskyldum.

Með tillögu þessari er farið fram á, að gerð sé heildarathugun á þessum málum í þeim tilgangi að finna leiðir til að lækka hitunarkostnað þessa fólks, jafna þar með aðstöðu landsmanna og draga úr gjaldeyriskostnaði vegna innflutnings eldsneytis. Hefur allmikið verið um þessi mál fjallað, og eru ýmsar álitsgerðir þegar til. Kemur helzt til greina að stórauka notkun heita vatnsins og athuga, hvort unnt er að flytja það meiri vegalengdir en hingað til hefur verið gert, en að öðrum kosti að nota raforku frá stórum orkuverum til upphitunar.

Þetta mál hefur mikla þjóðhagslega þýðingu. Það snertir misrétti, sem landsmenn búa við, og afkomu þúsunda af heimilum.

Ed. 374. Frumvarp til laga [217. mál]

um utanríkisþjónustu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Utanríkisþjónustan fer með utanríkismál og gætir í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Hún skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir

1) stjórnmál og öryggismál,
2) utanríkisviðskipti, og
3) menningarmál.

Utanríkisþjónustan annast í umboði forseta samningagerðir við önnur ríki, nema þar frá sé gerð undantekning í lögum eða forsetaúrskurði.

Þá skal utanríkisþjónustan einnig veita ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

2. gr.

Utanríkisþjónustan greinist í utanríkisráðuneytið, sendiráð Íslands, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur.

3. gr.

Yfirstjórn utanríkismálanna er hjá utanríkisráðuneytinu, og hefur það eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd utanríkismála sé framfylgt.

Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess ásamt öðrum starfsmönnum, sem til þess eru skipaðir.

4. gr.

Hafa skal sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur á þeim stöðum erlendis, þar sem slíkt er álitið nauðsynlegt til gæzlu hagsmuna Íslands.

Ákveða skal með forsetaúrskurði, á hvaða stöðum skuli hafa sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur (sbr. 7. gr.).

Um ákvarðanir samkvæmt þessari grein skal hafa samráð við utanríkismálanefnd.

5. gr.

Heimilt er utanríkisráðherra að fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu eða vera jafnframt fastafulltrúi hjá alþjóðastofnunum.

Fela má forstöðumanni sendiráðs og öðrum sendiráðsmönnum að annast ræðisstörf jafnframt öðrum störfum.

6. gr.

Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar eða sendifulltrúar. Forstöðumenn fastanefnda hjá alþjóðastofnunum eru fastafulltrúar og getur utanríkisráðherra veitt þeim sendiherranafnbót, meðan þeir gegna því starfi, séu þeir eigi skipaðir sendiherrar.

7. gr.

Ræðismenn eru ýmist úr hópi fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar, sendiræðismenn, eða valdir til starfa fyrir utanríkisþjónustuna, kjörræðismenn. Hinir síðar nefndu þurfa eigi að vera íslenzkir ríkisborgarar. Þeir taka eigi laun, en heimilt er, ef ástæða þykir til, að greiða þeim skrifstofufé að einhverju leyti.

Aðalræðismenn veita aðalræðisskrifstofum forstöðu, ræðismenn veita ræðisskrifstofum forstöðu og vararæðismenn veita vararæðisskrifstofum forstöðu.

8. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar aðrir en kjörræðismenn skiptast í þessa flokka heima og erlendis:

1. flokkur: Ráðuneytisstjóri. Sendiherrar.
2. flokkur: Skrifstofustjóri. Sendifulltrúar. Aðalræðismenn.
3. flokkur: Deildarstjórar. Sendiráðunautar. Ræðismenn.
4. flokkur: Fulltrúar A-flokks. Sendiráðsritarar. Vararæðismenn.
5. flokkur: Fulltrúar B-flokks. Aðstoðarmenn.

Auk þess starfa í utanríkisþjónustunni skjalavörður utanríkisráðuneytisins, bókarar, ritarar og annað starfsfólk eftir nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

9. gr.

Forseti Íslands skipar þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 1.—3. flokki samkvæmt 8. grein, en utanríkisráðherra þá, sem taldir eru í 4.—5. flokki sömu greinar. Kjörræðismenn eru skipaðir af utanríkisráðherra, nema aðalræðismenn, er forseti Íslands skipar. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

10. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun utanríkisráðherra. Eigi þarf nýja skipun, þótt starfsmaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks samkvæmt 8. grein þessara laga.

11. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 8. gr., er heimilt að ráða menn í utanríkisþjónustuna um tiltekinn tíma til að gegna sérstökum störfum, t. d. sem við-

skiptafulltrúar, fiskifulltrúar, blaðafulltrúar eða menningarfulltrúar. Viðskiptafulltrúar skulu vinna að markaðsleit fyrir íslenzkar afurðir og greiða á annan hátt fyrir viðskiptum við aðrar þjóðir.

Þann tíma, er menn gegna störfum í utanríkisþjónustunni samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þeir, eftir því sem við á, hlíta sömu reglum og fastir embættismenn utanríkisþjónustunnar í samsvarandi störfum.

12. gr.

Í utanríkisráðuneytinu skal vera bókasafn um þjóðarétt og alþjóðamál.

Utanríkisráðuneytið sér um skrásetningu allra samninga Íslands við önnur ríki og útgáfu þeirra.

Auk annarra starfa hefur skjalavörður ráðuneytisins að jafnaði með höndum umsjá bókasafnsins og skrásetningu og útgáfu samninga.

Heimilt er að veita fræðimönnum afnot af bókasafni ráðuneytisins að fengnu leyfi ráðherra.

13. gr.

Heimilt er að fela embættismanni utanríkisráðuneytisins að vera sérstakur eftirlitsmaður sendiráða og ræðisskrifstofa. Skal eftirlitsmaðurinn fylgjast með rekstri sendiráða og ræðisskrifstofa og sjá um að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar. Eftirlitsmaðurinn skal öðru hvoru heimsækja sendiráð og ræðisskrifstofur.

14. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar taka laun samkvæmt almennum reglum um laun starfsmanna ríkisins. Auk þess skulu starfsmenn erlendis fá greiddar staðaruppbætur, sem miðast við kostnað á nauðsynjum (fæði, húsnæði o. fl.) og aðrar sérstakar aðstæður á hverjum stað. Þá skulu starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast langdvölum erlendis, fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Þessar staðaruppbætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum, er utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við utanríkismálanefnd. Reglur skulu settar á sama hátt um greiðslu sjúkrakostnaðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar erlendis.

15. gr.

Óheimilt er starfsmönnum utanríkisþjónustunnar að vinna störf utan hennar, nema sérstaklega standi á og samþykki utanríkisráðherra komi til.

Að öðru leyti gilda um starfsmenn utanríkisþjónustunnar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kjörræðismanna.

16. gr.

Starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, sem veita sendiráðum forstöðu, og sendiræðismönnum er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra borgara, og einnig, ef annar aðili er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.

Ef ástæða er til, getur utanríkisráðherra veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgrein þessarar greinar.

17. gr.

Kostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar skal innheimta gjald eftir nánari fyrirmælum, er utanríkisráðherra setur með reglugerð.

19. gr.

Utanríkisráðherra setur almennar starfsreglur fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og ákveður starfssvið þeirra.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1969 var lagt fyrir 90. löggjafarþingið stjórnarfrumvarp um utanríkisþjónustu Íslands. Var það samið af nefnd, er í voru Benedikt Gröndal, alþingismaður, Gils Guðmundsson, alþingismaður, Ólafur Jóhannesson, alþingismaður, Sigurður Bjarnason, alþingismaður, og Agnar Kl. Jónsson, ráðuneytisstjóri (formaður). Vísast hér til athugasemdanna við það frumvarp. Frumvarpinu var vísað til allsherjarnefndar neðri deildar, er leitaði um það umsagnar ýmissa aðila, þ. á m. utanríkismálanefndar. Utanríkismálanefnd fól fimm mönnum að athuga frumvarpið, þeim alþingismönnunum Birgi Kjaran, formanni nefndarinnar, Gils Guðmundssyni, Ólafi Jóhannessyni og Benedikt Gröndal og Pétri Thorsteinssyni, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Þeir hafa rætt nokkrar breytingar, er frumvarpið í núverandi mynd hefir að geyma. Frumvarpið var rætt á fundi utanríkismálanefndar hinn 11. febrúar 1971. Ofangreindir þingmenn og aðrir meðlimir utanríkismálanefndar eru yfirleitt sammála um meginefni frumvarpsins, en áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um breytingartillögur.

Núgildandi lög um utanríkisþjónustuna eru frá árinu 1941. Eins og lýst er í athugasemdum við frumvarpið, sem lagt var fyrir 90. löggjafarþingið, er orðin þörf á að setja um hana ný lög, er miðast við breyttar aðstæður s. l. 30 ár.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Utanríkisþjónustan sér um stjórnmálasamband hins íslenzka ríkis við önnur ríki, samningagerðir, þátttöku í alþjóðastofnunum eða ráðstefnum o. þ. u. l. og gætir yfirleitt hagsmuna íslenzka ríkisins og íslenzkra ríkisborgara hvar sem er utan Íslands. Hér er vikið að þessu aðalhlutverki utanríkisþjónustunnar, en til áherzlu er sérstaklega tekið fram, að utanríkisþjónustunni beri að helga sig gæzlu hagsmuna þjóðarinnar á sviði stjórnmála og öryggismála, utanríkisviðskipta og menningarmála. Nefnd sú, er frumvarpið samdi, leggur á það sérstaka áherzlu, að utanríkisþjónustan á ekki hvað sízt að einbeita sér að utanríkisverzluninni, fylgjast með öllu sem henni við kemur, og einkum og sér í lagi að greiða fyrir sölu allra íslenzkra afurða með leit að nýjum mörkuðum fyrir afurðirnar og yfirleitt greiða fyrir aukinni sölu þeirra svo sem frekast er mögulegt.

Um 2. gr.

Hér er getið um höfuðþætti utanríkisþjónustunnar. Hún er í eðli sínu tvíþætt, skiptist í starfsemina heima fyrir annars vegar, þ. e. ráðuneytið, og starfsemina erlendis hins vegar. Sú starfsemi skiptist aftur í þrennt, sendiráðin, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur. Að vísu getur verið um það að ræða að hafa þessa skiptingu starfseminnar erlendis ítarlegri, en samkvæmt reynslu undanfarinna ára er þess vart þörf, að ákveða slíkt með lögum. Hér mundi einkum vera um það að ræða að senda til útlanda sendinefndir til þess að starfa að sérstökum verkefnum.

Það nýmæli er í frumvarpi þessu, að „manns“ er fellt niður úr orðinu ræðismannsskrifstofa og samsvarandi orðum, og notuð orðin aðalræðisskrifstofa, ræðisskrifstofa, vararæðisskrifstofa, ræðisstörf o. s. frv.

Um 3. gr.

Hér er því slegið föstu, að yfirstjórn utanríkismálanna sé hjá utanríkisráðuneytinu, þ. e. hjá utanríkisráðherra. Þetta var ekki tekið fram í lögunum frá 1941, en sjálfsagt þykir, að það sé skýrt tekið fram í lögunum, að svo sé.

Um 4. gr.

Í upphafi 2. gr. laganna frá 1941 er svo fyrir mælt, að ríkisstjórnin ákveði með tilskipun á hvaða stöðum vera skuli sendiráð. Ísland hefir nú á seinni árum í nokkrum tilvikum skipað fastanefndir eða fastafulltrúa hjá alþjóðastofnunum og þykir rétt að um ákvarðanir varðandi staðsetningu slíkra stofnana skuli gilda sams konar reglur og um staðsetningu sendiráða. Sama er að segja um sendiræðisskrifstofur. Í eldri lögunum segir, að ríkisstjórnin ákveði þessa staðstningu sendiráða með tilskipun, eins og að ofan er nefnt, en í frumvarpinu er tekið fram, að staðsetning þessara stofnana skuli ákveðin með forsetaúrskurði og er hér því ekki um raunverulega efnisbreytingu að ræða að þessu leyti til, heldur aðeins ákveðið að láta ákvæðið taka til fleiri stofnana utanríkisþjónustunnar. Hins vegar er það nýmæli í síðustu málsgrein frumvarpsins, að um allar ákvarðanir varðandi staðsetningu umræddra stofnana, þ. e. bæði um stofnun þeirra, hugsanlega tilfærslu og lokun, skuli haft samráð við utanríkismálanefnd. Þar sem utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og ráðuneytinu ber ávallt að bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga, er ekki óeðlilegt, að slík mál sem þessi séu borin upp og rædd í utanríkismálanefnd áður en endanleg ákvörðun er tekin um þau. Hafi stofnun sendiráðs o. s. frv. verið samþykkt í utanríkismálanefnd, ætti þar með líka að vera betur tryggt en ella að nauðsynleg fjárveiting fáist samþykkt þegar þar að kemur.

Um 5. gr.

Ísland hefir nú stjórnmálasamband við 42 ríki og fastanefndir hjá 6 alþjóðastofnunum. Hinir útsendu fulltrúar, sem gæta hagsmuna Íslands gagnvart þessum erlendu ríkjum og alþjóðastofnunum eru hins vegar aðeins 11 samtals. Í sparnaðarskyni er óhjákvæmilegt að láta alla þessa fulltrúa starfa gagnvart fleiru en einu ríki eða alþjóðastofnun, ef svo ber undir, og því þykir sjálfsögð ráðstöfun að hafa í lögum þá heimild, sem getið er í 5. gr. 1. mgr.

Ákvæði í 2. mgr. er sett vegna óska, sem ýmis ríki hafa borið fram um, að diplomatiskir fulltrúar gegni jafnframt ræðisstörfum. Sum ríki hafa ákvæði í lögum sínum um að ýmsir löggerningar vegna útlendra aðila geti fengið réttargildi, ef þeir eru staðfestir af ræðismanni hlutaðeigandi ríkis. Af sömu ástæðum hafa nokkur erlend ríki, sem hér hafa diplomatiska sendimenn einnig óskað eftir og fengið þá viðurkennda jafnframt sem ræðismenn.

Um 6. gr.

Hér segir, að forstöðumenn sendiráða séu sendiherrar eða sendifulltrúar. Ekki er minnzt á ambassadora. Um þetta er eftirfarandi að segja:

Samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þóðaréttarins (sbr. t. d. Vínarsamninginn um stjórnmálasamband frá 1961) skiptast forstöðumenn sendiráða í þessi þrjú stig:

a) sendiherrar, er hafa **ambassador, nuncio** eða annað samsvarandi stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;
b) sendiherrar, er hafa **envoy, minister** eða **internuncio** stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;
c) sendifulltrúar (**chargé d'affaires**), sem hafa umboð gagnvart utanríkisráðherra.

Sendiráð, er sendiherrar í a-flokki samkvæmt ofansögðu veita forstöðu, nefnast á erlendum málum **embassy** eða **ambassade**, en þau sem sendiherrar í b-flokki eða sendifulltrúar veita forstöðu, nefnast **legation.**

Sendiherrar í a-flokki samkvæmt ofansögðu hafa á íslenzku verið nefndir ambassadorar til aðgreiningar frá sendiherrum í b-flokki. Hins vegar hefir engin aðgreining verið gerð í íslenzku á **embassy** og **legation**, heldur hefir orðið sendiráð verið látið tákna hvort tveggja.

Ofangreind þrískipting forstöðumanna sendiráða var fyrst ákveðin á Vínarfundinum 1815 (á ráðstefnu í Aachen 1818 var bætt við fjórða stiginu, **minister resident**, en það hefir lítið verið notað). Í síðari heimsstyrjöldinni fóru sum stórveldin að skiptast á ambassadorum við minni ríki, en fram að því hafði það verið föst regla, að einungis stórveldin skiptust á ambassadorum sín í milli. Nú er svo komið, að flest ríki heims skiptast á ambassadorum, og **envoy-** eða **minister-stigið** er **algjörlega** að hverfa (b-flokkur samkvæmt áðurnefndri skiptingu).

Af framangreindum ástæðum virðist ekki ástæða til að nota orðið ambassador, heldur eingöngu hið ágæta íslenzka orð sendiherra, sem að jafnaði mundi þá tákna sendiherra er hefir ambassador-stig.

Þess er enn fremur að gæta, að skiptingin í sendiherra með **ambassador-stigi** og sendiherra með **minister-stigi** hefir fyrst og fremst þýðingu út á við, þ. e. gagnvart móttökuríkinu. Ekkert er því til fyrirstöðu, að maður, sem skipaður hefir verið sem sendiherra, verði tilkynntur sem **minister** gagnvart einhverju ríki, ef ástæða þykir til, en ólíklegt er að til slíks komi.

Hvað snertir sendifulltrúa, er hér átt við **chargé d'affaires en titre**, þ. e. fastskipaða sendifulltrúa, er afhenda trúnaðarbréf frá utanríkisráðherra sendiríkis til utanríkisráðherra móttökuríkis. Ekki er ástæða til að minnast á í lögunum **chargé d'affaires a. i. (ad interim)**, þ. e. bráðabirgða-sendifulltrúa, er veita sendiráði forstöðu um stundarsakir í fjarveru forstöðumanns sendiráðs eða meðan beðið er eftir nýjum forstöðumanni.

Að því er snertir fastafulltrúa hjá alþjóðastofnunum, er nauðsynlegt að heimild sé fyrir hendi til að veita þeim sendiherratitil meðan þeir gegna því starfi, séu þeir ekki skipaðir sendiherrar.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um hina venjulegu flokkun varðandi ræðisskrifstofur samkvæmt almennum reglum þjóðaréttarins. Auk þess er tekið fram, að greiða megi ólaunuðum ræðismönnum skrifstofufé að einhverju leyti, ef ástæða þykir til.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er af stjórnsýsluástæðum að setja ákvæði um tengsl milli starfsflokka fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar heima og erlendis, sbr. einnig ákvæði 10. greinar frumvarpsins. Nægilegt þykir að skipta starfsmönnunum í 5 flokka.

Um 9. gr.

Í samræmi við ákvæði laganna um stjórnarráð Íslands er hér ákveðið, að forseti Íslands veiti embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra. Sama er látið gilda um aðra, sem eru í sömu flokkum samkvæmt 8. grein. Gert er ráð fyrir, að embættismenn samkvæmt 4.—5. flokki sömu greinar séu skipaðir af ráðherra. Hvað snertir kjörræðismenn er gert ráð fyrir, að forseti Íslands skipi aðalræðismenn, en utanríkisráðherra ræðismenn og vararæðismenn.

Um 10. gr.

Það er grundvallarregla í utanríkisþjónustu allra ríkja að flytja menn að heiman til útlanda, heim aftur og á milli staða erlendis. Fylgir þessu að vísu nokkur kostnaður, en reynslan hefir sýnt, að slíkir flutningar eru nauðsynlegir af ýmsum ástæðum.

Samkvæmt greininni er það lagt á vald utanríkisráðherra að ákveða tilflutninga starfsmanna. Hvað snertir sendiherra hlýtur þó atbeini forseta Íslands að koma til,

því að hver sendiherra verður að fá trúnaðarbréf frá þjóðhöfðingja sínum til að afhenda þjóðhöfðingja móttökuríkisins.

Ákvæði síðari hluta greinarinnar er til þess að komizt verði hjá að gefa út skipunarbréf (forseta- og ráðherraskipanir) og lausnarbréf í hvert skipti, sem menn flytjast milli starfa í utanríkisþjónustunni. Um skipun verður aðeins að ræða í fyrsta skipti, og eins ef menn eru fluttir í hærri flokk. Form skipana þarf að miðast við þetta. Hvað snertir sendiherra, mundu þeir aðeins fá skipun sem sendiherrar, en ekki sendiherrar í ákveðnu landi. Ráðherra getur þá flutt þá úr einni sendiherrastöðu í aðra án þess að lausn og skipun komi til, og hann getur kallað þá heim til starfa í ráðuneytinu, t. d. sem ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, einnig án skipunar og lausnar. Deildarstjóra í utanríkisráðuneytinu er hægt að fela að gegna störfum sem sendiráðunautur erlendis, og flytja hann milli landa sem slíkan án skipunar og lausnar í hvert skipti o. s. frv.

Um 11. gr.

Eins og að framan er sagt verður að leggja á það áherzlu, að utanríkisþjónustan einbeiti sér að viðskiptamálum nú sem fyrr. Verkefnin eru mörg: markaðsrannsóknir, markaðsleit og kynningarstarfsemi, öflun margvíslegra upplýsinga um hráefni, unnar vörur og framleiðsluaðferðir, um erlend fyrirtæki, tollamál, innflutningsreglur o. s. frv.

Íslenzku sendiráðin hafa alla tíð unnið mikið starf á sviði viðskiptamála. En þau eru svo mannfá og verkefnin það mörg á ýmsum sviðum, að eigi hefir verið unnt að fela einstökum starfsmönnum að gegna ákveðnum störfum eingöngu, eins og viðskiptafulltrúastörfum. Það mundi að sjálfsögðu stórauka möguleika utanríkisþjónustunnar til að greiða fyrir utanríkisviðskiptum, ef hún hefði slíka viðskiptafulltrúa. Þegar fé verður veitt til slíkra sérstarfa, má gera ráð fyrir að viðskiptafulltrúar verði aðallega úr hópi fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar. En hér er veitt heimild til að ráða menn til að gegna slíkum störfum án þess að þeir fái til þess embættisskipun. Er gert ráð fyrir að þeir menn yrðu ráðnir til ákveðins tíma í samráði við aðila, er við útflutning og framleiðslu fást, og kemur þá til greina, að slíkir aðilar greiði hluta af launum þeirra.

Heimilað er einnig að ráða tímabundið á sama hátt menn til að gegna störfum fiskifulltrúa, menningarfulltrúa, blaðafulltrúa og öðrum sérstökum störfum í utanríkisþjónustunni.

Um 12. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir því að í utanríkisráðuneytinu sé bókasafn um þjóðarétt og alþjóðamál. Að vísu hefir ráðuneytið undanfarið gert sér far um að kaupa bækur, blöð og tímarit um þjóðarétt og alþjóðamál, sem á þarf að halda, en með því að lögfesta ákvæði um slíkt ætti að skapast betri aðstaða til að skipuleggja þessa starfsemi og koma henni í viðunandi horf. Hér er um grundvallaratriði í starfsemi utanríkisþjónustunnar að ræða. Gert er ráð fyrir að stefnt sé að því að þessi störf séu falin sérstökum skjalaverði, sem einnig mundi þá vinna önnur þýðingarmikil störf fyrir ráðuneytið, svo sem ganga frá milliríkjasamningum, annast skrásetningu þeirra og hafa umsjón með samningasafni ráðuneytisins og fleira þess háttar. Utanríkisráðuneytið telur að þess hafi lengi verið rík þörf að koma þessum málefnum í skipulegt form og fela þau sérstökum starfsmanni.

Það skal einnig nefnt, að fræðimenn um þjóðarétt og alþjóðamál snúa sér iðulega til utanríkisráðuneytisins og biðja um bækur og aðstoð í sambandi við fræðistörf sín og önnur áhugamál, og hefir þá að sjálfsögðu verið reynt að veita þeim úrlausn þrátt fyrir erfið skilyrði. Ef þetta ákvæði sem hér um ræðir yrði að lögum mundi verða að því mikill hagur fyrir starfsemi utanríkisráðuneytisins og margra aðila aðra.

Um 13. gr.

Hér er rætt um sérstakan eftirlitsmann með sendiráðum og ræðisskrifstofum. Ekki er til þess ætlazt að stofnað verði nýtt embætti í þessu augnamiði, heldur verði embættismanni í utanríkisráðuneytinu falið eftirlitsstarfið ásamt öðrum störfum hans þar og honum falið að gegna starfinu um tiltekinn tíma.

Ríkisbókhaldið og ríkisendurskoðunin fylgist með fjárreiðum sendiráða og ræðisskrifstofa. Og Fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefir sama hlutverki að gegna varðandi sendiráðin og ræðisskrifstofurnar eins og varðandi aðrar ríkisstofnanir. En þeir sem bezt geta leiðbeint um fyrirkomulag í sendiráðunum og rekstur þeirra eru reyndir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, enda tíðkast slíkt eftirlit í utanríkisþjónustu flestra annarra landa.

Um 14. gr.

Hún fjallar um launakjör starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Þeir, sem heima starfa fá að sjálfsögðu laun eftir sömu reglum og aðrir stjórnarráðsmenn. Þeir, sem erlendis starfa skulu og fá þessi sömu laun en til viðbótar staðaruppbót eftir því sem dýrtíð segir um á hverjum stað. Hér er um að ræða breytingu á þeim reglum sem hingað til hefir verið fylgt. Launakjörin erlendis eru og hafa frá upphafi verið ákveðin þannig, að gerð hefir verið tillaga um tiltekin mánaðarlaun í mynt hlutaðeigandi lands, eftir því sem talið hefir verið hæfilegt í hverju einstöku tilviki. Þessi aðferð er ekki heppileg og þarf að breyta til. Mundu launin hér eftir geta komið réttlátara og betur út, ef fylgt er breytingum á dýrtíð og lífskjörum, sem verða á hverjum stað, eftir því sem framfærsluvísitala og fleiri atriði, sem hér koma til greina, gefa tilefni til.

Það getur verið mikilvægt fyrir starfsmenn, sem dvelja langdvölum erlendis, að geta kostað börn sín til menntunar hér heima, en slíkt er æði kostnaðarsamt. Flest ríki reyna að veita utanríkisstarfsmönnum sínum fjárhagslega aðstoð í þessum efnum, og telur nefndin sanngjarnt að slíkt verði einnig gert hér. Er því í greininni ákvæði um að starfsmenn utanríkisþjónustunnar skuli, þegar svo stendur á, sem nú var getið, fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Sjúkrakostnaður getur orðið afar mikill í sumum löndum, þar sem sendiráðin eru, og er mjög mismunandi frá einu landi til annars. Þarf því að setja reglur um greiðslu sjúkrakostnaðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar erlendis.

Í greininni er ákvæði þess efnis, að um staðaruppbætur sé haft samráð við utanríkismálanefnd varðandi þær meginreglur, sem miða skuli við í þessu sambandi. Sama er að segja um sjúkrakostnað.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Í núgildandi lögum er sendimönnum óheimilt að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.

Um 16. gr.

Hún er tekin óbreytt að efni til úr núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Hún þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Hún þarfnast ekki skýringa, er tekin nálega óbreytt úr núgildandi lögum, 9. gr. Utanríkisráðherra kemur í stað ríkisstjórnarinnar.

Um 19. gr.

Hún er nálega óbreytt eins og er í núgildandi lögum, 10. gr. Utanríkisráðherra kemur þar í stað ríkisstjórnarinnar.

Um 20. gr.

Hún þarfnast ekki skýringa.

Ed. 375. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra gilda um útfluttar vörur frá 1. jan. 1971. Jafnframt er úr gildi felld 10. gr. laga nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Nd. 376. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til laga um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og leggur samhljóða til, að það verði samþykkt. — Jónas Pétursson var fjarverandi.

Alþingi, 17. febr. 1971.

Matthías Bjarnason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Steingrímur Pálsson.	Stefán Valgeirsson.

Ed. 377. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. febr.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1900.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum, ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

   Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum. Frá 1. janúar 1971 skal gjald samkvæmt þessum tölulið vera 4% af fob-verðmæti afurðanna.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.

4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er frá 1. jan. 1971 að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.
5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski.
   Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.
6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna og síldarlýsi.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ⅓ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslenzk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra gilda um útfluttar vörur frá 1. jan. 1971. Jafnframt er úr gildi felld 10. gr. laga nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Nd. 378. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 19. ágúst 1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 18. febr. 1971.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Þorsteinn Gíslason.
Sigurvin Einarsson.	Tómas Árnason.	Gunnar Gíslason.

Sþ. 379. Nefndarálit [87. mál]

um till. til þál. um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi stjórnkerfis sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillögu þessa, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að hún sé afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem stjórnskipuð nefnd hefur haft þau mál, er þáltill. þessi lýtur að, til athugunar frá því í maí s. l. og vænta má tillögugerðar hennar innan tíðar, sér

Alþingi ekki ástæðu til að samþykkja tillögu þessa og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. febr. 1971.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. | Jónas Pétursson, fundaskr. | Friðjón Þórðarson.

Matthías Bjarnason.

Nd. 380. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um námskostnaðarsjóð.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Alþingi hefur sýnt áhuga sinn á að jafna aðstöðu ungmenna til að sækja skóla, hvað sem líður búsetu. Á fjárlögum ársins 1970 var veitt 10 milljónum króna til að styrkja námsfólk, sem verður að sækja skóla fjarri heimilum sínum, og í fjárlögum 1971 var 15 milljónum veitt í sama skyni.

Menntamálaráðuneytið hefur úthlutað fé þessu, og má segja, að þar sé að fást fyrsta reynsla um framkvæmd þessa réttlætismáls. Of snemmt er þó að ákveða framtíðarskipan þessara mála og hyggilegt að öðlast fyrst nokkru meiri reynslu af framkvæmd þeirra. Þess vegna leggur meiri hl. n. til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. febr. 1971.

Benedikt Gröndal, form., frsm. | Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. | Þorsteinn Gíslason.

Gunnar Gíslason.

Sþ. 381. Nefndarálit [28. mál]

um till. til þál. um strandferðir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og leitað umsagna ýmissa aðila. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta gera áætlun um rekstur strandferðaskips til farþegaflutninga.

Alþingi, 19. febr. 1971.

Bragi Sigurjónsson, form. | Jónas Pétursson, fundaskr. | Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.

Gísli Guðmundsson. | Matthías Bjarnason. | Jónas Árnason.

Friðjón Þórðarson.

Sþ. **382. Nefndarálit** [92. mál]

um till. til þál. um fiskileit við Austfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á fundum sínum og sent það til umsagnar Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélagi Íslands.

Hafrannsóknastofnunin hefur sent álitsgerð, og birtist hún hér með nefndarálitinu sem fskj.

Nefndin varð ásátt um að mæla með samþykkt tillögunnar, en einn nefndarmanna, GíslG, áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu.

Alþingi, 19. febr. 1971.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Matthías Bjarnason.	Jónas Árnason.
	Friðjón Þórðarson.	

Fylgiskjal.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík. Reykjavík, 10. febr. 1971.

Ég leyfi mér að vísa í bréf nefndarinnar, dags. 4. febr. s.l., varðandi þingsályktunartillögu frá Lúðvík Jósefssyni um fiskileit við Austfirði.

Svo sem komið hefur fram í fréttum, er r/s Hafþór nú við rækjuleit við Austurland, og hefur þegar orðið talsverður árangur af leit hans, m. a. fannst mikil rækja í Berufirði. Mun Hafþór verða við rannsóknir þessar til 25. þ. m.

Í starfsáætlun stofnunarinnar fyrir þetta ár er gert ráð fyrir skelfiskleit í 4 mánuði fyrir Norður- og Austurlandi. Þessi leit hefur ekki enn þá verið ákveðin í smáatriðum, en tæplega verður hafizt handa fyrr en í vor.

Leit þessi er framkvæmd á smábátum, og er því nauðsynlegt, að veður sé skaplegt.

Frekari rækjuleit við Austfirði hefur ekki enn verið ákveðin.

Hafrannsóknastofnunin tekur fyrir sitt leyti undir framangreinda þingsályktun, en eigi að gera miklu meira en þegar hefur verið lýst, þarf aukið fé til stofnunarinnar, og eins vil ég benda á, að stofnunina vantar fleira starfsfólk, ef hún á að sinna öllum þeim verkefnum, sem vissulega eru fyrir hendi og þurfa úrlausnar.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson.

Sþ. 383. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um raforkumál Vestfjarða.

Flm.: Matthías Bjarnason, Birgir Finnsson, Sigurvin Einarsson, Ásberg Sigurðsson, Steingrímur Pálsson, Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka hið fyrsta ákvörðun um aukningu vatnsaflsvirkjana á samveitusvæði Vestfjarða og stefna að því, að framkvæmdir verði hafnar eins fljótt og framast er auðið.

Stærð fyrirhugaðra virkjana verði miðuð við, að nægileg orka fáist frá vatnsaflsvirkjunum til þess að fullnægja raforkuþörf á orkusvæðinu, og þá tekið tillit til sennilegrar aukningar á raforkuþörf næstu tíu ár og jafnframt séð fyrir nægilegri raforku til upphitunar húsa.

Jafnhliða þessum athugunum verði kannaðar óskir sveitarfélaga um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæðinu.

Greinargerð.

Á Vestfjörðum er, sem kunnugt er, samveitusvæði frá Bolungarvík til Patreksfjarðar. Starfa þar tvær rafveitur sveitarfélaga, þær eru Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps og Rafveita Patrekshrepps, og Rafmagnsveitur ríkisins.

Íbúar á samveitusvæðinu eru nú um 7500 manns, af þeim búa á orkuveitusvæðum sveitarfélaganna um 4100 en um 3400 á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Orkuöflun er í höndum sömu aðila, og hafa orkuver sveitarfélaganna samtals um 2300 kw afl, en Rafmagnsveitur ríkisins um 3700 kw. Í vatnsorkuverum er um 4000 kw afl, en dísilafl um 2000 kw. Orkuvinnsla var 19.4 gwh árið 1969, af því 2.0 gwh framleitt með dísilvélum. Síðastliðið ár var orkuvinnslan 20.9 gwh, af því 3.4 gwh frá dísilvélum. Aukningin 1969 var 7.6%, miðað við árið á undan, en 1970 var hún 7.7%. Aukning orkuvinnslu með dísilvélum varð hins vegar 76% og olíukostnaður með núverandi olíuverði yfir 5 milljónir króna.

Skortur á vatnsorku er þannig orðinn verulegur, og verður að mæta nær allri aukningu raforkunotkunar með keyrslu dísilvéla. Er aukningin a. m. k. 1.5 gwh á ári, og vex þá olíukostnaður um 2.5 millj. kr. á ári, verður þá á næsta ári um 10 millj. kr., og því til viðbótar kemur kostnaður við aukningu dísilvéla. Athuganir til undirbúnings virkjana á Vestfjörðum hafa farið fram undanfarin ár. Rafvæðingarnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu og Rafveita Patrekshrepps hafa látið gera áætlun um 600 kw virkjun við Víðivatn, sunnan Patreksfjarðar, og tvær virkjanir samtals 2400 kw. í Suðurfossá á Rauðasandi.

Rafveita Ísafjarðar hefur unnið að aukningu vatnsmiðlunar fyrir orkuver sitt í Engidal, og í athugun er frekari aukning orkuöflunar við Ísafjörð.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa gert athugun á aukningu miðlunar fyrir Mjólkárvirkjun og viðbótarvirkjun þar.

Veður eru hörð á Vestfjörðum, og háspennulínur hafa brotnað og truflanir orðið á orkuflutningi frá Mjólkárvirkjun af þeim sökum. Veturinn 1968—1969 var Mjólkárvirkjun þannig sambandslaus við notendur í 6 daga samfleytt vegna línubrots í stórviðri.

Vegna landfræðilegra aðstæðna og veðráttu er því æskilegt að skipta orkuvinnslunni á fleiri orkuver, þannig að veður og aðrar truflanir í einu orkuveri valdi sem minnstum truflunum hjá notendum. Iðnaður og allt daglegt líf manna krefst ótruflaðrar raforku. Rafmagnsleysi er mjög dýrt notendum, óþægindi og hætta eru því samfara. Virkjun sunnan Arnarfjarðar yki verulega öryggi notenda á öllu

veitusvæðinu og sérstaklega sunnan Arnarfjarðar, en yfir fjörðinn er 9 km langur sæstrengur, en öll vatnsorkuverin norðan til í firðinum.

Vaxandi áhugi er á húsahitun með raforku á Vestfjörðum eins og víða um landið, og er eðlilegt að taka strax upp hitun húsa með raforku á veitusvæði Vestfjarðavirkjunar, þar sem jarðhiti hefur ekki reynzt fáanlegur fyrir hitaveitur. Næg orka er fáanleg úr vatnsföllum á Vestfjörðum til að fullnægja orkuþörf til húsahitunar og iðnaðar um langa framtíð, en hefja þarf framkvæmdir við næsta virkjunaráfanga nú á þessu ári og athuganir til undirbúningsvirkjana lengra fram í tímann.

Eins og að framan greinir, er orkuvinnsla á svæðinu á vegum þriggja aðila: tveggja sveitarfélaga og Rafmangsveitna ríkisins. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir rafveitna sveitarfélaganna hefur fullt samstarf til nýtingar orkuveranna ekki tekizt. Hluti sveitarfélaganna í orkuverum og dreifingu raforku er svo stór, að eðlilegt virðist að stofna eitt sameignarfélag með heimili og alla framkvæmda- og fjármálastjórn á Vestfjörðum, t. d. á Ísafirði, til þess að annast þessar grundvallarframkvæmdir og þjónustu.

Má í þessu sambandi minna á tillögur Sambands ísl. sveitarfélaga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en þar er lagt til, að orkuöflun verði í höndum sameignarfyrirtækja ríkis og sveitarfélaga, eins og nú er háttað Landsvirkjun á Suðvesturlandi og Laxárvirkjun á Norðurlandi.

Nd. 384. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til laga um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur haft þetta frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt eins og það kemur frá efri deild. Fjarstaddur afgreiðslu frv. var Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi, 22. febr. 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Geir Hallgrímsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson, með fyrirvara.	Pálmi Jónsson.

Ed. 385. Breytingartillögur [14. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 6. gr.
   a. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
      Á eftir 2. mgr. 7. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi.
   b. Upphaf 3. mgr. orðist svo:
      Við 3. mgr., sem verður 4. mgr., bætist.
   c. Í stað orðanna „samkv. 2. mgr.“ komi: samkv. 3. mgr.

2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Á undan 15. gr., sem verður 21. gr., komi ný kaflafyrirsögn:

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

3. Á eftir 13. gr. komi ný grein (verður 14. gr.), svo hljóðandi:
   16. gr., 17. gr. og bráðabirgðaákvæði falli niður.
4. Við 14. gr. (verður 15. gr.). Í stað orðanna „1., 3. og 4. gr. laga“ komi: lög.
5. Við 15. gr. (verður 16. gr.). Aftan við greinina bætist:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 77 28. apríl 1962 og gefa þau út svo breytt.
6. Á eftir 15. gr. komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný stjórn skal skipuð samkv. 1. mgr. 6. gr.

Ed. 386. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum sínum, en auk þess leitaði nefndin umsagnar um málið hjá þeim aðilum, sem málið snertir sérstaklega, og fékk til viðtals á sinn fund tvo af þeim mönnum, sem unnu að samningu frumvarpsins, þá Má Elísson fiskimálastjóra og Ágúst Flygenring framkvæmdastjóra, en hann á einnig sæti í stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er samið af 7 manna nefnd, sem skipuð var hinn 16. júní 1965, og verður því eigi sagt annað en að undirbúningstími málsins sé orðinn alllangur. Að vísu var frumvarp samhljóða því, sem nú liggur fyrir, lagt fyrir síðasta Alþingi, en náði þá eigi að hljóta afgreiðslu. Áður en nefnd sú, er frumvarpið samdi, skilaði áliti, hafði hún kynnt sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum um málið og leitað álits þeirra um starfsemi sjóðsins á undanförnum árum og hverra umbóta væri þörf á löggjöf þessari að þeirra dómi.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, taldi nefndin rétt að hraða ekki störfum og afgreiðslu málsins af sinni hálfu, heldur vanda þeim mun betur allan undirbúning og fylgjast með þróun og starfsháttum sjóðsins á því tímabili, sem endurskoðun laganna stóð yfir.

Það verður að teljast mikilsvert fyrir nefnd þá, er frumvarpið samdi, að hún hafði á umræddu tímabili aðstöðu til að fylgjast með þróun og starfsháttum aflatryggingasjóðsins á tveim ólíkum aflatímabilum, þ. e. árunum 1965 og 1966, þegar um var að ræða einstök góðæri, og svo aftur á móti árin 1967 og 1968, þegar heildaraflinn nam tæplega helmingi af afla ársins 1966. Það eru fyrst og fremst slíkar sveiflur í aflamagninu, sem hafa verður í huga við samningu löggjafar um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Um afgreiðslu málsins innan nefndarinnar náðist ekki full samstaða. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, að undanskildum breytingartillögum, sem nefndin flytur sameiginlega á þskj. 385, en þar er aðeins um formsatriði að ræða, sem nauðsynlegt var að leiðrétta. Minni hluti nefndarinnar mun hins vegar skila séráliti og breytingartillögu, sem felur í sér aukið framlag úr ríkissjóði umfram það, sem frumvarpið kveður á um.

Alþingi, 20. febr. 1971.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
	Axel Jónsson.	

Ed. **387. Nefndarálit** [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna, Steingrímur Hermannsson, var ekki á fundinum.

Alþingi, 19. febr. 1971.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Ólafur Jóhannesson.	Axel Jónsson.	Gils Guðmundsson.

Nd. **388. Nefndarálit** [38. mál]

um frv. til laga um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. hefur verið til athugunar hjá nefndinni og var sent utanríkismálanefnd til umsagnar. Hefur nefndin svarað og leggur til, að frv. verði samþ. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 19. febr. 1971.

Matthías Bjarnason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.
Steingrímur Pálsson.	Gísli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.
	Stefán Valgeirsson.	

Nd. **389. Nefndarálit** [107. mál]

um till. til þál. um eftirlit með dráttarvélum og ráðstafanir til aukins öryggis við notkun þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Tillagan hefur legið fyrir nefndinni og verið send til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands og Öryggiseftirliti ríkisins, er bæði mæla með samþykkt hennar.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðanna „að lögfesta aukið eftirlit“ komi: að stuðla að auknu eftirliti.

Alþingi, 19. febr. 1971.

Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Jónas Pétursson.	Pétur Sigurðsson.
Stefán Valgeirsson.	Ásm. B. Ólsen.	Steingrímur Pálsson.
	Gísli Guðmundsson.	

Nd. **390. Lög** [176. mál]

um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

(Afgreidd frá Nd. 22. febr.)

Samhljóða þskj. 359.

Ed. **391. Breytingartillaga** [14. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá Gils Guðmundssyni, Ólafi Jóhannessyni og Steingrími Hermannssyni.

Við 8. gr. Í stað orðanna „framlag ríkissjóðs er fjórðungur“ komi: framlag ríkissjóðs er helmingur.

Nd. **392. Nefndarálit** [50. mál]

um till. til þál. um hitun húsa með raforku.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og leggur til, að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir aukinni notkun raforku til húsahitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa. Gera skal sem fyrst áætlun, þar sem stefnt verði að því, að innlendar orkulindir verði aðalhitagjafi landsmanna.

Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 1971.

Sigurður Ingimundarson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Ásberg Sigurðsson, frsm.
Pálmi Jónsson.	Gísli Guðmundsson.	Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. **393. Nefndarálit** [87. mál]

um till. til þál. um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi stjórnkerfis sjávarútvegsins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu. Meiri hlutinn mun flytja rökstudda dagskrá með vísun til þess, að stjórnskipuð þriggja manna nefnd var á s. l. ári sett til þess að skoða þau málefni, sem tillagan fjallar um.

Minni hlutinn telur hins vegar, að hér sé um að ræða svo umfangsmikið verkefni, að skynsamlegt sé að kveðja til endurskoðunarinnar fleiri en þá þrjá embættismenn, sem þegar hafa verið til þess settir. Einkum teljum við nauðsynlegt, að útvegsmenn og sjómenn fái aðild að því starfi.

Alþingi, 22. febr. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Jónas Árnason. Gísli Guðmundsson.

Nd. 394. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar. Þótt hér sé um að ræða fjármögnun framkvæmda með óvenjulegum hætti, telur nefndin framkvæmdirnar svo mikilvægar og sérstæðar, þar sem stefnt er að því að hraða svo sem unnt er mjög kostnaðarsömum lokaáfanga í lagningu hringvegar um landið, að hún leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. febr. 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Geir Hallgrímsson. Lúðvík Jósefsson. Pálmi Jónsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 395. Breytingartillaga [73. mál]

við brtt. á þskj. 356 [Útvarpslög].

Frá Pétri Sigurðssyni.

Við 1. brtt. a-liður hennar orðist svo:

a. 1. mgr. orðist svo:

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenzka tungu. Það skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Sþ. 396. Tillaga til þingsályktunar [219. mál]

um endurskoðun laga nr. 102 frá 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir o. fl.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög nr. 102 frá 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða. Niðurstöður endurskoðunarinnar skulu lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það er mikil þörf á að endurskoða ákvæði löggjafarinnar um ættaróðul og ættarjarðir. Þau eru sum hver nokkuð óljós, og þarf nauðsynlega að gera þau skýrari. Sum ákvæðanna geta og tæplega talizt sanngjörn. Þá er þar einnig að finna ákvæði, sem virðast höggva nærri eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Í framkvæmdinni munu nokkur ákvæði laganna hafa orðið dauður bókstafur, og er þó eigi víst, að alls staðar sé fullt samræmi í framkvæmd. Það er því ástæða til að kanna, hver framkvæmd löggjafarinnar hafi verið í raun og veru og að hve miklu leyti hafi náðst sá tilgangur, sem upphaflega vakti fyrir löggjafanum með þessari lagasetningu. Af öllum þessum ástæðum er að dómi flutningsmanns þörf á því að taka lög þessi til rækilegrar könnunar og endurskoðunar. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Nánar í framsögu.

Nd. 397. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á undan 1. gr. komi ný grein, er hljóði svo:
2. málsliður 1. málsgr. 3. gr. laganna falli niður.

Nd. 398. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein (verður 1. gr.), er orðist svo:
   Aftan við fyrri málsgrein 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Þó skulu tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum tilraunaverkefnum um fyrirgreiðslu.
2. 1. gr. (verður 2. gr.) orðist svo:
   Aftan við 4. gr. laganna bætist:
   Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 20 milljónum króna á ári.
   Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitsgerðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir, þegar fjárveitinganefnd gerir tillögur sínar til Alþingis um framlag til sjóðsins.

Sþ. 399. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um skipun rannsóknarnefndar til könnunar á högum fanga.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sjö manna rannsóknarnefnd, sem kanna skal ástand og aðbúnað fanga á Íslandi og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur á því sviði. Í nefndina skal skipa: sálfræðing, lögfræðing, lækni, fulltrúa fanga, fulltrúa fangavarða, fulltrúa dómsmálaráðuneytisins og fulltrúa frá samtökunum Vernd.

Greinargerð.

Þegar horft er upp eftir Skólavörðustígnum í Reykjavík, blasir við kirkja sú, sem hæst gnæfir allra húsa á Íslandi, glæsilegur vitnisburður um stórhug þjóðar, sem gerir miklar kröfur í húsnæðismálum, ekki aðeins handa sjálfri sér, heldur einnig handa þeim guði, sem hún dýrkar — lögum samkvæmt að minnsta kosti. Hús þetta hið mikla heyrir undir eitt af æðstu embættum þjóðarinnar, kirkjumálaráðuneytið. Neðanvert við Skólavörðustíginn stendur hús, sem einnig heyrir undir eitt af æðstu embættum þjóðarinnar, dómsmálaráðuneytið. Bæði þessi ráðuneyti hafa um langt skeið verið í umsjá einnar og sömu persónu. Þó vitnar hið síðarnefnda húsið um allt aðrar og hóflegri kröfur í húsnæðismálum heldur en hið fyrrnefnda. Ef segja má, að fyrrnefnda húsið beri vott um það, hve mikils þjóðin metur þann guð, sem hún dýrkar, guð réttlætis og kærleika, þá má einnig segja, að hið síðarnefnda húsið beri þess vott, að honum hafi ekki tekizt sem skyldi að kenna dýrkendum sínum þær fornu dyggðir. Og þetta er þeim mun undarlegra, þar sem lengi hefur verið innangengt, eins og fyrr segir, milli kirkju- og dómsmálaráðuneytis.

Flutningsmaður þessarar tillögu heimsótti dag einn í síðustu viku Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Hann skoðaði þar húsakynni og ræddi við fangaverði og fanga, frjálsa menn og ófrjálsa.

Flutningsmaður þykist geta fullyrt, að fangaverðirnir í Hegningarhúsinu séu yfirleitt sómamenn. En þeir neyðast til að rækja störf sín við aðstæður, sem engum sómamönnum eru bjóðandi. Það ríkir ófremdarástand í þessu húsi. Það ástand er ekki fangavörðunum að kenna, heldur því þjóðfélagi, sem státar af stórbyggingum eins og Hallgrímskirkju — með tilheyrandi guðsótta og góðum siðum.

Áður en lengra er haldið, skal á það minnt, að núverandi dómsmálaráðherra hefur aðeins um nokkurra vikna skeið gegnt embættinu. Ódæmi þau, mörg og margvísleg, sem koma munu fram í þessari greinargerð, verða því ekki nema að nokkru leyti skrifuð á reikning þessa ráðherra persónulega. Þetta er mestan part syndaregistur fyrirrennara ráðherrans. Og skylt er að geta þess, að núverandi dómsmálaráðherra lét það verða eitt sitt fyrsta verk í embættinu að heimsækja Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Það eitt nægði til að vekja vonir um, að nú færi að rofa til í fangelsismálum. Og hvort sem svo reynist eða ekki, þá er hitt víst, að liðið var talsvert á annan tug ára frá því dómsmálaráðherra hafði síðast sézt í því húsi.

Hegningarhúsið verður aldargamalt eftir fjögur ár. Fangaklefarnir og gangarnir á milli þeirra virðast hafa verið gerðir eftir byggingafræðilegum fyrirmyndum, sem rekja mætti langt aftur í aldir, jafnvel alla leið niður í kastalakjallara miðalda. Steinveggirnir eru þó ekki berir, það er á þeim grámáluð kalkpússning. Loftræsting mun litlum framförum hafa tekið síðan í öndverðu, þ. e. fyrir 96 árum. Gluggar sjá þó fyrir sæmilega góðu lofti. Og að einu leyti hafa seinni tíma híbýlaþægindi þrengt sér inn fyrir þessa gömlu, þykku veggi: það er miðstöðvarofn í hverjum klefa. Sennilega þurfa fangarnir ekki að kvarta um kulda.

Nóg munu samt vera umkvörtunarefnin. Veggirnir, til að mynda, standa þessum mönnum óhagganlegir á fjóra vegu, og bilið ekki ýkjalangt á milli þeirra. Klefarnir

eru 12 og ætlaðir 1—5 föngum hver. Fangarnir eru nú 27 talsins. Gæzlufangar svonefndir, menn sem eiga mál í rannsókn, búa við mesta einangrun og eru geymdir í einmenningsklefum. Gólfflöturinn í þessum klefum, og þar með sá partur af veröldinni, sem viðkomandi föngum leyfist afnot af, er um 8 fermetrar. Þeir fá ekki að hlusta á útvarp og þaðan af síður að horfa á sjónvarp, og gildir þetta raunar einnig um alla hina fangana í húsinu. En hinir fangarnir fá þó að lesa dagblöð og ræða við vini og ættingja, sem vilja koma til þeirra í heimsóknartíma kl. 4—5 á laugardögum. Hvort tveggja þetta er gæzluföngum meinað. Einangrun þeirra skal vera algjör. Þeir eiga ekki að fá neina vitneskju um það, sem í umheiminum gerist. Þess vegna gæti til dæmis turninn á Hallgrímskirkju hrunið til grunna, án þess þeir vissu nokkuð um það, nema ef vera skyldi að niður í klefana til þeirra bærust einhverjir dynkir ofan af Skólavörðuhæð. Menn hafa orðið að búa við þessa einangrun langtímum saman, jafnvel fast að einu ári. Flutningsmaður hefur rætt við slíka menn og fengið þá til að lýsa sálarástandi sínu eftir þessa reynslu. Flutningsmaður treystir sér ekki til að skila þeim lýsingum á prent.

Aðrir fangar í húsinu flokkast í refsifanga og varðhaldsfanga. Meðal þeirra rakst flutningsmaður á kunningja sinn, ungan mann, sem hafði verið þarna tæpa tvo mánuði. Hann var geymdur í svonefndum sjúkraklefa, sem var þó í fáu eða engu frábrugðinn öðrum klefum hússins. Maðurinn þjáðist af magasári svo alvarlegu, að sérfróður læknir, sem til hafði verið kvaddur, var búinn að senda viðkomandi yfirvöldum vottorð þess efnis, að maginn í honum gæti þá og þegar sprungið. Þetta olli fangavörðunum að sjálfsögðu miklum áhyggjum, og þeir höfðu ásamt lækninum gert ítrekaða tilraun til að koma manninum á spítala. En spítalarými er takmarkað á Íslandi, svo sem kunnugt er, jafnvel fyrir utantugthúsmenn, hvað þá fyrir innantugthúsmenn. Spítalarnir neituðu að taka við manninum fyrr en í fyrsta lagi þá og þá og þá o. s. frv. Nú eru það hins vegar lög á Íslandi, að ekki má geyma svo sjúkan mann í fangelsi, og til þessara laga vitnaði maðurinn og krafðist þess að verða látinn laus, jafnvel þó hann kæmist ekki á spítala. Fangavörðunum og þeim fulltrúum refsivaldsins, sem þeir hafa helzt samráð við, var um og ó, því að þeir vissu, að maðurinn átti sér engan öruggan samastað, þegar út kæmi, og mundi þá ef til vill njóta minni umönnunar heldur en þó í fangelsinu. Þá gerði maðurinn hungurverkfall. Og þannig stóðu málin, þegar flutningsmaður hitti hann. Þegar hann hafði hvorki neytt matar né drykkjar í 30 klukkustundir, var hann látinn laus. Læknirinn taldi það allmikla bót í máli, að þannig yrði létt á honum þeirri taugastreitu, sem fylgdi fangelsisvistinni og aukið hafði stórlega á sjúkdóm mannsins. Og eitt hefur þó fengizt tryggt með þessum málalokum, að ef svo fer á næstunni, þrátt fyrir allt, að maginn í manni þessum springur, þá springur hann að minnsta kosti ekki innan hinna þykku veggja í Hegningarhúsi ríkisins.

Af því að hér hefur verið rætt um mataræði, mundi kannski einhver vilja spyrja, hvort hann hafi ekki fengið sjúkrafæði, þessi sjúki maður, og þá um leið, hvernig þarna sé búið að föngum í mataræði.

Því er til að svara, að maður þessi fékk ekki neitt sjúkrafæði umfram það, sem matargerðarlist fangavarðanna leyfði. Já, matargerðarlist fangavarðanna. Þeir sjá sjálfir um alla matargerð handa föngunum. Þeim hefur aldrei verið séð fyrir neinni aðstoð á því sviði. Og þegar flutningsmaður tillögunnar spurði um kunnáttu þeirra til þessara verka, þá sögðust þeir því miður ekki geta hrósað sér af meiri matargerðarlist en þeirri, sem hver maður lærði af sinni eiginkonu.

Refsi- og varðhaldsfangar í Hegningarhúsinu fá, eins og fyrr segir, að lesa blöðin og ræða við vini og ættingja í heimsóknartímum vikulega. Sú var líka tíðin, að þeir fengu notið þeirrar hressingar að ganga undir eftirliti fangavarðanna út í garð Hegningarhússins að viðra sig og teyga útiloftið. En svo var það, að upp rann mikill frelsis- og framfaratími í húsnæðismálum bankastofnana. Ein slík stofnun reisti sér hátt hús og veglegt rétt við vegginn á fangelsisgarðinum. Það var fyrir

fjórum árum. Og nú brá svo við, að þegar fangarnir notfærðu sér þann agnarskerf af frelsi, sem fylgdi því að komast öðru hverju undir bert loft þar úti í garðinum, fylltust allir gluggar í hinu veglega bankahúsi af forvitnum áhorfendum. Sumir höfðu uppi ljósmyndavélar. Fangarnir notfærðu sér sjaldnar og sjaldnar þau fríðindi að fara út í garðinn. Nú eru þeir með öllu hættir því. Þeir segjast ekki kæra sig um að halda á sér sýningu. Svona getur aukið frelsi á einu sviði orðið til að skerða frelsið á öðru sviði.

Hegningarhúsið við Skólavörðustíg á að heita bráðabirgðadvalarstaður sakamanna — þó að raunin verði oft önnur, eins og fyrr segir. Það er annar staður, sem fyrst og fremst er ætlaður þessum mönnum til afplánunar: Litla-Hraun. Flutningsmaður heimsótti einnig þann stað í síðustu viku, ræddi við fangaverði og fanga, frjálsa menn og ófrjálsa.

Hjá siðuðum þjóðum eins og þeim, sem næstar okkur búa og eru okkur „skyldastar að menningu og þjóðfélagsháttum“, eins og þetta heitir stundum á spakra manna máli, hefur það lengi verið talið sjálfsagt, að þeir, sem ábyrgð bera á gæzlu sakamanna, hafi numið ýmis fræði, sem þessi mál varða, og stendur náms- og reynslutími jafnvel árum saman, áður en viðkomandi er talinn hæfur til slíkra starfa. Hér á Íslandi virðist hins vegar engin regla gilda í þessu efni, eða að minnsta kosti aðrar reglur en þær, sem nú voru nefndar. Sú reynsla, sem núverandi forstjóri á Litla-Hrauni hafði öðlazt í mannaforráðum, áður en honum var falið þetta starf fyrir 5 árum, var í stuttu máli sú, að hann hafði stjórnað fólki við fiskverkun. Og áður en yfirfangavörðurinn varð yfirfangavörður, hafði hann verið fiskmatsmaður.

Þetta er ekki sagt hér mönnum þessum til hnjóðs. Um þetta er ekki við þá að sakast. Dæmið um þá er hér dregið fram einvörðungu vegna þess, að það er eitt af mörgum dæmum, sem óhjákvæmilegt er að hafa hliðsjón af, þegar metið er ástand fangelsismála á Íslandi. Og óhjákvæmilega hlýtur þá einnig að verða spurt, hvers vegna einmitt þessir menn hafa verið valdir til þessara ábyrgðarmiklu starfa. Samkvæmt þeirri gamansemi, dálítið kaldranalegri, sem ríkir í hópi fanganna þar eystra, eru raunar til á þessu ýmsar skýringar og þar á meðal þessi: Læsingar á klefahurðum á Litla-Hrauni eru mjög svipaðar læsingum á hurðum fyrir frystiklefum í fiskverkunarhúsum.

Fangahúsið á Litla-Hrauni er rúmlega 40 ára gamalt. Breytingar á því eða endurbætur hafa litlar orðið frá upphafi. En nú er unnið að viðbótarbyggingu, sem rúma mun álíka marga fanga og gamla húsið, og að sjálfsögðu verður það að mörgu leyti nútímalegra. En þessi ráðstöfun horfir þó síður en svo til neinnar viðunandi lausnar á fangelsismálum þjóðarinnar, og það hefur í einu orði sagt verið hlálegt að heyra, þegar viðkomandi yfirvöld hafa hrósað sér af henni. En út í þá sálma verður þó ekki farið að þessu sinni.

Í gamla fangahúsinu eru 29 klefar og einn fangi í hverjum klefa. Þeir eru læstir inni í klefum sínum á nóttunni, en að deginum eru þeir að jafnaði frjálsir ferða sinna um húsið. Með klefunum og göngum og svonefndri „setustofu“, sem er ekki annað en klefi í stærra lagi, og litlum matsal í kjallaranum er upptalin öll sú húsnæðisaðstaða, sem föngunum veitist til að drepa tímann í. Á daginn fá þeir líka að fara út til vinnu, en sú vinna er tilviljunarkennd og oft tilgangslítil að dómi fanganna, og yfirleitt kvarta þeir mikið um skort á skynsamlegum og uppbyggilegum verkefnum. En samkvæmt reglugerð er þeim uppálögð 6 klukkustunda vinnuskylda á dag. Þeir fá greitt kaup fyrir eina — aðeins eina — af þessum 6 klukkustundum. Þetta kalla þeir þrælahald og skýlaust brot á tilteknu ákvæði í mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna. Mun það raunar ekki fjarri sanni.

Stundum neita fangar að vinna. Þá er þeim refsað með „innilokun“. Þeir fá ekki að fara út úr klefum sínum svo og svo lengi. Hve lengi? Hvaða reglur gilda um þessar refsingar? Flutningsmaður spurði forstjórann um þetta. Engar nákvæmar reglur — þannig séð. Forstjóri tekur upp á eigin spýtur ákvarðanir um þessar

refsingar. Kveðst þó að sjálfsögðu hafa samráð við fangaverði. Innilokun er einnig beitt sem refsingu fyrir önnur „minniháttar afbrot“. Minniháttar afbrot? Reglur um refsingar fyrir þau? Engar ákveðnar reglur. Eru þá ekki til einhver „meiriháttar afbrot“? Jú. Reglur um þau og refsingar við þeim? Engar fastákveðnar — strangt til tekið. En það telst til að mynda „meiriháttar afbrot“, ef fangi smyglar eiturlyfjum inn í stofnunina, líka ef fangi sparkar í fangavörð eða slær hann. Og fyrir slík afbrot fær fanginn „selluna“, eins og það er kallað þarna fyrir austan. Hve lengi? Enn engar ákveðnar reglur. Dómsvald og refsivald allt í höndum forstjóra.

„Sellan“ er í kjallara hússins. Þó að orðið sé notað í eintölu, tekur merking þess til þriggja klefa. Hver þessara klefa er tæpir tveir metrar á breidd og rúmlega tveir á lengd. Hér eru ekki aðeins veggirnir úr steinsteypu, heldur einnig svefnbálkur sá, sem fanginn hefur til afnota. Hann er harður eins og klöpp, þó að reyndar sé á honum dýna, og svo fær fanginn líka tvö brekán að breiða ofan á sig. Einnig er þarna ofurlítið sæti steypt við vegginn á innri enda klefans, eins og sylla í kletti. Lítill gluggi hefur þarna fyrrum verið uppi undir lofti, en fyrir honum er stálplata. Umbúnaður þeirrar plötu bendir til þess, að járnsmiðurinn hafi verið fenginn úr einhverri skipasmíðastöð, þar sem hver plata er svo rækilega rafsoðin, skrúfuð og boltuð, að ekki á að vera nein hætta á, að undan láti í stórsjóum hafsins.

Flutningsmaður fór inn í einn þessara klefa og bað fangavörðinn um að loka dyrunum. Það er ljósapera í gróp í veggnum yfir dyrunum og járngrind fyrir. Birtan frá þessari peru er ekki meiri en svo, að sá, sem vildi lesa eitthvað þarna inni, þyrfti helzt að standa upp á endann og bera bókina upp að ljósinu. Smávaxinn maður mundi að líkindum þurfa að stíga upp á svefnbálkinn í þessum tilgangi. Kannski má þó segja, að þetta skipti ekki miklu máli; fangar eru ekki settir í sellu, til þess að þeir sökkvi sér niður í lestur. Í fáum orðum sagt: þeir fá ekkert að lesa, hvorki bækur né annað. Jú, sumir fá Biblíuna.

Þess eru dæmi, að menn hafa verið í sellu langtímum saman. Flutningsmaður ræddi við mann, sem eitt sinn var þar samfleytt í tvo mánuði. Um líðan sína eftir þá reynslu sagði hann aðeins þetta: „Ég var auðvitað farinn í kerfi.“ Að fara „í kerfi“ — það merkir á fangamáli að bila gersamlega á taugum.

Það er nokkuð umliðið síðan þetta gerðist. Flutningsmanni er ánægja að geta upplýst það, að síðan núverandi forstjóri tók við starfinu, hefur enginn maður verið lengur en 10 daga samfleytt í sellu og þessari refsingu hefur verið beitt æ sjaldnar á síðustu árum. Forstjóra og fangavörðum og raunar föngunum líka ber saman um, að heimilisbragur hafi farið batnandi og þar með dregið úr afbrotum, bæði „minniháttar“ og „meiriháttar“.

Það, sem fyrst og fremst olli þessari breytingu, var aukið frjálsræði. Áður fyrr voru fangarnir læstir inni í klefum sínum kl. 9 á kvöldin. Þegar núverandi forstjóri tók við, losaði hann um þessi ákvæði, og síðan hafa fangarnir ekki verið læstir inni fyrr en undir miðnættið, eða kl. 11.45. Og þegar sjónvarpstæki kom í matsalinn til afþreyingar fyrir fangana á kvöldin, batnaði ástandið enn til stórra muna.

En úr því aukið frjálsræði hefur bersýnilega haft svona holl áhrif, af hverju er þá ekki með öllu hætt að beita þessari viðbjóðslegu refsingu, sem kennd er við selluna? Sellan verður að vera, segir forstjórinn, því að af henni sprettur nauðsynlegt ögunarvald. Nokkuð virðist þetta þversagnakennt. Og enn þversagnakenndara verður þetta, þegar ofan á bætist sú fullyrðing forstjórans, að þegar fangi verði gripinn æði, sé ekki óhætt að geyma hann í klefa sínum, hann gæti þar farið sér að voða, jafnvel stytt sér aldur (hættulegir hlutir, sem helzt eru nefndir í þessu sambandi: gluggarúður, rakblöð og rafmagnssnúrur), andlegt ástand mannsins krefst þess, að honum sé komið fyrir á „hættulausum stað“, og sá „hættulausi staður“ er „sellan“.

Að sjálfsögðu blöskrar manni að heyra þetta. Ósanngjarnt væri þó að láta þá blöskrun alla bitna á forstjóranum. Það eru aðrir aðilar honum æðri, sem með sinnu-

leysi sínu gera honum nauðugan þann kostinn að nota selluna, í sérstökum og mjög alvarlegum tilfellum, sem sjúkrastofu.

Áður hefur verið nefnt dæmi um þá læknisfræðilegu umönnun, sem þjóðfélagið veitir föngum í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Sú umönnun er af álíka mikilli rausn í té látin við fangana á Litla-Hrauni. Að vísu á svo að heita, að báðir þessir staðir hafi sinn sérstaka lækni, en stopular munu þeirra heimsóknir, og hvorugur þeirra hefur sérhæft sig á því sviði, sem veikindi þessara manna snerta fyrst og fremst: sviði tauga- og geðsjúkdóma. Læknir Litla-Hrauns mun hafa sérhæft sig í lungnasjúkdómum. Læknir Hegningarhússins við Skólavörðustíg er sérfræðingur í nuddi. Þegar aðrir læknar eru til kvaddir að hjálpa föngunum, taugalæknar til að mynda, fá þeir litlu sem engu áorkað. Af hálfu hins opinbera eiga þeir yfirleitt sams konar skilningsleysi að mæta eins og læknir sá, sem hafði með að gera magasjúklinginn í Hegningarhúsinu. Dæmi um þetta eru óteljandi. Föngunum er jafnvel meinað um smávægilegustu lækningar, til dæmis tannviðgerðir. Á því sviði stendur þeim til boða sú ein tegund lækningar að láta draga úr sér tennurnar. Margur maðurinn, sem hefur orðið að sæta langri fangelsisvist, kemur af þessum sökum tannlaus út í lífið aftur. Flutningsmaður hefur undir höndum skriflega beiðni um tannviðgerðir, sem fangi einn sendi ráðuneytinu fyrir nokkru. Hann rökstyður beiðni sína af kurteisi og leyfir sér meðal annars að vitna til þess, að hann hafi ekki framið afbrot sitt með tönnunum. Þessari beiðni hefur ekki verið svarað, og henni verður, ef að líkum lætur, aldrei svarað.

Ef að líkum lætur, — það virðist næstum að segja ófrávíkjanleg regla hjá yfirvöldunum að hunza með öllu umkvartanir þessara manna. Þeir skrifa og skrifa, en fá sjaldan sem aldrei svar. Þeir í ráðuneytunum eru víst orðnir voðalega þreyttir á þessum sífelldu bréfaskriftum, — og kannski ekki alveg að ástæðulausu. En þar í mót verður því ekki neitað, að fangar á Íslandi hafa óeðlilega margar ástæður til slíkra skrifta og óeðlilega mikinn tíma til að stunda þær. Þess ber að geta, sem gert er. Samtökin Vernd hafa beitt sér fyrir ýmsu til hjálpar þessum forsómuðu ógæfumönnum. Mest munar þar um séra Jón Bjarman, sem í vetur hefur unnið á vegum samtakanna. Séra Jón heimsækir Litla-Hraun að jafnaði þrisvar í mánuði, og hann er næstum daglegur gestur í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Flutningsmaður hefur fylgzt nokkuð með þessu starfi Jóns og rætt við hann allmikið um þessi mál. Eftir þau kynni virðist flutningsmanni sjálfsagt, að séra Jón Bjarman verði flestum mönnum frekar hafður með í ráðum, ef einhvern tíma yrði af alvöru hafizt handa um endurbætur í fangelsismálum á Íslandi.

Það skal tekið fram, til að fyrirbyggja misskilning, að af Litla-Hrauni er sömu sögu að segja eins og úr Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, að fangarnir bera yfirleitt hlýjan hug til fangavarðanna. Fangar og fangaverðir eru flestir mestu mátar, — flestir.

Ástandinu í fangelsismálum Íslendinga verða ekki gerð nein tæmandi skil í þessari greinargerð. Þau eru svo mörg, trén í þessum frumskógi, að það tekur sinn tíma að benda á þau öll. Hér hefur til að mynda ekkert verið rætt um þann þátt, sem snertir „úttektir", eins og fangarnir nefna afplánun dóma, og embætti „úttektarstjóra", sem ákveður, hvaða menn skuli settir inn — og hvenær. Öll er sú historía býsna skrýtin, svo að ekki sé meira sagt, og spinnast inn í hana margir þræðir, þar á meðal grunsemdir fanganna, meira og minna rökstuddar, um linkind í garð „hinna". „Hinir" eru á máli fanganna þeir, sem í krafti þjóðfélagsaðstöðu sinnar hafa framið stórþjófnaði, en sleppa svo, að dómi fanganna, við refsingu vegna þessarar sömu þjóðfélagsaðstöðu. „Við erum hérna", segja fangarnir. „Hvar eru hinir?"

Kannski gefst síðar tækifæri til að rekja þá sögu nánar — og fleiri slíkar.

Greinargerð þessari er ekki ætlað að fjalla náið um endurbætur í fangelsismálum þjóðarinnar. Flutningsmaður er enginn sérfræðingur á því sviði. En honum virðist sjálfsagt, að framkvæmdum verði hagað í anda þeirrar stefnu, sem nú er

uppi í fangelsismálum hjá nágrannaþjóðum okkar: meira frjálsræði. Jafnvel hin minnsta tilslökun, til að mynda leyfi handa föngum til að horfa á sjónvarp, getur orðið til stórra bóta, eins og dæmið frá Litla-Hrauni sannar.

Tilgangurinn með þessari greinargerð er ekki heldur sá að ræða til hlítar orsakir afbrota. Tilgangurinn er aðeins sá að sýna, að sú meðferð, sem þjóðfélagið veitir afbrotamönnum, stefnir ekki að því að lækna mein þeirra, heldur þvert á móti.

Til þess að orsakir afbrota verði raktar til hlítar, þarf að koma til meiri þekking en flutningsmaður hefur til að bera, þekking sálfræðinga og annarra þeirra, sem lærðir eru í vísindum þeim, sem að afbrotum lúta. En að svo miklu leyti sem flutningsmanni eru kunnug mál einstakra fanga, virðist honum, að margir þeirra, — jafnvel meirihlutinn, — séu að taka út refsingu fyrir verknaði, sem í eðli sínu voru skyldari slysi en glæp. Menn verða oftar en ekki „afbrotamenn“ vegna taugabilunar, skyndilegrar geðtruflunar, ofneyzlu áfengis eða eiturlyfja, og rétti staðurinn fyrir slíka menn er að sjálfsögðu ekki fangelsi, allra sízt fangelsi eins og þau, sem velferðarríkið íslenzka lætur sér sæma að reka, heldur sjúkrahús.

Andlegur vanþroski getur líka legið til grundvallar afbrotum. Um vinnubrögð réttvísinnar að því er slík tilfelli varðar — og raunar um vinnubrögð íslenzkrar réttvísi yfirleitt — talar eftirfarandi dæmi sínu máli: Ungur piltur hafði gerzt brotlegur við lögin. Athugun sýndi, að vitsmunalíf hans var afbrigðilegt. En úrskurðurinn var á þá leið, að hann væri ekki nógu geðveikur til þess að vera á Kleppi; ekki nógu vangefinn til þess að vera á Kópavogshælinu; þess vegna var hann settur í fangelsi.

Nd. 400. Frumvarp til laga [221. mál]

um breyting á lögum nr. 45 9. júní 1960, um orlof húsmæðra.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

1. töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 100 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um orlof húsmæðra voru sett á Alþingi 1960. Samkvæmt þeim starfa sérstakar orlofsnefndir, kjörnar af héraðssamböndum kvenfélaga, og er verkefni þeirra að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga, svo og önnur verkefni í því sambandi. Orlofsnefndir skulu fá styrk til starfsemi sinnar úr orlofssjóði, en aðaltekjur hans samkvæmt lögunum eru árlegt framlag ríkissjóðs, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu. Samkv. þjóðskránni munu húsmæður í landinu vera milli 40 og 45 þús. og ætti framlag ríkissjóðs því að vera minnst samkv. lögunum 400—450 þús. kr. Framlagið mun oftast hafa verið miðað við þetta lágmark, en var hækkað við afgreiðslu síðustu fjárlaga og verður því ein milljón króna á þessu ári.

Þrátt fyrir þetta lága framlag ríkisins hafa störf orlofsnefnda víða orðið veruleg, enda hafa viðkomandi sveitarfélög og kvenfélög þá hlaupið undir bagga.

Það liggur í augum uppi, að ekki hafa aðrir þjóðfélagsþegnar meiri þörf fyrir orlof en húsmæður, en aðstaða margra þeirra örðug til að njóta þess, nema sérstök

aðstoð og fyrirgreiðsla komi til. Þess vegna er full ástæða til þess að bæta verulega aðstöðu orlofsnefndanna og gera þeim mögulegt að auka starf sitt. Í samræmi við það er þetta frumvarp flutt. Samkvæmt því yrði framlag ríkisins hækkað úr 10 kr. í 100 kr. minnst fyrir hverja húsmóður í landinu. Heildarframlag ríkisins yrði samkv. því 4—4.5 millj. kr. Sú fjárveiting mun engan veginn of rausnarleg, ef koma á orlofsmálum húsmæðra í það horf, sem æskilegt er.

Nd. 401. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1971.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Geir Hallgrímsson. Jónas Árnason. Ásm. B. Olsen.
Stefán Valgeirsson.

Nd. 402. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1971.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Geir Hallgrímsson. Jónas Árnason. Ásm. B. Olsen.
Stefán Valgeirsson.

Nd. 403. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um námskostnaðarsjóð.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Um nokkurt skeið virðist það hafa verið almenn skoðun manna, að æskufólk ætti að hafa sem jafnasta aðstöðu til menntunar, hvar sem það er búsett í landinu. Þessi skoðun hefur komið fram í blaðaskrifum, fundarsamþykktum ýmissa félagssamtaka og ræðum manna á Alþingi. Síðast, en ekki sízt, er þessari skoðun hátíðlega

yfirlýst í frv. ríkisstjórnarinnar um skólakerfi, sem nýlega hefur verið lagt fyrir Alþingi. 7. gr. þess frv. hljóðar svo:

„Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar, samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð."

Í greinargerð þessa stjórnarfrv. segir svo m. a.:

Með greininni er Landnámi ríkisins heimilað að veita sérstök framlög til þess að reyna að tryggja, að jarðir haldist í byggð í sérstökum tilvikum, sem þar um ræðir. Eru nokkuð sambærileg ákvæði í 53. gr. gildandi laga, nr. 75/1962. Augljóst er, að framkvæmd á slíkri opinni heimild er vandkvæðum bundin, svo að ekki verði gefin fordæmi, sem draga á eftir sér langan slóða umsókna hvaðanæva að. Mikil nauðsyn getur þó verið á því að hafa möguleika til að hlaupa þannig undir bagga í einstökum tilvikum.

Um 46. gr.

Grein þessi er lík að efni og 57. gr. laga nr. 75/1962. Með henni er Landnámi ríkisins fenginn í hendur enn einn þáttur til þess að hafa áhrif á hagkvæma þróun byggðar.

Um 47. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Efni greinarinnar er að mestu hið sama og 62. gr. laga nr. 75/1962. Sambærileg ákvæði eru í jarðræktarlögum.

Um VIII. KAFLA

Um 49. gr.

Með grein þessari er stefnt að því að færa í lög skilyrði, sem fullnægja þarf, svo að stofnun félagsbús hljóti viðurkenningu Landnáms ríkisins. Viðurkenningu Landnámsins á félagsbúi þarf t. d. til, að það verði skráð sem slíkt í jarðaskrá.

Um 50. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Í greininni er vikið að reglum, sem fara þarf að, þegar stofnað er til félagsræktunar. Ákvæði um félagsræktun eru nýmæli í lögum. Félagsræktun nýtur framlaga sem önnur nýrækt eftir lögum þessum.

Um IX. KAFLA

Um 52. gr.

Eftir hin mörgu kalár á síðasta áratug hefur þörfin fyrir endurræktun túna farið mjög vaxandi. Í greininni er vikið að nokkrum atriðum, sem athuga þarf, ef ráðizt er í endurræktun. Enn fremur er kveðið á um, að Landnámið veiti framlög til endurræktunar túna, og er það nýmæli í lögum.

Um 53. gr.

Hið tímabundna framlag, sem rætt er um í greininni að veita til ræktunar á einærum fóðurjurtum, þ. e. grænfóðurræktar, ber að líta á sem sérstakan stuðning við þennan þátt ræktunar vegna hins kólnandi veðurfars síðustu ára. Rétt þykir að hafa um þetta efni tímabundið ákvæði og láta reynslu leiða í ljós mikilvægi þess, enda auðvelt að framlengja þetta ákvæði í lögunum. Sé vel til grænfóðurræktar vandað og nægjanlega snemma sáð, hefur hún reynzt gefa góða uppskeru, þótt spretta sé léleg á túnum vegna kulda, og hún hefur ekki sízt sannað gildi sitt, þegar uppskera hefur brugðizt af stórum hluta túna vegna kals, eins og oft hefur skeð á undanförnum árum.

Um X. KAFLA

Um 54. gr.

Með greininni er stefnt að því að heimila landnámsstjórn að veita framlög til varmaveitna í sveitum. Hér er oft um kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða, og mundi framlag Landnámsins þá hvort tveggja létta þær og hvetja til þeirra.

Um 55. gr.

Á þessu stigi verður eigi séð, hvort eða að hve miklu leyti heimild sú, er greinin fjallar um, verður notuð. Rannsóknir á þessu efni eru á frumstigi, en ekki að vita, hvað þær leiða í ljós í framtíðinni.

Um 56. gr.

Með grein þessari eru tekin upp ákvæði um grænfóðurverksmiðjur. Heitið grænfóðurverksmiðja er hér látið tákna hvers konar verksmiðjur, sem hraðþurrka gras eða grænfóður. Framleiðsla verksmiðjunnar í Gunnarsholti hefur til þessa gefið góða raun. Að því er stefnt með fjölgun grænfóðurverksmiðja, ásamt öðrum stuðningi við fóðuröflun, sem felst í þessu frumvarpi, að efla svo fóðurframleiðslu í landinu sjálfu, að komizt verði sem mest hjá hinum gífurlega innflutningi á erlendu fóðri, sem verið hefur hin síðustu ár.

Í greininni er vikið að fyrirkomulagi á stjórn grænfóðurverksmiðja, fjölda þeirra og staðarvali. Tvö síðustu atriðin, eða þau, sem um er fjallað í fyrri málsgr. greinarinnar, þurfa að nokkru að ákvarðast með hliðsjón af flutningaleiðum og fjarlægðum, því að erfitt er að bæta miklum flutningskostnaði á verð framleiðslunnar.

Um 57. gr.

Reiknað er með sem aðalreglu, að Landnám ríkisins leggi fram stofnfé til grænfóðurverksmiðja, þó að það sé ekki beint tekið fram. Er það í samræmi við fordæmi, sem orðið er í þessu efni.

Um 58. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 59. gr.

Í greininni eru sett fram þau stefnuatriði, að verð á framleiðslu hverrar grænfóðurverksmiðju skuli standa undir rekstri og fjármagnskostnaði, og jafnframt, að framleiðslan skuli samkeppnisfær um verð og gæði við annað fóður. Eigi eru í frumvarpinu ákvæði, sem lúta að því, hversu með skuli fara, ef verð framleiðslunnar þarf samkvæmt þessu að verða mishátt hjá einstökum verksmiðjum. Það atriði og ýmis önnur, sem upp kunna að koma, þurfa því að fara til ákvörðunar landnámsstjórnar og hún að setja um það reglur, e. t. v. með samþykki landbúnaðarráðherra.

Um 60. gr.

Greinin fjallar um þátttöku Landnáms ríkisins í kostnaði við stofnun grænfóðurverksmiðja, sem byggðar eru upp af öðrum aðilum. Gert er ráð fyrir, að slíkar verksmiðjur þurfi að falla að áætlun um fjölda og staðarval grænfóðurverksmiðja, samkvæmt 56. gr.

Um 61. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XI. KAFLA

Um 62. gr.

Greinin fjallar um framlög Landnáms ríkisins til einstakra framkvæmda.

1. Eftir gildandi lögum eru veittar 60 þús. kr. til byggingar íbúðarhúsa í sveitum, og hefur svo verið frá 1964. Á sama tíma hefur byggingarvísitala hækkað um það bil um 150 stig. Lagt er til, að framlag þetta verði nú 120 þús. kr. Lán til íbúðarhúsa í sveitum eru nú 450 þús. kr. en lán frá Húsnæðismálastofnun ríkisins 600 þús. kr.

2. Undir þessum tölulið eru fólgnar heimildir, eftir nánari ákvörðun landnámsstjórnar, til fjárframlaga, sem miðast eiga við það að fylgja eftir þeirri stefnu frumvarpsins að styðja og stuðla að hagkvæmni í þróun byggðar.
3. Lagt er til að hækka framlög til byggingar gróðurhúsa úr 60 kr. á m^2 í 120 kr. á m^2, en áætlaður byggingarkostnaður gróðurhúsa er nú 2400 kr. á m^2.
4. Eftir gildandi lögum greiðir Landnám ríkisins allt að kr. 3000.00 á ha., mishátt eftir tegund ræktunarlands, þar til 25 ha. túnstærð er náð á hverju býli, en ekkert eftir að því marki er náð. Í byrjun var þetta mark 10 ha., síðan 15 ha. og síðast 25 ha., eins og fyrr er sagt. Ætlunin var að veita þeim býlum sérstakan stuðning, sem dregizt höfðu aftur úr með ræktun, og flýta því, að lífvænlegri búskaparaðstöðu yrði náð. Í þessu hefur veruleg hjálp verið fólgin fyrir hina smærri bændur, hjálp, sem hefur borið verulegan árangur. Þetta hefur þó valdið vissum erfiðleikum í framkvæmd, og borið hefur á tilhneigingu til óeðlilegrar skiptingar á jörðum.

   Sumir bændur hafa og sífellt verið rétt á undan stærðarmörkunum hverju sinni með ræktun sína og fyrir vikið einskis notið af þessu framlagi. Augljóst er, að kröfurnar til túnstærðar á meðalbýli halda áfram að aukast hér eftir sem hingað til.

   Hér er því breytt um stefnu og lagt til, að allir bændur séu með jafnan rétt til þessa framlags, án tillits til túnstærðar. Sama framlag er og ætlað á hvern ha. í félagsræktun, svo og eftir þessum lögum við endurræktun túna og grænfóðurrækt.

   Lagt er til, að framlag á hvern ha. verði óbreytt, eða allt að 3 þús. kr., en reikna má með, að fjárþörf til þessa þáttar hækki um 4—5 millj. kr.
5. Til notkunar jarðvarma á sveitabæjum, sbr. athugasemdir við 54. gr. og 55. gr.
6. Lagt er til að leggja fram fé til stofnunar grænfóðurverksmiðja, svo sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, þó eigi minna en 7.5 millj. kr., sbr. 63. gr.

Um 63. gr.

Greinin fjallar um framlög ríkissjóðs til Landnáms ríkisins. Er þar lagt til, að til Landnámsins sé veitt fé á fjárlögum árlega í samræmi við áætlun, sem landnámsstjórn gerir, miðað við þau viðfangsefni, sem því eru fengin með frumvarpi þessu. Þá er lagt til, að í fjárlögum næsta árs, 1972, verði þessi fjárhæð eigi minni en 53.3 millj. kr., og er það byggt á áætlun, sem Landnám ríkisins hefur þegar gert.

Um XII. KAFLA

Um 64. gr.

Eins og lagt er til í síðari greinum þessa kafla, eru störf unnin á teiknistofu ekki lengur slíkt aðalatriði í starfi stofnunarinnar sem í gildandi lögum, heldur mun fjölþættari verkefni á sviði landbúnaðarbygginga. Er því lagt til, að nafni stofnunarinnar sé breytt í samræmi við það.

Um 65. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Meginatriði hennar er eins og í 69. gr. laga nr. 75/1962.

Um 66. gr.

Með grein þessari er reynt að velja þau starfssvið, þar sem eru menn, sem líklegir eru til að hafa þá þekkingu og reynslu, er verði starfsemi Byggingastofnunarinnar til styrktar. Rétt þykir og að kveða á um það, hver skuli vera formaður.

Um 67. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Hún er að meginefni eins og 71. gr. laga nr. 75/1962.

Um 68. gr.

Hér eru dregin saman ákvæði um verksvið Byggingastofnunarinnar:

a) Óbreytt frá gildandi lögum, að öðru leyti en því, að forstöðumaður skuli samþykkja teikningar.
b) Útgáfa upplýsingarita getur, ef vel tekst til með efni, haft mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn.
c) Hér er um verksvið að ræða, sem verið hefur aðalstarf stofnunarinnar og þarf að halda áfram, þótt öðrum sé bætt við.
d) Ýmislegt, er fram kemur á sviði landbúnaðarbygginga erlendis, kann að geta hentað hér á landi, sé það aðlagað íslenzkum aðstæðum. Fátt af því á þó við óbreytt. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með á þessu sviði.
e) Gert er ráð fyrir, að Byggingastofnunin vinni að skipulagstillögum, sem Landnámi ríkisins er ætlað að gera samkv. 28. gr.
f) Mjög mikla þýðingu getur haft að vinna í samráði við bændur að skipulagningu fjárfestingar á einstökum jörðum og komast með því eftir föngum hjá óhagkvæmum og handahófskenndum framkvæmdum.
g) Byggingafulltrúar hafa ekki til þessa verið tengdir lögum þessum á neinn hátt, þó að þeir starfi sem fulltrúar Búnaðarbankans og Byggingastofnunarinnar. Hér er lagt til, að þeim sé af stofnuninni sett erindisbréf í samráði við sýslunefndir, en þeir taka laun sín að hálfu hjá sýslusjóðum og að hálfu hjá Búnaðarbanka Íslands.

Um 69. gr.

Greinin felur í sér alger nýmæli. Til þessa hefur Teiknistofan látið af hendi teikningar og aðra þjónustu við bændur endurgjaldslaust. Þó að gjald þetta sé lágt, getur sjóðurinn haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna við að styrkja nýjungar og tilraunir við gerð og fyrirkomulag bygginga í sveitum. Ætla má, að setja verði sjóðnum reglugerð.

Um 70. gr.

Með grein þessari er gert ráð fyrir, að kveðið sé á um menntun forstöðumanns Byggingastofnunarinnar, og sé hann arkitekt eða hafi aðra hliðstæða menntun. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingu á greininni að ræða.

Um 71. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um XIII. KAFLA

Um 72. gr.

Í grein þessa eru tekin þau efnisatriði, sem virðast skipta máli, úr 65. gr. laga nr. 75/1962.

Um 73. gr.

Lagt er til, að byggingafulltrúar fylgist með viðhaldi bygginga, eftir því sem við verður komið, í stað landnámsnefnda. Að öðru leyti er greinin nánast óbreytt frá gildandi lögum.

Um 74. gr.

Greinin er nokkuð stytt frá því, sem er í 67. gr. gildandi laga, en um efnisbreytingar er naumast að ræða.

Um XIV. KAFLA

Um 75.—77. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá því, er segir í 79.—81. gr. laga nr. 75/1962.

Um 78. gr.

Lagt er til, að heimilað sé að greiða framlög samkvæmt lögum þessum vegna framkvæmda, sem teknar eru út á árinu 1971. Mun auðveldara er að miða við, hvenær úttekt fer fram, heldur en t. d. hvenær verk er unnið eða umsóknir berast.

Um 79. gr.

Gildistaka laganna þegar í stað leggur ekki auknar kvaðir á ríkissjóð á árinu 1971, því að tekið er fram í frumvarpinu, að samkvæmt því, sem þar er gert ráð fyrir, greiði ríkissjóður í fyrsta sinn til Landnáms ríkisins árið 1972.

Ed. 409. Tillaga til þingsályktunar [223. mál]

um jarðfræðilegar rannsóknir vegna neyzluvatnsleitar.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Einar Ágústsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þegar verði hafnar ýtarlegar jarðfræðilegar rannsóknir til öflunar neyzluvatns, einkum á svæðum, þar sem til vandræða horfir vegna skorts á viðunandi vatni, sérstaklega fyrir fiskiðnaðinn. Verði jarðkönnunardeild Orkustofnunar falið að vinna þetta verkefni og fjármagn útvegað til starfseminnar á þessu ári með lánsfé, ef þörf krefur.

Greinargerð.

Í sambandi við mjög víðtækar endurbætur, sem gera verður í fiskiðnaði landsins vegna þeirrar ströngu löggjafar um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit við freðfiskframleiðslu, sem vitað er að Bandaríkjamenn munu lögfesta, að öllum líkindum í ár, hefur athyglin meðal annars beinzt að mjög alvarlegu ástandi neyzluvatns í fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Samkvæmt nýlegri athugun sérfræðinga á ástandi í vatnsmálum hjá 58 stærri byggðakjörnum er það gott eða viðunandi á 33, slæmt á 16 stöðum og þarfnast endurbóta á öðrum 9.

Á nýlegri ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um náttúruvernd bar gæði og öflun neyzluvatns mjög á góma. Fram kom í fróðlegu erindi Jóns Jónssonar jarðfræðings, að tiltölulega er auðvelt að ná góðu neyzluvatni á grágrýtissvæðinu, sem liggur nokkurn veginn frá Suðvesturlandi til Norðausturlands. Hins vegar er það víða miklum erfiðleikum háð á blágrýtissvæðinu á Austur- og Suðausturlandi, Vestfjörðum og miklum hluta Norðurlands. Jarðfræðingurinn sagði, að von um neyzluvatnsnám á því svæði væri **„einkum bundin við staði, þar sem færa má sönnur á tilvist meiri háttar sprungukerfis. Varla er þetta hugsanlegt án meiri háttar jarðfræðirannsókna“.**

Í framhaldi af málmleit þeirri, sem Rannsóknaráð ríkisins beitti sér fyrir á Suðausturlandi með aðstoð frá Sameinuðu þjóðunum, var með samþykki iðnaðarráðuneytisins komið á fót svonefndri jarðkönnunardeild hjá Orkustofnun. Með stofnun þessarar deildar er hugmyndin sú að leysa mjög brýna þörf margra aðila í landinu fyrir hagnýtar jarðfræðirannsóknir til undirbúnings fyrir margs konar framkvæmdir, eins og t. d. á sviði vegagerðar, hafnargerðar og ýmiss konar annarrar

mannvirkjagerðar. Hingað til hefur yfirleitt orðið að leita til einstakra jarðfræðinga, sem slík verkefni hafa tekið að sér að meira eða minna leyti í hjáverkum.

Gert hefur verið ráð fyrir því, að jarðkönnunardeildin taki að sér ýmiss konar jarðfræðileg verkefni, fyrir framkvæmdaaðila samkvæmt sérstökum samningi við þá og gegn greiðslu. Hins vegar verður deildin að sjálfsögðu einnig að sinna jarðfræðilegum grundvallarrannsóknum á eigin vegum til söfnunar nauðsynlegra undirstöðuupplýsinga fyrir hin hagnýtu verkefni.

Í samráði við sérfræðinga á sviði fiskiðnaðar var ákveðið að leggja í upphafi megináherzlu á jarðfræðirannsóknir á blágrýtissvæðinu með neyzluvatnsöflun í huga. Telja sérfræðingarnir allir þetta mjög aðkallandi verkefni, ekki sízt fyrir fiskiðnaðinn á þessum svæðum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að sveitarfélag á viðkomandi stað sjái um sjálfa öflun neyzluvatnsins, en víðast er ekki sú jarðfræðileg þekking fyrir hendi, að slíkt sé unnt með góðu móti.

Því miður var fjárhagsáætlun deildarinnar síðbúin og ekki reyndist unnt að tryggja fjárveitingu til starfseminnar á fjárlögum ársins 1971. Verkefnið er hins vegar svo aðkallandi vegna þess, hve gott neyzluvatn er mikilvægt fyrir fiskiðnaðinn í sambandi við nauðsynlegar endurbætur, sem fyrr hefur verið drepið á, að ekki er talið fært að láta það dragast, að umræddar rannsóknir hefjist. Varla verður heldur um það deilt, að grundvallarrannsóknir, eins og hér um ræðir, hljóta að greiðast af opinberu fé. Því er lagt til í þingsályktunartillögu þessari, að starfsemin verði hafin nú í vor og með lánsfé, ef þörf krefur. Fjárþörfin í ár er áætluð 1 millj. kr.

Sþ. 410. Tillaga til þingsályktunar [224. mál]

um stuðning við blaðaútgáfu utan Reykjavíkur.

Flm.: Björn Jónsson, Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að útgáfa vikublaða utan höfuðborgarinnar verði studd með eftirtöldum hætti:

1. Að ríkissjóður kaupi 300 eintök af þeim vikublöðum, sem út eru gefin utan höfuðborgarinnar.
2. Að ríkið og ríkisstofnanir birti auglýsingar sínar í slíkum blöðum til jafns við dagblöðin, að því leyti sem þær fjalla um efni, sem á erindi til íbúa byggðarlaga utan höfuðborgarinnar.
3. Að Landssímanum verði gert að láta hverju framangreindra blaða í té afnot af einum síma án endurgjalds.

Greinargerð.

Allt frá því er blaðaútgáfa hófst hér á landi hafa þau blöð, sem út hafa verið gefin utan höfuðborgarinnar, gegnt mikilsverðu hlutverki í íslenzku þjóðlífi og íslenzkum stjórnmálum og verið snar þáttur í menningarlífi og framfarasókn þjóðarinnar. Væri því vissulega skarð fyrir skildi, ef svo færi, að þessi vettvangur ritaðs orðs hyrfi úr sögunni, en á því eru allar horfur, sé ekki að gert. Með hinni gífurlegu mannfjöldaaukningu á höfuðborgarsvæðinu, sem skapað hefur grundvöll að útgáfu stórra dagblaða, og tilkomu útvarps og sjónvarps hafa vikublöðin mætt harðri samkeppni, sem ein fyrir sig hefur gert þeim erfitt fyrir. En þar við hefur bætzt óhagstæð verðlagsþróun varðandi allan kostnað við útgáfustarfsemi og ekki síður hitt, að fjármálaafli stjórnmálaflokka er einbeitt að útgáfustarfsemi í mesta fjölbýlinu. Enn hefur það komið til, að ýmisleg opinber fyrirgreiðsla hefur verið tekin upp fyrir dagblaðaútgáfu, en engin fyrir útgáfu blaða úti um landsbyggðina,

og fer því fjarri, að barátta þeirra fyrir tilveru sinni sé lengur háð á grundvelli jafnréttis. Má þar til nefna kaup ríkisins á dagblöðum og beinar styrkveitingar á fjárlögum, einokunaraðstöðu, sem þeim hefur verið fengin varðandi auglýsingar stjórnvalda og ríkisstofnana, þóknun fyrir þjónustu við útvarp og sjónvarp, sérstakar greiðslur fyrir birtingu tilkynninga ráðuneyta o. fl., og nú síðast stórfellda ríkisábyrgð fyrir miklu láni til kaupa á prenttækjum.

Öllum sanngjörnum mönnum má vera ljóst, hvert horfir fyrir hinum smáu og félausu vikublöðum úti um land, er þau eru með öllu afskipt þeirri miklu fyrirgreiðslu, sem höfuðstaðarblöðin fá nú í sinn hlut, og ekki síður, hve stórfelld og óréttlát mismunun hér er á ferðum, enda er sannast mála, að ef ekki verður hér breyting á, hljóta vikublöðin fljótlega að týna tölunni og síðan líða undir lok innan tíðar, en flest þeirra eru þegar að þrotum komin fjárhagslega.

Flm. þessarar till. til þál. eru þeirrar skoðunar, að slík þróun til einskorðs forræðis fjölmiðla höfuðborgarinnar um almenna skoðanamyndun í landinu sé ekki samrýmanleg þeim kröfum, sem gera beri til lýðræðislegrar aðstöðu manna, hvar sem þeir eru í sveit settir, og flytja því hér tillögu um, að ríkisstjórnin hlutist til um aðgerðir, sem rétta mundu nokkuð aðstöðu dreifbýlismanna til að koma skoðunum sínum á framfæri á þar til hæfum vettvangi. Er hér þó ekki lengra gengið en svo, að eftir sem áður nytu dagblöðin mun meiri aðstoðar hins opinbera en vikublöð dreifbýlisins. Hér er því um algerar lágmarksráðstafanir að ræða, sem þó mundu vafalítið bæta verulega hag vikublaðanna og afnema að nokkru það misrétti, sem þau nú eru beitt.

Ed. 411. Frumvarp til laga [14. mál]

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. febr.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, fjórði og fimmti samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sjötti samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands og sjöundi er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Í störfum sínum er stjórn sjóðsins heimilt, þegar hún telur þess þörf, að kveðja sér til ráðuneytis sérstakan fulltrúa frá eftirgreindum landssvæðum: 1. Suðurland, 2. Vestmannaeyjar, 3. Faxaflói og Breiðafjörður, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland, 6. Austfirðir.

Við 3. mgr., sem verður 4. mgr., bætist:

... en sjóðsstjórnin ákveður eða semur um þóknun og ferðakostnað tilkvaddra fulltrúa samkv. 3. mgr.

Í stað 13.—15. gr. komi:

13. gr.

Á undan 15. gr., sem verður 21. gr., komi ný kaflafyrirsögn:

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

16. gr., 17. gr. og bráðabirgðaákvæði falli niður.

15. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ásamt síðari breytingum, svo og 8. gr. laga nr. 79 30. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs á árinu 1970.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 77 28. apríl 1962 og gefa þau út svo breytt.

Bráðabirgðaákvæði.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný stjórn skal skipuð samkv. 1. mgr. 6. gr.

Nd. 412. Frumvarp til laga [225. mál]

um breyting á lögum nr. 45 frá 9. júní 1960, um orlof húsmæðra.

Flm.: Jónas Árnason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Komið skal á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði héraðssambands kvenfélaga, er hafi það hlutverk að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra og aldraðs fólks, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga svo og önnur verkefni í því sambandi.

Þar sem mæðrastyrksnefndir eða samtök um málefni aldraðra eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þá aðila.

2. gr.

3. gr. laganna hljóði þannig:

Fé orlofssjóðs skal fengið með þessum hætti:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 100 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu og hvern þann annan einstakling, sem lög þessi ná til.
2. Með framlögum bæjar- og hreppsfélaga.
3. Með framlögum kvenfélaga og kvenfélagasambanda.
4. Með gjöfum, áheitum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þykir henta.

Framlögum samkvæmt 1. lið skiptir félagsmálaráðuneytið milli orlofssvæða með hliðsjón af mótframlögum samkvæmt 2., 3. og 4. lið.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Rétt til orlofsfjár eiga allar konur, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Enn fremur má veita orlofsfé vegna barna allt að 10 ára aldri, helming á móti konu, ef sérstaklega stendur á.

Sama rétt til orlofsfjár og húsmæður eiga allir þeir Íslendingar, sem náð hafa 67 ára aldri.

Orlof skal að jafnaði ekki vera styttra en 14—21 dagur.

4. gr.

5. gr. laganna hljóði svo:

Við úthlutun orlofsfjár til húsmæðra, er getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar efnahag fjölskyldunnar, barnafjölda og aldur þeirra, húsnæði og heilsufar svo og aðrar þær ástæður, sem að áliti orlofsnefndar ber sérstaklega að taka tillit til.

Við úthlutun orlofsfjár til aldraðra, er einnig getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skal eingöngu tekið tillit til efnahags þeirra sjálfra.

Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.

5. gr.

6. gr. laganna hljóði þannig:

Félagsmálaráðuneytið skal láta prenta umsóknareyðublöð fyrir umsóknir um orlofsfé til húsmæðra og annarra þeirra, sem lög þessi ná til, og senda orlofsnefndum.

6. gr.

7. gr. laganna hljóði svo:

Komið skal á fót orlofsheimilum, a. m. k. einu í hverjum landsfjórðungi, og skal kostnaður greiddur af ríkinu.

Á meðan ekki hafa verið reist sérstök orlofsheimili, skulu orlofsnefndir hafa samvinnu við félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um afnot skóla og annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar, eftir því sem við verður komið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 45 frá 9. júní 1960 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um orlof húsmæðra og aldraðra.

Greinargerð.

Gildandi lög um orlof ná yfir allt fólk, „sem starfar í þjónustu annarra," svo og húsmæður. Hins vegar kveða engin lög á um orlof fyrir gamalmenni og aldrað fólk, þótt þörfin á lagasetningu sé þar sízt minni. Tilgangur þessa frumvarps er að bæta hér um og veita efnalitlu öldruðu fólki tækifæri til sumardvalar eða hressingar utan heimila sinna og fái það í því skyni sérstakan fjárstyrk.

Í frumvarpinu er miðað við það fólk, sem náð hefur 67 ára aldri. Mjög æskilegt er að fá kvenfélagasamböndin til að skipuleggja þessa starfsemi, enda hafa þau með sóma skipulagt orlof húsmæðra, og því er þetta mál sett inn í lögin um orlof húsmæðra.

Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, að reist verði sérstök sumardvalarheimili, þannig að dvalargestir geti notið orlofsins sem bezt. Frumvarpið gerir ráð fyrir einu slíku dvalarheimili í hverjum landsfjórðungi fyrst í stað, en fleiri mættu þau gjarna vera.

2. gr. gerir ráð fyrir hækkun framlags ríkisins í 100 kr. á einstakling. Styrkur þessi hefur frá upphafi aðeins numið 10 krónum, þrátt fyrir stórhækkun verðlags, og er þessi hækkun nauðsynleg, ef einhver alvara er bak við þetta ákvæði laganna.

Alkunna er, að lítil aðstaða er fyrir margt aldrað fólk að fá notið tilbreytingar og hressingar að sumri eins og flestir aðrir landsbúar. Er það einkum vegna lélegs efnahags. Frumvarp þetta ætlar ekki að leysa öll vandamál aldraðs fólks, til þess eru þau of mikil og flókin. Í nútímaþjóðfélagi er aldraða fólkið að vissu leyti sett utangátta. Því eru byggð híbýli, sem heita dvalarheimili eða elliheimili, og þar býr þetta fólk, sem skilað hefur sínu lífsstarfi, án verulegra tengsla við aðrar kynslóðir

í landinu. Líf þessa fólks er því fábreytilegt. Frumvarp þetta er tilraun til að gera þessu aldraða fólki lífið skemmtilegra og fjölbreyttara.

Orðið „orlof" er hér notað, þó að í hlut eigi hið aldraða fólk, sem litla eða enga vinnu stundar að staðaldri, enda merkir orðið ekki aðeins leyfi frá störfum, eins og margir nútímamenn munu ætla, heldur er hin forna merking þess í fullu samræmi við notkun þess hér.

Nd. 413. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Snemma á árinu 1969 sömdu sjómannasamtökin og útvegsmenn um það, að sjómönnum skyldu greiddar upp í fæðiskostnað kr. 85.00 á dag á bátum 12 til 150 rúmlestir að stærð og kr. 100.00 á dag á bátum yfir 150 rúmlestir að stærð. Þessar greiðslur á fæðispeningum skyldu bornar uppi af 1% útflutningsgjaldi á sjávarafurðir, og var það lagt á með l. nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Jafnframt var stofnuð við aflatryggingasjóð svonefnd áhafnadeild, sem skyldi annast greiðslur þessar.

Á árinu 1969 nægði 1% gjaldið ekki fyrir útgjöldum áhafnadeildar, og s. l. ár sömdu sjómannasamtökin og samtök útvegsmanna um, að vísitala skyldi greidd á fæðispeninga sjómanna frá ársbyrjun 1970. S. l. ár ákvað Alþingi enn fremur, að fæðispeningar skyldu greiddir úr áhafnadeild til manna á þilfarsbátum undir 12 rúml., og loks er þess að geta, að sjávarútvegsnefnd hefur nú til meðferðar frumvarp, sem gerir ráð fyrir því, að fæðispeningar verði einnig greiddir úr áhafnadeild vegna opinna vélbáta. Allt eykur þetta útgjöld áhafnadeildar.

Með hliðsjón af framansögðu fellst nefndin á, að óhjákvæmilegt sé að hækka umrætt gjald úr 1% í 1.5%, eins og 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, og mælir hún því með samþykkt þess.

Einn nefndarmanna, Lúðvík Jósefsson, óskar tekið fram, að hann sé andvígur gildandi fyrirkomulagi á greiðslu fæðispeninga og að hann styðji þess vegna ekki umrætt frumvarp.

Alþingi, 26. febr. 1971.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Eyjólfur Konr. Jónsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Guðlaugur Gíslason.	Björn Pálsson.	Jón Skaftason.

Nd. 414. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 13. marz 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á mörgum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Aðalatriði frumvarpsins er um það að breyta skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs frá því, sem nú er, en sú skipan hefur gilt síðan lög nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, voru sett.

Sú skipan er talin hafa gefizt vel, eins og fram kemur í meðfylgjandi umsögnum Seðlabanka Íslands og stjórnar Fiskveiðasjóðs um málið.

Engu að síður eru uppi raddir um breytingar, svo sem fram kemur í meðfylgjandi umsögn L. Í. Ú., þótt ekki sé þar fallizt á þær tillögur um skipan stjórnarinnar, er í frumvarpinu felast.

Loks má geta þess, að innan nefndarinnar hefur komið fram það sjónarmið, að ef samtök útvegsmanna fengju aðild að stjórn sjóðsins, þá væri einnig eðlilegt, að samtök sjómanna fengju aðild að stjórninni.

Af því, sem nú hefur verið nefnt, má ráða, að skoðanir eru mjög skiptar um þetta mál.

Teljum við undirritaðir því æskilegt, að það verði nánar athugað á vegum ríkisstjórnarinnar, og leggjum til, að frumvarpinu verði vísað til hennar.

Alþingi, 26. febr. 1971.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Eyjólfur Konr. Jónsson, fundaskr.	Guðlaugur Gíslason.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 15. febrúar 1971.

Vér höfum haft til athugunar bréf sjávarútvegsnefndar, dags. 27. nóvember s. l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, á þskj. 29.

Í lögum þeim um Fiskveiðasjóð Íslands, sem sett voru á árinu 1966 og nú gilda, var sú meginbreyting gerð, að tvær stærstu lánastofnanir sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóður Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins, voru sameinaðar í einn sjóð og settar undir eina stjórn. Fram að þeim tíma hafði Fiskveiðasjóður verið undir stjórn bankastjórnar Útvegsbankans, en Stofnlánadeildin undir stjórn bankastjórnar Landsbankans. Takmarki því, sem að var stefnt með sameiningu þessara tveggja stóru sjóða, var lýst svo í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um Fiskveiðasjóð Íslands, sem flutt var á Alþingi 1965/66:

> „Sameining þessara tveggja stærstu lánasjóða sjávarútvegsins í einn öflugan sjóð hefur í för með sér, að auðveldara er að koma við hagkvæmri skiptingu ráðstöfunarfjárins milli hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, en þarfir þeirra eru mjög mismunandi frá ári til árs. Eftirlit með notkun lánsfjárins ætti einnig að geta orðið virkara og meira samræmi en nú í útlánum. Loks hefur sameiningin í för með sér sparnað í rekstri og ýmislegt hagræði, sem ekki verður rakið hér frekar.
>
> Oft hefur verið um það rætt að sameina þessa sjóði. Segja má, að spor í þá átt hafi verið stigið með samstarfi því, sem tekið var upp milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans að lánamálum sjávarútvegsins á árinu 1961, er lausaskuldum sjávarútvegsins var breytt í löng lán á vegum Stofnlánadeildarinnar. Reynslan af þessu samstarfi hefur ótvírætt sýnt, að lánamálum sjávarútvegsins er bezt komið undir sameiginlegri stjórn þeirra banka, sem til þessa hafa séð um mestöll lánamál sjávarútvegsins, bæði rekstrarlán og stofnlán, jafnframt því sem dagleg störf verða í höndum Útvegsbankans, er farið hefur með stjórn Fiskveiðasjóðs til þessa."

Í umræðum um skipulag lánastofnana hefur það sjónarmið oft komið fram, að ekki væri gætt nægilegrar samræmingar í starfsemi þessara stofnana og leiddi til mistaka í lánveitingum til atvinnuveganna. Með breytingu þeirri á lögum Fiskveiðasjóðs, sem kom til framkvæmda árið 1967, var ekki aðeins um það að ræða, að tveir hinna stóru fjárfestingarlánasjóða sjávarútvegsins voru sameinaðir í einn sjóð, svo að fjármagn, sem þeir réðu yfir, mætti nýtast betur til hagsbóta fyrir

sjávarútveginn, heldur var ætlunin að tryggja sem nánasta samvinnu milli Fiskveiðasjóðs og þeirra þriggja banka, Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans, sem fram að þeim tíma höfðu séð um mestöll lánamál sjávarútvegsins, bæði rekstrarlán og stofnlán. Í samræmi við það var stjórn Fiskveiðasjóðs skipuð fulltrúum hinna þriggja banka, fyrst og fremst í því skyni að tryggja sem bezta samræmingu í lánveitingum þeirra lánastofnana, sem sjá sjávarútveginum fyrir stofnlánum og rekstrarlánum. Því til viðbótar er að því mikið hagræði fyrir Fiskveiðasjóð að geta notfært sér athuganir, sem viðskiptabankarnir láta framkvæma á stöðu og rekstri fyrirtækja, áður en til ákvarðana kemur um lánveitingar, en slíkt er nú fastur þáttur í sambandi við undirbúning lánveitinga og er talið ómissandi.

Er óhætt að fullyrða nú eftir þá fjögra ára reynslu, sem fengizt hefur af hinu nýja skipulagi, að margvíslegt hagræði hefur af því hlotizt, ekki sízt fyrir viðskiptamenn sjóðsins.

Vér teljum því öll rök mæla gegn því, að farið verði nú að gera þá breytingu á lögum Fiskveiðasjóðs, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Rétt er að benda á misskilning, sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins um stöðu Fiskveiðasjóðs, þar sem gefið er í skyn, að breyting hafi orðið á henni með lagabreytingunni 1966. Sú eina breyting að þessu leyti, sem gerð var, fólst í skipun stjórnarinnar, sem áður getur, en bæði í lögunum, sem í gildi voru fyrir breytinguna 1966, sem og í núgildandi lögum er staða sjóðsins skilgreind á þann hátt, að hann sé „sjálfstæð stofnun".

Virðingarfyllst,

Jóhannes Nordal. Davíð Ólafsson.

Fylgiskjal II.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 17. febr. 1971.

Sem svar við bréfi hæstvirtrar nefndar frá 27. nóv. s. l., þar sem leitað er umsagnar stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, á þskj. 29, skal yður hér með tjáð, að á fundi stjórnarinnar í gær var gerð svo hljóðandi bókun:

„Stjórnin telur, að brýn nauðsyn sé á því, að sem mest samræmi sé í veitingu stofnlána annars vegar og rekstrarlána hins vegar og að slíkt samræmi sé bezt tryggt með því, að stjórnendur þeirra banka, sem fyrst og fremst veita rekstrarlán til atvinnuveganna, fjalli einnig um veitingu stofnlána. Mikilvægt spor í þessa átt var sú breyting á skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs, sem gerð var með lögum árið 1966, þegar sameinuð voru undir eina stjórn Fiskveiðasjóður Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins með stjórnaraðild þeirra banka, sem að mestu leyti annast lánveitingar til sjávarútvegsins, bæði fiskveiða og fiskiðnaðar. Er það skoðun stjórnarinnar, að með þessum hætti nýtist betur það fjármagn, sem runnið getur til slíkra lánveitinga. Reynsla sú, sem fengizt hefur af þessu fyrirkomulagi, bendir ekki til þess, að hagkvæmt væri nú að rjúfa það samstarf þessara banka, sem núgildandi lög kveða á um, og leggur stjórnin því á móti þeirri breytingu á lögum Fiskveiðasjóðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

f. h. Fiskveiðasjóðs Íslands,

Sverrir Júlíusson. Svavar Ármannsson.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 4. desember 1970.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 27. nóvember s.l., þar sem þér sendið oss til umsagnar frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Á fundi stjórnar L. Í. Ú. í gær var sérstaklega rætt um það efni frv., er fjallar um stjórn Fiskveiðasjóðs, en ekki tekin afstaða til annarra atriða.

Stjórn L. Í. Ú. leyfir sér að leggja til, að stjórn Fiskveiðasjóðs verði skipuð sem hér segir:

Landssamband ísl. útvegsmanna tilnefni tvo menn.

Seðlabanki Íslands tilnefni einn mann.

Útvegsbanki Íslands tilnefni einn mann.

Landsbanki Íslands tilnefni einn mann.

Stjórnin kjósi sér formann. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Hafa ber í huga, að stjórn Fiskveiðasjóðs er jafnframt stjórn Stofnfjársjóðs fiskiskipa, en í hann er greitt af aflaverðmæti fiskiskipa og því fé ráðstafað til greiðslu afborgana og vaxta á stofnlánum fiskiskipa. Með tilliti til þessa starfs stjórnar Fiskveiðasjóðs ætti öllum að vera ljóst, hve nauðsynlegt það er, að útvegsmenn eigi aðild að stjórn sjóðsins.

Stjórn L. Í. Ú. harmar, að stjórn Fiskveiðasjóðs hefur tekið ákvarðanir um mikilvæg málefni sjóðsins, sem síðar hafa valdið mikilli óánægju meðal útvegsmanna, án nokkurs samráðs við hana.

Hinn 7. júlí 1969 ákvað stjórn Fiskveiðasjóðs að setja þau skilyrði fyrir lánveitingum til smíði skipa, þeirra sem stærri eru en 75 rúmlestir, að skipseigendur fái aflvélar í skipin og þau tæki, sem kosta yfir 200 þús. krónur, með 5 ára gjaldfresti. Skilyrði þetta mun einnig gilda um kaup aflvéla í skip, sem stærri eru en 75 rúmlestir, þegar um endurnýjun er að ræða.

Með þessari ákvörðun vísar sjóðurinn lántakendum á fjölmarga innflytjendur, sem verða að útvega lán fyrir hverju einstöku tæki í skipin hjá seljendum þeirra. Lánskjör þau, sem í boði eru hjá seljendum tækjanna, eru mun óhagkvæmari en lánskjör Fiskveiðasjóðs, og er útvegsmönnum ætlað að greiða mun hærri vexti af þessum lánum en áður hafa þekkzt af lánum sjóðsins auk þess að bera fulla gengisáhættu af þessum lánum.

Ákvarðanir um fyrrgreindar grundvallarbreytingar á starfsemi sjóðsins voru teknar án nokkurs samráðs við samtök útvegsmanna og þeim ekki tilkynnt um breytinguna.

Hinn 18. apríl 1967 ákvað stjórn Fiskveiðasjóðs að fella niður gengistryggingarákvæði nýrra lána sjóðsins, er veitt hefðu verið frá 1. janúar 1967. Hinn 29. maí 1968 var samþykkt að taka gengistryggingu upp að nýju á þau lán, sem veitt yrðu eftir þann dag. Þessi ákvörðun hefur valdið mikilli mismunun milli einstakra lántakenda, og eiga útvegsmenn mjög erfitt með að sætta sig við slíka ákvörðun.

Samtökum útvegsmanna var aldrei skýrt frá þessari ákvörðun stjórnar Fiskveiðasjóðs að fella niður gengistryggingu á lánum sjóðsins eða að hún hefði verið tekin upp að nýju.

Vér leyfum oss að minna á, að hliðstæðum sjóði iðnaðarins, Iðnlánasjóði, er

stjórnað að meiri hluta af iðnrekendum, á sama tíma og útvegsmenn eiga enga aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Kristján Ragnarsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Nd. 415. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og fengið um það umsagnir frá hafnamálastjóra og Hafnasambandi sveitarfélaga. Hníga þær umsagnir að því, að sú breyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé nánast óþörf, en að athuguðu máli vill nefndin þó fyrir sitt leyti mæla með samþykkt þess. Telur hún þá breytingu, sem í frv. felst, geta orðið til þess að taka af tvímæli, ef að lögum verður.

Alþingi, 26. febr. 1971.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Eyjólfur Konr. Jónsson, fundaskr.	Guðlaugur Gíslason.
Pétur Sigurðsson.	Jón Skaftason.	Björn Pálsson.
Lúðvík Jósefsson.		

Sþ. 416. Fyrirspurn [226. mál]

til heilbrigðismálaráðherra varðandi tillögur um læknaþjónustu í héruðum o. fl.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var 12. okt. 1970 samkvæmt ályktun Alþingis 22. apríl sama ár til þess að gera tillögur um heilbrigðismál, m. a. með það fyrir augum, að læknar fáist til starfa í þeim héruðum, sem nú eru læknislaus, og átti samkvæmt þingsályktuninni að skila tillögum sínum til úrbóta eigi síðar en 1. marz 1971?

Nd. 417. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frv. og leitað umsagna helztu samtaka, sem hlut eiga að máli. Mæla þau öll með samþykkt frv. Félag bryta benti á nokkur vandkvæði við

námskeið á starfssviði þess, en á þeim má ráða bót með reglugerð. Þá hreyfði það félag hugmynd um að fjölga um tvo í skólanefnd, en hún hlaut ekki undirtektir í nefndinni.

Menntamálanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 1. marz 1971.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Magnús Kjartansson.
Sigurvin Einarsson.	Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslason.
	Birgir Kjaran.	

Ed. 418. Lög [159. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 201.

Nd. 419. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. marz.)

1. gr.

2. málsliður 1. málsgr. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á árunum 1972—1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 milljónir, kr. 10 milljónir hvert ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 420. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 107 1970, um félagsheimili.

Flm.: Daníel Ágústínusson, Gunnar Gíslason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Á eftir 9. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Framkvæmd 3. málsgr. 2. gr. laganna verði frestað í 5 ár (1970—1974), og skal þá öllum tekjum félagsheimilasjóðs á nefndu tímabili varið sem byggingarstyrk til félagsheimila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 57 frá 12. maí 1970 var lögum um félagsheimilasjóð frá 1947 m. a. breytt á þá lund, að 10% af árlegum tekjum sjóðsins skuli renna í svonefndan menningarsjóð félagsheimila.

Að dómi margra þeirra, sem standa að félagsheimilum landsins og gerst þekkja til byggingar þeirra og rekstrar, er lagabreyting þessi talin orka mjög tvímælis. Í fyrsta lagi vegna þess, að haldbezt er sú menningarstarfsemi, sem vex upp í sjálfum félagsheimilunum fyrir atbeina þess fólks, sem þau hefur byggt. Víða er sú starfsemi rekin af miklum myndarbrag, og hefur svo jafnan verið. Á ýmsum öðrum stöðum gengur verr og þá einkum vegna fámennis í viðkomandi byggðarlögum. Er fullkomið vafamál, hvort sérstakar fjárveitingar mundu þarna breyta nokkru. Í öðru lagi er það talið alveg óviðeigandi að taka 10% af tekjum sjóðsins frá byggingarstyrk félagsheimilanna, meðan 70 þeirra eiga eftir að fá 60.7 millj. kr. af lofuðu framlagi.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja það næstu 5 árin, að allar tekjur félagsheimilasjóðs gangi óskiptar til byggingar félagsheimila og umræddu ákvæði í 2. gr. laganna verði frestað þann tíma. Skal því enginn dómur lagður hér á gildi þessa menningarsjóðs fyrir menninguna í landinu, heldur dregin fram augljós rök fyrir því, að ófært er að skerða tekjur félagsheimilasjóðs, meðan skuldir hans eru jafnmiklar við byggð og hálfbyggð félagsheimili víðs vegar um landið og að framan segir.

Þegar farið var að ræða um að nota heimild þá, sem felst í lögum nr. 57 frá 12. maí 1970 um útgáfu skuldabréfa, var gerð áætlun í samráði við hagdeild Seðlabanka Íslands, hvernig unnt væri að greiða skuldir félagsheimilasjóðs við félagsheimili þau, sem hafa verið í byggingu á undanförnum árum, en þau eru alls 70, sem fullnaðaruppgjöri er ekki lokið við, og af þeim eru 42 enn í byggingu.

Skuld þessi reyndist vera 60.7 millj. kr., en þá er reiknað með 40% byggingarstyrk til félagsheimilanna. Áætlun þessi var gerð og síðar samþykkt af menntamálaráðherra, sem fer með stjórn félagsheimilasjóðs. Hún var fólgin í því, að 14.1 millj. kr. skyldi greiðast með 10 ára skuldabréfum, en 46.6 millj. kr. með beinum greiðslum frá sjóðnum.

Með því að áætla tekjur sjóðsins varlega, eins og ætlazt er til í lögum hans, var gert ráð fyrir, að hlutur sjóðsins af innheimtum skemmtanaskatti 1970 yrði 10 millj. kr., en 1971, þegar nettó-skemmtanaskatturinn félli allur til félagsheimilasjóðs, 11.5 millj. kr. Samkvæmt þessu yrðu tekjur sjóðsins í 5 ár (1970—1974) 56 millj. kr. Hins vegar þyrfti hann að greiða þessi ár fyrrnefnda skuld, 46.6 millj. kr., og afborganir og vexti af útgefnum skuldabréfum, sem eru 10.2 millj. kr. þennan tíma, og er þá ekki reiknað með viðbót af útgefnum skuldabréfum. Alls eru þetta 56.8 millj. kr. eða hærri upphæð en áætlaðar tekjur sjóðsins 1970—1974.

Þessu til viðbótar skal á það bent, að gera verður ráð fyrir, að þeim 42 félagsheimilum, sem nú eru í byggingu, ljúki á næstu 4 árum. Er áætlað, að þátttaka félagsheimilasjóðs í þeim byggingarkostnaði muni nema 45—60 millj. kr. Enn fremur skal á það bent, að þegar er vitað um 13 aðila, sem eru lengra eða skemmra á veg komnir með undirbúning að byggingu félagsheimila, sem öll mega teljast eðlileg og sjálfsögð, enda vantar enn mikið á, að byggingu félagsheimila sé lokið í öllum byggðum landsins.

Verkefni félagsheimilasjóðs eru því mikil á næstu árum. Þau eru fólgin í því — samkv. framansögðu — að greiða mikinn skuldahala frá liðnum árum, ljúka byggingu 42 félagsheimila og styðja nýbyggingar, sem nú eru í undirbúningi. Meðan svo hagar til, teljum við flutningsmenn þessa frumvarps með öllu óeðlilegt að dreifa hinum takmörkuðu tekjum félagsheimilasjóðs af skemmtanaskattinum í önnur verkefni, sem eru ekki jafnaðkallandi og orka tvímælis, hvort koma að því gagni, sem ætlazt er til.

Það skal að lokum tekið fram, að frumvarp þetta er flutt í samráði við Íþróttanefnd ríkisins og fræðslumálastjóra, en þessir aðilar hafa frá upphafi — samkvæmt 3. gr. laga um félagsheimili frá 1947 — borið hitann og þungann af framkvæmd þeirra. Þessi lagabreyting frá 12. maí 1970 var aldrei borin undir Íþróttanefnd ríkisins né fræðslumálastjóra. Nefndir aðilar telja hana ekki tímabæra.

Nd. 421. Þingsályktun [50. mál]

um hitun húsa með raforku.

(Afgreidd frá Nd. 1. marz.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir aukinni notkun raforku til húsahitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa. Gera skal sem fyrst áætlun, þar sem stefnt verði að því, að innlendar orkulindir verði aðalhitagjafi landsmanna.

Nd. 422. Þingsályktun [107. mál]

um eftirlit með dráttarvélum og ráðstafanir til aukins öryggis við notkun þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 1. marz.)

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að auknu eftirliti með öryggisbúnaði dráttarvéla og annarra vinnuvéla, annaðhvort með undirbúningi löggjafar eða setningu reglugerðar á grundvelli núgildandi umferðarlaga, svo og að setja reglur, sem miða að auknu öryggi stjórnenda slíkra tækja. Verði þá kannað, hvort eigi þyki rétt að gera auknar kröfur til þekkingar og þjálfunar þeirra, er við slíkar vélar starfa.

Ed. 423. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 40 30. apríl 1963, sbr. lög nr. 83 1967.

Flm.: Einar Ágústsson.

1. gr.

Aftan við staflið h í 49. gr. laganna (7. gr. laga nr. 83 1967) kemur nýr stafliður, þannig:

i. Tannlækningar að ¾ hlutum, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð.

Orðin „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“ í síðustu málsgrein sömu greinar falla niður.

2. gr.

1. málsliður 51. gr. laganna orðist svo:

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, tannlækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 49. greinar.

Fyrsti málsliður 2. málsgr. sömu greinar orðast þannig:

Náist ekki samkomulag við lækna eða tannlækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin.

Í stað orðanna „samkvæmt 49. gr. a og b“ á tveim stöðum síðar í 51. gr. (sbr. 8. gr. laga nr. 83 1967) kemur: samkvæmt 49. gr. a, b og i.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu flutti Alfreð Gíslason læknir nokkrum sinnum, meðan hann átti sæti á Alþingi, síðast árið 1966, en það náði þá eigi fram að ganga.

Vegna framkomins áhuga á málinu, sem meðal annars kom glöggt í ljós á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur nú fyrir skemmstu, vill flutningsmaður freista þess að taka málið upp á Alþingi nú, enda er hér um hagsmuna- og réttlætismál alls almennings að tefla.

Furðu gegnir, að tannsjúkdómar skuli einir undanskildir ákvæðum sjúkrasamlaga. Fyrir 25 árum var þó skilningur fyrir hendi á því, að ávinningur væri að því að halda tönnum manna heilbrigðum svo sem öðrum pörtum líkamans. Í lögum um almannatryggingar frá árinu 1946 segir, að hlutverk lækningastöðva sé að veita, hver í sínu umdæmi, almenna og sérfræðilega læknishjálp sjúklingum utan sjúkrahúsa, þar með taldar tannlækningar, og ákveðið, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs, og þessi læknishjálp skuli ekki veitt umfram beina heilsufarslega nauðsyn.

Þessi ákvæði laganna frá 1946 komu aldrei til framkvæmda, og í gildandi lögum eru einungis heimildarákvæði til handa stjórnum sjúkrasamlaga til að taka upp greiðslur fyrir tannlækningar, enda komi til staðfesting ráðherra að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins.

Ekki munu stjórnir hinna einstöku sjúkrasamlaga mikið hafa gert að því að samþykkja greiðslur fyrir tannlækningar, en þó finnast dæmi þess. Hvergi eru þó slíkar reglur í gildi nú.

Um nauðsyn lagabreytingarinnar og nánara fyrirkomulag skal vísað til greinargerðar Alfreðs Gíslasonar læknis með áður umgetnu frumvarpi, en þar segir svo:

„Fyrir 20 árum bentu tveir tryggingafróðir menn, þeir Jón Blöndal og Jóhann Sæmundsson, á nauðsyn þess, að tryggingarnar sæju hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálp. Þetta er enn ekki orðið að veruleika hér, og er þó nauðsynin ekki minni en fyrir 20 árum og raunar hverjum manni auðsærri nú. Ástæðan til þessa seinlætis er að öllum líkindum fjárhagslegs eðlis eingöngu, og ef svo er, þá er afsökunin harla léttvæg, því að sannarlega verður heilsan aldrei virt til fjár.

Það er alkunna, að efnahagur ræður nokkuð um, hve fljótt menn leita tannlæknis. Fátækt fólk gengur lengur með tannskemmdir, án þess að leita læknis, en þeir, sem eru betur efnum búnir. Slíkt er ekki í anda almannatrygginga, og ber að leiðrétta það með viðeigandi ákvæðum í sjúkralöggjöf.

Samkvæmt frumvarpinu skulu sjúkrasamlög sjá hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálp að ¾ kostnaðar. Undanskildar eru þó vissar aðgerðir, sem ekki teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli og fegrunaraðgerðir. Greiðslutaxti skal ákveðinn með samningum við stéttarsamtök tannlækna, og takist samningar ekki, skal með mál farið á sama hátt og um lækna væri að ræða. Rétt þykir, að Tryggingastofnuninni og sjúkrasamlögunum gefist tóm til undirbúnings þeirrar breytingar, sem af samþykkt frumvarpsins leiðir. Og því er ákveðinn nokkuð langur frestur, þar til lögin taka gildi“.

Sþ. **424. Nefndarálit** [51. mál]

um till. til þál. um jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft þáltill. þessa til athugunar og sent ýmsum aðilum til umsagnar. Hefur nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu þáltill.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að Alþingi samþykki tillöguna, en vekja jafnframt athygli þeirra, sem framkvæmdu rannsókn þá, er tillagan greinir, á umsögnum þeim, er birtar eru hér með sem fylgiskjöl.

Alþingi, 25. febr. 1971.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson. Jónas Árnason.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fylgiskjal I.

KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 21.1 '71.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur sent Kvenfélagasambandi Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar nr. 51, um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi.

Stjórn K. Í. telur æskilegt, að tillaga þessi verði samþykkt og sú rannsókn, sem hún fjallar um, verði látin fram fara hið bráðasta. En í því sambandi vill K. Í. benda á eitt rannsóknarefni til viðbótar þeim, sem nefnd eru í greinargerðinni, sem þingsályktunartillögunni fylgir.

Í hagskýrslum hérlendis eru hvergi metin til fjár þau störf, sem húsfreyjur inna af höndum með því að veita heimilum forstöðu og sinna þeim margvíslegu verkefnum, er falla innan þeirra verkahrings. Vitað er til dæmis, hver fjárútgjöld fylgja því að búa barni vist á dagstofnun eða vistheimili, hvaða fjármuni þarf til að byggja og reka stofnanir fyrir aldrað fólk og langlegusjúklinga, en umönnun barna, gamalmenna og langlegusjúklinga er meðal þeirra starfa, sem fjölmargar húsfreyjur leysa af hendi á heimilum sínum, auk almennra heimilisstarfa.

Sem dæmi um það, hver liður störf húsmæðra geta reynzt tölulega í þjóðartekjum, má benda á, að í Noregi voru þessi störf tekin með í hagskýrslu árið 1947 og var þá verðgildi þeirra talið samsvara 14 hundraðshlutum þjóðarteknanna.

Full ástæða virðist til þess að meta hin ólaunuðu störf húsmæðranna til fjár, m. a. til að tryggja þessari fjölmennu stétt óhrekjanlega tilkall til ýmissa hlunninda til jafns við aðrar atvinnustéttir, svo sem til bóta frá almannatryggingum og til orlofsfjár. Má það vissulega teljast einn þáttur þess að mismuna þegnum þjóðfélagsins, að starfa þessarar fjölmennu stéttar sé að engu getið í þeim tölum, sem sýna eiga framlag atvinnustéttanna til fjármunamyndunar þjóðarbúsins.

Virðingarfyllst,

f. h. KVENFÉLAGASAMBANDS ÍSLANDS

Helga Magnúsdóttir.

Fylgiskjal II.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 19.1. 1971.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 12. janúar 1971 var samþykkt eftirfarandi bókun:

„Fram lagt erindi, dags. 10. des. 1970, frá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, þar sem óskað er umsagnar Stéttarsambands bænda um tillögu til þingsályktunar (51. mál) um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi.

Stjórn Stéttarsambandsins tekur ekki sérstaka afstöðu til tillögunnar, en mælir með því, ef tillagan yrði samþykkt á Alþingi, þá verði rannsökuð aðstaða sveitafólks til þeirra þátta, sem tillagan nær til, en auk þess verði athuguð aðstaða þess til félagslegra þæginda, s. s. samgangna og rafmagns".

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Stéttarsambands bænda,

Sæmundur Friðriksson. Árni Jónasson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Sþ. 425. Nefndarálit [68. mál]

um till. til þál. um iðnþróunaráætlun fyrir næsta áratug.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Þar sem þegar er á vegum iðnaðarráðuneytisins starfandi nefnd, sem ætluð eru lík eða sömu viðfangsefni og þáltill. lýtur að, leggja undirritaðir til, að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 25. febr. 1971.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.

Ásm. B. Olsen.

Nd. 426. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 1967.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Efni þessa frv. er að bæta við raforkulögin ákvæði til bráðabirgða, þar sem lagt er fyrir Orkustofnun, ef frv. verður að lögum, að gera lokaáætlun um rafvæðingu landsins með það fyrir augum, að rafvæðingunni, sem hófst árið 1954, verði lokið eigi síðar en fyrir árslok 1973. Jafnframt er lagt fyrir ráðherra að undirbúa tillögur

um fjáröflun til að ljúka áætluninni fyrir árslok 1973 og leggja þær tillögur fyrir Alþingi. Lagt er fyrir Orkustofnun að ljúka áætluninni eigi síðar en 3 mánuðum eftir gildistöku laganna. Yrði frv. að lögum í marz eða apríl, ætti áætlunargerð því að verða lokið í júlí eða ágúst á næsta sumri og tillögur ráðherra um fjáröflun að geta komið til meðferðar á Alþingi í haust. Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem Orkustofnun hefur þegar aflað, ætti að vera hægt að ljúka sjálfri áætlunargerðinni á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, þ. e. a. s. á 3 mánuðum.

Frv. þessu var útbýtt á Alþingi 15. okt., en afgreiðsla málsins hefur því miður dregizt helzt til lengi. Vera má, að flutningur frv. hafi haft þau áhrif, að gerð áætlunar sé þegar hafin, en minni hl. telur sjálfsagt, að Alþingi birti nú ótvíræðan vilja sinn og ákvörðun í þessu máli. Hjá þeim, sem enn eru rafmagnslausir eða búa við dísilstöðvar, sem víða eru að þrotum komnar, er biðin orðin löng og mál, að þeirri óvissu linni, sem ríkt hefur um framtíðina á þessu sviði.

Minni hl. n. leggur því til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 32.

Alþingi, 26. febr. 1971.

Gísli Guðmundsson, frsm. Eðvarð Sigurðsson. Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. 427. Nefndarálit [68. mál]

um iðnþróunaráætlun fyrir næsta áratug.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Efni tillögunnar er að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um iðnþróun í landinu fram til ársins 1980, að því ári meðtöldu, sbr. fyrirsögn tillögunnar, en henni var útbýtt á Alþingi 28. okt. 1970. Í till. segir m. a., að fram skuli fara „sérfræðileg, kerfisbundin könnun á því, hvaða iðngreinar hafi beztan starfsgrundvöll og henti bezt aðstæðum í landinu yfirleitt og einstökum landshlutum sérstaklega“. Tekið er fram, að draga skuli saman „niðurstöður þeirra athugana á möguleikum til orkufreks iðnaðar“, sem fram hafi farið á vegum stjórnarvalda. Einnig segir í till., að meta skuli „þær aðgerðir af hálfu löggjafans og stjórnvalda, sem til greina koma til að efla iðnþróun og stýra henni í þær stefnur, sem hagkvæmastar teljast samkvæmt því mati, sem í áætluninni felst“. Hér yrði því um að ræða stefnumarkandi áætlun, en ekki líkindaáætlun eina.

Samkvæmt útreikningum og áætlunum hagfræðinga um mannfjöldaþróun á áratugnum 1971—80 lítur út fyrir, að vinnandi fólki í landinu fjölgi um 18 þús. á þessum 10 árum. Hitt er svo jafnframt rétt, sem í greinargerðinni stendur, að vaxandi tækni og framleiðni á þessum tíma getur leitt til þess, að atvinna minnki, þó að verkefni og framleiðsla haldist óbreytt. Líklegt er, að iðnaðurinn, og er þá matvælaiðnaður meðtalinn, verði að skapa atvinnu fyrir nokkuð mikinn hluta af því vinnandi fólki, sem við bætist á áratugnum, sem nú er að byrja. Með áætlunargerð þarf að gera sér grein fyrir því, hvernig slíkt megi verða og hvernig þjóðfélagið geti rækt forustuhlutverk sitt á þessu sviði. Gera þarf ráð fyrir hæfilegri verkaskiptingu milli landshluta og staða.

Hinn 9. des. s. l. sendi nefndin tillöguna nokkrum aðilum til umsagnar. Svör hafa borizt frá Félagi ísl. iðnrekenda, Seðlabankanum og Efnahagsstofnuninni. Allir virðast þessir aðilar hlynntir áætlunargerð, en Seðlabankinn telur rétt að byrja á 5 ára áætlun, og Félag ísl. iðnrekenda telur, að málið sé í athugun á vegum ríkisstjórnarinnar.

Minni hl. telur nauðsynlegt, að Alþingi láti í ljós vilja sinn í þessu máli, og mælir með því, að stefnan við áætlunargerðina verði í meginatriðum mörkuð á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í till. Minni hl. leggur því til, að tillagan verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 70.

Alþingi, 26. febr. 1971.

Gísli Guðmundsson, frsm. *Jónas Árnason.* *Vilhjálmur Hjálmarsson.*

Nd. 428. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Enn fremur er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið, og til hvers sem það er ætlað, svo og eldspýtur. Vindlinga og tóbak og efni til vindlingagerðar skal þó ekki flytja til landsins.

2. gr.

Síðari málsliður 3. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Síðari málsgr. 7. gr. laganna falli brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggja nú nokkur þingmál, sem flutt eru í þeim tilgangi að draga úr sígarettureykingum þjóðarinnar og vara við þeim hættum, sem þeim eru samfara. Má þar nefna tillögu til þingsályktunar um varnir gegn sígarettureykingum á þskj. 83, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf á þskj. 116 og einnig á þskj. 235. Allur þessi tillöguflutningur sýnir þann ótta, sem með mörgum býr um afleiðingar hinna ört vaxandi sígarettureykinga á heilsufar þjóðarinnar, verði ekkert að gert. Hann er jafnframt sýnilegur árangur af baráttu nokkurra lækna, sem hafa verið ómyrkir í máli sínu og óþreytandi að skýra þjóðinni í ræðum og ritgerðum frá vísindalegum staðreyndum, sem fram hafa komið í Evrópu og Ameríku síðustu árin, — staðreyndum, sem eru svo vel rökstuddar, að engum dettur lengur í hug að bera brigður á réttmæti þeirra. Það, sem fyrir nokkrum árum var talin skoðun nokkurra sérvitringa, hefur nú verið rökstutt af hinum færustu sérfræðingum og vísindamönnum, og leynir sér ekki, að almenningsálitið hefur tekið stórkostlegum breytingum á stuttum tíma gagnvart hinu geigvænlega vandamáli, sem sígarettureykingarnar eru fyrir unga og aldna. Ágætur málflutningur læknanna á s. l. ári hefur orðið til þess að vekja marga til umhugsunar um skaðsemi sígarettureykinganna og áreiðanlega haft þau áhrif, í bili a. m. k., að ýmsir hafa tekið þann kostinn að hætta reykingum. Samtök hafa myndazt á vinnustöðum gegn reykingum. Þetta eru mjög góðar fréttir, sem vonandi halda áfram að birtast þjóðinni og efla almenningsálitið gegn hættunni, sem við er að glíma. Hér er stigið merkilegt spor í rétta átt.

Hins vegar ætti öllum að vera ljóst, að þetta leysir ekki vandann nema að nokkru leyti. Margir hætta reykingum um tíma og byrja svo aftur. Þeir óttast áróðurinn fyrst um hættuna, en skortir svo viljastyrk og úthald, enda óþægilegt, þegar vinir og kunningjar bjóða sígarettu sí og æ og þær fást í næstu verzlun. Hér þarf áreiðanlega róttækari aðgerðir, ef voðanum á að vera bægt frá þjóðinni. Og þegar um er að ræða líf og heilsu fjölda manna á hverju ári, eru engin úrræði of dýru verði keypt eða of róttæk.

Ég tel, að hér þurfi að stíga skrefið til fulls, banna með öllu innflutning og sölu á sígarettum til landsins eftir 1. jan. 1972. Það er sú eina ráðstöfun, sem að gagni kemur, og sá bezti stuðningur, sem hægt er að veita þeim, sem skortir viljastyrk til að hafna sígarettureykingum með öllu. Þetta er raunverulega eitt stærsta slysavarnarmál þjóðarinnar. Þótt sígaretturnar hverfi, virðist eftir sem áður nægilegt tóbak á markaðinum, sem minni hætta stafar af. Þeir, sem endilega vilja fórna tóbakinu fjármunum sínum og heilsu, eiga þrátt fyrir þetta margra kosta völ.

Margir læknar hafa hætt að reykja hin síðustu árin. Það hefur komið fram í viðtölum við þá, að viðburður sé, að reykingar sjáist á fundum þeirra. Þeir læknar, sem einna mest hafa lagt hér af mörkum, eru: Bjarni Bjarnason læknir og ritstjóri, Hrafnkell Helgason yfirlæknir, Ólafur Ólafsson læknir og Sigurður Samúelsson prófessor. Þeir eru ekki í neinum vafa um það, að sígarettureykingar eru mikill áhrifavaldur að lungnakrabba og öðrum hættulegum lungnasjúkdómum, kransæðasjúkdómum og lífsháski börnum og unglingum. Þeir fullyrða, að sígarettureykingar séu eitt stærsta heilsuvandamál þjóðarinnar nú og aðeins sambærilegt við það, er berklarnir voru í algleymingi.

Er hægt að loka augunum fyrir þessum háska, sem stórum hluta þjóðarinnar er búinn? Er hægt að horfa á það aðgerðarlaust árum saman, að hópur manna tapi heilsu sinni og lífi árlega af þessum orsökum? Er hægt að láta það afskiptalaust, að börn og unglingar glati framtíð sinni og lífshamingju með því að gerast þrælar þessarar eiturnautnar?

Vafalaust eru allir sammála um, að þetta má ekki ske og eitthvað verði að gera. Fræðsla um hættuna er sjálfsögð og hvers konar viðvaranir. Það er þó vitað mál, að takmarkaður hópur reykingarmanna tekur allt slíkt til greina. Sumir aðeins fyrst og skella svo skolleyrunum við. Ástríðan í sígaretturnar, sem hvarvetna er að fá, verður yfirsterkari. Einfaldasta og öruggasta ráðið er því að taka hættuna frá þeim, sem haldnir er ástríðunni, og alveg sérstaklega, ef með því mætti takast að forða börnum og unglingum — von framtíðarinnar — frá þeim háska, sem reykingum er samfara. Það er kannske mest um vert.

Vafalaust koma hinar venjulegu mótbárur fram gegn frumvarpi þessu, að öll bönn séu hættuleg. Auðvelt sé að smygla sígarettum. Framkvæmdin verði erfið. Ekki skal gert lítið úr því, að við mörg vandamál geti hér verið að glíma, einkum fyrstu árin. Hins vegar er aðstaða Íslendinga í þessum efnum nokkuð sérstæð miðað við aðrar þjóðir. Íslendingar framleiða ekki sígarettur sjálfir. Samgöngur við landið eru aðeins á sjó og í lofti. Fjölmennt og vaxandi tollgæzlulið er til í landinu. Það hefur nú hafið baráttu gegn „hassinu“ og öðrum eiturefnum, sem bannaður er innflutningur á. Kemur nokkrum til hugar að leyfa sölu á slíkum eiturefnum, þótt tilraunir séu gerðar til að smygla þeim inn í landið? Vonandi ekki. Sama hugarfarið mun með tímanum myndast gegn sígarettum, þegar þjóðin hefur enn betur sannfærzt um það tjón, er þær valda.

Margar þvingunarráðstafanir eru gerðar af Alþingi í þeim tilgangi að tryggja hagsæld þjóðarinnar. Fyrir 14 árum voru sett lög um skyldusparnað unglinga. Þá töldu ýmsir, að hér væri um að ræða óþarfa íhlutun um einkamál manna, og margir unglingar urðu æfir við. Nú telja flestir þetta einhverja viturlegustu og beztu löggjöf síðari ára og dettur engum í hug að afnema hana. Þvert á móti var skyldusparnaðurinn færður í aukana fyrir nokkrum árum, og voru allir um það sammála hér á Alþingi.

Ýmsir héraðsskólar í landinu leggja algert bann við reykingum nemenda, og varðar brot á þeim reglum burtrekstri. Það er viðurkennt, að skólabragurinn sé beztur og námsárangurinn mestur í þeim skólum, þar sem þessar reglur eru í hávegum hafðar.

Þannig mætti halda lengi áfram að rekja dæmi um það, að margvísleg boð og bönn eru nauðsynleg og forsenda að heilbrigðu menningarlífi. Hins vegar þarf almenningur að skilja þörfina fyrir öllum bönnum, svo að gagnvart þeim skapist jákvætt viðhorf. Eftir vitnisburð lækna og margra vísindamanna um hina miklu hættu af sígarettureykingum mun þess ekki langt að bíða, ef það er ekki nú þegar fyrir hendi, að þjóðin telji aðflutningsbann eðlilegt og ætlist til þess af Alþingi, að það stígi það spor vafningalaust. Hér er stórmál á ferðinni, sem varðar líf og heilsu svo margra. Alþingi hefur látið sig varða það, sem minna máli skiptir.

Orðið mengun hefur oft verið notað í ræðum og greinum að undanförnu. Gætir þar stundum allmikilla öfga í landi hinnar óstöðugu veðráttu í miðju Atlantshafi. En ein er sú mengun lofts, er færri tala um, en það eru hinar stöðugu sígarettureykingar, hvar sem er og hvenær sem er. Á heimilum, í áætlunarbifreiðum, í fundarherbergjum, á skemmtistöðum og skrifstofum. Alls staðar leyfa menn sér að eitra hið ferska og tæra andrúmsloft með reykingum, rétt eins og það komi engum við nema reykingamönnunum sjálfum. Og svo langt getur smekkleysið og tillitsleysið gengið, að sjónvarpið lætur það viðgangast, að menn púi sígarettureyk og öðrum reyk á skerminn. Slíkt ætti stofnunin að banna, svo sjálfsagt sem það er.

Bjarni Bjarnason læknir — ritstjóri hins merka tímarits Krabbameinsfélags Íslands: **Fréttabréf um heilbrigðismál,** — er einn af hinum óþreytandi læknum undanfarin ár að vara við sígarettureykingum. Hefur hann skrifað og þýtt fjölda greina um þau efni, auk margra erinda. Í 4. tbl. Fréttabréfsins 1970 er svofelld grein, er nefnist: **Er ósæmilegt að reykja í viðurvist annarra?**

„Einu sinni þótti það gott og gilt, að menn hræktu í allar áttir, á gólfin heima hjá sér og öðrum og hvar sem þeir voru staddir. Loks kom að því, að þetta þótti ekki lengur hafandi. Forustumenn heilbrigðismálanna fordæmdu þessar aðfarir og bentu á þá miklu sýkingarhættu, sem væri því samfara, auk sóðaskaparins. Almenningsálitið snerist smátt og smátt á sveif með þessum mönnum. Hrákadallar komu til sögunnar, og nú urðu allir að nota þá. Sú skoðun varð seinna ríkjandi, að þeir væru ófögnuður, sem ætti að hverfa, og almenningsálitið snerist einnig gegn þeim. Þar með voru þeir úr sögunni. Almenningsálitið er voldugt afl, sem erfitt er að standa gegn, en það er breytilegt eftir tímunum, sem lifað er á. Nú er kominn tími til, að það breytist gagnvart reykingum, og að því þarf að stefna. Reykingamenn anda ekki reyknum frá sér inn í neina geyma, heldur púa þeir honum framan í allt og alla. Fólk þyrfti að geta fallizt á, að það sé ósæmilegt að reykja, þar sem annað fólk er viðstatt og sérstaklega í viðurvist ókunnugra. Það ætti vitanlega enginn að leyfa sér að eyðileggja andrúmsloftið fyrir öðrum. Það samræmist tæpast góðum þjóðarvenjum. Og þegar nú hefur sannazt, að dvöl fólks í reykfylltum vistarverum, þó að það reyki ekki sjálft, veldur oft alvarlegum sjúkdómum, sem fara jafnan versnandi hjá þeim, sem þeir einu sinni hafa náð tökum á, er engum blöðum um það að fletta, að slíkt má ekki viðgangast. Það er nógu langt gengið, að fólk eyðileggi sína eigin heilsu, vitandi vits og af fullum ásetningi, þó að því leyfist ekki einnig að fara eins með annað fólk, sem ekkert hefur til saka unnið. Almenningsálitið er aflið, sem getur hindrað þetta. Sú stund hlýtur að nálgast, að það komi til liðs við þann málstað, sem berst fyrir að firra fólk þeim ógnum, sem af sígarettureykingum stafa. Spjöld, sem stendur á: „Bannað að hrækja á gólfið“ eru úr sögunni. Þau eru ekki lengur nauðsynleg. Spjöld með áletruninni: „Reykingar bannaðar“ munu einnig hverfa, vegna þess að almenningsálitið hlýtur að koma til hjálpar, svo að þeirra gerist ekki heldur þörf.“

Hér að framan hefur aðeins verið rætt um heilsufarslegu hlið málsins, sem alvarlegust er og flestir ættu að óttast. En mál þetta hefur fleiri hliðar, sem allar benda í sömu átt. Þetta er gífurlegt fjárhagsspursmál fyrir marga. Sá, sem reykir pakkann á dag, eyðir í það 20—25 þús. kr. á ári a. m. k., og mun það ekki óalgengt. Sé um hjón að ræða, sem þannig stendur á fyrir, er hér skattur á ári að upphæð 40—50 þús. kr. Skyldi ekki vera betra að verja þessari upphæð á annan veg og losna við það andrúmsloft, sem myndast á slíkum heimilum og er a. m. k. ekki æskilegt fyrir börn að alast upp í?

Því er hér ekki síður mikið í húfi fyrir þjóðfélagið fjárhagslega séð. Baráttan við þá alvarlegu sjúkdóma, sem sígarettureykingarnar valda að dómi læknanna, er dýr. Heilbrigðisþjónustan, sjúkrahús, lyf og læknishjálp, kostar ríki og sveitarfélög háar fjárhæðir. Tjón vegna tapaðra vinnustunda, skertrar starfsorku og styttri starfsævi er þó enn þyngri fórn fyrir samfélagið.

Margar fleiri röksemdir mætti draga hér fram, sem styðja þá skoðun flutningsmanns, að ekki megi dragast lengur að taka mál þetta föstum tökum og gera þá einu ráðstöfun, sem veldur tímamótum í þessum málum og bægir hættunni frá, svo að um munar — hættu, sem flestir viðurkenna nú orðið. Ég vænti því, að máli þessu verði vel tekið, bæði af háttvirtu Alþingi og ekki síður af þjóðinni, sem svo mjög á undir því, að hér sé skörulega á málum haldið og tekizt á við vandann af fullri alvöru.

Ed. 429. Frumvarp til laga [230. mál]

um Iðnþróunarstofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Iðnþróunarstofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Markmið Iðnþróunarstofnunar Íslands er að efla íslenzkan iðnað og iðnþróun. Verkefni Iðnþróunarstofnunar Íslands eru m. a. eftirfarandi:

1. Að vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem iðnað varða.
2. Að efla samvinnu stofnana og félagssamtaka, sem að iðnaðarmálum vinna.
3. Að stuðla að rannsóknum í iðnaði til aukinnar framleiðni.
4. Að stuðla að eflingu nýrra iðngreina og fjölþættara atvinnulífi til atvinnuöryggis, þar á meðal stóriðju á grundvelli hagnýtingar orkulinda landsins.
5. Að kynna nýjungar í iðnaði og annast ráðgjafastarfsemi og leiðbeiningaþjónustu, t. d. með rekstri bóka- og kvikmyndasafns og útgáfu fræðslurita og tímarits og leiðbeininga- og kynningastarfsemi fyrir hönnun iðnvarnings.
6. Að annast námskeiða- og fyrirlestrahald um tæknileg og rekstrarfræðileg efni og stuðla að endurbótum á fræðslustarfsemi í þágu iðnaðarins í samvinnu við starfandi menntastofnanir og aðra, sem vinna að slíkum málum.
7. Að sjá um skipulagningu, stjórn og framkvæmd stöðlunarmála.
8. Að vinna að öðrum iðnþróunarmálum eftir því, sem Iðnþróunarráð ákveður hverju sinni.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar nefnist Iðnþróunarráð og er skipuð af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, en hann er jafnframt formaður ráðsins.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann í Iðnþróunarráð:

Alþýðusamband Íslands,
Efnahagsstofnunin,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,
Framkvæmdasjóður Íslands,
Háskóli Íslands,
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík,
Iðnaðarráðuneyti,
Iðnlánasjóður,
Iðnþróunarsjóður,
Landssamband iðnaðarmanna,
Landsvirkjun,
Orkustofnun,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
Rannsóknastofnun iðnaðarins,
Samband íslenzkra samvinnufélaga,
Seðlabanki Íslands,
Samband iðnskóla á Íslandi,
Tækniskóli Íslands,
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,
Verzlunarráð Íslands,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar úr hópi Iðnþróunarráðsmanna fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára, sem annast í umboði ráðsins meðferð þeirra mála, sem stofnunin vinnur að á hverjum tíma. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti. Ef stjórnarmaður forfallast, skipar ráðherra annan í hans stað. Ráðherra ákveður laun framkvæmdastjórnar.

Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra Iðnþróunarstofnunar Íslands að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Iðnþróunarráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín.

6. gr.

Rekstursкostnaður Iðnþróunarstofnunar Íslands greiðist úr ríkissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 4 frá 1. marz 1962 um Iðnaðarmálastofnun Íslands, enda tekur Iðnþróunarstofnun Íslands við starfsemi, eignum og skuldbindingum Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dagsettu 15. janúar 1971, skipaði iðnaðarráðherra þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp að nýrri löggjöf um Iðnaðarmálastofnun Íslands og fella inn í hana ákvæði um Iðnþróunarráð, sem jafnframt yrði stjórn stofnunarinnar. Í nefndina voru skipaðir:

Bragi Hannesson, bankastjóri, formaður,
Pétur Pétursson, forstjóri Álafoss h.f., og
Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri IMSÍ.

Nefndin byggði starf sitt á gögnum, sem fyrir lágu hjá iðnaðarráðuneyti og Iðnaðarmálastofnun Íslands og umræðum, er átt höfðu sér stað í Iðnþróunarráði um framtíðarskipan Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Fullt samkomulag varð í nefndinni um markmið stofnunarinnar og skipulag.

Eins og fram kemur hér á undan er til þess ætlazt, að Iðnþróunarráð verði stjórn stofnunarinnar. Iðnþróunarráð var skipað af iðnaðarráðherra í janúar 1967, en hann er jafnframt formaður þess. Eftirtaldir aðilar tilnefndu mann í ráðið:

Efnahagsstofnunin,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Framkvæmdasjóður Íslands,
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík,
Iðnaðarmálastofnun Íslands,
Iðnlánasjóður,
Landssamband iðnaðarmanna,
Samband íslenzkra samvinnufélaga,
Seðlabanki Íslands.

Iðnþróunarráð tók við af stóriðjunefnd, en jafnframt var markmið þess gert víðtækara, þar sem það var iðnaðarráðherra til ráðuneytis um iðnþróunarmálefni og stefnumótun í iðnaðarmálum.

Fyrirliggjandi eru mikil verkefni á sviði iðnþróunarmála hér á landi á næstu árum. Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNIDO) hefur heitið tæknilegri aðstoð í þessum efnum og hefur iðnaðarráðherra ákveðið, að Iðnaðarmálastofnun Íslands annist framkvæmd þessara mála í samvinnu við ráðuneytið. Er því auðséð, að starfsemi stofnunarinnar hlýtur að mótast af þessum verkefnum á næstunni, jafnframt því sem Iðnþróunarráð hlýtur um þau að fjalla. Þetta er ein af ástæðum þess, að rétt er talið, að Iðnþróunarráð sé gert að stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands, en jafnframt sé nafni stofnunarinnar breytt í Iðnþróunarstofnun Íslands. Við þessa breytingu er nauðsynlegt, að í Iðnþróunarráð komi fulltrúar ýmissa stofnana og félagssamtaka, sem hafa tvímælalaust áhrif á þróun iðnaðar í landinu. Áður eru taldir þeir aðilar, sem tilnefndu fulltrúa í Iðnþróunarráð. Lagt er til, að auk þeirra tilnefni eftirtalin félagssamtök og stofnanir menn í ráðið:

Alþýðusamband Íslands,
Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,
Háskóli Íslands,
Iðnaðarráðuneyti,
Iðnþróunarsjóður,
Landsvirkjun,
Orkustofnun,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
Rannsóknastofnun iðnaðarins,
Samband iðnskóla á Íslandi,
Tækniskóli Íslands,
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,
Verzlunarráð Íslands,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Með þessari skipan Iðnþróunarráðs, þar sem fulltrúar eru frá félagssamtökum, fjárfestingalánasjóðum, rannsóknar-, fræðslu-, útflutnings-, orku- og efnahagsstofnunum, ásamt iðnaðarráðuneyti og iðnaðarráðherra, sem yrði formaður ráðsins, þá er ótvírætt kominn áhrifamikill aðili, bæði til mótunar stefnu í iðnaðarmálum og framkvæmdar hennar.

Þar sem Iðnþróunarráð yrði skipað 23 ráðsmönnum þykir nauðsynlegt, að ráðherra skipi Iðnþróunarstofnuninni fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára í senn, sem annist meðferð þeirra mála, er stofnunin vinnur að á hverjum tíma, ásamt framkvæmdastjóra hennar.

Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur unnið mikið og gott starf fyrir hinn unga og ört vaxandi iðnað landsmanna. Nægir þar að benda á námskeið til menntunar hagræðingarmanna og verkstjóra, stöðlunarstarfsemi, rekstur tæknilegs filmu- og bókasafns og milligöngu um komu tæknimenntaðra manna til landsins til athugunar á ákveðnum iðnaðarmálum. Ef frumvarp þetta verður að lögum, mun starfsgrundvöllur Iðnaðarmálastofnunarinnar, sem þá nefnist Iðnþróunarstofnun Íslands, verða treystur og gerður áhrifaríkari til eflingar iðnaði og iðnþróun á Íslandi.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nafn stofnunarinnar verði Iðnþróunarstofnun Íslands.

Um 2. gr.

Höfuðmarkmið Iðnþróunarstofnunar Íslands er að efla íslenzkan iðnað og iðnþróun. Að þessu vinnur stofnunin á eftirfarandi hátt:

a) Með því að vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem iðnað varða. Með þessu er verið að treysta samvinnu löggjafar- og framkvæmdavalds við stofnunina.
b) Með því að efla samvinnu stofnana og félagssamtaka, sem að iðnaðarmálum vinna. Undir þetta fellur m. a. gagnkvæm upplýsingamiðlun innan Iðnþróunarráðs, þar sem hinar ýmsu stofnanir og félagssamtök greina frá starfsemi sinni.
c) Með því að stuðla að rannsóknum í iðnaði til aukinnar framleiðni og eflingar nýrra atvinnugreina á sviði iðnaðar. Þarna er fram haldið starfsemi Iðnaðarmálastofnunar í framleiðnimálum til hagsbótar núverandi iðnaði, jafnframt því sem athuganir verði gerðar á nýjum atvinnugreinum. Benda má á það mikla hagræði, sem fjárfestingasjóðir iðnaðarins munu geta haft af þessum þætti í starfsemi stofnunarinnar í sambandi við hvers konar áætlanagerð.
d) Með því að vera vettvangur umræðna um fjölþættara atvinnulíf til atvinnuöryggis, þar á meðal stóriðjumál og hagnýtingu orkulinda landsins.
e) Með því að fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, sem iðnað stunda og við vörudreifingu fást leiðbeiningar, sem miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun, m. a. um vélar, húsakynni, vinnutilhögun og meðferð hráefna.
f) Með því að vinna að aukinni þekkingu á tæknilegum og rekstrarfræðilegum efnum í samvinnu við starfandi menntastofnanir á þessu sviði.
g) Með því að annast stjórn, skipulagningu og framkvæmd stöðlunarmála.
h) Með því að vinna að öðrum málum, sem iðnþróun varða eftir ákvörðun Iðnþróunarráðs hverju sinni.

Um 3. gr.

Eins og fram kemur í greininni er Iðnþróunarráð gert að stjórn stofnunarinnar. Aðilar þeir, sem tilnefndu menn í stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands, verða áfram með fulltrúa í Iðnþróunarráði, nema Iðnsveinaráð A. S. Í., sem hætt mun vera starfsemi sinni. Eðlilegt er því, að Alþýðusamband Íslands tilnefni iðnsvein af sinni

hálfu í Iðnþróunarráð. Gert er ráð fyrir, að stjórnir viðkomandi stofnana og félagssamtaka tilnefni menn í Iðnþróunarráð, en framkvæmdastjórnir, þar sem þær eru, enda séu þær skipaðar fleiri en einum manni.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5., 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Við samþykkt frumvarps þessa tekur Iðnþróunarstofnun Íslands við starfsemi, eignum og skuldbindingum Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Ed. 430. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta kveður svo á, að sauðfjárbaðanir skuli næst fara fram alls staðar á landinu veturinn 1971—1972. Eftir það sé heimilt að baða aðeins annað hvert ár. Þessi ákvæði eru í samræmi við gildandi lög um þetta efni.

Samkvæmt frv. skal og heimilt að veita undanþágu frá böðun sauðfjár í héraði eða í tilteknum byggðarlögum, þar sem fylgt hefur verið settum reglum um böðun og óþrifa í sauðfé hefur ekki orðið vart mörg ár, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir með því, að slík undanþága sé veitt.

Samkvæmt frv. skal þó ekki veita undanþágu frá böðun nema í eitt skipti í senn, þannig að ekki líði lengri tími en fjögur ár milli þess, að böðun sauðfjár fer fram hjá sérhverjum sauðfjáreiganda.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað „sýslunefnd“ í 1. málslið 3. gr. komi: ráðherra.

Alþingi, 2. marz 1971.

Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Páll Þorsteinsson, frsm.
Ásgeir Bjarnason.
Karl Guðjónsson.

Sþ. 431. Þingsályktun [81. mál]

um varnir gegn sígarettureykingum.

(Afgreidd frá Sþ. 2. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr tóbaksreykingum, og þá sérstaklega sígarettureykingum:

I. Víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.

II. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga.
III. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.
IV. Athugaðir verði möguleikar á að stofna „opnar deildir“ (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.
V. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi eftirfarandi hlutverk:
a) Að safna upplýsingum um, hversu víðtækar reykingar séu, t. d. meðal skólabarna og unglinga.
b) Að stjórna vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga.
c) Að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Sþ. 432. Þingsályktun [31. mál]

um vetrarorlof.

(Afgreidd frá Sþ. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 31.

Nd. 433. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv., leitað álits þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, og fengið á sinn fund Óskar Hallgrímsson, formann iðnfræðsluráðs.

Nefndin er sammála um að styðja frv., svo langt sem það nær, og telur, að það muni leysa brýnan vanda hvað snertir byggingu iðnskóla án þess að rýra á nokkurn hátt stöðu þeirra eldri skóla, sem starfað hafa samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laganna.

Allmikið hefur verið um undanþágur hvað iðnréttindi snertir síðustu ár, og virðist af ýmsum ástæðum óhjákvæmilegt, að svo verði enn um sinn. Að gefnu tilefni telur nefndin rétt að setja í lögin heimild til slíkra undanþága, þó með ströngum skilyrðum. Um það fjallar síðari brtt. nefndarinnar á þskj. 434, og getur hún komið í stað brtt. Sverris Júlíussonar á þskj. 212.

Nefndin hefur einnig haft til meðferðar annað frv. um breytingu á iðnfræðslulögunum. Er það á þá lund, að fjölga skuli fulltrúum iðnnema í iðnfræðsluráði úr einum í þrjá. Nefndinni var bent á, að eðlilegri ráðstöfun til að veita iðnnemum hlutdeild í stjórn skólanna, svo sem gert hefur verið í ýmsum öðrum skólum hér á landi, væri að fá þeim fulltrúa í skólanefndum. Telur nefndin þetta rétta leið til að taka upp skólalýðræði í iðnfræðslunni og flytur um það efni brtt. við frv., 1. till. á þskj. 434. Samkvæmt henni skulu þrír skólanefndarmenn skipaðir samkvæmt reglum, sem ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, er aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis, einn vera kosinn af nemendum viðkomandi skóla og hinn fimmti skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Alþingi, 3. marz 1971.

Benedikt Gröndal, form., frsm.
Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.
Eysteinn Jónsson.
Sigurvin Einarsson.
Gunnar Gíslason.
Magnús Kjartansson.
Birgir Kjaran.

Fylgiskjal.

Nemendafjöldi í iðnskólum skólaárin 1968—69 og 1969—70.

	1968—69	1969—70
Reykjavík:		
Iðnskólinn í Reykjavík	1289	1176
Matsveina- og veitingaþjónaskólinn	—	109
Vesturland:		
Iðnskólinn á Akranesi	116	88
— í Borgarnesi	33	36
Vestfirðir:		
Iðnskólinn á Patreksfirði	31	27
— á Ísafirði	64	63
Norðurlandsumdæmi vestra:		
Iðnskólinn á Sauðárkróki	71	71
— á Siglufirði	53	28
Norðurlandsumdæmi eystra:		
Iðnskólinn á Ólafsfirði*)	20	—
— á Akureyri	250	162
— á Húsavík	11	25
Austurland:		
Iðnskólinn á Seyðisfirði	19	15
— á Egilsstöðum*)	42	34
— í Neskaupstað	32	9
Suðurland:		
Iðnskólinn í Vestmannaeyjum	91	89
— á Selfossi	120	102
Reykjanes:		
Iðnskólinn í Keflavík	104	90
Hafnarfjörður:		
Iðnskólinn í Hafnarfirði	156	157
Samtals:	2502	2281

Nd. 434. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:

16. gr. laganna orðist svo:

Iðnfræðsluskóla stjórnar 5 manna skólanefnd. Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn, nema fulltrúa nemenda til tveggja. Skulu þrír skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkvæmt tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, sem aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis. Einn kjósa nemendur skólans samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Standi eitt sveitarfélag að skóla, skipar sveitarstjórn þrjá skólanefndarmenn.

Að minnsta kosti tveir þeirra, sem bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir.

*) Starfar samkvæmt sérstakri undanþágu þessi skólaár.

2. Við 5. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Menntamálaráðuneytið getur veitt heimild til þess, að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggi fyrir:
A) Umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags.
B) Umsögn iðnfræðsluráðs.
C) Umsögn meistara og vottorð um, að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.
Standist umsækjandi prófið, öðlast hann sveinsbréf, sem veitir ekki réttindi til meistarabréfs síðar.

Nd. 435. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Á fyrsta ári, sem lögin um námslán og námsstyrki voru framkvæmd, mun aðstoð við þá námsmenn, sem þá áttu rétt á lánum, hafa numið innan við 30% af fjárþörf þeirra umfram tekjur. Hafa umbætur í þessum efnum verið stórstígar, og nema lánin í ár um 64—66% af umframfjárþörf, enda þótt tala þeirra, sem lána njóta, hafi einnig hækkað til muna og verði nú um 1700.

Veturinn 1969—70 óskaði menntamálaráðherra þess við stjórn Lánasjóðs íslenzkra námsmanna, að hún athugaði, hve mikið fé sjóðurinn mundi þurfa til þess að geta náð marki laganna á skólaárinu 1974—75, miðað við óbreytt verksvið. Tillögur sjóðsstjórnar um fjárveitingar fyrir skólaárið 1970—71 voru við það miðaðar, að fyrsta skrefið yrði stigið þá, og veitti Alþingi til þess nægilegt fé.

Undanfarin ár hefur verksvið sjóðsins verið stöðugt aukið. Í upphafi var það Háskóli Íslands, erlendir háskólar og tækniskólar og hliðstæðar erlendar kennslustofnanir. Síðan hafa lögin verið látin ná til Tækniskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, framhaldsdeildar búnaðarskólans á Hvanneyri og flugvirkjanema. Munu 10—12% af fjárþörfinni í ár stafa af útvíkkun kerfisins síðan 1967.

Núverandi verksvið lánasjóðs hefur sætt gagnrýni. Það er vissulega íhugunarefni, að stúdentar á 1. ári njóti fullrar námsaðstoðar, en nemendur efstu bekkja menntaskóla engrar; að nemendur 1. hluta Tækniskóla Íslands njóti fullrar aðstoðar, en nemendur raungreinadeildar sama skóla engrar; að stúdentar í kennaranámi við Kennaraskóla Íslands njóti fullrar aðstoðar, en aðrir nemendur í kennaranámi engrar; að nemendur Stýrimannaskólans og Vélskólans skuli engrar aðstoðar njóta o. s. frv.

Af þessu verður ljóst, að enn er þörf á endurskoðun námslánakerfisins, og þyrfti þá einnig að athuga áhrif búsetu og ýmissa annarra aðstæðna. Enda þótt fyrir liggi skýrt mörkuð stefna sjóðsstjórnar og menntamálaráðherra um að veita þeim, sem þegar eiga aðgang að sjóðnum, fulla aðstoð eigi síðar en 1974—75, telja undirritaðir ekki rétt að lögfesta slík réttindi, meðan mörg vandamál eru óljós um það, hverjir skuli eiga rétt til aðstoðar lánasjóðsins og hverjir ekki. Ákvarðanir um það efni geta haft stórfelld fjárhagsleg áhrif fyrir sjóðinn. Af þessum sökum leggjum við til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 3. marz 1971.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. Birgir Kjaran.

Gunnar Gíslason.

Ed. **436. Frumvarp til laga** [231. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Við 3. gr.:

a) 27. tölul., 1. mgr., orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 300 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó ekki nema meiru en 80 þúsund krónum. Þó skal heimilt að lækka gjöld á allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 120 þús. krónur fyrir þá, sem mest eru fatlaðir eða lamaðir, en geta þó ekið sjálfir sérlega útbúinni bifreið.

b) 41. tölul. orðist svo:

Að endurgreiða bifreiðastjórum, sem hafa akstur leigubifreiða að aðalstarfi, mismun á 90% og 70% tollgjöldum af bifreiðum. Auk þess er heimilt að endurgreiða allt að 50 þús. krónum af tolli hverrar bifreiðar fyrir sömu aðila, þó aldrei af fleiri bifreiðum en 250 árlega, og eftirgjöfin verði aldrei meiri en svo, að tollur nemi 40%. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ganga verulega til móts við óskir Öryrkjabandalags Íslands og samtaka leigubifreiðastjóra um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum. Bifreiðar hafa hækkað mjög í verði vegna tveggja gengislækkana. Afnám leyfisgjalds hefur að vísu dregið mjög úr þeirri verðhækkun og að auki var tollur af leigubifreiðum lækkaður úr 90% í 70%. Engu að síður er hér um háan toll að ræða miðað við önnur atvinnutæki. Þykir því rétt að veita atvinnubifreiðastjórum aukin tollfríðindi, sem miðist við ákveðna fjárhæð til að stuðla að kaupum ódýrari bifreiða, þó þannig að þeir greiði aldrei lægri hundraðshluta í toll en greitt er af öðrum atvinnubifreiðum. Þá er og talið eðlilegt, að miða eftirgjöfina við eðlilega endurnýjun leigubifreiða árlega.

Öryrkjabandalag Íslands hefur lagt sérstaka áherzlu á aukin tollfríðindi vegna þeirra manna, sem búa við alvarlegasta fötlun og þurfa af þeim ástæðum að fá sérstaklega útbúnar bifreiðar, en þær bifreiðar eru yfirleitt í hærri verðflokki en bifreiðar, sem fatlaðir geta almennt látið sér nægja. Er því lagt til að hækka eftirgjöf fyrir 25 slíka sjúklinga árlega úr 70 þús. kr. í 120 þús. kr., en almennt hækkar tolleftirgjöfin um 10 þús. kr. og verður þá um óverulegt tollgjald að ræða af hinum minni bifreiðum.

Nd. 437. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um Fiskiðju ríkisins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það nokkrar umsagnir.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur einn nefndarmanna, Lúðvík Jósefsson, til, að frumvarpið verði samþykkt, en aðrir nefndarmenn leggja til, að það verði fellt.

Frumvörp um þetta mál hafa verið flutt á undanförnum þingum, en þá ekki orðið útrædd.

Unnið er nú að endurskipulagningu niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði, og er gert ráð fyrir að fá henni sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Mun sérstakt frumvarp verða flutt um verksmiðjuna. Vegna þeirrar starfrækslu er frumvarp þetta því óþarft, og að öðru leyti er meiri hlutinn andvígur efni þess og leggur því til, að það verði fellt.

Alþingi, 1. marz 1971.

Birgir Finnsson, form. — Eyjólfur Konr. Jónsson, fundaskr., frsm. — Jón Skaftason.

Pétur Sigurðsson. — Guðl. Gíslason. — Björn Pálsson.

Nd. 438. Frumvarp til laga [232. mál]

um lækkun tolla á heimilisvélum.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer í 1. grein laga nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl., verði þannig:

Nr.		Heiti	Tollur verði	Tollur nú
84.15	20	Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, ekki rafmagnsknúin	30%	80%
84.15	31	Kælitæki, rafknúin	30%	80%
84.15	39	Varahlutir í kælitæki	20%	50%
84.18	21	Þeytivindur til þurrkunar á þvotti	30%	80%
84.18	24	Varahlutir	20%	50%
84.19	01	Uppþvottavélar	30%	80%
84.19	03	Varahlutir í þær	20%	50%
84.40	12	Strokvélar	30%	80%
84.40	14	Varahlutir í þær	20%	50%
84.40	21	Fataþvottavélar	30%	80%
84.40	29	Varahlutir í þær	20%	50%
85.06	01	Ryksugur	30%	80%
85.06	02	Hrærivélar	30%	80%
85.06	03	Aðrar rafknúnar eldhúsvélar	30%	80%
85.06	04	Varahlutir	20%	50%
85.06	09	Önnur rafknúin búsáhöld	30%	80%
85.12	01	Rafmagnseldavélar, bökunar- og steikarofnar	30%	80%
85.12	03	Rafmagnshellur	30%	80%
85.12	04	Rafmagnsstrokjárn	30%	80%
85.12	09	Annað	30%	80%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa flestar stéttir tryggt sér styttan og hagfelldari vinnutíma. Ein stærsta stétt þjóðfélagsins, húsmæðurnar, hefur hins vegar ekki fylgzt með í þessari þróun. Þvert á móti má segja, að vinnutími margra þeirra hafi lengzt. Nú er t. d. miklu örðugra fyrir heimilin að fá vinnuhjálp en áður. Jafnhliða þessu hafa svo störf húsmæðra orðið á ýmsan hátt fjölþættari en áður var. Afleiðing þessa alls er sú, að ekki hafa nú aðrir þegnar þjóðfélagsins erfiðari og lengri vinnutíma en húsmæðurnar, þótt þeim sé ætlað að annast þær stofnanir, sem þjóðfélaginu er mikilvægast að reynist vel og raunverulega eru þýðingarmesta undirstaða allra annarra stofnana þess, en hér er að sjálfsögðu átt við heimilin.

Þess er rétt að geta, að á síðustu árum hafa komið til sögu ýmsar heimilisvélar, sem bæði draga úr vinnu og erfiði. Löggjafinn hefur hins vegar litið svo furðulega á, að þessar vélar ætti að tollleggja sem lúxusvörur. Þess vegna eru nú mörg heimili alls ekki búin eða verr búin þessum vélum en vera skyldi, og það oft þau, sem hafa einna mesta þörf fyrir þær.

Á heimilisvélar þær, sem þetta frv. fjallar um, leggst nú 80% innflutningstollur og 50% tollur á varahluti í þær. Ofan á þetta bætist svo 11% söluskattur. Hér er því um gífurlegar álögur að ræða. Í frv. er lagt til, að tollurinn á vélunum lækki í 30% og á varahlutum í 20%. Þetta mundi lækka þær verulega í verði. Æskilegt væri að lækka tollana enn meira, en ekki þykir líklegt, að meiri lækkun fáist fram að sinni.

Því ber að treysta, að Alþingi telji störf húsmæðra svo þýðingarmikil, að hætt verði að tollleggja sem lúxusvörur vélar og tæki, er létta þeim erfiðustu störfin og stytta langan vinnutíma þeirra.

Ed. 439. Frumvarp til laga [233. mál]

um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 45 29. apríl 1967) komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (8. gr.) Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri, girða af sitt afréttarland, en fá ekki samþykki aðliggjandi hreppa, og skal þá viðkomandi sýslunefnd eða sýslunefndir, áður en tekur til ákvæða 5., 6. og 7. gr. um þau atriði, fella úrskurð um, hvort fyrirhuguð girðing skuli heyra undir ákvæði ofannefndra lagagreina. Skal úrskurður sýslunefndar eða sýslunefnda reistur á þrem eftirtöldum atriðum:

1. Hvort ágangur búfjár frá aðliggjandi hreppum réttlæti einhliða ákvörðun kröfuaðilans um lagningu girðingar.
2. Hvort fyrirhugað stæði girðingar er nothæft miðað við hæð lands, landslag og snjóalög.
3. Hvort fleiri sveitarfélög en þau, er lönd eiga að afréttargirðingu, og hver skuli vera þátttakendur í stofn- og viðhaldskostnaði girðingar og eftir hvaða hlutföllum innbyrðis, sbr. næstu grein hér á eftir.

Sé um fleiri en eina sýslunefnd að ræða, skal úrskurður felldur á sameiginlegum fundi.

b. (9. gr.) Nú er afréttargirðing úrskurðuð hæf af sýslunefnd eða sýslunefndum samkvæmt næstu grein hér á undan, og skulu þá þau sveitarfélög, sem samliggjandi afréttir eiga þeim megin, sem þátttaka var úrskurðuð, vera þátttakendur í úrskurðuðum kostnaði, hvort sem afréttarlönd þeirra liggja að hinu afgirta landi eða ekki, ef búfé frá þeim hefur síðastliðin fimm ár, áður en girt var, komið fram í fjallskilum að hausti á hinu afgirta landi. Skal tala þessa búfjár vera skiptingargrundvöllur.

2. gr.

Við lögin bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi sveitarfélag, eitt eða fleiri, lagt afréttargirðingu á mörkum hreppa eftir 29. apríl 1967, en aðliggjandi hreppar ekki fallizt á kostnaðarþátttöku, skal ríkissjóður teljast kostnaðaraðili í stað þeirra hreppa, er neitað hafa, ef sýslunefnd (sýslunefndir) úrskurðar girðinguna óþarfa og girðingarstæði ónothæft, sbr. 1. gr. a. 1—2 þessa frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk nokkurra sveitarstjórnarmanna norðanlands, sem telja ákvæði girðingalaga óljós og auk þess óréttlát.

Landbúnaðarnefnd ákvað á fundi fyrir skömmu að verða við þessum tilmælum, án skuldbindingar einstakra nefndarmanna um stuðning við frv., sem fer að sjálfsögðu eftir málavöxtum, þegar það verður nánar skoðað í nefnd.

Greinargerð sú, sem hér fer á eftir, er ekki samin af nefndinni. Og sem fylgiskjal er bréf undirritað af sýslunefndarmanni Kelduneshrepps.

Með þeirri breytingu, sem gerð var á girðingalögum 1967, voru hugsanlegar girðingar á afréttarmörkum hreppa heimfærðar undir girðingalög, að því er virðist, án þess að sett væru í lögin nauðsynleg sérákvæði um afréttar- og öræfagirðingar.

Af þessum sökum hefur skapazt deiluefni, sem ekki hefði þurft að verða, hefði Alþingi tekið mál þetta fastari tökum 1967 en raun varð á.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, á að bæta úr í þessu efni.

Með girðingum ræktunarlanda og heimahaga annars vegar, en afréttar- og öræfagirðingum hins vegar er margt allfrábrugðið, en allt fram til ársins 1967 hafa girðingalög eingöngu verið miðuð við hinar fyrr töldu. Hlutverk girðinga er tvíþætt, vörn gegn ágangi búpenings og geymd búpenings. Hvorugu þessu hlutverki geta afréttargirðingar yfirleitt fullnægt til hlítar, heldur munu þær veita mismunandi hömlun. Girðingarstæði á mörkum hreppa og sýslna á landi hér munu víðast hvar vera ónothæf vegna hálendis, landslags eða snjóþyngsla, á öðrum stöðum meira eða minna vafasöm. Það er því óhyggilegt í meira lagi að veita öðrum aðila hugsanlegrar afréttar- eða öræfagirðingar einhliða ákvörðunarrétt um lagningu slíkrar girðingar, svo sem rétt þykir um girðingar í byggðum landsins, sem engin vandkvæði eru á að leggja né nokkur vafi á um gagnsemi.

Næst girðingarstæði og ekki síður þýðingarmikið atriði er það, hvort um ágang óviðkomandi búfjár sé að ræða á lönd þeirra, er girðingar óska, og hve mikinn — hvort ekki gæti verið hagkvæmara að jafna slíkar sakir með samkomulagi um hagatoll.

Loks er það eðlilegt og sanngjarnt, að úrskurðaður kostnaður vegna afréttargirðingar skiptist á þá hreppa alla, er eiga samliggjandi afrétt þeim megin girðingar, sem úrskurðað er, en ekki aðeins þá hreppa, hverra lönd liggja að girðingunni. Eðlileg skipting þessa kostnaðar er magn þess búfjár, sem hreppar þessir, hver um sig og allir til samans, hafa fengið af afréttinni, áður en girt var.

Lagt er til, að sýslunefnd eða sýslunefndum sé falið að úrskurða ofangreind atriði, sbr. 1. grein. Má líta svo á, að þeim sé öðrum fremur treystandi til hlutleysis vegna þekkingar á þessum efnum.

Fylgiskjal.

Girðingalög hafa lengi gilt á landi hér, en fram til ársins 1967 aðeins náð til heimahaga. En þetta ár eru girðingalög með einni innskotssetningu látin ná til afrétta og öræfagirðinga milli hreppa og sýslna. Sú setning er svo hljóðandi: **Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða.**

Samkvæmt heimildum, er telja verður góðar, lágu þessar ástæður til lagasetningarinnar: Árið 1966 sneru Húnvetningar sér til Sambands ísl. sveitarfélaga og leituðu upplýsinga um, hvernig skipta skyldi kostnaði við girðingu milli afrétta, þ. e. Víðidalstunguheiðar og Haukadalsheiðar. Samband ísl. sveitarfélaga leitaði eftir áliti landbúnaðarráðuneytisins, en það sendi málið stjórn Búnaðarfélags Íslands. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hafði samráð við lögfræðing sinn, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmann, og lagði síðan fyrir Búnaðarþing 1967 tillögu um, að bætt yrði inn í lögin ákvæði því, sem um er að ræða. Búnaðarþing samþykkti tillöguna. Kom þar fram andóf frá einum manni (úr Vestur-Hún.). Þegar á sama ári lagði landbúnaðarráðherra tillögu Búnaðarþings óbeytta fyrir Alþingi með þeim skýringum sínum, að hún væri frá Búnaðarþingi og til leiðréttingar á óskýrum ákvæðum. Var lagt til, að öll lagagreinin yrði tekin upp svo breytt, en ekki skýrt frá, í hverju breytingin væri fólgin. Landbúnaðarnefndir beggja deilda mæltu með frumvarpinu, og í báðum deildum var það samþykkt samhljóða og án andmæla. Þetta var mjög seint á þingi 1966—67 (næstsíðasta dag þingsins).

Með þeirri einu setningu, sem 1967 var aukið inn í lögin, virðist girðingalögum í heild ætlað að ná til hreppamarka hvar sem er á landinu, girðinga milli afrétta. Það hugtak er nýmæli í lögunum, en það þýðir, að á hreppamörkum er skylt að leggja landamerkjagirðingar á kostnað beggja aðila, ef annar aðilinn óskar þess með tilteknum fyrirvara, og má hann leggja girðinguna gegn andmælum mótaðila og á kostnað hans að hálfu eða að hluta. Engin skilyrði eru um það sett, að landið sé girðingarhæft (hæð lands, landslag, fannkyngi), ekki heldur um þörf girðingar. Hvort tveggja er þó ljóst, að á hreppamörkum eru girðingarstæði ýmist alófær eða lítt fær, svo að girðingar, þó lagðar yrðu, mundu litla eða enga hindrun gera, en hins vegar verða afar dýrar af viðhaldi. Þá er einnig sami réttur til að krefjast girðingar, hvort sem nokkur þörf er hindrunar eða ekki.

Heimfærsla afréttargirðinga undir einhliða kröfurétt annars eðlis án hliðarákvæða var slys, enda lét afleiðingarslys ekki á sér standa.

Tveim árum síðar en innskotsgreinin var lögfest gerir eitt sveitarfélag í Þingeyjarsýslu, Skútustaðahreppur, kröfu á hendur þrem aðliggjandi hreppum um girðingu á mörkum. Aðliggjandi hreppar andmæla, telja hugsaða girðingu óþarfa, þar sem ágangur á lönd Mývetninga af búfé nágrannahreppa sé ýmist lítill eða nálega enginn eða girðingarstæði nálega ónothæft vegna fannfergis. En þessar viðbárur höfðu ekkert að segja. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur hina umdeildu girðingu sumarið 1970 og krefur aðliggjandi hreppa um helming girðingarkostnaðar samkvæmt ýtrustu heimild í lögum.

Skal hér vikið að helztu atriðum þessa máls, að því er viðkemur einu þeirra þriggja sveitarfélaga, sem krafin eru um þátttöku í girðingu Mývetninga, Keldunes-hreppi. Vafalaust mun hið sama gilda að verulegu leyti um hreppana hina tvo, en vegna minni kunnugleika á þeirra afstöðu en Keldunes-hrepps hjá þeim, er þetta ritar, miðast upplýsingarnar við málstað Keldunes-hrepps. Skal þá fyrst vikið að girðingarstæðinu.

Girðingin hefur verið lögð nálægt mörkum Kelduhverfis og Mývatnssveitar frá Hafragili við Jökulsá sunnan Eilífs að syðsta Hituhól. Hæð yfir sjávarmál er 300—450 m samkvæmt upplýsingum frá Landmælingum Íslands og lengd loftlínu 19.2 km, eða nálægt 21 km, þegar gert er ráð fyrir mishæðum og óhjákvæmilegum brotum á línunni. Fyrir 26—28 árum var á sömu slóðum lögð tvöföld mæðiveikigirðing milli fjárskiptasvæða. Varnarhlutverk girðingarinnar í sambandi við mæðiveiki varaði í tvö ár, ef ég man rétt, henni hefur þó verið haldið við allt til þessa sem einfaldri girðingu. Mun það viðhald þó lítið hafa verið meira en nafnið. Lá girðingin undir snjó langt fram á sumar, en afréttarfé kemur á þessar slóðir í maí. Fé gekk þarna óhindrað milli afréttanna, ekki aðeins meðan girðingin var í kafi að vorinu, heldur allt sumarið. Viðhaldið var samt sem áður erfitt og kostnaðarsamt. Þó þarna væri fyrirliggjandi tvöfalt magn af girðingarefni, hrökk það ekki til. Snjófargið lagði girðinguna til jarðar á hverjum vetri, og ekki var hægt að vaka yfir og gera strax við, jafnóðum og girðingin kom upp úr snjónum.

Ágangur fjár milli afréttarlanda Kelduhverfis og Mývatnssveitar hefur enginn verið í mannaminnum. Áður en fyrri mæðiveikigirðingin var lögð eftir 1940, voru þetta eitthvað á annað hundrað kindur haust hvert, sem Keldhverfingar og Mývetningar fengu í haustleitum hvorir af annarra afrétt, og mátti ekki á milli sjá með fjöldann. Síðastliðin 10 ár, eftir að hindrunarmáttur girðingarinnar var lítill orðinn, fengu hrepparnir hvor af annars afrétt fé sem hér segir:

Ár	M frá K	K frá M
1961	110	57
1962	60	144
1963	85	110
1964	121	106
1965	124	155
1966	181	211
1967	136	166
1968	143	180
1969	251	106
1970	269 = 1480	185 = 1420

Þannig hallar á Mývetninga um sextíu kindur á 10 árum, eða til jafnaðar sex kindur á ári.

Þessar upplýsingar hljóta að leiða til þeirrar niðurstöðu, að samgangur afréttarfjár milli þessara hreppa tveggja sé mjög óverulegur, svo að ekki geti verið hagrænt að fórna stórfé honum til hindrunar. Að fenginni reynslu af mæðiveikigirðingunni, hlýtur að þurfa mikla bjartsýni til að trúa því, að gagnsemi hinnar nýlögðu girðingar verði öll önnur og miklu betri. Snjóalögum á Grjóthálsi verður ekki breytt. Auk þess er hin nýja girðing gerð af vírneti, en ekki gaddavír, eins og hin eldri var, en sem kunnugt er þola vírnet snjófargið miklu verr en gaddavírinn. Ekki liggur fyrir, hvað þessi nýja girðing Mývetninga hefur kostað, en ætla má, að þessir 20 km á mörkum Keldhverfinga losi milljónina og vel það, þegar öll kurl koma til grafar. En svo fráleitt sem það er að festa fé í framkvæmd sem þessari, þá verður þó viðhald girðingarinnar enn þá dapurlegri þáttur. Nú er ekki á staðnum eins og hið fyrra sinn annað eins magn af efni og til girðingarinnar fór, sem hrökk þó skammt þau 24 ár eftir að varnargirðingin lauk sínu upphaflega hlutverki. Það er engum vafa bundið, að viðhald girðingar á þessum stað verður til muna þyngri byrði heldur en stofnkostnaðurinn. Fróðlegt er að minnast þess, að vel lagðar girðingar í byggð í Kelduhverfi, jafngamlar mæðiveikigirðingunni sálugu, standa með öllu óhaggaðar og hafa sáralítið viðhald þurft eða ekkert. Þessi er munurinn á girðingu í byggð og girðingu á heiðum uppi.

Frá sjónarmiði Keldhverfinga er girðing Mývetninganna ráðlaust flan. Með hjálp hins nýja girðingalagaákvæðis senda þeir okkur uppvakning, sem mjög er óvelkom-

inn. Og hver veit nema fleiri fari á eftir. Afréttarlönd Keldhverfinga liggja að afréttum þriggja annarra hreppa en Mývatnssveitar. Lengd þeirra marka er slík, að ekki mundi veita af 60 km girðingu, ef nágrannar brygðu á sama ráð og Mývetningar.

Keldhverfingar hafa ýmis áhugamál, sem þeim eru hugstæðari en háfjallagirðingar. Þeir ætla að byggja sameiginlegan skóla með nágrannahreppum, þeir eru að hefjast handa um nýtingu jarðhita, þeir renna hýru auga til ágætra fiskiræktarskilyrða í sveitinni sinni, og þeir hefðu þurft að auka bústofn sinn, svo fátt eitt sé nefnt. Þeir mega ekki við því að fá sendingu sem þessa með eilífðarhalann.

Í Kelduhverfi eiga heima 229 manns (meðaltal fimm síðustu ára). Um árabil hafa nettótekjur Keldhverfinga verið bútekjur að hálfu, en vinnu- og þjónustutekjur að hálfu. Miðað við þetta má segja, að annar hver Keldhverfingur hafi framfæri sitt af búskap, segjum 115 manns. Ekki hef ég handbærar tölur um hlutfall milli búgreina þar, en ekki þykir mér ósennilegt, að sú skipting væri tveir með sauðfjárrækt og einn með mjólkurframleiðslu og aðrar búgreinar, en það þýðir, að 75 manns lifði í Kelduhverfi á sauðfjárrækt, eða 15 fimm manna fjölskyldur. Að þessu fólki berast böndin um að taka við kröfu Mývetninga. Einhver kann samt að benda á sveitarsjóðinn. Árleg útsvör í Kelduhverfi eru 625 þús. kr. (meðaltal fimm síðustu ára). Það er lukka með, að sú upphæð dekkar stofngjald þetta.

Raunar hafa útsvör í sveitarfélaginu ekki beina þýðingu í sambandi við þennan girðingarkostnað. Verði ekki undan honum vikizt, færist hann á fjallskilareikning hreppsins og greiðist af sauðfjáreigendum sem slíkum einum saman. Óhætt er að fullyrða, að sú atvinnugrein gefur þessi árin rýrastar tekjur í Kelduhverfi. Framleiðsla búvöru hefur staðið í stað þar í sveit síðasta áratug, en nokkuð færzt milli búgreina frá ræktun sauðfjár til nautgripa. Sú tilfærsla kemur til með að aukast á næstunni með bættu vegasambandi við Húsavík og viðvarandi harðæri, því eins og kunnugt er, bitnar harðæri meir á sauðfjárrækt en nautgriparækt. Öræfagirðingin á Grjóthálsi leggst á sömu sveif.

Þær hugleiðingar, sem hér eru á blað settar, eru fram bornar til stuðnings bráðabirgðaákvæðum í frumvarpi um breytingar á girðingalögum.

Reykjavík, 22. febr. 1971.

Virðingarfyllst,

Björn Haraldsson.

Nd. 440. Lög [174. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.

(Afgreidd frá Nd. 3. marz.)

Samhljóða þskj. 241.

Nd. 441. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Þegar lögin um námslán og námsstyrki voru sett, var mörkuð sú stefna í 2. grein þeirra, að opinber aðstoð samkvæmt lögunum skyldi nægja hverjum námsmanni til þess að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefði verið

tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Þær raddir heyrðust þegar í upphafi, að Alþingi bæri að setja sér einhver tímamörk í þessu sambandi, en á það gat meiri hluti Alþingis ekki fallizt þá. Þess vegna jukust fjárveitingar til lánasjóðsins of hægt í upphafi, svo að af hlutust miklir erfiðleikar og raunar neyðarástand eftir gengislækkanirnar 1967 og 1968. Barátta utan þings og innan leiddi síðan til þess, að fjárveitingar voru auknar mjög verulega, og er nú talið, að sjóðurinn fullnægi tæpum tveimur þriðju af umframfjárþörf þeirra námsmanna, sem rétt eiga á aðstoð frá honum. Með sama vaxtarhraða og upp var tekinn á síðasta ári væri hægt að tryggja það, að sjóðurinn næði að fullu hinu upphaflega markmiði sínu á þremur árum. Þetta var staðfest af Gylfa Þ. Gíslasyni menntamálaráðherra í ræðu á Alþingi 17. nóv. 1970, og kvaðst hann samþykkur því, að sú stefna væri mörkuð. Hins vegar benti hann réttilega á, að hið endanlega ákvörðunarvald væri í höndum Alþingis.

Frumvarp þetta var flutt til þess að koma til móts við stefnu Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra, með því að ákveða að fullnægja þörfum lánasjóðsins á þremur árum. Þau furðulegu tíðindi hafa hins vegar gerzt í menntamálanefnd, að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa — í samráði við menntamálaráðherra — lagzt gegn því, að frumvarpið verði samþykkt. Enda þótt Gylfi Þ. Gíslason óskaði eftir því 17. nóv. 1970, að Alþingi markaði ákveðna stefnu í málinu, leggst hann og samverkamenn hans nú gegn því, að sú stefna verði mörkuð. Við teljum þessa atburðarás til marks um fráleita sýndarmennsku og leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarpið var sent til umsagnar Stúdentaráði Háskóla Íslands, Sambandi íslenzkra námsmanna erlendis og Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Bárust jákvæð svör frá þeim öllum, og eru þau prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl.

Alþingi, 3. marz 1971.

Magnús Kjartansson, frsm. Sigurvin Einarsson. Eysteinn Jónsson.

Fylgiskjal I.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 16. des. 1970.

Til menntamálanefndar
neðri deildar Alþingis.

Virðulega menntamálanefnd neðri deildar Alþingis. Hagsmunanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga nr. 176, borið fram af Magnúsi Kjartanssyni og Þórarni Þórarinssyni.

Þó S.H.Í. telji nauðsynlegt, að umframfjárþörf stúdenta verði fullnægt fyrr en tekið er fram í ofangreindu frumvarpi, álítum við það mikilsvert, að lögbundin verði ákveðin tímabundin áætlun til þess að fullnægja fjárþörf námsmanna umfram eðlilega eigintekjuöflun.

Þess vegna lýsum við yfir stuðningi við ofangreint lagafrumvarp, svo langt og það nær.

Virðingarfyllst,
f. h. Hagmunanefndar S.H.Í.
Jóhann Pálsson.

Fylgiskjal II.

S.Í.N.E.
SAMBAND ÍSLENZKRA NÁMSMANNA ERLENDIS

Reykjavík, 10. des. 1970.

Til
menntamálanefndar
neðri deildar Alþingis.

Umsögn um 176. Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki.

Stjórn S.Í.N.E. hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Við viljum þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við háttvirta menntamálanefnd.

1. Í kröfum okkar höfum við alltaf haldið fast við, að í upphafi námsársins 1974/75 verði þegar búið að ná 100% umframfjárþarfar, þ. e. að á námsárinu 1973/74 verði unnt að ná þessu takmarki.

2. Við mælumst til, að orðalag núgildandi laga haldist óbreytt í lok 2. mgr. og hljóði „ . . . verði unnt að fullnægja allri fjárþörf námsmanna, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar."

Að öðru leyti mælum við eindregið með samþykkt frumvarpsins, og viljum minna á, að S.Í.N.E. reyndi á síðasta vetri að fá fram borið svipað frumvarp, en var synjað af þeim, sem til var leitað. Þetta er án efa eitt af stórmálum námsmanna, og mundi þetta frumvarp, ef samþykkt yrði, þar með koma þessu heilu í höfn.

Fögnum við frumvarpi þessu og leggjum einu sinni enn áherzlu á samþykkt þess.

F. h. stjórnar S.Í.N.E.

Þröstur Ólafsson.

Fylgiskjal III.

LÁNASJÓÐUR ÍSLENZKRA NÁMSMANNA
Reykjavík.

Reykjavík, 16. desember 1970.

Lánasjóði ísl. námsmanna hefur borizt erindi hæstvirtrar menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 2. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki, nr. 7 31. marz 1967. Er bæði ljúft og skylt að láta þá umsögn í té.

Með 2. gr. téðra laga var á sínum tíma mörkuð algerlega ný stefna um opinbera aðstoð við þá námsmenn, sem lögin gerðu ráð fyrir að aðstoðin næði til. Á fyrsta árinu fyrir setningu laganna, þ. e. skólaárið 1966—'67, mun námsaðstoðin hafa numið innan við 30% af fjárþörf þeirra námsmanna, sem umsóknir sendu. Á þessu varð mikil breyting til bóta á næstu árum, þannig að á skólaárinu 1969—'70 er aðstoðin orðin um 53%. Stærsta skrefið er svo stigið í ár. Vekja ber á því sérstaka athygli, að fjármagn það, sem til hefur þurft, hefur orðið að tvöfaldast vegna fjölgunar námsmanna og útfærslu lánakerfisins (þ. e. til fleiri skóla miðað við upphafslegu lögin), auk þeirrar hlutfallslegu hækkunar, sem lýst var.

Af þessu er ljóst, að í rauninni hófst veruleg sókn að settu marki laganna strax eftir að þau tóku gildi. Á s. l. vetri gerði stjórn sjóðsins að tilhlutan hæstvirts menntamálaráðherra á því athugun, hvaða fjármuni sjóðurinn þyrfti að hafa til ráðstöfunar, til þess að marki laganna yrði náð á skólaárinu 1974—'75, miðað við óbreytt verksvið, þ. e. að námsaðstoðin næði til sömu skóla og áður. Var þá sem sagt haft í huga að ná lokamarkinu í 4 til 5 áföngum. Tillögur stjórnar sjóðsins um fjárveitingu fyrir skólaárið 1970—'71 voru við það miðaðar, að fyrsta skrefið yrði stigið þá. Þrátt fyrir meiri fjölgun námsmanna en oftast áður, — enda var með

verulegri fjölgun reiknað, — mun þetta takast með því ráðstöfunarfé, sem ríkisstjórnin lagði til við hið háa Alþingi að sjóðnum yrði látið í té á næstu fjárlögum.

Þegar eftir móttöku tillagna stjórnar lánasjóðsins til fjárlaga fyrir árið 1971, sem hæstvirtum menntamálaráðherra voru fengnar á s. l. vori, tjáði hann stjórn sjóðsins, að ríkisstjórnin hefði á þær fallizt. Stjórn lánasjóðsins lagði í þetta þá merkingu, að í samþykkt tillagnanna fælist viljayfirlýsing um tímasetningu þess, hvenær markinu skyldi náð. Yfirlýsing hæstvirts menntamálaráðherra á Alþingi um þetta efni þ. 17. nóv. s. l. staðfestir þetta.

Að sjálfsögðu vill stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna leyfa sér að láta í ljós þakklæti sitt til hins háa Alþingis fyrir væntanlegt samþykki þess á tillögum til fjárlaga fyrir sjóðinn á næsta ári, jafnframt því sem hún væntir þess, að hið háa Alþingi og ríkisstjórn muni á næstu árum tryggja, að hinu umtalaða markmiði laganna um námslán og námsstyrki, sem grundvöllur hefur nú verið lagður að, verði náð á næstu þremur til fjórum árum.

Með virðingu,

Lánasjóður íslenzkra námsmanna

Gunnar Vagnsson
formaður.

Til
neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Sþ. 442. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna á mörgum fundum og varð ekki sammála um afgreiðslu. Minni hluti nefndarinnar, sem að þessu áliti stendur, sér ekki ástæðu til að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir sérstakri rannsókn á því, sem nefnt er jafnrétti þegnanna í tillögunni, enda þótt taka megi undir það, sem í greinargerð till. stendur: „Hins vegar væri fróðlegt, að þetta viðfangsefni yrði kannað gaumgæfilega ...“ Mörg eru þau viðfangsefni í þjóðfélagi okkar, sem fróðlegt væri að kanna. Væntanlega yrði skipuð nefnd til að rannsaka það efni, sem tillagan fjallar um, ef samþykkt yrði. Langt er síðan nefndir þóttu nægjanlega margar á opinberum vettvangi, misjafnlega starfsamar.

Sífellt er unnið í löggjöf og stjórnsýslu að jafnrétti þegnanna. Greinargerð tillögunnar ber með sér, að ýmsir hópar hafa verið athugaðir út frá skiptingu milli kynja, t. d. í skólum og nokkrum starfsgreinum. Ágætt er að sjá slíkar upplýsingar. Hitt mætti meir telja vafa, hverjar upplýsingar um jafnrétti þær gefa. Frá sköpun heims virðist um nokkra grundvallarskiptingu ætlunarverka hafa verið að ræða milli karla og kvenna, og hefur Alþingi ekki farið inn á þær brautir að reyna að hafa þar áhrif á, en á hinn bóginn viljað stuðla að sem fyllstu jafnrétti milli kynja og með þegnunum yfir höfuð.

Með skírskotun til framanritaðs telur minni hl. nefndarinnar ekki ástæðu til, að Alþingi samþ. tillögu þessa, en vill eftir atvikum leggja til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 1. marz 1971.

Jónas Pétursson, fundaskr., frsm. Friðjón Þórðarson. Ásm. B. Olsen.

Ed. 443. Frumvarp til laga [234. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti sjö menn, sem skipa skal þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, þrír eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi hinna tilnefndu manna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú, sem felst í frumvarpi þessu, er aðeins í því fólgin, að fjölgað verði í stjórn verkamannabústaða úr sex í sjö, þannig að húsnæðismálastjórn tilnefni þrjá menn í stað tveggja eins og gildandi lög ákveða.

Ed. 444. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 10. maí 1969, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frv. og sent það til umsagnar stjórnar Fiskifélagsins og Hafrannsóknastofnunarinnar.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér þann fyrirvara, að þeir flytji breytingartillögur eða fylgi breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins í deildinni.

Alþingi, 4. marz 1971.

Jón Árnason, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.
Ólafur Jóhannesson.	Gils Guðmundsson.	Sveinn Guðmundsson.
	Steingrímur Hermannsson.	

Ed. 445. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Telur nefndin þá afgreiðslu eðlilega með tilliti til þess, að

í frv. til l. um grunnskóla, er ríkisstjórnin hefur nú lagt fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir sérstakri deild í menntamálaráðuneytinu, er m. a. starfi að skólarannsóknum, og enn fremur er í því frv. gert ráð fyrir því, að komið verði á fót ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla. — Einn nm. (JÞ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 4. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Einar Ágústsson.	Gils Guðmundsson.	Sveinn Guðmundsson.

Nd. 446. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum þess að meiri hluta.
Ráðherra skipar nefnd þriggja sérfróðra manna, tilnefndra af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs, til þess að afla upplýsinga um mengunarhættu, sem stafa kann af olíuhreinsunarstöð. Nefndin skili áliti um þetta efni, áður en tekin verður ákvörðun um byggingu stöðvarinnar.
2. Við 3. gr. Síðari málsgreinin falli niður.

Nd. 447. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um kaup og rekstur á þyrilvængju á Vestfjörðum.

Flm.: Steingrímur Pálsson, Sigurvin Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma áætlun um kaup og rekstur á þyrilvængju, sem staðsett verði á Vestfjörðum og annist landhelgisgæzlu, hjálpar- og björgunarstarf, læknis- og sjúkraflug og jafnvel póstflug.

Greinargerð.

Íslendingar hafa leitazt við að taka nútímatækni í sína þjónustu, og það hefur tekizt á mörgum sviðum. Það er einmitt tæknin, sem getur leyst mörg af okkar vandamálum. Þess vegna er áríðandi, að við reynum að fylgjast vel með allri tækniþróun.
Árið 1948 fékk Slysavarnafélag Íslands að láni þyrilvængju til reynslu við hjálpar- og björgunarstörf, og jafnframt fékk landhelgisgæzlan umráð vélarinnar til reynslu við gæzlu. Reynslan sýndi, að þyrlan gerði mikið gagn á þeim tíma eða fyrir 23 árum. Slysavarnafélag Íslands vildi þá kaupa vélina, en treysti sér ekki til að standa undir rekstrarkostnaði hennar. Niðurstaðan varð sú, að þyrilvængjan var

ekki keypt, hún var ekki talin heppileg — að dómi flugráðs. Nú höfum við reyndar tekið þyrilvængjur í okkar þjónustu, en í smáum stíl, m. a. í þjónustu landhelgisgæzlunnar.

Allir gera sér ljóst, að innan tíðar verða Íslendingar að færa út landhelgislínuna og jafnframt að efla alla landhelgisgæzlu til stórra muna. Fyrir utan Vestfirði eru auðug fiskimið, og ásókn erlendra fiskiskipa eykst frá ári til árs. Þessi þróun er því áhyggjuefni, ekki eingöngu Vestfirðinga, heldur allra landsmanna. Með því að staðsetja hæfilega stóra þyrilvængju á Vestfjörðum væri stigið stórt spor í þá átt að vernda okkar gjöfulu fiskimið á þessu svæði. Vitað er, að aðrar þjóðir nota nú þyrilvængjur við hjálpar- og björgunarstörf í ríkum mæli og með góðum árangri. Eflaust getum við notað slík tæki hér á sama hátt. Einnig væri hægt að flytja veika eða slasaða menn á milli skipa eða til lands, og jafnframt væri hægt að aðstoða skip eða báta, ef vélabilanir bæri að höndum, með því að koma til þeirra nauðsynlegum varahlutum. Þess vegna væri að því mikið öryggi, ef þyrilvængja væri staðsett á Vestfjörðum til að sinna öllum þessum verkefnum þar.

Eitt af stærstu vandamálum Vestfirðinga sem annarra er ástandið í heilbrigðismálum. Læknaskorturinn er staðreynd, og hætt er við, að læknislaust geti orðið í sjávarþorpum á Vestfjörðum á komandi árum. Þá gæti komið sér vel að hafa tiltæka þyrilvængju til þess að annast flutninga á sjúklingum, eða til þess að flytja lækna á milli læknamiðstöðvanna og læknislausu staðanna. Með því að staðsetja þyrilvængju á Vestfjörðum mætti leysa þetta alvarlega vandamál Vestfirðinga í heilbrigðismálum að mestu leyti. Slík þyrilvængja staðsett á Vestfjörðum gæti einnig annazt t. d. póstflug, landmælingar, ískönnunarflug. Verkefnin geta verið óteljandi.

Með þessari tillögu er farið fram á, að nú þegar verði kannað af sérfróðum mönnum, hvaða stærð af þyrilvængju væri heppilegust til að sinna þessu hlutverki, hvar hagkvæmast væri að staðsetja hana á Vestfjörðum. Það ætti öllum að vera ljóst, að slík þyrilvængja mundi skapa mikið öryggi og jafnframt leysa mörg vandamál Vestfirðinga. Tillögur um kaup á þyrilvængjum, sem hefðu með höndum þau verkefni, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, hafa komið fram áður, bæði á Alþingi og utan þess, en enn þá hefur málið ekki fengið þá athugun, sem nauðsynlegt verður að telja, og því er þessi tillaga flutt.

Nd. 448. Frumvarp til laga [236. mál]

um 40 stunda vinnuviku.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Magnús Kjartansson.

1. gr.

Vinnutími í dagvinnu má eigi vera lengri en 40 stundir á viku, og skal að því stefnt, að vinnuvikan verði fimm dagar. Vinnutími í vaktavinnu má ekki vera lengri en 40 stundir á viku. Kjarasamningar, sem kveða á um lengri dagvinnu- eða vaktavinnutíma, skulu breytast í samræmi við fyrirmæli þessara laga. Aðilar vinnumarkaðarins í hinum ýmsu starfsgreinum skulu með samningum kveða á um skiptinguna milli dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu.

2. gr.

Nú styttist vinnutími launamanna samkvæmt fyrirmælum þessara laga, og skal þá vikukaup hans og mánaðarkaup fyrir dagvinnu eða vaktavinnu haldast óbreytt í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga, en tímakaup hans hækka í sama hlutfalli og dagvinnuvikan styttist. Hliðstæð breyting á kaupi skal koma til fram-

kvæmda, þar sem tímakaup er lagt til grundvallar við ákvörðun launa í bónus- og ákvæðisvinnu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1971.

Greinargerð.

Barátta fyrir styttum vinnutíma hefur verið snar þáttur í störfum verkalýðssamtakanna frá upphafi. Krafan um átta tíma vinnudag var lengi alþjóðleg, en nú hefur því marki verið náð í flestum nútímaþjóðfélögum, að átta stundir séu hámark dagvinnu, þótt raunverulegur vinnutími hafi því miður ekki stytzt að sama skapi, til að mynda ekki á Íslandi, m. a. vegna þess, að kaupgjald fyrir dagvinnu hefur ekki hrokkið fyrir nauðþurftum. Engu að síður eru ákvæðin um hámark dagvinnutíma mjög veigamikill áfangi í réttindabaráttu launafólks. Hefur sá áfangi verið markaður með löggjöf víða um lönd. Hins vegar hefur engin almenn löggjöf verið á Íslandi um hámark vinnutíma, og hafa margir réttilega talið það veilu í félagsmálalöggjöf þjóðarinnar.

Á undanförnum áratugum hafa samtök launafólks í sæmilega þróuðum þjóðfélögum einbeitt sér að enn frekari styttingu vinnutímans, og hefur þá verið haft mið af fimm daga vinnuviku, þar sem hægt var að koma henni við. Er sú skipan nú orðin næsta almenn regla í ýmsum þjóðfélögum austan hafs og vestan. Einnig á Íslandi hafa samtök launafólks beitt sér fyrir styttingu vinnutímans umfram þær 48 stundir, sem löngum var miðað við, og náð þeim árangri, að almennur vinnutími í dagvinnu er nú 40—44 stundir. Eigi Íslendingar að fullkomna félagsmálalöggjöf sína með ákvæðum um hámarksvinnutíma, er því einsætt að miða ákvörðunina við 40 stundir á viku og stefna að fimm daga vinnuviku, þar sem því verður við komið.

Sérstök ástæða er til að lögfesta þetta ákvæði nú. Nýlega hafa stjórnarvöld ríkis og sveitarfélaga samið um það, að hámarksvinnutími allra opinberra starfsmanna skuli vera 40 stundir í dagvinnu, og er þar um að ræða mjög athyglisverða viðurkenningu á grundvallaratriði; einnig er það mjög almenn regla, að opinberir starfsmenn vinni aðeins fimm daga í viku. Engin rök mæla gegn því, að aðrir launamenn njóti sömu réttinda, og það því síður sem algengt er, að opinberir starfsmenn og verkamenn vinni hlið við hlið, stundum að sömu störfum. Vænta flutningsmenn þess, að þeir flokkar, sem að ríkisstjórninni standa, veiti þessu frumvarpi fullan stuðning eftir það ágæta fordæmi, sem þeir hafa gefið í samningunum við opinbera starfsmenn.

Að sjálfsögðu var kaup ekki lækkað við opinbera starfsmenn, þótt almennur vinnutími þeirra styttist. Á sama hátt leggja flutningsmenn til, að kaup annarra launamanna haldist óskert, þótt dagvinnutíminn styttist. Mun raunar vera auðvelt fyrir flesta atvinnurekendur að vinna upp vinnutímastyttinguna með betra skipulagi og aukinni hagkvæmni í stjórnun.

Ákvæðin um 40 stunda vinnuviku í dagvinnu munu að sjálfsögðu hafa í för með sér nýjar reglur um vinnutilhögun, þar á meðal skiptingu milli dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Flutningsmenn telja ekki rétt, að þær reglur séu ákveðnar með löggjöf, enda þurfa þær að vera breytilegar í samræmi við mismunandi viðfangsefni í þjóðfélaginu. Því er lagt til í frumvarpinu, að þau atriði skuli ákveðin með samningum milli launamanna og atvinnurekenda.

Nd. 449. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 1967.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar og m. a. leitað umsagnar Orkustofnunarinnar.

Orkustofnunin hefur tjáð nefndinni, að áætlun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, um að ljúka rafvæðingu landsins, hafi verið hafin þegar á s. l. ári og þess sé að vænta, að hún geti afhent ráðherra frumáætlun um þetta efni fyrir vorið.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Þar sem ráðherra hefur þegar gert ráðstafanir til þess að framkvæma þann undirbúning, sem frv. gerir ráð fyrir, og ekki er eðlilegt og varla hægt að ákveða nánar um framkvæmd rafvæðingarinnar fyrr en að loknum þeim undirbúningsrannsóknum, telur meiri hl. nefndarinnar rétt að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. marz 1971.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Ásberg Sigurðsson.

Pálmi Jónsson.

Nd. 450. Frumvarp til laga [237. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Pétur Sigurðsson, Jónas Árnason, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

2. málsgr. 205. gr. l. nr. 66/1963, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1968, orðist svo:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni, eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í þágu skips. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrr á tímum tölu ýmsir fræðimenn í lögum, að lítilla breytinga væri að vænta á sviði skaðabótaréttar. Þar mundi hin svokallaða „Culpa"-regla (almenna skaðabótareglan) ráða ríkjum um aldur og ævi. Hún er í stuttu máli þannig, að sá, sem veldur öðrum fjárhagstjóni með saknæmum og ólögmætum hætti, er skyldur að bæta honum það. Hér er m. ö. o. um huglæga (subjektiv) fébótaábyrgð að ræða. Þessi regla er þó hvergi nærri einráð á vettvangi skaðabótaréttar nú á tímum. Þvert á móti hafa þar orðið margvíslegar breytingar og ör þróun í tímanna rás eigi síður en á öðrum sviðum réttarins. Breyttir atvinnuhættir, aukin vélvæðing, almenn framþróun, hafa kallað á víðtækari skaðabótaskyldu. Nefna má t. d. reglur þær, sem víða hafa orðið til og snerta hættulegan atvinnurekstur. Þar er ekki fyrst og fremst spurt

um sök. Ábyrgðin er hlutlæg (objektiv). Slík dæmi er víða að finna, bæði í íslenzkum og erlendum rétti. Nefna má t. d. hina hlutlægu ábyrgð bifreiðareiganda skv. 67., sbr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968. Hlutlæg fébótaábyrgð eigenda ökutækja var fyrst formlega lögfest í íslenzkum rétti með umferðarlögunum, nr. 26 frá 1958.

Sjósókn við strendur Íslands mun af flestum talin erfiður og áhættusamur atvinnuvegur. Aðbúnaður sjómanna hefur að vísu tekið miklum stakkaskiptum. Skipin eru orðin stærri og traustari en áður var og búin margvíslegum öryggistækjum. Þó eru sjóslys enn óhugnanlega tíð. Erfitt mun reynast að koma í veg fyrir þau að öllu leyti, þótt fyllstu varúðar sé gætt. Á hinn bóginn er að sjálfsögðu skylt að reyna að búa svo um hnútana, að sá, sem fyrir slysi verður á sjó, fái tjón sitt bætt, að svo miklu leyti sem unnt er og án mikillar fyrirhafnar eða langrar tafar. Hugleiðingar af þessu tagi hafa verið ofarlega á baugi meðal sjómanna og forustumanna þeirra undanfarin ár og ýmsar félags- og fundasamþykktir hnigið í svipaða átt.

Í siglingalögum, nr. 66/1962, eru ákvæði um fébótaábyrgð útgerðar á kröfum út af lífs- eða líkamstjóni skipverja eða annarra, sem í þágu skips vinna. Samkvæmt 8. gr. laganna ber útgerðarmaður ábyrgð á tjóni, sem skipstjóri, skipshöfn, hafnsögumaður eða aðrir, sem vinna í þágu skips, hafa valdið í starfi sínu með yfirsjónum eða vanrækslu, m. ö. o. sök þarf að vera fyrir hendi (ásetningur eða gáleysi). Samkvæmt ákvæðum þessum er því ekki um bótarétt að ræða, ef slys orsakast af óhappatilviljun, náttúruhamförum eða öðrum viðlíka ástæðum, t. d. ef slys stafar af hálku á þilfari. En þarna getur oft verið mjótt á mununum, erfið sönnunaratriði og óviss úrslit. Réttarrannsókn verður oft viðamikil og málaferli langdregin og kostnaðarsöm. Stærri málum af slíku tagi lýkur varla fyrr en með dómi Hæstaréttar. Allan þann tíma verður hinn slasaði að bíða í óvissu um málalok. Dómsniðurstaða getur orðið með ýmsum hætti, eins og dæmin sanna.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að lögfest verði svonefnd hlutlæg ábyrgð í þessum efnum. Öðlast hinn slasaði þá bótarétt án tillits til þess, með hverjum hætti tjónið hefur að höndum borið, nema hann sé meðvaldur þess eða meðábyrgur. Ljóst er, að bættum tryggingum fylgja aukin iðgjöld í einhverri mynd. Hvaða áhrif hefur hin nýja ábyrgðarregla, ef að lögum verður, á hagsmuni þeirra, sem við hana eiga að búa? Það er fyrst og fremst þessi spurning, sem svara þarf. Um hana verða tryggingafræðingar að fjalla. Að sjálfsögðu njóta sjómenn sem aðrir slysabóta skv. ákvæðum almannatrygginga. Auk þess má vel vera, að um samningsbundnar viðbótartryggingar sé að ræða í sérstökum samböndum. Mál þessi þarf að skoða vandlega í heild og reyna síðan að marka skynsamlega stefnu með vaxandi heill og öryggi sjómanna í huga.

Frumvarp um sama efni og hér er flutt var flutt á Alþingi árið 1968 af tveimur flm. þessa frumvarps, Jónasi Árnasyni og Lúðvík Jósefssyni, en þá í öðru formi.

Þess skal getið, að frumvarpsgreinin er orðuð af dr. juris Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara.

Ed. 451. Frumvarp til laga [238. mál]

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Í stað orðanna „22%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: 16%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við gerð nýrra kjarasamninga milli sjómanna og útgerðarmanna hafa báðir aðilar óskað þess, að ákvæðum 4. gr. laga nr. 79/1968, sem fjalla um greiðslu af afla í Stofnfjársjóð fiskiskipa, þegar afli er seldur erlendis, verði breytt á þann veg, að greitt verði 16 af hundraði í stað 22 af hundraði af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans, enda breyting þessi skilyrði samninganna.

Í framhaldi af því lýsti ríkisstjórnin því yfir, með fyrirvara um að kjaradeilurnar leystust, að hún myndi beita sér fyrir þessari breytingu á lögunum. Er frumvarp þetta lagt fram í samræmi við þá yfirlýsingu.

Nd. 452. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt á nokkrum fundum, svo og breytingartillögu Benedikts Gröndals á þingskjali 321.

Nefndarmenn, sem á fundi voru, þegar frv. var afgreitt frá nefndinni, eru sammála um að mæla með samþykkt þess. En um afstöðu til brtt. náðist ekki samstaða.

Alþingi, 5. marz 1971.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.	Benedikt Gröndal, með fyrirvara.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 453. Lög [189. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Afgreidd frá Nd. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 312.

Sþ. 454. Fyrirspurnir [239. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um hreinsitæki í Áburðarverksmiðjunni.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Er ráðgert að koma upp hreinsitækjum í Áburðarverksmiðjunni til þess að takmarka mengun?

II. Til forsætisráðherra um stofnlán fiskiskipa.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hefur ríkisstjórnin ákveðið að lækka stofnlán út á fiskiskip smíðuð innanlands úr 90% í 85%?

Sé svo, við hvaða tíma verður lækkunin miðuð?

Verður lækkunin látin ná til þeirra, sem höfðu gert samninga um skipasmíði innanlands og sótt um stofnlán, áður en ákvörðun var tekin um lækkun?

III. Til samgönguráðherra um samgöngur við Austurland.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin hugsað sér að gera til þess að tryggja Austfirðingum sambærilega aðstöðu við aðra landsmenn um vöruflutninga erlendis frá?

Vill ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að komið verði upp einni eða fleiri umskipunarhöfnum á Austfjörðum?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um starfsmannaráðningar á Keflavíkurflugvelli.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Eru stöður, sem ríkið veitir á Keflavíkurflugvelli, ekki auglýstar, svo sem 1. mgr. 5. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gerir ráð fyrir?
2. Hvað hafa margir lögregluþjónar verið ráðnir til starfa á Keflavíkurflugvelli síðasta áratug, og hvað margar af þeim stöðum hafa verið auglýstar lausar til umsóknar?
3. Í hvað margar stöður tollþjóna og yfirmanna í tollgæzlu hefur verið ráðið sama tímabil, og hve margar þeirra hafa verið auglýstar?
4. Hvað margir fríhafnarstarfsmenn hafa hafið störf á sama tímabili, og hve mörg þeirra starfa hafa verið auglýst?

V. Til menntamálaráðherra um friðlýsingu Eldborgar.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvers vegna er friðlýsing Eldborgarinnar austur af Stóra-Kóngsfelli ekki komin í framkvæmd?

VI. Til menntamálaráðherra um læknadeild háskólans.

Frá Eysteini Jónssyni.

Skortir læknadeild háskólans húsrými eða aðra aðstöðu til þess að útskrifa fleiri lækna en gert hefur verið undanfarin ár?

VII. Til ríkisstjórnarinnar um störf íslenzkra starfsmanna í Kaupmannahöfn.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvernig er háttað samstarfi sendiráðs Íslands, íslenzka prestsins og fulltrúa tryggingaráðuneytisins í Kaupmannahöfn, og hver er verkaskipting milli þeirra?

Hver er árlegur kostnaður af starfsemi hins sérstaka fulltrúa tryggingaráðuneytisins annars vegar og íslenzka prestsins hins vegar?

VIII. Til menntamálaráðherra um starfsemi Fræðslumyndasafns ríkisins.

Frá Geir Gunnarssyni.

Er það með vitund og vilja menntamálaráðuneytisins, að Fræðslumyndasafn ríkisins sendir frá sér áróðursmyndir frá NATO til notkunar við landafræðikennslu í barna- og unglingaskólum?

IX. Til menntamálaráðherra um náttúrugripasafn.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvenær er áformað að koma upp fullgildu náttúrugripasafni í Reykjavík?

Nd. 455. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarp þetta, sem hlotið hefur afgreiðslu í Ed. Þar voru gerðar á því nokkrar breytingar, sbr. þskj. 365. Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur mætti á fundi nefndarinnar og gerði henni grein fyrir stöðu og starfsemi Tryggingasjóðs fiskiskipa, en til þess sjóðs renna, sem kunnugt er, 80% af útflutningsgjaldi, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og samkv. síðari breytingum á þeim lögum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, en nefndarmennirnir LJós, JSk og BP áskilja sér rétt til þess að flytja við það brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 8. marz 1971.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Eyjólfur Konr. Jónsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Guðl. Gíslason.	Lúðvík Jósefsson.	Jón Skaftason.
	Björn Pálsson.	

Ed. 456. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 39 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndarmenn hafa rætt efni frumv., og einnig hefur ákvörðunin um að binda framlag til gæzluvistarsjóðs við ákveðinn hundraðshluta af tekjum ÁTVR verið rædd við fjármálaráðherra, og var skoðun hans sú, að erfitt væri að binda sig við fasta prósentu.

Fyrir stuðning hæstv. fjmrh. var framlag til gæzluvistarsjóðs aukið upp í 12 millj. kr. á fjárlögum þessa árs.

Það er skoðun meiri hl., að nauðsynlegt sé að tryggja gæzluvistarsjóði aukið fjármagn, og hlýtur sú upphæð að vera nokkuð á 2. tug milljóna árlega.

Með hliðsjón af framansögðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. marz 1971.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Axel Jónsson.

Ólafur Björnsson.

Sþ. 457. Tillaga til þingsályktunar [240. mál]

um sumarvinnu unglinga.

Flm.: Jónas Árnason, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auðvelda sveitarfélögum að sjá unglingum fyrir vinnu á sumri komanda með því að leggja fram til skipta handa þeim allt að 20 milljónir króna í þessu skyni gegn jafnháum framlögum frá sveitarfélögunum.

Greinargerð.

Í vor mun fleira fólk en nokkru sinni fyrr koma út úr skólum landsins.

Samkvæmt meðfylgjandi yfirliti frá Fræðslumálaskrifstofunni eru nú skólanemendur á aldrinum 13—20 ára rúmlega 20 þúsund talsins. Hér er átt við nemendur unglinga- og gagnfræðaskólanna, menntaskólanna, Kennaraskólans og Verzlunarskólans að viðbættum ungmennum á umræddu aldursskeiði, sem stunda nám við ýmsa aðra skóla, svo sem iðnskóla, tónlistarskóla, Handíða- og myndlistarskólann, Tækniskólann o. fl. Allmargir nemendur þessara síðastnefndu skóla munu komnir yfir tvítugsaldur, og þegar þeir bætast við, svo og háskólastúdentar og sá fjöldi annars námsfólks, sem komið er yfir tvítugsaldur, reynist heildartala Íslendinga, sem nú stunda skólanám eftir barnaskólastig, vera tæplega 30 þúsund.

Allur þorri þessa fólks verður að fá einhverja vinnu í sumar. En hinn „almenni vinnumarkaður", sem svo er nefndur, mun að öllu óbreyttu ekki geta tekið við nema nokkrum hluta þessa vinnuafls, og hinir eldri munu þar af ýmsum augljósum ástæðum ganga fyrir. Unglingarnir verða frekar settir hjá. Sá vandi, sem æ fleiri foreldrar hafa átt við að stríða á undanförnum árum, að útvega börnum sínum vinnu yfir sumarmánuðina, virðist því munu geta orðið meiri á þessu ári en nokkru sinni fyrr.

Þessi vandi er að sjálfsögðu mestur í höfuðborginni. En hann er einnig mikill í flestum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Raunar hefur allvíða verið skipulögð sérstök unglingavinna á sumrin. Alloft mun þessi vinna þó hafa verið næsta tilgangslítil og ekki vel til þess fallin að þroska unglingana. Það er hæpið uppeldi að láta unglinga hengslast við störf, sem þeir finna að eru aðeins málamyndadútl, en gera engar kröfur til þeirra sem fullgildra einstaklinga.

Þegar á allt er litið, verður ljóst, að mikið skortir á, að málum þessum sé sinnt sem skyldi. Veldur þar mestu, að fjárhagur flestra sveitarfélaga er of naumur til þess, að þau geti af eigin rammleik látið verulega til sín taka á þessu sviði. Ríkið verður því að hlaupa undir bagga. Enda er hér um að ræða uppeldismál, náskylt þeim málum ýmsum, sem sjálfsagt er talið að ríkið beri fjárhagslega ábyrgð á, svo sem skólamálum.

Þó að sú upphæð, sem hér er lagt til að ríkissjóður láti af hendi rakna í þessu skyni, sé svo sannarlega enginn obbi, getur hún án efa orðið til mikils gagns, þegar á móti koma jafnhá framlög frá sveitarfélögunum sjálfum. En flm. vilja taka skýrt fram, að það, sem fyrir þeim vakir, er, að fé þessu verði varið til verkefna, sem ekki aðeins forði unglingunum að nafninu til frá iðjuleysi og tryggi þeim einhver gustukalaun, heldur auki þeim einnig reynslu og þroska.

Fylgiskjal.

Yfirlit um nemendafjölda veturinn 1970—71.

G. Gagnfræðastigsskólar:

	1. b.	2. b.	3. b	4. b.	5. b.	6. b.	Samtals
Unglingaskólar	798	590					1388
Miðskólar	197	245	236				678
Héraðsskólar	81	196	512	229	15		1033
Skólar gagnfræðastigsins í Rvík	1619	1602	1637	779	177	36	5850
Gagnfræðaskólar utan Rvíkur	1790	1753	1714	1018	158	17	6450
Samtals í gagnfr.stigssk.	4485	4386	4099	2026	350	53	15399

F. Aðrir framhalds- og sérskólar:

Húsmæðraskólar	um 409
Bænda- og garðyrkjuskólar	121
Iðnskólar	2052
Matsveina- og veitingaþjónaskólinn	104
Vélskóli Íslands	290
Tækniskóli Íslands	243
Sjómannaskólar	217
Hjúkrunar-, ljósmæðra-, fóstru- og gæzlusystraskólar	347
Ýmsir sérskólar	392
Flugskólar	— 298
Íþróttaskólar	— 500
Námsflokkar, bréfaskóli og málaskólar	— 3207
Tónlistarskólar	3005
Leiklistarskólar og Listdansskóli Þjóðleikhússins	155
Myndlista- og handíðaskólar	672
Verzlunarskólar	812
Kennaraskólar	888
Menntaskólar	2717
Háskóli Íslands	1699
Samtals:	um 18 128
G + F alls í framhalds- og sérskólum*)	— 33 527

Námsmenn við erlenda skóla voru í febrúar 1971 samtals ca. 1063, þar af 729 við háskólanám.

---

* Ath. Allmargir nem. munu tvítaldir, — einkum þeir, sem eru í námsflokkum, mála-, flug-, tón- og myndlistaskólum. Heildarfjöldi nem. er því nokkru lægri.

Nd. 458. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Efni þessa frv. er, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til þess að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi.

Undanfarin ár hafa verið gerðar ýmsar undirbúningsathuganir, og gefa þær tilefni til, að undirbúningsrannsóknum verði haldið áfram. Um ýmsa valkosti er að ræða, er haft geta mikil áhrif á hagkvæmi stöðvarinnar.

Undirritaður meiri hl. nefndarinnar telur rétt, að þessum rannsóknum verði haldið áfram, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með tveimur breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. — Einn nefndarmanna, Eðvarð Sigurðsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 2. marz 1971.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Ásberg Sigurðsson.
Þórarinn Þórarinsson.	Pálmi Jónsson.	Gísli Guðmundsson.

Ed. 459. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndarmenn hafa rætt efni frumv. og sent það til umsagnar Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og stjórn S. Í. S.

Í svörum A. S. Í. er jákvæð afstaða, en bent á, að hliðstætt mál sé í athugun, og sagt frá athugun á samstarfsnefndum. Svipað kemur fram hjá stjórn S. Í. S. Hins vegar er neikvæð afstaða frá stjórn V. Í.

Augljóst er, að nú fer fram athugun á því, með hvaða hætti launþegar geti haft stjórnunarleg áhrif í fyrirtækjum. Þessi athugun fer fram hjá aðilum vinnumarkaðarins. Með hliðsjón af því leggur nefndin til, að frumv. verði **vísað til hæstv. ríkisstjórnar.**

Alþingi, 5. marz 1971.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Axel Jónsson.
Sigurgeir Kristjánsson.	Ólafur Björnsson.	Ásgeir Bjarnason.

Nd. 460. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr.

a. Í tölulið 1 falli niður orðin „og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum“.

b. 7. töluliður orðist þannig:

Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum og af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

c. 2. málsgr. („Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl. 1. mgr.“ o. s. frv.) falli niður.

Ed. 461. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nm. (BJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 8. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Axel Jónsson.
Einar Ágústsson. Steingrímur Hermannsson. Sveinn Guðmundsson.

Ed. 462. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (BJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 8. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Axel Jónsson.
Einar Ágústsson. Steingrímur Hermannsson. Sveinn Guðmundsson.

Nd. 463. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. marz.)

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Iðnfræðsluskóla stjórnar 5 manna skólanefnd. Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn, nema fulltrúa nemenda til tveggja. Skulu þrír skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkv. tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, sem aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis. Einn kjósa nemendur skólans samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Standi eitt sveitarfélag að skóla, skipar sveitarstjórn þrjá skólanefndarmenn.

Að minnsta kosti tveir þeirra, sem bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir.

2. gr.

1. málsl. 20. gr. orðist svo:

Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms í þeim iðngreinum, sem kenndar eru við hlutaðeigandi skóla, alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga eða fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum, sbr. þó 45. gr.

3. gr.

Á eftir 2. tl. 22. gr. komi:

Iðnfræðsluráð getur áskilið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að nemandi hafi hlotið tiltekna lágmarkseinkunn á miðskólaprófi í einstökum námsgreinum svo og í aðaleinkunn.

Þá er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að ákveða, að almenn inntökuskilyrði í iðnfræðsluskóla skuli vera staðlað gagnfræðapróf. Slík breyting skal tilkynnt með a. m. k. eins árs fyrirvara.

4. gr.

Aftan við 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Iðnfræðsluskólar skulu greiða slysatryggingariðgjald samkvæmt lögum um almannatryggingar vegna þeirra nemenda, sém nám stunda í verknámsskóla iðnaðarins, enda séu þeir nemendur ekki á staðfestum námssamningi.

5. gr.

Á eftir 2. tl. 35. gr. komi:

3. Hafi nemandi fatlazt, andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur eða áður, en telst þó fullgildur verkmaður í sumum þáttum iðngreinar, enda hljóti slíkur nemandi aldrei meistarabréf, þótt hann standist verklegt próf.

Menntamálaráðuneytið getur veitt heimild til þess, að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggi fyrir:

A) Umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags.
B) Umsögn iðnfræðsluráðs.
C) Umsögn meistara og vottorð um, að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

Standist umsækjandi prófið, öðlast hann sveinsbréf, sem veitir ekki réttindi til meistarabréfs síðar.

6. gr.

Í stað 1.—3. mgr. 44. gr. komi:

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en hlutaðeigandi sveitarsjóðir hvers skólaumdæmis, sbr. 12. gr., helming, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum nr. 49/1967, 7. og 11. gr.

Nú verður ekki samkomulag milli allra sveitarfélaga í skólaumdæmi um að standa sameiginlega að iðnfræðsluskóla, og getur þá ráðherra heimilað því sveitarfélagi, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið skv. 12. gr., að standa einu eða ásamt fleirum að skólanum á móti ríkissjóði.

7. gr.

45. gr. hljóði þannig:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður, — sveitarsjóðir, ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, — greiða rekstrarkostnað iðnfræðsluskóla í samræmi við lög nr. 49/1967, eftir því sem við getur átt.

Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla, skal það greiða námsvistargjald til þeirra skóla, sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemanda telst í þessu sambandi lögheimili þess atvinnurekstrar, er nemandinn stundar iðnnám við. Stundi nemandi nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á námssamning hjá meistara, skal lögheimilissveit nemandans greiða námsvistargjaldið.

Á sama hátt ber sveitarfélagi að greiða námsvistargjald, ef nemendur úr sveitarfélaginu verða að sækja skóla annars skólaumdæmis, vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins.

Námsvistargjald samkv. lögum þessum er fullt framlag sveitarfélags samkv. 1. mgr. þessarar gr. svo og greiðsla miðað við eðlilega afskrift stofnkostnaðar samkv. 44. gr. þessara laga. Menntamálaráðuneytið ákveður árlega námsvistargjald að fengnum sameiginlegum tillögum þeirra sveitarstjórna, sem að rekstri viðkomandi skóla standa.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sbr. lög nr. 69/1962, annast uppgjör námsvistargjalds samkvæmt þessari grein, milli þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga hverju sinni, af framlagi sjóðsins til þess sveitarfélags, sem inna á greiðslu af hendi, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn samþykkt greiðsluskyldu sína.

Ráðherra ákveður skólagjald í iðnskólum og meistaraskólum, svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 464. Frumvarp til laga [241. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Þó skal Hafnarfjarðarkaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem kann að hafa orðið vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs í sambandi við skipulagsgerðir kaupstaðarins.

Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði. Um ástæður til flutnings frumvarpsins vísast til bréfs frá bæjarstjóranum, sem birt er hér á eftir sem fylgiskjal, og fylgiskjala með frumvarpi til laga um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem við flytjum samtímis þessu frumvarpi.

Fylgiskjal.

HAFNARFJARÐARBÆR

Hafnarfirði, 12. febr. 1971.

Í framhaldi af bréfi voru og sveitarstjórans í Garðahreppi, dags. í dag, varðandi breytingu á lögsagnarumdæmismörkum Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps, leyfum vér oss nú, herra alþingismaður, að fara þess á leit við yður, að þér hlutizt til um, að flutt verði á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysjar í Garðahreppi.

Nú þegar er búið að staðfesta skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði. Þótti skipulagslega eðlilegt og nauðsynlegt, að það tæki inn á ca. 16.5 ha. úr landi Dysja, eign ríkissjóðs. Er hér um óræktað land að ræða og ólíklegt, að það hafi veruleg áhrif á afnotagildi jarðarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristinn Ó. Guðmundsson.

Hr. alþingismaður Matthías Á. Mathiesen,
Hringbraut 59, Hafnarfirði.

Nd. 465. Frumvarp til laga [242. mál]

um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum.

Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í punkt, sem er hnit X 24.055, Y 10.625 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
2. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 23.955, Y 10.965 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
3. Þaðan bein lína í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins.
4. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
5. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 21.570, Y 10.440 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
6. Þaðan bein lína í vörðu í Stórakrók.
7. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika.
8. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi.
9. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvarinnar.
10. Eftir stíflugarðinum yfir tjörnina.
11. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni.
12. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarkinn.
13. Þá lína í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar.
14. Þaðan í Lækjarbotna.
15. Þaðan í Gráhellu.
16. Þaðan í miðjan Ketshelli.
17. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í Kaplatór (Strandatorfur).
18. Þaðan bein lína í Markraka.
19. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi.
20. Þaðan bein lína í Markhelluhól.
21. Þaðan í Hraunkrossstapa.

22. Þá í Miðkrossstapa.
23. Þá í Hólbrunnshæð.
24. Þá í Stóra-Grænhól.
25. Þá í Skógarhól.
26. Og í Markaklett við Hraunsnes.

B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 46 frá 23. maí 1964.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði og sveitarstjórans í Garðahreppi. Um ástæður til flutnings frumvarpsins vísast til bréfa frá þessum aðilum, sem birt eru hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Hafnarfirði, 12. febr. 1971.

Hr. alþingism. Matthías Á. Mathiesen,
Hafnarfirði.

Þegar nýtt byggðahverfi var skipulagt árið 1967 fyrir Hafnarfjörð við norðurmörk bæjarlandsins, nú kallað „Norðurbær", þótti eðlilegt af skipulagsástæðum, að það næði lítið eitt inn á land jarðarinnar Dysjar í Garðahreppi, eign ríkissjóðs. Stærð lands Dysja, sem skipulag Hafnarfjarðarkaupstaðar tekur til, er að stærð ca. 16.5 ha.

Samningar hafa tekizt fyrir forgöngu skipulagsstjóra ríkisins milli sveitarstjórnar Garðahrepps og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um, að lögsagnarumdæmismörkunum milli sveitarfélaganna verði breytt vegna áðurnefnds skipulags. Í því samkomulagi er einnig gert ráð fyrir, að land það á norðurmörkum Hafnarfjarðar, norðan fyrirhugaðrar brautar milli Engidals og fyrirhugaðrar Reykjanesbrautar ofan Vífilstaða, að stærð allt að 25 ha., sem fer þó eftir endanlegri staðsetningu brautanna, verði eign Garðahrepps og í lögsagnarumdæmi hreppsins.

Með hliðsjón af ofangreindu samkomulagi, sbr. ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 17. nóv. 1970 og ályktun sveitarstjórnar Garðahrepps frá 7. apríl 1967, leyfum vér oss að fara þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér hlutizt til um, að flutt verði á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um breytingu á lögsagnarumdæmum þessara sveitarfélaga, er samrýmist ofangreindum samþykktum sveitarfélaganna.

Virðingarfyllst,

Sveitarstjórinn í Garðahreppi. Ólafur G. Einarsson

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði. Kristinn Ó. Guðmundsson

Fylgiskjal II.

HAFNARFJARÐARBÆR

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 17. nóv. 1970 var gerð svo hljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrir sitt leyti, að markalínu milli lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps skuli breytt svo, að hún verði framvegis þannig:

1. Bein lína úr „Balaklöpp" við vesturenda Skerseyrarmalar í punkt, sem er hnit X 24.055, Y 10.625 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
2. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 23.955, Y 10.965 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
3. Þaðan bein lína í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins.
4. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
5. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 21.570, Y 10.440 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
6. Þaðan bein lína í vörðu í Stórakrók.

.....

.....

Jafnframt er bæjarstjóra falið að leita eftir því við hið háa Alþingi, að framangreindar breytingar verði gerðar á lögum um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, nr. 46 frá 23. maí 1964 og að heimilað verði að selja Hafnarfjarðarbæ land ríkisins, sem samkvæmt breytingunum fellur undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Bæjarstjóra heimilað að semja við sveitarstjóra Garðahrepps um ráðstafanir á landi Hafnarfjarðarbæjar, sem samkvæmt breytingu þessari fellur undir lögsagnarumdæmi Garðahrepps."

Fylgiskjal III.

SVEITARSTJÓRINN í GARÐAHREPPI

Garðahreppi, 10. 2. 1971.

Úr gjörðabók hreppsnefndar Garðahrepps 7. apríl 1967.

„Hreppsnefndin samþykkir makaskipti við Hafnarfjarðarbæ á reitum A og B, samkv. uppdrætti skipulagsstjóra ríkisins, dags. 15. febr. 1967.

Reitur A úr landi Garðahrepps, stærð ca. 16.5 ha., verði í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Reitur B úr landi Hafnarfjarðar, stærð ca. 25 ha. Hafnarfjörður afsali þeim reit til Garðahrepps og lögsagnarumdæmismörk Hafnarfjarðar breytist í samræmi við það."

Sveitarstjórinn í Garðahreppi

Ólafur G. Einarsson.

Fylgiskjal IV.

Ár 1967, miðvikudaginn 22. febrúar, kl. 15, komu undirritaðir saman til fundar á skrifstofu bæjarverkfræðings í Hafnarfirði til þess að ræða hugsanleg makaskipti á löndunum milli Hafnarfjarðar og Garðahrepps og breytingu á lögsagnarumdæmismörkum í samræmi við það.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur tilnefnt Kristin Guðmundsson, bæjarstjóra, og Guðmund Óskarsson, bæjarverkfræðing, í viðræðunefnd af sinni hálfu, en af hálfu hreppsnefndar Garðahrepps mæta þeir Einar Halldórsson, oddviti, og Ólafur G. Einarsson, sveitarstjóri.

Skipulagsstjóri ríkisins, Zóphónías Pálsson, og Hrafnkell Thorlacius, arkitekt, taka þátt í viðræðunum.

Í samræmi við ákvörðun fundar ofannefndra aðila hinn 15. þ. m. lagði skipulagsstjóri fram uppdrátt, dags. 22. febr. 1967, þar sem merktir eru þeir reitir, sem til greina virðast koma í sambandi við makaskipti.

Reitur „A“ er í hrauninu sunnan Álftanesvegar, stærð ca. 16.5 ha. Reitur „B“ er í hrauninu austan Engidals, stærð ca. 25.0 ha.

Þá eru einnig merktar spildur í Setbergshverfi, vestan Reykjanesbrautar, þ. e. lönd Finnboga Guðmundssonar, Hrefnu Árnadóttur, Benedikts Einarssonar, Íshúss Reykdals, Verksmiðju Reykdals og íbúðarhúsið Reykholt merkt C og D, samt. 3.9 ha.

Enn fremur er merkt á uppdrættinum spilda „E“ sunnan Kinnahverfis úr landi Setbergs.

Samþykkt að leggja til við sveitarstjórnirnar, að makaskipti fari fram á reitum merktum „A“ og „B“ og Hafnarfjarðarbær reyni samninga við Benedikt Einarsson um uppkaup á landi hans í reitum „C“ og „D“.

Gjört í Hafnarfirði, 22. febr. 1967.

Kristinn Ó. Guðmundsson. Einar Halldórsson. Zóphónías Pálsson.

Hrafnkell Thorlacius. Guðmundur Óskarsson. Ólafur G. Einarsson.



Ed. **466. Frumvarp til laga** [243. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.


Flm..: Einar Ágústsson, Axel Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sigurjóni Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Grenimel 10, Reykjavík, hluta, nánar tiltekið 0.53 ha. skv. meðfylgjandi uppdrætti, úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. Verð jarðarhlutans fer eftir samkomulagi, en að öðrum kosti skal það ákveðið að mati tveggja dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.



Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Árið 1959 keypti Sigurjón Guðmundsson framkvæmdastjóri, Reykjavík, hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, 3.15 ha., af þáverandi eiganda jarðarinnar, Guðmundi Tryggvasyni. Hóf hann þegar mikla trjárækt í landi sínu, og hefur hann nú gert þennan reit einn hinn fegursta í þessum landshluta, eins og allir þeir, er leið eiga um Vesturlandsveg, geta kynnt sér af eigin raun.

Nú hefur Sigurjón þegar fullræktað eignarland sitt og hefur hug á því að halda ræktun áfram, en vantar til þess nokkuð aukið landssvæði.

Spilda sú, sem hér um ræðir, er aðeins hálfur hektari og hefur engin áhrif á notagildi jarðarinnar fyrir núverandi eiganda hennar, ríkissjóð.

Flutningsmönnum finnst vel við eigandi að þakka Sigurjóni Guðmundssyni frábær störf hans í þágu skógræktar og landgræðslu með því að gefa honum kost á að kaupa það land, sem hann hefur hug á að eignast til áframhaldandi ræktunarstarfa.

Ed. 467. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Ásgeir Bjarnason og Kristján Ingólfsson áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Karl Guðjónsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 9. marz 1971.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Kristján Ingólfsson.
Ásgeir Bjarnason.	Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.

Nd. 468. Frumvarp til laga [244. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Við B-lið 8. gr. laganna bætist:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, allt að kr. 75 000.00 á íbúð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu lánveitingar samkv. 1. gr. heimilar frá 1. janúar 1971.

Greinargerð.

Einn þáttur júnísamkomulagsins 1964, er þá leysti miklar vinnudeilur, var yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um, að upp skyldu tekin sérstök viðbótarlán við hin

almennu íbúðalán húsnæðismálastjórnar „til að greiða fyrir íbúðabyggingum efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga". Í samræmi við þessa yfirlýsingu var lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins breytt, og hafa hin svonefndu verkalýðslán síðan verið veitt meðlimum verkalýðsfélaganna og hafa numið allt að 75 þús. kr. á íbúð.

Með breytingum á lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem samþykkt voru á síðasta þingi, var ákveðið að fella lán þessi niður frá árslokum 1970.

Aðstaða félagsmanna hinna almennu verkalýðsfélaga til íbúðakaupa hefur lengi verið mun lakari en flestra annarra. Hvort tveggja er, að tekjur þeirra eru lægri, og þeir hafa ekki átt kost á lánum úr lífeyrissjóðum. Verkalýðslánin voru því spor í þá átt að jafna nokkuð þennan aðstöðumun. Enn eiga þessir félagsmenn verkalýðsfélaganna ekki kost á lánum úr lífeyrissjóðum til íbúðakaupa. Sömu rök og til þess lágu 1964, að þessi sérstöku viðbótarlán voru upp tekin, eru enn til staðar.

Í ljós hefur komið, að niðurfelling þessara lána hefur komið mörgum félagsmönnum verkalýðsfélaganna í mikinn vanda, þar sem þeir höfðu treyst á að fá þessi lán. Frá árinu 1964 hefur byggingarkostnaður meir en tvöfaldazt. Ástæða væri því til að hækka þessi lán að sama skapi, til þess að þau kæmu að sviþuðum notum og þau gerðu í fyrstu. Í frv. þessu er þó gert ráð fyrir, að lánin haldist óbreytt í krónutölu, og verður því eigi trúað, að sú tillaga nái ekki fram að ganga.

Nd. 469. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir, að stofnað verði hlutafélag, er hafi það verkefni með höndum „að kanna aðstæður til að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót", eins og í frv. segir. Gert er ráð fyrir, að útlendir aðilar geti orðið þátttakendur í þessu hlutafélagi. Ég tel eðlilegt, að kannað verði, hvort hagkvæmt sé fyrir Íslendinga, að hér verði reist olíuhreinsunarstöð, og get fallizt á, að komið verði á fót hlutafélagi, er hafi þá athugun með höndum. Hins vegar er ég því mótfallinn, að stofnað verði til hlutafélags með erlendum aðilum í þessu skyni. Ég tel, að íslenzkt félag geti leitað sérfræðilegra upplýsinga og aðstoðar eftir þörfum og þá einnig leitað til erlendra sérfræðinga, ef þess verður talin þörf. Ég legg því til, að frv. verði breytt á þá lund, að hér verði einvörðungu um hlutafélag innlendra aðila að ræða, og flyt breytingartillögu þar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. marz 1971.

Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 470. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til laga um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og meiri hluti stjórnar félagsins skipaður fulltrúum þess.

Sþ. 471. Breytingartillaga [197. mál]

við till. til þál. um sérstaka athugun á móðurmálskennslu í barna- og gagnfræðaskólum og tillögur til úrbóta.

Frá Magnúsi Kjartanssyni og Jónasi Árnasyni.

Við tillögugreinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
Hvort ekki sé ástæða til að taka upp auðveldari stafsetningu en nú tíðkast og fella niður kreddur í greinarmerkjasetningu.

Sþ. 472. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um endurskoðun ábúðarlaga, nr. 36 29. marz 1961.

Flm.: Pálmi Jónsson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta endurskoða ábúðarlög, nr. 36 frá 29. marz 1961. Skulu niðurstöður endurskoðunarinnar lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Sum ákvæði ábúðarlaga eru að dómi flutningsmanna úrelt orðin og þörf á að færa þau að núverandi aðstæðum. Svo er t. d. um þau stærðarmörk, sem um er fjallað í 1., 2., 9. og 41. gr. laganna. Þá virðist ástæða til að taka til athugunar ýmislegt af því, sem lögin ákvarða um réttindi og skyldur landsdrottins og leiguliða. Sé m. a. kannað, hvort þar er ekki að finna ákvæði, sem í framkvæmd hafa um of valdið tregðu hjá eigendum lögbýlisjarða við að byggja þær með þeim hætti, sem til er ætlazt í lögunum. Þá verði og athugað hvernig unnt sé að gera rétt sveitarstjórnar virkari en nú er, í sambandi við kaup og sölu hlunnindajarða.

Ástæða virðist og til að hugleiða nánar, hvort heppilegt sé að hafa í gildi allt að fern ábúðarlög, svo sem nú er, allt eftir því hvenær byggingarbréf er gefið út. Enn fremur sýnist réttmætt, að tekið verði til athugunar, hvort eigi sé eðlilegt að fella undir ein lög bæði lög þessi og lögin um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð o. fl., nr. 102 frá 21. des. 1962, og taka hvor tveggja lögin til samræmingar og endurskoðunar í senn.

Ýmis fleiri atriði í ábúðarlögum mætti nefna, sem þörf virðist á að hugleiða, hvort eigi mættu betur fara, og styður það allt þá skoðun flutningsmanna, að tímabært sé að taka lög þessi til gaumgæfilegrar endurskoðunar.

Ed. 473. Frumvarp til laga [246. mál]

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að 200 milljónum króna.

2. gr.

Eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra og bankastjórar Landsbankans geta með umboði falið öðrum undirritun bankavaxtabréfanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1965 fékk veðdeild Landsbanka Íslands með lögum nr. 73 frá 22. maí heimild til að gefa út bankavaxtabréf allt að 100 milljónum króna. Þar sem heimild þessi hefur verið notuð að fullu, þykir rétt að hækka hana um 100 milljónir króna í 200 milljónir króna.

Einnig þykir rétt að gera undirskrift bankavaxtabréfanna handhægari en áður, þannig að veita megi með umboði undirskriftarheimild þeim, er annast daglega framkvæmd lánveitinganna.

Að öðru leyti vísast til athugasemda, er fylgdu lagafrumvarpi því, er varð lög nr. 73/1965.

Ed. 474. Frumvarp til laga [247. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, svo og reglugerðum eða auglýsingum, sem viðskiptaráðuneytið setur samkvæmt heimild í lögum þessum, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands. Sama gildir um hvers konar þjónustugreiðslur til annarra landa.

Fjármagnsgreiðslur til annarra landa skulu háðar sérstökum leyfum, nema annað sé ákveðið í reglugerð.

Ráðuneytið hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, er nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Viðskiptabankar þeir, er heimild hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, skulu ásamt ráðuneytinu og Seðlabankanum reka sameiginlega deild, er nefnist gjaldeyrisdeild bankanna. Ráðuneytið ákveður með reglugerð stjórn hennar og starfshætti. Deildin annast úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa og fylgist með framkvæmd viðskiptabankanna á lögum þessum og reglugerðum, auglýsingum og fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim. Enn fremur annast deildin skýrslugerð um gjaldeyrisviðskipti viðskiptabankanna.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr., getur ráðuneytið að höfðu samráði við Seðlabankann takmarkað eða stöðvað um tíma hvers konar gjaldeyrisviðskipti, ef nauðsyn ber til vegna hættu- eða óvissuástands í gengis- eða gjaldeyrismálum innanlands eða utan.

4. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem háðar eru leyfisveitingum, nema tilskilin leyfi séu fyrir hendi. Eigi má heldur tollafgreiða vörur, nema staðfesting gjaldeyris-

banka liggi fyrir um það, að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum löglegum hætti, t. d. með lántöku eða greiðslufresti. Seðlabankinn setur nánari reglur um það, hvernig slíkum yfirlýsingum skuli háttað.

Gjaldeyrisbankar mega ekki láta af hendi gjaldeyri, nema viðkomandi greiðsla sé frjáls eða leyfi fyrir hendi, er gefið sé út samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Seðlabankinn getur sett reglur um takmarkanir á útflutningi og innflutningi peningaseðla og hvers konar sleginnar myntar, gulls, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða á greiðslu í íslenzkum eða erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem aðilar, skráðir eða búsettir hér á landi, eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal án óeðlilegs dráttar seldur Seðlabankanum eða bönkum þeim, sem heimild hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri.

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem þeim er seldur. Þó skulu þeir selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir þeirra, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

Gjaldeyrisdeildin, svo og gjaldeyriseftirlit Seðlabankans, eftir því sem við á, geta veitt undanþágu frá reglum 1. málsgr., svo og leyft tilteknum aðilum að eiga reikninga í erlendum gjaldeyri og nota gjaldeyristekjur sínar til að inna tilteknar greiðslur af hendi.

7. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til bankanna, og erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber því að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu banka.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera gjaldeyriseftirlitinu fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum og veita því nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi.

8. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis, er endurgreiðist á lengri tíma en einu ári, nema með samþykki ráðuneytisins. Til lána telst í þessu sambandi hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs.

Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ráðuneytið setur að höfðu samráði við Seðlabankann. Gjaldeyrisdeildin hefur með höndum framkvæmd þessara reglna hjá gjaldeyrisviðskiptabönkunum.

Lántökur gjaldeyrisviðskiptabanka erlendis til að endurlána innlendum aðilum skulu háðar ákvæðum þessarar greinar.

9. gr.

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skulu þeir gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma, nema að því leyti, sem viðskiptaástæður krefjast um skamma hríð. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

10. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða, að ekki megi bjóða vörur til sölu til útlanda né selja þær til útlanda eða flytja þær úr landi, nema að fengnu leyfi þess. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

11. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og innflutningsleyfum allt að 1% gjald af fjárhæð leyfa. Gjald þetta skal ganga til gjaldeyrisdeildar bankanna að því leyti, sem nauðsynlegt er til að standa straum af rekstrarkostnaði hennar. Að öðru leyti skal gjaldið renna í ríkissjóð.

12. gr.

Gjaldskrá bankanna um þóknanir fyrir gjaldeyrisviðskipti skal gerð af Seðlabankanum í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana og samþykkt af ráðuneytinu.

13. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

14. gr.

Heimilt er að stöðva til bráðabirgða gjaldeyrissölu til þeirra aðila, sem að mati gjaldeyriseftirlits eða gjaldeyrisdeildar hafa brotið settar gjaldeyrisreglur, þar á meðal um skilaskyldu, notkun erlends gjaldfrests, skýrslugerð og önnur atriði, er gjaldeyrisviðskipti varða. Ákvörðun um þetta má áfrýja til ráðuneytisins, en slík ákvörðun stöðvar þó ekki framkvæmd ákvörðunar.

15. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta allt að fimm þúsund króna dagsektum til ríkissjóðs. Ráðherra úrskurðar dagsektir, og er úrskurður hans aðfararhæfur.

Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt 15. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum allt að 2 millj. kr. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

17. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 frá 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjölfar þeirra efnahagsráðstafana, sem komu til framkvæmda á árinu 1960, fór ný stefna í innflutnings- og gjaldeyrismálum. Að meginefni til fólst hún í því, að innflutningur á vörum til landsins skyldi vera frjáls. Kom þetta m. a. fram í lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., en þau

lög gilda enn að meginefni til. Á þeim nær 11 árum, sem síðan eru liðin, hefur sú stefna, sem mótuð var með fyrrgreindri lagasetningu, verið framkvæmd í vaxandi mæli og er nú svo komið, að nær allur innflutningur til landsins er frjáls. Á þessu tímabili hafa orðið ýmsar þær breytingar, sem gefa tilefni til að endurskoða gildandi lagaákvæði, enda sum ákvæði laganna orðin úrelt eða hafa verið felld úr gildi. Þá kemur það til, að fyrirhuguð er á næstunni mikilvæg breyting á skipulagi gjaldeyrisverzlunar, sem óhjákvæmilegt er að tillit sé tekið til í lögum um gjaldeyrismál.

Hefur Seðlabankinn gert um það tillögur til viðskiptaráðherra, að til viðbótar þeim tveimur viðskiptabönkum, Landsbanka og Útvegsbanka, sem hafa rétt til gjaldeyrisverzlunar, skuli þremur bönkum veitt þessi réttindi, þ. e. Búnaðarbanka, Iðnaðarbanka og Verzlunarbanka. Hefur ráðherra fallizt á þessa tillögu og í framhaldi af því er þetta frumvarp flutt. Felur það í sér nauðsynlegar breytingar á löggjöfinni um innflutnings- og gjaldeyrismál, bæði að því er varðar skipulagsmál og viðskipti gjaldeyrisbankanna við útlönd.

Gert er ráð fyrir, að veitingu gjaldeyrisréttinda til hinna þriggja viðskiptabanka fylgi viss skilyrði. Annars vegar er fyrirhugað, að framkvæmdin verði í áföngum og þá við það miðað, að þróun gjaldeyrisviðskipta verði ekki hraðari en tæknileg og fjárhagsleg geta hinna nýju gjaldeyrisbanka leyfir, og enn fremur, að hún valdi ekki óeðlilega mikilli röskun á viðskiptum. Hins vegar er óhjákvæmilegt, að hinir nýju gjaldeyrisbankar taki að sér fjölbreyttari viðskipti en þeir hafa hingað til haft og beini fjármagni sínu í vaxandi mæli til útflutningsatvinnuveganna og undirstöðufyrirtækja í verzlun og iðnaði, en létti að sama skapi byrðum af eldri gjaldeyrisbönkunum í þessu efni.

Þeirri meginstefnu, sem mörkuð var með lögunum frá 1960, er fylgt í frumvarpinu. Samkvæmt heimild í þeim lögum voru settar reglur um skipulag gjaldeyris- og innflutningsmála, og hafa þær reglur mótazt á undanförnum áratug. Hefur fengizt af því góð reynsla, og er nú talið rétt að lögfesta þessa skipan. Er um að ræða samvinnu gjaldeyrisbankanna og viðskiptaráðuneytisins í gjaldeyrisdeild bankanna, en henni yrði m. a. falin veiting gjaldeyris og/eða innflutningsleyfa, auk ýmiss konar verkefna varðandi gjaldeyrisverzlunina, sem hagkvæmt er, að bankarnir hafi samvinnu um. Er þetta og til mikils hagræðis fyrir viðskiptalífið og almenning.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ástand á gjaldeyrismörkuðum utanlands og innan hefur á undanförnum árum ekki ætíð verið svo tryggt sem skyldi. Æskilegt er því að hafa ákvæði í lögum, sem heimili að grípa til sérstakra ráðstafana, þegar slíkt óvissuástand skapast. Í þessu frumvarpi, 3. gr., er slík heimild til handa viðskiptaráðuneytinu og verður það að teljast sjálfsögð öryggisráðstöfun.

Það er afleiðing þeirrar starfsemi, sem gjaldeyrisviðskiptabankarnir reka með kaupum og sölu á gjaldeyri, að þeir geta eignazt innstæður erlendis, en einnig er þeim af viðskiptaástæðum nauðsyn á að geta tekið erlendis stutt lán, sem þá eru að jafnaði innan umsamdra yfirdráttarheimilda hjá viðskiptabönkum þeirra.

Innstæður, sem gjaldeyrisviðskiptabankarnir eignast erlendis umfram eðilegar viðskiptaþarfir, verður að skoða sem hluta af þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem landið ræður yfir. Allajafna verður að gera ráð fyrir, að gjaldeyrisviðskiptabankarnir varðveiti slíkar innstæður sjálfir, en þó verður að telja nauðsynlegt, að Seðlabankinn, sem er falið það hlutverk samkvæmt lögum að varðveita gjaldeyrisvarasjóð landsins, geti fengið keyptan slíkan gjaldeyri, ef hann telur nauðsyn bera til, t. d. vegna ástands gjaldeyrismála, og að því miðar ákvæði 6. gr. frumvarpsins.

Það er á sama hátt nauðsynlegt, að lántökur gjaldeyrisviðskiptabankanna erlendis séu innan þeirra marka, sem eðlilegar viðskiptaþarfir krefjast, og að jafnaði ekki umfram það, sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Er nauðsynlegt, að Seðlabankinn geti fylgzt með slíkum lántökum viðskiptabankanna. Ákvæði í 9. gr. frumvarpsins eru við þetta miðuð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er í aðalatriðum samhljóða 1. gr. gildandi laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Gert er ráð fyrir þeirri meginreglu, að gjaldeyrisgreiðslur fyrir vörum og þjónustu séu frjálsar, en um undantekningar frá þeirri reglu geti verið að ræða. Um undantekningar verði hins vegar sett ákvæði í reglugerðum og auglýsingum. Í 2. mgr. er þó sett sú meginregla, að fjármagnsgreiðslur til annarra landa skuli vera bundnar sérstökum leyfum, en veita megi undanþágu frá þeirri reglu með ákvæðum í reglugerð. Er þetta í samræmi við framkvæmdavenju á þessu sviði og eðlilegt.

Heimild 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1960 helzt óbreytt í 3. mgr.

Í lögum nr. 30/1960 er fram tekið, að ríkisstjórnin fari með ákvörðunarvald samkvæmt lögunum, en í reynd hafa innflutnings- og gjaldeyrismál verið í höndum viðskiptaráðuneytisins, og er því í frumvarpinu alls staðar við það miðað, að viðskiptaráðuneytið hafi á hendi framkvæmd laganna.

Um 2. gr.

Með lögum nr. 30/1960 var viðskiptabönkum, sem hafa með höndum kaup og sölu gjaldeyris, falin úthlutun leyfa, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Samstarfsvettvangur bankanna hefur verið svokölluð gjaldeyrisdeild bankanna, þar sem viðskiptaráðuneytið og í vissum tilvikum einnig Seðlabankinn hafa átt aðild. Auk leyfaútgáfu hefur deildin fylgzt með notkun erlends gjaldfrests til allt að 12 mánaða, haft á hendi skýrslugerð og eftirlit með framkvæmd gjaldeyrismála í viðskiptabönkunum, auk ýmissa annarra mikilvægra mála, er varða gjaldeyris- og innflutningsmál.

Er því gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að gjaldeyrisdeildin verði lögfest og heiti gjaldeyrisdeild bankanna og allir gjaldeyrisbankarnir standi að henni auk viðskiptaráðuneytisins. Fari gjaldeyrisdeildin með leyfamál, skv. ákvæðum laganna, auk ýmissa mála, er varða framkvæmd innflutnings- og gjaldeyrismála í samræmi við þær reglur, sem settar eru á hverjum tíma. Um stjórn og starfshætti deildarinnar fer eftir reglugerð, sem ráðuneytið setur.

Í frv. er gerður greinarmunur á gjaldeyrisbönkum og gjaldeyrisviðskiptabönkum. Með gjaldeyrisbönkum er átt við alla banka, sem verzla með gjaldeyri, bæði Seðlabankann og viðskiptabanka þá, sem heimild hafa til slíkra viðskipta. Hugtakið gjaldeyrisviðskiptabankar er því þrengra og nær ekki til Seðlabankans.

Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða frá 2. gr. laga nr. 30/1960, en athygli skal á því vakin, að lokasetning hennar er felld niður, en hún er á þá leið, að ríkisstjórninni sé heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða mikilvæg atriði, sem ekki hafa verið skýr ákvæði um í lögum. Vísast um þetta til hinna almennu athugasemda við frv.

Um 4. gr.

Engin efnisbreyting er í greininni frá 3. gr. laga nr. 30/1960, sbr. 7. og 10. gr. reglugerðar nr. 79/1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála.

Um 5. gr.

Ákvæði um þessi atriði er nú að finna í 5. gr. laga nr. 30/1960, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 79/1960. Hefur Seðlabankinn farið með framkvæmd þessara mála eftir

reglum, sem ráðuneytið hefur sett. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir, að Seðlabankinn setji umræddar reglur, og eiga þær nú einnig að ná til erlendra skuldbindinga og gulls í hvaða mynd, sem það er.

Um 6. gr.

Fyrsta mgr. frv. svarar til 4. gr. laga nr. 30/1960 og er um litla efnisbreytingu að ræða. Þó er skilgreint nánar, hverjir séu skilaskyldir. Lagt er til, að það verði allir aðilar, sem búsettir eru hér á landi, og allir aðilar, sem skráðir eru hér á landi.

Um nýtt ákvæði í 2. mgr. vísast til hinna almennu athugasemda við frv.

Í 3. mgr. er ákvæði um, að gjaldeyrisdeildin og gjaldeyriseftirlitið, hvort á sínu sviði, geti veitt undanþágu frá skilaskyldu skv. 1. mgr. Sömuleiðis er rétt, að undir sömu aðila sé að sækja um heimildir til að eiga erlenda reikninga við banka eða hjá öðrum aðila utanlands eða innan, en beint ákvæði um það hefur ekki verið í lögum né reglugerð.

Undanþágur frá skilaskyldu gjaldeyris eru veittar skv. föstum venjum, sem um það hafa skapazt á löngum tíma. Kemur þetta einkum fyrir, þegar um er að ræða gjaldeyrisaflandi aðila, sem bera kostnað í erlendum gjaldeyri, t. d. við sölustarfsemi, sem eðlilegt er að greiðist af gjaldeyristekjum. Einnig getur verið óhjákvæmilegt að samþykkja frádrátt á söluandvirði vöru, t. d. vegna galla, sem komið hefur fram.

Sú efnisbreyting er í þessu atriði, að nú fær gjaldeyriseftirlitið beina heimild til að veita undanþágu frá skilaskyldu, og skoðast sú heimild tengd því sviði, sem gjaldeyriseftirlitið starfar á. Undanþágur varðandi vanhöld á eðlilegum skilum útfluttra afurða eru bornar undir ráðuneytið, en það gefur út útflutningsleyfi, skv. 10. gr.

Loks vísast í 17. og 18. gr. reglugerðar nr. 79/1960 með reglum um heimildir skipafélaga, flugfélaga, útgerðaraðila og tryggingarfélaga til þess að nota gjaldeyristekjur til að inna tilteknar greiðslur af hendi. Verður reglugerð að sjálfsögðu gefin út að nýju með ítarlegum reglum um þessi svið og önnur skv. frv., ef það nær fram að ganga. Þar til nýjar reglugerðir verða gefnar út, gilda núverandi reglugerðir (nr. 78 og 79/1960), eftir því sem við á.

Um 7. gr.

Greinin er sama efnis og 6. gr. laga nr. 30/1960. Hún er og í samræmi við 21. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabankann.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði 7. gr. laga nr. 30/1960 endurtekin í aðalatriðum og óbreytt að efni til.

Erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs hafa verið háðar leyfum ráðuneytisins.

Um erlendar lántökur til 12 mánaða eða skemmri tíma hafa verið fastar reglur undir eftirliti bankanna og ráðuneytisins. Er í 2. mgr. ráðgert, að ráðuneytið setji reglur um þær í samráði við Seðlabankann, en að framkvæmdin verði falin gjaldeyrisdeildinni.

Þá er í síðustu mgr. kveðið svo á, að lántökur gjaldeyrisviðskiptabankanna erlendis til endurlána til innlendra aðila skuli háðar samþykki viðskiptaráðuneytis, eins og önnur lán samkv. þessari gr. Slíkar lántökur eru að jafnaði til sérstakra tiltekinna framkvæmda og getur verið hagkvæmnisatriði, að viðskiptabanki taki lánið og endurláni það í stað þess, að viðkomandi aðili taki lán beint.

Um 9. gr.

Greinin var ekki í lögum nr. 30/1960, en með tilliti til fyrirhugaðra breytinga á skipulagi gjaldeyrisverzlunarinnar þykir eðlilegt að setja reglur um þau atriði, sem þessi gr. fjallar um. Um skýringar við gr. að öðru leyti vísast til hinna alm. athugasemda.

Um 10. gr.

Samsvarandi ákvæði eru í 8. gr. laga nr. 30/1960, og þessi gr. frv. er efnislega óbreytt frá því, sem verið hefur. Önnur mgr. 8. gr. laga nr. 30/1960 er þó felld niður, þar sem hún hefur ekki lengur raunhæfa þýðingu.

Þrátt fyrir, að hluti 3. mgr. 8. gr. laga nr. 30/1960 er felldur niður, getur ráðuneytið eftir sem áður bundið útflutningsleyfi þeim skilyrðum, sem það telur nauðsynleg.

Um 11. gr.

Hið almenna leyfisgjald er nú ½% af leyfisfjárhæð, nema á olíur og benzín 0.1%.

Þrátt fyrir þetta þykir rétt að heimila áfram allt að 1% leyfisgjald. Verður andvirði þess varið til að greiða kostnað af starfsemi gjaldeyrisdeildar, en afgangur rennur í ríkissjóð. Þess skal getið, að rekstrarkostnaður verðlagseftirlitsins er nú greiddur skv. fjárlögum.

Um 12. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Undanfarin ár hefur umrædd gjaldskrá gjaldeyrisbanka verið samin af þeim sameiginlega. Með breyttu fyrirkomulagi á skipulagi gjaldeyrisverzlunarinnar er eðlilegt, að Seðlabankinn hafi forgöngu um gerð gjaldskrárinnar, en í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana, en samþykki viðskiptaráðuneytisins komi til.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. laga nr. 30/1960.

Um 14. gr.

Í greininni eru nýmæli til að sporna við hugsanlegum gjaldeyrisbrotum og til að styrkja gjaldeyriseftirlitið og gjaldeyrisdeildina við framkvæmd gjaldeyris- og innflutningsmála.

Um 15. gr.

Greinin er endurtekning á efni 12. gr. laga nr. 30/1960. Viðurlög eru hækkuð og á þeim hert. Sektarheimild hækkar úr 500 þús. í 2 millj. kr., og ákvæði um beitingu dagsekta er styrkt.

Um 16. og 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 475. Frumvarp til laga [248. mál]

um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

I. KAFLI

Um starfsmenn, sem lög þessi taka til, og ráðningarform þeirra.

1. gr.

1.1 Lög þessi taka, eftir því sem við á, til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn til starfs í þágu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfinu.

1.2 Með orðunum „í þágu ríkisins“ í 1.1 er átt við allar stofnanir og fyrirtæki, sem lúta stjórn, sem forseti Íslands eða ráðherra skipar eða kjörin er að einhverju leyti af Alþingi eða starfa með öðrum hætti á ábyrgð íslenzka ríkisins, án tillits til fjárhagslegs sjálfstæðis þeirra, þar með taldir ríkisbankar, svo og þau fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð, sem eru í eigu ríkisins að helmingi eða meiru.

1.3 Ákvæði laga þessara taka ekki til starfsfólks að því leyti sem um kaup þess og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, sbr. lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

1.4 Verði ágreiningur um það, hvort starfsmaður skal sæta ákvæðum laga þessara, sker fjármálaráðherra úr, sbr. þó 47. gr. Vilji starfsmaður eigi hlíta úrskurði ráðherra, getur hann borið málið undir dómstóla, og skal þá höfða mál á hendur fjármálaráðherra.

2. gr.

2.1 Skipun starfsmanns til að gegna starfi í þágu ríkisins er samningur, sem veitir starfsmanni rétt til að gegna starfinu þar til einhver skilyrði 8. gr. þessara laga eru fyrir hendi, sbr. þó 37. gr.

2.2 Setning í starf í þágu ríkisins er samningur um, að starfsmaður gegni starfi um stundarsakir. Setningu er að jafnaði beitt sem undanfara skipunar í starf, en veitir engan varanlegan rétt til starfsins, sbr. þó 2.3. Settan starfsmann má skipa í starf án auglýsingar að nýju eftir að hann hefur gegnt því óaðfinnanlega í eitt ár eða lengur, enda á hann þá rétt á að fá úr því skorið, hvort hann eigi að fá skipun.

2.3 Starfsmaður, sem verið hefur settur samfellt í fjögur ár og gegnt starfi sínu óaðfinnanlega, öðlast rétt skipaðs manns samkvæmt lögum þessum og á kröfu til að fá staðfestingu á þeirri réttarstöðu, enda fullnægi hann öllum skilyrðum um sérmenntun samkvæmt gr. 5.15 þessara laga. Að öðrum kosti öðlast settur starfsmaður þennan rétt, er hann hefur verið settur og ráðinn samtals í 10 ár.

2.4 Starfsmanni, sem settur hefur verið í starf, verður eigi sagt upp starfi nema með uppsagnarfresti, sem sé 3 mánuðir, hafi umrædd setning hans staðið skemur en 2 ár, en 6 mánuðir, hafi setning staðið lengur, nema beitt verði lögjöfnun við 8. gr. eða um sé að ræða setningu um stundarsakir.

2.5 Ráðning til starfs í þágu ríkisins merkir í lögum þessum tímabundinn eða ótímabundinn vinnusamning starfsmanns við ríkið með gagnkvæmum uppsagnarfresti, sem kveður á um í 2.6.

2.6 Starfsmanni, sem ráðinn er ótímabundinni ráðningu til starfs í þágu ríkisins, verður eigi sagt upp starfi nema með uppsagnarfresti, er sé 3 mánuðir, hafi umrædd ráðning hans staðið skemur en 5 ár, 6 mánuðir, sé ráðningartíminn 5 ár eða lengri, en þó ekki 12 ár, en ella 12 mánuðir, enda verði eigi beitt lögjöfnun við ákvæði 8. gr.

3. gr.

3.1 Sérstök skipun starfsmanns til þjónustu við ríkið er ótímabundinn samningur, sem veitir starfsmanni rétt til að vera í þjónustu ríkisins þar til einhverju skilyrða 8. gr. er fullnægt, án þess að hann eigi kröfu til tiltekins starfs.

3.2 Með því að taka sérstakri skipun skuldbindur starfsmaður sig til að vinna hvert það starf, sem ríkisstjórnin fær honum við stjórnun, stjórnsýslu, fræðilegar rannsóknir eða önnur verkefni, allt eftir því, sem bezt er talið þjóna hagsmunum ríkisins hverju sinni.

3.3 Til að hljóta sérstaka skipun skal starfsmaður hafa sýnt í verki, að hann hafi víðtæka þekkingu og reynslu á sviði stjórnsýslu eða fræðistarfa.

3.4 Starfsmanni með sérstaka skipun má fela hvaða starf sem er í þágu ríkisins án auglýsingar skv. 6. grein þessara laga.

3.5 Starfsmenn með sérstaka skipun skulu hafa lögkjör ráðuneytisstjóra án tillits til þess starfs, sem þeir kunna að gegna hverju sinni.

3.6 Fjármálaráðherra fer með mál þessara starfsmanna og er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um starfshætti þeirra.

II. KAFLI

Um aðferð við skipun, setningu og ráðningu starfsmanna.

4. gr.

4.1 Ráðherra skipar og setur starfsmenn til starfa í þágu ríkisins, nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum. Ráðherra getur einnig ráðið starfsmenn, ef hann telur það henta.

4.2 Forstöðumaður stjórnardeildar eða stofnunar eða starfsmenn í hans umboði ráða starfsmenn að því marki, sem þörf krefur og heimildir leyfa.

4.3 Skylt er að gera ráðningarsamning í tvíriti, einu fyrir hvorn aðila. Í samningi þessum skal geta helztu ráðningarkjara.

5. gr.

5.1 Skilyrði til þess að geta fengið skipun eða setningu til starfs skv. lögum þessum eru:

5.11 Tuttugu ára aldur. Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldast.

5.12 Lögræði.

5.13 Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til að gegna því starfi, sem hverju sinni er um að ræða.

5.14 Íslenzkur ríkisborgararéttur.

5.15 Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun, sem lögum samkvæmt eða eðli málsins er krafizt til óaðfinnanlegrar rækslu starfsins, svo framarlega sem völ er á slíkum starfsmanni eftir auglýsingu skv. 6. gr.

5.16 Fjárforræði, ef starfi fylgja fjárreiður eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

5.2 Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

5.3 Skilyrði til að verða ráðinn til starfs skv. lögum þessum er að fullnægja ákvæðum liða 5.13, 5.15 og 5.16 eftir því sem við á.

6. gr.

6.1 Óheimilt er að skipa eða setja í starf, nema starfið hafi verið auglýst í Lögbirtingablaði og dagblöðum, að jafnaði með fjögurra vikna umsóknarfresti. Heimilt er að taka til greina umsóknir, sem berast eftir að umsóknarfrestur er liðinn.

6.2 Regla 6.1 skal gilda um ráðningu í starf, enda verði umsóknarfrestur eigi skemmri en tvær vikur.

6.3 Beri brýna nauðsyn til að ráðstafa starfi án tafar, er heimilt að setja eða ráða í starfið tímabundið meðan það er auglýst eða í forföllum.

6.4 Verði skipulagsbreyting innan stofnunar, þannig að nýtt starf er stofnað, án þess þó að breyting verði á starfsmannafjölda, nægir að auglýsa starf þetta innan hlutaðeigandi stofnunar með sama hætti og fyrir er mælt í 6.2.

6.5 Heimilt er fjármálaráðherra í samráði við hlutaðeigandi fyrirsvarsmenn starfsmanna, sbr. 48. gr., að undanþiggja tiltekin störf auglýsingarskyldu skv. 6.1 og 6.2 að einhverju eða öllu leyti.

6.6 Veita skal umsækjendum og félögum, sem hafa innan sinna vébanda starfsmenn ríkisins, vitneskju um, hverjir sótt hafa um starf, sé þess óskað.

6.7 Ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfa í þágu utanríkisþjónustunnar, nema um nýráðningar sé að ræða til annarra starfa en starfs forstöðumanns fyrir sendiráði.

7. gr.

7.1 Hverjum þeim, sem skipar, setur eða ræður starfsmann til starfs í þágu ríkisins, ber að gera starfsmanninum sem ljósast með setningu erindisbréfs, ákvæðum í ráðningarsamningi eða með öðrum hætti, hvert starf hans er, hvaða skyldur og ábyrgð því fylgja og hvaða heimildir.

7.2 Erindisbréf geymir ákvæði um þau verksvið, sem starfsmanni ber að annast að eigin frumkvæði og undir umsjá yfirmanns, en takmarkar ekki heimild yfirmanns til að fá honum önnur verkefni, ef þörf krefur. Slíkri ákvörðun yfirmanns má skjóta til ráðherra.

III. KAFLI
Um réttindi, sem starfi fylgja.

8. gr.

8.1 Nú er maður skipaður í starf, og ber þá að líta svo á, að hann skuli gegna starfinu, þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:
- að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því;
- að hann fullnægir ekki skilyrðum 5. gr. laga þessara;
- að hann fær lausn samkvæmt eigin beiðni;
- að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 39. gr.;
- að hann tekur við skipun, setningu eða ráðningu í annað starf hjá ríkinu;
- að starfið er lagt niður, sbr. 40. gr.;
- að skipunartími er útrunninn.

8.2 Nú er starf eða störf lögð niður, og skulu þá þeir, sem skipaðir eru, sitja fyrir um að halda starfi gagnvart þeim, sem setningu eða ráðningu hafa innan sömu starfsgreinar.

IV. KAFLI
Um launagreiðslur og hlunnindi.

9. gr.

9.1 Starfsmenn ríkisins skulu taka laun eigi lægri en ákveðið er í samningum samkvæmt lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

10. gr.

10.1 Föst laun og yfirvinna næsta mánaðar á undan greiðast mánaðarlega fyrsta starfsdag eftir 15. hvers mánaðar. Greidd laun eru óafturkræf, þótt starfsmaður verði leystur frá starfi, áður en mánuðurinn er liðinn.

10.2 Nú tekur maður við starfi eftir 1. dag mánaðar, og skulu laun hans þá reiknuð út þannig, að deilt er með tölunni 25 í mánaðarlaun og útkoman margfölduð með dagafjölda í mánuði frá því að starfsmaður hóf störf að frádregnum fjölda sunnudaga á þessum tíma.

10.3 Starfsmönnum, sem gegna starfi, er nemur minna en helmingi af fullu starfi (sbr. 1.1), skal greiða laun, er ákveðin séu í samræmi við meginreglur, er setja skal í reglugerð um þetta efni, enda eigi ákvæði 1.3 ekki við þessa starfsmenn.

11. gr.

11.1 Nú er starfsmaður leystur frá starfi vegna vanheilsu eða slysa, sem honum verður ekki með skynsamlegu mati gefin sök á, og ber þá að greiða honum föst laun, er starfi hans fylgja, í þrjá mánuði.

11.2 Eftirlifandi maka látins starfsmanns, sem lézt í starfi, skal greiða föst laun, sem starfi hans fylgja, í þrjá mánuði frá þeim mánuði, sem dauða hans bar að. Láti starfsmaður ekki eftir sig maka á lífi, skal greiðsla skv. 11.1 renna til dánarbús hins látna.

12. gr.

12.1 Um gjald starfsmanns fyrir jarðarafnot, ljós, hita, fæði eða annað slíkt, sem starfi kann að fylgja, skal kveða á í reglugerð, sem ráðherra setur, með hliðsjón af raunvirði þessa fyrir starfsmanninn og ef við á fyrirhöfn við nýtingu hlunninda.

12.2 Um leigugjald eftir íbúðarhúsnæði, sem starfi fylgir, fer að lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

13. gr.

13.1 Óheimilt er starfsmanni að gefa út ávísanir á laun, sem ekki eru komin í gjalddaga, nema fjármálaráðuneytið veiti til þess samþykki sitt hverju sinni. Sú heimild má þó ekki fara fram úr fjórðungi árslauna. Enginn vinnur rétt samkvæmt slíkri ávísun, nema samþykki ráðuneytis sé fengið.

14. gr.

14.1 Nú þykir hlýða að dómi ráðherra, að starfsmaður beri búning eða einkennismerki í starfi sínu, og ber ríkissjóði að leggja hann eða þau merki til starfsmanni að kostnaðarlausu eftir reglugerð, sem fjármálaráðherra setur.

15. gr.

15.1 Skipun eða setning í starf í þágu ríkisins skal eingöngu miðast við fullt starf.

15.2 Heimilt er að ráða til hluta úr starfi, þegar starf er þannig vaxið eða sérstaklega stendur á, svo sem um konur, sem veita heimili forstöðu, heilsuveila leyfir starfsmanni ekki fulla vinnu og þess háttar, enda megi slíkum starfsháttum koma við að skaðlausu.

15.3 Heimilt er að veita starfsmanni leyfi frá starfi án launa allt að tvö ár samfleytt. Meðan slíkt leyfi varir, nýtur starfsmaður réttinda og ber skyldur skv. I., III., VI., VII., VIII. og IX. kafla laganna, eftir því sem við á.

16. gr.

16.1 Nú gegnir starfsmaður samkvæmt ákvörðun stjórnvalds öðru starfi jafnhliða sínu starfi, og fær hann þá hálf þau föstu laun, er því starfi fylgja. Ef slíku starfi er skipt milli tveggja eða fleiri starfsmanna, kveður ráðherra á um þóknun hvers þeirra með hliðsjón af vinnu og aðstöðu að öðru leyti.

17. gr.

17.1 Ráðherra ákveður með reglugerðum, hvernig háttað skuli greiðslum og uppgjöri á nauðsynlegum ferðakostnaði starfsmanns á vegum ríkisins, innanlands eða utan, greiðslum fyrir notkun eigin bifreiðar starfsmanns í þágu ríkisins og ef við á greiðslu fæðiskostnaðar, risnu, flutninga, mötuneytisaðstöðu, heilsugæzlu og þess háttar.

V. KAFLI
Um orlof.

18. gr.

18.1 Starfsmenn ríkisins skulu árlega fá orlof í 21 virkan dag og einskis í missa af föstum launum. Þeir starfsmenn, sem hafa 8 ára starfsaldur, skulu fá orlof í 24 virka daga. Starfsmönnum, sem eiga að baki lengri starfsaldur en 12 ár, skal veita orlof allt að 27 virkum dögum.

18.2 Þótt starfsmaður hafi unnið skemur en eitt ár í þágu ríkisins, á hann allt að einu rétt á að taka lágmarksorlof. Hins vegar ber honum eigi hærri greiðsla í orlofi en sem nemur launum fyrir einn og þrjá fjórðu hluta úr virkum degi fyrir hvern mánuð, sem hann hefur starfað hjá ríkinu.

18.3 Orlofsárið telst frá 1. júní til 31. maí næsta ár á eftir. Sumarorlof skal tekið á tímabilinu 1. júní til 15. september.

18.4 Forstjóri hverrar starfsgreinar eða skrifstofu ákveður í samráði við starfsmenn, í hverri röð þeir fái orlof. Skal sú ákvörðun tekin fyrir 1. maí, ef óskað er.

18.5 Nú verður samkomulag milli yfirmanns og starfsmanns, að starfsmaður taki orlof utan sumarorlofstíma, og skal hann þá fá þriðjungi lengra orlof en honum hefði borið, ef hann hefði tekið það að sumarlagi.

18.6 Taki starfsmaður ekki orlof tiltekið ár, er honum rétt með samþykki yfirmanns að leggja orlof þess árs við hið næsta til orlofstöku síðara árið.

18.7 Nú tekur starfsmaður ekki orlof samkvæmt beiðni yfirmanns síns, og ber honum þá aukagreiðsla í samræmi við gr. 10.2 fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni fyrir endurgjald.

18.8 Skylt er starfsmanni að taka orlof, ef yfirmaður hans ákveður. Orlofsréttur fyrnist á tveimur árum frá upphafi næsta orlofsárs að telja. Orlof, sem ekki er unnt að taka sökum veikinda, fyrnist skv. þessari mgr.

18.9 Nú verður starfsmaður fyrir slysi eða veikist á þeim tíma, er hann skyldi taka orlof, og skal hann þá þegar tilkynna það yfirmanni sínum, enda frestast þá orlof hans, þar til hann er orðinn heill heilsu.

VI. KAFLI
Um rétt starfsmanna í veikindum.

19. gr.

19.1 Ef starfsmaður veikist og getur af þeim sökum eigi sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum, sem ákveður, hvort læknisvottorðs skuli krafizt. Vottorð skal vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar, ef þess er óskað.

19.2 Krefjast má læknisvottorðs af starfsmanni í veikindum, hvenær sem forstöðumanni stofnunar þykir þess þörf.

20. gr.

20.1 Í lögum þessum telst vinnuvika sá tími, sem starfsmaður notar til að ljúka vikulegri vinnuskyldu.

20.2 Á hverju almanaksári skal starfsmaður eiga rétt á 2 vinnuvikum til sérstakra leyfa eða veikindafjarvista án skerðingar launa, auk þeirra fjarvista, sem um ræðir í 21. gr. Á tímabilinu 1. júní til 15. september skal að jafnaði eigi nota þennan tíma vegna annars en veikindafjarvista.

20.3 Noti starfsmaður þann tíma, sem um ræðir í 2. mgr., ekki til leyfa eða veikindafjarvista, skal hann með febrúarlaunum ár hvert fá greiðslu, er svarar til ónotaðs leyfistíma liðins árs. Um greiðslur fyrir þennan tíma fer eftir reglugerð, sbr. gr. 10.3.

21. gr.

21.1 Starfsmaður, er starfar í þjónustu ríkisins gegn óskertum föstum launum, öðlast eins árs starfsaldur fyrir hvert ár. Taki starfsmaður laun hluta úr ári eða skert laun, öðlast hann starfsaldur í sama hlutfalli og föst laun hans eru af samsvarandi árslaunum.

21.2 Starfsmenn ríkisins eiga rétt á föstum launum og réttindum, sem fengin eru skv. þessum kafla laganna, frá og með upphafi 2. vinnuviku í samfelldum veikindum. Réttur þessi fer eftir starfsaldri starfsmanns í þjónustu ríkisins og er sem hér segir á hverjum 12 mánuðum:

Með starfsaldur skemur en 6 mán.	10	vinnuvikur
Með starfsaldur allt að 10 árum	20	—
Með starfsaldur 10—15 ár	30	—
Með starfsaldur 15—20 ár	40	—
Með starfsaldur yfir 20 ár	48	—

21.3 Vari veikindi starfsmanns, sem eru skemmri en ein vinnuvika, samtals lengur en tvær vinnuvikur, skal skerða föst mánaðarlaun starfsmanns um fjárhæð, sem svarar til fjölda vinnuvikna eða hluta úr þeim, reiknaðra á verði orlofstíma.

22. gr.

22.1 Nú kemur starfsmaður, er sjúkur hefur verið, til starfa að hálfu, áður en launagreiðslur til hans hafa verið felldar niður, og skal hann þá halda fullum launum svo sem ákvæði 21. gr. segja til um, en að auki fullum launum í jafnmargar vinnuvikur og hann hefði unnið hálfan vinnudag, áður en réttindi skv. 21. gr. voru fullnýtt.

23. gr.

23.1 Starfsmaður, sem fullnýtt hefur réttindi sín samkvæmt ákvæðum 21. og 22. gr. þessara laga, verður að hafa stundað fulla vinnu í 13 vinnuvikur án forfalla, áður en hann öðlast á ný rétt til veikindafjarvista skv. ákvæðum nefndra greina.

24. gr.

24.1 Hafi starfsmaður tvisvar sinnum á 10 árum fullnýtt rétt sinn til launaðra fjarvista í veikindum skv. ákvæðum 21. gr., fækkar um helming næstu 4 ár þeim vinnuvikum, sem honum er heimilt að nýta til veikindafjarvista með fullum launum skv. sömu grein.

25. gr.

25.1 Starfsmaður, sem verið hefur veikur samfellt í 5 vinnuvikur eða lengur, má ekki hefja störf að nýju, nema læknir votti, að hann heilsu sinnar vegna sé fullfær um að gegna starfi sínu.

25.2 Vottorð skal vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar, ef þess er óskað. Skylt er starfsmanni að ganga undir hverja þá viðurkennda læknisrannsókn, sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega, til þess að skorið verði úr um eðli veikinda.

26. gr.

26.1 Veita skal starfsmanni lausn frá starfi vegna heilsubrests, ef hann hefur samfellt verið frá vinnu vegna veikinda þrefaldan þann tíma, sem hann heldur launum í fjarveru sinni skv. 21. gr. Þetta gildir þó ekki, ef læknir vottar, að líkur séu til fulls bata á næsta misseri, enda sé starfsmanni þá veitt lausn að liðnu því misseri, ef hann er þá enn óvinnufær.

26.2 Sé starfsmaður frá starfi lengur en 100 vinnuvikur á 5 árum og ekki er skýlaust vottað skv. ákvæðum 25.1, að hann hafi fengið heilsubót, sem ætla megi varanlega, má veita starfsmanni lausn frá störfum vegna heilsubrests.

27. gr.

27.1 Halda skal skrá yfir veikindatíma starfsmanna við hverja ríkisstofnun. Ef starfsmaður flyzt milli starfa í þágu ríkisins, skal leggja saman veikindatíma hans í báðum störfum, eftir því sem við á.

28. gr.

28.1 Kona, sem gegnt hefur starfi í þjónustu ríkisins í eitt ár fyrir barnsburð, skal eiga rétt á að vera fjarverandi vegna barnsburðar með fullum launum samtals 13 vinnuvikur eða hálfum launum 26 vinnuvikur, enda komi konan aftur til starfa að leyfi loknu. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna, skal meta þær eftir ákvæðum um veikindi, sbr. 21. gr.

28.2 Kona, sem gegnt hefur starfi í þjónustu ríkisins 5 ár eða lengur og hættir síðan störfum vegna barnsburðar, skal fá greidd laun 3 mánuði frá því að hún hætti störfum, þótt hún komi ekki aftur til starfa.

29. gr.

29.1 Hafi starfsmaður ekki vinnuskyldu hluta úr ári umfram orlof, vegna eðlis starfsins eða venju, skulu reglur þessa kafla gilda sem hér segir:

29.2 Rétt skv. þessum kafla, talinn í vinnuvikum, 10 eða fleiri, skal umreikna í það hlutfall, sem vinnuskylda ársins, talin í vikum, er af heilu ári. Þannig umreiknaður skal þessi réttur gilda fyrir starfsmenn, sem þessi grein tekur til, en þó svo, að réttur til launa fyrir samfelld veikindi skv. 21. gr. verði aldrei minni en 8 vinnuvikur.

VII. KAFLI
Um aukastörf.

30. gr.

30.1 Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir hæfilegt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum, er aðalstarfi hans fylgir.

30.2 Áður en starfsmaður stofnar til atvinnurekstrar, hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila en ríkisins gegn varanlegu kaupi eða sem ráðgefandi aðili eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis, ber honum að skýra því stjórnvaldi, er skipaði hann, setti eða réð til starfs, frá þeim ráðagerðum. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því, ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ráðherra.

30.3 Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem um ræðir í 30.2, ef það er síðar leitt í ljós, að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins, enda varði brottvikningu, ef hann lætur ekki skipast.

30.4 Starfsmanni er óheimilt að eiga hlut að ákvörðun á vegum ríkisins um meiri háttar viðskipti við fyrirtæki, þar sem hann á hagsmuna að gæta.

VIII. KAFLI
Skyldur starfsmanna.

31. gr.

31.1 Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt af alúð og samvizkusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi. Hann skal forðast að hafast nokkuð að í starfi sínu eða utan þess, sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein, sem hann stundar.

31.2 Starfsmanni ber enn fremur að hafa vakandi auga með því, að sá rekstur, sem hann stundar, skili sem beztum árangri og fjármagn, sem til hans er varið, nýtist sem bezt, og gera ráðstafanir til að koma á framfæri og í framkvæmd hugmyndum, sem orðið gætu til umbóta í því efni.

32. gr.

32.1 Skylt er starfsmanni að hlýða lögmætum fyrirmælum yfirmanna um starf sitt.

33. gr.

33.1 Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Stjórnendur skulu fylgjast með stundvísi starfsmanna og hvernig þeir stunda vinnu sína.

33.2 Hafa skal stimpilklukku á vinnustöðum, þar sem því verður við komið, og halda skrá um fjarvistir.

33.3 Sé þess krafizt, er starfsmanni skylt að vinna án endurgjalds yfirvinnu sem svarar þeim tíma, sem hann hefur verið frá starfi án gildra forfalla, eða hlíta því, að dregið sé af launum hans sem því nemur.

33.4 Sýni starfsmaður óstundvísi eða aðra vanrækslu í starfi sínu og lætur ekki skipast við skriflega áminningu stjórnanda, varðar það brottvikningu um stundarsakir án launa eða fyrir fullt og allt, ef miklar eða ítrekaðar sakir eru.

34. gr.

34.1 Skylt er starfsmönnum að skila í viku hverri vinnu sem nemur umsaminni vinnuskyldu fyrir umsamið kaup.

34.2 Skylt er starfsmönnum undir 55 ára aldri að vinna yfirvinnu, sem stjórnendur telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af umsömdum vikulegum vinnutíma. Þessi takmörkun gildir þó ekki, ef stjórnvöld lýsa yfir neyðarástandi.

35. gr.

35.1 Starfsmanni er skylt að gegna starfi yfirmanns síns allt að 6 vikur á ári hverju, enda fái hann þann tíma greiddan sérstaklega mismun launa sinna og yfirmanns.

36. gr.

36.1 Stjórnendum ríkisstofnana er almennt skylt að gefa upplýsingar um einstök málefni, er stofnanir þeirra vinna að. Sé um að ræða málefni, sem varða persónulega hagi manna, eða mál er þannig vaxið, að leynt á að fara, annaðhvort samkvæmt öðrum lögum, eðli máls eða fyrirmælum yfirmanns, ber að gæta þagmælsku. Þagnarskylda helzt, þótt látið sé af starfi.

37. gr.

37.1 Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því, er hann tók við starfi, enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum. Sama er um breytingar, er yfirmaður ákveður, en þeirri ákvörðun má skjóta til ráðherra.

37.2 Starfsmönnum, sem eru settir eða ráðnir til starfa, er enn fremur skylt að hlíta tilfærslu milli starfa innan stofnunar eða milli stofnana, ef slík ráðstöfun telst æskileg og starf það, sem starfsmaður er fluttur í, er sama eðlis og það, sem hann gegndi, og við hans hæfi, enda megi því við koma án teljandi röskunar á högum starfsmanns.

37.3 Áður en tekin er ákvörðun um tilfærslu starfsmanns samkvæmt 37.2, skal leita umsagnar samstarfsnefndar samkvæmt 50. gr.

37.4 Ákvörðun um tilfærslu starfsmanns samkvæmt 37.2 má skjóta til ráðherra.

IX. KAFLI
Um lausn úr starfi.

38. gr.

38.1 Það stjórnvald, er skipar, setur eða ræður í starf, veitir og lausn úr því, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greina orsakir.

38.2 Í lausnarbréfi skal jafnan kveða á um, frá hvaða degi starfsmaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, að því leyti sem þau eru ekki ákveðin í lögum eða samningum.

39. gr.

39.1 Starfsmanni skal veita lausn miðað við 1. dag næsta mánaðar eftir að hann verður 70 ára.

39.2 Heimilt er þó að ráða mann, sem náð hefur hámarksaldri, til þess að gegna starfi í þágu ríkisins um stundarsakir, meðan eigi er völ á öðrum hæfum manni í starfið.

39.3 Heimilt er starfsmanni að láta af störfum með rétt til lífeyris, hvenær sem er eftir að hann er orðinn 65 ára eða fyrr, ef hann hefur unnið sér þann rétt samkvæmt öðrum lögum.

39.4 Ákvæði 39.1 þessarar greinar ná ekki til ráðherra og opinberra fulltrúa í þjónustu ríkisins, sem kosnir eru almennri kosningu.

39.5 Ef embættismaður, sem hlotið hefur embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal honum heimilt að sækja um embættið að nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár.

39.6 Halda skulu gildi sínu sérákvæði þau um dómara, er um ræðir í lögum nr. 32 1. apríl 1948.

40. gr.

40.1 Nú er starf skipaðs starfsmanns lagt niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfinu fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 12 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur (starfsaldur), enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi á vegum ríkisins, sbr. 37.1.

40.2 Ef sama starf er aftur stofnað innan 5 ára, á starfsmaður að öðru jöfnu rétt til þess.

40.3 Nú hefur maður verið leystur frá starfi vegna þeirra orsaka, sem um getur í grein þessari, eða annarra atvika, sem honum verður ekki sök á gefin, og skal hann þá í 5 næstu ár að öðru jöfnu sitja fyrir um starf í þjónustu ríkisins, er losna kann, ef hann sækir um það.

40.4 Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur samkvæmt 40.1, við starfi í þjónustu ríkisins, áður en liðinn er 6 eða 12 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður, ef laun þau, er nýja starfinu fylgja, eru jöfn eða hærri en þau, er hann naut í fyrra starfinu. Ef launin

í nýja starfinu eru lægri, skal greiða starfsmanni launamismuninn til loka 6 eða 12 mánaða tímabilsins.

41. gr.

41.1 Það stjórnvald, er veitir starf, veitir og lausn úr því um stundarsakir. Forstjóri starfsgreinar getur þó veitt starfsmanni í þeirri grein lausn um stundarsakir, þótt hann hafi ekki veitt það starf, ef bið þykir hættuleg, en tilkynna skal þá þeim, er starf veitir, tafarlaust þá ráðstöfun með skýringu á málavöxtum, enda tekur hann fullnaðarákvörðun um lausnarveitinguna.

41.2 Nú hefur starfsmaður fjárreiður eða bókhald með höndum, og má þá veita honum lausn um stundarsakir án áminningar, ef ætla má eða víst þykir, að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er ef starfsmaður er grunaður eða sannur orðinn að háttsemi, er varða kynni sviptingu réttinda samkvæmt 68. grein almennra hegningarlaga, eða heilsu hans er svo farið, að eigi þykir gerlegt að láta hann gegna starfi lengur.

41.3 Starfsmanni, sem sýnir í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við lögmætt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi sínu, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykir að öðru leyti ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi, er rétt að veita lausn um stundarsakir án launa. Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir samkvæmt þessari málsgrein.

41.4 Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum.

42. gr.

42.1 Nú hefur starfsmanni ríkisins verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, og skal þá þegar mál hans rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði, hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu.

42.2 Starfsmaður getur falið stéttarsamtökum sínum að fylgjast með rannsókn samkvæmt 42.1.

42.3 Úrslit um starfið skulu ráðin strax og niðurstöður rannsóknar skv. 42.1 eru kunnar.

43. gr.

43.1 Meðan lausn um stundarsakir stendur, nýtur starfsmaður hálfra fastra launa, þeirra, sem starfi hans fylgja, sbr. þó 41.3. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann með óbreyttum kjörum.

43.2 Nú tekur starfsmaður við starfi á ný, eftir lausn um stundarsakir, og skal hann þá fá greiddan þann helming hinna föstu launa, er hann hefur verið sviptur.

43.3 Nú tekur sá, sem lausn hefur fengið um stundarsakir, aftur við starfi í þjónustu ríkisins, og skal þá tími sá, er hann hafði lausn um stundarsakir, teljast til starfsaldurs.

44. gr.

44.1 Jafnan skal starfsmanni, sem víkja skal úr starfi, veittur kostur á að tala máli sínu, áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

44.2 Rétt er þeim, er vikið er úr starfi, að bera málið undir úrlausn dómstóla, enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála. Stefna skal fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

44.3 Nú er starfsmissir úrskurðaður óréttmætur, og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar, skal hafa til hliðsjónar ástæður starfsmanns, svo sem

aldur og atvinnumöguleika, ákvæði 40. gr., svo og fram komnar málsbætur starfsveitanda.

45. gr.

45.1 Starfsmanni skal víkja úr starfi að fullu, ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna starfinu. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um það, hvort það ákvæði hans skal þegar koma til framkvæmdar eða fresta því, þar til ráðið verður, hvort honum skuli skjóta til æðra dóms, eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

45.2 Starfsmanni skal með sama hætti víkja úr starfi, ef hann reynist hafa framið brot í starfi gegn almennum hegningarlögum, s. s. fjárdrátt, misnotkun aðstöðu, skilasvik, ranga upplýsingagjöf, hylmingu yfir eða hlutdeild í slíku broti, hvernig sem því máli er lokið.

46. gr.

46.1 Nú vill starfsmaður segja upp starfi, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert starfsmann ófæran til að gegna starfi sínu eða viðkomandi stjórnvald samþykki skemmri frest. Uppsagnarfrest skal stytta sem nemur orlofi, ef starfsmaður óskar þess, enda verði því við komið án röskunar á starfinu. Ráðinn starfsmaður, sem unnið hefur skemur en eitt ár, getur þó sagt upp starfi með 1 mánaðar fyrirvara.

46.2 Skylt er að veita lausn, ef hennar er löglega beiðzt. Þó er ekki skylt að veita starfsmönnum lausn frá þeim tíma, sem beiðzt er, ef svo margir segja upp störfum samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein, að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa, ef uppsögn hvers um sig væri tekin til greina. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að 6 mánuðum, enda hafi það uppi áskilnað þennan innan eins mánaðar frá uppsögn.

46.3 Ákvæði ráðningarsamninga, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, eða sérákvæði í lögum, er veita betri rétt en ákvæði þessara laga, skulu standa.

X. KAFLI
Starfsmenn Alþingis.

47. gr.

47.1 Forsetar Alþingis hafa aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins samkvæmt lögum þessum.

48. gr.

48.1 Við samningu reglugerða skv. lögum þessum, svo og við endurskoðun þeirra, skal jafnan gefa hlutaðeigandi fyrirsvarsmönnum starfsmanna kost á að fylgjast með og fjalla um efni þeirra.

49. gr.

49.1 Heimilt er að setja á stofn samstarfsnefndir í þeim stofnunum eða fyrirtækjum ríkisins, sem henta þykir. Séu þær skipaðar kjörnum fulltrúum starfsmanna og fulltrúum stjórnenda stofnunar.

49.2 Samstarfsnefndum þessum er ætlað að vera stjórnendum stofnunar til ráðuneytis um mál, sem snerta samskipti starfsmanna, og þau viðfangsefni, sem stofnunina snerta.

49.3 Nánari ákvæði verði sett með reglugerð.

50. gr.

50.1 Fjármálaráðherra annars vegar og heildarsamtök, sem með samningsrétt fara fyrir ríkisstarfsmenn, hins vegar tilnefni hvor um sig jafnmarga menn í samstarfsnefnd.

50.2 Hlutverk samstarfsnefndar er að fjalla um og gera tillögur til ráðherra varðandi ágreining og vafaatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar og túlkunar á lögum þessum, svo og reglugerðir, sem settar eru skv. lögunum, og önnur þau mál, sem aðilar vísa til hennar.

51. gr.

51.1 Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo og nr. 44 29. marz 1961 og 27 21. apríl 1965, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestir þeir, sem um getur í gr. 2.3 þessara laga, varðandi setta starfsmenn, skulu í fyrsta lagi teljast útrunnir einu ári eftir gildistöku laga þessara.

Ráðnir starfsmenn við gildistöku laganna teljast hafa ráðningarkjör samkvæmt þessum lögum, nema öðruvísi sé sérstaklega um samið. Ber hlutaðeigandi stjórnvöldum að gera innan árs ráðningarsamninga við þessa starfsmenn skv. gr. 4.3 þessara laga, hafi það eigi þegar verið gert.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem hér liggur fyrir, er endurskoðuð útgáfa af gildandi lögum um þetta efni nr. 38 14. apríl 1954. Endurskoðunina hefur annazt nefnd, sem upphaflega var skipuð 17. janúar 1967 þeim Baldri Möller, ráðuneytisstjóra, Eyjólfi Jónssyni, skrifstofustjóra, Haraldi Steinþórssyni, kennara, og Ólafi Steinari Valdimarssyni, deildarstjóra, undir formennsku Guðlaugs Þorvaldssonar, þáverandi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins. Jón Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, tók síðar við formennsku nefndarinnar, en ritari hennar var Magnús Thoroddsen, borgardómari.

Frumvarpið gerir ráð fyrir mjög verulegum breytingum frá gildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir.

Efnisskipan frumvarpsins er í stórum dráttum þessi:

I. kafli frumvarpsins fjallar um, til hverra lögin taka, jafnframt því sem þar er að finna skýrgreiningar á hinum mismunandi ráðningarformum starfsmanna til starfa í þágu ríkisins.

II. kafli frumvarpsins fjallar um aðferð við veitingu starfs í þágu ríkisins.

III.—VII. kafli fjalla um réttindi, sem fylgja starfi í þágu ríkisins, svo sem um rétt skipaðs manns til starfs, um launagreiðslur, orlof, rétt í veikindum, rétt til að gegna aukastörfum o. fl.

VIII. kafli frumvarpsins fjallar um helztu skyldur starfsmanna.

IX. kafli fjallar um aðferðir við veitingu lausnar úr starfi.

Loks koma kaflar almenns efnis um félagsskap starfsmanna, gildistöku o. fl.

Nefndin, sem unnið hefur að samningu frumvarpsins, er sammála um, að lögin, sem sett voru 1954 um þetta sama efni, hafi verið byrjunarskref í þessa átt og ekki alls kostar tekizt í framkvæmd. Telur nefndin líklegt, að unnt verði að framkvæma með markvissari hætti lög, sem sett yrðu nú, með tilliti til þess, að meðferð starfsmannamála hjá ríkinu hefur verið meiri gaumur gefinn hin síðari ár en áður var.

Nefndinni er engu að síður ljóst, að frumvarpið, sem hér liggur fyrir, er ekki heldur nema skref í áttina að þeim markmiðum, sem nauðsynlegt er að setja og

ná á því sviði, sem hér um ræðir. Telur nefndin sennilegt, að innan áratugs verði hæfilegt að taka þessa löggjöf til endurskoðunar að nýju með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þá verður fengin.

Segja má, að megintilgangur frumvarps af því tagi, sem hér liggur fyrir, sé tvíþættur:

1. Að ríkið geti tryggt sér hina hæfustu starfskrafta til að leysa af hendi þau mikilvægu störf, sem stjórnsýslunni er ætlað að leysa af hendi til að framkvæma þá stefnu, sem Alþingi og ríkisstjórn marka á hverjum tíma, jafnframt því sem ríkinu sé gert mögulegt að losna við úr þjónustu sinni starfsmenn, sem ekki reynast dugandi í starfi.
2. Að glögg stefna sé mörkuð, þannig að ákveðnar, ljósar reglur gildi um skipti ríkisins og starfsmanna þess, svo að eins ljóst sé og kostur er, hvers starfsmennirnir geta í öllum greinum krafizt af ríkinu á þessu sviði og hvers ríkið getur krafizt af þeim, og ágreiningur þurfi þá ekki að rísa eða óvissa að ríkja um réttarstöðu ríkisins sem atvinnurekanda og starfsmanna þess.

Í athugasemdum með einstökum greinum frumvarpsins hér á eftir er gerð grein fyrir þeim breytingum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir í einstökum atriðum frá gildandi löggjöf. Hér verður hins vegar leitazt við að gera grein fyrir helztu stefnubreytingum, sem í frumvarpinu eru fólgnar.

1. Frumvarpið gerir ráð fyrir að víkka verulega gildissvið laganna, þannig að þau taki, eftir því sem við á, til allra starfsmanna ríkisins, að því leyti, sem ekki er öðruvísi um samið í kjarasamningum við stéttarfélög, en ekki einungis til aðalstarfs starfsmanns, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Sömuleiðis er í frumvarpinu tekinn af vafi, sem í framkvæmd hefur orðið raunverulegur um að gildandi lög marki algerlega stefnu að því er varðar réttindi og skyldur starfsmanna hjá öllum stofnunum og fyrirtækjum ríkisins, án tillits til stjórnarforms eða fjárhagslegs sjálfstæðis þeirra.
2. Frumvarpið, eins og það liggur fyrir, gerir ráð fyrir mörkun ákveðinnar afstöðu til mismunandi náinna tengsla starfsmanns við ríkið, þannig að skipun, setning og ráðning til starfs í þágu ríkisins séu skýrt mörkuð í lögum. Er í tillögu meiri hlutans gert ráð fyrir, að ráðning til starfs í þágu ríkisins verði sambærilegt ráðningarform við það, sem almennt tíðkast í tengslum starfsmanns við atvinnurekanda á almennum vinnumarkaði. Því hefur verið hreyft í undirbúningi þessa frumvarps, hvort ekki sé eðlilegt, að þessu ráðningarformi fylgi þá sjálfkrafa verkfallsréttur með sama hætti og tíðkast á almennum markaði, þótt slíkur réttur fylgdi ekki setningu og skipun til starfs í þágu ríkisins. Hefur við meðferð frumvarpsins ekki verið tekin afstaða til þessa, en væri eðlilegt, að það yrði gert við meðferð málsins á Alþingi.

   Minni hluti nefndarinnar (E. J. og H. S., fulltrúar B.S.R.B.) telur hins vegar ráðningu einungis eiga að gilda á reynslutíma starfsmanns. Benda fulltrúar B.S.R.B. á, að ráðning, sem varanleg tengsl, gerbreyti aðstöðu starfsmanna og það jafnvel svo, að um þá ættu ef til vill að gilda ákvæði frv. í gr. 1.3.
3. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri tegund af tengslum starfsmanns við ríkið, sem í frumvarpinu hefur verið nefnt sérstök skipun. Skipun eins og hún nú er, er alltaf skipun til ákveðins starfs, sem starfsmaður á ævilangt kröfu til að gegna, nema tilteknum, lögbundnum skilyrðum sé fullnægt. Þessi sérstaka skipun, sem kynnt er í frumvarpinu, er hins vegar skipun, sem veitir ævilanga kröfu til starfs, en ekki kröfu til tiltekins starfs, heldur felur hún í sér skuldbindingu um að gegna hverju því starfi, sem á hverjum tíma er talið ákjósanlegast að fela starfsmanni. Miðar þessi ráðstöfun að því að gera beztu og virkustu stjórnendur eða aðra forystumenn í þjónustu ríkisins hreyfanlega milli starfa og stofnana eftir því sem þörf krefur til endurskipulagningar á rekstri eða umbóta,

til starfa við undirbúning löggjafar, til ráðgjafarstarfa fyrir Alþingi og ríkisstjórn o. s. frv.

4. Gerð er tilraun til að mæta þeim vanda, sem nú leiðir af erfiðleikum við að sannreyna stutt veikindi starfsmanna, þannig að starfsmenn beri sjálfir ábyrgð á slíkum veikindum, en hafi fjárhagslegan hag af, ef til þeirra kemur ekki.
5. **Til að auðvelda framkvæmd hafa reglur um orlof, fyrningu orlofs, afstöðu** milli orlofstíma og veikinda o. fl. verið gerðar ákveðnari. Á það raunar við um frumvarpið allt, að víðs vegar eru ákvæði gerð skýrari og gleggri í því skyni að auðvelda framkvæmd laganna. Tekið er upp ákvæði um lengt orlof, sé það tekið skv. samkomulagi við yfirmann utan sumarorlofstíma.
6. Reglur, sem gilt hafa, en ekki verið fyllilega framkvæmdar, um aðild ríkisstarfsmanna að fyrirtækjarekstri, eru með frumvarpinu þrengdar og gerðar ákveðnari. Þannig er reynt að marka stefnu, sem kæmi í veg fyrir hvers konar hagsmunaárekstra í þessu sambandi.
7. Gerð er tillaga um breytta stefnu að því er varðar þagnarskyldu starfsmanna. Er lagt til, að forstöðumönnum stofnana á vegum ríkisins sé beinlínis gert að skyldu að veita upplýsingar um einstök málefni, sem stofnunin fæst við. Þagnarskyldu hins almenna starfsmanns er hins vegar haldið og sömuleiðis þagnarskyldu að því er varðar málefni, sem snerta einstakar persónur.
8. Tekið er inn í frumvarpið ákvæði um samstarfsnefndir, sem ætlað er að fjalla um vandamál og ágreiningsmál, sem upp kunna að rísa í skiptum ríkisins og einstakra stofnana við starfsfólk.

Um frumvarpið að öðru leyti vísast til eftirfarandi athugasemda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér þrjú atriði, breytingar og nýmæli, sem nauðsynlegt er að vekja athygli á.

Gildandi lög taka einungis til starfsmanns, ef um aðalstarf er að ræða. Í frumvarpinu er þessi takmörkun felld niður, þannig að skipun, setning eða ráðning til starfs í þágu ríkisins með föstum launum veldur því, að starfsmaður fellur undir ákvæði frumvarpsins. Verður að telja eðlilegt, að í löggjöf af því tagi, sem hér um ræðir, sé jöfnum höndum mörkuð stefna um skipti ríkisins við starfsmenn þess, hvort sem um er að ræða aðalstörf eða aukastörf.

Gildandi lög nota hugtakið „í þágu ríkisins“, þegar skýrgreint er, hverjir falla undir ákvæði laganna. Í lögunum sjálfum er hins vegar ekki skýring á, hvað við er átt með þessu orðalagi. Fræðimenn hafa skýrt þetta hugtak, þar á meðal einn höfunda gildandi laga, en í reynd hefur orðið ríkjandi ákveðin réttaróvissa á þessu sviði, ekki síst að því er varðar fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki í eigu ríkisins, svo sem ríkisbanka og sameignarfyrirtæki, sem ríkið á aðild að. Verður ekki séð ástæða til annars en Alþingi marki stefnu um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og allra ríkisstofnana með þeim hætti, sem því sýnist eðlilegt, og því er tekin upp í frumvarpið skýrgreining á, hvað átt er við, þegar hugtakið „í þágu ríkisins“ er notað í frumvarpinu. Er aðild starfs að lögunum samkvæmt frumvarpinu látin ráðast af því, hvort um er að ræða stofnanir eða fyrirtæki, sem lúta stjórn, sem forseti Íslands eða ráðherra skipar eða kjörin er að einhverju leyti af Alþingi, eða starfa með öðrum hætti á ábyrgð íslenzka ríkisins. Að því er varðar sameignarfélög, sem ríkið á aðild að með ótakmarkaðri ábyrgð miðast skýrgreiningin við, að ríkið eigi helming eða meira í slíku félagi, til að það falli undir lögin.

Það er einnig nýmæli í þessari grein frumvarpsins, að þar er tekið fram sérstaklega, að lögin taki ekki til starfsfólks að því leyti, sem um kjör þess fari eftir

kjarasamningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, sbr. lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hér er ekki um að ræða breytingu, því að núgildandi lög hafa verið skilin og framkvæmd á þennan veg.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli að því leyti, að þar er skýrgreint eins náið og tök eru á, hvað átt er við með hugtökunum skipun, setningu og ráðningu, sem notuð eru í 1. gr. frumvarpsins. Það er enn fremur nýmæli í greininni, að þar er mörkuð afdráttarlaus stefna um, hver sé réttarstaða settra og ráðinna starfsmanna gagnvart ríkinu.

Í gildandi lögum eru hugtökin skipun, setning og ráðning notuð hlið við hlið, en ekki skýrgreind nema að því er varðar skipun, þar sem í 4. gr. laganna er tæmandi talið, með hverjum hætti skipaður ríkisstarfsmaður verður leystur frá starfi.

Í gildandi lögum er hins vegar ekki mörkuð stefna að því er varðar setningu og ráðningu. Hefur hneigðin verið sú af hálfu starfsmanna og samtaka þeirra að líta svo á, að ráðinn starfsmaður og starfsmaður, sem verið hefur settur um lengri tíma, hafi öðlazt rétt skipaðs manns samkvæmt lögunum, án þess að því verði nokkurs staðar fundinn staður í löggjöf. Alþekkt er sú almenna skoðun, að engin leið sé að losna við ríkisstarfsmann úr þjónustu, þar eð hann eigi ævilanga kröfu til starfs. Í gildandi löggjöf á þetta einungis við um skipaða starfsmenn, en í huga almennings á það við um alla starfsmenn ríkisins.

Því er með 2. gr. frumvarpsins gerð tillaga um, að réttarstaða skipaðs starfsmanns verði óbreytt frá því sem nú er samkvæmt 4. gr. gildandi laga. Rétt er að vekja athygli á því, að skipun getur verið tímabundin. En slík skipun mundi eingöngu eiga við um skipun í nefndir og stjórnir, þar sem menn eru skipaðir til fyrirfram ákveðins tíma.

Setning er hins vegar skýrgreind sem samningur um að starfsmaður gegni starfi um stundarsakir, en þó gert ráð fyrir, að starfsmaður, sem verið hefur settur samfellt í fjögur ár og gegnt starfi sínu óaðfinnanlega, öðlist sjálfkrafa rétt skipaðs manns, enda fullnægi hann öllum skilyrðum um sérmenntun skv. frumvarpinu. Að öðrum kosti gerir frumvarpið ráð fyrir, að settur starfsmaður öðlist þann rétt, er hann hefur verið settur og ráðinn samtals í 10 ár.

Ráðning til starfs í þágu ríkisins er hins vegar skýrgreind í greininni sem ráðningarform, með þeim hætti, að báðir aðilar geta sagt upp vinnusamningnum með fresti, sem getið er í greininni.

Nefnd sú, sem frumvarpið samdi varð ekki alls kostar sammála um þau atriði, sem að ofan hafa verið rakin. Töldu fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að hér væri mörkuð stefna, sem gæti leitt til þeirrar þróunar, að starfsmenn ríkisins væru alls ekki skipaðir heldur ráðnir og nytu því ekki þess öryggis um starf, sem þeir nú gera. Töldu þeir eðlilegt, að ráðning til starfs með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, verði einungis til reynslu til skamms tíma, en starfsmaður eigi lögbundna kröfu um setningu á fyrsta starfsári eða þegar hann fullnægir lagaskilyrðum. Er þá gert ráð fyrir, að setning leiði til réttinda skipaðs manns með sama hætti og greinin gerir ráð fyrir.

Því var hreyft í undirbúningi þessa frumvarps, hvort ekki væri eðlilegt, að ráðningarforminu fylgdi sjálfkrafa verkfallsréttur með sama hætti og tíðkast á almennum vinnumarkaði. Ráðnir ríkisstarfsmenn ættu að njóta sama réttar og þeir starfsmenn, sem vinna á hinum almenna vinnumarkaði, úr því að ætlazt sé til með frumvarpi þessu, að kjör þessa fólks verði sem áþekkust. Við meðferð frumvarpsins hefur hins vegar ekki verið tekin afstaða til þessa, en eðlilegt er, að það verði gert við meðferð málsins á Alþingi.

Slíkur verkfallsréttur mundi hins vegar ekki fylgja setningu og skipun til starfs í þágu ríkisins.

Minni hluti nefndarinnar, sem frumvarpið samdi (Eyjólfur Jónsson og Haraldur Steinþórsson), gerði tillögu um, að 5. og 6. tl. greinarinnar yrðu svo hljóðandi:

Ráðning til starfs í þágu ríkisins merkir í lögum þessum samningur um, að starfsmaður gegni starfi til reynslu með gagnkvæmum uppsagnarfresti, svo sem kveður á um í 2.6.

Hafi starfsmaður verið ráðinn að undangenginni auglýsingu, sbr. 6. gr., skal veita honum setningu í starf á fyrsta ári, án auglýsingar, eða þegar hann fullnægir skilyrðum skv. 5. gr.

Starf annarra ráðinna starfsmanna skal auglýst innan tveggja ára og sæki enginn um það, sem fullnægir skilyrðum samkvæmt 5. gr., má veita setningu í starfið manni, sem ráðinn hefur verið í tvö ár og gegnt því óaðfinnanlega, þótt hann fullnægi ekki öllum skilyrðum um sérmenntun skv. gr. 5.15.

Starfsmanni, sem ráðinn er til starfs í þágu ríkisins, verður eigi sagt upp starfi, nema með uppsagnarfresti, er sé þrír mánuðir, enda verði eigi beitt lögjöfnun við ákvæði 8. gr.

Um greinargerð fyrir þessu vísast til þess, sem að framan segir um ágreining innan nefndarinnar, sem frumvarpið samdi.

Um 3. gr.

Grein þessi er í heild algert nýmæli. Hún er efnislega sniðin eftir þeim hugmyndum um „Senior Civil Service", sem nefnd nokkur, Commission on Organization of the Executive Branch of the Government, svokölluð Hoover-nefnd hin seinni, setti fram árið 1955, í tillögum til Bandaríkjastjórnar. Hugmyndin var ekki innleidd þar.

Markmið með greininni er að ríkið geti haft í sinni þjónustu nokkra mjög hæfa menn á sviði stjórnsýslu, fræðistarfa eða á öðru sviði, þannig að þeir nytu í hvívetna réttinda skipaðra manna í mikilvægustu embættum ríkisins, en ættu ekki kröfu til neins tiltekins starfs. Er þá gert ráð fyrir, að fjármálaráðherra geti fyrir hönd ríkisstjórnarinnar flutt þessa starfsmenn milli stofnana eða starfa, allt eftir því, hvar þörfin fyrir starfskrafta þeirra væri brýnust á hverjum tíma. Sem dæmi mætti hugsa sér, að forstjóri einhverrar ríkisstofnunar, sem nú er, yrði skipaður með þeim hætti, sem greinin gerir ráð fyrir. Honum væri síðan falið að endurskipuleggja rekstur annarrar ríkisstofnunar næstu tvö ár eða svo. Því næst mætti hugsa sér hann starfandi á vegum þingnefndar um skeið við mótun stefnu í löggjöf á einhverju tilteknu sviði, jafnhliða kennslu við háskólann í endurskipulagningu á rekstri fyrirtækja.

Má ætla, að þessi sérstaka skipun starfsmanna í þjónustu ríkisins mundi gera mögulegan meiri og æskilegri hreyfanleik í miðstjórn ríkiskerfisins en nú er ríkjandi. Að því marki beinist frumvarpsgreinin í þá átt að virkja þau auknu afköst, frumkvæði og ímyndunarafl, sem tilbreyting í störfum leiðir til.

Um 4. gr.

Annar kafli frumvarpsins byrjar með 4. gr. og fjallar um aðferð við skipun, setningu og ráðningu starfsmanna. Greininni svipar til 2. gr. í gildandi lögum, en er nokkru ákveðnar orðuð. Mörkuð er sú stefna, að ráðherra skipi og setji í starf, nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum, en forstöðumaður stofnunar ráði starfsfólk, með þeim takmörkunum, sem í greininni getur, en þar er átt við heimildir æðra setts stjórnvalds eða fjárlaga eftir atvikum.

Það er nýmæli í greininni, að gert er lögskylt að gera ráðningarsamning í tvíriti við starfsmann. Er ákvæðinu ætlað að vera til öryggis, svo að ekki leiki vafi á, hver ráðningarkjör eru.

Um 5. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga, nema að því leyti, að í stað 21 árs aldursmarks kemur nú 20 ára aldur. Er þetta í samræmi við þá stefnubreytingu, sem hefur átt sér stað í löggjöf síðustu árin að þessu leyti, t. d. lög um lögræði nr. 75 19. desember 1967, lög nr. 77 19. desember 1967 um stofnun og slit hjúskapar, og lög nr. 48 30. apríl 1968 um kosningar til Alþingis.

Í greininni eru nokkuð rýmkuð skilyrði til þess að verða ráðinn til starfs í þágu ríkisins frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Loks er fellt niður ákvæði um að konur og karlar hafi jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf. Þykir ákvæðið nú orðið óþarft.

Minni hluti nefndarinnar, sem frumvarpið samdi (E. J. og H. S.), gerði þó tillögu um, að ákvæðið yrði áfram í lögum, að því er varðar rétt til starfa.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar fjalla um auglýsingar og umsóknarfresti vegna starfa og svara að því leyti til 5. gr. gildandi laga. Er í megindráttum gert ráð fyrir óbreyttri stefnu að þessu leyti, að því er varðar skipun eða setningu í starf, þannig að starfið verði auglýst og að jafnaði með 4 vikna umsóknarfresti. Sé um að ræða ráðningu í starf er ætlazt til einnar viku umsóknarfrests. Það er nýmæli, að skylt er að auglýsa laust starf í dagblöðum. Samkvæmt núgildandi lögum er einungis skylt að auglýsa laust starf í Lögbirtingablaði, enda þótt talsvert sé tíðkað að auglýsa einnig í dagblöðum.

Í 6.4 er tekin afstaða til, hvernig með skuli fara, þegar gerð er skipulagsbreyting innan stofnunar, þannig að nýtt starf er stofnað án þess að breyting verði á heildarstarfsmannafjölda. Er þá gert ráð fyrir auglýsingu innan stofnunar. Sömuleiðis er tekin afstaða til heimildar til fjármálaráðherra til að undanþiggja tiltekin störf auglýsingarskyldu að einhverju leyti. Er talið, að framkvæmd afdráttarlausrar auglýsingarskyldu geti verið of viðamikil. Hefur sú orðið raunin á undangengnum árum, að gildandi lög í þessu efni hafa ekki verið framkvæmd til fulls.

Í gildandi lögum eru störf í þágu utanríkisþjónustunnar sérstaklega undanþegin auglýsingarskyldu. Þótti ekki rétt á þeim tíma, sem lögin voru sett, að láta skilyrðislausa kröfu um auglýsingu starfa ná til utanríkisþjónustunnar vegna þess, að flutningur sendiherra og starfsmanna sendiráða milli staða er háður sérstökum sjónarmiðum og venjum. Gerir frumvarpið ráð fyrir breyttri stefnu að þessu leyti, þannig að hið almenna ákvæði um auglýsingarskyldu verði látið taka til utanríkisþjónustunnar, að því marki, sem það fær samrýmzt alþjóðlegum venjum. Er því gert ráð fyrir, að stöður, sem losna innan utanríkisþjónustunnar án þess að um starfsmannafjölgun sé að ræða, verði auglýstar innan utanríkisþjónustunnar, en um nýráðningar fari með sama hætti og önnur störf í þágu ríkisins, þó að undanskildu starfi forstöðumanns fyrir sendiráði.

Um 7. gr.

Greinin svarar efnislega til 6. gr. gildandi laga um erindisbréf starfsmanns og verksvið, en kveður þó skýrar á í þeim efnum. Það er nýmæli í greininni, að erindisbréf takmarki ekki heimild yfirmanns til að fá starfsmanni önnur verkefni en í erindisbréfi greinir, ef svo ber undir.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. gildandi laga nema að því leyti, að í síðustu mgr. greinarinnar er ráðgert að taka upp það nýmæli, að skipaðir menn sitji fyrir gagnvart settum starfsmönnum eða ráðnum, þegar starf er lagt niður og menn með þessi mismunandi ráðningarform starfa innan sömu starfsgreinar. Lokaákvæði 8.1 á við um nefndir og stjórnir, sem skipað er í til fyrirfram ákveðins tíma eða til að sinna ákveðnu verkefni.

Um 9. gr.

Greinin kemur í stað 1. mgr. 18. gr. gildandi laga vegna þeirra breytinga, er átt hafa sér stað um ákvörðun launa ríkisstarfsmanna með setningu laga nr. 55 28. apríl 1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Orðalag greinarinnar gefur til kynna, að heimilt er að greiða ríkisstarfsmanni hærri laun heldur en ákveðið er skv. þeim lögum.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 20. gr. gildandi laga. Þau gera ráð fyrir, að föst laun greiðist fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Yfirvinna greiðist hins vegar ýmist frá miðjum mánuði til miðs mánaðar um næstu mánaðamót á eftir eða fyrir hvern almanaksmánuð eftir á, nokkrum dögum eftir mánaðamót.

Gildandi tímasetningar launagreiðslna eru því óheppilegar og falla gjarna saman við ýmiss konar annað annríki skrifstofufólks, sem tengt er mánaðamótum. Því er gerð tillaga um þá breytingu að þessu leyti, að föst laun mánaðarins og yfirvinna næsta mánaðar á undan greiðist mánaðarlega fyrsta starfsdag eftir 15. dag hvers mánaðar í stað þess fyrirkomulags, sem nú gildir.

Í greininni eru enn fremur skýr ákvæði um, hvernig reikna skuli út laun til starfsmanna, sem hefja starf eftir 1. dag mánaðar.

Um 11. gr.

11.1 er óbreytt 1. mgr. 21. gr. gildandi laga.

11.2 er sama efnis og 3. mgr. 21. gr. gildandi laga, að undanskildum 2. málslið, sem er nýmæli. Gildandi lög gera ráð fyrir greiðslu launa í 3 mánuði eftir lát starfsmanns, ef hann lætur eftir sig maka á lífi, en ekki annars. Þykir eðlilegt að gera hér ekki mun á, þannig að láti starfsmaður ekki eftir sig maka á lífi, renni greiðsla launa í 3 mánuði til dánarbús hins látna.

Um 12. gr.

Greinin kemur í stað 22. gr. gildandi laga. Samkvæmt þeirri grein skal skattstjóri í því umdæmi, sem starfsmaður er búsettur í, meta, hvert gjald skuli koma fyrir jarðarafnot, ljós, hita, fæði eða annað slíkt, sem starfi kann að fylgja. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir, að þessu verði ráðið til lykta með reglugerð, sem ráðherra setur og er mörkuð sú stefna í frumvarpinu, að gjaldið skuli ákveðið með hliðsjón af raunvirði hlunnindanna fyrir starfsmanninn og ef við á fyrirhöfn við nýtingu hlunninda.

Hér er samræmi við þá almennu stefnu, sem núverandi fjármálaráðherra hefur markað, að laun ein skuli vera endurgjald af ríkisins hálfu fyrir það starf, sem starfsmaður vinnur í þess þágu, en þess freistað að komast hjá því óhjákvæmilega misrétti og misræmi milli ríkisstarfsmanna, bæði einstakra manna og starfsstétta, sem fólgið er í alls konar hlunnindum, sem ýmsir starfsmenn hafa notið samkvæmt hefð til viðbótar föstum launum. Því gerir greinin ráð fyrir, að greiðslur starfsmanna fyrir jarðarafnot, ljós, hita, fæði eða þess háttar verði ákveðnar miðað við raunvirði.

Í 12.2 eru samsvarandi ákvæði um leigu eftir íbúðarhúsnæði, sem starfi fylgir og í því efni er vísað til laga nr. 27/1968 um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega hin sama og 23. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega hin sama og 24. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Gr. 15.1 er nýmæli. Er þar gert ráð fyrir í tillögum meiri hluta nefndarinnar, að skipun og setning í starf í þágu ríkisins miðist eingöngu við fullt starf. Tillagan er reist á þeirri forsendu, að skipun og setning í starf feli í sér svo fastmótuð tengsl ríkis og starfsmanns, að eðlilegt sé, að til þeirra sé því aðeins stofnað, að starfið krefjist allrar starfsorku starfsmannsins. Til þess er ætlazt, að starf við skóla, sem starfar skemur en 9 mánuði ár hvert, teljist í þessu tilliti fullt starf.

Á hinn bóginn er í 15.2 gert ráð fyrir sem tillögu meiri hluta nefndarinnar, að starfsfólk sé ráðið til hluta úr starfi, þegar starf er þannig vaxið, eða sérstaklega stendur á, svo sem um konur, sem veita heimili forstöðu, heilsuveila leyfir starfsmanni ekki fulla vinnu og þess háttar. Með þessu er gert ráð fyrir að fella niður þá sérstöku kröfu, sem konur, er veita heimili forstöðu, eiga skv. 25. gr. gildandi laga, til að vinna ⅔ hluta umsamins vinnutíma gegn samsvarandi frádrætti í launum. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að slíkt fyrirkomulag vinnu verði einungis notað með ráðningarformi en ekki skipun eða setningu í starf.

Gr. 15.3 er nýmæli. Þar er kveðið á um heimild til að veita starfsmanni launalaust leyfi allt að 2 ár. Kveðið er á um réttindi og skyldur hans meðan á slíku leyfi stendur.

Fulltrúar B.S.R.B. í nefndinni telja breytingar meiri hluta nefndarinnar á þessari grein ástæðulausar og óréttmætar. Þeir benda á, að hér sé m. a. lögð til skerðing á sjálfsögðu jafnrétti karla og kvenna til setningar og skipunar í starf. Fulltrúar B.S.R.B. benda á í þessu sambandi, að mjög hafi aukizt, að ríkið hafi sótzt eftir **að fá starfsmenn til hluta úr starfi (hjúkrunarkonur, kennara setta eða skipaða í** hálfa stöðu í tveimur skólum, o. fl.) og bendi það til þess, að fremur sé ástæða til að rýmka heimildir í því skyni að auðvelda ríkinu að halda hæfum og eftirsóknarverðum starfsmönnum. Er að því stefnt m. a. með nýmæli í gr. 15.3, gerð fulltrúa B.S.R.B. í frumvarpsdrögunum, sem birt er hér á eftir.

Minni hluti nefndarinnar, sem frumvarpið samdi (E. J. og H. S.), gerði tillögu um, að 15. gr. frumvarpsins yrði svo hljóðandi:

15.1 Skipun og setning í starf í þágu ríkisins skal að jafnaði miðast við fullt starf, en heimilt er að skipa eða setja starfsmann í hálft starf eða meira, enda megi slíkt verða að skaðlausu.

15.2 Konur, er veita heimili forstöðu, eiga rétt til þess að vinna tvo þriðju hluta ákveðins vinnutíma gegn samsvarandi frádrætti á launum, enda megi slíkt verða að skaðlausu.

15.3 Heimilt er að leyfa starfsmanni að vinna ótímabundið hálft starf eða meira vegna sérstakra aðstæðna. Hvor aðili um sig getur krafizt breytingar á þeirri starfstilhögun með þriggja mánaða fyrirvara.

Um greinargerð fyrir þessari gerð greinarinnar vísast til 4. mgr. hér að framan.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 26. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að úr greininni **er fellt orðið „byrjunar-“ og orðin „aukatekjur allar“. Gert er því ráð fyrir, að** starfsmaður taki hálf þau föstu laun, sem starfi fylgja miðað við starfsaldur starfsmanns sjálfs í þágu ríkisins. Niðurfelling tilvísunar til aukatekna miðast við þá almennu stefnu, að aukatekjur eigi að hverfa sem greiðsluform launa til starfsmanna ríkisins.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli. Í gildandi lögum hafa ekki verið fyrirmæli um, að ráðherra setji reglugerð um atriði þau, sem upp eru talin í greininni, en engu að síður hafa verið settar reglur um ýmis þessara atriða, t. d. um greiðslu ferðakostnaðar og um

greiðslu fyrir afnot einkabifreiða. Greinin leggur þannig áherzlu á nauðsyn þess, að mörkuð sé heildarafstaða fyrir allt ríkiskerfið að því er varðar atriði eins og þau, sem í greininni eru rakin, greiðslu og uppgjör ferðakostnaðar, greiðslu fyrir notkun eigin bifreiða, greiðslu fæðiskostnaðar, risnu, flutninga, um mötuneytisaðstöðu, heilsugæzlu og þess háttar. Í 48. gr. er tryggð aðild samtaka starfsmanna að setningu og endurskoðun reglugerða þessara.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um orlof og er nokkru ítarlegri en gildandi lög um það efni, aðallega til að eyða réttaróvissu.

Gr. 18.1 er samhljóða gildandi ákvæðum í 16. gr. laganna með þeirri breytingu, að starfsaldur til að fá lengingu orlofs er lækkaður, 10 ár í 8 og 15 ár í 12.

Í 18.2 er nýmæli. Tilgangur ákvæðisins er, að starfsmaður, sem er að hefja vinnu, geti fengið lágmarksorlof, en ekki með fullum launum. Er hér miðað við menn, sem koma til starfs á byrjuðu orlofsári og hafa fengið greiðslu fyrir ótekið orlof hjá vinnuveitanda, sem þeir fóru frá, en mundu verða af orlofi, nema þeim væri veittur réttur til þess með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

18.3 er nýmæli í lögum, en er á hinn bóginn í samræmi við 1. og 2. gr. reglugerðar um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins nr. 87/1954, sbr. síðari breytingar nr. 129/1965 og 122/1967.

18.4 er samhljóða 16. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því, að það er nýmæli, að ákvörðun skuli tekin fyrir 1. maí ef óskað er.

18.5 er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir möguleika til samkomulags milli yfirmanns og starfsmanns um að starfsmaður taki orlof utan sumarorlofstíma skv. 18.3 og þá gert ráð fyrir, að honum beri þriðjungi lengra orlof en honum hefði borið, ef hann hefði tekið það að sumarlagi.

18.6 er óbreytt frá gildandi lögum og sömuleiðis 18.7 að því undanskildu, að þar er bætt við orðunum „í samræmi við gr. 10.2.“ Minni hluti nefndarinnar er þessari viðbót andvígur.

18.8 fjallar um fyrningu orlofsréttar og er nýmæli. Er gert ráð fyrir, að orlofsréttur fyrnist á tveimur árum, þannig að við upphaf orlofsárs geti starfsmaður aldrei átt ótekið nema orlof þess árs og hins síðasta. Rökin fyrir þessu nýmæli eru, að örðugt er að henda reiður á gömlum, ónotuðum orlofsrétti um árabil, og er reglan ætluð til að geymsla orlofsréttar verði einfaldari í framkvæmd. Síðasti málsl. 18.8 er nýmæli og kveður á um, að orlof, sem ekki er unnt að taka sökum veikinda, fyrnist. Þykir rétt að taka af vafa um, að maður, sem ekki getur tekið orlof sakir veikinda og maður, sem ekki hefur tekið orlof sakir annríkis, verði jafnsettir.

18.9 er nýmæli, gagngert ætlað til að eyða réttaróvissu, sem verið hefur í framkvæmd gildandi laga, hvernig með skuli fara, ef starfsmaður verður fyrir slysi eða veikist á orlofstíma. Er þá gert ráð fyrir frestun orlofs þar til hann er orðinn heill heilsu.

Minni hluti nefndarinnar, sem frumvarpið samdi (E. J. og H. S.), gerði tillögu um, að á eftir 3. mgr. greinarinnar komi tvær nýjar mgr., 4. og 5. mgr., svo hljóðandi:

18.4 Í orlofi skal greiða starfsmanni full þau laun, sem hann hefði fengið á sama tíma í starfi sínu og aldrei lægri laun fyrir hvern orlofsdag en nemur heildarlaunum orlofsársins deilt með 300. Hafi starfsmaður einungis verið í þjónustu ríkisins hluta úr orlofsári, skal miða við hlutfallslega lægri tölu.

18.5 Þegar starfsmaður hefur verið í þjónustu ríkisins í full 25 ár eða hefur náð 50 ára aldri, lengist árlegt orlof hans um 5 virka daga til viðbótar því, sem greinir í 18.1. Ekki er skylt að veita þessa viðbót við orlofið á sumarorlofstíma.

Um 19. gr.

Með 19. gr. hefst VI. kafli frumvarpsins, sem fjallar um rétt starfsmanna í veikindum. Samkvæmt gildandi lögum segir, að ákveðið skuli með reglugerð, hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum, svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar. Hefur þetta verið gert með reglugerð um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins nr. 87/1954, sbr. síðari breytingar nr. 129/1965 og nr. 122/1967, en við samningu þessa frumvarps hefur þótt réttara að taka ákvæði um rétt starfsmanna í veikindum inn í lögin sjálf.

19. gr. er sama efnis og gildandi reglugerð um tilkynningar til yfirmanns um veikindi og um læknisvottorð.

Um 20. gr.

Semjendum þessa frumvarps er um það kunnugt, að framkvæmd gildandi reglna um rétt starfsmanna í veikindum hefur ekki verið eins samræmd og fastmótuð og æskilegt hefði verið. Að nokkru stafar þetta af því, að starfsmannamálum hefur ekki verið sinnt verulega í ýmsum stofnunum. Stofnanirnar hafa verið mannfáar og formleg skráning atriða eins og veikinda hefur ekki verið fastmótuð. Þannig munu þess dæmi, að einstakir starfsmenn hafi fengið greidd laun lengur en þeim bar í veikindum.

Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið af hálfu launadeildar fjármálaráðuneytis til að koma framkvæmd þessara reglna í viðunandi horf í stofnunum, sem undir það ráðuneyti heyra, hafa leitt í ljós vankanta á gildandi reglum í þessu efni. Á þetta ekki síst við um skammvinn veikindi, sem að sjálfsögðu eru lögmæt forföll í flestum tilfellum, en í einstökum tilfellum afleiðing óreglu. Gildandi reglur í þessu efni hafa byggzt á því, að treysta megi læknisvottorði um veikindi starfsmanns. Það er álit meiri hluta nefndarinnar, að læknisvottorð sé ekki nothæfur grundvöllur fyrir löggjöf í þessu efni, að því er varðar skammvinn veikindi.

Vegna þessa er í 20. gr. frumvarpsins gerð tillaga um nýtt fyrirkomulag að því er varðar skammvinn veikindi og sérstök leyfi starfsmanna frá störfum. Er forsenda þessa fyrirkomulags, að starfsmaður sé sjálfur ábyrgur fyrir skammvinnum veikindum. Er gert ráð fyrir, að hann eigi rétt á tveimur vinnuvikum árlega til sérstakra leyfa eða veikindafjarvista án skerðingar launa auk þess réttar, sem hann hefur vegna langvinnra veikinda. Þannig gæti starfsmaður verið veikur tvisvar í 5 vinnudaga á ári án þess að kæmi til skerðingar launa. Hver skammvinn veikindi, sem til kæmi eftir það, leiddu sjálfkrafa til skerðingar launa án tillits til orsakar fjarvistarinnar. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að starfsmaður, sem mætir hvern vinnudag ársins og notar áðurgreindar tvær vinnuvikur ekki til annars konar leyfa, fái með febrúarlaunum næsta árs greiðslu, sem svarar til ónotaðs leyfistíma liðins árs. Um greiðslu fyrir þann tíma færi með sama hætti og greiðslu fyrir orlofstíma.

Með þessum hætti verður starfsmaður sjálfur ábyrgur fyrir skammvinnum veikindum sínum og þá jafnframt því, ef hann ekki getur sótt vinnu einstaka daga vegna óreglu eða afleiðinga óreglu. Það er galli á þessu fyrirkomulagi, að maður, sem vegna raunverulegs heilsuleysis er veikur um skamman tíma oft á ári, hlýtur skert laun ef þau veikindi eru samtals meiri en sem svarar tveimur vinnuvikum. Hins vegar er það kostur við fyrirkomulagið, að sá starfsmaðurinn, sem er hraustur og sækir vel vinnu sína fær umbun fyrir.

Minni hluti nefndarinnar, sem frumvarpið samdi (E. J. og H. S.), gerði tillögu um, að greinin yrði svo hljóðandi:

20.1 Starfsmenn, sem lög þessi ná til, öðlast rétt til launa í veikindum, miðað við þann starfstíma, sem þeir hafa verið í þjónustu ríkisins í hálfu starfi eða meira.

20.2 Starfsmenn ríkisins eiga í veikindum rétt á fullum þeim launum, sem þeir hefðu fengið á sama tíma í starfi sínu.

Greininni fylgdi svofelld greinargerð af þeirra hálfu:

„Fulltrúar B.S.R.B. í nefndinni eru andvígir breytingu þeirri, sem lögð er til með 20. gr. frumvarpsins, gerð meiri hluta. Þeir telja heilsuhreysti starfsmanna vissulega mikilsverða, ekki sízt einstaklingunum sjálfum, en jafnframt telja þeir nánast einsdæmi, að hún geti orðið fastráðnum starfsmanni til tekjuaukningar, eins og tillaga meiri hlutans gerir ráð fyrir. Fulltrúar B.S.R.B. telja afleiðingu þessarar reglu hins vegar, að refsingin vegna veikinda og slysa yrði ekki einungis líkamlegt eða andlegt böl, heldur einnig tekjumissir.

Er þar enginn greinarmunur gerður á eðli veikinda og eru slys á vinnustöðum ekki einu sinni undanskilin. Er augljóst, að regla þessi hlyti að leiða af sér verulegt ranglæti.

Telja fulltrúar B.S.R.B. ástæðulaust og óréttmætt að miða löggjöfina um veikindi við óreglumenn, sem hljóta að teljast til undantekninga, en ekki aðalreglu.

Í 19. gr. er heimild til að krefjast vottorðs frá trúnaðarlækni og ætti það ásamt auknu heilbrigðiseftirliti að sporna gegn misnotkun þeirra réttinda, sem felast í kaflanum um veikindi.

Því gera fulltrúar B.S.R.B. tillögu um aðra aðferð við setningu reglna um rétt í veikindum, sjá 20., 21. og 29. gr., gerð E. J. og H. S.

Eins og fram kemur við samanburð á orðalagi gr. 18.1 annars vegar og 20. gr. hins vegar, er lengd orlofs miðuð við starfsaldur og er þá átt við sama starfsaldur og viðurkenndur er til launa. Veikindaréttur er hins vegar miðaður við þjónustutíma í þágu ríkisins. Fulltrúar B.S.R.B. telja rétt að miða við óskertan þjónustutíma, en eru andvígir skerðingu vegna ráðningarforms. Einnig telja þeir ranglátt að skerða þjónustutíma þeirra, sem vinna hluta úr starfi. Þeir fengju ekki greitt í veikindum nema tilsvarandi hluta af launum og yrðu því fyrir tvöfaldri skerðingu, ef hún væri einnig gerð á þjónustutíma.

Í 20.2 er ótvírætt tekið fram, að starfsmenn skuli fá full laun í veikindum, svo sem er í núgildandi reglugerð."

Um 21. gr.

Það er nýmæli í 1. mgr. greinarinnar, að starfsaldur, sem veikindaréttur miðast við, er skýrgreindur, en slíka skýrgreiningu er hvorki að finna í gildandi lögum né reglugerð og hefur valdið réttaróvissu í framkvæmd. Miðast skýrgreiningin við, að starfsmaður, sem starfar í þjónustu ríkisins gegn fullum, föstum launum, öðlist eins árs starfsaldur fyrir hvert ár, en hlutfallslega taki hann laun hluta úr ári eða skert laun. Maður, sem tekur hálf laun helming ársins mundi þannig fá fjórðung árs sem starfsaldur í þessum skilningi.

Í greininni er gerð tillaga um breytta stefnu að því er varðar launagreiðslur í veikindum að því leyti, að felld eru niður núgildandi ákvæði um full laun tiltekinn fjölda mánaða og hálf laun jafnan fjölda mánaða, en þess í stað tekin upp ákvæði um full laun u. þ. b. 50% lengri tíma en núgildandi reglur gera ráð fyrir. Er þá gert ráð fyrir, að greiðslur falli niður að loknum þeim tíma.

Til að auðvelda framkvæmd reglnanna í öllum þeim tilvikum, sem upp geta komið í ríkiskerfinu, þ. á m. að því er varðar starfsmenn á reglubundnum vinnuvökum, sem í sumum tilfellum ljúka vikulegri vinnuskyldu á mjög afbrigðilegum tíma, er öll viðmiðun í greininni reiknuð í vinnuvikum, þannig að réttur til óskertra launa er ákveðinn fjöldi vinnuvikna, mismunandi eftir starfsaldri, sem í 2. mgr. greinir.

Að endingu er rétt að taka það skýrt fram, að í veikindum á starfsmaður eingöngu að fá greitt það fasta kaup, sem starfi fylgir, en hvorki vaktaálag, yfirvinnu eða aðrar aukagreiðslur, sem starfsmaður kann að njóta, þegar hann er við vinnu. Er þetta tekið fram til að taka af öll tvímæli í þessu efni og koma í veg fyrir misrétti, er skapazt getur milli ríkisstarfsmanna í greiðslum í veikindum. Vakin skal athygli á því, að dómstólar hafa dæmt ríkisstarfsmönnum hærra kaup í veikindum heldur en sem

nemur hinum föstu launum. Með frumvarpi þessu er hins vegar ráðgert að eigi verði haldið áfram á þeirri braut.

Minni hluti nefndarinnar, sem frumvarpið samdi (E. J. og H. S.), gerði tillögu um, að greinin yrði svo hljóðandi:

21.1 Réttur starfsmanna til launagreiðslu í veikindum er sem hér segir:

Með starfsaldur skemur en 6 mánuði	60 dagar
Með starfsaldur 6 mán. allt að 5 árum	140 —
Með starfsaldur 5 ár allt að 10 árum	180 —
Með starfsaldur 10 ár allt að 15 árum	270 —
Með starfsaldur yfir 15 ár	360 —

Greininni fylgdi svofelld greinargerð af þeirra hálfu:

„Fulltrúar B.S.R.B. benda á, að í 1. tl. gerðar meiri hluta nefndarinnar af 21. gr. er fólgin skerðing frá því sem nú er í 6. gr. reglugerðar nr. 87/1954, en þar er skýrt tekið fram, að starfsmenn skuli halda „fullum launum". Er núverandi ákvæði sambærilegt við samninga flestra verkalýðsfélaga og eru margir hæstaréttardómar til, sem staðfest hafa rétt starfsmanna til fullra launa. Samkvæmt tillögum þessum byggju ríkisstarfsmenn við skarðari hlut en almennt tíðkast, þar sem þeir fengju einungis föst laun, og eru fulltrúar B.S.R.B. því andvígir þessari breytingu.

Að því er varðar 21. gr., gerð E. J. og H. S., taka fulltrúar B.S.R.B. fram, að nefndin var ekki á eitt sátt um, hvernig væri auðveldast og réttlátast að mæla veikindafjarvistir, þar sem ríkisstarfsmenn ljúka vinnuskyldu sinni á mismunandi vegu. Fulltrúar B.S.R.B. telja, að allar reglur, sem miðast við virka daga eða vinnuvikur, verði óþarflega flóknar eða ónákvæmar og leggja því til, að áfram verði miðað við almanaksdaga, eins og er í núgildandi reglugerð. Frekari skýringar á framkvæmd þessarar greinar er að finna í 29. gr. og skýringum með henni."

Um 22. gr.

Greinin er nýmæli og gerir ráð fyrir, að starfsmaður, sem verið hefur sjúkur, geti komið til starfs að hálfu, ef heilsa hans leyfir ekki meiri vinnu, og fullnýtt rétt sinn til veikinda með þeim dagshelmingi, sem hann ekki vinnur. Eigi starfsmaður t. d. veikindarétt sem svarar 30 vinnuvikum og er frá vinnu 20 vikur, getur hann skv. ákvæðinu unnið hálft starf 20 vikur eftir veikindin án launaskerðingar og þannig nýtt sinn veikindarétt.

Um 23. gr.

Greinin er nýmæli. Þykir rétt að koma í veg fyrir, að starfsmenn, sem í raun eru sjúklingar, komi til vinnu örfáa daga í þann mund, sem réttindi þeirra þrýtur í því skyni einu að endurvekja rétt sinn til veikinda. Gerir ákvæðið ráð fyrir, að starfsmaður, sem fullnýtt hefur réttindi sín skv. 21. og 22. gr. frumvarpsins, þurfi að stunda fulla vinnu 13 vinnuvikur án forfalla áður en hann öðlast á ný rétt til veikindafjarvista skv. ákvæðum greinanna.

Minni hluti nefndarinnar vill, að í stað 13 vinnuvikna í þessari grein komi 90 vinnudagar.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi reglugerð, 7. gr.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi reglugerð, 5. og 8. gr.

Tillaga minni hluta: Í stað 5 vinnuvikna komi 30 dagar.

Um 26. gr.

Í 26.1 er nýmæli, þar sem kveðið er á um, að starfsmanni skuli veitt lausn frá starfi vegna heilsubrests, ef hann hefur verið samfellt frá vinnu vegna veikinda

þrefaldan þann tíma, sem hann heldur launum í fjarveru sinni skv. 21. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að þetta gildi þó ekki, ef læknir vottar, að líkur séu til fulls bata innan misseris. Sambærilegt ákvæði er að finna í 9. gr. gildandi reglugerðar, þar sem heimilað er að veita starfsmanni lausn, þegar hann hefur verið frá vinnu vegna veikinda tvöfaldan þann tíma, sem hann átti rétt á launum. Ekki er kunnugt um, að þessi heimild hafi verið notuð. Á hinn bóginn verður að telja nauðsynlegt að marka almenna stefnu um, hvenær starfsmanni skuli veita lausn frá starfi vegna heilsubrests og slíkt ákvæði er bezt komið sem skýrast í lögum.

Í 26.2 er sömuleiðis ákvæði, sem nú er í 9. gr. gildandi reglugerðar, en er of óljóst til að það verði framkvæmt með viðunandi hætti. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir, að starfsmanni, sem „er frá starfi vegna veikinda svo mánuðum skiptir á hverju ári um 5 ára tímabil“ megi veita lausn frá störfum vegna heilsubrests. Þykir nauðsynlegt að fastákveða þann tíma, sem starfsmaður þarf að hafa verið frá starfi á 5 ára tímabili, til að heilsa hans teljist ekki fullnægja heilsufarsskilyrðum 5. gr. frumvarpsins.

Tillaga minni hluta: Í stað 100 vinnuvikna í 26.2 komi 2 ár.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. áðurnefndrar reglugerðar um orlof og veikindaleyfi.

Um 28. gr.

Greinin, sem fjallar um barnsburðarleyfi kvenna gerir ráð fyrir nokkrum breytingum frá gildandi reglugerð.

Í fyrsta lagi er réttur konu til barnsburðarleyfis takmarkaður við, að konan hafi starfað í þágu ríkisins eitt ár fyrir barnsburð.

Í öðru lagi er konu ætlaður réttur til að velja í milli fjarveru með fullum launum 13 vinnuvikur eða hálfum launum 26 vinnuvikur, enda er þá gert ráð fyrir að konan komi til starfa aftur að leyfi loknu.

Í þriðja lagi er það nýmæli í 28.2, að gert er ráð fyrir, að kona, sem gegnt hefur starfi í þágu ríkisins 5 ár eða lengur og hættir síðan störfum vegna barnsburðar, skuli fá greidd laun 3 mánuði frá því hún hætti störfum, þótt hún komi ekki aftur til starfa.

Um 29. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um rétt til veikindaleyfa fyrir menn, sem ekki hafa vinnuskyldu hluta úr ári umfram orlof vegna eðlis þess starfs eða venju, svo sem gildir t. d. um kennara og að nokkru um dómara. Sé þeim reglum, sem frumvarpið að öðru leyti gerir ráð fyrir, beitt gagnvart þessum starfsmönnum, geta þeir notið betri réttar en aðrir starfsmenn gagngert vegna þess, hvernig starfstíma þeirra er háttað.

Greinin er tilraun til að kveða með framkvæmdalegum hætti á um rétt þessara starfsmanna, þannig að þeir verði jafnsettir og aðrir starfsmenn.

Fulltrúar B.S.R.B. eru andvígir þessari grein og telja ástæðulaust að hafa í gildi margar mismunandi reglur um lengd þess tíma, sem ákvæði þessa kafla veitir rétt til. Þeir gerðu tillögu um, að greinin yrði svo hljóðandi:

29.1 Veikindatímabil starfsmanns hefst með þeim degi, er hann ekki mætir til vinnu og telst til þess dags, er hann kemur til starfa að nýju, nema fyrir liggi vottorð læknis um, að hann hafi fyrr verið orðinn heill heilsu.

29.2 Hafi starfsmaður ekki vinnuskyldu hluta úr ári umfram orlof, vegna eðlis starfsins eða venju, og hann kemur ekki til starfa við upphaf vinnuskyldu, þá getur forstöðumaður stofnunar krafizt læknisvottorðs um veikindatíma hans.

Greininni fylgdi svofelld greinargerð af þeirra hálfu:

„Það er sem betur fer fremur sjaldgæft, að starfsmenn séu veikir fullan þann tíma, sem þeir eiga rétt á að halda launum skv. lögum þessum.

Hér eru settar fram einfaldar reglur til að tryggja sama rétt allra starfsmanna til ákvæða þessa kafla, svo og sams konar skráningu á veikindatíma allra starfsmanna.

Framkvæmd þessa gæti verið á eftirfarandi hátt, t. d. að því er varðar kennara. Hafi kennari veikzt í lok skólaárs, þá hlýtur hann að hafa hug á því sjálfur að sanna með vottorði lengd veikindatíma, svo að þau reiknist ekki óslitið til upphafs næsta skólaárs. Sé kennari veikur í upphafi skólaárs, þá getur skólastjóri krafizt vottorðs um upphafstíma veikindanna og yrði þetta sambærilegt við framkvæmd gr. 18.9 um veikindi í orlofi."

Að því er varðar hugmynd E. J. og H. S. í 20., 21. og 29. gr. um aðferð við veitingu réttar til launa í veikindum, tekur meiri hluti nefndarinnar (B. M., J. S. og Ó. S. V.) fram, að tillögur fulltrúa B.S.R.B. eru gildandi reglur nánast óbreyttar og væri þess ekki að vænta, að í framkvæmd yrðu þær með teljandi öðrum hætti en nú gildir. Þeir starfsmenn, sem átt hafa að framkvæma þessar reglur, hafa bent nefndinni á fjölmörg vandkvæði í því efni, ekki hvað sízt í því sambandi, að samkvæmt þeim eiga veikindadagar starfsmanns að teljast jöfnum höndum þeir dagar, sem hann á að mæta til vinnu og hinir, þegar hann ekki á að mæta af hvaða ástæðum, sem það er. Tillögur meiri hlutans eru tilraun til að bregðast við þeim vanda, sem henni hefur í þessu efni verið bent á.

Um 30. gr.

Fyrstu þrjár mgr. greinarinnar eru sem næst samhljóða 34. gr. gildandi laga. Í 30.2 er þó bætt inn því ákvæði, að um ráðgefandi aðild að fyrirtæki skuli sama regla gilda, þegar starfsmaður hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila en ríkisins eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis.

Í 30.3 er bætt því ákvæði, að brottvikningu varði, ef starfsmaður lætur ekki skipast við fyrirmæli yfirmanns um að starfsemi, sem hann stundar, sbr. 30.2, samrýmist ekki starfi hans í þjónustu ríkisins.

30.4 er hins vegar nýmæli. Þar er skýrt mörkuð stefna um, að starfsmanni ríkisins sé óheimilt að eiga hlut að ákvörðun á vegum ríkisins um meiri háttar viðskipti við fyrirtæki, þar sem hann á hagsmuna að gæta.

Við samningu frumvarpsins var nefndinni ljóst, að á því sviði, sem þessi grein fjallar um, er þörf ákveðinnar stefnumörkunar til að forðast hagsmunaárekstur, en nefndin taldi ekki rétt að gera tillögur um frekari breytingar að svo stöddu.

Um 31. gr.

Gr. 31.1 er samhljóða 28. gr. gildandi laga, en 31.2 er nýmæli, sem þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Greinin er 29. gr. gildandi laga óbreytt.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega hin sama og 30. gr. gildandi laga. Þó er gerð sú breyting, að í 33.3 er ekki gert ráð fyrir, að starfsmaður þurfi að vinna yfirvinnu án endurgjalds vegna fjarvista án gildra ástæðna, nema þess sé krafizt og þá ekki lengur en sem svarar þeim tíma, sem hann hefur verið fjarverandi. Skv. gildandi lögum er honum hins vegar skylt að vinna án endurgjalds allt að tvöföldum þeim tíma, sem hann hefur verið frá vinnu án gildra forfalla. Ekki voru talin rök til að viðhalda ákvæðinu eins og það er af hálfu meiri hluta nefndarinnar, m. a. með tilliti til stefnubreytingarinnar, sem fólgin er í 20. gr. frumvarpsins.

Gr. 33.4 er lítillega umorðuð í frumvarpinu frá gildandi lögum, þannig að eftir skriflega áminningu stjórnanda vegna óstundvísi eða annarrar vanrækslu í starfi, er heimil brottvikning um stundarsakir án launa eða fyrir fullt og allt, ef miklar eða ítrekaðar sakir eru.

Um 34. gr.

Greinin svarar til 31. gr. gildandi laga.

Í 34.1 er almenn yfirlýsing um skyldu starfsmanna til að skila í viku hverri vinnu, sem nemur umsaminni vinnuskyldu fyrir umsamið kaup. Slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

34.2 fjallar um yfirvinnuskyldu starfsmanna. Meginstefna ákvæðisins er óbreytt, þannig að engum starfsmanni er skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af umsömdum vikulegum vinnutíma. Í gildandi lögum taka þessi ákvæði til allra annarra en þeirra, sem gegna lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu í þessu efni, þannig að yfirvinnuskylda hvílir einungis á starfsmönnum undir 55 ára aldri, en takmarkanir á yfirvinnuskyldu gilda þó ekki, ef stjórnvöld lýsa yfir neyðarástandi. Er það ákvæði nýmæli.

Um 35. gr.

Greinin er nýmæli, sem ætlað er að tryggja, að stofnun hafi jafnan tiltækan ábyrgan yfirmann, enda þótt hinn reglulegi stjórnandi fari í leyfi eða þurfi að sinna öðrum erindum. Hér er um að ræða framkvæmd, sem tíðkazt hefur víðast hvar í ríkisrekstrinum, en hér er lagt til að verði lögfest.

Um 36. gr.

Greinin svarar til 32. gr. gildandi laga, sem fjallar um þagnarskyldu ríkisstarfsmanna.

Greinin gerir ráð fyrir stefnubreytingu í þessu efni, því að hún leggur fyrst og fremst áherzlu á skyldu stjórnenda ríkisstofnana til almennrar upplýsingagjafar um einstök málefni, er stofnanir þeirra fást við. Sé um að ræða málefni, sem varða persónulega hagi manna eða mál er þannig vaxið, að leynt á að fara, annað hvort skv. öðrum lögum, eðli máls eða fyrirmælum stjórnvalda, ber stjórnanda sem öðrum starfsmönnum ríkisstofnunar að gæta þagmælsku.

Með þessum hætti er þagnarskyldu einstakra starfsmanna við haldið, en jafnframt lögð áherzla á skyldu stjórnenda ríkisstofnunar til upplýsingagjafar og þá ef svo ber undir einstakra starfsmanna í þeirra umboði. Er gert ráð fyrir, að innan ramma þessarar greinar mótist stefna innan hverrar stofnunar um, hvaða aðilar hafi umboð yfirmanns til að veita upplýsingar í samræmi við greinina.

Um 37. gr.

Gr. 37.1 er samhljóða 33. gr. gildandi laga, en að öðru leyti er greinin nýmæli.

Þótti nauðsyn bera til að setja í lög ákvæði um skyldu starfsmanna til að hlíta tilfærslu milli starfa innan stofnana eða milli stofnana, ef slík ráðstöfun telst æskileg og starf það, sem starfsmaður er fluttur í er sama eðlis og það, sem hann gegndi og við hans hæfi, enda er þá gert ráð fyrir, að því megi við koma án teljandi röskunar á högum starfsmanns. Nauðsyn til slíkra breytinga skapast alltaf öðru hverju af mjög mismunandi ástæðum og er talið nauðsynlegt að löggjöfin haldi opinni leið til að færa starfsmenn þannig til innan ríkisrekstrarins.

Til að vernda starfsmann gegn hugsanlegri rangsleitni í þessum efnum er gert ráð fyrir, að samstarfsnefnd skv. 50. gr. frumvarpsins fjalli um mál af þessu tagi. Einnig getur starfsmaður skotið slíku máli til ráðherra eða dómstóla, ef honum sýnist svo.

Um 38. gr.

Með þessari grein hefst IX. kafli laganna, sem fjallar um lausn úr starfi. Greinin er efnislega hin sama og 10. gr. gildandi laga með lítils háttar breytingum á orðalagi.

Um 39. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 13. gr. gildandi laga. 39.2 er þó nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir heimild til að ráða mann, sem náð hefur hámarksaldri,

til að gegna starfi í þágu ríkisins um stundarsakir, meðan ekki er völ á öðrum hæfum manni í starfið. Ráðning af þessu tagi hefur tíðkazt, þegar brýna nauðsyn hefur borið til, en án þess að heimild væri til þess í lögum.

Það er einnig nýmæli í greininni, að lausn skuli miðast við 1. dag næsta mánaðar eftir að starfsmaður verður 70 ára, svo sem mælt er fyrir um í 39.1. Gildandi lög gera ráð fyrir lausn þegar eftir 70 ára aldur, en sú venja hefur myndazt, að menn hætti störfum um næstu áramót eftir að þeir hafa náð 70 ára aldri. Slík venja veldur verulegri mismunun eftir því á hvaða tíma árs menn eru fæddir og þykir eðlilegt að láta hér eitt yfir alla ganga.

Um 40. gr.

Um eitt atriði þessarar greinar er ekki samkomulag í nefndinni. Meiri hluti nefndarinnar telur rétt, að hin sérstöku réttindi við niðurlagningu stöðu, sem nefndin fjallar um, verði einungis fengin skipuðum starfsmönnum. Fulltrúar B.S.R.B. telja æskilegt, að þessi réttur sé fenginn öllum starfsmönnum ríkisins.

Greinin felur í sér breytingu, sem leiðir af því, hvernig reynt er í frumvarpinu að draga skýr mörk milli réttinda skipaðs, setts og ráðins starfsmanns ríkisins. Í gildandi lögum er, eins og áður hefur verið sagt í greinargerðinni, ekki skýrt markaður mismunurinn, sem löggjöfin ætlar mönnum í réttarstöðu eftir ráðningarformi. Þetta verður m. a. ljóst í 14. gr. gildandi laga, sem svarar til 40. gr. frumvarpsins. Í lögunum er starfsmanni veittur tiltekinn réttur, ef staða er lögð niður og ekki tekin afstaða til, hvort sá réttur sé mismunandi, eftir því hvort um er að ræða skipaðan, settan eða ráðinn starfsmann. Ætla má, þótt ekki komi það beinlínis fram í lögunum, að ráðnum starfsmanni megi segja upp með uppsagnarfresti. 14. gr. gerir hins vegar alla starfsmenn jafna að þessu leyti og veitir mönnum rétt til 6 eða 12 mánaða launa eftir starfsaldri, ef staða er lögð niður. Þetta ákvæði er ein af ástæðunum til þess, að hneigð hefur verið í framkvæmd laganna til að fara með rétt ráðinna, settra og skipaðra starfsmanna allra með sama hætti.

Fulltrúar B.S.R.B. telja, að rýmkun heimildar ríkisins skv. 37. gr. til að færa starfsmann milli starfa, skapi svo mikla möguleika til breytinga, að unnt væri þess vegna að veita starfsmönnum þeim, sem hér um ræðir, rétt til launa eftir að þeir hætta störfum vegna þess að starf þeirra er lagt niður. Fulltrúar B.S.R.B. hafa ekki sett fram tillögu um lengingu tímans frá því sem nú er í lögum, en telja æskilegt, að tekin verði af öll tvímæli um, að ákvæðin eigi við um alla starfsmenn, sem lögin ná til, án tillits til ráðningarforms.

Í frumvarpinu er tekin afstaða til uppsagnarfrests, þar sem hann á við, og í samræmi við það er í 40. gr. gerð tillaga um, að gildandi regla um greiðslur vegna niðurlagningar stöðu eigi eingöngu við um starf skipaðs starfsmanns. Er þá gert ráð fyrir, að í öðrum tilvikum yrði beitt venjulegri uppsögn, enda er þar um að ræða vinnusamband ríkis og starfsmanns, sem hann mátti ekki telja varanlegt.

Í 40.1 er 15 ára fresti í gildandi lögum breytt í 12 ár í samræmi við aðrar sams konar breytingar í frumvarpinu.

Um 41. gr.

Grein þessi er efnislega hin sama og 7. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því, að það er nýmæli, að yfirmanni er rétt að veita starfsmanni lausn um stundarsakir **án launa,** þegar starfsmaður gerir sig sekan um þær yfirsjónir, sem upp eru taldar í greininni og lætur eigi skipast við áminningu. Þótti nefndinni rétt að hafa í lögunum heimild til að beita starfsmann þessum viðurlögum, sem hægt væri að grípa til, áður en starfsmanni er vikið úr starfi að fullu.

Um 42. gr.

Greinin svarar til 8. gr. gildandi laga og er mestmegnis óbreytt. 42.2 er þó nýmæli, þar sem starfsmanni er heimilað að fela stéttarsamtökum sínum að fylgjast með rannsókn, sem fram fer skv. 42.1. Sú breyting er gerð á 42.3, að úrslit um

starf skulu ráðin strax og niðurstöður rannsóknar skv. 42.1 eru kunnar, en ekki lokaniðurstöður, eins og segir í gildandi lögum.

Um 43. gr.

Greinin svarar til 9. gr. gildandi laga. Á henni hefur verið gerð ein breyting í 43.2, þar sem segir: „Nú tekur starfsmaður við starfi á ný“ í stað orðanna í 2. mgr. 9. gr. gildandi laga: „Nú fellur niður lausn um stundarsakir“. Er breytingin gerð til þess að taka af allan vafa um, að starfsmaður fær því aðeins greiddan helming hinna föstu launa, er hann hefur verið sviptur, að hann taki við starfi á ný, en gildandi ákvæði mátti misskilja á þann veg, að starfsmaður fengi þann helming, sem hann hefur verið sviptur, þegar lausn um stundarsakir fellur niður, vegna þess að starfsmanninum er veitt lausn fyrir fullt og allt.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 45. gr.

45.1 er samhljóða 12. gr. gildandi laga, en 45.2 er hins vegar nýmæli. Með því ákvæði er gerð tillaga um að marka ákveðna stefnu um, að starfsmanni skuli víkja úr starfi, ef hann reynist hafa framið brot í starfi gegn almennum hegningarlögum, svo sem fjárdrátt, misnotkun aðstöðu, skilasvik, ranga upplýsingagjöf eða hylmingu yfir eða hlutdeild í slíku broti, hvernig sem því máli er lokið.

Stefna, sem mörkuð er með lögum eins og þessum, hlýtur að gera mun meiri kröfur til starfsmanns ríkisins en svo, að hann rétt haldi sig saklausan af brotum gegn refsilöggjöf. Stefnu af þessu tagi er örðugt að orða í löggjöf, þegar alltaf hljóta að koma til matsatriði vegna mismunandi aðstæðna í einstökum málum. Æskilegast væri eflaust, ef löggjöfin markaði þá ákveðnu stefnu, að starfsmanni skuli vikið úr starfi, ef slík óregla eða óreiða er á hans störfum, að bent gæti til refsiverðrar háttsemi, jafnvel þótt slík háttsemi yrði ekki sönnuð. Í ríkisrekstrinum á ekki að sætta sig við neitt minna en algera reglusemi í hvers konar embættisfærslu og starfsmaður á að vita með vissu, hvaða viðbrögð verða af hálfu yfirmanna hans, ef eitthvað annað kemur í ljós. Verður að telja æskilegt, að í meðferð þingsins verði þetta atriði íhugað nánar og mörkuð sú stefna, sem Alþingi þykir hæfileg.

Um 46. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 15. gr. gildandi laga. Í henni er þó að finna þrjú nýmæli. Í 46.1 er það nýmæli, að uppsagnarfrestur skuli styttur sem nemur orlofi, ef starfsmaður óskar þess og því verður við komið án röskunar á starfi. Einnig er það nýmæli í 46.1, að uppsagnarfrestur ráðins starfsmanns, sem starfað hefur skemur en eitt ár, sé nægilegur einn mánuður.

Þriðja nýmælið er að finna í 46.2, þar sem stjórnvaldi er gert að skyldu að hafa uppi áskilnað innan eins mánaðar frá uppsögn, vilji það lengja uppsagnarfrest í sex mánuði, þegar svo stendur á, sem í greininni segir.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 35. gr. gildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin er sama efnis og 36. gr. gildandi laga með þeirri breytingu einni, að í stað orðanna „Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja“ í 36. gr. komi orðin „hlutaðeigandi fyrirsvarsmönnum starfsmanna“. Orðalagsbreytingin gerir greinina mun víðtækari, enda verður að telja æskilegt, að náð verði sem víðtækastri samstöðu um þau atriði, sem í greininni er fjallað, þ. e. samningu reglugerða skv. lögunum, endurskoðun laganna, svo og ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma í framkvæmd þeirra.

Um 49. gr.

Ákvæðið er nýmæli, sem gerir ráð fyrir starfsemi samstarfsnefnda starfsmanna með stjórnendum stofnana og fyrirtækja ríkisins til að koma í veg fyrir vandræði í skiptum stofnunar og starfsfólks með því að eyða misskilningi og fjalla um ágreiningsmál.

Um 50. gr.

Ákvæðið er nýmæli, sem gerir ráð fyrir samstarfsnefnd með sama hætti og í 49. gr., í samskiptum heildarsamtaka ríkisstarfsmanna við fjármálaráðherra.

Um 51. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 476. Frumvarp til laga [249. mál]

um breyting á lögum nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni kr. 100 og síðan 5 krónur fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem umfram er. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera kr. 1.50 af þúsundi og broti af þúsundi umfram fyrstu 5000 kr. Sama gildir um skrásetningargjald fyrir kaupmála.

Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 2.40 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5000 kr.

Þegar fjárhæð sú, sem skjalið greinir um, er óákveðin og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 200 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum, og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei gjalda af meiru en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði eða henni makaskipt gegn annarri eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið, svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

Nú hefur embættismaður ákveðið stimpilskylda fjárhæð kaupsamnings eða afsals, og skal þá greiða þinglýsingargjald af þeirri upphæð.

2. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Fyrir skjöl, sem þinglýst er í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða fullt gjald við fyrstu þinglýsingu, en síðan hálft gjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1971, þó ekki fyrr en við gildistöku nýs fasteignamats skv. l. nr. 28/1963.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um almennar athugasemdir við lagafrumvarp þetta vísast til frv. til laga um breyting á lögum um stimpilgjald, sem samtímis þessu frv. er lagt fram á Alþingi.

Engin breyting verður á gjaldtöku vegna þinglýsingar skjala, önnur en lækkun á þinglýsingum afsala fyrir fasteignum úr 5 kr. af þúsundi í kr. 1.50 af þúsundi, en það er sem næst sú breyting, sem nauðsynleg er vegna hins nýja fasteignamats, til þess að ekki verði um hækkun að ræða á þinglýsingargjaldi.

Ed. 477. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð hvers skjals sé rétt tilgreind, og geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki stimpilskylda upphæð, ber að áætla hana það háa, að víst sé, að söluverð eða leiga hafi ekki verið hærra í raun og veru. Verð fasteigna undir slíkum kringumstæðum skal aldrei áætla lægra en fasteignamat hinnar seldu eignar að leigulóð meðtalinni, en að frádregnu afsalskvaðaverðmæti. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en jafnan skal fylgja umsögn stimplunarmanns. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una úrskurði stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

2. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Með 0.5% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum, en með 0.25% af skipum yfir 5 brúttósmálestum, öðrum en þeim, sem keypt eru erlendis. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja. — Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi, greiðist sama gjald, þó skal ekki innheimta gjald af þeim eignarhluta að tiltölu, þegar svo er ástatt, að fyrri eigandi verður áfram eignaraðili að félaginu. — Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálft gjald. — Ef giftingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðerfingja eða annarra, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu. — Útdrættir úr skiptabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga eða einstakra manna, er sýna eigendaskipti að fasteign eða skipi eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl. — Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

3. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Heimildarskjöl um veiðiréttindi og skjöl, sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign, stimplast með 0.5%, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpil-

gjaldið eftir endurgjaldinu. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum.

4. gr.

34. gr. laganna orðist svo:
Framsal á skuld er stimpilfrjálst.

5. gr.

37. gr. laganna orðist svo:
Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla, stimplast það sem skuldabréf.

6. gr.

39. gr. laganna orðist svo:
Leigusamningar um jarðir og lóðir stimplast með 60 aurum af hverju hundraði eða broti úr hundraði, sem leigan nemur.
Ef leigusamningur gildir um óákveðinn tíma, telst gjaldið af ársleigunni tífaldri. Ef hann skal gilda ævitíð leigjanda, telst gjaldið einnig af ársleigunni tífaldri og eins þótt samningurinn skuli einnig gilda, meðan ekkja hans lifir.
Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja eða veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.

7. gr.

40. gr. laganna orðist svo:
Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, stimplast með 100 kr., en kaupmálar, sem gerðir eru síðar, með 0.25% af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er samkvæmt þeim skal vera séreign annars hjóna eða beggja. Lágmarksgjald verði þó eigi minna en 100 kr.

8. gr.

44. gr. laganna falli niður.

9. gr.

45. gr. orðist svo:
Ef stimpilskylt skjal er ekki stimplað fyrir hinn tiltekna tíma, varðar það viðurlögum, er nema hinu vangoldna stimpilgjaldi tvöföldu, þegar um víxla er að ræða, en vegna annarra gerninga en víxla hækkar gjald um 10% á hverjum 7 daga fresti, allt að hálfu grunngjaldinu.

10. gr.

56. gr. orðist svo:
Stimpilgjald skal innheimt í heilum tug króna, en minni upphæð sleppt.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1971, þó ekki fyrr en við gildistöku nýs fasteignamats skv. l. nr. 28/1963, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 35 19. júní 1933, lög nr. 49 30. júní 1942 og lög nr. 41 15. febrúar 1945.

12. gr.
Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er að láta ákvæði 17. gr. laganna (2. gr. frv.) ná til gerninga milli einstaklinga og hlutafélaga og/eða sameignarfélaga, sem gerðir eru á árinu 1970 og til gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. maí n.k. tekur nýtt fasteignamat væntanlega gildi, en sem kunnugt er, leysir það af hólmi gamalt og ósamræmt verðmat fasteigna. Við gerð hins nýja mats var leitazt við að finna raunverð fasteigna, eins og næst yrði komizt við kaup þeirra og sölu á frjálsum markaði og miðað við staðgreiðslu þeirra. Það lætur því að líkum, að eignamat fasteigna stórhækkar. Því hefur áður verið lýst yfir af stjórnvöldum, að hækkun fasteignamats muni almennt ekki leiða til hækkunar á gjöldum, sem við fasteignamat eru miðuð. Af því leiðir, að óhjákvæmilegt er að breyta ýmsum lagaákvæðum við gildistöku hins nýja mats, m. a. lögunum um stimpilgjöld. Almenna reglan í lögunum um stimpilgjöld er sú, að við kaup og sölu fasteigna ber að gefa upp raunverulegt söluverð. Reyndin hefur þó orðið sú, að slíkt hefur ekki verið gert, eins og til var ætlazt. Vararegla stimpilgjaldalaganna er að leggja fimmfalt fasteignamat til grundvallar gjaldtöku, og með viðauka, sem gjöld þessi hafa sætt ár frá ári að undanförnu, hafa verið innheimt 2% í stimpilgjald við sölu fasteigna. Við hækkun gjaldgrundvallarins nú ber því nauðsyn til að lækka prósentutöluna, þannig að skattheimta verði nokkurn veginn óbreytt. Að vísu má geta þess, að það er skoðun ráðuneytisins, að gjald þetta sé í mörgum tilfellum ósanngjarnt og komi oft illa við gjaldendur. Væri því æskilegast að komast sem fyrst frá núverandi fyrirkomulagi og gera þennan tekjustofn sem þýðingarminnstan fyrir ríkissjóð. Að sinni er þó gert ráð fyrir nokkurn veginn óbreyttri gjaldtöku, þótt breyting á fasteignamatinu eftir landshlutum sé það misjöfn, að fullkomnu samræmi sé ekki unnt að ná.

Um 1. gr.

Skýrir sig sjálf með tilvísun til almennu athugasemdanna, að öðru leyti en því, að þegar um sölu eigna, sem leigulóð fylgir, er að ræða, telst fasteignamat leigulóðarinnar með afgjaldskvaðaverðmæti frádregnu.

Um 2. gr.

Í stað 2% af fimmföldu fasteignamati nú, er lagt til að taka í stimpilgjald 0.5% af hinu nýja mati, þegar um stimplun afsala fyrir fasteignum er að ræða. Lagt er til að lækka stimpilgjald af eignayfirfærsluheimildum fyrir skipum úr 1% í 0.25%. Það er nýmæli í lögum þessum, að þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi, þá skuli ekki innheimta stimpilgjald af þeim eignarhluta að tiltölu, þegar svo er ástatt, að fyrri eigandi verður áfram eignaraðili að félaginu. Í ákvæðum til bráðabirgða í 12. gr. frv. er heimilt að láta þessi ákvæði ná til gerninga milli einstaklinga og hlutafélaga og/eða sameignarfélaga, sem gerðir eru á árinu 1970 og til gildistöku laga þessara.

Um 3. gr.

Prósentutalan lækkar úr 2.4% í 0.5%.

Um 4. gr.

Lagt er til að gera framsal á skuld stimpilfrjálsa, þó um nafnbréf sé að ræða, eins og tíðkast um handhafaskuldabréf.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Ekki er um aðra breytingu að ræða í þessari gr. en að gera leigusamninga um skip og hús stimpilfrjálsa.

Um 7. gr.

Í stað 1.2%, sem nú er tekið í stimpilgjald af kaupmálum, sem gerðir eru eftir hjúskap, er lagt til að taka 0.25%, þó ekki lægra gjald en 100 kr.

Um 8. gr.

Afnumið er bann við því að framselja nafnbréf til handhafa, sbr. athugasemd við 4. gr.

Um 9. gr.

Lagt er til að breyta nokkuð til um viðurlög við því að stimpla ekki skjal í tæka tíð. Í stað fimmfalds stimpilgjalds, þegar um víxla er að ræða, verða viðurlögin tvöfalt stimpilgjald, en vegna annarra gerninga en víxla hækkar gjaldið um 10% á hverjum 7 daga fresti, allt að hálfu grunngjaldinu, í stað þess að grunngjaldið tvöfaldast nú, ef komið er fram yfir hinn tiltekna frest, sem er 2 mánuðir.

Um 10. gr.

Lagt er til, að stimpilgjald verði framvegis aðeins innheimt í heilum tug króna í stað 1 kr., en minni upphæð sleppt.

Sþ. 478. Nefndarálit [61. mál]

um till. til þál. um haf- og fiskirannsóknir.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft til athugunar og umræðu á fundum sínum tillögu til þingsályktunar um haf- og fiskirannsóknir. Leitað var umsagnar um málið hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Hafrannsóknastofnuninni, Fiskifélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Fjárveitinganefnd leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera 3 ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskveiðiflotann. Áætlunin sé gerð af Hafrannsóknastofnuninni í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Áætlunina skal leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 10. marz 1971.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Gunnar Gíslason.
Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason. Ásm. B. Olsen.
Geir Gunnarsson. Ágúst Þorvaldsson. Eyjólfur Konr. Jónsson.

Ed. 479. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndarmenn mæla með, að 1. gr. frumv. verði

BREYTT:

Meginmál 1. gr. orðist svo:
Tóbaksauglýsingar hvers konar eru bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins svo breytts.

Alþingi, 10. marz 1971.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Ólafur Björnsson.
Björn Jónsson. Axel Jónsson. Ásgeir Bjarnason.
Sigurgeir Kristjánsson.

Nd. 480. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 39 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu þess, þar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Minni hlutinn leggur hins vegar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. marz 1971.

Sigurgeir Kristjánsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 481. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá Kristjáni Ingólfssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein (verður 1. gr.), er orðist svo:
   Aftan við fyrri málsgrein 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Þó skulu tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum tilraunaverkefnum um fyrirgreiðslu.

2. 1. gr. (verður 2. gr.) orðist svo:
Aftan við 4. gr. laganna bætist:
Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 20 milljónum króna á ári.
Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitsgerðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir, þegar fjárveitinganefnd gerir tillögur sínar til Alþingis um framlag til sjóðsins.

Sþ. 482. Tillaga til þingsályktunar [251. mál]

um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-vegáætlun fyrir árið 1972.

(Lögð fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 23 16. apríl 1970, að árin 1971—1972 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1971	1972
1.1. Benzíngjaldi	613.1	661.8
1.2. Þungaskatti	197.7	206.4
1.3. Gúmmígjaldi	44.0	47.3
1.4. Ríkisframlag	47.0	47.0
Brúttó tekjur	901.8	962.5
Endurgreiðslur af:		
1.1.1. Benzíngjaldi	14.0	19.4
1.2.1. Þungaskatti	4.0	
Nettó tekjur	883.8	943.1

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. króna.)

2.1.	Stjórn og undirbúningur:			
1.	Launagreiðslur	24.6	29.3	
2.	Eftirlaunagreiðslur	2.5	3.1	
3.	Skrifstofukostnaður	7.0	7.2	
4.	Verkfræðilegur undirbúningur	4.8	4.8	
5.	Umferðartalning og eftirlit	2.3	2.3	
		41.2		46.7
2.2.	Viðhald þjóðvega:			
1.	Viðhaldskostnaður þjóðvega	250.0	250.0	
2.	Vegmerkingar	1.8	1.8	
3.	Tryggingagjöld, orlof o. fl.	9.6	10.6	
		261.4		262.4

		1971		1972	
2.3.	Til nýrra þjóðvega:				
1.	Hraðbrautir	162.1		195.5	
2.	Þjóðbrautir	66.1		73.5	
3.	Landsbrautir	79.6		61.8	
4.	Til girðinga og uppgræðslu	4.7		4.7	
5.	Tryggingagjöld, orlof o. fl.	10.2		13.1	
6.	Til rannsókna á Skeiðarársandi	1.3		1.4	
7.	Til nýrra framkvæmda í 2.3.2. og 2.3.3.	39.2		32.8	
			363.2		382.8
2.4.	Til fjallvega o. fl.:				
1.	Aðalfjallvegir	1.2		1.2	
2.	Aðrir fjallvegir	1.7		1.8	
3.	Reiðvegir	0.2		0.2	
4.	Tryggingagjöld, orlof o. fl.	0.2		0.2	
			3.3		3.4
2.5.	Til brúargerða:				
1.	Brýr 10 m og lengri	49.0		45.9	
2.	Smábrýr	8.2		10.3	
3.	Tryggingagjöld, orlof o. fl.	2.1		2.4	
			59.3		58.6
2.6.	Til sýsluvegasjóða		21.2		27.0
2.7.	Til vega í kaupstöðum og kauptúnum		85.5		93.5
2.8.	Til véla- og áhaldakaupa:				
1.	Til véla- og verkfærakaupa	15.0		16.0	
2.	Til byggingar áhaldahúsa	4.0		4.0	
			19.0		20.0
2.9.	Til tilrauna í vegagerð		4.5		4.7
2.10.	Til greiðslu halla á vegáætlun:				
	Halli á vegáætlun 1969		25.2		
			883.8		899.1
	Halli á vegáætlun 1970				73.8
					972.9
	Halli				29.8
					943.1

IV. FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

C. Vestfjarðakjördæmi.

C 21 **Súgandafjarðarvegur:**

Í stað „að Suðureyri“ komi: um Suðureyri að sýsluvegamótum utan við Spilli.

E. Norðurlandskjördæmi eystra.

E 5 **Svarfaðardalsvegur:**

Á eftir „að Atlastöðum“ komi: með álmu að Hæringsstöðum.

E 28 **Laxárdalsvegur:**
Í stað „Af Reykjahverfisvegi“ komi: Af Hvammavegi.

E 29 **Fagranesvegur:**
Í stað „Af Reykjahverfisvegi“ komi: Af Hvammavegi.

G. Suðurlandskjördæmi.

G 31 **Þjórsárdalsvegur:**
Í stað „að Ásólfsstöðum“ komi: að vegamótum að Stöng austan Fossár.

3.3. Aðalfjallvegir.

3.3.4. **Sprengisandsleið:**
Í stað orðanna í fyrstu mgr. „hjá Haldi, Búðaháls“ komi: hjá Sigöldu, vestan Þórisvatns um brú á Köldukvísl.
Eftir annarri mgr. komi ný málsgrein:
Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir Brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Vesturdalsveg (D 28) hjá Litlu-Hlíð.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. UM TEKJUÁÆTLUN

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, sem lagt var fram á Alþingi í desember 1970 og samþykkt sem lög í sama mánuði, var gerð ítarleg grein fyrir áætluðum tekjum af benzíngjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi fyrir árin 1971 og 1972, og þykir ekki ástæða til að rekja það að nýju hér.

Í fjárlögum fyrir árið 1971 er 47 m.kr. fjárveiting til vegasjóðs í samræmi við 89. gr. vegalaga, og er hér færð tekjumegin sama fjárveiting fyrir árið 1972, enda verður sú fjárhæð til endurskoðunar á komandi hausti, þegar fjárlög verða afgreidd og ný vegáætlun undirbúin.

II. UM SKIPTINGU ÚTGJALDA

2.1. Stjórn og undirbúningur.

1. Launagreiðslur fastra starfsmanna.

Launagreiðslur fastra starfsmanna eru miðaðar við sama starfsmannafjölda og verið hefur, með þeirri viðbót, sem gert var ráð fyrir í vegáætlun fyrir árin 1971 og 1972, sbr. fylgiskjal 2.1. 1—02 með tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1969—72. Enn fremur er miðað við nýgerða kjarasamninga við opinbera starfsmenn og niðurröðun í launaflokka í samræmi við þá.

Af heildarhækkuninni á þessum lið eru um 2 m.kr. hvort áranna 1971 og 1972 vegna þess, að lífeyrissjóðsgreiðslur, slysatryggingagjöld og launaskattur vegna fastra starfsmanna koma nú til greiðslu á þessum lið, en voru áður greiddar með beinum fjárveitingum í fjárlögum fyrir alla fasta ríkisstarfsmenn í heild. Breyting í þessu efni var fyrst gerð með fjárlögum fyrir árið 1971.

Tekið skal fram, að töluverður hluti af launagreiðslum fastra starfsmanna, svo sem verkstjóra, á að réttu lagi heima undir liðunum 2.2 og 2.3 og kemur því sem raunveruleg viðbót við framkvæmdafé á þessum liðum. Væri eðlilegra að telja þann launakostnað undir réttum framkvæmdaliðum, en ekki hefur þótt ástæða til að gera það fyrir þetta eina ár, þó að það verði tekið til athugunar fyrir nýja vegáætlun fyrir árin 1972—75.

2. Eftirlaunagreiðslur.
   Hér er um að ræða greiðslur eftirlauna til verkstjóra og verkstjóraekkna. Nemur hækkunin á þessum lið um 1 m.kr., sem stafar af því, að eftirlaun í fyrri vegáætlun voru miðuð við 12. launaflokk, en það var lægsti launaflokkur verkstjóra, en samkvæmt hinum nýju kjarasamningum hækka þeir verkstjórar í 15. launaflokk, og hefur þótt rétt að miða eftirlaun við það.
3. Skrifstofukostnaður.
   Um 2 m.kr. hækkun er á þessum lið og stafar sú hækkun að mestu af verðbreytingum. Þó er gert ráð fyrir því, að Vegamálaskrifstofan þurfi að leigja nokkurt viðbótarhúsnæði vegna fjölgunar starfsfólks samkvæmt gildandi vegáætlun, og er kostnaður við þá aukningu áætlaður um 0.5 m.kr. á ári.
4. Verkfræðilegur undirbúningur.
   Hér er eingöngu um 20% hækkun á kostnaði að ræða vegna verðhækkana.
5. Umferðartalningar og eftirlit.
   Hækkun á þessum lið er um 0.8 m.kr. Af þeirri hækkun eru 0.3 m.kr. vegna verðhækkana, en 0.5 m.kr. vegna aukningar á umferðartalningum, sem heitið var í sambandi við lánssamninga við Alþjóðabankann vegna hraðbrautaframkvæmda.
   Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði við vegaeftirlit að undanskildum hækkunum vegna verðlagsbreytinga.

2.2. Viðhald þjóðvega.

1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.
   Í vegáætlun fyrir árið 1971 var viðhaldskostnaður þjóðvega áætlaður 206.9 m.kr., en fyrir árið 1972 211.9 m.kr.
   Svo sem fram kemur í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1970 reyndist viðhaldskostnaður þjóðvega það ár um 219 m.kr., og var það um 22 m.kr. hærri upphæð en fjárveiting til vegaviðhaldsins það ár í vegáætlun, og eru orsakir þessarar umframeyðslu nánar raktar í skýrslunni.
   Með hliðsjón af raunverulegum viðhaldskostnaði á árinu 1970 er gert ráð fyrir, að viðhaldskostnaður með tilliti til hækkana, sem orðið hafa, verði á árinu 1971 um 241.5 m.kr.
   Í láni því til kaupa á vegagerðarvélum, sem tekið var hjá Alþjóðabankanum jafnhliða láni til hraðbrautaframkvæmda og nemur um 45 m.kr., er einn stærsti liðurinn ætlaður til kaupa á nýrri mulningsvélarsamstæðu til vinnslu á slitlagi í malarvegi. Mulningsvélar þessar kosta um 15 m.kr., og er gert ráð fyrir, að vél þessi verði staðsett á Norðurlandi til vinnslu malar í slitlag frá Holtavörðuheiði í Norður-Þingeyjarsýslu. Sams konar mulningsvélarsamstæða hefur verið rekin á Suður- og Vesturlandi allt frá árinu 1966 með mjög góðum árangri.
   Þá er og gert ráð fyrir því, að nokkru minni mulningsvélarsamstæða, sem notuð hefur verið á Norðurlandi um nokkurt árabil, verði flutt til Austurlands, en keypt verði lítil mulningsvélarsamstæða af sveitarfélögum á Austurlandi og hún notuð við vinnslu malar á Vestfjörðum, sökum þess að hún er tiltölulega auðveld í flutningi. Aukinn tilkostnaður við rekstur framangreindra mulningsvélarsamstæðna á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum er áætlaður um 8.5 m.kr. Er enginn vafi á því, að verulegar umbætur fást í vegaviðhaldi við notkun unnins efnis í slitlag veganna.
   Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir, að fjárveiting til vegaviðhalds á árinu 1971 verði alls 250 m.kr. Á árinu 1972 er miðað við sömu upphæð á þessum lið.
2. Vegmerkingar.
   Fjárveiting á þessum lið er áætluð 1.8 m.kr., og er þar um 300 þús. kr. hækkun að ræða, m. a. vegna verðbreytinga.

3. Tryggingagjöld, orlof o. fl.

Hækkun á þessum lið vegna vísitölubreytinga nemur um 23%. Auk þess bætist við lífeyrissjóðsgjald vegna verkamanna, sem nemur 3% á þessu ári og 4.5% á árinu 1972. Samtals verður hækkunin fyrir árið 1971 um 50% á þessum lið, en um 60% á árinu 1972 miðað við fjárveitingar á þessum lið í vegáætlun fyrir þau ár.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

2.3.1. Til hraðbrauta.

Hækkun á framlagi til hraðbrauta á árinu 1971 nemur 62.1 m.kr. Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum, sem lögfest var á Alþingi í desember s. l., var áætlað að framlag til hraðbrauta þyrfti að hækka um 76.3 m.kr. á árinu 1971, en 74.1 m.kr. á árinu 1972 til þess að vegasjóður gæti á þessum árum lagt fram helming kostnaðar við hraðbrautaframkvæmdir á Suðurlands- og Vesturlandsvegi á móti láni Alþjóðabankans til þessara vega, en það nemur 50% af kostnaði við beinar framkvæmdir og eftirlit með þeim. Enn fremur var í þessari hækkun reiknað með greiðslu vaxta og afborgana af 150 m.kr. láni til hraðbrautaframkvæmda á Suðurlands- og Vesturlandsvegi á árunum 1969 og 1970. Áfallinn kostnaður, sem greiða þurfti með bráðabirgðaláni þessu, nam um 133 m.kr. í desember s. l., og var sá kostnaður greiddur með bráðabirgðaláni í Seðlabankanum, en það lán síðan endurgreitt með erlendu láni til 15 ára, sem tekið var 15. janúar s. l. til þessara og annarra framkvæmda. Þar sem lán þetta er afborganalaust fyrstu fjögur árin og fyrstu vaxtagreiðslur falla eigi fyrr en á árinu 1972 lækkar fjárþörf til hraðbrautaframkvæmda frá því, sem gert var ráð fyrir í greinargerð með frumvarpi um breytingu á vegalögum, um 14.2 m.kr. á árinu 1971 og 3.6 m.kr. á árinu 1972.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Tillaga um hækkun fjárveitinga til þjóðbrauta fyrir árin 1971 og 1972 sundurliðast þannig:

(Fjárhæðir í millj. kr.)

Ár	Fjárv. í vegáætlun	Vegna verðhækkana 17.5%	Vegna nýrra skuldbindinga	Fjárv. alls
1971	55.3	9.7	1.1	66.1
1972	72.5		1.0	73.5

Hækkun á fjárveitingum vegna verðhækkana nema 17.5% eins og að framan greinir fyrir árið 1971.

Hækkun vegna nýrra skuldbindinga stafar af því, að til þess að unnt væri að ljúka framkvæmdum samkvæmt Vestfjarðaáætlun á árinu 1970 var tekið 11.8 millj. kr. framkvæmdalán samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir það ár. Lán þetta skiptist þannig, að til þjóðbrauta fóru 5.1 m.kr., en til landsbrauta 6.7 m.kr. Þjóðbrautir þær, sem hér um ræðir, eru Vestfjarðavegur sunnan Þingmannaheiðar, vegur um Gemlufallsheiði og Breiðadalsheiði. Vextir og afborganir af þessum lánum til þjóðbrauta nema alls 1.1 m.kr. á árinu 1971, en 1.0 m.kr. á árinu 1972.

2.3.4 Til landsbrauta.

Tillaga um hækkun á fjárveitingum til landsbrauta sundurliðast, eins og hér greinir:

(Fjárhæðir í millj. kr.)

Ár	Fjárv. í vegáætlun	Vegna verðhækkana 17.5%	Vegna nýrra skuldbindinga	Fjárv. alls
1971	63.3	11.1	5.2	79.6
1972	56.9		4.9	61.8

Hækkun vegna verðhækkana nemur 17.5% fyrir árið 1971, eins og að framan greinir.

Hækkun vegna nýrra skuldbindinga að upphæð 5.2 m.kr. á árinu 1971 sundurliðast þannig:

1. Vextir og afborganir af 6.7 m.kr. framkvæmdaláni, sem tekið var árið 1970 til þess að ljúka Vestfjarðaáætlun, sbr. lið 2.3.2. Lán þetta fór til Súgandafjarðarvegar og Bolungarvíkurvegar, og nema vextir og afborganir af því 1.5 m.kr. á árinu 1971, en 1.3 m.kr. á árinu 1972.
2. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar, um vegáætlun fyrir árin 1969—72, lið 2.3.2., er frá því greint, að umsamið hafi verið við Landsvirkjun, að Vegasjóður endurgreiddi helming kostnaðar við endurbyggingu Skeiða- og Gnúpverjavega, sem framkvæmd var á árunum 1966 og 1967 eða alls 12 m.kr. Var í þessu skyni tekin upp fjárveiting í gildandi vegáætlun til Skeiða- og Gnúpverjavega að upphæð alls 1.6 m.kr. Snemma árs 1970 samdist svo um, að ofangreind 12 m.kr. skuld við Landsvirkjun yrði greidd með þeim hætti, að Vegasjóður yfirtæki 10 m.kr. lán til 10 ára, en mismunurinn yrði endurgreiddur vaxtalaust á árunum 1971 og 1972. Af þessum sökum þarf fjárveiting til Þjórsárdalsvegar að hækka um 1.9 m.kr. á árinu 1971 og 2.0 m.kr. á árinu 1972, en eftir það koma aðeins til greiðslur af umræddu 10 m.kr. láni.
3. Svo sem greint er frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1970 var tekið 3 m.kr. bráðabirgðalán til endurbyggingar hluta Landvegar, sem gereyðilagðist vorið 1970 vegna umferðar að Heklugosinu. Lán þetta skal endurgreiða á árunum 1971 og 1972, og þarf fjárveiting til Landvegar því að hækka um 1.8 m.kr. af þessum sökum árið 1971, en 1.6 m.kr. árið 1972.
4. Til girðinga og uppgræðslu. Þessi fjárveiting er hvort áranna 1971 og 1972 hækkuð um 17.5%, eða sem nemur hækkun vegagerðarvísitölu.
5. Tryggingagjöld, orlof o. fl. Þessi liður er hækkaður um 50% árið 1971 og 60% árið 1972 sbr. greinargerð, lið 2.2.3.
6. Til rannsókna á Skeiðarársandi. Fjárveitingin er hækkuð í samræmi við hækkun á vegagerðarvísitölu.
7. Til nýrra framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum. Með breytingu þeirri á vegalögum, sem samþykkt var í desember s. l., var gert ráð fyrir 39.2 m.kr. hækkun til nýrra framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum á árinu 1971 og 32.8 m.kr. á árinu 1972. Gert er ráð fyrir, að þessari hækkun ráðstöfunartekna til þjóðbrauta og landsbrauta á árinu 1971 verði skipt til einstakra framkvæmda í þessum vegaflokkum á Alþingi. Skipting þessa fjár fyrir árið 1972 verður ekki gerð að þessu sinni, þar sem vegáætlun fyrir það ár verður endurskoðuð í lok þessa árs í sambandi við samningu nýrrar vegááætlunar fyrir árin 1972—75.

2.4. Til fjallvega o. fl.

Hækkun á fjárveitingum til aðalfjallvega, annarra fjallvega og reiðvega er fyrir árin 1971 og 1972 miðuð við 13—14%, og er þá gert ráð fyrir meðaltali af hækkun á framkvæmdavísitölu við nýja þjóðvegi og viðhald þjóðvega. Gert er ráð fyrir, að reiðvegir fái hlutfallslega hækkun í framkvæmd, þó að hækkun þar sé aðeins 0.0, þar sem hún nær ekki heilu hundraði þúsunda króna. Hækkun á liðnum „Tryggingagjöld, orlof o. fl." verður um 50% miðað við gildandi vegáætlun, eins og nánar er vikið að undir lið 2.2.

2.5 Til brúargerða.

1. Brýr 10 m og lengri.
   Hækkanir til brúagerða eru miðaðar við, að unnt sé að gera allar þær brýr, sem eru í áður gerðri vegáætlun.
2. Til smábrúa.
   Sbr. lið 1.

3. Tryggingagjöld, orlof o. fl.
Þessi gjöld hækka um 50%, eins og nánar er vikið að undir lið 2.2.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar fyrir vegáætlun 1969—1972 voru heildartekjur sýsluvegasjóðs á árinu 1969 áætlaðar 8.741 þús. kr. Miðað við þá áætlun var í greinargerðinni gert ráð fyrir, að framlag vegasjóðs á árinu 1970 yrði 17.5 m.kr. Við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi var framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóða fyrir árin 1970—1972 ákveðið 1 m.kr. hærra með tilliti til þess, að lengd sýsluvega í heild var aukin verulega samkvæmt áætluninni við það, að felldir voru úr tölu þjóðvega vegir að kirkjum, skólum og félagsheimilum.

Raunverulegar innheimtar tekjur sýsluvegasjóða samkvæmt 21. og 23. gr. vegalaga á árinu 1969 reyndust 8.687 þús. kr. og gerir því framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóða á árinu 1970 aðeins betur en að mæta tvöföldu heimaframlagi, að viðbættri þeirri 1 m.kr., sem lögð var fram sérstaklega, eins og að framan greinir. Innheimtar tekjur sýsluvegasjóðanna árið 1968 reyndust 7.622 þús. kr., og gerði því framlag vegasjóðs á árinu 1969 til sýsluvegasjóðanna heldur betur en að mæta tvöföldu heimaframlaginu, þar sem það var 17.1 m.kr. Samkvæmt því stendur vegasjóður ekki í neinni skuld við sýsluvegasjóðina fyrir liðin ár.

Sýsluvegasjóðsgjöld samkvæmt 21. gr. vegalaga fyrir árið 1970 voru miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember 1969, sem var 63.02 kr./klst. Samkvæmt því má gera ráð fyrir, að innheimt sýsluvegasjóðsgjöld samkvæmt 21. gr. og 23. gr. vegalaga á árinu 1970 muni nema 10.1 m.kr. Samkvæmt þeirri áætlun þarf framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna á árinu 1971 að nema 20.2 m.kr. til þess að mæta ákvæðum vegalaganna, en 21.5 m.kr., þegar tekin er með sú 1 m.kr., sem sýsluvegasjóðunum var veitt sem uppbót, eins og að framan greinir. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir, að tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt 23. gr. muni nema um kr. 450 000.00 á árinu 1970, en raunverulegar tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt þessari grein á árinu 1969 reyndust aðeins um kr. 403 000.00.

Á árinu 1971 verða tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt 21. gr. innheimtar miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember 1970, en það er kr. 81.23 á klst. eða 28.9% hærra en árið á undan. Samkvæmt því þarf framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna árið 1972 að nema 26.0 m.kr. til þess að uppfylla ákvæði vegalaga, en 27.0 m.kr. að viðbættu 1 m.kr. aukaframlaginu, sem að ofan greinir. Hér er miðað við, að tekjur samkvæmt 23. gr. vegalaga breytist ekki teljandi við væntanlega gildistöku hins nýja fasteignamats.

Samkvæmt framansögðu ætti ráðstöfunarfé sýsluvegasjóðanna á árinu 1971 að nema 34.2 m.kr., en 40.0 m.kr. á árinu 1972.

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Við endurskoðun þessarar fjárveitingar er gert ráð fyrir því að nota heimild í 1. mgr. 32. gr. vegalaga um að undanskilja framlög til hraðbrautaframkvæmda frá heildartekjum Vegasjóðs, þegar framlag til vega í kaupstöðum og kauptúnum er ákveðið.

Með því að þessu ákvæði sé beitt, hækkar framlag á þessum lið úr 66.1 m.kr. í 85.5 m.kr. fyrir árið 1971.

Fyrir árið 1972 er fjárveitingin til vega í kaupstöðum og kauptúnum 93.5 m.kr. eða 12.5% af heildarframlagi til vegamála það ár, þegar frá hafa verið dregnar fjárveitingar til hraðbrautaframkvæmda.

2.8. Til véla- og áhaldakaupa.

1. og 2. Til véla- og verkfærakaupa og til byggingar áhaldahúsa er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun fjárveitinga vegna verðbreytinga. Þörf til hækkunar þessarar fjárveitingar er ekki eins brýn á yfirstandandi ári og endranær sökum þess, að hluti af láni því, er ríkisstjórnin tók til hraðbrautaframkvæmda hjá Alþjóðabankanum, fer til kaupa á vélum vegna vegaviðhalds. Nemur sú fjárhæð alls 45 m.kr. fyrir árið 1971.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárframlög á þessari grein hækka um 1.4 m.kr. hvort árið í samræmi við hækkun á heildartekjum vegasjóðs og ákvæði 96. gr. vegalaga.

2.10. Halli á vegáætlun.

Tekjuhalli á vegáætlun 1969 varð 25.2 m.kr., og greiðist sá halli alveg af auknum tekjum vegasjóðs á árinu 1971.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar fyrir árið 1970 er gert ráð fyrir, að halli vegasjóðs á því ári verði alls um 73.8 m.kr., og stafar um helmingur þess halla af því, að gert er ráð fyrir, að tekjur vegasjóðs á því ári verði 37.5 m.kr. undir áætlun. Endanleg reikningsskil um tekjur vegasjóðs 1970 liggja þó ekki enn fyrir, en ekki er gert ráð fyrir, að framangreind áætlun breytist verulega.

Miðað við þær tekjuáætlanir vegasjóðs, sem um getur í athugasemdum við kafla I, og sama framlag ríkissjóðs til vegasjóðs á árinu 1972 og á árinu 1971, vantar tæpar 30 m.kr. á, að jöfnuður náist milli tekna og gjalda vegasjóðs á árinu 1972. Vegáætlun fyrir árið 1972 er þó aðeins bráðabirgðaáætlun, sem tekin verður til endurskoðunar við samningu nýrrar vegáætlunar fyrir árin 1972—75 í lok þessa árs.

IV. UM FLOKKUN VEGA

Breytingar á skilgreiningu Súgandafjarðarvegar (C 21) og Svarfaðardalsvegar (E 5) eru gerðar til samræmis við ákvæði 12. gr. vegalaga um landsbrautir.

Breytingar á skilgreiningu Laxárdalsvegar (E 28) og Fagranesvegar (E 29) eru gerðar til samræmis við skilgreiningu á Hvammavegi (E 27).

Breyting á skilgreiningu Þjórsárdalsvegar (G 21) er gerð í samræmi við ákvæði 12. gr. vegalaga um landsbrautir, þar sem nú er risin upp nokkur byggð við Búrfellsvirkjun.

Breyting á skilgreiningu aðalfjallvegarins um Sprengisandsleið (3.3.4.) er gerð til samræmis við það, að nú hefur verið byggður nýr vegur á vegum Landsvirkjunar frá Þjórsá austan við Búrfellsvirkjun að nýrri brú á Tungnaá hjá Sigöldu og þaðan áfram vestan við Þórisvatn, og þykir rétt að fella þennan nýja veg í Sprengisandsleið. Leiðin um kláfferju á Tungnaá hjá Haldi og Búðaháls færi við það í tölu annarra fjallvega.

Þar sem opnazt hefur ný leið af Sprengisandi niður í Skagafjörð með byggingu brúar á Jökulsá eystri á Austari-Bug, þykir eðlilegt að taka þessa álmu í tölu aðalfjallvega.

Sþ. **483. Skýrsla**

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1970.

I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins hinn 12. jan. 1971 voru innkomnar tekjur vegasjóðs hinn 31. des. 1970, eins og hér segir:

	Áætlun m.kr.		Rauntölur m.kr.		Halli m.kr.
1.1. Benzíngjald:					
Brúttótekjur	418.8		396.7		
Endurgreiðslur	13.6		14.2		
	——	405.2	——	382.5	22.7
1.2. Þungaskattur:					
Brúttótekjur	138.8		107.2		
Endurgreiðslur	8.0		7.0		
	——	130.8	——	100.2	30.6
1.3. Gúmmígjald		47.6		43.4	4.2
Alls		583.6		526.1	57.5

1.1. Tekjur af benzíngjaldi.

Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1969—1972 var brúttósala á benzíni á tekjuárinu 1970, þ. e. nóv. 1969—okt. 1970, áætluð 73.7 millj. lítra eða 2.4 millj. lítra meiri en á tekjuárinu 1969. Raunveruleg sala samkvæmt söluskýrslum olíufélaganna hefur hins vegar reynzt 69.7 millj. lítra eða 4% minni en áætlað var. Endurgreiðslur á benzínskatti urðu 14.2 m.kr., og er það 0.6 m.kr. hærri upphæð en áætlað var. Af þessum sökum urðu brúttótekjur um 22.7 m.kr. undir áætlun.

Brúttósala á benzíni undanfarin 5 tekjuár hefur orðið, eins og hér segir:

1966	68.3	millj. lítra
1967	72.2	— —
1968	71.5	— —
1969	69.3	— —
1970	69.7	— —

Að raunveruleg aukning á brúttósölu á benzíni hefur aðeins orðið um 0.6% á árinu, þrátt fyrir verulegan innflutning bifreiða, má m. a. rekja til þess, að mikill hluti hinna nýju bifreiða kom fyrst í notkun á síðari hluta ársins, svo og þess, að vegna verkfallsins í júnímánuði varð benzínsala í þeim eina mánuði 1.2 millj. lítrum minni en í júnímánuði árið á undan. Þá hefur það án efa mikil áhrif á hlutfallslega minnkandi benzínsölu miðað við fjölgun bifreiða, að nýjar fólksbifreiðar, sem fluttar eru inn nú, eru yfirleitt minni og því sparneytnari en mikið af þeim stóru og eyðslufreku fólksbifreiðum, sem fluttar voru inn á fyrsta áratugnum eftir heimsstyrjöldina og nú er verið að afskrá árlega.

1.2. Tekjur af þungaskatti.

Með heimild í b-lið 4. gr. laga nr. 67/1968 um breytingu á vegalögum nr. 71/1963 var hinn 30. apríl gefin út reglugerð nr. 74/1970 um innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar

nýju innheimtuaðferðar voru sett með reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 74/1970 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl., en ákvæði um upphæð gjaldsins voru birt með auglýsingu nr. 100/1970 hinn 11. júní.

Sökum þess að verulegar tafir urðu á ísetningu ökumæla í dísilbifreiðar af völdum verkfallsins í júnímánuði varð að fresta gildistöku reglugerðar nr. 74/1970 til 1. ágúst. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 94/1970 á þungaskattur samkvæmt kílómetragjaldi að greiðast ársfjórðungslega eftir á, en af þeim sökum kemur greiðsla fyrir síðasta ársfjórðung ekki til innheimtumanna ríkissjóðs fyrr en í lok janúar 1971.

Áætlaðar brúttótekjur af þungaskatti voru 138.8 m.kr., en endurgreiðslur 8.0 m.kr. Hinn 12. janúar þ. á. voru samkvæmt yfirliti ríkisbókhaldsins innheimtar tekjur hinn 31. desember 1970 af þungaskatti alls 107.2 m.kr., en endurgreiðslur um 7.0 m.kr. og nettótekjur því 100.2 m.kr. Er það 30.6 m.kr. lægri upphæð en gert er ráð fyrir í vegáætlun, eins og að framan greinir.

Áætlað var, að þungaskattur af dísilbifreiðum yfir 5 tonn að eigin þunga næmi alls um 60% af öllum innheimtum þungaskatti. Samkvæmt því má gera ráð fyrir, að enn sé óinnkomið af þungaskatti síðasta ársfjórðungs 1970 um 20 m.kr., svo framarlega sem hið ákveðna kílómetragjald samsvarar þeim þungaskatti, sem greiddur var samkvæmt eldra fyrirkomulaginu, en reynslan ein getur skorið úr um það atriði.

1.3. Tekjur af gúmmígjaldi.

Tekjur af gúmmígjaldi voru áætlaðar 47.6 m.kr., en urðu 43.4 m.kr. eða 4.3 m.kr. undir áætlun. Samkvæmt því hefur raunveruleg sala á hjólbörðum á árinu 1970, að meðtöldum hjólbörðum á innfluttum bifreiðum, numið alls um 1200 tonnum. Samsvarandi tölur fyrir undanfarin fimm ár eru eins og hér segir:

Árið 1966	1320	tonn
— 1967	1260	—
— 1968	917	—
— 1969	825	—
— 1970	1200	—

II. Skipting útgjalda.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.1. Launagreiðslur.

Launagreiðslur urðu 15.3 m.kr., en voru áætlaðar í vegáætlun 12.1 m.kr., sem stafar í fyrsta lagi af grunnkaupshækkun hjá ríkisstarfsmönnum á s. l. sumri, í öðru lagi af hækkun kaupgjaldsvísitölu og í þriðja lagi af nýjum kjarasamningum ríkisstarfsmanna, en 8% grunnkaupshækkun skv. þeim, sem reiknast aftur til 1. júlí 1970, var greidd að nokkru fyrir s. l. áramót samkv. áætlun fjármálaráðuneytisins, en endanlegri röðun í launaflokka er enn þá eigi lokið.

2.1.2. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. verkstjóra og ekkna þeirra urðu 1.8 m.kr., en voru áætlaðar í vegáætlun 1.3 m.kr. Eftirlaunin eru miðuð við 12. launaflokk ríkisstarfsmanna og hækka því í sama hlutfalli og laun þeirra. Einnig bættust við eftirlaun til tveggja ekkna verkstjóra, sem létust á árinu 1969, en höfðu ekki náð eftirlaunaaldri.

2.1.3. Skrifstofukostnaður.

Skrifstofukostnaður varð 5.8 m.kr. en var áætlaður í vegáætlun 5.0 m.kr., sem stafar af hækkun húsaleigu í Borgartúni 7 frá ársbyrjnu 1970 og almennum kaupgjaldshækkunum og hækkunum á vörum og þjónustu.

2.1.4. Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda.

Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda í landsbrautum og þjóðbrautum hefur verið öllu meiri en undanfarin ár, og kemur þar sérstaklega til undirbúningur að samgönguáætlun samkv. ákvörðun samgönguráðuneytisins. Hraða varð mjög undirbúningi hraðbrautaframkvæmda, eins og nánar er vikið að undir lið 2.3.1.

Greinargerðir um rannsóknir sérstakra verkefna samkvæmt þingsályktunartillögum er að finna undir lið 2.3.6.

2.1.5 Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 1.5 m.kr.

Umferðartalning var aukin að mun á árinu, og var það m. a. gert í framhaldi af viðræðum við starfsmenn Alþjóðabankans, en þeir voru hér á landi síðastliðið vor vegna lántöku til hraðbrautaframkvæmda. Í þessu tilefni voru keyptir 25 nýir teljarar og 7 fengnir að láni hjá Reykjavíkurborg. Umferðartalningarnar sýna, að nokkur aukning er á sumarumferð frá fyrra ári, og einna mest á Suðurlandi. Á Suðurlandsvegi við Rauðavatn var tæplega 10% aukning, en yfir 20% aukning við Selfoss.

Umferð um Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum var 8.5% meiri en árið áður.

Á vegum í Borgarfirði var um 5—10% umferðaraukning miðað við árið áður, en á vegum í nágrenni Akureyrar var aukningin minni.

Haft var eftirlit með öxulþunga ökutækja í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld með sama hætti og síðastliðið ár. Sérstök áherzla var lögð á eftirlit með öxulþunga, meðan klaki var að fara úr vegum s. l. vor og þeir viðkvæmir fyrir skemmdum. Á þessum tíma voru allar bílavogir í notkun og því unnt að halda uppi eftirliti víðs vegar á landinu samtímis. Enginn vafi er á því, að mun betur er nú farið eftir gildandi reglum um öxulþunga ökutækja en áður var.

Kostnaður við umferðartalningu og eftirlit varð því nokkuð meiri en áætlað var eða sem nam 300 þús. kr.

2.1.6. Áhrif verðhækkana.

Kostnaðaráætlanir í vegáætlun fyrir árið 1970 voru miðaðar við verðlag og kaupgjald í febrúar 1969 (kaupgjaldsvísitala 11.35 stig). Breytingar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða hafa orðið, eins og hér segir:

	Febrúar 1969	Ágúst 1969	Ágúst 1970	Hækkun í % feb. '69–ág. '70
Vegaviðhald	791	812	902	14.0
Vegagerð	737	752	874	18.6
Brúargerð	1020	997	1226	20.2

Framangreind hækkun á vísitölu einstakra framkvæmdaliða stafar fyrst og fremst af hækkun á vinnulaunum og leigugjaldi véla og bifreiða. Einnig kemur til nokkur hækkun á efni og þá sérstaklega á stáli til brúargerðarframkvæmda.

Hækkun framkvæmdakostnaðar hefði þó orðið mun meiri en að ofan greinir, ef ekki væri stöðugt unnið að aukinni hagræðingu við framkvæmdir með því að

bæta vélakost og skipulag. T. d. má nefna, að ef slíkar ráðstafanir hefðu ekki komið til á árunum 1969 og 1970 hefði vísitala vegaviðhalds 1. ágúst 1970 orðið 954 stig, þ. e. 20.6% hærri en í febrúar 1969. Vísitala vegagerðarkostnaðar hefði 1. ágúst 1970 á sama hátt orðið 900 stig, þ. e. 22.1% hærri en í febrúar 1969.

Þegar haft er í huga, að 1% hækkun á viðhaldskostnaði þýðir 2 m.kr. aukin útgjöld, er ljóst, að fé sem varið er til aukinnar hagræðingar ber ríkulegan ávöxt.

2.2. VIÐHALDSKOSTNAÐUR ÞJÓÐVEGA

2.2.1. Viðhald þjóðvega.

Fjárveiting var 197.4 m.kr.

A. Vetrarviðhald.

Kostnaður við vetrarviðhald á tímabilinu janúar—júní varð 32.1 m.kr., enda voru snjóþyngsli meiri víða um land, og þá einkum á Suðurlandi, en á sama tímabili á árinu 1969, eins og sjá má á eftirfarandi yfirlitstöflu. Kostnaður á tímabilinu október—desember varð alls 12.0 m.kr. Var haustið mjög hagstætt hvað snjómokstur snertir á Suður- og Vesturlandi, en hins vegar var kostnaður við snjómokstur á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi mun meiri en á sama tímabili árið 1969. Heildarkostnaður við vetrarviðhald varð því 46.0 m.kr.

Kostnaður við vetrarviðhald á árinu 1970 hefur orðið um 6% meiri en árið 1968. Farið var algjörlega eftir snjómokstursreglunum, sem settar voru í desember 1967.

Til fróðleiks er í eftirfarandi yfirliti sýndur kostnaður við vetrarviðhald undanfarin fjögur ár, og kemur þar fram, að árið 1969 hefur verið hagstæðast þessara ára, hvað vetrarviðhald snertir.

Yfirlit um kostnað við vetrarviðhald 1967—1970.

Ár	Jan.—júní m.kr.	Okt.—des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Á verðl. 1970	Hlutfallstala
1967	17.8	10.2	28.0	571	44.2	102.1
1968	25.5	6.4	31.9	665	43.3	100.0
1969	18.3	13.4	31.7	812	35.2	81.3
1970	34.0	12.0	46.0	902	46.0	106.2

B. Tjón af völdum náttúruhamfara.

Í byrjun ársins urðu mikil flóð og skemmdir á vegum á Austurlandi á svæðinu frá Héraði og suður fyrir Lónsheiði. Einnig urðu skemmdir víða annars staðar á landinu. Kostnaður við viðgerðir á þessum skemmdum nam 2.3 m.kr.

Í nóvember og desember urðu miklar skemmdir á vegum á Suðurlandi og Vesturlandi vegna flóða. Mestar skemmdir urðu þó í Borgarfirði, en þar flæddi Norðurá yfir veginn á stóru svæði. Einnig flæddu Héraðsvötn upp og ollu skemmdum á vegum í Vallanesi og Akratorfu. Kostnaður við viðgerðir nam 2.7 m.kr.

Ekki tókst að ljúka öllum viðgerðum fyrir áramót og áætlaður kostnaður við að ljúka þeim er um 800 þús. kr.

C. **Sumarviðhald.**

Til þessa liðar telst allur kostnaður á viðhaldi á auðum vegum, enda fer mest af því fram að sumarlagi, og nær hann yfir almennt viðhald, heflun, styrkingu vega, mölun og hörpun efnis, viðhald brúa og rykbindingu vega.

Eins og undanfarin ár var lögð mikil áherzla á, að sem minnst af þessu fé fari í vorviðgerðir, en sem mest til varanlegs sumar- og haustviðhalds. Einnig var reynt eftir mætti að hafa hemil á vorskemmdum með því að auka eftirlit með öxulþunga og takmarka hann, þar sem frost var að fara úr jörðu.

D. **Hagræðing í vegaviðhaldi.**

Í maí 1970 voru verkstjórar Vegagerðarinnar kvaddir til tveggja daga fundar í Reynihlíð við Mývatn. Aðalefni fundarins var hagræðing í viðhaldi malarvega og möguleikar á betri nýtingu viðhaldsfjárins í ljósi reynslu Norðmanna og Svía í þessu efni, en Jón Birgir Jónsson, deildarverkfræðingur, kynnti sér þessi mál í Noregi og Svíþjóð haustið 1969. Á fundinum voru einnig skýrðir nýir samningar við Landssamband vörubifreiðastjóra, sem að nokkrum hluta eru byggðir á alveg nýjum grundvelli varðandi malarakstur og eru nokkru hagstæðari en eldri samningar.

Þá hefur Vegagerðin s. l. tvö sumur leigt mulningsvélasamstæðu á Austurlandi, en sú vél er í eigu sveitarfélaga þar. Á s. l. sumri var í fyrsta sinn harpað efni í slitlag vega á Vestfjörðum. Reyndist með því móti unnt að vinna nothæfa möl í slitlag á stöðum, þar sem áður var erfitt um slíkt efni.

Þegar á s. l. vori var ljóst, að vegna hækkana á kaupgjaldi og leigugjaldi vinnuvéla mundi kostnaður við vegaviðhald verða nokkru meiri en gert var ráð fyrir í vegáætlun. Raunin varð sú, að vísitala vegaviðhaldskostnaðar hinn 1. ágúst reyndist 14% hærri en gert hafði verið ráð fyrir, þegar vegáætlun var undirbúin í febrúar 1969. Þótti ekki gerlegt að draga úr nauðsynlegu sumarviðhaldi vega sem þessari hækkun vísitölunnar nam. Var reynt að halda í horfinu um þetta efni, og hefur heildarkostnaður vegaviðhaldsins á árinu orðið um 22 m.kr. umfram fjárveitingu eða um 219 m.kr. Hefur heildarkostnaður við vegaviðhaldið því farið um 11% fram úr áætlun eða nokkru minna en verðhækkunum nemur, en þær voru 14%, eins og að framan greinir.

2.2.2. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 1.5 m.kr. Þeirri upphæð var varið til að setja upp ný umferðarmerki samkvæmt reglugerð nr. 61/1959 og til viðhalds eldri merkjum.

Við umferðarbreytingu vegna H-umferðar 1968 var ráðizt í að endurskoða staðsetningu allra eldri umferðarmerkja á landinu og mun því ljúka á næsta ári.

Búið er að setja upp umferðarmerki við allar hraðbrautir, mestan hluta þjóðbrauta og um helming af landsbrautum. Á árinu 1970 var einkum unnið við að setja upp merki á Vestur- og Norðurlandi og undirbúið að setja upp merki á Norðausturlandi og Suðurlandi á árinu 1971.

Af einstökum flokkum vega samkvæmt vegáætlun 1969—72 er nú lokið merkingum, eins og hér segir:

Af	325	km	af	akfærum	hraðbrautum	eru	merktir	325	km	eða 100%
—	2732	—	—	—	þjóðbrautum	—	—	2569	—	— 94%
—	5129	—	—	—	landsbrautum	—	—	2388	—	— 47%

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0 Lán til vegaframkvæmda.

1. *Föst lán til vegaframkvæmda.*

Með heimild í III. kafla vegáætlunar fyrir árið 1970 og lögum nr. 34/1970 um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1970 hefur ráðuneytið aflað fastra lána til framkvæmda í nokkrum þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar fyrir árið 1970.

Ofangreind lán tekin á árinu 1970, svo og föst lán vegasjóðs í árslok 1969 og 1970 skiptast þannig eftir vegaflokkum:

Tafla I.

	Eftirstöðvar pr. 31/12 '69	Ný lán tekin '70	Afborganir 1970	Eftirstöðvar pr. 31/12 '70
Hraðbrautir	407.1	160.6	20.6	547.1
Þjóðbrautir	125.9	5.1	7.3	123.7
Landsbrautir	44.3	6.7	0.8	50.2
Samtals	577.3	172.4	28.7	721.0

Af ofangreindum heildarlánum vegasjóðs samkvæmt töflu I hefur ríkissjóður á árinu 1970 séð um greiðslur vaxta og afborgana af lánum samkvæmt töflu II, en vegasjóður sér um greiðslur vaxta og afborgana af lánum samkvæmt töflu III.

Tafla II.

Lán yfirtekin af ríkissjóði.

	Eftirstöðvar pr. 31/12 '69	Ný lán tekin '70	Afborganir 1970	Eftirstöðvar pr. 31/12 '70
Hraðbrautir	407.1	27.2	20.6	413.7
Þjóðbrautir	102.1		7.3	94.8
Landsbrautir	33.6		0.8	32.8
Samtals	542.8	27.2	28.7	541.3

Tafla III.

Lán greidd af vegasjóði.

	Eftirstöðvar pr. 31/12 '69	Ný lán tekin '70	Afborganir 1970	Eftirstöðvar pr. 31/12 '70
Hraðbr. (v/Alþj.b. '70)		133.4		133.4
Þjóðbrautir	23.8	5.1		28.9
Landsbrautir	10.7	6.7		17.4
Samtals	34.5	145.2		179.7

Lán til hraðbrauta samkvæmt töflu II er tekið vegna Reykjanesbrautar, eins og nánar er skýrt undir lið 2.3.1.1.

Ný lán til lagningar hraðbrauta samkvæmt töflu III að upphæð 133.4 m.kr. skiptast þannig, að 120 m.kr. er erlent lán til 15 ára, en 13.4 m.kr. er fyrsti hluti af láni, sem tekið var í október hjá Alþjóðabankanum til hraðbrautaframkvæmda á

árunum 1970—1972. Lánið hjá Alþjóðabankanum er alls að upphæð 4.1 millj. dollara og er til 20 ára með 7¼% vöxtum og afborganalaust fyrstu fjögur árin. Af láni Alþjóðabankans munu 3.6 millj. dollara fara til lagningar hraðbrauta, en 0.5 millj. dollara til kaupa á vegavinnuvélum og þá sérstaklega vegna vegaviðhalds.

Ofangreindum lánum til hraðbrautaframkvæmda að upphæð 133.4 m.kr. hefur verið varið á árinu 1970 til greiðslu kostnaðar við lagningu Vesturlandsvegar frá enda Miklubrautar í Kollafjörð og við lagningu Suðurlandsvegar frá Selási að Selfossi, en heildarkostnaður við þessar hraðbrautaframkvæmdir var á árinu 207.3 m.kr., en þar af var fjárveiting í vegáætlun 73.9 m.kr.

Lagningu ofangreindra kafla af Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi sem hraðbrauta verður í meginatriðum lokið í árslok 1972, og verður kostnaður við þær framkvæmdir greiddur með láni Alþjóðabankans og fjárveitingum í vegáætlun til ofangreindra hraðbrauta.

Um framkvæmdir í hraðbrautum vísast að öðru leyti til greinargerðar undir lið 2.3.1.

Lán til þjóðbrauta og landsbrauta á töflu III að upphæð 11.8 m.kr. voru tekin til þess að ljúka ráðgerðum vegaframkvæmdum samkvæmt Vestfjarðaáætlun, og er gerð grein fyrir framkvæmdum í einstökum vegum undir liðum 2.3.2 og 2.3.3.

2. *Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.*

Á árinu var fylgt sömu reglu og undanfarin ár, að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár. Ein undantekning var þó gerð frá þessari reglu á árinu, og var það vegna Landvegar í Rangárvallasýslu, en vegi þessum var stórspillt vorið 1970 vegna óvæntrar og óvenjulegrar umferðar í sambandi við Heklugosið. Til greiðslu kostnaðar við nauðsynlegustu viðgerðir á veginum af þessum sökum var tekið 3 m.kr. bráðabirgðalán hjá Seðlabankanum, sem ráðgert er að endurgreiðist af væntanlegum fjárveitingum í vegáætlun á næstu tveimur árum, eins og vikið er að á fylgiskjali I með greinargerð að frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum, sem samþykkt var á Alþingi í desember s. l.

Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda í árslok 1969 og 1970 voru, eins og hér segir:

	Árslok 1969 þús. kr.	Árslok 1970 þús. kr.
1. Hraðbrautir	19 713	12 256
2. Þjóðbrautir	2 246	2 752
3. Landsbrautir	3 131	9 694
4. Sýslu- og fjallvegir (brýr)	350	300
Alls	25 440	25 002

Bráðabirgðalán til þjóðbrauta eru í árslok 1969 talin 554 þús. kr. lægri en í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1969, sem stafar af því, að lánsheimildir voru ekki notaðar að fullu. (Þingeyjarsýslubraut ónotuð lánsh. 300 þús. kr., Norðurlandsvegur 170 þús. kr. og Kinnarvegur 84 þús. kr.).

Bráðabirgðalán til landsbrauta í árslok 1969 eru hér talin 774 þús. kr. lægri en í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1969, sem stafar af því, að lánsheimildir voru ekki notaðar (Vallanesvegur 340 þús. kr., Suðurdalsvegur 300 þús. kr., Fnjóskadalsvegur eystri 100 þús. kr. og Hvammavegur 134 þús. kr.).

Skipting bráðabirgðalána til einstakra vegaflokka er nánar tilgreind í greinargerð um framkvæmdir í einstökum vegum.

2.3.1. Til hraðbrauta.

1. **Reykjanesbraut (A2):**

a. Reykjanesbraut frá Engidal til Keflavíkur.
Engar framkvæmdir hafa verið við þennan veg á árinu, en gjöld og fjáröflun voru áætluð og hafa í raun orðið, eins og hér segir:

	Áætlun m.kr.	Rauntölur m.kr.
Gjöld:		
1. Greiðslur vaxta og afborgana	53.0	54.8
2. Lántökukostnaður	0.8	0.7
Alls	53.8	55.5
Fjáröflun:		
1. Fjárveiting í vegáætlun	6.8	6.8
2. Framlag varnarliðsins	0.7	0.7
3. Tekjur af umferðargjaldi (nettó)	16.5	14.7
4. Lán skv. framkvæmdaáætlun	29.8	23.8
5. Innstæða frá 1969		4.9
6. Gjöld umfram fjáröflun		4.6
Alls	53.8	55.5

Greiðslur vaxta og afborgana af lánum hafa orðið 1.8 m.kr. hærri en áætlað var.

Greiðslur fyrir efnistöku og landspjöll urðu engar á árinu, þar sem matsnefndir, sem um það fjölluðu, luku eigi störfum á árinu.

Föst lán á veginum námu í árslok 1970 395.9 m.kr.

Umferð um gjaldstöðina hjá Straumi jókst um 8.5% á árinu miðað við fyrra ár, og urðu brúttótekjur 17.3 m.kr., en nettótekjur 14.7 m.kr. eða nokkru minni en áætlað var. Með innheimtukostnaði umferðargjaldsins er talinn styrkur til rekstrar skólabifreiðar Vatnsleysustrandarhrepps samkv. sérstökum samningi, og nam sá kostnaður á s. l. ári 240 þús. kr.

b. Reykjanesbraut í Breiðholti.
Engin fjárveiting var til þessa vegar, en í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar voru veittar 3.4 m.kr. til greiðslu vaxta og afborgana af lánum. Eftirstöðvar lána voru í árslok 1970 14.3 m.kr.

2. **Vesturlandsvegur (B1):**

1. Miklabraut—Rofabær (áfangi 1A):
Fjárveiting var 38.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári, 8.3 m.kr. Lokið var við byggingu brúar á aðalfarveg Elliðaár, sem hafin var 1969. Brúin er forspennt bitabrú í tveimur höfum, og er lengd brúargólfs alls 63 m. Í vestri farvegi árinnar var byggð renna. Þá var byggð vegbrú yfir Reykjanesbraut—Elliðavog. Er þar um að ræða forspennta plötubrú í fjórum höfum og lengd alls 57 m. Undirbygging vegarins hófst haustið 1969 og var lokið í ágúst, og slitlag var lagt í ágúst og september, en það er um 400 m malbik og 600 m steinsteypa. Vegarkaflinn var opnaður fyrir umferð 3. nóvember, en ýmsum verkþáttum er þó ólokið enn, t. d. vantar lýsingu og ekki tókst að mála akreinalínur vegna árstíðar, og lokafrágangur kanta og fláa, sléttun og sáning verður að bíða næsta sumars. Vegurinn er 14 m breiður með 4 akreinum.

Kostnaður 1970 varð um 60 m.kr. Af áföllnum heildarkostnaði alls verksins (um 75 m.kr.) greiðir Reykjavíkurborg helming kostnaðar við vegbrú og hluta í kostnaði brúar og rennu á Elliðaár, alls um 18 m.kr.

2. Rofabær—Höfðabakki (áfangi 1B):
Fjárveiting var 11.0 m.kr. og gekk til greiðslu afborgana og vaxta af láni, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1969.

3a. Höfðabakki—Korpa (áfangi 2):
Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántöku til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) var áfangi þessi boðinn út og samningur gerður við lægstbjóðanda, Aðalbraut sf. Upphæð samnings var 58.5 m.kr. Til viðbótar samningsupphæð kemur kostnaður við eftirlit, kaup á landi undir veginn, færslu girðinga, færslu og tryggingu á vatnsleiðslum, síma- og rafmagnslínum og kaup á húsum, sem fjarlægja þurfti. Þessi viðbótarkostnaður var í árslok orðinn 5 m.kr. Vegarkafla þennan á að taka í notkun í lok október 1971, og honum á að vera að fullu lokið í lok júní 1972.

3b. Korpa—Þingvallavegur (áfangi 3) og Þingvallavegur—Mógilsá (áfangi 4):
Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) voru áfangar þessir boðnir út 22. des. s. l. og framkvæmdir munu hefjast í apríl—maí 1971. Vegarkafla þessa á að taka í notkun í lok október 1972.

4. Um Skeiðhól:
Fjárveiting var 2.6 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.1 km kafli, og er þá lokið gerð alls kaflans um Skeiðhól, einnig þeim hluta, sem framkvæma átti 1971 (og þá með 0.9 m.kr. fjárveitingu). Vegstæðið reyndist mjög erfitt, einkum vegna mikils rennslis grunnvatns á klapparyfirborði, enda varð kostnaður 4.5 m.kr.

8. Til rannsókna á Hvalfirði og Borgarfirði skv. þingsályktunartillögu:
Vegna starfa Hvalfjarðarnefndar var haldið áfram veðurathugunum og umferðartalningum og hafin úrvinnsla úr þeim og fleiri gögnum. Einnig voru gerðar frumathuganir á botnaðstæðum í Laxárvogi, Brynjudalsárvogi og Botnsárvogi með tilliti til að leggja veg yfir vogana á leirum.
Norska vegamálastjórnin hefur heitið tæknilegri aðstoð í sambandi við áætlanagerð um ferjur og rekstur þeirra.
Í Borgarfirði voru framkvæmdar mælingar umhverfis fjarðarbotninn og upp með aðalánum, sem til hans falla, í því skyni að fá fram, hver áhrif breytingar á vatnsborði í fjarðarbotni hefðu í ánum. Fjörðurinn var dýptarmældur milli Seleyrar og Borgarness. Þá voru einnig framkvæmdar umferðartalningar með tilliti til sambands yfir Borgarfjörð.
Þá er í athugun að koma upp síritandi vatnshæðarmælum á nokkrum stöðum í Borgarfirði og gera „seismiskar" mælingar á botni fjarðarins í fyrirhugaðri brúarlínu jafnhliða könnun á burðarþoli botnsins.

5. **Suðurlandsvegur.**

1. Vextir og afborganir lána:
Fjárveiting var 0.8 m.kr. og fór til greiðslu á vöxtum og afborgunum lána, sem tekin voru vegna undirbyggingar vegarins austan Sandskeiðs haustið 1966.

2a. Rauðavatn—Lækjarbotnar (áfangi 1):
Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) var áfangi þessi boðinn út 22. des. s. l. og framkvæmdir munu væntanlega hefjast í apríl—maí 1971. Vegarkafla þennan á að taka í notkun í lok október 1972.

2b. Lækjarbotnar—Svínahraun (áfangi 2):
Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) var lokið við undirbyggingu þessa kafla og samið

við Olíumöl hf. um að leggja á hann olíumöl. Lögð var olíumöl á 4.2 km, en vegna tíðarfars tókst ekki að leggja á 3.2 km, og verður það gert strax og tíðarfar leyfir. Var því lagt malarslitlag á þessa 3.2 km og kaflinn opnaður fyrir umferð. Í sambandi við gerð hins nýja vegar þurfti að breyta vatnsfarvegum á kaflanum frá Sandskeiði að Lækjarbotnum. Voru í þessu skyni gerðir varnargarðar og nýir farvegir á nokkrum stöðum. Þá var byggð 12 m löng brú á Fóelluvötn á Sandskeiði. Auk olíumalar er ýmsum frágangi við kanta og fláa ólokið, og eftir er að slétta og sá í svæði meðfram veginum. Kostnaður á árinu varð 72 m.kr., og er þar meðtalinn kostnaður við kaflann Svínahraun—Reykjarfell (sjá hér á eftir).

3a. Svínahraun—Reykjarfell (áfangar 3 og 4):

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) voru áfangar þessir boðnir út 22. des. s. l., og framvíkkuð beygja við vegamót Þrengslavegar. Á allan kaflann var lögð olíumöl samkv. samningi við Olíumöl hf. og hann síðan opnaður til umferðar. Eftir er ýmis frágangur kanta og fláa og svæða meðfram vegi. Kostnaður er innifalinn í kostnaði við kaflann Lækjarbotnar—Svínahraun (sjá hér á undan).

3b. Reykjarfell—Hellisheiði (áfangi 5) og Hellisheiði—Hveragerði (áfangi 6):

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) voru áfangar þessir boðnir út 22. des. s. l., og framkvæmdir munu væntanlega hefjast í apríl—maí 1971. Vegarkafla þessa á að taka í notkun í lok október 1972.

4. Hveragerði—Bakkarholtsá (áfangi 7):

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lántökur til hraðbrautaframkvæmda (sjá 2.3.0) var áfangi þessi boðinn út og samningur gerður við lægstbjóðanda, Þórisós sf. Upphæð samnings var 57.6 m.kr. Til viðbótar samningsupphæð kemur kostnaður við eftirlit, kaup á landi undir veginn, færslu girðinga, færslu og tryggingu á vatnsleiðslum, síma- og rafmagnslínum o. fl. Þessi viðbótarkostnaður var í árslok orðinn 2.7 m.kr.

Þá hluta þessa áfanga, sem liggja á djúpum mýrum, á að taka í notkun með malarslitlagi um mitt sumar 1971, en allan kaflann á að taka í notkun með föstu slitlagi í lok október 1972.

5. Bakkarholtsá—Selfoss (áfangi 8):

Fjárveiting var 20.9 m.kr., og af henni fóru 2.9 m.kr. til greiðslu skuldar frá fyrra ári. Lokið var við undirbyggingu vegarins, sem hafin var haustið 1969, og lagt á hann malarslitlag og hann opnaður fyrir umferð. Þar sem nær allur kaflinn liggur á djúpri mýri, hefur hann sigið nokkuð, eins og búizt hafði verið við, og fyrsta afrétting fór fram í desember og janúar s. l. Lokaafrétting og lögn slitlags er innifalin í samningi um áfanga 7 (sjá hér á undan) og á að fara fram síðla sumars 1972 og vera lokið í lok október 1972.

Kostnaður við framkvæmdir 1970 varð 17.4 m.kr.

6. Verkfræðilegur undirbúningur:

Fjárveiting var 4.0 m.kr. Haldið hefur verið áfram undirbúningi hraðbrautaframkvæmda og honum hraðað sérstaklega vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um hraðbrautaframkvæmdir (sjá 2.3.0). Þetta var gert á árinu:

1. Vesturlandsvegur:

Verkfræðideild Almenna byggingarfélagsins hf. fullgerði lokaáætlun um kaflann frá Höfðabakka að Korpu (áfanga 2), sem hafin var 1969, og var verkið boðið út í lok maí.

Vegagerð ríkisins fullgerði lokaáætlun um kaflana frá Korpu að Mógilsá (áfanga 3 og 4), og voru verkin boðin út í desember. Verkfræðifyrirtækið Forverk hf. lauk við gerð loftmyndakorta fyrir þessa áfanga snemma á árinu.

Gerð voru loftmyndakort (af Forverki hf.) af Kjalarnesi og Kjós upp fyrir Eyri, og nýhafin er gerð frumáætlunar fyrir veginn á þessu svæði.

Til undirbúnings áframhaldandi kortagerðar vegna hraðbrauta voru gerðar mjög umfangsmiklar þríhyrningamælingar á svæðinu frá Kjalarnesi og upp fyrir Borgarnes. Mælingar þessar voru gerðar í samvinnu við verkfræðifyrirtækin Forverk hf. og Hnit sf.

Vegna framkvæmda þeirra, sem hafnar eru (áfangi 2) og hefjast munu í apríl—maí n. k. (áfangar 3 og 4), voru settir niður, mældir og reiknaðir fastpunktar með stuttu millibili til staðsetningar vegarins. Verk þetta var unnið af Hnit sf.

Haldið var áfram jarðvegskönnun vegna frumáætlana á svæðinu frá Eyri í Kjós fyrir Hvalfjörð og út fyrir Ferstiklu.

2. Suðurlandsvegur:

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen sf. gerði lokaáætlun um kaflann frá Rauðavatni að Lækjarbotnum (áfanga 1), og var verkið boðið út í desember. Fullgerð var lokaáætlun um kaflana frá Lækjarbotnum að Reykjafelli (áfanga 2, 3 og 4), og var verkið unnið að mestu s. l. sumar (sjá 2.3.1.5.2 og 3). Gerð var lokaáætlun um kaflana yfir Hellisheiði (áfanga 5 og 6) og verkið boðið út í desember. Lokið var gerð lokaáætlana um kaflann Hveragerði—Bakkarholtsá (áfangi 7) og verkið boðið út í maí s. l., og einnig um kaflann Bakkarholtsá—Selfoss (áfangi 8), og var undirbyggingu lokið á árinu.

Á sama hátt og fyrir Vesturlandsveg voru settir upp fastpunktar með öllum veginum frá Rauðavatni að Selfossi og þeir mældir og reiknaðir af Hnit sf.

3. Hraðbrautir um Akureyri:

Lokið var nauðsynlegum mælingum og loftmyndatöku og hafin er gerð korta af Forverki hf. vegna hraðbrauta um Akureyri, og verða þau væntanlega tilbúin fyrri hluta árs 1971. Í fyrsta áfanga er ætlunin að kortleggja svæðið frá vegamótum Ólafsfjarðarvegar á Moldhaugnahálsi inn fyrir Akureyri, fjarðarbotninn og út með firðinum að austan upp á Vaðlaheiði.

Þá var hinn 29. sept. skipuð 5 manna nefnd, og er verkefni hennar að gera tillögur um staðsetningu þjóðvegar frá Akureyri að Fnjóskárbrú um Vaðlaheiði með hliðsjón af þörfum Akureyrarflugvallar og skipulagi Akureyrarkaupstaðar. Er áætlað, að nefnd þessi geti lokið störfum undir lok þessa árs.

Kostnaður við verkfræðilegan undirbúning varð um 13 m.kr. á árinu.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

(Töluliðir samkv. vegáætlun 1969—1972.)

1. **Grindavíkurvegur (A 5):**

2. Ofan Grindavíkur:

Fjárveiting var 560 þús. kr. Haldið var áfram endurbyggingu vegarins, og stóðu framkvæmdir yfir um áramótin, og var ákveðið að vinna í veginum áfram fyrir fjárveitingu ársins 1971 og ljúka við 1.9 km langan kafla frá Grindavík að Þorbirni.

2. **Garðskagavegur (A 7):**

1. Keflavík—Garður:
Fjárveiting var 530 þús. kr. Lánsheimild fyrir 400 þús. kr. bráðabirgðaláni út á vegáætlun 1971 var fyrir hendi, en framkvæmdum frestað í samráði við hreppsnefnd til 1971.

3. **Vesturlandsvegur (B 1):**

1. Um Hraunsnef:
Fjárveiting var 480 þús. kr. Í samráði við þingmenn kjördæmisins var fjárveiting notuð við Biskupsbeygju á Holtavörðuheiði á Norðurlandsvegi (sjá 12.2).

2. Um Austurá:
Fjárveiting var 640 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.7 km langur kafli um nýja brú á Austurá. Frágangi er þó ekki lokið.

4. Um Haukadalsá:
Fjárveiting var 1.8 m.kr. Fullgerður var 0.9 km langur kafli um Þorbergsstaði, og gert fært að brúarstæði á Haukadalsá.

5. Um Laxá:
Fjárveiting var engin. Geymt var frá fyrra ári 282 þús. kr. Lokið var frágangi á 0.5 km löngum kafla um Laxá.

12. Í Þorskafirði, Kinnarstaðir—Kollabúðir:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Undirbyggður var að mestu 1.6 km langur kafli frá Kinnarstöðum inn í Þorskafjörð.

4. **Stykkishólmsvegur (B 26):**

5. Um Nesvog:
Fjárveiting var 2.8 m.kr. Fullgerður var 1.2 km langur kafli um Nesvog.

7. **Vestfjarðavegur (C 1):**

1. Sunnan Þingmannaheiðar:
Fjárveiting var 600 þús. kr. Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun nam 2.2 m.kr. Eftirstöðvar láns frá fyrra ári voru 1 409 þús. kr. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 720 þús. kr.
Lokið var undirbyggingu á veginum í Kjálkafirði og milli Auðshaugs og Fossár. Lokið var við yfirbyggingu vegarins frá Litlanesi að Fossá. Vegurinn var tekinn í notkun á miðju sumri, en eftir er að tvískipta blindhæðum.
Föst lán í árslok 1970 voru 11 877 þús. kr.

2. Gemlufallsheiði:
Fjárveiting var 650 þús. kr. Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun nam 1.5 m.kr. Eftirstöðvar láns frá fyrra ári voru 817 þús. kr. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 775 þús. kr. Undirbyggður var 1.0 km langur kafli og yfirbyggður 5.5 km. Lokið var frágangi á öllum kaflanum, og er því vegur um Gemlufallsheiði fullgerður að undantekinni sáningu meðfram veginum.
Föst lán í árslok 1970 voru 11 830 þús. kr.

3. Breiðadalsheiði:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun nam 1.4 m.kr. Eftirstöðvar láns frá fyrra ári voru 3 824 þús. kr. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 300 þús. kr.

Fullgerður var 1.5 km langur kafli og undirbyggður að auki 1.0 km kafli. Eftir er því yfirbygging á 1.0 km löngum kafla.
Föst lán í árslok 1970 voru 5 206 þús. kr.

8. **Barðastrandarvegur (C 7):**

1. Kleifaheiði:
Fjárveiting var 1.62 m.kr. Nýtt bráðabirgðalán, 500 þús. kr., var tekið út á vegáætlun 1971. Greitt var 300 þús. kr. bráðabirgðalán frá 1969.
Lokið var framkvæmdum á 2.1 km löngum kafla vestast á heiðinni.

9. **Strandavegur (C 28):**

2. Kjörseyri—Laxá—Hlaðhamar:
Fjárveiting var 1.75 m.kr. Fullgerður var 2.3 km langur kafli um nýja brú á Laxá.

11. **Siglufjarðarvegur (D 33):**

1. Norðan Sauðárkróksflugvallar:
Fjárveiting var 500 þús. kr. Greitt var 500 þús. kr. bráðabirgðalán frá 1969.

2. Um Vatn:
Fjárveiting var 900 þús. kr. Lokið var við 1.3 km langan kafla hjá Vatni á Höfðaströnd.

12. **Norðurlandsvegur (E 1):**

2. Biskupsbeygja á Holtavörðuheiði:
Fjárveiting var engin, en í samráði við þingmenn kjördæmisins var fjárveiting í Vesturlandsveg um Hraunsnef (sjá 3.1) notuð til að ljúka yfirbyggingu á 0.6 km löngum kafla í Biskupsbeygju.

3. Hæðarsteinsbrekka:
Fjárveiting var engin, en geymt fé frá fyrra ári var 629 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.6 km langur kafli, en eftir er að ganga frá honum.

4. Um Síká:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Fullgerður var 1.6 km langur kafli við nýja brú yfir Síká (sjá nánar 2.5.1. Brú á Síká).

6. Um Laxá á Ásum:
Fjárveiting var 1.16 m.kr. Fullgerður var 4.0 km langur kafli við nýja brú yfir Laxá (sjá nánar 2.5.1. Brú á Laxá).

7. Um Langadal:
Fjárveiting var 1.01 m.kr. Fullgerður var 1.0 km langur kafli og undirbyggður 0.5 km langur kafli austan Blönduóss.

9. Við Löngumýri:
Fjárveiting var 530 þús. kr. Endurnýjað var ræsi í veginum gegnt Löngumýri.

10. Um Djúpadalsá:
Fjárveiting var 1.85 m.kr. Lokið var að mestu við 2.3 km langan kafla beggja vegna nýju brúarinnar á Djúpadalsá.

12. Á Öxnadalsheiði:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Lokið var við að undirbyggja 3.4 km langan kafla hjá Sesselíubúð á Öxnadalsheiði.

15. Kárhóll—Reykjadalsá:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lánsheimild fyrir 900 þús. kr. bráðabirgðaláni var ekki notuð. Greitt var bráðabirgðalán frá 1969 og byggð 4.0 km löng undirbygging, sem nýtist sem vetrarvegur, þar til lokið verður við þennan kafla.

16. Norðan Mývatns:
Fjárveiting var 500 þús. kr. Endurnýjað var ræsi hjá Geirastöðum og vegur lagfærður.

14. **Kinnarvegur (E 21):**

2. Um Ófeigsstaði:
Fjárveiting var engin, en 300 þús. kr. bráðabirgðalán var tekið út á vegáætlun 1971. Lokið var við 0.5 km langan kafla við Vegamót hjá Ófeigsstöðum.

3. Um Húsabakka:
Fjárveiting 1.61 m.kr. Greitt var 1.0 m.kr. bráðabirgðalán frá 1969 Annað bráðabirgðalán, að upphæð 400 þús. kr., var tekið út á vegáætlun 1971. Lokið var við 1.8 km langan kafla austan Skjálfandafljótsbrúar.

15. **Þingeyjarsýslubraut (E 25):**

1. Norðan Vestmannsvatns.
Fjárveiting var engin. Tekið var 800 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1972. Lokið var við 1.0 km langan kafla hjá Hólkoti.

2. Í Aðaldalshrauni:
Fjárveiting var 490 þús. kr. Lokið var að fullu við 2.5 km langan kafla vestan Laxárbrúar gegnt Laxamýri.

9. Kópasker—Klifshagi:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Fullgerður var 2.2 km langur kafli norðan Þverár og undirbyggður 1.8 km langur kafli sunnan Þverár.

13. Um Svalbarð:
Fjárveiting var 400 þús. kr. Lokið var að mestu við 0.9 km langan kafla austan Svalbarðs.

14. Um Ytri-Brekkur:
Fjárveiting var engin, en geymt fé frá fyrra ári var 461 þús. kr. Lokið var að fullu við 2.3 km langan kafla.

16. **Austurlandsvegur (F 1):**

1. Á Jökuldalsheiði:
Fjárveiting var 3.4 m.kr. Fullgerður var að mestu 6.0 km kafli milli Víðidalsár og Gilsár á Jökuldal.

4. Í Skriðdal:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Undirbyggður var 2.9 km langur kafli milli Eyrarteigsár og Jóku.

6. Ós—Starmýri:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Fullgerður var 1.2 km langur kafli utan við Ós í Breiðdal og 2.5 km langur kafli um Kelduskóga á Berufjarðarströnd. Framkvæmdum var ekki lokið að fullu.

7. Í Lóni:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lokið var við 1.3 km langan kafla við Svínhóla.

17. **Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):**

1. Í Bakkafirði:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lokið var við 2.0 km langan kafla norðan Miðfjarðarár.

2. Í Vopnafirði:

Fjárveiting var 441 þús. kr. Yfirbyggður var 1.0 km langur kafli utan við Krossavík, sem var undirbyggður 1968.

3. Á Hellisheiði:

Fjárveiting var 500 þús. kr. Yfirbyggður var 1.0 km langur kafli norðan megin á Hellisheiði, sem undirbyggður var 1968. Einnig var undirbyggður 0.4 km langur kafli neðan Hellisár.

18. **Norðfjarðarvegur (F 26):**

1. Egilsstaðir—Eskifjörður:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Undirbyggður var að mestu 1.5 km langur kafli i Græfum.

2. Um Oddsskarð:

Fjárveiting var 1.4 m.kr. Á árinu 1969 var byrjað á jarðfræðirannsóknum vegna jarðganga og var þeim haldið áfram. M. a. voru boraðar 3 holur í hugsanlegu jarðgangastæði. Auk þess var lokið við 0.6 km langan kafla neðan Ormsstaða.

20. **Suðurlandsvegur (G 1):**

4. Affall—Vorsabær:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Fullgerður var 1.6 km langur kafli af veginum við Vorsabæ.

10. Í Mýrdal:

Fjárveiting var 1.46 m.kr. Fullgerður var að mestu 1.1 km langur vegur í Gatnabrún. Eftir er þó að ganga frá og sá í flög með veginum.

21. **Þingvallavegur (G 3):**

1. Í Þjóðgarði:

Fjárveiting var 170 þús. kr. Endurbættur var kaflinn Leynistígur—Vellir.

22. **Biskupstungnabraut (G 9):**

2. Við Borgargil:

Fjárveiting var 880 þús. kr. Fullgerður var 0.9 km langur kafli um Borgargil.

23. **Skeiðavegur (G 23):**

2. Suðurlandsvegur—Vegamót við Reyki:

Fjárveiting var 540 þús. kr. og fór til greiðslu á skuld.

2.3.3 Til landsbrauta.

(Töluliðir samkvæmt vegáætlun 1969—1972).

1. **Nesvegur (A 6):**
   1. Flugv.—Reykjanesviti:
      Fjárveiting var 1.01 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs, þar sem hagkvæmara þótti að vinna fyrir fjárveitingar áranna 1970 og 1971 í einu.

2. **Meðalfellsvegur (A 14):**
   1. Vesturlandsvegur—Bugða:
      Fjárveiting var 160 þús. kr. Fór til endurbóta á ýmsum stöðum á veginum á um 0.4 km löngum kafla.
   2. Eyjatjörn—Laxá:
      Fjárveiting var 430 þús. kr. Fullgerður var 0.5 km langur kafli af veginum.

3. **Kjósarskarðsvegur (A 15):**
   2. Fremri-Háls—Fellsendi:
      Fjárveiting var 200 þús. kr. Greidd var 60 þús. kr. skuld, en afgangurinn var notaður til ýmissa endurbóta á veginum á um 0.3 km löngum kafla.

4. **Dragavegur (B 2):**
   1. Um Kornahlíð:
      Fjárveiting var 90 þús. kr. Fór til greiðslu á skuld.
   2. Um Geldingadraga:
      Fjárveiting var 1.06 m.kr. Fullgerður var 0.6 km langur kafli vestast á Geldingadraga.

8. **Mófellsstaðavegur (B 8):**
   1. Um Hrepp:
      Fjárveiting var 220 þús. kr. Greitt bráðabirgðalán frá 1969.

9. **Skorradalsvegur (B 9):**
   1. Háafell—Fitjar:
      Fjárveiting var 700 þús. kr. Fullgerður var 1.4 km langur kafli austan Háafells.

12. **Hálsasveitarvegur (B 17):**
   2. Hringsgil—Húsafell:
      Fjárveiting var engin. Bráðabirgðalán 1.0 m.kr. tekið út á vegáætlun 1971. Undirbyggður var 2.1 km langur kafli milli Hringsgils og Húsafells.

13. **Hvítársíðuvegur (B 18):**
   2. Um Hvítá hjá Bjarnastöðum:
      Fjárveiting var 640 þús. kr. Undirbyggður var 0.6 km langur kafli milli Bjarnastaða og Hálsasveitarvegar að væntanlegri brú á Hvítá.

15. **Norðurárdalsvegur (B 22):**

2. Hafþórsstaðir—Skarðshamrar:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Fullgerður var 1.2 km langur kafli milli Hóls og Hafþórsstaða. Einnig var undirbyggður að mestu 4.0 km langur kafli milli Hafþórsstaða og Skarðshamra.

18. **Heydalsvegur (B 33):**

Fjárveiting var 1.84 m.kr. Greitt var 71 þús. kr. bráðabirgðalán. Bráðabirgðalán 1.57 m.kr. (lánsheimild 2.3 m.kr.) var tekið út á vegáætlun 1971—72. Lokið var við að undirbyggja og ekið burðarlagi í 2.2 km langan kafla norðan Svínafossár. Undirbyggður var að mestu leyti 6.3 km langur kafli milli Ölviskross og Svínafossár. Einnig var fullgerður 0.7 km langur kafli norðan við Hnjúka.

19. **Útnesvegur (B 40):**

Fjárveiting var 1280 þús. kr. Greitt var 750 þús. kr. bráðabirgðalán frá 1969. Fullgerður var 0.2 km langur kafli um nýja brú á Höskuldsstaðaá.

21. **Hálsabæjavegur (B 45):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. Fullgerður var 1.5 km langur kafli um Skallhól.

23. **Haukadalsvegur (B 47):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs, en þá er einnig fjárveiting til vegarins.

24. **Laxárdalsvegur (B 48):**

Fjárveiting var 500 þús. kr. Greitt var 250 þús. kr. bráðabirgðalán frá 1969. Geymdar voru frá fyrra ári 134 þús. kr. Undirbyggður var 0.9 km langur kafli norðan Hólkotsár og einnig var ekið slitlagi í kaflann: Laxárbrú—Gillastaðir (sjá einnig 46).

25. **Klofningsvegur (B 49):**

Fjárveiting var 1.54 m.kr. Fullgerður var 1.3 km langur kafli milli Breiðabólsstaðar og Valþúfu, og einnig var fullgerður 1.1 km langur kafli vestan Staðarfells.

27. **Efribyggðarvegur (B 50):**

Fjárveiting var 340 þús. kr. Unnið var að endurbótum á gamla veginum.

31. **Reykhólasveitarvegur (C 4):**

1. Um Berufjörð:

Fjárveiting var 400 þús. kr. Fullgerður var 0.4 km langur kafli um Berufjörð.

33. **Rauðasandsvegur (C 10):**

Fjárveiting var 900 þús. kr. Vegurinn var breikkaður og endurbættur á 1.8 km löngum kafla í Bjarngötudal.

34. **Kollavíkurvegur (C 11):**

Fjárveiting var 330 þús. kr. Undirbyggður var 1.0 km langur kafli á Hænuvíkurhálsi.

36. **Tálknafjarðarvegur (C 14):**

1. Frá Bíldudalsvegi að Tunguþorpi:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Fullgerður var 1.0 km langur kafli frá Bíldudalsvegi í átt að Tálknafirði.

37. **Ingjaldssandsvegur (C 17):**

1. Sandsheiði:
Fjárveiting var 400 þús. kr. Framlag frá heimamönnum á Ingjaldssandi var 200 þús. kr. Fullgerður var 1.0 km langur kafli á Sandsheiði.

40. **Súgandafjarðarvegur (C 21):**

Fjárveiting var 460 þús. kr. Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun nam 5.3 m.kr. Bráðabirgðalán frá Vestfjarðavegi um Breiðadalsheiði, 2.13 m.kr., var endurgreitt. Til greiðslu á vöxtum og lántökukostnaði fóru 680 þús. kr. Undirbyggður var 2.0 km langur kafli fyrir ofan Botn. Yfirbyggður var 4.0 km langur kafli. Vegurinn var tekinn í notkun, en eftir er að ganga frá 1.3 km og aka slitlagi í 200 m langan kafla. Föst lán í árslok 1970 voru 12 694 þús. kr.

41. **Bolungarvíkurvegur (C 22):**

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun nam 1.4 m.kr. Bráðabirgðalán frá Vestfjarðavegi um Breiðadalsheiði, 586 þús. kr., var endurgreitt. Til greiðslu á vöxtum og afborgunum fóru 265 þús. kr. Lokið var framkvæmdum á 2.3 km löngum kafla frá Bolungarvík að Ósi, einnig var gengið frá 2.0 km löngum kafla milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Föst lán í árslok 1970 voru 4 662 þús. kr.

42. **Djúpvegur (C 24):**

Fjárveiting var 4.0 m.kr. Bráðabirgðalán til Snæfjallastrandarvegar frá 1969, 380 þús. kr., var endurgreitt. Undirbyggður var 4.0 km langur kafli í Skötufirði. Einnig var yfirbyggður 2.0 km langur kafli innan við Hjalla. Lagfærð voru vegamót Djúpvegar og Vatnsfjarðarvegar í Ísafirði á 0.3 km löngum kafla. Sprengdur var hamar í Ögurhólma og fullgerður þar 0.4 km langur kafli.

43. **Vatnsfjarðarvegur (C 25):**

1. Frá Djúpvegi að Hörgshlíð og Bjarnarskarði:
Fjárveiting var 440 þús. kr. Lagfærður var 1.5 km langur kafli milli Skeiðár og Bæjargils í Mjóafirði.

44. **Snæfjallastrandarvegur (C 27):**

1. Utan við Mórillu:
Fjárveiting var 380 þús. kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1969.

45. **Strandavegur (C 28):**

1. Balar—Kaldbakskleif:
Fjárveiting var 200 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu skuldar við Strandaveg að Seljanesi, sem nú er orðinn sýsluvegur.

46. **Laxárdalsvegur (B 48):**

1. Um brú á Laxá:
Fjárveiting var 470 þús. kr., en þar sem brú á Laxá var ekki tekin með í vegáætlun, var þessari fjárveitingu bætt við fjárveitingu til sama vegar við Hólkotsá (sjá nánar 24).

47. **Drangsnesvegur (C 31):**

2. Hálsg.—Sandnes, Drangsnes—Kaldrananes:
Fjárveiting var 660 þús. kr. Undirbyggður var og yfirbyggður að nokkru leyti 1.3 km langur kafli um Hamarsbæli. Kaflinn var tekinn í notkun.

49. **Heggstaðanesvegur (D 1):**

3. Um Sanda:
Fjárveiting engin. Geymt fé frá fyrra ári var 86 þús. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

51. **Fitjavegur (D 4):**

Fjárveiting var 640 þús. kr. Lokið var við 0.7 km langan kafla hjá Hrísum.

52. **Vatnsnesvegur (D 5):**

2. Norðan Hvammstanga:
Fjárveiting var 480 þús. kr. Byggð voru tvö ræsi og ein brú breikkuð.

56. **Reykjabraut (D 11):**

1. Beinakelda—Reykir:
Fjárveiting var 2.94 m.kr. Lokið var að fullu við Reykjabraut (8.5 km).

57. **Svínvetningabraut (D 13):**

1. Tindar—Langamýri:
Fjárveiting var 800 þús. kr. Mestur hluti kaflans, sem er um 14.7 km langur, var þurrkaður og mölborinn.

2. Tindar—Blönduós:
Fjárveiting var 600 þús. kr. Mestur hluti kaflans, sem er um 13.5 km langur, var mölborinn.

58. **Svartárdalsvegur (D 17):**

Fjárveiting var 400 þús. kr. Lokið var við 0.7 km langan kafla hjá Leifsstöðum og yfir Leifsstaðaklif.

59. **Skagavegur (D 18):**

1. Tjörn—Tjarnarklif:
Fjárveiting var engin. Geymt fé frá fyrra ári 550 þús. kr. Lokið var við 0.6 km langan kafla í Tjarnarklifi.

2. Um Digramúla:
Fjárveiting var 220 þús. kr. Lokið var við 1.2 km langan kafla í Digramúla.

60. **Þverárfjallsvegur (D 21):**

1. Um Njálsstaðabrúnir:
Engin fjárveiting. Geymt fé frá fyrra ári 577 þús. kr. Lokið var við 2.3 km langan kafla um Njálsstaðabrúnir.

61. **Sæmundarhlíðarvegur (D 24):**
Fjárveiting var 400 þús. kr. Lokið var við að undirbyggja 0.6 km langan kafla hjá Geirmundarstöðum.

62. **Skagafjarðarvegur (D 25):**
1. Á Kjálka:
Fjárveiting var 600 þús. kr. Lokið var við 0.8 km langan kafla við Tungukot.

64. **Deildardalsvegur (D 37):**
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Lokið var við 3.1 km langan kafla hjá Eyrarlandi.

67. **Flókadalsvegur vestri (D 42):**
1. Um Sigríðarstaði:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lokið var við 1.1 km langan kafla sunnan og ofan við Sigríðarstaði.

68. **Kleifavegur (E 3):**
1. Sunnan Syðri-Ár:
Fjárveiting var 210 þús. kr. Framkvæmdum var frestað.

71. **Hauganesvegur (E 7):**
1. Ólafsfjarðarvegur—Hauganes.
Fjárveiting var engin. Tekið var 500 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1971. Lokið var við að undirbyggja veginn (2.3 km).

73. **Dagverðareyrarvegur (E 12):**
1. Ólafsfjarðarvegur—Endurvarpsstöð:
Fjárveiting var 700 þús. kr. Lokið var við 1.1 km langan kafla austan Norðurlandsvegar hjá Þinghúsi.
2. Um Glæsibæjarflóa:
Fjárveiting var 200 þús. kr. Unnið var að lagfæringum á Glæsibæjarflóa.

75. **Eyjafjarðarbraut (E 14):**
1. Um Rifkelsstaði:
Fjárveiting var engin. Bráðabirgðalán, 868 þús. kr., var tekið út á vegáætlun 1972 (lánsheimild var 3.32 m.kr.). Mölborinn var 20.2 km langur kafli milli Fellshlíðar og Kaupangs.
2. Við Finnastaðaá:
Fjárveiting var 530 þús. kr. Lokið var við 0.9 km langan kafla við nýja brú yfir Finnastaðaá.
4. Norðurlandsvegur—Hrafnagil:
Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán, 735 þús. kr., var tekið út á vegáætlun 1971 (lánsheimild var 2.2 m.kr.). Mölborinn var 20.0 km langur kafli milli Hvamms og Melgerðis.

76. **Svalbarðsstrandarvegur (E 17):**
1. Um Þórisstaði:
Fjárveiting var 2.13 m.kr. Lokið var við 1.4 km langan kafla við Þórisstaði.

79. **Fnjóskadalsvegur eystri (E 19):**

1. Um Ytri-Klauf:
   Fjárveiting var 2.3 m.kr. Lokið var við 2.2 km langan kafla um Ytri-Klauf.
2. Pálsgerði—Borgargerði:
   Fjárveiting var engin. Bráðabirgðalán, 55 þús. kr., var tekið út á vegáætlun 1971 (lánsheimild var 150 þús. kr.). Grafnir voru skurðir meðfram væntanlegri veglínu og ruddur vetrarvegur.

81. **Út-Kinnarvegur (E 23):**

1. Ófeigsstaðir—Skálaá:
   Fjárveiting var 180 þús. kr. Gengið var frá vegi milli Þóroddsstaða og Ófeigsstaða.

82. **Bárðardalsvegur (E 24):**

1. Lundarbrekka—Víðiker:
   Fjárveiting var 500 þús. kr. Undirbyggður var 1.0 km langur kafli við Rauðafell.
2. Sunnan Halldórsstaða:
   Fjárveiting var 750 þús. kr. Lokið var við 2.0 km langan kafla sunnan Halldórsstaða.

83. **Hvammavegur (E 27):**

1. Um Daufhyl:
   Fjárveiting var 690 þús. kr. Lokið var við 0.6 km langan kafla við nýja brú yfir Daufhyl.
2. Við Grenjaðarstað:
   Fjárveiting var engin. Bráðabirgðalán, 900 þús. kr., var tekið út á vegáætlun 1971. Lokið var við 1.5 km langan kafla vestan við Grenjaðarstað.

86. **Stafnsvegur (E 32):**

1. Narfastaðir—Stafn:
   Fjárveiting var 200 þús. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

90. **Vopnafjarðarvegur (F 7):**

Fjárveiting var 1.4 m.kr. Undirbyggður var að mestu 1.6 km langur kafli í Kálffelli, en hluta af framkvæmdum var frestað til næsta árs.

91. **Jökuldalsvegur efri (F 11):**

Fjárveiting var 800 þús. kr. Undirbyggður var 1.1 km langur kafli utan Kringilsár.

93. **Hróarstunguvegir (F 13 og F 14):**

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Undirbyggður var 4.5 km langur kafli á Hróarstunguvegi utan við Litla-Bakka.

94. **Upphéraðsvegur (F 16):**

Fjárveiting var engin. Bráðabirgðalán, 800 þús. kr., var tekið út á vegáætlun 1972. Lokið var að mestu við 1.5 km langan kafla innan við Droplaugarstaði.

96. **Fjarðarheiðarvegur (F 20):**
Fjárveiting var 1.8 m.kr. Lokið var að mestu við 0.4 km langan kafla, og auk þess undirbyggður að mestu 1.0 km langur kafli í Neðri-Staf.

97. **Seyðisfjarðarvegur (F 21):**
Fjárveiting var 220 þús. kr. Endurbættur var 0.6 km langur kafli frá Söltunarstöðinni Þór að Sörlastöðum.

99. **Lagarfossvegur (F 23):**
Fjárveiting var 300 þús. kr. Undirbyggður var 2.0 km langur kafli innan við Dratthalastaði.

101. **Mjóafjarðarvegur (F 27):**
Fjárveiting var 300 þús. kr. Lokið var við 0.6 km langan kafla, sem undirbyggður var 1969. Einnig var sett ræsi á Grjótá.

103. **Vallanesvegur (F 29):**
Fjárveiting var engin, en samkvæmt bréfi frá þingmönnum kjördæmisins frá 20. maí 1969 voru 340 þús. kr. teknar af fjárveitingu til Austurlandsvegar austan Jökulsár á Breiðamerkursandi, sem endurgreiðast af fjárveitingu samkv. vegáætlun 1972 (sjá nánar 108. 1.). Greidd var skuld frá fyrra ári og endurbyggt ræsi á Uxalæk.

107. **Axarvegur (F 36):**
Fjárveiting var 200 þús. kr. Lagfærður var ruðningsvegur um Öxi.

108. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**
1. Austan Jökulsár á Breiðamerkursandi:
Fjárveiting var 2.1 m.kr. Samkvæmt bréfi frá þingmönnum kjördæmisins voru 340 þús. kr. færðar til Vallanesvegar (sjá nánar 103). Fullgerður var 1.2 km langur kafli um Holtakíl.
2. Vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi:
Fjárveiting var 600 þús. kr. Lokið er að mestu 3.3 km kafla um Kvíármýri, sem byrjað var á 1968.

109. **Suðurlandsvegur (G 1):**
5. Við Brunná:
Fjárveiting var 810 þús. kr. Fullgerður var 1.6 km langur kafli við nýju brúna á Brunná.

112. **Geysisvegur (G 18):**
1. Kjóastaðir—Brattholt:
Fjárveiting var 1600 þús. kr., og fór hún til endurgreiðslu bráðabirgðaláns frá 1969.

116. **Þjórsárdalsvegur (G 31):**
1. Sandlækjarholt—Sandá:
Fjárveiting var 1.06 m.kr. og fór til greiðslu á skuld við Landsvirkjun.

120. **Þykkvabæjarvegur (G 49):**

3. Við Ægissíðu:

Fjárveiting var 1.2 m.kr. Fullgerður var um 0.7 km langur kafli af veginum, en þá er eftir um 0.2 km kafli. Framkvæmdum var frestað vegna óhagstæðs tíðarfars.

122. **Árbæjarvegur (G 53):**

1. Af Suðurlandsvegi til norðurs:

Fjárveiting var 1.16 m.kr. Endurbyggður var 1.8 km langur kafli af veginum.

123. **Efri Rangárvallavegur (G 55):**

1. Við Geldingalæk:

Fjárveiting var 680 þús. kr. Lagður var 1.3 km langur kafli af veginum. Eftir er þó frágangur á þeim kafla.

123a. **Búlandsvegur (G 77):**

Fjárveiting er engin í vegáætlun, en tekið var bráðabirgðalán 400 þús. kr., sem endurgreiðist af eftirtöldum fjárveitingum samkvæmt bréfi frá þingmönnum kjördæmisins 16. maí 1969:

1971	119.	Ásmundarstaðavegur	100 þús. kr.
1972	109.	Suðurlandsvegur	
		a) Í Hrífunesbrekkum	150 — —
1972	114.	Langholtsvegur	50 — —
1972	129.	Meðallandsvegur	100 — —

Undirbyggður var 1.9 km kafli milli Hvamms og Búlands.

130. **Stórhöfðavegur (G 81):**

Fjárveiting var 146 þús. kr. og fór til endurbyggingar vegarins.

131. **Landvegur (G 51):**

Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 3.0 m.kr. samkv. kafla 2.3.02. Styrktur og endurbyggður var 12.0 km langur kafli milli vegamóta Suðurlandsvegar og vegamóta Árbæjarvegar.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.

Fjárveiting var 4.0 m.kr., og var henni skipt til helminga, þannig að 2.0 m.kr. voru ætlaðar til uppgræðslu og 2.0 m.kr. til girðinga.

Uppgræðsla fór fram með svipuðum hætti og undanfarin ár. Sáð var í ný og gömul flög með vegum og auk þess borið á svæði, sem sáð hafði verið í árið áður.

Fjárveitingu til girðinga var varið til að mæta kröfum girðingarlaganna um girðingar með vegum og ristarhlið. Í marz 1970 var gerð könnun á, hve mikið af kröfum lægi fyrir, og kom í ljós, að réttmætar kröfur um girðingar og ristarhlið námu 18.0 m.kr.

2.3.6. Til rannsókna á Skeiðarársandi.

Fjárveiting var 1.8 m.kr. Lokið var kortagerð af svæðum umhverfis Súlu og Sandgígjukvísl. Fyrstu botnrannsóknir voru einnig framkvæmdar á sömu svæðum.

Haldið var áfram rennslismælingum í ánum á Skeiðarársandi og í nærliggjandi ám. Mælingar voru einnig framkvæmdar á fremur litlu jökulhlaupi úr Grænalóni, sem kom fram í Súlu.

Fjárveiting fyrir árið 1970 var við það miðuð, að Grímsvatnahlaup kæmi á árinu. Var í því sambandi farinn mælingaleiðangur í Grímsvötn og nokkrar undirbúningsmælingar framkvæmdar við Skeiðará. Hlaup kom hins vegar ekki, og geymist sá hluti fjárveitingarinnar, sem ætlaður var til mælinga og rannsókna á því til 1971. Niðurstöður mælinga í Grímsvötnum, svo og aðrar athuganir, benda til þess að vænta megi hlaups fyrri hluta þessa árs.

2.4. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

1. **Kaldadalsvegur:**
   Fjárveiting 100 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds á veginum.
2. **Kjalvegur:**
   Fjárveiting 400 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds og endurbóta á veginum.
3. **Fjallabaksvegur nyrðri:**
   Fjárveiting 150 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds á veginum.
4. **Sprengisandsleið:**
   Fjárveiting 450 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds og endurbóta á veginum. Á þessu ári var byrjað á endurbótum á leiðinni frá Austurlandsvegi að brú á Kreppu.

2.4.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 1.5 m.kr. og 200 þús. kr. fjárveiting frá árinu 1963, sem ráðuneytið heimilaði, að varið yrði sérstaklega til Vestfjarðakjördæmis.

Fé þessu var skipt, eins og hér greinir:

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
1. Vegur að Bláfjöllum	Reykjanes	25	
2. Vegur að skíðaskála í Skálafelli	—	25	
3. Vegur að skíðaskála í Jósefsdal	—	25	
			75
4. Vegur að Langavatni	Vesturlands	25	
5. Vegur um Fljótstunguhlíð	—	25	
6. Vegur með Kjarrá	—	20	
7. Vegur að Arnarvatnsheiði	—	50	
8. Vegur um Ljárskógafjall	—	25	
9. Vegur um Reykjadal	—	20	
10. Vegur um Laugardal	—	25	
			190
11. Vegur í Keflavík, V.-Barð.	Vestfjarða	75	
12. Vegur að Bjargtangavita	—	30	
13. Vegur um Kollafjarðarheiði	—	25	
14. Vegur um Glámu og Nesdal	—	25	
15. Vegur að skíðaskála á Ísafirði	—	100	
			255
16. Vegur um Víðidalstunguheiði	Norðurl. vestra	25	
17. Vegur um Grímstunguheiði	—	25	
18. Vegur um Kiðaskarð og Mælifellsdal	—	30	
19. Vegur um Þjófadal	—	20	
20. Vegur um Þorljótsstaðafjall	—	100	
21. Ýmsir fjallv. í Skagaf. og Húnavatnss.	—	30	
			230

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
22. Vegur að Dettifossi	Norðurl. eystra	30	
23. Vegur um Reykjaheiði	—	15	
24. Vegur í Öskju	—	40	
25. Vegur að Grjótagjá	—	25	
26. Ýmsir fjallvegir í S.-Þing.	—	40	
27. Vegur um Hólmatungur	—	80	
28. Vegur um Búrfellsheiði	—	30	
29. Ýmsir fjallvegir í N.-Þing.	—	25	
			285
30. Brúarvegur á Jökuldal, N-Múl.	Austurlands	25	
31. Vegur á Miðfjarðarheiði	—	25	
32. Afréttarvegur í Berufirði	—	15	
33. Afréttarvegur í Geithellnahreppi	—	25	
34. Vegur um Kollumúla	—	55	
35. Afréttarvegur í Breiðdal	—	15	
36. Vegur í Seyðisfirði	—	50	
37. Afréttarvegur á Fljótsdalsheiði	—	25	
38. Afréttarvegur á Víðivallahálsi	—	25	
39. Vegur að Breiðuvík í Borgarf. eystra	—	10	
40. Vegur um Sandaskörð	—	10	
41. Viðfjarðarvegur	—	20	
			300
42. Afréttarvegur Flóa og Skeiða	Suðurland	20	
43. Afréttarvegur Hrunamanna	—	20	
44. Vegur í Landmannalaugar	—	60	
45. Vegur að Heklu hjá Galtalæk	—	10	
46. Vegur um Hlöðuvelli	—	60	
47. Afréttarvegur Hvolhrepps	—	20	
48. Fimmvörðuháls, Tindafjöll o. fl.	—	20	
49. Fjallabaksvegur syðri	—	20	
50. Vegur að Laka	—	60	
			290
51. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús)		25	
52. Ferðafélag Íslands (sæluhús)		30	
53. Ófyrirséð		20	
			75
		Alls	1700

2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 200 þús. kr., og skipti Landssamband hestamanna þeirri upphæð til hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

1. Hestamannafélagið Fákur, Reykjavík	60	þús. kr.
2. — Hörður, Mosfellssveit	60	— —
3. — Léttir, Akureyri	20	— —
4. — Trausti, Þingvallahreppi	40	— —
5. — Máni, Suðurnes	20	— —
Alls	200	þús. kr.

2.5. TIL BRÚARGERÐA

2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

2. **Brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum (B18):**

Fjárveiting 1970 var 1.8 m.kr., og var henni varið til að byggja að nokkru stöpla brúarinnar. Að öðru leyti vísast til skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1969.

21. **Brú á Austurá í Sökkólfsdal (B1):**

Byggð var 14 m löng steypt bitabrú. Kom hún í stað mjórrar brúar frá 1913. Framkvæmdum lauk í september. Áætlaður kostnaður var 1.4 m.kr.

22. **Brú á Laxá hjá Kjörseyri (C28):**

Byggð var 24 m steypt bitabrú í 2 höfum. Leysti hún af hólmi stálgrindarbrú, mjóa og hættulega staðsetta. Framkvæmdum lauk í september. Áætlaður kostnaður var 2.7 m.kr.

23. **Brú á Síká í Hrútafirði (E1):**

Byggð var 56 m löng steypt bitabrú í 3 höfum. Kom hún í stað mjórrar og hættulegrar brúar frá 1915. Framkvæmdum var lokið í nóvember. Fjárveiting til brúarinnar var 3.3 m.kr. og að auki 4.0 m.kr. til vegagerðar um brúna, og voru þær tölur miðaðar við frumáætlun um nýja brú alllangt neðan við gömlu brúna og vegagerð að henni. Við fullnaðarathugun þótti hagkvæmara að byggja brúna ofan við gömlu brúna. Þar þurfti mun stærri brú en á fyrri staðnum, en vegagerð að sama skapi minni og heildarkostnaður mjög svipaður. Kostnaður við brú var áætlaður 6.1 m.kr., og greiðist hann af fjárveitingu brúar og vegar.

24. **Brú á Laxá í Ásum (E1):**

Byggð var 20 m löng steypt bitabrú með tvöfaldri akbraut. Kom hún í stað mjórrar brúar frá 1913, sem orðin var mjög illa á sig komin. Framkvæmdum var lokið í nóvember. Fjárveiting var 8.8 m.kr., og var hún miðuð við, að nýja brúin yrði byggð við hlið gömlu brúarinnar. Við nánari athugun reyndist hagkvæmara að færa brúna, og var áætlaður kostnaður brúar þá 4.2 m.kr., en í staðinn jókst vegagerð að brúnni, og fór það, sem eftir var af fjárveitingu brúar, til greiðslu á vegagerðarkostnaði.

25. **Brú á Djúpadalsá í Skagafirði (E1):**

Byggð var 50 m löng steypt plötubrú í 4 höfum. Leysti hún af hólmi stálbitabrú með timburgólfi, sem var burðarlítil og þurfti stöðugra lagfæringa við. Framkvæmdum lauk í október. Áætlaður kostnaður var 5.1 m.kr.

26. **Brú á Finnastaðaá í Eyjafirði (E14):**

Byggð var 12 m löng steypt bitabrú, og kom hún í stað mjórrar brúar frá 1913. Framkvæmdum var lokið í október. Áætlaður kostnaður var 1.9 m.kr.

27. **Brú á Þverá í Borgarfirði (sýsluv.):**

Byggð var 15 m löng stálbitabrú með timburgólfi. Framkvæmdum var lokið í október. Áætlaður kostnaður var 1.4 m.kr.

28. **Brú á Holtakíl á Mýrum (F1):**

Byggð var 50 m löng stálbitabrú í 2 höfum með steyptu gólfi. Leysti hún af hólmi mjög lélega stálbitabrú með timburgólfi, sem var mjög burðarlítil og auk þess mikið of stutt fyrir það vatnsmagn, sem hún þurfti að flytja. Framkvæmdum lauk í september. Áætlaður kostnaður var 5.7 m.kr.

29. **Brú á Brunná í Fljótshverfi (G1):**

Byggð var 24 m steypt bitabrú í 2 höfum. Kom hún í stað stálgrindarbrúar frá 1913, sem bæði var mjög mjó og burðarlítil. Framkvæmdum var lokið í september. Áætlaður kostnaður var 2.9 m.kr.

30. **Brú á Hvammsá í Mýrdal (G1):**

Byggð var 14 m löng steypt bitabrú í sambandi við endurbyggingu vegarins um Gatnabrún í Mýrdal. Kom þessi brú í stað eldri brúar, sem var mjó og illa staðsett. Framkvæmdum lauk í október. Áætlaður kostnaður var 1.2 m.kr.

31. **Brú á Strandasíki (G1):**

Byggð var 12 m löng steypt bitabrú með tvöfaldri akbraut. Kom hún í stað mjórrar brúar frá 1928. Framkvæmdum lauk í október. Áætlaður kostnaður var 2.2 m.kr.

Allar tölur um áætlaðan kostnað, sem hér hafa verið tilgreindar, eru miðaðar við verðlag í febrúar 1969, þegar vegáætlun var samin. Síðan hefur vísitala brúargerðarkostnaðar hækkað um 20.2% sbr. lið 2.1.6., og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi aukizt tilsvarandi.

2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 6.1 m.kr., og var henni varið til byggingar eftirtalinna brúa:

Heiti	Vegur	Lengd m	Áætl. kostn. þús. kr.	Kostnaður vegasjóðs þús. kr.	Athugasemdir
1. Höskuldsá á Sandi	B40	4	750	750	
2. Ólafsvíkurgil	Þéttb.v.	6	950	650	
3. Þverá á Heydal	B33	5	720	720	
4. Ljá í Dölum	Sýsluv.	7	400	50	
5. Lurká á Múlanesi	C5	6	200	200	
6. Deildará á Múlanesi	C5	4	150	150	
7. Ingunnarstaðaá á Múlanesi .	Sýsluv.	4	160	40	
8. Hreggstaðaá á Barðastr.	—	8	240	60	
9. Botnsá í Súgandafirði	—	6	140	40	Byggð 1969
10. Miðdalsá í Strandasýslu ...	—	9.5	200	50	Byggð 1969
11. Krossá hjá Gili	—	5	145	40	Byggð 1969
12. Háleggsstaðaá í Skagaf.	—	6	150	40	Byggð 1969
13. Daufhylur í S.-Þing.	E27	6	700	700	
14. Langadalsá	F7	5	650	650	
15. Tunguhagalækur	Sýsluv.	5	160	40	
16. Skriðuá í Breiðdal	—	9	560	140	
17. Borgarlækur í Álftaf.	—	5	320	80	
18. Víkurá í Lóni	—	7	400	100	
19. Hvalvörðugilslækur	F1	5	550	550	
20. Háfssíki	G49	5	550	550	
21. Baugsstaðasíki	G39	5	500	500	
	Samtals		8 645	6 100	þús. kr.

Tölur um áætlaðan kostnað eru miðaðar við verðlag í maí s. l., en síðan hefur vísitala brúargerðarkostnaðar hækkað um 10%, og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi aukizt tilsvarandi.

2.6 TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóða í vegáætlun á árinu 1970 var 18.5 m.kr., og skiptist hún milli sýslna samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1969 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt 23. gr. vegalaga áætlaðar alls 377 þús. kr. og tekjur samkvæmt 21. og 26. gr. áætlaðar alls 8 306 þús. kr.

Áætlun um tekjur samkvæmt 21. og 26. gr. var miðuð við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1968, sem var kr. 53.83 á klst., en innheimtar tekjur á árinu 1970 voru miðaðar við kaupgjald 1. des. 1969, sem var kr. 63.02 á klst. eða 17.07% hærri en 1. des. 1968.

Tekjur samkvæmt 21. og 26. gr. má því áætla, að verði alls 9 724 þús. kr. og samkvæmt 23. gr. alls 377 þús. kr. eða samtals 10.1 m.kr. Ríkisframlag samkvæmt 28. gr. hefði því átt að vera 20.2 m.kr., en var 18.5 m.kr. í vegáætlun.

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1970.

Upphæðir í þús. kr.

Sýsla:	Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga	Tekjur skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag	Samtals
Gullbringusýsla	788	40	429	1 257
Kjósarsýsla	466	90	531	1 087
Borgarfjarðarsýsla	274	8	394	676
Mýrasýsla	298	2	755	1 055
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	559	2	941	1 502
Dalasýsla	221	2	531	754
A.-Barðastrandarsýsla	81	1	404	486
V.-Barðastrandarsýsla	250	2	331	583
V.-Ísafjarðarsýsla	335	4	633	972
N.-Ísafjarðarsýsla	370	7	395	772
Strandasýsla	223	1	578	802
V.-Húnavatnssýsla	234	2	726	962
A.-Húnavatnssýsla	327	21	652	1 000
Skagafjarðarsýsla	450	8	1 187	1 645
Eyjafjarðarsýsla	607	8	702	1 317
S.-Þingeyjarsýsla	534	18	1 265	1 817
N.-Þingeyjarsýsla	261	5	1 160	1 426
N.-Múlasýsla	440	5	1 757	2 202
S.-Múlasýsla	698	5	1 155	1 858
A.-Skaftafellssýsla	208	4	449	661
V.-Skaftafellssýsla	264	4	744	1 012
Rangárvallasýsla	602	8	1 316	1 926
Árnessýsla	1 234	130	1 765	2 829
Samtals	9 724	377	18 500	28 601

2.7 TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi kaupstaða og þéttbýlisstaða með 300 íbúum og fleiri var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi 1. des. 1969, útgefnum af Hagstofu Íslands 30. júní 1970:

Kaupstaðir	139 369 íbúar
Þéttbýlisstaðir með 300 íbúum og yfir	31 571 —
Samtals	170 940 íbúar

Framlag samkv 32. gr. vegalaga:

Áætlaðar tekjur 1970	kr. 583 600 000.00	
÷ framlag til hraðbr. skv. 32. gr. vegal.	— 85 000 000.00	
	kr. 498 600 000.00	
12½% framlag samkv. 32. gr. vegalaga		kr. 62 325 000.00
Tekjur vegasjóðs árið 1969	kr. 495 271 843.00	
÷ framlag til hraðbrauta	— 50 000 000.00	
	kr. 445 271 843.00	
12½% framlag samkv. 32. gr.	kr. 55 658 980.37	
÷ tekið til skipta 1969	— 58 012 500.00	
		— 2 353 519.63
		kr. 59 971 480.37
÷ 10% samkv. 34. gr. vegalaga		— 5 997 148.04
		Til skipta kr. 53 974 332.33

Skiptitala á hvern íbúa:

$$\frac{53\,974\,332.33}{170\,940} = 315.75016 \text{ kr. pr. íbúa.}$$

Þéttbýlissvæði með 300 íbúum og fleiri þann 1. des. 1969, samkv. töflu Hagstofu Íslands frá 30. júní 1970.

	Íbúatala	Framlag
Reykjavík	81 476	kr. 25 726 060.00
Kópavogur	10 991	— 3 470 410.00
Hafnarfjörður	9 538	— 3 011 625.00
Keflavík	5 533	— 1 747 046.00
Akranes	4 245	— 1 340 359.00
Ísafjörður	2 678	— 845 579.00
Sauðárkrókur	1 507	— 475 835.00
Siglufjörður	2 248	— 709 806.00
Ólafsfjörður	1 092	— 344 799.00
Akureyri	10 567	— 3 336 532.00
Húsavík	1 988	— 627 711.00
Seyðisfjörður	905	— 285 754.00
Neskaupstaður	1 527	— 482 150.00
Vestmannaeyjar	5 074	— 1 602 116.00
Grindavík	1 116	— 352 377.00
Sandgerði	917	— 289 543.00
Gerðar Gerðahr.	619	— 195 449.00
Njarðvíkur	1 516	— 478 677.00

	Íbúatala		Framlag
Garðakauptún	2 695	kr.	850 947.00
Seltjarnarnes	2 053	—	648 235.00
Varmár- og Álafosshverfi	329	—	103 882.00
Borgarnes	1 127	—	355 850.00
Hellissandur	533	—	168 295.00
Ólafsvík	1 002	—	316 382.00
Grafarnes, Grundarfirði	588	—	185 661.00
Stykkishólmur	1 048	—	330 906.00
Patreksfjörður	985	—	311 014.00
Bíldudalur	326	—	102 934.00
Þingeyri	380	—	119 985.00
Flateyri	482	—	152 192.00
Suðureyri	445	—	140 509.00
Bolungarvík	968	—	305 646.00
Hnífsdalur	338	—	106 724.00
Hólmavík	352	—	111 144.00
Hvammstangi	349	—	110 197.00
Blönduós	699	—	220 709.00
Skagaströnd	527	—	166 400.00
Dalvík	1 058	—	344 064.00
Hrísey	302	—	95 357.00
Raufarhöfn	451	—	142 403.00
Þórshöfn	428	—	135 141.00
Vopnafjörður	530	—	167 348.00
Egilsstaðir	653	—	206 185.00
Eskifjörður	939	—	296 489.00
Búðareyri, Reyðarfirði	582	—	183 767.00
Búðir, Fáskrúðsfirði	718	—	226 709.00
Djúpivogur	314	—	99 145.00
Höfn í Hornafirði	862	—	272 177.00
Vík í Mýrdal	372	—	117 459.00
Hella, Rangárvöllum	369	—	116 512.00
Stokkseyri	402	—	126 932.00
Eyrarbakki	507	—	160 085.00
Selfoss	2 393	—	755 590.00
Hveragerði	810	—	255 758.00
Þorlákshöfn	487	—	153 771.33
Samtals	170 940	kr.	53 974 332.33

Skipting á framlagi samkv. 34. gr. vegalaga (10% sjóður):

1. Til Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi	kr.	4 700 000.00
2. Til Suðurlandsvegar á Selfossi	—	1 100 000.00
3. Til Reykjavegar í Hveragerði	—	197 148.00
Alls	kr.	5 997 148.00

2.8 TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting til vélakaupa var 14.0 m.kr.
Eftirfarandi vélar voru keyptar:
2 stórir vegheflar með útbúnaði til snjóruðnings.

1 jarðýta.
2 völtuflutningabifreiðar.
2 vélskóflur.
2 skófluvagnar.

Ýmsar minni vélar og tæki, svo sem rafstöðvar, steypuþjöppur, vélsagir, lofthitarar o. fl.

Alls voru keyptar vélar fyrir 23.4 m.kr. Kaup umfram fjárveitingu voru greidd að nokkru af afskriftafé, en hluti erlends kaupverðs var tekinn að láni til eins árs.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 4.0 m.kr., sem varið var eins og hér segir:

1. Haldið var áfram byggingu áhaldahússins á Akureyri. Sá hluti, sem ætlaður er fyrir skrifstofur og matstofu, er fokheldur, og lokið var við að steypa upp vélaverkstæði.
2. Hafin var bygging áhaldaskemmu vestan Lagarfljótsbrúar. Stærð hennar er 6 × 30 m, og er hún fokheld.
3. Á Blönduósi var keypt hús, sem verður notað sem áhaldahús. Gamla áhaldahúsið þar brann að hluta í árslok 1969, en það var úr timbri og mjög gamalt.
4. Minni háttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting á vegáætlun 1970	2.9 m.kr.
Skuld frá fyrra ári	0.2 —
Alls	2.7 m.kr.

Fjárveitingu þessari var varið til eftirfarandi tilrauna og rannsóknarstarfsemi:

1. Tilraunir með ódýr slitlög úr asfalti:
   Engin ný slitlög voru lögð, en fylgzt var með slitlögum, sem lögð voru 1967, 1968 og 1969.
2. Rannsóknir á möl til mannvirkjagerðar:
   Hér er um að ræða framhald rannsókna, sem hófust 1957.
3. Rannsóknir á burðarþoli vega:
   Haldið var áfram þessum rannsóknum, sem hófust 1968.
4. Vegir byggðir á mýri:
   Haldið var áfram mælingum á sigi o. fl. á kafla á Suðurlandsvegi austur undir Hellu, sem byggður var á mýri 1968. Sams konar mælingar voru gerðar á Suðurlandsvegi milli Bakkarholtsár og Selfoss, sem byggður var á mýri haustið 1969 og fyrri hluta árs 1970.
5. Einangrun vega:
   Haldið var áfram mælingum og rannsóknum á kafla af Þingvallavegi, sem einangraður var með vikri og gjalli 1969.
6. Snjógirðingar við vegi:
   Gerðar voru snjógirðingar á nokkrum stöðum meðfram Suðurlandsvegi ofan Svínahrauns og á Reykjanesbraut. Tilgangurinn er að athuga, hvort stöðva megi skaflamyndun á stöðum, sem eru útsettir fyrir slíkt í vissum vindáttum. Jafnframt fara fram vindmælingar.

7. Aðrar tilraunir:
   a) Fylgzt er með malbiki og steypu á Reykjanesbraut með tilliti til burðarþols, slits, yfirborðsójafna o. fl.
   b) Enn eru í rannsókn malbiksblöndur með tilliti til þolni gegn frosti og þíðu og áhrifa salts.
   c) Enn er leitað stöðlunar fyrir því, hvenær malarefni er frosttryggt, og hefur miðað vel áleiðis.
   d) Lokið er 1. áfanga rannsókna á steinefnum til malbiks, olíumalar og steinsteypugerðar, en sífellt er leitað að slitþolnari og þéttari steinefnum, einkum vegna vaxandi notkunar nagladekkja.
   e) Greiddur var helmingur kostnaðar á móti Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins við kaup ýmissa rannsóknartækja, sem nauðsynleg eru við fyrrtaldar tilraunir og rannsóknir.

Heildarkostnaður við tilraunir varð á árinu aðeins 0.6 m.kr.

Allar tilraunir og rannsóknir sem gerðar eru á rannsóknarstofu, svo og ýmsar mælingar við aðrar tilraunir, eru gerðar af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

2.10. Greiðsluhalli á vegáætlun.

1.	Samkvæmt lið 1.1—1.3 voru áætlaðar tekjur á árinu 583.6 m.kr., en verða væntanlega 546.1 m.kr., sbr. lið 1.2	Halli	37.5 m.kr.
2.	Útgjöld samkv. lið 2.1 urðu 3.8 m.kr. hærri en áætlun	—	4.8 —
3.	Útgjöld samkv. lið 2.2 urðu 22.0 m.kr. hærri en áætlun	—	22.0 —
4.	Útgjöld samkv. lið 2.5 urðu 8.3 m.kr. hærri en áætlun	—	8.3 —
5.	Útgjöld vegna orlofs og tryggingagjalda urðu 3.6 m.kr. hærri en áætlun	—	3.6 —
6.	Vegna lækkunar tekna 1969 lækka útgjöld á liðum 2.7 og 2.9 um 2.4 m.kr.	—	2.4 —
		Halli alls	73.8 m.kr.

Endanleg reikningsskil vegasjóðs liggja ekki enn fyrir, og getur því framangreind áætlun breytzt eitthvað í einstökum atriðum.

Sþ. 484. Tillaga til þingsályktunar [252. mál]

um rannsókn kísilgúrnámu við Vesturá á Tvídægru.

Flm.: Eyjólfur Konr. Jónsson, Pálmi Jónsson, Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka kísilgúrnámu við Vesturá á Tvídægru í Húnavatnssýslu og gera athugun á því, hvort arðvænlegt gæti verið að hagnýta námu þessa.

Greinargerð.

Á Tvídægru í Húnavatnssýslu er kísilgúrnáma, sem Jóhannes Áskelsson jarðfræðingur hefur áætlað að sé að magni til a. m. k. 10 000 teningsmetrar. Námu þessa fundu þeir Magnús F. Jónsson og Sigurlinni Pétursson síðla sumars 1939.

Sendu þeir sýni af efni námunnar til rannsóknardeildar háskólans. Síðan gerði Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur rannsókn á námunni og tók þar sýni. Í skýrslu atvinnudeildarinnar 1939 segir um þessa athugun:

„Eitt sýnishorn var rannsakað, er reyndist vera kísiljörð. Sýnishornið var tekið á vegum rannsóknaráðs ríkisins við ármót Straumkvíslar og Vesturár, á norðanverðri Tvídægru í Húnavatnssýslu. Jóhannes Áskelsson jarðfræðingur athugaði staðinn síðan nánar frá jarðfræðilegu sjónarmiði. Áætlar hann, að magnið sé a. m. k. 10 þús. teningsmetrar.

Með því að kísiljörðin virtist nokkuð mismunandi að útliti, voru gerðar tvær efnagreiningar, og var niðurstaðan sem hér segir miðað við þurrefni:

	Sýnishorn I	Sýnishorn II
Glæðitap (1000 gr. C.)	7.60%	8.50%
SiO^2	81.00%	74.00%
P^2O^5	0.09%	
TiO^2	1.10%	1.40%
$A^{12}O^3$	5.00%	7.30%
$Fe—^2O^3$	3.00%	5.50%
MnO	0.09%	
CaO	1.00%	1.64%
MgO	0.35%	0.74%
K^2O	0.60%	
	99.83%	99.08%

Sé miðað við steinefnin ein, er efnasamsetningin þessi:

	Sýnishorn I	Sýnishorn II
SiO^2	87.50%	81.00%
Önnur steinefni	12.50%	19.00%

Samkvæmt þessum efnagreiningum verður að reikna með, að efnagreiningin geti verið nokkuð breytileg í jarðlaginu."

Í marz 1941 voru samkvæmt beiðni rannsóknaráðs ríkisins gerðar tilraunir í efnarannsóknastofu atvinnudeildar með að bleikja síldar- og þorskalýsi með möluðum leirsteini frá Tvídægruheiði. Er greint frá þessum steini í skýrslu atvinnudeildar árið 1939 og er þar að finna efnagreiningu hans. Reyndist hann bleikja fyllilega á við útlenda „óaktiveraða bleikijörð".

Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur getur þess í bréfi, að „notað var þorskalýsi frá lýsisstöð Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga við þessar tilraunir, sem eins og áður segir gáfust vel".

Fyrir allmörgum árum skoðaði Baldur Líndal efnaverkfræðingur námuna og tók þar sýni. Er efni hennar annars eðlis en kísilgúr sá, sem unninn er úr Mývatni, en Baldur telur engu að síður, að ástæða sé til að athuga námuna nánar.

Ekki er vitað til, að gerðar hafi verið aðrar rannsóknir á námu þessari en að framan greinir, og verður því ekki úr því skorið, hvort þarna sé um verðmæt efni að ræða, sem hagnýta mætti, nema fram fari rannsókn á því, en ekki ætti þó að vera þar um kostnaðarsamar rannsóknir að ræða á fyrsta stigi a. m. k., og þess vegna virðist einsýnt, að frumrannsóknir eigi þegar að gera.

Ed. 485. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til laga um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. marz 1971.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Sveinn Guðmundsson, fundaskr.
Einar Ágústsson.
Steinþór Gestsson.
Ólafur Björnsson.
Karl Guðjónsson.
Sigurgeir Kristjánsson.

Sþ. 486. Tillaga til þingsályktunar [253. mál]

um talsímagjöld.

Flm.: Steingrímur Pálsson, Pétur Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson, Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um við póst- og símamálastjórnina, að upp verði tekinn sá háttur, að talsímagjöld fyrir sjálfvirka síma verði á lægra gjaldi en að deginum á tímabilinu kl. 22.00 til 08.00, með það fyrir augum að gera símaþjónustuna hagkvæmari og ódýrari fyrir talsímanotendur.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa komið fram fyrirspurnir frá þingmönnum um samræmingu gjaldskrár og gjaldsvæða landssímans í þeim tilgangi að sameina ýmis gjaldsvæði, en það hefur komið fram, að vegna rekstrar- og tæknilegra atriða er þetta erfitt í framkvæmd. Hins vegar mun vera hægt að breyta sjálfvirka símakerfinu þannig að hafa ódýrari símtöl á ákveðnu tímabili sólarhringsins, eða hvert skrefgjald gildi í lengri tíma. Víða erlendis mun þessi háttur á hafður, og reynslan hefur sýnt, að þetta er afar vinsælt fyrirkomulag. Þá gæti þetta einnig orðið til þess að létta eitthvað á daglegri notkun sjálfvirku símanna, en nokkuð hefur borið á ofhleðslu símakerfisins á mesta annatíma dagsins.

Sþ. 487. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]

um endurskoðun á gjaldskrá landssímans.

Flm.: Halldór Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að gjaldskrá landssímans verði endurskoðuð og samræmd, svo fljótt sem unnt er, þannig, að hvert tölusett svæði verði eitt gjaldsvæði og símtöl innan þeirra verði reiknuð innanbæjarsímtöl, svo sem nú er gert í Reykjavík, Kópavogi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi og Hafnarfirði.

Greinargerð.

Með útbreiðslu á sjálfvirku símakerfi hefur landinu verið skipt í svæði, sem tölusett eru frá 91—99. Símtöl innan þessara svæða eru þó reiknuð sérstaklega, en flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu sjá ekki ástæðu til þess, að svo sé gert, ekki sízt þar sem Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garða- og Bessastaðahreppur og Hafnarfjörður eru eitt gjaldsvæði og símtöl innan þess reiknast sem innanbæjarsímtöl.

Nauðsyn ber til, að gjaldskrá landssímans verði endurskoðuð með tilliti til þeirrar breytingar, er leiðir af útbreiðslu sjálfvirka kerfisins, og samræmd þannig, að hvert svæði í símakerfinu verði eitt gjaldsvæði.

Nd. 488. Frumvarp til laga [7. mál]

um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með olíuhreinsunarstöð er í lögum þessum átt við iðjuver til framleiðslu á olíuvörum og öðrum efnaiðnvarningi fyrir innlendan og erlendan markað með hreinsun og vinnslu úr jarðolíu og skyldum efnum, svo og hvers konar atvinnufyrirtæki, sem starfrækja má í þágu slíks iðjuvers eða í tengslum við það.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum þess að meiri hluta.

Ráðherra skipar nefnd þriggja sérfróðra manna, tilnefndra af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs, til þess að afla upplýsinga um mengunarhættu, sem stafa kann af olíuhreinsunarstöð. Nefndin skili áliti um þetta efni, áður en tekin verður ákvörðun um byggingu stöðvarinnar.

3. gr.

Hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli olíuhreinsunarstöðvar og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um byggingu hennar og rekstur. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast það verkefni á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

2. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.
3. Að leyfa félaginu umferð og afnot af löndum og mannvirkjum eftir því sem nauðsynlegt kann að vera í þágu rannsókna samkvæmt 3. gr., enda greiði félagið fullar bætur fyrir það tjón, sem umferðin eða afnotin kunna að valda eigendum eða ábúendum lands eða mannvirkja.

5. gr.

Íslenzka ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélags samkvæmt 1. gr., án tillits til ákvæða 2. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagalaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélags, samkvæmt 1. gr., mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, ef því er að skipta, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félagi, samkvæmt 1. gr., skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málsliðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 489. Frumvarp til útvarpslaga. [73. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

I. KAFLI
Ríkisútvarpið.

1. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eign íslenzka ríkisins.

2. gr.

Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, það er útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin þeim skilyrðum um öldutíðni, útgeislun o. fl., sem ákveðið er samkvæmt alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenzka tungu. Það skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda

og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslenzks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu, sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.

Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

4. gr.

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess, að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

5. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu ráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum, og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda.

Ráðið setur reglur, eins og þurfa þykir, til gæzlu þess, að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar, nema þær varði mjög fjárhag stofnunarinnar, en þá má útvarpsstjóri vísa þeim til úrskurðar ráðherra.

7. gr.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum, fjármáladeild, sem fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál, sem fyrir hana verða lögð.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

II. KAFLI

Dreifing og réttindi.

8. gr.

Ríkisútvarpið og Landssími Íslands skulu hafa náið samstarf til að tryggja, að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Landssíma Íslands um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

9. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Landssími Íslands um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir, að þær trufli lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins.

Reynist raflagnir, vélar eða tæki, hvers kyns sem eru, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins, er því heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Starfsmönnum Ríkisútvarpsins er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnum.

10. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu án endurgjalds eða nokkurra kvaða að leggja nauðsynlegar leiðslur fyrir upptöku eða útsendingu útvarpsefnis um kirkjur, leikhús, félagsheimili, samkomuhús, íþróttamannvirki, skóla, veitingasali og hvarvetna þar, sem almennir mannfundir eru haldnir og koma þarf fyrir tækjum í því skyni, ljósabúnaði eða öðru, sem því fylgir. Allar slíkar framkvæmdir skulu vera húseigendum að skaðlausu. Réttur til að hljóðrita, myndrita eða útvarpa því, sem fram fer á þessum stöðum, er óviðkomandi þessu ákvæði.

11. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa án endurgjalds öllu því efni, sem lög um höfundarétt eða prentrétt heimila að prenta megi eða birta án gjalds. Heimilt er einnig að útvarpa messugjörðum án endurgjalds.

12. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru efni en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja öðrum slíkar fregnir og ekki heldur hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

III. KAFLI

Fjármál.

13. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar eða útvarpsnota.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði, en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

Menntamálaráðherra ákveður afnotagjöld og auglýsingataxta að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

14. gr.

Í sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 5% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

15. gr.

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis, er nota má til að hagnýta útvarp ríkisins, skal greiða Ríkisútvarpinu árlegt afnotagjald. Innheimta

skal hljóðvarpsgjald og sjónvarpsgjald. Í reglugerð má ákveða, að afnotagjald skuli greiða af hverju sjónvarpsviðtæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun, og að gjald skuli greiða af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- eða talstöðvartækjum. Einnig má ákveða, að gjald skuli greiða af viðtækjum, sem notuð eru í bifreiðum eða skipum. Ef stofnun greinist í deildir, má ákveða, að greiða skuli fyrir útvarpsafnot í hverri deild um sig.

Heimilt er með reglugerð að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjöld í eitt gjald.

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- eða örorkulífeyri samkvæmt 21. gr. laga um almannatryggingar frá 1963, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi.

16. gr.

Hver sá, er hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal tilkynna viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins. Nær þetta til allra sjónvarpsviðtækja og eins hljóðvarpsviðtækis á hverju heimili eða í hverri stofnun, sbr. þó ákvæði 15. gr. um notkun hljóðvarpsviðtækja í bifreiðum og skipum, svo og í stofnunum, sem greinast í deildir.

Þegar eigendaskipti verða að viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, þar á meðal vegna sölu frá aðila, sem verzlar með viðtæki, skal nýr eigandi, svo og sá, sem af hendi lætur, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Hver sá, er fæst við sölu hljóðvarps- eða sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það Ríkisútvarpinu mánaðarlega.

Tilkynningar samkvæmt grein þessari skulu skráðar á eyðublöð, sem Ríkisútvarpið lætur í té og fá má hjá því og lögreglustjórum. Í tilkynningu um eigendaskipti skal greina fullt nafn og heimilisfang nýs eiganda, nafnnúmer hans, ef um einstakling er að ræða, svo og tegund sjónvarpsviðtækis og framleiðslunúmer. Enn fremur skal rita a eyðublöðin aðrar þær upplýsingar, sem þar kann að vera gert ráð fyrir og nánar greinir í reglugerð.

17. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki, sem notuð eru hér á landi og í íslenzkum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

Í skránni skal greina:

1. Skráningarnúmer, sem helzt óbreytt, meðan viðtækið er skráð hjá Ríkisútvarpinu.
2. Tegund viðtækis og framleiðslunúmer.
3. Dagsetningu frumskráningar.
4. Fullt nafn og heimilisfang eiganda, svo og nafnnúmer hans, sé um einstakling að ræða.
5. Dagsetningu bústaðaskipta eiganda og hið nýja heimilisfang hans.
6. Dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda, eins og segir í 4. tölulið. Einnig skal greina, hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu.
7. Upplýsingar um lögtak, sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 20. gr., ásamt dagsetningu.

Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá, ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar, að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps samkvæmt 1. mgr.

18. gr.

Afnotagjaldi af sjónvarpsviðtæki ásamt dráttarvöxtum eða öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðréttur í viðtækinu, sem helzt, þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum,

dómveðum og öðrum höftum, sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helzt í þrjú ár frá gjalddaga.

Ef skráðum eiganda sjónvarpsviðtækis er skylt að greiða afnotagjald af hljóðvarpsviðtæki, skal því gjaldi einnig fylgja lögveðréttur í sjónvarpsviðtæki hans, eins og segir í 1. mgr.

Eigendur hljóðvarpsviðtækja og sjónvarpsviðtækja bera persónulega ábyrgð á greiðslu gjalda af þeim til Ríkisútvarpsins, sem á hafa fallið, áður en tilkynning um eigendaskipti samkvæmt 16. gr. hefur borizt Ríkisútvarpinu.

19. gr.

Ráðherra skipar innheimtustjóra Ríkisútvarpsins, sem fullnægja skal almennum dómaraskilyrðum.

20. gr.

Þegar liðinn er mánuður frá því, að afnotagjöld af útvarpsviðtækjum féllu í eindaga, úrskurðar innheimtustjóri lögtak á ógreiddum gjöldum ásamt dráttarvöxtum eða öðru vangreiðsluálagi og auglýsir úrskurðinn, eins og mælt er um opinber gjöld í 4. gr. lögtakslaga nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 19 6. júlí 1931.

Að því er varðar gjöld, sem lögveðréttur fylgir samkvæmt 18. gr., er heimilt að gera lögtak til tryggingar þeim sem hér segir: Að liðnum vikufresti frá auglýsingu úrskurðar samkvæmt 1. mgr. ritar innheimtustjóri í fógetabók ákvörðun um lögtak í sjónvarpsviðtæki fyrir umræddum gjöldum. Jafnframt ritar hann á blað viðtækis á sjónvarpsviðtækjaskrá tilgreiningu um lögtakið. Hefur ritun í fógetabók í för með sér öll áhrif lögtaks eftir lögtakslögum. Tilkynna skal skráðum eiganda viðtækisins lögtakið í ábyrgðarbréfi.

Um framkvæmd lögtaks fyrir öðrum gjöldum fer eftir reglum lögtakslaga, hvort sem innheimtustjóri eða viðkomandi fógeti framkvæmir lögtakið.

Eftir að lögtak hefur verið gert samkvæmt 2. eða 3. mgr., getur innheimtustjóri krafizt uppboðs á lögtekinni eign eftir venjulegum reglum.

Nú vill eigandi sjónvarpsviðtækis eða annar aðili, sem telur sig hafa réttar að gæta, koma fram vörnum, að því er varðar lögtak samkvæmt 2. mgr., og er þá heimilt að bera mótmæli upp við innheimtustjóra, sem að undangengnum málflutningi, ef til kemur, leggur á þau úrskurð. Ef mótmæli koma ekki fram fyrr en við uppboð, ber úrskurðarvald, þar á meðal um lögmæti lögtaksins, undir uppboðshaldara.

21. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á útvarpsviðtæki:

1. Ef það er hagnýtt til útvarpsmóttöku, án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins.
2. Ef vanskil eru orðin á greiðslu afnotagjalds af því.
3. Ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr., eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu afnotagjaldi, og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörzlum eiganda eða annars vörzlumanns.

Innheimtustjóri eða viðkomandi héraðsdómari kveða upp dómsúrskurði, ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

IV. KAFLI

Ábyrgð á útvarpsefni.

22. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög, fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá, sem flytur sjálfur efni í eigin nafni, ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni, sem útvarpað er samtímis því, að það er flutt, og efni, sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni, sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð, sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal, sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók, hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber Ríkisútvarpið þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

23. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann, sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 22. gr.

Skylt er Ríkisútvarpinu að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður, ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti, ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Brot gegn einkarétti Ríkisútvarpsins samkvæmt 2. gr. og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 12. gr. varða sektum. Beita má varðhaldsrefsingu, ef sök er stórfelld. Upptæk má gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt, sbr. 2. gr., svo og viðtæki, sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 12. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 16. gr. varðar sektum. Ef um er að ræða aðila, sem verzlar með viðtæki, skal sektarupphæð ekki vera lægri en kr. 100 000.00.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir viðeigandi ákvæðum almennra hegningarlaga.

25. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð, að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögunum.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 68 28. des. 1934, svo og lög um breytingu á þeim lögum, nr. 64 31. des. 1939, nr. 34 29. apríl 1966 og nr. 88 23. des. 1966.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útvarpsráð skal í fyrsta sinn kosið samkvæmt lögum þessum að loknum alþingiskosningum í júní 1971.

Sþ. 490. Nefndarálit [164. mál]

um till. til þál. um samgöngur við Færeyjar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. marz 1971.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Friðjón Þórðarson.	Gísli Guðmundsson.
	Jónas Árnason.	

Nd. 491. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta mun, ef að lögum verður, gera eina veigamestu breytingu á íslenzkum skólamálum, sem orðið hefur. Það færir kennaramenntun á háskólastig og mun leiða til þess, að í framtíðinni hafi allir íslenzkir kennarar að minnsta kosti þriggja ára háskólanám að baki.

Ljóst er, að eftir fá ár muni 25—30% hvers árgangs þjóðarinnar ljúka stúdentsprófi eða jafngildi þess. Verður varla um deilt, að kennarastéttin eigi að verða úr þeim þriðjungi, en ekki minna menntuð. Kennsla yngstu nemenda er ekki síður mikilvæg sérgrein en margt það, sem kenna þarf á síðari námsárum.

Ýtarlegar umræður um þá spurningu, hvort kennaraháskóli skuli vera sjálfstæð stofnun eða deild í Háskóla Íslands, hafa leitt nefndina til að fallast á þá skipan, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að skólinn verði sjálfstæður og byggi á þeim grunni og þeirri hefð, sem Kennaraskóli Íslands hefur skapað í löngu og farsælu starfi. Hins vegar er ljóst, að samstarf háskólanna verður að vera einlægt og náið.

Spurt hefur verið, hvort flutningur kennaranáms á háskólastig muni ekki auka erfiðleika dreifbýlis við að fá kennara til starfa. Ekki er hægt að halda niðri menntunarkröfum til neinnar stéttar í þeirri von, að það dragi fólk til hinna strjálbýlli héraða, og ekki má ætla þeim héruðum minni hlut en öðrum, hvað snertir menntun. Vanda þeirra verður að leysa á öðru sviði, hvað snertir kennara ekki síður en lækna og aðra sérlærða menn.

Ekki er unnt að sjá fyrir eða leysa öll vandamál, sem fram muni koma við breytingu kennaranámsins. Svo er til dæmis um ýmsa sérkennslu, til dæmis í handavinnu, íþróttum eða tónlist. Þó leggur nefndin til breytingu við 1. gr., sem ætti að létta lausn þess máls.

Þá skapast ýmis vandamál varðandi þá nemendur, sem þegar stunda kennaranám samkvæmt gildandi lögum. Verður að leggja áherzlu á að gefa þeim kost á öllu því, sem innganga í Kennaraskóla Íslands veitti þeim fyrirheit um, svo og að gefa öllum kennurum með próf eftir eldri lögum tækifæri til að bæta við námi og taka próf eftir hinum nýju. Hefur nefndin flutt nokkrar breytingartillögur, sem eiga að tryggja þetta eftir föngum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þjálfun í starfi í tvö ár, eftir að háskólanum lýkur, og embættisprófi þar á eftir. Nefndin leggur til, að nýjum kennurum verði veitt þjálfun og leiðsögn í eitt ár án frekari kröfu um próf.

Í frv. er kafli um rannsóknarstofnun uppeldismála, sem báðir háskólarnir standi að. Verður þá að fella niður ákvæði í háskólalögum um slíka rannsóknarstofnun, en þau hafa enn ekki komið til framkvæmda. Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins er ekki rannsóknarstofnun í sama skilningi, heldur nauðsynlegur þáttur í starfi ráðuneytisins við öflun upplýsinga, tillögugerð og framkvæmd nýjunga.

Nefndin gerir nokkrar fleiri brtt. á þskj. 492, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Menntamálanefnd hefur fjallað ýtarlega um frv. þetta, leitað umsagnar fjölda aðila, rætt við höfunda frumvarpsins, fulltrúa kennaranema og fleiri aðila og aflað sér ýmissa frekari gagna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem hún gerir tillögu um á þskj. 492. Einstakir nefndarmenn hafa fyrirvara um afstöðu til frekari breytingartillagna, er fram kunna að koma.

Alþingi, 11. marz 1971.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr., með fyrirvara.	Gunnar Gíslason.
Magnús Kjartansson, með fyrirvara.	Eysteinn Jónsson.	Sigurvin Einarsson.
	Birgir Kjaran.	

Nd. 492. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a) Í stað orðsins „Heimilt“ í 1. lið komi: Skylt.
   b) Aftan við 1. lið bætist: Kennaraháskólinn skal og hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum, og er heimilt að setja um það reglugerð.
   c) Í stað orðanna „skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins“ í 5. lið komi: menntamálaráðuneytið.

2. Við 2. gr.
   a) Í 2. lið falli niður orðin „í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, fræðslustjórum utan þess svæðis svo“.
   b) Í stað orðsins „konrektor“ í 3. lið komi: aðstoðarrektor.

3. Við 4. gr.
   a) 1. liður orðist svo:
      Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, en menntamálaráðuneytið fellst á það.
   b) 2. liður orðist svo:
      Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi, þegar hann hefur tekið til starfa að fullu. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.

4. Við 9. gr.
   5. liður orðist svo:
   Prófdómarar, skipaðir af menntamálaráðuneytinu, skulu dæma með kennara úrlausnir á lokaprófum til kennaraprófs.
   Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um próf í Kennaraháskóla Íslands.

5. Við 10. gr.
   a) Fyrirsögn hljóði svo: **Þjálfun í starfi.**
   b) Greinin orðist svo:
   Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi. Fræðsluskrifstofur skulu hver í sínu umdæmi skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með hinum nýju kennurum og setja þeim leiðsagnarkennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra.

6. Við 11. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi:
   Skipa skal allt að sjö prófessora og allt að níu dósenta.

7. Við 12. gr.
   a) Í stað orðsins „dómnefndar“ í 3. lið komi: skólaráðs.
   b) 4. liður orðist svo:
   Leita skal álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar. Engum má veita slíkar stöður, nema meiri hluti skólaráðs telji þá hæfa til starfsins.

8. Við 13. gr.
   a) Í stað orðsins „konrektor“ í I. og II. lið komi: aðstoðarrektor.
   b) Síðasta mgr. orðist svo:
   Rektor ræður, setur eða skipar starfsmenn samkvæmt grein þessari, að fenginni umsögn skólaráðs, er áður hafi leitað álits nemendaráðs, að því er námsráðunaut varðar.

9. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a) 2. liður orðist svo:
   Við Kennaraháskóla Íslands skal starfrækja menntadeild og framhaldsdeild samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963, á meðan styrkbær fjöldi nemenda óskar að stunda þar nám.
   b) Framan við 4. lið komi:
   Við stofnun Kennaraháskóla Íslands skal dómnefnd, skipuð tveim mönnum tilnefndum af Háskóla Íslands og einum af menntamálaráðherra, dæma um hæfni umsækjenda um prófessors- og dósentsstöður.

Nd. 493. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Benedikt Gröndal.

Við 6. gr. Síðari mgr. orðist svo:
Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæzlu þess, að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar.

Ed. 494. Lög [67. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

(Afgreidd frá Ed. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 69.

Ed. 495. Frumvarp til laga [255. mál]

um breyting á lögum nr. 49 frá 1967, um skólakostnað.

Flm.: Kristján Ingólfsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 16. gr. laganna komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Nú eru samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkini frá sama heimili, og skal þá ríkissjóður greiða að fullu og öllu fæðiskostnað fyrir þau, sem umfram tvö eru.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki orkar tvímælis, að aðstaða fólks í sveitum til að afla börnum sínum almennrar fræðslu og menntunar er örðugri en þeirra, sem í bæjum og þéttbýli búa. Gildir þetta jafnt um skyldunám sem annað nám, þótt nokkur stigsmunur sé þar á.

Þegar í bernsku verða mörg heimili sveitanna að senda börnin að heiman í heimavistarskóla. Víða er þetta eina hugsanlega lausnin á fræðslumálum sveitanna, en jafnvel sú lausn hefur í för með sér ýmis vandkvæði. Við brottför barnanna af heimilinu á sér stað eigi lítil upplausn á fjölskyldulífinu, en jafnframt leggjast ósjaldan á aðrar áhyggjur. Í því sambandi má á það benda, að heimili verða að greiða fæðiskostnað barna sinna án tillits til efnahags. Að vísu er sá vegur til að láta „sveitina greiða“, en sú leið mun fáum hugleikin og skipar ákveðinn neikvæðan sess í hugum almennings.

Því stendur hinn almenni þegn sveitanna eigi sjaldan frammi fyrir því að hafa blátt áfram ekki efni á að kosta barnafræðslu sona sinna og dætra, en verða að gera það engu að síður. Einhver kynni að segja, að engu að síður þyrftu börnin að borða heima og hefði það líka kostnað í för með sér. Það er og rétt, svo langt sem það nær. En í móti kemur sú staðreynd, að hyggin húsmóðir sníður sér stakk eftir vexti og hugsar um það öðru fremur að sjá búi sínu borgið. Auk þess kemur það betur út hjá bónda, sem er matvælaframleiðandi, að fæða barn sitt heima en að greiða fæðiskostnað þess að heiman.

Þetta mun af flestum viðurkennt, þó að nýtni og ágæt stjórn muni almennt í þessum málum í heimavistarskólum.

Nú er mjög um það rætt að jafna möguleika allra landsins barna til mennta, án tillits til búsetu þeirra.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar að lögum um skólakerfi, er lagt var fram á þessu þingi, segir svo í 7. grein:

„Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.“

Í 8. grein nefnds frumvarps er hins vegar ríkinu gert að greiða í fyrstunni fyrir börn þeirra foreldra, sem geta það eigi sakir fjárskorts, en endurheimta síðan að hálfu frá viðkomandi sveitarfélagi.

Þannig skal ungmennið þó komast á sveit sína.

Hér er um að ræða vandamál, er allmarga snertir og ríður á að finna félagslega jákvæða lausn á. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, leitast við að skapa nokkurn jöfnuð. Verði það samþykkt, greiða hjónin fæðisefni tveggja fyrstu barna sinna, er skyldunámsskóla sækja samtímis, en ríkissjóður — almannafé — fyrir þau börn þeirra, er umfram þá tölu eru.

Ed. 496. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Kristján Ingólfsson, með fyrirvara.
Einar Ágústsson.	Jón Þorsteinsson.	Gils Guðmundsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Nd. 497. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til laga um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar Búnaðarþingi, sem mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. Nefndin mælir og með því, að frumv. nái fram að ganga með þessari

BREYTINGU:

Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson voru fjarstaddir.

Alþingi, 12. marz 1971.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.	

Sþ. 498. Fyrirspurn [256. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskmat.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvað hefur sjávarútvegsráðuneytið gert til þess að koma á samræmi í fiskmati í hinum ýmsu verstöðvum?

Nd. 499. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ásamt frumvarpinu, eins og það liggur fyrir á þskj. 10, hefur nefndin haft til athugunar brtt. á þskj. 285 og 323. Minni hl. leggur til, að brtt. á þskj. 323 verði samþykktar, og þar sem hér er um mjög verulegar breytingar að ræða og að nokkru leyti nýja stefnumörkun í raforkumálum, telur hann rétt að gera grein fyrir þeim og þar með afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti. Rétt er að geta þess, að inn í brtt. á þskj. 323 hefur af flm. þeirra verið tekið meginefni brtt. á þskj. 285 varðandi húsahitun með raforku og varaleið í virkjunarframkvæmdum, og að því leyti fjalla því brtt. um sama efni. Hins vegar er á þskj. 323 um mun víðtækara efni að ræða en á þskj. 285, svo sem síðar verður að vikið. Einstakir nefndarmenn, sem skrifað hafa undir nál. meiri hl., hafa áskilið sér rétt til að greiða atkvæði með brtt.

Í frv., sem fyrir liggur á þskj. 10, er lagt til, að Landsvirkjun verði veitt heimild til að reisa, að fengnu ráðherraleyfi, tvær stórvirkjanir í Tungnaá, aðra við Hrauneyjafoss, hina við Sigöldu, og að vatnsréttindi ríkisins á þessum stöðum verði afhent Landsvirkjun. Enn fremur er í frv. gert ráð fyrir nýrri ríkisábyrgð og nýjum ríkisframlögum til Landsvirkjunar til viðbótar þeirri fjárhagsaðstoð, sem þegar hefur verið veitt þessu virkjunarfyrirtæki vegna Búrfellsvirkjunar. Afl þessara tveggja stórvirkjana yrði samtals um 340 þús. kw., og skal þess getið til samanburðar, að samanlagt afl virkjananna þriggja í Soginu og Búrfellsvirkjunar, þegar hún verður fullgerð, er rúml. 300 þús. kw. Hinar áformuðu Tungnaárvirkjanir eru því mun stærri en Sogsvirkjun og Búrfellsvirkjun samtals. Ekki er enn nein vissa fyrir því, að hægt sé að afla markaðar nema fyrir lítið brot af orkunni, en gert er ráð fyrir, að unnið verði að því, þegar heimild er fengin. Er minni hl. þeirrar skoðunar, að við markaðsathugunina eigi það að sitja í fyrirrúmi að gera sér grein fyrir möguleikum til að nota raforku til húsahitunar bæði í þéttbýli og strjálbýli og stuðla að því, að húsahitun með raforku verði upp tekin sem víðast, ef hagkvæmt reynist. En takist ekki að finna leið til að nýta orku frá slíkri stórvirkjun á viðunandi hátt, verði að ráðast í minni virkjun eða virkjanir til að fullnægja hinni almennu eftirspurn, þegar þess gerist þörf, en hin almenna notkunaraukning suðvestanlands mun hafa verið um 4% á árunum 1969 og 1970.

Verði að því ráði hnigið að veita virkjunarfyrirtækinu Landsvirkjun heimild til að halda áfram stórvirkjun fallvatna, eftir að Búrfellsvirkjun er lokið, er það skoðun minni hl., að slíkar heimildir eigi ekki að binda við einn landshluta, heldur eigi þá að framkvæma virkjanir hennar með tilliti til jafnvægis milli landshlutanna og annarra ástæðna, sem síðar verður vikið að. Þess vegna er minni hl. því fylgjandi, að sunnan fjalla verði heimilað að virkja Tungnaá við Hrauneyjafoss eða Sigöldu og að norðan fjalla verði heimilað að virkja Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss eða Skjálfandafljót við Íshólsvatn, og að það sé svo á valdi virkjunaraðila og ráðherra að velja milli heimilda í hvorum landshluta að nánar athuguðu

máli. Jafnframt telur minni hl. mikilsvert, bæði af öryggisástæðum og til þess að orkan nýtist sem bezt, að tengja saman með aðalorkuveitu, ef fært reynist, raforkukerfin á Suðurlandi og austanverðu Norðurlandi, en sennilega yrði línan, sem hér er um að ræða, rúml. 200 km löng og lögð um hálendi milli landshlutanna. Þykir eðlilegt, að til þess sé ætlazt af Landsvirkjun, um leið og hún fær heimildir til nýrra stórframkvæmda og fjárhagslega fyrirgreiðslu, sem því svarar, að hún annist á sinn kostnað þessa samtengingu raforkukerfanna, þegar stjórnarvöld telja það heppilegt, og þá jafnframt að selja orku frá aðalorkuveitum sínum á sama verði norðanlands og sunnan, enda skiptir það miklu máli, að tryggt sé, að svo verði. Yrði þá að auka fjárhagslega fyrirgreiðslu í þágu Landsvirkjunar sem þessu nemur, og er hér lagt til, að svo verði gert. Það er ágizkun fróðra manna, að rúml. 200 km lína yfir hálendið kosti ca. 250 millj. kr. með 50 þús. kw. flutningsgetu — og með 100 þús. kw. flutningsgetu ca. 50% meira, en áætlun mun ekki hafa verið gerð um þetta.

Það er að vísu hugsanlegt, að hentugra þyki að nánar athuguðu máli, að annar virkjunaraðili hafi með höndum stórvirkjun á Norðurlandi, þegar þar að kemur, og er í tillögunni á þskj. 323 tekið tillit til þess.

Eins og nú standa sakir, framleiðir virkjunarfyrirtækið Landsvirkjun raforku, sem eingöngu er notuð á Suður- og Suðvesturlandi. Á ríkið helming í fyrirtækinu og Reykjavíkurborg hinn helminginn eins og áður í Sogsvirkjun. En ef fyrirtækið á að bera nafn með réttu, verður að stefna að því, að allt landið geti notið góðs af starfsemi þess, eftir því sem henta þykir og þörf er á, og að það verði þá annaðhvort ríkiseign eða sameign ríkisins og þeirra sveitar- og sýslufélaga, sem vilji gerast aðilar að því. Í brtt. á þskj. 323 er ekki gert ráð fyrir, að slík skipulagsbreyting verði leidd í lög að svo stöddu, enda skortir undirbúning til þess. En lagt er til, að Alþingi það, er nú situr, kjósi milliþinganefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku hér á landi og þá sér í lagi landsvirkjunarlögin með það sjónarmið fyrir augum, sem nú hefur verið nefnt.

Jafnframt er gert ráð fyrir, að milliþinganefndin geri tillögur um þá leið, er hún telur heppilegasta til að koma því í kring, að raforka til sams konar nota verði seld á sama verði um land allt. En það verður að telja réttlætismál og til þess fallið að stuðla að jákvæðri þróun landsbyggðar, að þjóðin öll sitji við sama borð í þessum efnum, þegar rafvæðingu landsins er lokið. En því meiri sem framtíðarnotkun raforku verður og því hagkvæmari sem virkjanir verða og rekstur rafveitna, því auðveldara á að verða að ná þessu marki. Hér væri ekki um neitt einsdæmi að ræða. Í Bretlandi t. d. er raforka til sömu nota alls staðar seld á sama verði, og svo mun vera í fleiri löndum. Þar sem mestum hluta allra raforkuvera hér á landi hefur verið og er komið upp með atbeina þjóðfélagsins í heild og á ábyrgð þess, og að því ógleymdu, að strjálbýlissvæðin leggja til fallvötnin, telur minni hl. nefndarinnar sanngjarnt, að allir njóti hér á komandi tímum góðs af, án þess að um mismunun sé að ræða eftir búsetu.

Í tillögum þeim á þskj. 323, sem minni hl. mælir með, er eins og í brtt. á þskj. 285 gert ráð fyrir, að svo geti farið, að ekki lánist í tæka tíð að „tryggja eðlilegt samhengi milli orkuframleiðslu frá stórvirkjunum og orkunotkunar". Fari svo, er minni hl. því meðmæltur, sem lagt er til á báðum fyrrnefndum þingskjölum, að heimilað verði að reisa vegna Suðvesturlands allt að 30 MW orkuver í Brúará við Efstadal. Jafnframt mælir minni hl. með því til samræmis, að tilsvarandi heimild verði veitt á Norðurlandi austanverðu, en þó því aðeins, að bæjarstjórnir og sýslunefndir á orkuveitusvæði Laxár óski þess, þannig að reist verði allt að 10 MW jarðgufuorkuver í Mývatnssveit, ef hennar væri þörf. Í Mývatnssveit er nú lítið jarðgufuorkuver (ca. 2½ MW), sem komið var upp af vanefnum og nýtir tiltölulega lítinn hluta jarðgufunnar. En til munu vera aðrar og betri aðferðir til að nýta jarðgufuna til raforkuframleiðslu, og væri út af fyrir sig æskilegt, að orkuframleiðsla með þeim aðferðum væri hafin í tilraunaskyni, ef um semst nú eða síðar,

þó að engu skuli hér um það spáð, hve hagkvæm hún reynist samanborið við vatnsaflsvirkjanir. Með tillögum þessum um heimild til minni virkjana er þó ekki verið að bregða fæti fyrir það, að heimild fáist til nánar tilgreindra stórvirkjana, en nokkurt samræmi verður að vera á milli virkjunarframkvæmda annars vegar og orkumarkaðarins hins vegar.

Með brtt. þeim á þskj. 323, sem minni hl. mælir með, er stefnt að frambúðarlausn virkjunarmála norðanlands og sunnan og raunar landsins í heild og að jafnrétti landsmanna á sviði raforkumála. Verði þessar tillögur samþykktar, mælir minni hl. með því, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 12. marz 1971.

Gísli Guðmundsson.

Sþ. 500. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um flugmál.

Flm.: Ingvar Gíslason, Steingrímur Hermannsson, Kristján Ingólfsson, Jón Skaftason, Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna nefnd til þess að gera athugun á ástandi flugmála í landinu og tillögur til úrbóta í þeim efnum. Skal athugunin ná til allra meginþátta flugmálanna, en aðaláherzla lögð á að kanna flugöryggismál og aðbúnað á flugvöllum yfirleitt. — Athugun þessari skal lokið svo snemma, að hægt verði að leggja fram skýrslu nefndarinnar og tillögur til úrbóta í flugmálum, áður en reglulegt Alþingi kemur saman haustið 1971. — Ráðherra skipar formann nefndarinnar. — Allur kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. — Nefndin skal m. a. hafa samráð við flugmálastjórn ríkisins og Félag íslenzkra atvinnuflugmanna, svo og aðra, sem hlut eiga að máli, eftir því sem tilefni gefst til.

Greinargerð.

Ekki verður því móti mælt, að íslenzk flugmál hafa þróazt mjög ört síðustu 25—30 ár. Hafa sumir svo til orða tekið, að framfarir í flugmálum séu ævintýri líkastar. Flugfloti Íslendinga er tiltölulega stór og yfirleitt vel búinn, og íslenzkir flugmenn njóta að verðleikum mikils álits sem traustir menn á sínu sviði. Haldið er uppi reglubundnu áætlunarflugi innanlands til fjölmargra staða í öllum landsfjórðungum, og utanlandsflug með nýtízkufarkostum er stundað af dugnaði og myndarbrag með öllum þeim miklu umsvifum, sem slíkri starfsemi fylgja. Flugvélarekstur er þegar umsvifamikil atvinnugrein í landinu og flugsamgöngur snar þáttur í samgöngumálum Íslendinga innanlands og utan.

Þrátt fyrir þetta er mörgu ábótavant í íslenzkum flugmálum, enda vafasamt, að flugmálin hafi notið nægilega öflugs stuðnings ríkisvaldsins hin síðari ár, svo að saman hafi mátt fara aukning flugflotans og nauðsynlegar endurbætur á flugþjónustunni að því er varðar flugöryggi og flugvallargerð. Mun sönnu nær, að mikils ósamræmis gæti að þessu leyti. Flugvallargerð og öryggisþjónusta er því miður mjög á eftir tímanum. Er augljóst, að þörf er sérstaks átaks til úrbóta í þessum efnum. Telja flm. þessarar tillögu rétt, að Alþingi hafi að sínu leyti frumkvæði um athugun á ástandi flugmálanna, að sjálfsögðu í góðu samstarfi við flugmálastjórn ríkisins og samtök atvinnuflugmanna og aðra, sem hlut eiga að máli.

Rétt er að geta þess, að flugmálastjóri ríkisins hefur ítrekað bent á þá staðreynd, að fjárveitingar til flugmála hafa lengi verið of lágar miðað við brýnustu

þarfir. Ekki hafa helztu ráðamenn þjóðarinnar um þessi efni, svo sem samgönguráðherra og fjármálaráðherra, gert þær ráðstafanir í sambandi við þessi mál, að unnt væri að þoka þeim fram með sæmilegum hætti. Atvinnuflugmenn hafa látið þessi mál mjög til sín taka og nú síðast ritað öllum alþingismönnum bréf með áskorun um, að þeir beiti sér fyrir skipulegum úrbótum í flugmálum, einkum flugöryggismálum. — Er bréf flugmanna birt sem fylgiskjal með greinargerð þessari.

Fylgiskjal.

Bréf Félags ísl. atvinnuflugmanna til alþingismanna.

Háttvirtur alþingismaður.

Svo sem yður er kunnugt, hefur flugið verið sívaxandi þáttur í samgöngumálum íslenzku þjóðarinnar. Haldið er nú uppi reglubundnu áætlunarflugi, auk leiguflugs, til fjölmargra staða innanlands og utan. Í þessu skyni hefur íslenzki flugflotinn verið endurnýjaður með ærnum kostnaði fyrir flugfélögin. Með tilkomu hinna nýrri og fullkomnari flugvéla hefur reyndin orðið sú, að flogið er í verri veðrum en áður var gert, auk þess sem flug í myrkri að vetrarlagi vex ár frá ári. Þörfin á betri flugbrautum, fullkomnari aðflugstækjum og betri ljósabúnaði hefur aukizt að sama skapi.

Að óreyndu hefði mátt ætla, að framkvæmdir hins opinbera í flugvallarmálum og öryggismálum flugsins hefðu haldizt í hendur við endurnýjun flugflotans, en því fer víðs fjarri. Á undanförnum árum hefur öryggisnefnd Félags íslenzkra atvinnuflugmanna margsinnis rætt við íslenzk flugmálayfirvöld um nauðsyn úrbóta í þessum efnum, en þrátt fyrir góðar undirtektir þessara aðila hefur vegna ónógra fjárveitinga hægt miðað í rétta átt. Utan Reykjavíkur og Keflavíkur er nú aðeins ein flugbraut á landinu malbikuð. Svo til alls staðar vantar slétt öryggissvæði meðfram flugbrautum. Aðflugstæki eru víðast hvar af frumstæðustu gerð, sums staðar alls engin, og ljósabúnaði mjög áfátt.

Slíkt ástand getur varla talizt viðunandi í skammdegi og umhleypingasamri veðráttu íslenzks vetrar. Telja verður, að Alþingi eigi hér nokkra sök á. Sé litið á fjárveitingar síðustu ára til flugmálaframkvæmda, verður það skiljanlegt, hvers vegna svo margt er ógert í öryggismálum flugsins.

Oft verða á Alþingi miklar umræður um aðra þætti samgöngumálanna, svo sem vegamál og hafnamál, en sjaldan heyrist þess getið í þingfréttum, að umræður hafi orðið um flugmál, og enn sjaldnar, að einhver þingmaðurinn hafi borið fram tillögu um hækkun á fjárveitingum til flugmála. Erfitt er að skilja, hvers vegna þessi mikilvægi þáttur samgöngumála vorra hefur orðið slík hornreka á Alþingi sem raun ber vitni.

Við heitum á yður, hr. alþingismaður, að beita yður fyrir því, að blaðinu verði nú snúið við, málum þessum meiri gaumur gefinn hér eftir en hingað til og fjárveitingar til flugmála auknar svo verulega, að takast megi að koma öryggismálum flugsins á Íslandi í viðunandi horf.

Öryggisnefnd Félags íslenzkra atvinnuflugmanna er hvenær sem er reiðubúin að ræða við yður um þessi mál og veita yður þær upplýsingar, er þér kynnuð að óska eftir.

Viktor Aðalsteinsson,
form. öryggisnefndar Félags ísl. atvinnuflugmanna.

Fróði Björnsson,
form. Félags ísl. atvinnuflugmanna.

Nd. 501. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Undirritaðir nefndarmenn telja, eins og fram hefur komið, að tilgangur þingmanna Alþýðubandalagsins með flutningi frumvarpsins um verðstöðvun á þingskjali 30 svo og flutningi þessarar tillögu skömmu síðar hafi aðeins verið tilraun til að þyrla upp pólitísku moldviðri og freista þess að fá forsætisráðherra Jóhann Hafstein vegna sjónvarpsviðtals við hann þannig í sviðsljósið, að ef til vill væri um að ræða verkefni fyrir Landsdóm. Slík vinnubrögð eru ekki málefnaleg og fyrir fram dæmd til að mistakast, enda upplýsti verðlagsstjóri, Kristján Gíslason, á fundi með nefndinni, þegar áðurnefnt frumvarp var til afgreiðslu, að ekkert óeðlilegt hefði þá komið í ljós varðandi verðlagsþróunina fyrir verðstöðvunina.

Með tilvísun til framanritaðs leggjum við til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 11. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Geir Hallgrímsson.
Pálmi Jónsson.

Nd. 502. Nefndarálit [134. mál]

um till. til þál. um rannsókn á verðhækkunum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar.

Undirritaðir nefndarmenn sjá ekkert því til fyrirstöðu, að deildin kjósi nefnd til þess að rannsaka þær verðhækkanir, sem orðið hafa, síðan kaupsamningar voru gerðir í júnímánuði s. l., og munu því greiða atkvæði með tillögunni.

Alþingi, 11. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Geir Hallgrímsson.
Pálmi Jónsson.

Nd. 503. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 11. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Geir Hallgrímsson.
Lúðvík Jósefsson.
Þórarinn Þórarinsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Pálmi Jónsson.

Nd. **504. Breytingartillaga** [179. mál]

við frv. til laga um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Sigurvin Einarssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þess skal jafnan gætt, að ekki stafi mengunarhætta af rekstri verksmiðjunnar.

Nd. **505. Breytingartillaga** [7. mál]

við frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu.

Ed. **506. Nefndarálit** [155. mál]

um frv. til laga um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og orðið sammála um að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 15. marz 1971.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Oddur Andrésson.
Sigurgeir Kristjánsson.	Einar Ágústsson.	Gils Guðmundsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Ed. **507. Nefndarálit** [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og sent það yfirdýralækni til umsagnar, en hann hefur yfirumsjón með framkvæmd laga um sauðfjárbaðanir. — Aðalefni frv. varðar sérstakar undanþágur frá böðun, þegar sérstaklega stendur á í héraði eða byggðarlagi. Um það segir yfirdýralæknir svo í bréfi til nefndarinnar: „Að athuguðu máli tel ég, að umrædd tillaga yrði til þess að auka á vanda þann, sem fylgi framkvæmd sauðfjárbaðana, og er hann þó nægur fyrir.“ Minni hl. nefndarinnar fellst á þetta álit yfirdýralæknis og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. marz 1971.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.

Ed. 508. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 19. marz 1964, um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 12. marz 1971.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.
Jónas G. Rafnar. Jón Árnason.

Nd. 509. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. marz 1971.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Jón Kjartansson. Geir Hallgrímsson. Stefán Valgeirsson.

Nd. 510. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd neðri deildar hefur haft til meðferðar tillögu þessa til þingsályktunar um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumi eins og þar stendur. Nefndin hefur klofnað í málinu, og vill meiri hlutinn gera grein fyrir afstöðu sinni hér á eftir:

Frá öndverðu hafa ýmsir þeir, sem af einhverjum ástæðum eru andvígir stóriðju á Íslandi, eins og álbræðslunni í Straumsvík, lagt sig mikið fram um það að ófrægja slíkan rekstur, m. a. af þeim sökum, að frá honum stafi hættuleg og banvæn eiturefni, jafnvel bæði fyrir menn og dýr, hvað þá gróður. Hefur í þeim efnum ýmsum hvatvíslegum fullyrðingum verið fram haldið, án þess að þær verði rökstuddar eða byggðar á vísindalegum niðurstöðum. Hitt hefur ekki verið neitt launungarmál, að frá því fyrst var farið að ræða um byggingu álbræðslu hér á landi, var það ljóst, að viss mengun gæti stafað af rekstri hennar, aðallega vegna uppgufunar á flúorvetni frá bræðsluofnum hennar. Má segja, að þetta sé sú eina tegund mengunar, sem orð sé á gerandi í sambandi við rekstur álbræðslunnar. Af þessum sökum hefur bæði fyrr og síðar verið lögð á það megináherzla í samningagerð ríkisstjórnarinnar við svissneska álfélagið og á annan hátt í sambandi við rekstur ál-

bræðslunnar, að fyllstu varúðarreglna sé gætt og ef nauðsyn krefur hægt að koma í veg fyrir skaðleg áhrif hugsanlegrar mengunar.

Í aðalsamningi ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium eru eftirfarandi ákvæði, sem hér skipta máli:

„12.02. ÍSAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði.“

„13. gr. Reglur um öryggi, heilbrigði og hreinlæti.

Að tilskildum ákvæðum 12. gr. skal ÍSAL byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum.“

Sá háttur var á hafður, að sett var á laggirnar sérstök mengunarnefnd með samningi eða setningu reglugerðar löngu áður en álbræðslan tók til starfa eða 7. júlí 1967.

Í þessari mengunarnefnd eiga sæti tveir fulltrúar af Íslands hálfu, Pétur Sigurjónsson efnaverkfræðingur, forstjóri Rannsóknastofnunar iðnaðarins, og dr. Axel Lydersen, prófessor við Tækniháskólann í Þrándheimi, en af hálfu álbræðslunnar dr. A. Sulzberger, efnaverkfræðingur við rannsóknastofnunina Forschungs Institute, Neuhausen am Rheinfall í Sviss, og dr. E. Bosshard efnaverkfræðingur, tæknilegur framkvæmdastjóri Íslenzka álfélagsins h.f.

Í stórum dráttum hefur nefndin hagað störfum sínum þannig:

Við upphaf og lok vaxtartímabils jurtagróðurs ár hvert, þ. e. að vori og hausti, eru tekin sýnishorn á 25 stöðum. Þessi sýnishorn eru af grasi, trjálaufi, jarðvegi, vatni, lofti og beinum dýra. Þar að auki eru tekin sýnishorn af regnvatni mánaðarlega. Staðir þeir, þar sem sýnishornin eru tekin, hafa verið valdir á ákveðnum svæðum umhverfis verksmiðjuna í allt að 20 km fjarlægð. Enn fremur eru tveir athugunarstaðir í 66 og 78 km fjarlægð. Sýnishornin eru tekin samkvæmt alþjóðlegum reglum, og hverju þeirra skipt í þrjá hluta, sem síðan eru efnagreindir hjá Rannsóknastofnun iðnaðarins, Forschungs Institute, Neuhausen, og SINTEF í Þrándheimi. Þegar niðurstöður allra þessara rannsókna liggja fyrir, heldur nefndin fund, þar sem niðurstöðurnar eru bornar saman og áhrifin á umhverfið eru metin.

Iðnaðarráðuneytinu mun hafa borizt fyrsta skýrsla „flúornefndarinnar“ ásamt bréfi, dags. 7. september 1969, en þar var nánar gerð grein fyrir, hvernig hagað mundi töku sýnishorna, en um þessar mundir hóf bræðslan starfsemi sína. Var þá ákveðið í samræmi við ákvæði reglugerðar, að „flúornefndin“ héldi áfram starfsemi sinni, en ráðuneytið samþykkti einnig, að dr. Páll A. Pálsson yfirdýralæknir annaðist töku beinasýnishorna, en um þau var sérstaklega fjallað í einni grein hins framangreinda samnings.

Þegar flutt var á Alþingi tillaga til þingsályktunar, sem hér er um fjallað, hafði ekki enn borizt skýrsla „flúornefndarinnar“, sú fyrsta, eftir að verksmiðjan hafði hafið starfsemi sína. Hins vegar hafði það gerzt, að grasafræðingur hafði tekið þrjú sýnishorn af trjám og greint dagblöðum frá því, að við efnagreiningu hefði reynzt flúormagn meira en eðlilegt væri í þessum sýnishornum. Í greinargerð þingsályktunartillögunnar segir, að þessi frásögn grasafræðingsins hafi vakið mikla athygli. Hins vegar hafi svo við brugðið, að iðnaðarráðuneytið og forstöðumaður Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Pétur Sigurjónsson, hafi lagt á það mikið kapp að reyna að gera rannsóknir og niðurstöður grasafræðingsins tortryggilegar. Þessar fullyrðingar í greinargerðinni eru staðlausir stafir. Í frásögnum blaða var engin greinargerð um það, með hverjum hætti grasafræðingurinn hefði staðið að sýnitökum sínum, er þrjú sýni út af fyrir sig eru að sjálfsögðu heldur enginn grundvöllur vísindalegrar niðurstöðu.

Það, sem iðnaðarráðuneytið gerði, var að skrifa Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þar sem þessi embættismaður starfar, og óska eftir greinargerð um rann-

sóknir hans og niðurstöður og hvernig að þeim hefði verið staðið. Þessi greinargerð barst ráðuneytinu, en hún er aðeins örfáar línur, sem frá því greina, að hin þrjú sýni hafi verið tekin samkvæmt tilmælum héraðslæknisins í Hafnarfirði, og enn fremur, að grasafræðingurinn hafi skoðað fjölmarga garða í Hafnarfirði í júlí og þó aðallega í ágúst og fundið víða greinileg merki sviðnunar í laufi trjánna. Flúormagnið er tilgreint, eins og frá hafði verið skýrt í blöðum, frá 19—50 p.p.m. flúor. Í greinargerð þingsályktunartillögunnar segir:

„Til samanburðar má geta þess, að venjulega hafa aðeins mælzt 5—10 p.p.m. flúors í trjátegundum hér á landi."

Þegar skýrsla „flúornefndarinnar" barst og iðnaðarnefnd fékk hana til meðferðar, kom m. a. í ljós, að í mörgum sýnum trjátegunda, sem tekin voru, áður en álbræðslan hóf starfsemi sína, er miklu meira flúormagn en flutningsmenn þessarar tillögu tilgreina. Má þar t. d. tilgreina: Flúormagn í reyni í Hellisgerði í september 1969 reyndist 27.6 p.p.m., en hins vegar á sama stað 10.6 p.p.m. í september 1970, eftir að álbræðslan hafði starfað tæplega ár. Í Hellisgerði í birki í september 1969 27.9 p.p.m., en á sama stað 17.8 p.p.m. flúors í september 1970, eftir að álbræðslan er farin að starfa. Í birki á Vífilsstöðum 18.6 p.p.m. í september 1969, en 15.4 p.p.m. í september 1970. Í kirkjugarðinum í Fossvogi í birki 21.2 p.p.m. í júní 1969 og 16.0 p.p.m. í september 1969, en 18.3 p.p.m. í september 1970. Í tjarnargarðinum í Reykjavík reyndist flúormagn í birki 36.5 p.p.m. í júní 1969 og 30.9 p.p.m. flúors í september 1969, en 22.9 p.p.m. flúors í september 1970, þegar álbræðslan er búin að starfa í eitt ár. Það gæti m. a. verið verkefni vísindamanna að skilgreina fyrir þingmönnum og öðrum, í hverju liggur þetta meira flúormagn í gróðri á sama stað ári áður en verksmiðjan hóf starfsemi sína en ári eftir að hún tók til starfa. Grasafræðingurinn, sem flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu vitna til, gæti e. t. v. gefið skýringar á slíku.

Eftir að „flúornefndin" skilaði skýrslu sinni, sem dagsett er 30. október 1970 og iðnaðarnefnd hefur haft til meðferðar, kom í ljós, að mistök vörðandi tilvitnanir í fræðirit höfðu átt sér stað. Að tilhlutan iðnaðarráðuneytisins var nefndin kvödd saman til fundar að nýju og hefur nú leiðrétt þessi mistök og auk þess gert tilvitnanir sínar í fræðirit og heimildir fyllri en áður.

Niðurstöður „flúornefndarinnar" eru m. a. eftirfarandi:

„Heildarmynd sú, sem fæst úr skránum og línuritunum, leiðir í ljós, að flúormagn er verulega neðan þeirra magngildismarka, sem þekkt er að orsaki sjáanlegar skemmdir á trjágróðri og flúorveiki í nautgripum, sem fóðraðir eru á algengan hátt. Hæsta stakt gildi í heyi, 31.9 p.p.m., mældist á Vífilsstöðum í september 1970. Hæsta stakt gildi í laufi í september 1970 var 22.9 p.p.m. í birki í Reykjavík, sem er hærra en í birki í Hafnarfirði, en lægra en var í júní 1969. Hæsta stakt gildi í barri í sama mánuði var 5.8 p.p.m. í greni í Hellisgerði í Hafnarfirði." Enn fremur segir: „Heildaryfirlit það, sem fæst af töflunum og línuritunum, leiðir í ljós, að flúormagnið er verulega fyrir neðan þau magngildismörk, sem þekkt er að valdi sjáanlegum skemmdum á trjám og gaddi (fluoroses) í nautgripum, sem fóðraðir eru á algengan hátt. Þetta á einnig við um einstaka staði." Um skaðleysismörk flúorinnihalds segir í nefndarálitinu: „Rit þau, sem til er vitnað hér á eftir, eru frá 1960 og síðar. Misræmi milli ritanna, einkum hinna eldri, kann að stafa frá mismunandi efnagreiningaraðferðum við ákvörðun flúorinnihalds, en þær hafa verið bættar að mun á síðari árum. Áhrif flúors, sem þekkt eru úr fræðiritum og af reynslu, eru háð samsetningu flúorefnanna."

Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að skaðleysismörk vegna flúormagns kynnu að vera minni eða lægri hér á landi en annars staðar. Af þessum sökum ritaði iðnaðarráðuneytið framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins þann 3. febrúar eftirfarandi bréf, sem síðan var greint frá í fréttatilkynningu:

„Þar sem enn hafa ekki verið ákveðin nein skaðleysismörk vegna mengunar almennt hérlendis og þá heldur ekki vegna flúoráhrifa, æskir ráðuneytið þess, að

Rannsóknaráð ríkisins skipi vel hæfa og sérfróða menn til þess að rannsaka, hvernig eðlilegt teldist að ákveða mörk flúoráhrifa. Ráðuneytið mun af sinni hálfu tilnefna mann í nefndina.“ Enn fremur segir í bréfinu: „Þó greind hafi verið erlend skaðleysismörk í skýrslu nefndarinnar, er því ekki haldið fram í skýrslunni, að þau gildi hérlendis. Hins vegar ber nauðsyn til, að rannsókn fari nú fram í þessu efni. Fyrir því er framangreind beiðni fram komin.“

Þessi nefnd, sem á að kanna, hver muni vera skaðleysismörk flúoráhrifa hér á landi, hefur nú verið skipuð, og eiga í henni sæti: Baldur Johnsen læknir, Eyþór Einarsson grasafræðingur, Runólfur Þórðarson verkfræðingur, Sigmundur Guðbjarnason prófessor og dr. Þorkell Jóhannesson prófessor, en dr. Páll A. Pálsson yfirdýralæknir baðst undan því að taka sæti í nefndinni af persónulegum ástæðum, en í hans stað hefur verið skipaður Guðmundur Pétursson læknir. Síðan hefur dr. Sturla Friðriksson erfðafræðingur verið skipaður í nefndina af hálfu iðnaðarráðuneytisins. Þá hefur iðnaðarráðherra hlutazt til um, að um þessar mundir eru hér staddir erlendir sérfræðingar á þessu sviði til þess að eiga viðræður við þessa nefnd og til þess að sérfræðingar og vísindamennirnir geti skipzt á skoðunum, og þar með auðveldast starf nefndarinnar. Enn fremur hefur iðnaðarráðuneytið aflað skýrslu, sem þrír amerískir vísindamenn sömdu að tilhlutan svissnesku ríkisstjórnarinnar til álitsgerðar um skaðsemismörk flúormagns í Sviss, og mun mengunarnefndin geta átt aðgang að þessari skýrslu.

Þá er rétt að geta þess, að iðnaðarnefndin sendi framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins þingsályktunartillöguna til umsagnar, og barst umsögn framkvæmdanefndarinnar með bréfi, dags. 4. marz 1971, og fylgir það þessu nefndaráliti sem fylgiskjal.

Sérstaklega skal vísað til niðurlags framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins, þar sem segir í bréfinu:

„Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið (og þar er vísað til skipunar þeirrar nefndar, sem áður er greint frá, til að rannsaka skaðleysismörkin), getur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins að sjálfsögðu ekki dæmt um það, hvort nauðsynlegt er að setja upp hreinsunartæki í álbræðslunni í Straumsvík, fyrr en niðurstöður ofangreindrar nefndar liggja fyrir.“

Með vísun til alls þess, sem að framan greinir, verður ekki um deilt, að frá öndverðu hefur verið gætt mikillar varúðar af hálfu íslenzkra stjórnvalda í samningagerð um álbræðsluna og varðandi rannsóknir og athuganir á hugsanlega skaðlegum áhrifum flúormengunar, eftir að rekstur hennar hófst. Niðurstöður rannsókna hafa ekki enn leitt í ljós, að nauðsyn beri til þess án tafar að krefjast þess, að sett séu upp hreinsitæki í verksmiðjunni, en hins vegar hefur iðnaðarráðherra lýst því yfir oftar en einu sinni á Alþingi, að sú krafa verði gerð, ef niðurstöður vísindalegra rannsókna bendi til, að þess sé þörf. Samkvæmt aðalsamningnum milli ríkisstjórnarinnar og svissneska álfélagsins er ótvíræð skylda ÍSAL til þess að setja upp hreinsitæki í álbræðslunni, ef slíkar aðstæður reynast vera fyrir hendi á grundvelli sérfræðilegra rannsókna. Framhaldsrannsóknir munu að sjálfsögðu gefa fyllri upplýsingar til ákvarðana á þessu sviði. Meiri hluti iðnaðarnefndar telur, að fyllsta öryggis hafi verið gætt af hálfu fyrirsvarsmanna íslenzkra stjórnvalda á þessu sviði og því sé engin ástæða til þess að ætla, að látið verði undir höfuð leggjast að setja upp fullkomin hreinsitæki í álbræðslunni að kröfu íslenzkra stjórnvalda, ef öryggisástæður krefja. Þess vegna leggur meiri hluti iðnaðarnefndar til, að þingsályktunartillögunni á þingskjali 16 um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumi sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 15. marz 1971.

Sigurður Ingimundarson, form. Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm. Pálmi Jónsson.
Ásberg Sigurðsson.

Fylgiskjal.

RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS

Reykjavík, 4. marz 1971.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumi.

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 25. febrúar 1971, þar sem óskað er umsagnar framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumi. Framkvæmdanefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum í morgun og vill taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt ósk iðnaðarráðuneytisins í bréfi þess, dags. 3. febrúar s. l., sem fylgir hér með í ljósriti, hefur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins skipað nefnd sérfróðra manna til þess að gera tillögur um það, hver séu eðlileg mörk þess flúormagns, sem leyfileg mættu teljast við íslenzkar aðstæður. Eftirtaldir aðilar hafa verið beðnir að taka sæti í nefndinni: Baldur Johnsen, læknir, Eyþór Einarsson, grasafræðingur, Guðmundur Pétursson, læknir, Runólfur Þórðarson, verkfræðingur, Sigmundur Guðbjarnason, prófessor, Sturla Friðriksson, erfðafræðingur (tilnefndur af iðnaðarráðuneytinu), og Þorkell Jóhannesson, prófessor. Til frekari upplýsinga fylgir hér með ljósrit af bréfi Rannsóknaráðs til Sturlu Friðrikssonar.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, getur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins að sjálfsögðu ekki dæmt um það, hvort nauðsynlegt er að setja upp hreinsunartæki við álbræðsluna í Straumsvík, fyrr en niðurstöður ofangreindrar nefndar liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

f. h. framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins,

Steingrímur Hermannsson.

Nd. 511. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til laga um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem er lítt breytt frá frv. þeim um sama efni, sem flutt hafa verið á nokkrum síðustu þingum, en þá eigi orðið útrædd. Fyrir nefndinni lágu umsagnir um frv., eins og það var lagt fram á síðasta þingi, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og samtökum sveitarfélaga í einstökum kjördæmum og landshlutum. Eru umsagnir þessar prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að eðlilegt sé, að sett verði ákveðnari löggjöf en nú gildir um byggðaþróun og byggðajafnvægismál. Hins vegar telur hann það orka mjög tvímælis og þarfnast nánari skoðunar, hvort rétt sé að koma á fót nýrri og sérstakri stofnun til þess að hafa með höndum yfirstjórn og framkvæmd þessara mála, eins og frv. gerir ráð fyrir, í stað þess að laga slíka löggjöf að þeim stofnunum, sem fyrir eru í stjórnkerfinu og til þessa hafa sinnt þessum verkefnum.

Með hliðsjón af því, er að framan greinir, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 15. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.

Geir Hallgrímsson.

Fylgiskjal I.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 17. janúar 1970.

Frv. til laga um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins o. fl.

Með bréfi, dags. 18. nóvember s. l., sendi háttvirt þingdeildarnefnd sambandinu framangreint frv. til umsagnar.

Stjórn sambandsins hefur rætt efni frv. á fundum sínum og samþykkti að láta í té svofellda umsögn:

Stjórn sambandsins telur mikla nauðsyn á því, að störfum að byggðaáætlunum og landshlutaáætlunum verði komið í fast form, bæði varðandi þá landshluta, þar sem fólksfækkun er, og hina, þar sem fólki fjölgar. Telur stjórnin, að slík starfsemi sé bezt komin í höndum landshlutasamtaka sveitarfélaganna með stuðningi ríkisstofnunar, er hafi heildarumsjón með þessari starfsemi, svo sem ráð er fyrir gert í frv. (Byggðajafnvægisstofnun og -sjóður).

Stjórn sambandsins er í meginatriðum sammála þeirri stefnu, sem fram kemur í frumvarpinu, en telur nauðsynlegt, að í því verði kveðið skýrar á um ýmis atriði. Virðist ekki óeðlilegt, að stjórnskipaðri nefnd verði falið að endurskoða frumvarpið eða semja nýtt frumvarp um þetta mikilvæga efni og það yrði lagt fyrir næsta þing haustið 1970.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
c/o hr. form. Matthías Á. Mathiesen,
Alþingi,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FJÓRÐUNGSSAMBAND NORÐLENDINGA

Akureyri, 12. febrúar 1970.

Umsögn F. S. N. um frumvarp Gísla Guðmundssonar o. fl. um byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar.

Fjórðungsráð Norðlendinga hefur fjallað um frumvarp Gísla Guðmundssonar o. fl. að beiðni fjárhagsnefndar neðri deildar. Fjórðungsráð er sammála þeirri meginhugsun frumvarpsins, að setja beri ákveðnari löggjöf um byggðaþróunarstarf í landinu heldur en nú er í gildi (lög um Atvinnujöfnunarsjóð frá 12. maí 1966). Á hinn bóginn telur fjórðungsráð, að hafa beri meiri hliðsjón af núverandi stjórnkerfi heldur en umrætt frumvarp gerir ráð fyrir, þannig að byggðaþróunarstarfið sé aukið innan stjórnkerfisins, án nýrrar stofnunar, sem kæmi til viðbótar miðstjórnar-

stofnunum, ráðuneytum og sjóðum í Reykjavík. Fjórðungsráð leggur megináherzlu á, að byggðaþróunarstarfið í einstökum landshlutum sé eflt og aukið og um slíka starfsemi verði sett löggjöf, en telur, að efling Atvinnujöfnunarsjóðs og byggðaáætlanadeildar Efnahagsstofnunarinnar sé sú leið, sem fara verði í miðstjórnarkerfinu. Ástæðan fyrir því er bæði fjárhagsleg og einnig sú, að skortur er á sérmenntuðum starfskröftum á þessu sviði, og verður hagkvæmara að nýta þá innan stofnunar, sem almennt vinnur að áætlanagerð, eins og Efnahagsstofnunin gerir, heldur en sem sérstaka starfsmenn Byggðajafnvægisstofnunar ríkisins.

Fjórðungsráð er efnislega samþykkt tillögum Efnahagsstofnunarinnar um framtíðartilhögun byggðaáætlunarstarfs hér á landi, eins og þær eru fram settar í atvinnumálaskýrslu Norðurlandsáætlunar. Þær fara hér á eftir:

„Lagt er til, að byggðaáætlanastarfsemi verði endurskipulögð með ákveðinni löggjöf. Meginmarkmið löggjafarinnar verði samræming forustu og ábyrgðar ríkisvalds og samtaka sveitarfélaga á byggðasvæðunum, ákvörðun um svæðismörk og samstarf heimaaðila við stofnanir ríkisvalds á sviði byggðaþróunarmála. Gert er ráð fyrir, að löggjöfin kveði á um eftirfarandi höfuðatriði á sviði byggðaáætlanastarfsemi:

1) að landið skiptist í byggðaþróunarsvæði.
2) að gerðar skuli byggðaáætlanir fyrir þau svæði, þar sem nauðsyn er á örari atvinnu- og mannfjöldaþróun til þess að stuðla að jafnari byggðaþróun í landinu.
3) að skilyrði fyrir gerð og framkvæmd byggðaáætlana sé, að sveitarfélög á svæðinu bindist samtökum og ráði til sín sérmenntaðan framkvæmdastjóra, er starfi með fulltrúum ríkisvaldsins að undirbúningi og framkvæmd byggðaáætlana.
4) að Atvinnujöfnunarsjóður hafi á hendi yfirumsjón með gerð og framkvæmd byggðaáætlana í umboði ráðherra, og veiti viðtöku óskum áðurnefndra samtaka sveitarfélaganna um gerð og framkvæmd byggðaáætlana og ákveði, í hvaða röð skuli að þeim vinna.
5) að Atvinnujöfnunarsjóður annist fjármagnsútvegun til þeirra þátta áætlunargerðarinnar, sem ekki eru hluti af öðrum framkvæmdaáætlunum ríkisins, annist úthlutun á lánum til einstakra aðila á byggðasvæðinu í samráði við samtök sveitarfélaga og niðurstöður áætlana og greiði kostnað af sérstökum rannsóknum eða könnunum, sem gerðar séu til undirbúnings byggðaáætlunum eða eftir tillögum þeirra.
6) að Efnahagsstofnunin annist samræmingu byggðaáætlana við aðrar efnahagsáætlanir og veiti aðstoð við undirbúning byggðaáætlana.
7) að samtök sveitarfélaganna í samráði við Atvinnujöfnunarsjóð annist öflun gagna til undirbúnings byggðaáætlunar á svæðinu, sjái um tengsl við einstaklinga, félög og sveitarstjórnir og annist enn fremur eftirlit með framkvæmd og endurskoðun áætlana, með ráðstöfun fjármagns og með fyrirtækjum, sem hlotið hafa fyrirgreiðslu, eftir því sem henta þykir.
8) að með lögunum eða sérstöku samkomulagi verði kveðið á um skiptingu kostnaðar vegna áætlanagerðar og eftirlits með framkvæmd áætlana milli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Virðingarfyllst,

f. h. F. S. N.

Lárus Jónsson.

Fylgiskjal III.

SAMBAND SVEITARFÉLAGA Í AUSTURLANDSKJÖRDÆMI

Egilsstöðum í janúar 1970.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
c/o hr. form. Matthías Mathiesen,
Alþingi,
Reykjavík.

Frv. til l. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins o. fl.

Stjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur rætt framangreint erindi yðar á tveim fundum og vill að þeim umræðum loknum senda yður álit sitt á téðu frumvarpi, svo hljóðandi:

Stjórn S. S. A. er samþykk þeirri stefnu, sem liggur til grundvallar frumvarpinu, þ. e. að unnið sé markvisst og skipulega að því að tryggja sem jafnastan rétt og möguleika allra landsmanna til menntunar, lífsafkomu og allrar aðstöðu í lífsbaráttunni og sóknar fram á við til vaxandi menningarlífs og velfarnaðar, án tillits til búsetu.

Á hinn bóginn er stjórn S. S. A. það ljóst, að fullkominn jöfnuð í þessum efnum milli allra landshluta er ógerlegt að tryggja og sízt af öllu hjá fámennri þjóð í stóru landi.

Höfuðborgarsvæðið hlýtur, samkvæmt óhjákvæmilegum lögmálum nútímaþjóðfélags, að búa að mörgu leyti við „beztu kjör" þjóðfélagsins. Þar velur þjóðin, eða forsvarsmenn hennar, þeim stofnunum menningarþjóðfélags stað, sem ekki eru efni til að koma upp nema á einum stað, og meðan svo er (háskóli, þjóðleikhús, handritastofnun, vísindastofnanir, Alþingi, ríkisstjórn og ríkisstofnanir o. s. frv., o. s. frv.).

En þó segja megi, að hér sé um eins konar lögmál að ræða, eru því þó takmörk sett, hversu langt þessi þróun má ganga, og einnig er það innan ákveðinna marka á valdi þjóðfélagsins, hvað sérstaða höfuðborgarsvæðisins er látin verða mikil í þessum efnum.

Þeir, sem þessi mál reyna að brjóta til mergjar og þá þróun, sem síðustu tvo til þrjá áratugi hefur verið að gerast hér á landi í þeim efnum, munu sammála um, að hún hafi leitt okkur út í þær öfgar, að nauðsynlegt sé að grípa alvarlega í taumana, ef forða skal frá ófyrirsjáanlegum erfiðleikum fyrir þjóðina í heild, — einnig höfuðborgarsvæðið.

Þegar þróunin er komin á það stig, að „beztu kjör" og „beztu aðstöðu" höfuðborgarsvæðisins er beinlínis farið að nota sem röksemd fyrir því, að þjóðin skuli einbeita öllum kröftum sínum og möguleikum til að auka enn á „yfirburði" höfuðborgarsvæðisins og þar með mismuninn milli íbúa þess og íbúa annarra landshluta (sbr. 7000—8000 millj. kr. raforkuframkvæmdir á Búrfellssvæðinu, steyptar hraðbrautir út frá höfuðborginni, meðan stór landssvæði búa við algjörar vegleysur o. s. frv.), þá er sýnilega komið að því hættumerki, sem umfram allt ber að forðast.

Meðan menntunarskilyrði, heilbrigðisþjónusta, samgöngumál, raforkumál o. s. frv. eru jafnlangt á eftir tímanum víða í dreifbýlinu, jafnfjarri því að fullnægja kröfum nútímafólks og raun ber vitni, ber að staldra við, áður en lengra er haldið í þá átt að breikka þá gjá, sem þegar hefur myndazt í þessum efnum í þjóðfélagi okkar, einnig þegar skynsamleg rök virðast þó mæla með því, að höfuðborgarsvæðið njóti forgangs um að hagnýta þá sameiginlegu möguleika, sem fyrir hendi eru til framþróunar og eflingar þjóðarbúskapnum. Um þetta eru menn sammála, án tillits til stjórnmálaskoðana, þegar þeir hafa kynnt sér og gert sér grein fyrir ástandi og eðli málanna.

Frumvarp það, sem hér er til umsagnar, virðist í megindráttum efnislega geta stuðlað að skipulegri og æskilegri þróun þessara mála, ef samþykkt og framkvæmt yrði.

Í því sambandi ber þó vandlega að því að hyggja, að ekki er æskilegt að búa til nýja stofnun með lögum, sem verður e. t. v. aðeins lauslega tengd þeim stofnunum, sem þegar eru til eða óhjákvæmilega hljóta að komast á fót innan skamms tíma og vinna að lausn sömu verkefna.

Á þetta er bent vegna þess, að nú þegar hafa sveitarfélög í flestum eða öllum kjördæmum stofnað til samtaka (sambanda) sín í milli til að vinna á skipulegan hátt að lausn sameiginlegra og aðkallandi vandamála hinna dreifðu byggðarlaga. A. m. k. tvö þessara sambanda hafa nú þegar komið sér upp vísi að stofnunum, þar sem sveitastjórnarmenn, með aðstoð sérmenntaðra ráðgjafa, hafa reynt að brjóta til mergjar vandamál þessara landshluta, hver þróunin fram á við þyrfti að verða, og gert tilraunir til að semja áætlanir fram í tímann með það höfuðmarkmið fyrir augum, að byggðajafnvægi geti skapazt og haldizt. Er þetta gert í samvinnu við Efnahagsstofnunina.

Vafalaust er, að það verður ekki ofmetið, hvert gildi það hefur í framtíðinni fyrir byggðajafnvægi í landi okkar, að þessi starfsemi verði efld svo sem kostur er, hvernig sem til hefur tekizt eða til tekst með upphafið. Fátt mun dreifbýlinu jafnþungt í skauti og skortur á sérmenntuðu fólki á flestum sviðum, og verður það þó enn alvarlegra á næstu árum. Ber því sérstaklega að stuðla að því á allan hátt, að dreifbýlið geti fengið sérmenntaða menn í sína þjónustu á flestum sviðum og ekki hvað sízt á því sviði, er snertir þróun til byggðajafnvægis í landinu. Einhver sú bezta aðstoð, sem unnt er að veita sveitarstjórnum í dreifbýlinu, er vafalítið sú að tryggja þeim sem greiðastan aðgang að sérmenntuðum starfsmönnum, sem hafa kynnt sér aðstæður og vandamál viðkomandi byggða og eru búsettir þar.

Hitt er eðlilegt og sjálfsagt æskilegt, að Alþingi skipi yfirstjórn þessara mála (sbr. 2. gr. frv.), enda sé verksvið þeirrar yfirstjórnar að samræma störf þeirra aðila, sem að byggðajafnvægi vinna (sambönd sveitarfélaga, Efnahagsstofnun o. s. frv.), aðstoða slíkar stofnanir við útvegun sérmenntaðra manna og greiðslu kostnaðar, sem af því leiðir, a. m. k. fyrst um sinn, og hugmyndalegt frumkvæði um verkefnaval þessara stofnana, eftir því sem þörf krefur (sjá 4. og 5. gr. frv. og breytingar á þeim).

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, og í þeim skilningi, sem þar kemur fram, vill stjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi fyrir sitt leyti mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar S. S. A.

Bergur Sigurbjörnsson.

Fylgiskjal IV.

Suðureyri, 10. janúar 1970.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Varðandi bréf yðar til Fjórðungssambands Vestfjarða varðandi umsögn um frumvarp til laga um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins skal upplýst eftirfarandi:

Stjórn sambandsins hefur ekki komið saman til viðræðu um málið. Hefur hún aðeins átt viðtöl í síma.

Hér er um stórt mál að ræða, og segja má, að engan snerti slíkt mál frekar en þá, sem í dreifbýlinu búa, enda hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga oft gert samþykktir, sem benda til eflingar búsetu og jafnvægis á landsbyggðinni, og reynt að sýna fram á nauðsyn og gildi slíkrar byggðar fyrir þjóðina í heild. Byggðajafnvægi er nauðsynlegt að efla, og bendir frumvarpið á nauðsyn þess og til stórra átaka, er gera þarf. Það veldur ekki ágreiningi hér, að stefna ber til stórra aðgerða í þessum efnum og að slíkt sé til þjóðarheilla.

Blómlegt athafnalíf hinnar dreifðu byggðar er þjóðinni stórt gæfuspor.
Fjórðungssamband Vestfirðinga mun því styðja eindregið byggðajafnvægisstofnun.

Virðingarfyllst,

F. h. Fjórðungssambands Vestfirðinga,

Sturla Jónsson.

Fylgiskjal V.

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Í REYKJANESUMDÆMI

Kópavogi, 26. janúar 1970.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
c/o hr. form. Matthías Á. Mathiesen,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi þakkar þá vinsemd, sem þér sýnið samtökunum að senda þeim frv. til laga um byggðajafnvægisstofnun ríkisins til umsagnar með bréfi yðar, dags. 18. nóv. s. l.
Stjórn samtakanna hefur fjallað um málið og er á einu máli um að taka undir umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga, dags. 17. þ. m. Stjórnin leggur sérstaka áherzlu á, að rík ástæða er til, að byggða- og landshlutaáætlanir séu gerðar og komið í fast horf í byggðarlögum, þar sem fólki fer fjölgandi, engu síður en þar, sem um fólksfækkun er að ræða.

Með vinsemd og virðingu,

Hjálmar Ólafsson,
formaður.

Ed. 512. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. marz.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Tóbaksauglýsingar hvers konar eru bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 513. Lög [23. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Ed. 15. marz.)

Samhljóða þskj. 419.

Ed. **514. Frumvarp til laga** [258. mál]

um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71).

1. gr.

Orðið heilbrigðistæknir er í lögum þessum notað sem samheiti þeirra, sem lokið hafa viðurkenndu námi tæknimenntaðs starfsfólks við lækningar.

2. gr.

Rétt til að starfa hér á landi sem heilbrigðistæknar hafa þeir einir, sem lokið hafa prófi í einhverri grein heilbrigðistækni og hlotið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að afloknu bóklegu og verklegu námi.

Ráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um náms- og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt heilbrigðistækna.

3. gr.

Rétt til að kalla sig hér á landi starfsheiti, sem að mati heilbrigðisyfirvalda fellur undir samheitið heilbrigðistæknir, hafa þeir einir, er hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Heilbrigðistæknir starfar við heilbrigðisstofnun eða við kennslustofnun heilbrigðisstétta. Ekki má heilbrigðistæknir starfa nema undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til heilbrigðistæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða um heilbrigðistækna.

6. gr.

Um heilbrigðistækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga, nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi heilbrigðistækna, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem kveðið er á um í 2. grein, getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með bréfi, dags. 14. febrúar 1970, til heilbrigðismálaráðherra óskaði Meinatæknafélag Íslands eftir löggildingu á starfi og starfsréttindum meinatækna. Erindi þetta var sent landlækni til umsagnar með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 27. febrúar 1970.

Í umsögn landlæknis, sem dagsett er 9. október 1970, segir m. a. svo: „Um starf og starfsréttindi meinatækna hafa ekki verið sett lög, en meðan svo er ekki, er ekki unnt að veita þessum starfshópi löggildingu."

Í umsögn landlæknis var enn fremur lagt til, að samið yrði á næstunni frumvarp til laga um tæknilegt aðstoðarfólk við lækningar, og yrði frumvarpið þannig úr garði gert, að undir lögin gætu fallið allir slíkir tæknilegir aðstoðarmenn, þ. e. meinatæknar og röntgentæknar, svo og aðrir tilsvarandi tæknilegir starfshópar, sem um kynni að vera að ræða síðar.

Hinn 28. okt. s. l. skipaði svo heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið nefnd til að semja frumvarp til laga um tæknimenntað aðstoðarfólk við lækningar. Skyldi frumvarpið vera með því sniði, sem lagt er til í umsögn landlæknis, og stefnt að því, að unnt yrði að leggja frumvarpið fyrir á yfirstandandi þingi.

Í nefndina voru skipuð Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Ásmundur Brekkan, yfirlæknir, Bergljót Haraldsdóttir, meinatæknir, Davíð Davíðsson, prófessor, og María Finnsdóttir, yfirhjúkrunarkona.

Nefndin tók þegar til starfa.

II.

Það kom strax í ljós, að lög þau, sem hér skyldi gera frumdrög að, yrðu að vera nokkuð almennt orðuð. Nú þegar eru til orðnir og komnir til starfa ýmsir hópar tæknimenntaðs starfsfólks við lækningar með mjög mismunandi menntun og starfssvið.

Þróunin erlendis bendir einnig til þess, að æ fleiri slíkir sérhæfðir starfshópar verði teknir inn í kerfi lækningastarfsins, eins og það þróast nú með tilkomu nýrra tæknilegra hjálpartækja og nýrra sjúkrahúseininga með flóknum tæknibúnaði.

Samtímis því, að orðið hafa verulegar skipulagsbreytingar á sjúkrahúsunum og öðrum heilbrigðisstofnunum, eru þar einnig að verða róttækar breytingar á samsetningu starfsliðs.

Samsetningu starfsmannahópa sjúkrahúsanna og dreifingu verkefna ber að haga eftir hinum nýju aðstæðum. Því er nauðsynlegt að ætla nýjum starfshópum heilbrigðisstétta stað í skipulaginu og gera nú þegar ráð fyrir, að slíkar nýstéttir geti myndazt og þróazt að lögum.

III.

Í umræðum innan nefndarinnar hefur ýmsar tæknimenntaðar stoðstéttir við lækningar borið á góma, og fjallað hefur verið um stöðu þessara stétta, bæði réttarlega og verkefnalega.

Rétt þótti að gera tillögu um samheiti fyrir þessar stéttir og varð orðið heilbrigðistæknir fyrir valinu. Því er þá ætlað að marka þessum stéttum sameiginlegt svið og afmarka þær frá öðrum sviðum og stéttum heilbrigðisstarfs. Þannig falla utan þessa sviðs þær stéttir, sem að hjúkrun starfa, svo sem almennt og sérmenntað hjúkrunarfólk, sjúkraliðar og gæzlusystur, enn fremur sérmenntað fólk við endurhæfingarstörf, svo sem sjúkraþjálfar. Undir lögin féllu ekki heldur sérmenntaðir fræðingar, svo sem tæknifræðingar, jafnvel þótt þeir ynnu að heilbrigðisstörfum. Hér eru því ætluð skil á milli tækna og fræðinga.

Undir lög þessi mundu falla t. d. meinatæknar með öllum undirsviðum, röntgentæknar og svo m. a. stéttir eins og tannsmiðir og gervilimasmiðir auk ýmissa nýstétta.

IV.

Það var einróma álit nefndarmanna, að taka yrði hið allra fyrsta til endurskoðunar og samræmingar öll gildandi lög og reglugerðir um heilbrigðisstéttir og að eðlilegast væri þá að fella slík ákvæði saman í einn lagabálk.

Meðan það hefur ekki verið gert, verður hins vegar ekki hjá því komizt að skapa þann lagalega grundvöll, sem þarf til þess, að unnt sé að gera hvort tveggja: að veita nýjum heilbrigðisstéttum viðurkenningu í formi löggildingar til starfa og að útiloka vanmenntað fólk frá slíkum ábyrgðarstörfum.

Lög þau, sem hér er lagt til að sett verði, eiga, ásamt reglugerðum, sem settar skulu í krafti þessara laga, að skapa fullnægjandi grundvöll undir slíka löggildingu og slíkt aðhald.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er nýyrðið „heilbrigðistæknir" tekið upp og lagt til, að merking þess einskorðist við þann, sem menntazt hefur til þess að taka tæknilega þátt í stoðstarfi við lækningar. Undir þetta hugtak féllu t. d. meinatæknar allir (meinvefjafræði, sýklafræði, blóðmeinafræði og meinefnafræði), sem starfa við heilbrigðisstofnun eða kennslustofnun heilbrigðisstétta. Sama gildir um stétt röntgentækna, sem nú er í myndun.

Um 2. gr.

Ætlazt er til, að sett verði reglugerð fyrir hverja stétt heilbrigðistækna, þar sem menntunarskilyrði eru nánar mörkuð. Hér á landi fer nú þegar fram fullmenntun stétta eins og t. d. meinatækna, röntgentækna og tannsmiða, og eru þó hvergi settar fram reglur kennslu- né heilbrigðisyfirvalda um lágmarkskröfur varðandi menntun þessa, magn námsefnis og kennslutilhögun.

Því gerir nefndin ráð fyrir, að nú þegar verði settar reglugerðir varðandi þær stéttir heilbrigðistækna, sem þegar hafa myndazt. Um nýstéttir yrði fjallað á sama hátt, jafnóðum og þær verða til.

Um 3. gr.

Hér er vísað í mat heilbrigðisyfirvalda, og er þá átt við ákvörðun heilbrigðismálaráðuneytisins byggða á tillögum eða álitsgerðum annarra heilbrigðisyfirvalda svo og viðkomandi stéttarfélags eða annarra aðila eftir því, sem við getur átt hverju sinni.

Um 4. gr.

Hér er því slegið föstu, að heilbrigðistæknar megi ekki hefja sjálfstætt starf, enda er menntun miðuð við starf undir umsjón lækna og læknisfræðilegra sérfræðinga.

Um 5. gr.

Hér er sett undir þann leka, að vanmenntað starfsfólk komist í starf heilbrigðistækna. Sá, sem byggir meðferð sjúklings að einhverju leyti á starfi heilbrigðistæknis eða á upplýsingum frá honum, verður að geta treyst slíkri stoð.

Um 6. gr.

Af þessari grein leiðir, að heilbrigðistæknar eru háðir sömu agareglum og viðurlögum við brotum í starfi og aðrar heilbrigðisstéttir.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að þörf kunni að verða á almennri reglugerð um framkvæmd laganna, umfram hinar sérhæfðu reglugerðir, sem gert er ráð fyrir í 2. grein.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 15. febrúar 1971.

Ráðuneytið hefur með fylgiseðli, dags. 12. þ. m., sent mér til umsagnar frumvarp um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Ég geri enga athugasemd við frumvarpið og mæli með því, að það verði lagt fyrir Alþingi óbreytt.

Benedikt Tómasson,
settur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, R.

Sþ. 515. Tillaga til þingsályktunar [259. mál]

um athugun á staðsetningu ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana.

Flm.: Kristján Ingólfsson, Steingrímur Hermannsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna milliþinganefnd, er geri athugun á og tillögur um, hvaða ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir, sem nú eru staðsettar á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa, mætti flytja til staða annars staðar á landinu, byggðinni þar til stuðnings og jöfnunar.

Greinargerð.

Öllum er kunn hin mikla tilfærsla byggðar, sem átt hefur sér stað á landi hér síðastliðna áratugi.

Til Reykjavíkur hefur leið þúsunda og tugþúsunda legið, ungra og gamalla. Fæstir þeir, er utan af landsbyggðinni koma og afla sér sérmenntunar eða sérþjálfunar, eiga afturkvæmt til heimabyggða. Leiðin liggur þangað, sem þörf er fyrir slíka kunnáttu.

Staðsetning valdstjórnar í Reykjavík hefur efalaust átt mikinn þátt í hinum byltingarkennda vexti hennar. Í námunda við helztu valdamenn þjóðarinnar hefur á umliðnum áratugum risið upp í höfuðborginni fjöldi ríkisstofnana og opinberra fyrirtækja. Fjöldi starfsmanna þessarar opinberu sýslu og starfrækslu skiptir þúsundum. Í rauninni hefur hér orðið ofþróun og byggðin hnyklazt saman á einn stað án þjóðfélagslega hagrænna forsendna.

Starfsemi á vegum ríkisins í Reykjavík og næsta nágrenni er eðlilega af ýmsum toga spunnin, því að kröfur nútímaþjóðfélags fyrir þjónustu á ýmsum sviðum aukast sýknt og heilagt. Þær kröfur ná ekki á sama hátt út um landsbyggðina, hvað starfsemi hins opinbera snertir. Víða eru heil landssvæði, sem ekki hafa öðrum sérmenntuðum starfsmönnum opinberum á að skipa en sýslumanni, lækni, prestum og nokkrum kennurum. Í tækniheimi nútímans og veröld sérþekkingar er hér um að ræða stöðnun.

Viðurkenna ber, að þjóðfélag nútímans þurfi á fólki með margháttaða kunnáttu að halda, til þess að unnt sé að annast starfrækslu framkvæmdavaldsins.

En að þetta fólk og stofnanir þær og fyrirtæki, er það starfar við, sitji svo til allt á einum og sama stað, eins og hér gerist, það getur varla talizt nauðsynlegt, ef betur er að gáð. Hér er þó um að ræða þjónustu fyrir þjóðarheildina, en ekki takmarkaðan landshluta.

Það mundi því verða til að auka jafnvægi í byggð landsins og þjóðfélagslega hagræna búsetuskiptingu, ef ýmsar þær stofnanir, sem nú eru í Reykjavík, yrðu fluttar til annarra landshluta.

Kæmist mál þetta til framkvæmda, yrði það efalaust til að sporna að einhverju leyti gegn flutningi landsmanna til Reykjavíkursvæðisins, sem hvorki getur talizt jákvæður fyrir byggðarlög þar né annars staðar á landinu í þeirri mynd, sem hann hefur verið undanfarna áratugi.

Um þessar mundir eru Svíar að framkvæma í sínu landi það, sem þessi þingsályktunartillaga leggur til að gert verði hér. Þeir óttast ofvöxt Stokkhólms og hinnar opinberu þjónustu þar, og er þó ólíku saman að jafna hlutdeild höfuðborga Íslands og Svíþjóðar í mannfjölda þjóðanna tveggja.

Því er hér eigi síður um að ræða stórmál fyrir okkur Íslendinga, sem Alþingi væntanlega sér ástæðu til að veita brautargengi með samþykkt þessarar tillögu.

Nd. 516. Frumvarp til laga [260. mál]

um fiskvinnsluskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

I. KAFLI
Markmið skólans.

1. gr.

Meginhlutverk skólans skal vera að veita fræðslu í vinnu sjávarafla.

Í lögum þessum nær orðið fiskur, eitt sér og í samsetningum, yfir allan fisk og auk þess krabbadýr og skeldýr.

2. gr.

Skólinn skal útskrifa fiskiðnaðarmenn, fiskvinnslumeistara og fisktækna, sbr. 10. gr.

Kennsla skólans skal miða að því, að:

1. fiskiðnaðarmenn hafi öðlazt nægilega undirstöðuþekkingu, bóklega og verklega, til þess að geta annazt almenna verkstjórn, gæðaflokkun og stjórn fiskvinnsluvéla;
2. fiskvinnslumeistarar verði, auk þess sem um getur í 1. tölulið, færir um að taka að sér eftirlitsstörf, verkþjálfun, einfalda vinnuhagræðingu og stjórnun;
3. fisktæknar verði, auk þess sem um getur í 1. og 2. tölulið, færir um að annast tiltekin rannsókna- og skipulagsstörf, sbr. 4. gr.

3. gr.

Skólinn skal starfrækja námskeið fyrir starfsfólk í ýmsum greinum fiskiðnaðarins, og miði þau einkum að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðjuvera, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins, eftir því sem við verður komið.

Fela skal skólanum að halda námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur stýrimannaskólanna.

4. gr.

Heimilt er að stofna til framhaldsdeilda við skólann, er m. a. veiti viðbótarkennslu í sérgreinum fiskiðnaðarins, svo sem niðursuðu, síldar- og fiskmjölsframleiðslu o. s. frv., fyrir fiskvinnslumeistara og aðra starfandi menn í fiskiðnaðinum, sem fullnægja inntökuskilyrðum, er nánar verði kveðið á um í reglugerð.

Viðbótarnámi þessu er ætlað að tryggja aukna sérhæfingu og skal reynt að haga náminu svo, að það auðveldi nemendum aðgang að frekara námi í háskóla.

II. KAFLI
Stjórnun, húsnæði og kostnaður.

5. gr.

Skólinn skal vera sérstök stofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

6. gr.

Skólinn skal staðsettur í Reykjavík.

7. gr.

Við skólann skal starfa skólanefnd, skipuð af ráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Í nefndina skulu skipaðir þrír menn og jafnmargir til vara, svo sem hér segir:

1. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
2. Annar nefndarmaður skal vera fulltrúi aðila fiskiðnaðarins og tilnefndur af Fiskimálaráði.
3. Þriðji nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal nánar kveðið á í reglugerð.

8. gr.

Stefnt skal að því, að skólinn geti sem fyrst fengið eigið húsnæði til starfsemi sinnar, og skal þar vera aðstaða til bóklegrar og verklegrar kennslu, svo og heimavist.

9. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður skólans skal greiddur úr ríkissjóði og kennsla veitt ókeypis.

III. KAFLI
Nám, próf, inntökuskilyrði, námsefni.

10. gr.

Námi í skólanum skal skipt í þrjár deildir, auk framhaldsdeildar, sem heimilt verði að starfrækja, sbr. 4. gr. Heildarnámstími í hverri deild skal vera sem næst 11 mánuðir, og skiptist námið í skólanám, bóklegt og verklegt, og verklega þjálfun, sem skólinn skipuleggur á vinnustöðum. Deildirnar eru þessar:

1. undirbúningsdeild;
2. fiskiðndeild;
3. meistaradeild;
4. framhaldsdeild.

Af námstímanum skal um 60% varið til skólanáms að jafnaði í undirbúningsdeild og fiskiðndeild, en afganginum til verklegrar þjálfunar. Í fisktæknideild og framhaldsdeild skal sem næst 80% tímans varið til skólanáms, en um 20% til verklegrar þjálfunar. Nánar skal kveðið á um skiptingu námstímans í reglugerð.

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðizt próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lyktar með prófi eða sérstöku verkefni, sbr. 11. gr.

Úr meistaradeild útskrifast fiskvinnslumeistarar. Starfsréttindi þeirra skulu háð því, að þeir hafi hlotið a. m. k. tveggja ára viðurkennda starfsreynslu á viðeigandi vinnustað að loknu námi í fiskiðndeild.

Heimilt er að veita nemendum, sem útskrifast úr framhaldsdeild, titilinn fisktæknir, enda hafi þeir áður öðlazt starfsréttindi sem fiskiðnaðarmenn.

11. gr.

Próf skulu haldin í lok allra bóknámsáfanga og í lok 11 mánaða starfsþjálfunaráfanga að loknu námi í fiskiðndeild. Jafnan skal ákveðins námsárangurs krafizt, til þess að nemandi teljist hafa lokið námi hverrar deildar eða öðlazt rétt til að hefja nám í næstu deild.

Nánari ákvæði um próf og einkunnagjöf skulu sett í reglugerð.

12. gr.

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

1. Til að hefja nám í undirbúningsdeild skal nemandi hafa staðizt gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla ellegar aflað sér á annan hátt hliðstæðrar, bóklegrar menntunar.

   Innan takmarka, sem skólanefnd setur, skal skólastjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu inntökuskilyrði. Skal þessi heimild einkum notuð til að veita fólki, sem starfað hefur í fiskiðnaði, rétt til skólavistar.
2. Til að hefja nám í fiskiðndeild skal nemandi hafa lokið námi í undirbúningsdeild eða staðizt próf í samræmi við ákvæði 15. gr. og jafnframt fengið a. m. k. þriggja mánaða verklega þjálfun, eftir að hann varð 15 ára gamall.
3. Til að hefja nám í meistaradeild skal nemandi hafa lokið fiskiðndeild.
4. Um nám í framhaldsdeild fer eftir ákvæðum 4. gr.

13. gr.

Helztu bóklegar námsgreinar skulu vera: fiskvinnslufræði, vél- og teiknifræði, vinnuhagræðing, framleiðslufræði og verkstjórn, gæðaeftirlit og tölfræði, markaðsfræði, rekstrarbókhald, lög og reglur um fiskvinnslu og fiskmat, hafliffræði, efnafræði, lífefnafræði, gerlafræði og hreinlæti, eðlisfræði, stærðfræði, íslenzka, svo og rannsóknastofustörf, m. a. í efnafræði, lífefnafræði, gerlafræði og eðlisfræði.

Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef skólanefnd telur ástæðu til.

14. gr.

Helztu verklegar námsgreinar skulu vera: meðferð á nýjum fiski, ísun, flökun, frysting, söltun, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, lifrarbræðsla, fiskmjölsframleiðsla, hvalvinnsla, fiskmat, vinnuhagræðing, meðferð og notkun fiskvinnsluvéla, svo og aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.

15. gr.

Verði stofnað til eins árs matvælakjörsviðs í framhaldsdeildum, er taka við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla, skulu nemendur, sem staðizt hafa próf á því kjörsviði, öðlast rétt til inngöngu í fiskiðndeild, sbr. 12. gr., 2. tölulið, samkvæmt nánari ákvörðun, er sett verði í reglugerð. Við útskrift úr fiskiðndeild skal þess gætt, að þessir nemendur hafi fullnægt námsskrá skólans varðandi verklega þjálfun.

16. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi skólans skulu sett í reglugerð.

IV. KAFLI
Gildistaka laganna.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda, svo sem hér greinir:

1. Innan tveggja mánaða frá setningu laganna skal staða skólastjóra auglýst.
2. Skólanefnd skal skipuð á sama tíma og staða skólastjóra er auglýst, og skal nefndin síðan láta ráðuneytinu í té umsögn um þær umsóknir, er berast um starf skólastjóra.
3. Staða skólastjóra skal veitt innan fjögurra mánaða frá setningu laganna.
4. Heimilt verði að ráða a. m. k. einn kennara að skólanum til undirbúningsstarfa um svipað leyti og staða skólastjóra er veitt.
5. Skólastjóri skal fá eitt ár til að undirbúa stofnun og starfrækslu skólans í samráði við skólanefnd. Sama gildir um kennara, ef ráðnir verða. Auk almenns undirbúnings skal skólastjóri hafa umsjón með skipulagningu námskeiða, sbr. 3. gr., og verklegrar þjálfunar, sbr. 10. gr.
6. Bókleg kennsla í skólanum skal hafin að loknu undirbúningsári skólastjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði hinn 10. júlí 1970 „til þess að kanna stöðu tæknimenntunarinnar innan skólakerfisins og eðlileg tengsl hinna ýmsu fræðslustiga og gera tillögur um endurbætur í þessum efnum“. Í nefndinni eiga sæti: Andri Ísaksson, forstöðumaður Skólarannsókna menntamálaráðuneytisins, formaður; Bjarni Kristjánsson, skólastjóri Tækniskóla Íslands; Gunnar Bjarnason, skólastjóri Vélskóla Íslands; Jóhannes Zoëga, verkfræðingur; Magnús Jónsson, skólastjóri Ármúlaskóla; Óskar Hallgrímsson, formaður Iðnfræðsluráðs; Stefán Guðjohnsen, tæknifræðingur; Þór Sandholt, skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík og Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor, deildarforseti verkfræði- og raunvísindadeildar Háskólans. Fundarritari nefndarinnar er Guðný Helgadóttir, kennari.

Nefnd þessi, sem kölluð hefur verið verk- og tæknimenntunarnefnd, ákvað skömmu eftir að henni hafði verið falið að semja lagafrumvarp um fiskiðnskóla, að grundvalla tillögur sínar að verulegu leyti á þeim sérfræðilegu álitsgerðum, sem fyrir lágu um málið, þ. e. fyrst og fremst á „Nefndaráliti um fiskiðnskóla á Íslandi“, sem fiskiðnskólanefnd undir formennsku Hjalta Einarssonar efnaverkfræðings skilaði í desember 1966, og álitsgerð Sigurðar B. Haraldssonar, efnaverkfræðings hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, er nefnist „I. Skólar og námsáætlanir Norðmanna fyrir sjávarútveginn. II. Tillaga um fiskiðnskóla á Íslandi“, og út kom í desember 1970.

Verk- og tæknimenntunarnefnd hefur rætt um málefni fiskvinnsluskóla á fimm fundum. Auk þess hefur nefndin heimsótt Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og rætt við forstöðumann hennar, dr. Þórð Þorbjarnarson, og umsjónarmann námskeiða stofnunarinnar í hreinlætistækni, Sigurð B. Haraldsson. Loks hefur nefndin fengið skriflega umsögn um málið frá Fiskimálaráði.

Gestir á þremur síðustu fundum verk- og tæknimenntunarnefndar um fiskvinnsluskóla voru þeir efnaverkfræðingarnir Hjalti Einarsson og Sigurður B. Haraldsson, er báðir hafa veitt nefndinni margháttaða aðstoð við samningu lagafrumvarps þessa.

Loks hefur verk- og tæknimenntunarnefnd haft samráð við nefnd, sem nú vinnur að tillögugerð um fjölgun kjörsviða í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, en formaður þeirrar nefndar er Bjarni Kristjánsson, skólastjóri Tækniskólans.

Menntamálaráðuneytið hefur sett Reykjavík í frv. sem skólastað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nefndin taldi æskilegt að skilgreina meginmarkmið skólans á sem breiðustum grundvelli. Jafnframt taldi nefndin eðlilegt að kalla skólann **fiskvinnsluskóla** fremur en fiskiðnskóla á grundvelli þessa víðtæka markmiðs, sem er ekki einskorðað við fiskiðnað og menntun fiskiðnaðarmanna, eins og ljóst verður af ýmsum öðrum greinum frumvarpsins. Sjá 3., 4. og 10. gr.

Um 2. gr.

Nefndin leit svo á, að fyrstu tvö námsárin í fiskvinnsluskóla, ásamt tilheyrandi starfsþjálfun, væru hliðstæð iðnnámi, en þriðja árið og framhaldsdeildin hliðstæð sérhæfðu viðbótarnámi fyrir iðnsveina, sem í Tækniskóla Íslands hefur verið nefnt „tæknanám“ (sbr. titilinn raftæknir), en það er tveggja ára nám. Einnig má benda á meistarafræðslu iðnskóla sem hliðstætt menntunarstig við efri deildir fiskvinnsluskóla. Af þessum sökum taldi nefndin vafasamt, að nám í fiskvinnsluskóla af þessu tagi veitti heimild til að nota titilinn fiskvinnslufræðingur eða fiskiðnfræðingur, sem hins vegar mundu eiga vel við framhaldsnám á háskólastigi, sem vonandi verður senn stofnað til hérlendis við Háskóla Íslands, sbr. 4. gr. Því væri eðlilegra samræmis vegna, að próf úr 2. bekk skólans ásamt viðeigandi starfsþjálfun veitti heimild til að nota titilinn **fiskiðnaðarmaður**, en próf úr 3. bekk skólans miðaðist við titilinn **fiskvinnslumeistari** og próf úr 4. bekk við titilinn **fisktæknir**. Sjá 10. gr.

Um 3. gr.

Afar mikilvægt verður að telja, að fiskvinnsluskóli einskorði ekki starf sitt við menntun þeirra, sem annast munu verkstjórn, eftirlit, leiðbeiningarstarfsemi og rekstur fiskiðjuvera, heldur annist hann einnig kennslu og þjálfun í handbrögðum og vinnsluaðferðum fyrir þá, sem vinna við móttöku og verkun sjávarafla. Fyrri mgr. greinarinnar miðar að því að tryggja þetta, og er brýnt grundvallaratriði í því sambandi, að umræddum námskeiðum verði sem mest og bezt dreift um verstöðvar landsins.

Seinni mgr. þótti nauðsynlegt heimildarákvæði, þar sem umrædd fræðsla hefur ekki verið á reglulegri námsskrá stýrimannaskólanna, en gert ráð fyrir því, að hún verði upp tekin sem fastur liður, enda hafa þegar verið haldin slík námskeið og virðist eðlilegt, að hér verði um að ræða skipulagða samvinnu milli fiskvinnsluskóla og stýrimannaskóla. Sjá 4. gr. nýs frumvarps til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík, þar sem segir m. a.: „Þá skal leitazt við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.“

Um 4. gr.

Tilgangurinn með starfrækslu framhaldsdeildar (eða 4. bekkjar) við fiskvinnsluskóla er fyrst og fremst tvíþættur:

a) að veita nemendum aukna þekkingu, er geri þá hæfari til fisktæknistarfa og auðveldi þeim jafnframt aðgang að frekara námi í háskóla;
b) að gefa nemendum kost á aukinni sérhæfingu í einstökum greinum fiskiðnaðarins, einkum niðursuðu og fiskmjölsframleiðslu.

Nefndin taldi rétt að miða aðgang að námi í framhaldsdeild ekki einvörðungu við þá, sem áður hefðu lokið prófi frá meistaradeild skólans, heldur yrði áhugasömu starfsfólki í fiskiðnaðinum, sem fullnægði skilgreindum inntökuskilyrðum, einnig gefinn kostur á námi í deildinni.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Nefndin taldi, að hún ætti ekki sjálf að fjalla um staðsetningu fiskvinnsluskóla, heldur ætti slík ákvörðun að vera algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

Benda má á tvö atriði, sem hljóta að verða grundvallaratriði við ákvörðun um staðsetningu skólans:

a) að starfsmenn rannsóknastofnunar sjávarútvegsins, opinberra matsstofnana og sölusamtaka nýtist til kennslu;
b) að fiskiðjuver með fjölbreyttri fiskvinnslu sé í nánd við skólann.

Um 7. gr.

Nefndin taldi æskilegt, að skólanefnd starfaði við fiskvinnsluskólann, fyrst og fremst til að tryggja tengsl hans við rannsóknastofnanir og aðila fiskiðnaðarins. Jafnframt taldi nefndin afar óheppilegt að hafa skólanefndina mjög stóra, þar sem starfshæfni slíkra bákna er yfirleitt mjög ábótavant, auk þess sem svo virtist, að til að gera ánægða alla þá aðila, sem með nokkrum rétti gætu sagt, að þeir ættu að eiga sæti í slíkri skólanefnd, þá þyrfti nefndin að vera skipuð 10—15 manns. Því var farin sú leið að gera tillögu um litla skólanefnd, þriggja manna, og yrði þá einn fulltrúi frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar frá Fiskimálaráði, en í því eiga sæti flestir aðilar fiskiðnaðarins, og loks formaður skólanefndar skipaður af menntamálaráðuneytinu án tilnefningar.

Um 8. gr.

Nefndin taldi nauðsynlegt að setja í frumvarpið ákvæði um, að markvisst yrði keppt að því að útvega skólanum sem fyrst vandað eigið húsnæði til starfsemi sinnar. Í þessu sambandi er vert til hliðsjónar að benda á atriði í greinargerð fiskiðnskólanefndar (desember 1966), þar sem segir:

„Nefndin leggur áherzlu á, að skólinn komist sem fyrst í eigin húsakynni, sem yrðu samboðin þeim sessi, sem íslenzkur fiskiðnaður skipar í íslenzku atvinnulífi. Um þetta atriði eru allir nefndarmenn sammála. Í húsakynnum skólans verður að vera aðstaða til bóklegrar og verklegrar kennslu.

Nauðsynlegt er einnig, að skólinn starfræki fiskverkunarstöð með helztu fiskvinnsluvélum, þar sem verkun sem flestra fiskafurða getur farið fram. Stærð, afkastagetu og vélakost fiskvinnslustöðvarinnar skal miða við það, að hún geti verið sem fullkomnust æfingastöð í meðferð á fiski á öllum vinnslustigum frá móttöku hráefnis í fullunna og metna vöru. Fari verklega kennslan fram í æfingastöðinni að svo miklu leyti, sem aðstæður leyfa. Að sjálfsögðu verður nauðsynlegt, að kennarar, skólastjóri og skólanefnd fái að ráða nokkru um það, hvernig skólinn mótast. Nefndin vill benda á þá aðstöðu, sem fyrir er í húsakynnum Rannsóknastofnana sjávarútvegsins að Skúlagötu 4, og telur þar vera húsnæði, sem nota mætti fyrst í stað, enda verði það tryggt, að skólinn komist svo fljótt sem við verði komið í eigin húsakynni.

Nefndin telur, að nauðsynlegt sé, að skólinn reki heimavist og mötuneyti til að jafna aðstöðu þeirra, er skólann sækja.“

Til nánari áréttingar mætti bæta því við, að sérlega mikilvægt er, að skólinn hafi yfir að ráða aðstöðu til verklegrar kennslu í frystingu, skreiðarverkun, saltfiskverkun, saltsíldarverkun, niðursuðu, fiskmati o. fl.

Í sambandi við véla- og tækjakost gæti komið til greina, að skólinn gerðist aðili að sameiginlegri tækjamiðstöð skóla á tæknisviðinu, ef stofnuð verður.

Um 9. gr.

Nefndin taldi, að fiskvinnsluskóli ætti að vera hluti af hinu opinbera, íslenzka skólakerfi, og því skyldi öll kennsla veitt ókeypis, rekstrarkostnaður allur greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. efniskostnaður eins og t. d. fiskur til vinnslu og sömuleiðis ferðalög nemenda á fjarlæga vinnustaði til verklegrar þjálfunar, og loks skyldi

stofnkostnaður allur borinn uppi af ríkinu. Um heimavistarkostnað gildi sömu reglur og fyrir aðra framhaldsskóla í íslenzku skólakerfi, þar sem heimavist er starfrækt.

Um lauslega áætlaðan kostnað við rekstur skólans, svo og húsnæðisþörf hans, vísast til fylgiskjals I.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að námi í skólanum verði skipt á þrjár 11 mánaða deildir auk framhaldsdeildar, er verði eins konar 4. bekkur skólans. Nám í hverri deild verði tvíþætt: 1) **skólanám**, skilgreint sem allt nám, bóklegt og verklegt, sem fram fer innan vébanda skólans undir leiðsögn kennara hans, og 2) **verkleg þjálfun**, sem skólinn skipuleggur á vinnustöðum og fyrst og fremst er ætlað að tryggja, að nemendur hafi af eigin raun kynnzt sem flestum þáttum fiskvinnslu í eðlilegu umhverfi á vinnustað.

Með greininni er stefnt að því, að próf upp úr hverri deild skólans frá og með fiskiðndeild (eða 2. bekk) veiti, að fenginni tilskilinni og viðurkenndri starfsþjálfun, tiltekin starfsréttindi og heimild til að nota ákveðinn titil.

Greinin tiltekur í stórum dráttum skiptingu námstímans milli skólanáms og verklegrar þjálfunar, en reynt er að gæta þess að hafa þau ákvæði þannig, að þau bindi ekki um of hendur skólanefndar og skólastjóra við skipulagningu kennslu og náms.

Sjá einnig 2. og 15. gr. og athugasemdir við þær.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt var talið, að í lögum yrði tiltekið, að öllum bóknámsáföngum, svo og starfsþjálfunaráfanga að loknu námi í fiskiðndeild, lyki með prófi. Var álitið, að með þessu yrðu árangursrík námsvinnubrögð að nokkru tryggð, svo og staða og sess þeirra, sem lokið hefðu námi við skólann.

Um 12. gr.

Nefndin taldi útilokað að gera ráð fyrir minna undirbúningsnámi en gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla til þess, að nám í undirbúningsdeild skólans yrði stundað að einhverju gagni. Þó taldi nefndin rétt að gera jafnframt ráð fyrir heimild til undanþágu frá þessu ákvæði, einkum vegna áhugasams fólks, sem lengi hefði starfað að fiskvinnslu.

Að öðru leyti virðist greinin ekki þarfnast sérstakra skýringa. Sjá til hliðsjónar 4. og 15. gr. og athugasemdir við þær.

Um 13. og 14. gr.

Þessar greinar eru efnislega sniðnar eftir tillögum fiskiðnskólanefndar og álitsgerð Sigurðar B. Haraldssonar að öðru leyti en því, að gæðaeftirliti (þýðing á „quality control") og tölfræði var bætt við í fyrri greinina, en fiskimjölsframleiðslu og hvalvinnslu í hina síðari.

Mikilvægt er, að skólanefnd hafi heimild til að bæta við námsgreinum, ef hún telur ástæðu til.

Öll nánari ákvæði um kennslu, námsgreinar og stundaskrá verða sett í reglugerð skólans, sbr. 16. gr.

Um 15. gr.

Svokölluð „kjörsviðanefnd" er nú (í febrúar 1971) um það bil að ljúka tillögugerð til menntamálaráðuneytisins um fjölgun kjörsviða við framhaldsdeildir þær eða „fjölfræðideildir", er starfræktar hafa verið síðan haustið 1969, yfirleitt í tengslum við gagnfræðaskóla. Leggur kjörsviðanefnd m. a. til, að stofnað verði til eins árs matvælakjörsviðs við deildirnar (sjá fylgiskjal II).

Verk- og tæknimenntunarnefnd hefur kannað tillögur kjörsviðanefndar um matvælakjörsvið og ákveðið að leggja til fyrir sitt leyti, að nemendur, sem staðizt hafa próf að loknu eins árs námi á matvælakjörsviði, geti fengið inngöngu í fiskiðndeild

fiskvinnsluskóla, að lokinni a. m. k. þriggja mánaða verklegri þjálfun í fiskiðjuveri eftir 15 ára aldur, sbr. 12. gr., 2. tölulið. Forsenda þessarar tillögu verk- og tæknimenntunarnefndar er fyrst og fremst sú, að nefndin telur æskilega nokkra dreifingu byrjunarstigs fiskvinnslunáms um landið. Jafnframt skal tekið fram, að nefndin telur þetta þó geta orðið vafasaman ávinning fyrir fiskvinnsluskólann — verði frumvarp þetta að lögum — ef ekki er haft náið samráð við skólann um skipulagningu náms, ákvörðun um námsefni og setningu prófkrafna á matvælakjörsviði. Hér veltur sem endranær mest á því, að framkvæmdin verði vönduð og viturleg.

Þess skal getið, að verk- og tæknimenntunarnefnd telur æskilegt vegna væntanlegra nemenda fiskvinnsluskóla, sem hefja námið með námi á matvælakjörsviði, að sú kennsla fari fram í verstöð, og verði hún í tengslum við iðnfræðsluskóla eða gagnfræðaskóla eða verði skipulögð með samvinnu þessara stofnana.

Benda má á það, að sums staðar erlendis hefur fræðsla í vinnslu og meðferð matvæla almennt verið sameinuð í einni skólastofnun. Nefndin ræddi þetta atriði nokkuð og taldi, að slík þróun gæti verið æskileg við íslenzkar aðstæður. Hins vegar leit nefndin svo á, að nú væri brýnasta verkefnið að koma upp öflugum fiskvinnsluskóla, en síðar yrði athugað um útvíkkun á starfssviði hans, einkum varðandi kjöt- og mjólkuriðnað.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Að því, er tekur til framkvæmda, miðar þessi grein að því að tryggja, að eigi verði ónauðsynleg töf á því, að fiskvinnsluskólinn geti hafið störf, verði frumvarp þetta að lögum. Auk þess er reynt með greininni að kerfisbinda nauðsynlegustu undirbúningsaðgerðir að nokkru marki.

Þess skal getið, að allir nefndarmenn eru sammála um og leggja áherzlu á það, að undirbúningur sá, sem tilgreindur er í 4. og 5. tölulið, sé ófrávíkjanleg nauðsyn, einkum vegna útbúnaðar viðeigandi námsefnis og skipulagningar á verklegri þjálfun á vinnustöðum.

Vert er að benda á, að gert er ráð fyrir því, að á undirbúningsárinu geti farið fram námskeið fyrir starfsfólk í fiskiðjuverum, sbr. 3. gr.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Álitsgerð Sigurðar B. Haraldssonar efnaverkfræðings, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
(Desember 1970).

I. SKÓLAR OG NÁMSÁÆTLANIR NORÐMANNA FYRIR FISKIÐNAÐINN

Fiskiðnskóli hefur lengi verið til umræðu hér á landi. Ýmsar skoðanir hafa komið fram um starfstilhögun slíks skóla, en hér skal þó eingöngu bent á „Nefndarálit um fiskiðnskóla á Íslandi" frá desember 1966, en þar er að finna tillögur fiskiðnskólanefndar að lögum um fiskiðnskóla ásamt greinargerð. Upplýsingar eru þar einnig um skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum.

Fiskiðnskólanefndin gerði ráð fyrir tveggja ára skóla, en 6 mánuðum af þeim tíma skyldi varið í verklega þjálfun. Inntökuskilyrði skyldi vera gagnfræðapróf eða hliðstæð menntun og nemendur mættu ekki vera yngri en 17 ára. Í nefndarálitinu er talið upp, hverjar námsgreinar skyldu vera.

Þessum skóla var ætlað að útskrifa **fiskvinnslufræðinga.**

Nefndin tiltók ekki, hvaða réttindi fiskvinnslufræðingar fengju að námi loknu. Heldur voru ekki gerðar tillögur um, hvernig eða hvort fiskvinnslufræðingar gætu haldið áfram námi við æðri menntastofnanir í beinu framhaldi af náminu í fisk-

iðnskólanum. Bæði þessi atriði eru það mikilvæg, að þau geta skipt meginmáli um það, hvort fiskiðnskólanám verði eftirsóknarvert eða ekki. Þyrfti því að gera nánari grein fyrir þeim.

Hvað réttindum fiskvinnslufræðinga viðkemur, er varla hægt að ætlast til þess, að 18—19 ára unglingar, sem útskrifast úr skólanum með aðeins 6 mánaða verklega þjálfun, komist fljótt í ábyrgðarstöður og varla væri það æskilegt. Ábyrgðarstöður í fiskiðnaði krefjast meiri reynslu og þroska. Þess vegna er erfitt að kveða á um réttindi fiskvinnslufræðinga, þegar þeir leggja út í atvinnulífið eftir nám við slíkan skóla.

Sá möguleiki, að fiskiðnskólanám geti fallið inn í farveg annarra námsbrauta, hlýtur að vera æskilegur. Ennþá er varla sá möguleiki fyrir hendi, að hægt sé að byggja hér ofan á iðnfræðslu, stig af stigi, alla leið til háskólanáms, séu hæfileikar og geta fyrir hendi. Þróunin hlýtur þó að vera í þá átt að gera þetta mögulegt, og eru þegar uppi um það raddir hér á landi. Norðmenn hafa þegar gengið lengra í þessa átt, en þeir eru einmitt um þessar mundir að undirbúa námsleiðir fyrir 16—19 ára unglinga þannig, að um „blindgötur" verði hvergi að ræða. Þessi áform ná einnig til fiskiðnaðarnáms alla leið til háskólanáms við sérstakan fiskiðnaðarháskóla, sem ætlunin er, að taki að einhverju leyti til starfa á næsta ári. Einmitt þess vegna hefur verið aflað upplýsinga hjá Norðmönnum um skólaáætlanir þeirra fyrir fiskiðnaðinn. Þessar áætlanir eru á ýmsan hátt mjög athyglisverðar og er nauðsynlegt að fylgjast vel með, hvernig framkvæmd þessara áætlana verður. Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir því helzta, sem vert er að minnast á í sambandi við skólamál Norðmanna fyrir fiskiðnaðinn, áður en hugleitt er, hvað við getum lært af þeim varðandi uppbyggingu okkar eigin skólamála fyrir þennan atvinnuveg.

A. Stofnanir, sem veita fræðslu fyrir norskan sjávarútveg.

1. Fimm **sjómannaskólar** eru fyrir fiskimenn, en þeir eru í:
   Honningsvåg,
   Gravdal í Lofoten,
   Þrándheimi,
   Aukra við Molde,
   Laksevåg við Bergen.
   Í þessum skólum eru deildir, sem útskrifa stýrimenn, vélstjóra og matsveina. Nemendur fá ókeypis skólavist og frítt uppihald í heimavistum.
2. **Kælitækniskóli** er í Þrándheimi, sem veitir 10 mánaða fræðslu í kælitækni.
3. **Fiskiðnskóli** í Vardö. (Statens fagskole for fiskeindustri). Sagt verður nánar frá starfsemi þessa skóla hér á eftir. Ofantaldir skólar heyra allir undir norska sjávarútvegsráðuneytið.
4. **Niðursuðuskóli** Noregs, Stavanger. (Norges Hermetikkfagskole, Stavanger). Skólinn er í eigu sambands norskra niðursuðuverksmiðja og rekinn af sambandinu sem sérskóli í almennri niðursuðu. Aldur nemenda er yfirleitt 20—30 ár, en lágmarksaldur er 17 ár. Skólinn tók til starfa árið 1952 í nýju húsnæði. Árið 1964 heimiluðu eigendur skólans útlendingum skólasetu, ef skólarúm væri fyrir hendi eftir að allir norskir umsækjendur hefðu fengið skólarúm það árið. Ekki er krafizt reynslu í niðursuðu til skólasetu, en deildaskipting skólans er tvíþætt vegna nemenda með misjafna almenna undirbúningsmenntun. Að loknu námi ganga allir undir sama próf í skólanum. Fastir kennarar eru þrír auk skólastjóra. Nemendafjöldi er 24.
5. **„Fiskeridirektoratet"** starfrækir námskeið fyrir fólk, sem starfar við sjávarútveginn um borð í veiðiskipunum og í landi við vinnslu aflans. Þarna eru tekin fyrir ákveðin viðfangsefni, og geta þau verið margbreytileg.

6. **Iðnskólinn í Melbu.** Þessi skóli hóf kennslu í fiskiðngreinum á síðastliðnu hausti og mun hún vera sniðin eftir kennslunni, sem fram fer í fiskiðnskólanum í Vardö.
7. **Matvælaiðnfræðingaskólinn í Þrándheimi.** (Norges Næringsmiddelteknisk skole). Sérstakar kjöt- og fiskdeildir hófu starfsemi sína þarna fyrir einu ári.
8. **Tækniskólinn í Bergen.** Þessi skóli starfrækir sérstaka eins árs framhaldsdeild við efnafræðideild skólans. Þaðan útskrifast fisktæknifræðingar (fiskeriingeniörlinje).
9. **Háskólarnir í Osló og Bergen.**
   Verzlunarháskólinn í Bergen.
   Tæknihäskólinn í Þrándheimi.
   Þessar æðri menntastofnanir veita takmarkaða fræðslu, sem sérstaklega er ætluð til að undirbúa nemendur til starfa við sjávarútveginn. Þó eru sérstakar hafræðideildir við háskólana í Osló og Bergen, og viðskiptafræðingar geta aflað sér framhaldsmenntunar á sínu sviði við Verzlunarháskólann þar undir leiðsögn prófessors í sjávarútvegsviðskiptafræðum (fiskeriökonomi). Hægt er einnig að taka fyrir verkefni úr fiskiðnaðinum til licentiatsprófs við Tæknihäskólann í Þrándheimi.

Upptalning þessi sýnir, að ýmsar leiðir eru þegar færar til að fá undirbúningsfræðslu, sem að notum kemur við störf við sjávarútveginn í Noregi. Ráðamenn þar í landi eru samt ekki ánægðir, því að þeir vilja bæta þær leiðir, sem þegar eru fyrir hendi, endurskipuleggja þær og mynda nýjar. Í undirbúningi eru breytingar á flestum stigum fræðslunnar frá því að skyldunámi lýkur og til háskólanáms.

Sérstök nefnd (Steen-komitéen) hefur skilað áliti um framhaldsnám unglinga á aldrinum 16—19 ára, en þar er gert ráð fyrir frjálsu skólanámi fyrir unglinga á þessum aldri. Námið á að vera mjög sveigjanlegt og þannig uppbyggt, að hvergi verði um neina fyrirstöðu að ræða, svo að nemendur geti aflað sér frekari menntunar, sé vilji og geta fyrir hendi. Möguleikar eiga því að opnast fyrir aðra en þá, sem stúdentspróf hafa, til að hefja háskólanám. Skipuleggja þarf alla námsbrautina með tilliti til breyttra aðstæðna, og er nú t. d. verið að undirbúa tveggja ára háskólanám við nýja héraðsháskóla (distrikthögskoler).

Augljóst mun því vera, að eftir því sem fleiri menntast, munu atvinnuvegirnir fá menntaðra fólk til starfa en hingað til hefur verið. Brúast þá það stóra bil, sem verið hefur milli óskólagengins starfsfólks og þeirra, sem aflað hafa sér sérfræðilegrar menntunar. Mun þá þekking þeirra síðartöldu koma að betri notum fyrir atvinnulífið, en um leið myndast grundvöllur fyrir að efla alla sérfræðilega menntun, einnig á sviði sjávarútvegsins. Skipuleggja þarf því öll námsstigin með tilliti til hvers annars. Hvað sjávarútvegi viðkom, var þetta verkefni falið sérstakri nefnd manna árið 1965. Formaður nefndarinnar var prófessor Johan T. Ruud, en aðrir nefndarmenn voru prófessorarnir Gerhard M. Gerhardsen og Helge Larsen ásamt fiskimálastjóranum Klaus Sunnanå. Nefndin skilaði áliti í september 1967. Þar sem fyrrnefnd „Steen-nefnd“ var með í athugun fræðslu 16—19 ára unglinga, ákvað Ruud-nefndin að takmarka sín störf eingöngu við háskólanámið.

Helzta niðurstaða þessarar nefndar var, að komið skyldi á fót sérstakri stofnun, sem hefði það verkefni að skipuleggja og efla háskólanám, sem að notum gæti komið fyrir sjávarútveginn. Undirbúningur þessarar stofnunar er nú það langt kominn, að gert er ráð fyrir, að hún hefji starfsemi sína að einhverju leyti á næsta ári (1971). Stofnun þessi á að fá heitið: **Norges fiskerihögskole.**

Verður nú sagt nánar frá niðurstöðum Ruud-nefndarinnar og undirbúningi „Norges fiskerihögskole“ og væntanlegri starfsemi, en síðan verður gerð nánari grein fyrir fiskiðnnámi í Noregi.

B. Norges fiskerihögskole.

1. Helztu niðurstöður Ruud-nefndarinnar.

a. Nauðsynlegt er að efla æðri menntun í þeim fögum, sem styrkt gætu sjávarútveginn, hvort sem um væri að ræða tæknileg, viðskiptaleg eða haffræðileg fög. Nefndin áætlaði, að þörfin fyrir háskólamenntað fólk, sem hæfi störf við hinar ýmsu greinar sjávarútvegsins, væri sú, að 25—30 nýliðar þyrftu að bætast við árlega.

b. Nefndin íhugaði, hvort rétt væri að koma á fót sérstökum háskóla, sem veitti fræðslu í þessum fögum. Ekki var það talið æskilegt fyrst í stað, þar sem sumt af þessari fræðslu væri þegar hægt að fá við ýmsar æðri menntastofnanir, auk þess sem undirbúningsstörf vegna nýs háskóla tækju langan tíma og stofnkostnaður yrði mikill. Fræðslan ætti því að halda áfram við Háskólann í Bergen, Verzlunarháskólann í Bergen og Tækniháskólann í Þrándheimi.

c. Vegna þess að engin af þessum þremur stofnunum hefur þau tengsl við atvinnuveginn, sem nauðsynleg þykja, né samvinnu sín á milli, var álitið, að rétt væri að koma á fót samræmingarstofnun, sem fengi nafnið „Norges fiskerihögskole."

d. Lagt var til, að æðri menntun á sviði viðskipta færi fram á vegum sjávarútvegsviðskiptadeildar Verzlunarháskólans (Fiskeriökonomisk institutt). Aðallega kæmi þar til greina sérstök framhaldsmenntun fyrir viðskiptafræðinga, sem gæti verið á ýmsan hátt, t. d. þriggja ára licentiatnám.

e. Þar sem erfitt er að koma á námi í fiskvinnsluverkfræði, var lagt til, að þetta fag yrði tekið sem sérstakt framhaldsfag við Tækniháskólann, og gæti þá helzt komið til greina tveggja ára licentiatnám.

f. Hvað viðkemur fiskifræðinámi var lagt til, að við Háskólann í Bergen yrði fagið fiskilíffræði (fiskeribiologi) gert að sérfagi í tengslum við aðalfagið dýrafræði. Skyldi samvinna verða um þetta milli Háskólans og Hafrannsóknastofnunarinnar í Bergen.

g. Bent var á, að samkvæmt þessum tillögum yrði að fjölga starfsliði framantalinna menntastofnana. Gert var ráð fyrir þeim möguleika, að sérfræðingar rannsóknastofnana sjávarútvegsins í Bergen gætu að einhverju leyti sinnt kennslustörfum við Háskólann.

h. Álitið var, að á vegum „Norges fiskerihögskole" skyldu rekin námskeið fyrir starfsfólk, sem þegar starfar við sjávarútveginn.

i. „Norges fiskerihögskole" skal heyra undir menntamálaráðuneytið. Stjórn stofnunarinnar skal vera í höndum forstöðumanns og stjórnar.

j. Nefndin íhugaði, hver kostnaður yrði við stofnun „Norges fiskerihögskole". Áætlað var, að 46 nýjar stöður yrði að fylla við háskólana og rannsóknastofnanir sjávarútvegsins. Kostnaður samfara þessu gæti numið um 25 milljónum íslenzkra króna.

2. Bráðabirgðastjórn æðri menntunar fyrir sjávarútveginn.

Sjávarútvegsráðuneytið í Noregi fékk umsagnir fjölmargra aðila um tillögur Ruud-nefndarinnar. Einar M. Moxnes, sjávarútvegsráðherra, lagði síðan fram álit ráðuneytisins um þetta mál í Stórþinginu í marzmánuði 1969, en þar urðu síðan umræður um málið. Var því að lokum vísað til Kirkju- og menntamálaráðuneytisins. Ráðuneyti þetta skipaði síðan, í febrúar 1970, 10 menn í bráðabirgðastjórn æðri menntunar fyrir sjávarútveginn (Interimstyret for höyere fiskeriundervisning). Formaður nefndarinnar er Helge Larsen, prófessor í Þrándheimi. Aðrir í nefndinni eru ýmsir háskólamenn og sérfræðingar. Verkefni nefndarinnar er að eiga frumkvæði um að auka og skipuleggja æðra nám fyrir sjávarútveginn við Tækniháskólann í Þrándheimi, Verzlunarháskólann og Háskólann í Bergen.

Þessi stjórn tók til starfa í marz s. l., og í júlí sendi hún ráðuneytinu álit sitt um, hvernig efla skyldi æðri menntun fyrir sjávarútveginn, ásamt tillögum um fjárveitingu til þessa máls á árinu 1971. Þar var einnig lagt til, að komið skyldi á fót samræmingarstofnun með heitinu „Norges fiskerihögskole". Stofnun þessi skyldi vera í Bergen með eigin stjórn og starfsliði. Aðalverkefnið væri skipulagning framhaldsmenntunar við fyrrnefnda háskóla. Kennarar og annað starfslið við fræðsluna yrðu starfsmenn stofnunarinnar, en vinnustaður þeirra yrði hlutaðeigandi skóli eða rannsóknastofnun.

Fyrst í stað verður aðaláherzlan lögð á að fá hæft starfslið til starfa og gefa væntanlegum kennurum tíma til að undirbúa sig vel, áður en raunveruleg kennsla hefst. Þegar verða helztu kennarastöður auglýstar, og gert er ráð fyrir, að einhver kennsla geti þegar hafizt á næsta ári. Aftur á móti er áformað, að starfsemi stofnunarinnar fái að þróast á næstu 3—5 árum. Samt sem áður er gert ráð fyrir, að þegar á næsta ári verði um mikil umsvif að ræða, þar sem rekstrarfjáráætlunin nemur um 20 milljónum íslenzkra króna.

3. Tillaga á fundi Norðurlandaráðs, 17. febrúar 1965, um norræna menntunar- og rannsóknastofnun fyrir sjávarútveg.

Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs fékk til umræðu í janúar 1965 tillögu þess efnis, að komið skyldi á fót samnorrænni menntunar- og rannsóknastofnun fyrir sjávarútveg. Fékk tillagan þar jákvæða afgreiðslu, og á næsta fundi Norðurlandaráðs var málinu vísað til Noregs til nánari íhugunar. Norska sjávarútvegsráðuneytið fól síðan Ruud-nefndinni að fjalla um þetta mál. Nefndin taldi sig ekki geta afgreitt málið, fyrr en endanlegar tillögur hennar um æðri menntun lægju fyrir. Litið er nú þannig á, að koma þurfi „Norges fiskerihögskole" af stað, áður en endanlega er hægt að segja neitt ákveðið um þetta mál. Nefndin áleit, að ekkert ætti að verða því til fyrirstöðu, að nemendur frá hinum Norðurlöndunum gætu fengið aðgang að námi á vegum stofnunarinnar á sama hátt og þeir hefðu aðgang að öllu öðru háskólanámi.

C. Fiskiðnnám í Noregi.

Hér að framan voru taldar upp ýmsar stofnanir, sem veita fræðslu fyrir fiskiðnaðinn á iðn- og tæknifræðistigi. Þar á meðal voru eftirtaldir skólar: Fiskiðnskólinn í Vardö, Matvælaiðnfræðingaskólinn í Þrándheimi og Tækniskólinn í Bergen. Verður nú gerð nánari grein fyrir þessum skólum.

Fiskiðnskólinn í Vardö.

Skóli þessi hefur starfað síðan laust fyrir síðustu heimsstyrjöld, en starfsemin lá niðri á stríðsárunum. Hann veitir fræðslu starfsfólki við fiskiðnað, og eru þar eftirtaldar þrjár deildir:

a. Fiskvinnsla (4 mánuðir og 10 mánuðir).
b. Fiskolía- og mjölvinnsla (10 mánuðir).
c. Verkstjórn (6 mánuðir).

Matvælaiðnfræðingaskólinn í Þrándheimi.

Mjólkurfræðingaskólanum í Þrándheimi hefur nú verið breytt þannig, að nú eru þar eftirtaldar deildir:

a. Mjólk.
b. Kjöt og fiskur.
c. Grænmeti.

Skólanámið er í fimm áföngum, og er hér á eftir sýnt, hvernig þeir eru og hvernig námsefnið skiptist. Þetta er sýnt vegna þess, að þarna virðist vera um mjög athyglisvert fyrirkomulag að ræða.

Norges Næringsmiddelteknisk skole
Tunga, Trondheim.

Námsáfangar:

1. Bóklegt nám við skólann, 4 mánuðir ..... 1/9—31/12
2. Verkleg þjálfun, 1 ár ..... 1/1—31/12
3. Bóklegt nám við skólann, 6 mánuðir ..... 10/1—30/6
4. Verkleg þjálfun, 1 ár ..... 1/8—31/7
5. Bóklegt nám við skólann, 10 mánuðir ..... 1/9—30/6

Skipting bóklegu kennslunnar:

	1. áfangi 15 vikur st. á viku	3. áfangi 23 vikur st. á viku	5. áfangi 38 vikur st. á viku	st. alls
Efnafræði og næringarefnafræði	6	6	3	360
Gerlafræði og hreinlæti	5	4	3	280
Stærðfræði og eðlisfræði	7	8		290
Vélfræði og teikning	5	6	4	365
Líffræðlisfræði			3	115
Vinnulöggjöf o. fl.	2	2		75
Iðnfræði	5	5	6	420
Hagræðing			8	305
Bókhald og norska	1	1	5	230
Leikfimi	2	2	2	150
Heilsufræði	1	1		40
Til ráðstöfunar	3	3	3	230
	37	38	37	2860


Tækniskólinn í Bergen.

Efnafræðinám við þennan skóla tekur þrjú ár, en inntökuskilyrði eru nokkuð ströng eftir 9 ára skyldunámið. Að efnafræðináminu loknu er hægt að taka eitt ár til viðbótar sem framhaldsnám í fisktæknifræði. Síðan er möguleiki á að halda áfram námi við Tæknihäskólann í Þrándheimi.

Hér áður var á það minnzt, að Norðmenn hygðust bæta skólakerfi sitt þannig, að hvergi yrði um neinar „blindgötur“ að ræða.

Hér fer á eftir teikning, sem sýna á, hvernig hinar ýmsu námsleiðir eru hugsaðar fyrir þá, sem leita vilja þekkingar vegna starfa við norskan sjávarútveg. Eins og sjá má, eru byrjunarmöguleikarnir margir, þ. e. a. s. nám við Fiskiðnskólann í Vardö, Matvælaiðnfræðingaskólann í Þrándheimi, Tækniskólann í Bergen, menntaskólana og sjómannaskólana, en hvernig sem byrjað er að skyldunámi loknu eru möguleikar fyrir hendi að ljúka sérfræðiprófi við æðri menntastofnun á vegum „Norges fiskerihögskole“.

Skisse av utdanningssystem for fiskerinæringen.



II. TILLAGA UM FISKIÐNSKÓLA Á ÍSLANDI

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur um tveggja ára skeið starfrækt ýmis fiskiðnaðarnámskeið samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. Gert var ráð fyrir, að þessi námskeið gætu, ef til vill, myndað grundvöll að væntanlegum fiskiðnskóla. Í þessu sambandi hefur verið aflað ýmissa upplýsinga um rekstur skóla fyrir fiskiðnaðinn í öðrum löndum, og farnar hafa verið kynnisferðir til tveggja skóla.

Skólar þeir, sem heimsóttir hafa verið, eru eftirtaldar stofnanir: College of Fisheries, St. John's, Nýfundnalandi og Statens fagskole for fiskeindustri, Vardö, Noregi.

Á þeim upplýsingum, sem þarna fengust, ásamt tillögum og áliti fiskiðnskólanefndar, svo og á reynslu þeirri, sem fengizt hefur af fiskiðnaðarnámskeiðunum, eru eftirfarandi tillögur um starfstilhögun fiskiðnskóla á Íslandi byggðar. Höfð er einnig hliðsjón af námsáætlunum Norðmanna, sem sagt hefur verið frá hér að framan.

A. Megintillaga.

1. Skólinn skal vera sjálfstæð stofnun, þar sem veitt sé fræðsla í fiskiðngreinum.
2. Gagnfræðapróf eða hliðstæð menntun skal vera skilyrði fyrir inngöngu í skólann.
3. Skólanámið skiptist í 5 áfanga:
   a. Bóklegt nám við skólann, 4 **mánuðir**, 1/9—31/12.
   b. Verkleg þjálfun í starfandi fiskiðjuveri undir eftirliti skólans, 12 **mánuðir**, 1/1—31/12.
   c. Bóklegt nám við skólann, 6 **mánuðir**, 1/1—30/6.
   d. Verkleg þjálfun (sbr. 2), 12 **mánuðir**, 1/8—31/7.
   e. Bóklegt nám við skólann, 10 **mánuðir**, 1/9—30/6.
4. Ákveðins námsárangurs sé krafizt eftir 1., 3. og 5. áfanga til að flytjast milli áfanga eða ljúka námi.
5. Útskrifa má nemendur eftir 3. áfanga með bóklega menntun hliðstæða iðnskólamenntun.
6. Eftir 5. áfanga útskrifast **fiskiðnfræðingar.**
7. Ef æskilegt þykir, skal gefinn kostur á 10 mánaða viðbótarnámi fyrir fiskiðnfræðinga, og útskrifast þá fisktæknifræðingar eða sérhæfðir aðstoðarmenn við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins. Viðbótarnámi þessu skal þannig hagað, að frekara nám sé gert mögulegt við hærri menntastofnanir, sé þess kostur.

B. Námstilhögun.

1. Skipting bóklegu fræðslunnar.

	Kennslustundir alls		
Námsgrein	1. áfangi 15 vikur	3. áfangi 23 vikur	5. áfangi 38 vikur
Efnafræði og næringarefnafræði	90	138	114
Gerlafræði og hreinlæti	75	92	114
Stærðfræði	90	115	76
Eðlisfræði	75	69	76
Lífefnafræði			114
Vélfræði og teikning	75	138	152
Fiskvinnslufræði	75	69	
Fiskifræði og líffræði	30	69	
Markaðsmál	15	23	
Íslenzkar bréfaskriftir	15		
Bókfærsla		46	
Vinnuhagræðing			190

Námsgrein	Kennslustundir alls 1. áfangi 15 vikur	3. áfangi 23 vikur	5. áfangi 38 vikur
Framleiðslufræði og verkstjórn			190
Atvinnulöggjöf o. fl.	15	46	
Rannsóknastofustörf			342
Leikfimi og sund	30	46	76
Alls	570	874	1444

Kennslustundir samanlagt í 1., 3. og 5. áfanga 2888 stundir.

2. Verkleg þjálfun.

Gert er ráð fyrir, að öll verkleg þjálfun fari fram í starfandi fiskiðjuveri og um borð í fiskveiðiskipum. Skólinn sjái um, að nemendur fái alhliða þjálfun, og skólinn hafi einnig eftirlit með framförum nemenda við verklega námið. Auk þess sem nemendur læri flest verktæknileg atriði í sambandi við meðferð og verkun á fiski, þá skulu þeir einnig fá æfingu í fiskmati og eftirliti með framleiðslu fiskafurða í síðari verklega áfanganum. Einnig skulu vinnurannsóknir kynntar á því tímabili.

3. Skýringar á námsfyrirkomulaginu.

Tillaga sú, sem hér hefur verið sett fram, gerir ráð fyrir því, að námið taki alls þrjú ár og 9 mánuði. Nemendur ættu því venjulega að útskrifast á því ári, sem þeir verða 21 árs gamlir. Bóklega fræðslu hafa þeir þá fengið í um 2900 stundir og tveimur árum hefur verið varið í verklegt nám undir eftirliti skólans. Gera má ráð fyrir, að eftir þetta nám hafi þeir fengið gott veganesti til að hefja störf í hinum ýmsu verkgreinum, sem tengdar eru sjávarútvegi. Þeir ættu þá að geta með þekkingu sinni og reynslu gert sitt til að tryggja, að vinnsla sjávarafla haldist arðbær og framleiðslan haldist samkeppnisfær á erlendum markaði.

Námstillagan gerir ráð fyrir, að ljúka megi námi við skólann eftir 3. áfanga. Þekking sú, sem þá er fengin, getur komið að góðum notum, því að hugsanlegt er, að með viðbættri meiri verklegri þjálfun geti fengizt réttindi iðnaðarmanna.

Nám í 1. áfanga er hugsað, að taki aðeins fjóra mánuði. Fyrir eru í fiskiðnaðinum margir menn, sem treysta sér ekki í lengra nám. Fyrir þessa menn gæti 1. áfangi verið aðgengilegur og komið að notum.

Tiltölulega strangar námskröfur verður að gera til þeirra, sem flytjast milli áfanga, sérstaklega eftir 3. áfanga, svo að tryggt verði, að þeir, sem halda þá áfram námi við skólann, hafi nægilega námshæfileika til að ganga undir lokapróf.

Á þessu stigi málsins verður ekki fjölyrt um frekara framhaldsnám, en æskilegt er þegar í upphafi að hafa slíkt nám í huga, sérstaklega í sambandi við þær hugmyndir, sem nú eru uppi í Noregi um sérstakt háskólanám í fræðum, sem tilheyra fiskveiðum, fiskiðnaði og viðskiptum og sagt hefur verið frá hér að framan.

C. Samanburður við fiskiðnfræðsluna í Vardö og St. John's.

Skólinn í Vardö rekur tvenns konar námskeið í fiskverkun. Annað þeirra tekur 10 mánuði en hitt fjóra mánuði. 10 mánaða námskeið er haldið í framleiðslu lýsis og mjöls, en fjórða námskeiðið er 6 mánaða námskeið fyrir verkstjóra. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Hér verður á eftir sýnt yfirlit yfir skiptingu námsefnis á 10 mánaða fiskverkunarnámskeiðinu og 6 mánaða verkstjóranámskeiðinu. Ef litið er á þessi námskeið sem samfellt nám í tveimur áföngum við skólann, sést að bóklegt nám (+ leikfimi) tekur alls um 1400 kennslustundir, en verklega námið

um 900 klukkustundir. Bóklega námið tekur því álíka langan tíma og tillagan gerir ráð fyrir, að bóklegt nám í 1. og 3. áfanga samanlagt taki. Námsskiptingin yrði hvað mest frábrugðin í því, að meiri áherzla yrði hér lögð á efnafræði, gerlafræði og hreinlæti, svo og á vélfræði og teikningu. Aftur á móti yrði hér færri tímum varið til móðurmálskennslu, en vinnuhagræðing, framleiðslufræði og verkstjórn ekki kennd fyrr en í 5. áfanga.

Norðmenn hafa í huga að samræma 10 mánaða fiskverkunarnámskeiðin og 6 mánaða verkstjóranámskeiðin við námið, sem fer fram í Matvælaiðnfræðingaskólanum í Tunga, Þrándheimi. Áformaðar eru síðan leiðir frá skólanum í Tunga, gegnum tækniskóla, alla leið til háskólanáms. Rétt er að skýra hér aftur frá því, að eins árs fiskiðnaðarnám er nú hægt að taka við Hadsel-iðnskólann á Melbu, en það mun fara fram líkt og námið í Vardö á 10 mánaða námskeiðunum. Einnig hafa komið upp raddir í Noregi um, að menntaskólar hefðu fiskiðnaðardeildir.

Statens fagskole for fiskeriindustri, Vardö.

Skipting kennslunnar, stundir alls.

10 mánaða námskeið í fiskverkun.

Bóklegt nám:	Stundir:
Norska	114
Reikningur	152
Efnafræði	70
Eðlisfræði	70
Fiskifræði	54
Skipaafgreiðsla	10
Atvinnulöggjöf	15
Kælitækni	30
Gerlafræði	16
Markaðsmál	20
Fiskvinnsla	100
	651
Verklegt nám:	
Móttaka og ferskfiskmat	140
Framleiðsla frystra fiskafurða	350
Framleiðsla saltfisks, skreiðar og reykts fisks	300
Lýsisbræðsla	50
	840
Leikfimi	105
Alls:	1596

6 mánaða námskeið í verkstjórn.

Bóklegt nám:	
Norska	40
Reikningur	80
Efnafræði/Eðlisfræði	40
Verkstjórn	60
Framleiðslufræði	120
Hagræðing	60
Teikning	30

Bóklegt nám:	Stundir:
Kælitækni	40
Gerlafræði	20
Fiskvinnsla	70
	590
Verklegt nám	70
	70
Leikfimi	60
Alls:	720

College of Fisheries, Navigation, Marine Engineering and Electronics, St. John's, Nýfundnalandi, rekur sérstaka deild í tæknifræði (technology), sem útskrifar nemendur (með „diploma") í matvælatæknifræði (fisktæknifræði) eftir þriggja ára nám við skólann. Inntökuskilyrði er „grade XI" eða jafngilt nám, en þetta munu vera námskröfur, sem eru heldur meiri en hægt er að gera til nemenda eftir venjulegt gagnfræðanám. Námið er aðallega bóklegt, en skólinn er vel búinn venjulegum fiskvinnslutækjum og fer nokkur kennsla fram í meðferð þeirra og einnig í fiskverkun.

Skipting námsefnis er sýnd hér á eftir. Kennslustundafjöldinn er alls 3486 stundir, eða 580 stundum fleiri en gert er ráð fyrir í framangreindum tillögum í 1., 3. og 5. áfanga fiskiðnskólans samanlagt. Þessi mismunur samsvarar um 15 vikna viðbótarnámi, hvað kennslustundum viðkemur. Þar sem skólinn í St. John's gerir meiri kröfur um inntökuskilyrði en gagnfræðapróf, þyrfti áreiðanlega meiri viðbótarnámstíma hér til að ná líkum námsárangri og næst í St. John's. Sennileg ágizkun er, að eftir 10 mánaða viðbótarnám að loknum 5. áfanga hefðu nemendur fengið sambærilega menntun og fisktæknifræðingar frá St. John's hafa.

College of Fisheries St. John's.

Skipting kennslunnar, stundir á viku.

Námsgrein: Annir:	1.	2.	3.	1.	2.	3.	1.	2.	3.	Tímar alls
Enska	3	3	2	2	2					156
Eðlisfræði	7	5	5	6						276
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5				360
Teikning	2	2	2							72
Efnafræði, ólífræn	6	6	6							216
Efnafræði, lífræn		6	5	5						204
Líffræði	6									72
Fiskifræði		5	4							108
Lífefnafræði				6						72
Vélfræði				3	3	3	3			144
Rafmagnsfræði				3	3					72
Matvælaefnafræði					6	6				144
Matvælaefnagreining					6	6				144
Fiskvinnsla					6	6	6	6		288
Gerlafræði						6	3			108
„Unit operation"							6			72
Fiskmat							6			72
Sjálfvirkni							3	6		108
Kælitækni								6		72

Námsgrein: Annir:	1.	2.	3.	1.	2.	3.	1.	2.	3.	Tímar alls
Fiskveiðitækni								3		36
Stjórnun								3	2	60
Verkefni								3	3	72
Verksmiðjutækni									6	72
Verksmiðjurekstur og þrif									6	72
Matvælalöggjöf									3	36
Valgrein									3	36
Leikfimi	2	2	2	2	2	2	2	2	2	216
Dæmatímar							3	3	3	108

Stundir alls: 3468

Skóli eins og sá, sem hér hefur verið gerð tillaga um, leggur aðaláherzluna á tæknifögin. Gera má ráð fyrir, að í þeim fögum verði útskrifaðir nemendur ekki verr að sér en stúdentar frá menntaskólunum (þó ekki í stærðfræði stærðfræðideildar). Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir neinni fræðslu í fögum eins og málum, sögu og jarðfræði. Til mála gæti komið, til að minnka þetta ósamræmi, að gera einhverjar kröfur um málakunnáttu nemenda, sem þeir gætu aflað sér utan skólans á þeim tveimur árum, sem þeir stunduðu verklegt nám. Þeir gætu gert það t. d. með námi í kvöldskólum eða með heimanámi með aðstoð „linguaphone" kennslugagna, sem skólinn útvegaði.

E. Rekstur skólans.

Tillagan gerir ráð fyrir þremur bóklegum áföngum. 1. áfangi er frá 1/9—31/12, en eftir áramót koma nemendur 2. áfanga og eru við nám í skólanum til 30/6. Nemendur í 5. áfanga stunda nám við skólann frá 1/9—30/6 næsta árs. Samtímis í skólanum verða því aðeins nemendur tveggja áfanga, þ. e. a. s. 1. og 5. áfanga og 3. og 5. áfanga. Gert er ráð fyrir, að hver nemandi sæki 38 kennslustundir á hverri viku. Samkvæmt því verður samtals kennt í 76 kennslustundir hverja viku. Tveir kennarar auk skólastjóra skólans ættu að geta annað þessari kennslu, en einhver stundakennsla verður auk þess að fara fram. Skipting kennslunnar gæti verið þannig:

1. Gerlafræði og hreinlæti, fiskifræði, líffræði, lífefnafræði og rannsóknastofustörf eru alls 23 stundir á viku. Gerlafræðingur, líffræðingur eða maður með hliðstæða menntun gæti einn annazt þessar námsgreinar.
2. Stærðfræði, eðlisfræði, vélfræði og teikning eru alls um 24 stundir á viku. Vélaverkfræðingur eða véltæknifræðingur gæti einn annazt þessar námsgreinar.
3. Efnafræði og fiskvinnslufræði eru um 13 klukkustundir á viku. Efnafræðingur eða efnaverkfræðingur gæti annazt þessar námsgreinar og jafnframt veitt skólanum forstöðu.
4. Framleiðslufræði og verkstjórn, vinnuhagræðing, atvinnulöggjöf, markaðsmál, íslenzkar bréfaskriftir, bókfærsla og leikfimi eru alls um 16 stundir á viku. Stundakennarar yrðu að veita fræðslu í þessum greinum.

Þessi áætlun um kennaraþörf skólans er gerð með tilliti til skólarekstursins, þegar veita þarf öllum þremur áföngunum bóklega fræðslu á ári hverju, en það verður ekki fyrr en að þremur árum liðnum frá því, að fyrstu nemendurnir koma í skólann. Engu að síður er þörf á að ráða þessa kennara strax frá upphafi, bæði vegna þess að afla verður kennslugagna, semja eða þýða verður flestar kennslubækur og enn fremur er full ástæða til að halda áfram þeim fiskiðnaðarnámskeiðum, sem haldin hafa verið á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Kennararnir,

sem ráðnir yrðu, gætu kennt á slíkum námskeiðum og fengið um leið góða undirbúningsreynslu.

Nauðsynlegt mun verða að hafa eftirlit með verklegu þjálfuninni. Þyrfti því að ráða einn kennara til viðbótar, sem vanur væri fiskvinnslu, eftirliti og fiskmati. Þessi kennari þarf að skipuleggja verklega námið, í samráði við skólastjóra, og fylgjast síðan vel með verklegri þjálfun nemendanna og leiðbeina þeim eftir atvikum.

Til samanburðar er hér skýrt frá kennarafjöldanum við skólana í Vardö og St. John's.

Í Vardö eru starfandi:
Einn rektor (cand. real.).
Tveir kennarar í bóklegum fögum (verkfræðingur og tæknifræðingur).
Fjórir kennarar í verklegum fögum.
Einn aðstoðarkennari.

Auk kennaranna starfa við skólann einn vélstjóri, einn húsvörður, þrír starfsmenn á skrifstofu, ein ráðskona og 3—5 starfsmenn við fiskvinnslu o. fl.

Í St. John's kenna við fisktæknifræðideildina 6 kennarar auk deildarstjóra.

Nemendafjöldi beggja skólanna er um 40—60 nemendur á ári.

F. Húsnæði skólans.

Tillagan gerir ekki ráð fyrir, að skólinn þurfi mikið húsnæði fyrst í stað. Skólinn getur byrjað í tiltölulega litlu húsnæði, en eftir þrjú ár frá upphafi skólastarfseminnar þarf skólinn að ráða yfir meira húsnæði.

Til glöggvunar er sýnt hér á eftir yfirlit yfir allt húsnæði skólans í Vardö, sem ætlað er fyrir bæði bóklega og verklega fræðslu. Hvað kennslustofum og rannsóknastofum viðkemur, má sjá, að þar eru 5 kennslustofur, alls 230 m², og tvær rannsóknastofur, alls 90 m², auk bókasafns, kennarastofu og skrifstofu, en það húsnæði er alls 168 m². Samanlagt er þetta húsnæði tæplega 500 m². Þessar upplýsingar er hægt að hafa til viðmiðunar að einhverju leyti, en tæplega mun vera þörf á svo miklu húsnæði fyrstu þrjú árin. Mögulegt er að byrja skólastarfsemina með einni góðri kennslustofu ásamt 30—40 m² rannsóknastofum fyrir eðlisfræði, efnafræði og gerlafræði. Kennarar þurfa þar að auki að hafa sínar skrifstofur. Rannsóknastofurnar þurfa að vera vel búnar tækjum og efnum, og nauðsynlegt er, að skólinn notfæri sér strax nýjustu tækni við alla kennslu, svo sem notkun myndvarpa, kvikmynda o. s. frv.

Húsnæði fiskiðnskólans í Vardö.

5 kennslustofur	230 m²
Tvær rannsóknastofur	90 —
Bókasafn	20 —
Kennarastofa	24 —
Skrifstofuhúsnæði	124 —
	488 m²
Fiskmóttökuhús og saltfiskvinnsla	1350 m²
Fiskflökun, snyrting og pökkun	600 —
Reykhús	170 —
Skreiðarhús og saltfiskþurrkhús	500 —
Lýsisbræðsla	500 —
	3120 m²

Heimavist fyrir um 45 nemendur.

G. Kostnaður við rekstur skólans.

Eins og að framan greinir, er gert ráð fyrir, að þrír fastráðnir kennarar starfi við skólann auk skólastjóra. Annað starfslið yrði einn ritari, en aðkeypt yrði nokkur stundakennsla.

Áætluð laun	kr. 1 900 000	á ári
Önnur rekstrargjöld	— 1 100 000	- —
Alls	kr. 3 000 000	á ári

Húsaleiga er ekki meðtalin í áætluninni, því að á þessu stigi málsins er erfitt að áætla, hver hún gæti orðið. Stofnkostnaður er heldur ekki áætlaður, en hafa skal í huga, að búnaður og tæki fyrir rannsóknastofurnar eru dýr, aldrei minna en 1.5 milljónir króna.

Enn skal hér gerður samanburður við Fiskiðnskólann í Vardö. Á árinu 1969 voru rekstrargjöld og fjárfestingarkostnaður alls norskar krónur 1 285 000 eða íslenzkar krónur 15.8 milljónir.

Kostnaður skiptist þannig:

Laun	710 000 n.kr.
Önnur rekstrargjöld	285 000 —
Viðhald	50 000 —
Stofnkostnaður	240 000 —
Alls	1 285 000 n.kr.

Í rekstrargjöldum er innifalið uppihald nemenda í heimavist skólans, alls 135 000 norskar krónur.

Skólinn hefur að mestu leyti verið byggður upp frá stríðslokum, og hefur alls 7 milljónum norskra króna verið varið til fjárfestingar og þar af 1.3 milljónum til kaupa á nýjum tækjum síðustu 6 árin. Athygli er hér vakin á þessu til að sýna, að skóli, sem rekur verklega fræðslu, er dýr stofnun í uppbyggingu.

Eins og skýrt hefur verið frá, rekur skólinn í Vardö heimavist. Nemendur greiða ekki gjöld fyrir fæði og húsnæði, og ekki greiða þeir heldur skólagjöld. Íslenzkir nemendur, sem þarna hafa verið, hafa einnig notið góðs af þessu fyrirkomulagi. Að sjálfsögðu væri æskilegt að geta boðið nemendum lík kjör við fiskiðnskóla hér á landi, en sennilega fengist slíkt ekki samþykkt vegna kostnaðar, og heldur eru víst engin fordæmi fyrir slíku. Aftur á móti mætti eitthvað styrkja þá nemendur, sem þess þyrftu, og ferðakostnað ætti að greiða, þegar nemendur þyrftu að ferðast milli fiskiðjuvera vegna verklegu þjálfunarinnar.

H. Yfirstjórn skólans.

Eðlilegt er, að við skólann verði skólanefnd eins og við flesta aðra skóla hér á landi, og hún hafi sama verksvið og þær. Aftur á móti er óæskilegt, að nefndin verði svo fjölmenn sem fiskiðnskólanefndin lagði til. 8 menn í skólanefnd starfa ólíklega á þann hátt, sem skólanefndir eiga að gera. Venjulega eru aðeins 3—5 menn hafðir í þessum nefndum.

Hér er lagt til, að í skólanefndinni verði þrír menn. Ráðherra skipi formann hennar án tilnefningar, en hinir tveir verði tilnefndir af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskimálaráði. Á Fiskimálaráð er bent, því að þar eru fulltrúar flestra þeirra aðila, sem fiskiðnskólanefndin lagði til, að tilnefndu menn í skólanefnd.

J. Lokaorð.

Hér að framan hefur höfundur álitsgerðarinnar sett fram sínar eigin tillögur um fiskiðnskóla. Eins og fram hefur komið, byggir hann þær á ýmsum upplýsingum um rekstur fiskiðnskóla erlendis og reynslu þeirri, sem fiskiðnaðarnámskeiðin hafa gefið. Leitazt hefur verið við að gera tillögur um skóla, sem gæfi góða undirstöðufræðslu ásamt svo mikilli verklegri þjálfun, að nemendur, sem útskrifast, geti tekið að sér ábyrgðarstöður í fiskiðnaðinum eða við aðra starfsemi, sem rekin er í sambandi við hann. Einnig er hugleiddur sá möguleiki, að nemendur geti bætt við sig námi við æðri menntastofnanir. Hafa skal þó í huga, að æðri menntun fyrir fiskiðnaðinn kemur fyrst að fullum notum, þegar sem flest starfsfólk í iðnaðinum hefur hlotið nægilega fræðslu. Fiskiðnskóli eins og sá, sem hér hefur verið gerð tillaga um, ætti að geta veitt þessa fræðslu. Ekki má þó vænta neinna kraftaverka eða skjóts árangurs í þessu sambandi. Uppfræðslan verður að taka sinn tíma, en því fyrr, sem farið er af stað, því betra.

Tillagan felur í sér, að hægt sé að hefja skólastarfsemina með tiltölulega litlum kostnaði og án mikils fyrirvara. Ef hæfir kennarar fást, þarf aðeins að finna hentugt húsnæði fyrir skólastarfsemina. Fer það þá eftir ákvörðun stjórnvalda, hvenær skólinn getur byrjað.

Hér að framan hefur verið bent á nokkuð einfalda leið til að stofna og reka fiskiðnskóla á Íslandi. Eins og fram hefur komið, er að miklu leyti stuðzt við reynslu og áætlanir Norðmanna um þessi mál. Þar sem aukin norræn samvinna er einnig möguleg í þessu sambandi, hlýtur að teljast réttlætanlegt að taka mikið tillit til áforma Norðmanna og fiskiðnskólareksturs þeirra. Áætlanir þeirra eru þess eðlis, að gert er ráð fyrir óslitnu námi allt frá loknu skyldunámi og til sérfræðináms við æðri menntastofnanir. Þarna getur verið um marga möguleika að ræða, og er án nokkurs vafa sjálfsagt að fylgjast vel með því, hvernig áætlanir Norðmanna reynast í framkvæmd. Hér á landi verðum við að byrja á réttri undirstöðu og byggja síðan upp fræðsluna stig af stigi. Meðan við höfum ekki möguleika á öllum þessum stigum, væri ekki nema eðlilegt að leita til Norðmanna á meðan, en vitað er, að Íslendingar fá greiðan aðgang að flestum menntastofnunum þeirra. Námið þarf því að skipuleggja hér í samræmi við það nám, sem hægt er að bæta við á seinni stigum, þ. e. a. s. námsefnið þarf að vera líkt hjá þessum tveimur þjóðum á umræddu sviði. Með þetta í huga hefur hér að framan verið lagt til, að væntanlegur íslenzkur fiskiðnskóli verði sniðinn að miklu leyti eftir fyrirmyndum frá Noregi.

Jafnframt er hér að lokum ráðlagt, að Íslendingar ættu að nota meira þá möguleika, sem þegar eru fyrir hendi til framhaldsmenntunar í Noregi fyrir iðnfræðinga og tæknifræðinga, sem starfa vilja við fiskiðnaðinn. Einnig ættu þeir að fylgjast vel með framkvæmd þeirra áforma, sem skýrt hefur verið frá um sérfræðinám í sambandi við sjávarútveginn, og eflaust verða einhverjir til þess að leita til Noregs í þessu sambandi og koma síðan heim aftur með þekkingu, sem verða mun að liði til að efla íslenzkan sjávarútveg.

Fylgiskjal II.

Upplýsingar um hugmyndir kjörsviðanefndar vegna frumvarps til laga um fiskvinnsluskóla, svo og vegna lagasetningar um stýrimannaskóla, hótel- og veitingaþjónaskóla, bændaskóla o. fl.

Hinn 25. marz 1970 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd, sem vinna skyldi að framhaldsathugun og endurskoðun námsefnis með hliðsjón af tillögum námsbrautanefndar og gera tillögur til ráðuneytisins um námsefni og fjölgun kjörsviða í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla. Formaður nefndarinnar er Bjarni Kristjánsson, skólastjóri Tækniskóla Íslands. Aðrir nefndarmenn eru:

Ólafur E. Stefánsson, ráðunautur;
Þór Sandholt, skólastjóri;
Hjalti Einarsson, efnaverkfræðingur;
Jón H. Guðmundsson, skólastjóri;
Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri;
Jóhann S. Hannesson, fyrrv. skólameistari (Jóhann tók sæti Kristjáns J. Gunnarssonar, skólastjóra, er varð að hætta við starfið í nefndinni, er það var enn skammt á veg komið).

Áætlað er, að nefndin skili endanlegum tillögum sínum 15. marz 1971.

Eftirfarandi eru atriði, sem víst má telja, að verði í tillögum nefndarinnar:

1. Nýtt kjörsvið — **matvælakjörsvið** — verði stofnað haustið 1971 við gagnfræðaskólana, eftir því sem aðstæður leyfa.

   Inntökuskilyrði verði gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla.

   Námstími verði eitt skólaár.

   Tiltekinn námsárangur á þessu kjörsviði stytti nám við eftirtalda skóla um eitt ár eða veiti a. m. k. forgangsrétt til inngöngu í þá umfram aðra umsækjendur með jafnlangt skólanám að baki:

   húsmæðrakennaraskóli,
   garðyrkjuskóli,
   hótel- og veitingaskóli,
   fiskvinnsluskóli,
   bændaskólar.

   Nám á matvælakjörsviði verði gagnlegur undirbúningur almennra starfa í sambandi við:

   fiskvinnslustöðvar,
   matvöruverzlanir,
   mjólkurbú,
   sláturhús,
   sælgætisgerðir,
   veitingastaði,
   niðursuðuverksmiðjur
   og e. t. v. rannsóknastofnanir.

2. Annað nýtt eins árs kjörsvið — **sjómennskukjörsvið** — verði stofnað haustið 1971 við gagnfræðaskóla í útgerðarbæjum, eftir því sem henta þykir.

   Tiltekinn námsárangur á þessu kjörsviði veiti sömu réttindi við stýrimannaskóla og áður er lýst í sambandi við matvælakjörsvið og viðtökuskóla þeirra nemenda, sem þaðan koma.

   Þetta nám verði mjög gagnlegt fyrir störf á fiskiskipum og veiti e. t. v. takmörkuð skipstjórnarréttindi.

3. Vænta má tillagna um miklar breytingar á **verzlunarkjörsviði.**

Hugsanleg stundaskrá á matvælakjörsviði.

Vikustundir (45 mínútna).

Íslenzka	3	Alls 21 stund í **kjarna**
Danska	3	
Enska	3	
Samfélagsfræði	3	
Stærðfræði	3	
Hreinlætisfræði	2	
Myndið	2	
Leikfimi	2	
Eðlisfræði	2	Alls 13 stundir á **kjörsviði**
Efnafræði	4	
Líffræði	3	
Matvælafræði*)	4	
Val skóla	2- 3	Alls 2—3 stundir á **sjálfsvaldi skóla**
Samtals	36–37	36—37

Bjarni Kristjánsson.

Helztu heimildir:

1. Fiskiðnskólanefnd:
   Nefndarálit um fiskiðnskóla á Íslandi.
   Reykjavík, desember 1966.
2. Frumvarp til laga um fiskiðnskóla.
   1970 (91. löggjafarþing) — 11. mál.
3. Frumvarp til laga um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum.
   1970 (91. löggjafarþing) — 62. mál.
4. Frumvarp til laga um Fiskvinnslustofnun ríkisins.
   1970 (91. löggjafarþing) — 104. mál.
5. Frumvarp til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.
   (Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—1971).
6. Sigurður B. Haraldsson, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins:
   I. Skólar og námsáætlanir Norðmanna fyrir sjávarútveginn.
   II. Tillaga um fiskiðnskóla á Íslandi.
   Desember 1970.

*) Mismunandi áherzlur.

Ed. 517. Frumvarp til laga [261. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1967, um listamannalaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt allt að 12 listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd sjö manna, kosinni af sameinuðu Alþingi að afloknum alþingiskosningum. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi lögum um listamannalaun er ótakmarkaður fjöldi þeirra listamanna, sem heimilt er að skipa í heiðurslaunaflokk. Þykir fara betur á því og veita viðurkenningu þessari aukið gildi, að hámarksfjöldi þeirra, sem heiðurslauna njóta, sé ákveðinn í lögum. Í stað ákvæðisins um heimild til að skipa ótakmörkuðum fjölda listamanna í heiðurslaunaflokk, hefur fjöldi þeirra í þessu frv. verið miðaður við allt að 12 listamenn, en 11 njóta nú þessara launa í fjárlögum fyrir árið 1971.

Ed. 518. Frumvarp til laga [262. mál]

um breyting á lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr ríkissjóði, þ. á m. skal árlega í fjárlögum ætluð ákveðin fjárveiting til listaverkakaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands, er menningarsjóði gert að greiða Listasafni Íslands a. m. k. ⅙ af tekjum sínum til listaverkakaupa.

Menningarsjóður hefur nú engin bein afskipti af Listasafni Íslands og er í þessu sambandi einungis milliliður.

Jafnhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breyting á tekjustofnum menningarsjóðs, þar sem gert er ráð fyrir, að í stað hluta af núverandi tekjustofnum sjóðsins komi beint framlag í fjárlögum hverju sinni.

Af báðum þessum sökum verður að teljast eðlilegt að rjúfa fjármálatengsl menningarsjóðs og Listasafns Íslands.

Ed. 519. Frumvarp til laga [263. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Úr 2. gr. falli niður svo hljóðandi málsliður:

Þegar sett hafa verið lög um vísindasjóð og Listasafn ríkisins, skal leita umsagnar stjórna þessara stofnana um fjárframlög til þeirra, áður en fjárhagsáætlun menningarsjóðs er samin.

2. gr.

b. liður 3. gr. orðist svo:

b. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

3. gr.

a- og c-liðir 4. gr. falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 3. janúar 1968 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að athuga fjármál og fjárhagsgrundvöll menningarsjóðs. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Guðlaugur Þorvaldsson, prófessor, formaður, dr. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu, og Vilhjálmur Þ. Gíslason, formaður menntamálaráðs, tilnefndur af menntamálaráði. Vegna utanfarar Guðlaugs Þorvaldssonar, prófessors, tók Árni Vilhjálmsson, prófessor, sæti hans í nefndinni.

Nefndin skilaði skýrslu sinni á miðju ári 1968 og er frumvarp þetta byggt á tillögum þeim, er fram komu í skýrslunni.

Í skýrslu nefndarinnar segir m. a. svo:

„Á síðastliðnum 10 árum (1958—1967) hafa tekjur Menningarsjóðs breytzt sáralítið. Þær hafa hækkað úr 3.1 millj. kr. árið 1958 í 4.2 millj. kr. árið 1967. Á síðustu 4 árum hafa tekjurnar haldizt nær óbreyttar að krónutölu. Mældar í verðföstum krónum hafa tekjurnar lækkað verulega. Tekjurnar hafa ekki hækkað jafnt og þétt, heldur sveiflazt frá ári til árs, aðallega vegna óstöðugleika annars tekjustofnsins, tekna vegna áfengislagabrota. Á 10 ára tímabilinu urðu þessar tekjur lægstar 671 þús. kr. árið 1959, en hæstar 1 533 þús. kr. árið 1967. Lætur nærri, að hin síðustu ár hafi þessar tekjur skilað að meðaltali um ¼ hluta heildartekna, en miðagjaldið ¾ hlutum.

Nefndin álítur óeðlilegt, að starfsemi af því tagi, sem Menningarsjóður skal fást við, sé sniðinn stakkur með þeim hætti, sem verið hefur. Annars vegar finnst nefndinni aðfinnsluvert, að ráðstöfunarfé sjóðsins sé tengt gjaldstofnum, sem gefa af sér til lengdar tekjur, sem standa í engu rökrænu sambandi við þarfir þeirrar starfsemi, sem Menningarsjóði er ætlað að halda uppi. Hins vegar er arðgjöf annars tekjustofnsins háð sterkum óreglulegum sveiflum, sem að vísu þyrftu ekki að koma fram jafnóðum í gjöldum sjóðsins með truflandi áhrifum, ef byggður væri upp varasjóður, þegar vel áraði um áfengislagabrot.

.....

Samfara stöðnun peningatekna Menningarsjóðs hefur það gerzt, að óinnheimtar og þess vegna ófengnar tekjur Menningarsjóðs af áfengislagabrotum hafa aukizt hröðum skrefum. Hinn 30. júní 1967 námu þessar skuldir 3 millj. 668 þús. kr.

Menningarsjóður hefur að sjálfsögðu engin áhrif á innheimtuna, en tekur því, sem að honum er rétt.

Meðal reglulegra gjalda Menningarsjóðs eru framlög til Vísindasjóðs, 800 þús. kr. árlega, og til Listasafns ⅙ hluti tekna, eins og áður var getið. Menningarsjóður hefur vissulega engan atbeina af ráðstöfun þessara fjárhæða til styrkþega eða seljenda listaverka. Milliliðahlutverk Menningarsjóðs í þessum efnum virðist nú vera orðið gjörsamlega meiningarlaust.

Á grundvelli þess, sem að framan er getið, hefur nefndin orðið sammála um að leggja til eftirfarandi:

1) Létt verði af Menningarsjóði kvöð um framlög til Vísindasjóðs og Listasafns.
2) Af Menningarsjóði verði tekinn annar tekjustofn hans, tekjur af áfengislagabrotum. Skuli Menningarsjóður á árinu 1968 þó hljóta þær tekjur, sem innheimtar verða til ársloka vegna þess árs og fyrri ára.
3) Upp verði tekin árleg fjárveiting úr ríkissjóði til Menningarsjóðs á grundvelli framlagðra rökstuddra óska, í fyrsta sinn fyrir árið 1969.

.....

Nefndin sér ekki að svo stöddu ástæðu til að leggja til, að til sjóðsins hætti að streyma tekjur af miðagjaldi, enda yrðu þær tekjur ekki meðákvarðandi um ráðstöfunartekjur Menningarsjóðs, eftir að árlegar fjárveitingar hefðu verið teknar upp. Virðist eðlilegra, að endanleg ákvörðun um miðagjaldið verði látin bíða, þar til heildarákvörðun verður tekin um svonefnda markaða tekjustofna, en athugun á þeim stendur nú yfir á vegum fjármálaráðuneytisins.

Hér á eftir er að finna yfirlit um þá lækkun, sem orðið hefði á gjöldum og tekjum Menningarsjóðs árlega undanfarin 4 ár, ef þá hefði verið hafður á sá háttur, sem nefndin leggur til í 1) og 2), að upp verði tekinn:

	Þús. kr.			
	1964	1965	1966	1967
Lækkun **gjalda** v. afnáms kvaðar um greiðslur til Vísindasjóðs og Listasafns	1300	1300	1457	1489
Lækkun **tekna** vegna afnáms tekna vegna áfengislagabrota	1291	1078	1021	1533
Mismunur	9	222	436	÷44

Af yfirlitinu má ráða, að Menningarsjóður hefði á þessum árum haft til ráðstöfunar samtals 623 þús. kr. meira en hann raunverulega hafði.“

Til viðbótar framangreindum upplýsingum úr skýrslu nefndarinnar skal þess getið, að á árunum 1968—1970 voru tekjur Menningarsjóðs vegna áfengislagabrota og greiðslur til Vísindasjóðs og Listasafns Íslands þessar:

	Tekjur v. áfengislagabrota Þús. kr.	Gjöld v. Vísindasj. og Listasafns Þús. kr.
1968	1 834	1 700
1969	1 231	1 686
1970		1 510

Innheimta tekna Menningarsjóðs af áfengislagabrotum hefur þannig á þessum árum sem næst staðið í stað að krónutölu, en á sama tíma hafa óinnheimtar sektir aukizt úr 3 668 þús. á miðju ári 1967 í 8 915 þús. í árslok 1969 og því langt frá því, að Menningarsjóður hafi fengið allar þær tekjur, sem ætlazt var til.

Heildartekjur Menningarsjóðs á árunum 1968—1970 hafa verið þessar:

1968	5 439 þús.
1969	5 314 —
1970	4 265 —

Sú rýrnun á rauntekjum Menningarsjóðs, sem birtist í framangreindum tölum, hefur valdið örðugleikum og óvissu í starfsemi hans.

Sá er tilgangur þessa frumvarps, að tekjur þær, sem Menningarsjóður hefur haft vegna áfengislagabrota, skuli framvegis renna í ríkissjóð, en Menningarsjóði verði í stað þess ætlaðar fjárveitingar, sem væru byggðar á hlutlægu mati á viðfangsefnum hans.

Ed. 520. Frumvarp til laga [264. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður.

Tekjur sjóðsins eru:

A. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.
B. Fjárframlag frá Seðlabanka Íslands skv. 33. gr. laga nr. 10/1961.

A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð, er menningarsjóði gert að greiða honum 800 þús. kr. árlega.

Menningarsjóður hefur nú engin bein afskipti af vísindasjóði og er því í þessu sambandi einungis milliliður.

Síðan framangreind lög voru samþykkt, hefur það gerzt, að vísindasjóði hefur verið opnuð tekjulind með lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og eins hefur verið tekið upp beint framlag til sjóðsins í fjárlögum. Framlag menningarsjóðs hefur á síðustu árum verið einungis um 1/10 hluti af tekjum vísindasjóðs.

Jafnhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á tekjustofnum menningarsjóðs, þar sem gert er ráð fyrir, að beint framlag í fjárlögum hverju sinni komi í stað hluta af núverandi tekjustofnum hans.

Af þessum ástæðum verður að teljast eðlilegt að rjúfa fjármálatengsl menningarsjóðs og vísindasjóðs, enda verði fjárveiting til vísindasjóðs aukin sem því svarar, er menningarsjóður hefur til hans greitt.

Ed. **521. Frumvarp til laga** [265. mál]

um Íþróttakennaraskóla Íslands

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

I. KAFLI

Tilgangur, réttindi og deildaskipting.

1. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslustörf í íþróttum, líkams- og heilsufræði, sjúkrahjálp, umferðarreglum í skólum svo og kennslu í íþróttum og félagsstörfum hjá stofnunum og félögum samkvæmt því, sem mælt er fyrir í lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim.

2. gr.

Próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands veitir full réttindi til íþróttakennslu.

3. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands er tveggja ára skóli. Námstími hvort skólaár skal eigi vera skemmri en 8½ mánuður, að viðbættri íþróttakennslu í 70 kennslustundir yfir sumarmánuðina.

Eftir því sem fé er fyrir hendi, efnir skólinn til námskeiða fyrir íþróttakennara og leiðbeinendur.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

a) að nemandi sé óspilltur að siðferði,
b) að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana,
c) að nemandi neyti hvorki áfengis, tóbaks né fíknilyfja,
d) að nemandi sé eigi yngri en 18 ára á því ári, er hann hefur nám.

5. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólastjóra. Þeir einir geta hlotið skólavist, er lokið hafa:

1. a) framhaldsdeild gagnfræðaskóla (uppeldiskjörsvið) með ákveðinni lágmarkseinkunn,
   b) undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands,
   c) stúdentsprófi,
   d) almennu kennaraprófi.

   Heimilt er skólanum að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum.
2. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbættri íþróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.
3. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í íþróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar ungmenna- eða íþróttafélags þess, sem þeir eru félagar í.

6. gr.

Í Íþróttakennaraskóla Íslands skal kenna þessar námsgreinar:

Líffræðlisfræði, líffærafræði, uppeldis- og sálarfræði, heilsufræði, kennslufræði, kennsluæfingar, íþróttasögu, íþróttafræði, framsögn og fundastjórn, sjúkrahjálp, leikfimi, sund, dans, „rytmik“, knattleiki, barnaleiki, frjálsar íþróttir, glímu, skíða- og skautaíþróttir, leikreglur, bindindisfræði, vinnutækni, umferðarreglur, umsjón og eftirlit með íþróttatækjum og íþróttamannvirkjum.

Stefnt skal að því, að nemendur geti í samráði við skólastjóra kosið sér valgrein, sem þeir leggja sérstaka rækt við og öðlist meiri þekkingu í en almennt er tilskilið.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Námskeiðsnefnd ákveður námsefni námskeiða fyrir leiðbeinendur.

Nánar skal kveðið á um námsefni í reglugerð.

7. gr.

Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólastjóra er þó heimilt að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Ljúka má námi í einstökum greinum fyrra skólaár. Skulu einkunnir í þeim greinum skráðar á íþróttakennaraprófsskírteini.

Óski nemandi eftir að ganga undir sérstakt próf í valgrein sinni, skal orðið við því.

Við lokapróf skulu prófdómendur skipaðir af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum skólastjóra.

Próf skulu fara fram í lok hvers námskeiðs fyrir leiðbeinendur. Viðkomandi sérsamband skipar prófdómara við próf leiðbeinenda með samþykki skólastjóra.

Nánar skal kveðið á um próf í reglugerð.

III. KAFLI

Stjórn og starfsmenn skólans.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Skólaráð skal skipað föstum kennurum skólans og fulltrúa nemenda. Það skal vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur.

Skólastjóri stjórnar fundum skólaráðs og kveður það til fundar eftir þörfum.

Skólanefnd skal vera skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um málefni skólans. Hún skal þannig skipuð: Tveir tilnefndir af Íþróttasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands, hinn þriðji af stjórn Íþróttakennarafélags Íslands og hinn fjórði er íþróttafulltrúi ríkisins. Kjörtímabil nefndarinnar er 3 ár.

Ákveða skal nánar í reglugerð starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

9. gr.

Fastir starfsmenn skólans eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólans skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leitað umsagnar skólastjóra.

10. gr.

Skólinn skal vera svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, og annazt íþróttakennslu í öðrum opinberum skólum á Laugarvatni.

Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk í samráði við menntamálaráðuneytið.

11. gr.

Um laun kennara og vinnutíma fer eftir ákvæðum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn skólans ákveður kennsluskyldu skólastjóra. Námskeiðskennarar taka laun samkvæmt sömu reglum og gilda um stundakennslu. Þeir fá þóknun vegna ferða- og dvalarkostnaðar samkvæmt gildandi reglum um þóknun til starfsmanna, sem ferðast um landið á vegum ríkisstofnana.

12. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð. Má þá fækka kennslustundum kennara, svo og vegna mikillar undirbúningsvinnu.

13. gr.

Óski kennari, sem starfað hefur við skólann í 10 ár, eftir orlofi í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann senda yfirstjórn skólans beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Beiðni um orlof skal leggja fram með ársfyrirvara. Skal þess gætt, að orlof kennara torveldi ekki störf skólans.

Yfirstjórn skólans getur veitt kennurum ársorlof með fullum launum.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Skólinn skal vera að Laugarvatni, en ýmsa þætti í starfi skólans getur skólastjóri eða námskeiðsnefnd starfrækt á öðrum stöðum, eftir því sem þörf krefur og fjárhagur skólans leyfir.

15. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn IV. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1967, um menntun kennara, svo og önnur ákvæði í lögum, sem brjóta í bága við lög þessi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. janúar 1958 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða gildandi lagafyrirmæli um Íþróttakennaraskóla Íslands. Í nefndinni áttu sæti Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, formaður, Árni Guðmundsson, skólastjóri íþróttakennaraskólans, Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri Í.S.Í., samkvæmt tilnefningu stjórnar Í.S.Í., Skúli Þorsteinsson námsstjóri, skv. tilnefningu U.M.F.Í., og Þórir Þorgeirsson, íþróttakennari, skv. tilnefningu stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands.

Nefndin skilaði frumvarpi með bréfi, dagsettu 7. nóvember 1964.

Þorsteinn Einarsson og Árni Guðmundsson hafa nú endurskoðað frumvarpið og fylgdi því frá þeim svofelld greinargerð:

Um 1. gr.

„Til viðbótar því hlutverki, sem skólinn hefur gegnt samkvæmt lögum, er hér bætt inn því ákvæði, að skólinn búi nemendur undir að kenna líkams- og heilsufræði í skólum landsins. Íþróttakennarar eru vel undir þessa kennslu búnir, vegna náms þeirra í þessum greinum og öðrum skyldum. Þá hafa einnig heyrzt raddir um, að nauðsyn beri til að börnum og unglingum sé kennd sjúkrahjálp (hjálp í viðlögum). Íþróttakennarar fá all-mikla kennslu í þessari grein, sem auka mætti verulega, ekki sízt, verði sjúkrahjálp tekin upp sem námsgrein í íslenzkum skólum. Vegna strjálbýlis og aðstæðna, sem landið býður upp á er nokkur þekking í sjúkrahjálp afar nauðsynleg öllum þegnum þjóðfélagsins.

Í umferðarlögum nr. 40/1968 er gert ráð fyrir því að íþróttakennarar hljóti kennslu í umferðarreglum, svo að þeir geti síðar kennt þessa grein í skólum landsins. Í mörgum tilfellum er hægt að samræma þessa kennslu íþróttanámi barna og unglinga, og oft á íþróttakennarinn auðvelt með að koma við leiðbeiningum og beinni fræðslu um umferðarmál.

Þá er gert ráð fyrir því, að skólinn undirbúi kennaraefni, svo að þeir geti annazt íþróttakennslu og félagsstörf hjá ungmenna- og íþróttafélögum og stofnunum. Hér er átt við þau héraðssambönd og bæjarfélög, sem í stórauknum mæli leitast við að ráða til sín íþróttakennara, sem hafa með höndum stjórn æskulýðsmála héraðsins eða byggðarlagsins.

Um 2. gr.

Hér er sérstaklega tekið fram, að skólinn veiti full réttindi til íþróttakennslu í öllum skólum landsins.

Íþróttakennsla er skyldunámsgrein í íslenzkum skólum, en vegna sérstöðu námsgreinarinnar og sérkenna, er ákaflega mikið öryggi fyrir nemendur skólanna í því, að kennslan í greininni sé í höndum sérmenntaðra kennara.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er skólinn eins árs skóli og námstiminn 9 mánuðir.

Samkvæmt greininni er lagt til að skólinn verði gerður að tveggja ára skóla, og námstíminn eigi skemmri en 8½ mánuður hvort ár. Þá er gert ráð fyrir að á sumrinu milli hinna tveggja vetra starfi nemendur skólans við íþróttakennslu í 70 kennslustundir.

Nám íþróttakennara hefur tekið miklum breytingum seinustu áratugina. Námsefnið hefur verið stóraukið og byggist nú meir og meir á staðreyndum, sem rannsóknir hafa leitt í ljós, auk þess sem íþróttakennarinn þarf að búa yfir góðri líkamsfærni, er krefst þjálfunar yfir lengri tíma. Sífellt er óskað eftir meiri fjölbreytni í íþróttalífið og ber að stefna að því að hver einstaklingur geti fundið íþrótt við sitt hæfi. Auk þess eru gerðar auknar kröfur til þeirra, sem annast þjálfun keppnismanna í íþróttum. Þetta allt leiðir m. a. til þess að lengja verður nám íþróttakennara á Íslandi.

Eftirfarandi greinargerð sýnir inntökuskilyrði og námstíma íþróttakennara í nokkrum löndum:

Danmörk:	9 mán. að loknu stúdents- eða alm. kennaraprófi.
Noregur:	24 mán. að loknu alm. kennaraprófi eða stúdentsprófi.
Svíþjóð:	20 mán. að loknu alm. kennaraprófi eða stúdentsprófi.

Finnland: 18 mán. (— við Háskólann í Helsingfors, 3 háskólaár, 6 þriggja mán. háskólasemester —)+ 2 × ½ mán. námskeið að sumarlagi. Þeir áætla námstímann 21 mán.
England: Skipt á 3 ár um 20 mán. alls.
Vestur-Þýzkaland: Skipt á 3 ár um 24 mán. alls.
Frakkland: Skipt á 3 ár um 27 mán. alls.
Rússland: Skipt á 4 ár um 36 mán. alls.
Bandaríkin: Til þess að ná B.A. eða B.S. gráðu skiptist námið á 4 ár. Sá, sem ná vill M.A. eða M.S. gráðu, bætir við sig 1 árs námi.

Þá er gert ráð fyrir því að skólinn geti efnt til námskeiða fyrir starfandi íþróttakennara, þar sem endurmenntun fari fram og nýjungar í kennsluháttum verði kynntar. Einnig stuðli skólinn að menntun leiðbeinenda í íþróttum, þ. e. a. s. þeirra manna, er leggja stund á leiðbeinenda- og þjálfarastörf á vegum ungmenna- og íþróttafélaga.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast í raun og veru ekki skýringar. Þó þykir ef til vill rétt að benda á c) lið greinarinnar, þar sem tekið er fram, að nemandi neyti ekki áfengis, tóbaks né fíknilyfja.

Allt frá því, að Björn Jakobsson hóf að brautskrá íþróttakennara 1933 og til þessa dags hefur verið haldið fast við ákvæði þessa c) liðar án sérstakra vandkvæða, með þeim árangri, að íþróttakennarar eru yfirleitt mjög bindindissinnaðir menn. Enda er það í fullu samræmi við menntun þeirra. Fyrst ástæða þótti til að taka þetta ákvæði upp strax 1932 og halda fast við það 1943 og síðan, eftir að skólinn varð ríkisskóli, þykir enn meiri ástæða nú að breyta þar engu um, ekki sízt vegna þeirra upplýsinga, sem nú liggja fyrir um skaðsemi þeirra efna, sem um er að ræða, á líkama og sál mannsins. Því er nú lagt til, að þetta ákvæði verði lögfest.

Um 5. gr.

Hér er lagt til, að inntökuskilyrðum verði breytt frá því, sem er í gildandi lögum, enda hefur þróunin verið í þá átt. Miðskólapróf er ekki lengur nægilegt. Undanfarin ár hefur þeim nemendum skólans fjölgað stórlega, sem hafa haft meiri undirbúningsmenntun, þ. e. a. s. hafa áður verið í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands, menntaskóla eða hafa haft alm. kennarapróf.

Nú er lagt til að nemendur skólans hafi lokið prófi frá a) framhaldsdeildum gagnfræðaskóla með ákveðinni lágmarkseinkunn, b) að þeir hafi stundað nám í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands, c) að nemendur hafi stúdentsmenntun, d) eða alm. kennarapróf.

Þá er gert ráð fyrir að skólinn hafi heimild til þess að velja nemendur í skólann, sem hafa fyrrgreinda undirbúningsmenntun, eftir sérstakt hæfnipróf eða eftir öðrum matsaðferðum.

Á það skal bent, að verði frumvarp það um Kennaraháskóla Íslands, sem nú liggur fyrir Alþingi, að lögum óbreytt, leggst undirbúningsdeild sérnáms niður og hið alm. kennarapróf hverfur. Eigi að síður verður á næstu árum til fólk á skólaaldri, sem hefur þessa undirbúningsmenntun, en mun síðan hverfa. Óráðið er með framhaldsdeildirnar við gagnfræðaskólana eftir gildistöku frv. um grunnskóla. Þannig að innan tíðar má búast við að stúdentspróf verði gert að skilyrði fyrir inngöngu í Íþróttakennaraskóla Íslands. Með auknum fjölda stúdenta er það sjálfsagt rétt og eðlileg þróun. Ekki er úr vegi að hugsa sér að samkomulag verði milli Háskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands um það, að íþróttakennarapróf frá

Íþróttakennaraskóla Íslands verði metið til stiga, sem hluti af B.A.-prófi. Þá eru einnig hugsanleg einhver tengsl við Kennaraháskóla Íslands.

Það ákvæði í 2. lið greinarinnar, að nemandi þurfi að kenna 70 kennslustundir áður en hann hefur nám seinna árið, er hugsað sem reynslutími og æfing fyrir nemandann, sem kemur honum að góðu haldi í framhaldsnáminu. Þá má geta þess, að ekki sízt yfir sumartímann þarfnast íþróttahreyfingin kennara í ríkum mæli og ætti því að vera fengur að þessu fólki til starfa þótt það hefði aðeins lokið fyrrahluta námi.

Um rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur er tekið fram að þátttakendur skuli vera a. m. k. 18 ára gamlir. Reyslan hefur sýnt, að hæpið er að gera ráð fyrir, að yngri leiðbeinendur nái þeim tökum á kennslunni, sem skólinn gerir kröfu til. Stjórnir félaga þurfa að gefa þeim mönnum meðmæli, sem hugsa til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur. Það er gert til þess að valdir menn ráðist til leiðbeinendastarfa innan íþróttafélaganna, því að víst er að til starfsins þarf vel að vanda.

Um 6. gr.

Í núgildandi lögum er mjög ófullkomin upptalning á námsgreinum þeim, sem kenna skal við skólann.

Hins vegar eru í frumvarpi þessu taldar upp þær námsgreinar, sem lagt er til að kenndar verði við skólann. Sá varnagli er þó sleginn, að heimilt sé að fjölga eða fækka kennslugreinum með samþykki yfirstjórnar skólans, án þess að lagabreytingu þurfi til.

Námsefnið er mjög yfirgripsmikið og segir þessi upptalning ekki allt. Ekki væri rétt greint frá, ef sagt væri, að þær námsgreinar sem nú eru taldar upp og ekki er getið í gildandi lögum (IV. kafla laga um menntun kennara, 26. gr.) væru allt nýjar námsgreinar. Vegna kröfu tímans hefur skólinn leitazt við að fjölga námsgreinunum. Í sumum greinum hefur aðeins orðið að veita nemendum skólans stutt námskeið. En með lengingu skólans vinnst í þessum efnum það tvennt, að taka má upp kennslu í nýjum námsgreinum og stórauka kennslu í þeim greinum, sem þegar eru kenndar.

Athygli skal vakin á námsgreinunum: 1) vinnutækni, en þar er um að ræða fræðslu um rétta beitingu líkamans við hin ýmsu störf; 2) framsögn og fundarstjórn, því komið hefur í ljós, að íþróttakennaranum er oft falin umsjón með íþrótta- og æskulýðsfélögum, og þekking í þessum efnum reynzt nauðsynleg.

Enn fremur skal bent á, að með nýskipan þessara mála er gert ráð fyrir, að á seinna ári geti nemendur samhliða hinu alm. námi valið sér einhverja íþróttagrein, sem kennd er við skólann, og lagt við hana sérstaka rækt til þess að öðlast á henni meiri þekkingu. Kennarar skulu vera nemendum til aðstoðar við sérnámið, eftir því sem föng eru á. Reynslan hefur sýnt, að oft innritast nemendur í skólann, sem hafa sérstakan áhuga á ákveðinni grein íþrótta fram yfir aðrar. Rétt þykir því að skólinn komi til móts við þennan áhuga nemenda og aðstoði þá við að auka þekkingu sína á greininni. Búast má við að íþróttakennarar, sem numið hafa slíkar sérgreinar, verði mjög eftirsóttir starfsmenn, ekki sízt af íþróttafélögunum, sem búa við skort á vel hæfum þjálfurum.

Námsefni fyrir leiðbeinendur skal svo ákveðast í samráði við framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands og sérsambönd þess.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar, að öðru leyti en því, að lagt er til að lögfest verði sú starfsvenja skólans, þegar námsgrein hefur verið kennd í lotu, að þá megi ljúka prófi í greininni, þótt á miðjum starfstíma sé. Aðrir skólar hafa nú tekið þennan hátt upp og kalla tímabilin annir.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans. Í gildandi lögum segir, að þriggja manna skólanefnd hafi umsjón með skólanum.

Nú er tekið fram, að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn skólans. Þá er gert ráð fyrir skólaráði, en það verði skipað föstum kennurum skólans og fulltrúa úr hópi nemenda.

Skólaráðið verði skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um daglega stjórn skólans og rekstur hans. Rétt þykir að veita fulltrúa nemenda sæti í skólaráði, ekki sízt vegna þess að skólaráðið á að vera skólastjóra til ráðuneytis um innri málefni skólans og dagleg störf á skólatímanum.

Skólanefndin starfi áfram, og er starfstímabil hennar þrjú ár. Íþróttafulltrúi ríkisins verði hins vegar fastur maður í skólanefndinni.

Skólanefndin skal vera ráðgefandi fyrir skólastjóra um málefni skólans og tengiliður milli skólans og þeirra, sem hún fer með umboð fyrir.

Ekki mun koma að sök, þótt nefndarmenn séu 4, því að komi upp ágreiningur eða mál fellt með jöfnum atkvæðum getur skólastjóri skotið málinu til yfirstjórnar skólans, menntamálaráðuneytisins.

Í reglugerð skal síðan kveða nánar á um starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í núgildandi lögum er heimild til að ráða tvo fasta starfsmenn við skólann, þ. e. kennara og skólastjóra. Að auki hefur svo starfað við skólann frá 1. okt. 1969 kennari, er haft hefur hálfa kennsluskyldu við Íþróttakennaraskóla Íslands og hálfa við Menntaskólann. Stundakennarar og námskeiðskennarar hafa svo verið ráðnir sérstaklega.

Nú þykir ekki rétt að binda í lögum hve margir kennarar skuli starfa við skólann, heldur orða þetta þannig að eigi þurfi lagabreytingu, þótt bætt sé við kennara.

Það virðist hafa verið skoðun sumra, að ekki þyrfti svo marga kennara, þar sem skólinn væri tiltölulega fámennur. Á það hefur verið bent, að þar sem hér er um sérskóla — kennaraskóla í sérgrein — að ræða, sem veita þarf fjölþætta fræðslu innan sérgreinar, hljóti hann eins og aðrir hliðstæðir skólar að þurfa tiltölulega fjölmennt kennaralið, sem verður að vera sérhæft til kennslu í hinum ýmsu námsgreinum.

Nú hagar svo til, að á Laugarvatni eru þegar starfandi fimm skólar: 1) Barnaskóli Laugardalshrepps, 2) Húsmæðraskóli Suðurlands, 3) Héraðsskólinn á Laugarvatni, 4) Menntaskólinn á Laugarvatni og 5) Íþróttakennaraskóli Íslands.

Ýmiss konar aðstöðu hafa þessir skólar sameiginlega. Svo er t. d. um afnot af íþróttamannvirkjum. Þá eru það kennarar, sem kenna við a. m. k. tvo skóla á staðnum. Einnig má benda á samkvæmt nýlega samþ. lögum um menntaskóla, að miklar líkur eru á, að þeir skólar þurfi að ráða sér kennara í uppeldis- og sálarfræði. En uppeldis- og sálarfræði er námsgrein við Íþróttakennaraskóla Íslands og í húsmæðraskólum er uppeldisfræði einnig námsgrein. Ráða mætti því einn kennara að þessum þremur skólum. Svipað mætti taka fram um greinar t. d. líffræðisfræði. Með þessari samvinnu eru líkur fyrir að spara megi verulega kennaralaun við skólana á Laugarvatni. Eigi að síður má skólanum ekki verða of þröngur stakkur skorinn, hvað fastráðið kennaralið snertir, þar sem hinir fastráðnu kennarar eru kjölfesta skólahaldsins.

Nýtt er það í þessari grein, að lagt er til að Íþróttakennaraskóli Íslands annist alla íþróttakennslu við skólana á Laugarvatni. Þetta er gert til þess, að hægt sé að

velja sérmenntaða kennara í hinum ýmsu greinum íþróttanna til kennslu við Íþróttakennaraskóla Íslands og þá ætti jafnframt að vera kleift að veita nemendum hinna skólanna á Laugarvatni fjölbreytta íþróttakennslu. Með þessu fyrirkomulagi nýtast vafalaust starfskraftar kennaranna betur.

Þar sem tillögur þessar gera ráð fyrir stóraukinni starfsemi Íþróttakennaraskóla Íslands, verður ekki hjá því komizt að ráða starfsfólk að skólanum annað en kennara, — bent er á húsvörð, er hafi eftirlit með og annast viðhald á eignum skólans, sér um ræstingu o. þ. h. Sérstakur baðvörður hefur aldrei verið starfandi við íþróttahúsið og sundlaugina á Laugarvatni, þótt notkun þessara mannvirkja sé mjög mikil. Hér þarf úr að bæta og færa til betri vegar.

Við mötuneyti skólans þarf einnig starfsfólk.

Í lögum um menntaskóla er vikið að þessari þörf á starfsfólki, sem vantað hefur við marga skóla.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Hér er um hliðstætt ákvæði að ræða og er í lögum um menntaskólana.

Kennara við íþróttakennaraskóla er ekki síður nauðsynlegt að fylgjast með nýjungum í kennslugreinum sínum en kennara við önnur skólastig. Þess vegna er lagt til að tekin verði upp í lög skólans heimild fyrir yfirstjórn skólans að veita kennurum orlof til endurmenntunar.

Um 14. gr.

Sú breyting er hér gerð á fyrri ákvæðum, að nú er lagt til að lögfest verði sú venja skólans að starfrækja nokkra þætti í starfi hans utan Laugarvatns. Með bættum samgöngum verður þetta auðveldara. Skíðakennsla hefur farið fram við skíðaskála á Hellisheiði eða eins og nú nokkur undanfarin ár á Seljalandsdal í Skutulsfirði eða í Hlíðarfjalli við Akureyri. Hér hefur verið um að ræða 7—10 daga námskeið. Þá hafa verið farnar stuttar skoðunar- og kynnisferðir í skóla í Reykjavík.

Námskeið á vegum skólans fyrir íþróttakennara hafa verið haldin utan Laugarvatns og námskeið fyrir leiðbeinendur í íþróttum hafa farið fram víða um land. Að þessu eru mikil þægindi fyrir þátttakendur og getur verið hagkvæmt fyrir skólann.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt er að nokkur tími gefist til að undirbúa svo miklar breytingar á starfi skólans sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo að lagt er til að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. okt. 1972.“

Ed. **522. Frumvarp til laga** [266. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að $ 1.500 þús.

6. gr.

Heimilt er að ábyrgjast innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 80 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins til stækkunar verksmiðjunnar.

7. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	42.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	30.0
Landshafnir	6.0
Flugöryggismál	18.0
Rafmagnsveitur ríkisins	30.0
Lagarfossvirkjun	45.0
Sveitarafvæðing	15.0
Landsvirkjun, eiginfjáraukning	50.0
Vatnsorkurannsóknir	50.0
Jarðhitarannsóknir	15.0
Jarðboranir ríkisins	7.5
Jarðvarmaveitur ríkisins	9.2
Jarðhitaleit	10.0
Laxárvirkjun	108.0
Sjóefnarannsóknir	5.7
Rannsóknastofnun iðnaðarins	9.5

	Millj. kr.
Lögreglustöð í Reykjavík	12.0
Fjárvöntun frá 1970	3.9
Samtals	437.6

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971 voru birt drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1971 fyrir opinberar framkvæmdir í fylgiskjali I. Var þar gert ráð fyrir framkvæmdum og áætluðum eftirstöðvum fjárþarfar frá 1970 að fjárhæð samtals 371.4 millj. kr. að frátöldum hraðbrautaframkvæmdum. Hins vegar var fjáröflun ekki talin geta numið meira en 300.0 millj. kr., þannig að á áætluninni var 71.4 millj. kr. halli, sem ekki voru gerðar ráðstafanir til að eyða í meðferð fjárlagafrumvarps á þinginu. Í ljósi nýjustu upplýsinga um framkvæmdaþörf og mögulega lánsfjáröflun hefur áætlun þessi verið endurskoðuð af fjárlaga- og hagsýslustofnun, Efnahagsstofnuninni og Seðlabankanum, og er nú gert ráð fyrir hækkun framkvæmda um 66.2 millj. kr. og fjáröflunar um 137.6 millj. kr. Er þar með náð jöfnuði í áætluninni, og eru niðurstöðutölur 437.6 millj. kr. að frátöldum hraðbrautaframkvæmdum, sem fjármagnaðar eru með sérstakri erlendri lántöku.

Helztu breytingar á framkvæmdahlið frá áðurnefndum drögum eru þessar: Inn eru teknir sex nýir framkvæmdaliðir, sem nauðsynlegt er að sinna, þ. e. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi 30.0 millj. kr., flugöryggismál 18.0 millj. kr., Lagarfossvirkjun 45.0 millj. kr., rafvæðing í sveitum 15.0 millj. kr., Landsvirkjun 50.0 millj. kr. og til jarðhitaleitar 10.0 millj. kr. Þá hækkar kostnaður við framkvæmdir á vegum Jarðvarmaveitna ríkisins um 7.5 millj. kr. og við önnur verkefni um samtals 7.8 millj. kr. Á móti þessum hækkunum, er gert ráð fyrir, að í stað áður áætlaðrar fjáröflunar til stækkunar Áburðarverksmiðju ríkisins, 63.2 millj. kr., komi erlend lántaka, og framkvæmdakostnaður við landshafnir, Rafmagnsveitur ríkisins og Laxárvirkjun lækki um samtals 26.0 millj. kr. Loks hefur komið í ljós, að áður áætluð fjárvöntun frá 1970 lækkar um 27.9 millj. kr. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins er gerð nánari grein fyrir einstökum framkvæmdum.

Svo sem fyrr greinir hækkar áætluð fjáröflun um 137.6 millj. kr. frá fyrri áætlun, en sú áætlun var nokkurn veginn jafnhá og áætlun ársins 1970. Gert er ráð fyrir, að til ráðstöfunar af endurgreiðslu áður útgefinna spariskírteinalána verði 282.6 millj. kr., en það er 122.6 millj. kr. hækkun frá áætlun ársins 1970. Ný útgáfa spariskírteina er ráðgerð 75 millj. kr., eða óbreytt frá fyrra ári, og loks er áætluð nýting P.L. 480 lántöku 80 millj. kr., sem er 20 millj. kr. hækkun frá áætlun fyrra árs, og 15 millj. kr. hækkun frá drögum, er fylgdu fjárlagafrumvarpi ársins 1971.

Um 1. gr.

Leitað er heimildar til fjáröflunar með verðbréfaútgáfu á sama hátt og undanfarin ár, allt að 75 millj. kr., en það er sama fjárhæð og s. l. ár.

Um 2.—4. gr.

Í þessum greinum eru sömu ákvæði og jafnan hafa fylgt spariskírteinum ríkissjóðs að því er tekur til lánskjara og skattalegrar meðferðar.

Um 5. gr.

Á þessu stigi er lítið unnt að fullyrða um upphæð væntanlegs lánssamnings við Bandaríkjastjórn, svonefnds P.L. 480 vörukaupaláns, sem tekið hefur verið á undanförnum árum, þar sem samningar fara ekki fram fyrr en síðar á árinu. Hér

er gert ráð fyrir, að af þessu lánsfé nýtist 20 millj. kr. meira á árinu 1971 en 1970. Hins vegar verður verulegur hluti þessa fjár ekki til ráðstöfunar fyrr en á árinu 1972.

Um 6. gr.

Hér er farið fram á heimild til allt að 80 millj. kr. lántöku vegna stækkunar Áburðarverksmiðju ríkisins. Standa vonir til, að unnt verði að fá erlent lán í þessu skyni. Af öryggisástæðum er væntanleg lánsheimild höfð nokkru hærri en nýjasta kostnaðaráætlun gefur til kynna, en samkvæmt henni er fjárvöntun 63.2 millj. kr.

Um 7. gr.

Reykjanesbraut. Fjárþörf vegna Reykjanesbrautar stafar eingöngu af lánsfjárkvöðum, sem á framkvæmdinni hvíla. Greiðsla afborgana og vaxta með áorðnum og áætluðum verðlagsuppbótum nemur samtals 42.8 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að á **næstu árum yfirtaki Vegasjóður smám saman þessar kvaðir í samræmi við áætlun** um greiðsluafkomu sjóðsins, sem gerð hefur verið.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Ráðgert er að halda þessari framkvæmd áfram, þannig að unnt verði að taka í notkun á þessu ári aðra akbraut af ráðgerðum tveimur í veggjánni á Kópavogshálsi, svo og brú við Digranesveg yfir veggjána. Í athugasemdum við hliðstætt frumvarp á s. l. ári var tekið fram, að skv. áætlun byggingarnefndar vegarins yrði fjárvöntun á árinu 1971 12.5 millj. kr., en hvort tveggja hefur gerzt, að verðlag er orðið hærra og framkvæmdir þurfa að vera meiri en þá var áætlað, til þess að unnt verði að taka aðra akbrautina í notkun á árinu.

Landshafnir. Vegna bilunar á dýpkunarskipinu „Gretti" á s. l. ári varð að fresta verulegum hluta áætlaðra dýpkunarframkvæmda í Njarðvík á því ári. **Í ár er ráðgert að ráðast í dýpkun þar til að skapa bátum tryggari leguaðstöðu, og er** kostnaður áætlaður 6.5 millj. kr. Þar af eru til ráðstöfunar 4.5 millj. kr. frá síðasta ári. Til framkvæmda á Rifi er ætlað að verja samtals 4.0 millj. kr., er skiptist þannig, að 1.8 millj. kr. fari til malbikunar á plani, 1.7 millj. kr. til að bera olíumöl á aðliggjandi vegi og 0.5 millj. kr. til uppgræðslu lands, allt til að bæta hreinlætishætti í sambandi við löndun sjávarafla, en töluverð hætta hefur verið á spillingu aflans sökum sandfoks o. þ. h. á Rifshöfn.

Flugöryggismál. Ráðgert er að afla 8.0 millj. kr. til kaupa á ratsjárbúnaði fyrir flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík í því skyni að auka öryggi og hagkvæmni við stjórn flugumferðar yfir og umhverfis Ísland og greiða fyrir að- og brottflugi á flugvöllunum í Keflavík og Reykjavík. Samkvæmt áætlun verður þessi búnaður tekinn í notkun um mitt ár 1972. Heildarkostnaður verður 44.0 millj. kr. að meðtöldum kostnaði við uppsetningu tækja og þjálfun starfsliðs, og skiptist hann þannig, að 8.0 millj. kr. koma á árið 1971, 13.7 millj. kr. á 1972 og 22.3 millj. kr. á 1973 og síðari ár. Til boða stendur lán frá framleiðanda fyrir síðastnefndu fjárhæðinni til fjögurra ára, og verður farið fram á lántökuheimild á næsta ári, ef til **kemur. Þessu til viðbótar er ráðgert að afla 10.0 millj. kr. til að bæta öryggisbúnað flugvalla.**

Rafmagnsveitur ríkisins. Á vegum Rafmagnsveitnanna eru á prjónunum áform um aukningu orkuvirkjana eða aðalflutningslína á flestum orkuveitusvæðunum. Sérstaklega er að verða brýn þörf aukinnar orku á Austurlandi, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Áformað er að hefja byggingu Lagarfossvirkjunar, fyrsta stigs, og er það mjög stór framkvæmd á mælikvarða Rafmagnsveitnanna, og tilfærð hér undir sérstökum lið. Hins vegar hefur enn ekki verið tekin endanleg ákvörðun um aðgerðir til þess að fullnægja orkuþörf Norðurlands vestra, en þær eru á næsta leiti. Vegna þessara stóru framkvæmda er nauðsynlegt að fara varlega í aðrar framkvæmdir Rafmagnsveitnanna. Hins vegar verður ekki dregið lengur að leggja háspennulínu

frá Búrfelli að Hvolsvelli, enda þótt samvinna við Rafveitu Vestmannaeyja að undanförnu hafi gert kleift að fresta þeirri framkvæmd fram til þessa. Hagstæðasta framkvæmdin til vinnslu aukinnar orku á Vestfjörðum eru miðlunarmannvirki við Langavatn til þess að auka vatnsrennsli og vinnslugetu Mjólkárvirkjunar. Samtals nema þessar tvær framkvæmdir 30 millj. kr. Auk þess eru aukningar innanbæjarkerfa 13.2 millj. kr. og nokkrar minni háttar framkvæmdir, þannig að alls nema áformaðar almennar framkvæmdir Rafmagnsveitnanna 51 millj. kr. Til þessara framkvæmda þurfa Rafmagnsveiturnar um 30 millj. kr. lánsfé auk tollaláns, heimtaugagjalds og lítilsháttar framlags af afskriftafé.

Lagarfossvirkjun. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmd þessa mannvirkis er um 180 millj. kr., en að sjálfsögðu getur sú upphæð breytzt við niðurstöður útboða og verkskilyrða í nánari atriðum. Gerð hefur verið áætlun um skiptingu framkvæmdarinnar í ársáfanga, miðað við að verkinu verði lokið árið 1973 og að það vinnist sem haganlegast. Samkvæmt þeirri áætlun mundu greiðslur falla mjög svipað á öll þrjú árin, en nokkrir möguleikar eru á sveigjanlegri tilfærslu verkáfanga milli ára. Þar sem miklar framkvæmdir eru nú á döfinni og framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin mjög ásett, er æskilegt að fara fremur hægt af stað, en herða gang verksins síðar. Þó verður að ætla 45.0 millj. kr. til þess hluta framkvæmdarinnar, sem koma þarf af á þessu ári.

Rafvæðing í sveitum. Endurskoðun á rafvæðingaráætlun í sveitum hefur leitt til nokkurs kostnaðarauka umfram það, sem áætlað var í fjárlögum ársins 1971, en áætlunin miðast við að ljúka rafvæðingu býla, þar sem meðalfjarlægð milli býla tengdra veitum er að hámarki 1.5 km. Nákvæm könnun aðstæðna, sem ekki var lokið við afgreiðslu fjárlaga, hefur m. a. leitt í ljós, að fleiri býli en reiknað var með falla undir áætlunina. Heildarkostnaður við að ljúka þessari rafvæðingu er nú áætlaður 49.0 millj. kr. Fjárveiting í fjárlögum 1971 er 32.0 millj. kr. og tekjur af heimtaugargjöldum o. fl. 2.0 millj. kr. Fjárvöntun er því 15.0 millj. kr.

Landsvirkjun. Á árinu 1971 verður að mestu lokið stækkun Búrfellsvirkjunar, en þar verður bætt við þremur vélasamstæðum, sem samtals eru 105 þúsund kílóvött (ástimplað afl). Er kostnaður vegna þessara framkvæmda áætlaður um 230 millj. kr. á árinu 1971. Einnig verður haldið áfram á árinu byggingu miðlunarmannvirkja við Þórisvatn og mannvirkja, er veita Köldukvísl í Þórisvatn. Er ráðgert, að hægt verði að taka bæði miðlunarmannvirkin og Köldukvíslarveitu til notkunar fyrir áramót, þó að nokkrum frágangi verði ekki fullokið fyrr en á árinu 1972. Áætlaður kostnaður við þessar framkvæmdir á árinu 1971 er 440 millj. kr. Ýmsar minni framkvæmdir verða gerðar á vegum Landsvirkjunar, m. a. vegna undirbúnings næstu virkjana. Er líklegt, að heildarkostnaður framkvæmda verði um 740 millj. kr. á árinu. Ráðgert er, að meginhluta þessa fjármagns verði aflað með beinum lántökum á vegum Landsvirkjunar og ríkissjóðs, eins og verið hefur að mestu um fjáröflun til Landsvirkjunar til þessa. Á móti þessum lántökum er nauðsynlegt, að Landsvirkjun verði gert kleift að leggja fram aukið fé, og því er ráðgert að afla innan áætlunarinnar 50 millj. kr., sem varið yrði í þessu skyni skv. nánari samningum milli eignaraðila.

Vatnsorkurannsóknir. Svo sem gerð var grein fyrir í drögum að áætluninni með fjárlagafrumvarpi, eru mjög víðtækar vatnsorkurannsóknir á döfinni á vegum Orkustofnunar. Verður jöfnum höndum unnið að rannsóknum á vatnasvæði Þjórsár og á vatnsföllum Norðurlands og Austurlands með stórvirkjanir í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Fljótsdal sérstaklega í huga. Upphaflega var gert ráð fyrir að taka yrði skrefið til verulega aukinna rannsóknaborana. Hins vegar hefur nú verið dregið úr áformum um boranir á þeim svæðum, þar sem nýting orkunnar stendur

ekki alveg fyrir dyrum. Áformuð er sama lánsfjáröflun til rannsóknanna eins og gert var ráð fyrir í frumdrögum áætlunarinnar, 20 millj. kr., en af fjárlagafé er ætlað um 19.0 millj. kr. til þessara rannsókna.

Jarðhitarannsóknir. Haldið er áfram rannsóknum á þeim háhitasvæðum, sem búa yfir mestum nýtingarmöguleikum til efnaiðju og hitaveitufram kvæmda, en það eru svæðin á Reykjanesskaga og í nágrenni höfuðstaðarins. Sökum takmarkaðs lánsfjár hefur verið lögð sérstök áherzla á val verkefnanna, þar sem árangurs er helzt að vænta. Verður jafnframt að fresta ákvörðun um borun vinnsluhæfra hola, þar til frekari niðurstöður eru fengnar. Ráðgert er að verja til rannsóknanna 15 millj. kr. lánsfé, eða jafnmiklu og á bráðabirgðaáætlun.

Jarðboranir ríkisins. Í samræmi við auknar rannsóknaboranir hafa verið ákveðin kaup nýs jarðbors, sem hentar sérstaklega til þess háttar borana. Auk tækjakaupaláns þurfa að ganga 7.5 millj. kr. til innkaupanna. Lánið verður greitt niður á leigugjaldi borverka.

Jarðvarmaveitur ríkisins. Fyrri áætlun Orkustofnunar um fjárvöntun vegna framkvæmdanna við Námafjall hefur að verulegu leyti farið út um þúfur. Þannig var í drögum þeim, er fylgdu fjárlagafrumvarpi ársins 1971, áætlað, að heildarfjárvöntun þessa árs væri 1.7 millj. kr. Nú er ljóst, að fjárþörf verður samtals 9.2 millj. kr., og kemur þar til, að ein virkjunarholan hrundi, og er viðgerðarkostnaður áætlaður 3.0 millj. kr. Mismunur hækkunarinnar, 4.5 millj. kr., stafar af vanáætlun framkvæmdakostnaðar 1970 í áðurnefndum drögum að framkvæmdaáætlun 1971, svo og lánsfjárkostnaðar.

Jarðhitaleit. Í ljós hefur komið, að sú 5.1 millj. kr. fjárveiting til jarðhitaleitar, sem tekin var á fjárlög ársins 1971, mun hvergi nærri nægja til þess að standa undir verkefnum, sem ætlað er að ráðast í á árinu. Er því ráðgert að verja 10.0 millj. kr. af fjáröflun þessarar áætlunar til viðbótar í þessu skyni, þannig að til ráðstöfunar verða alls 15.1 millj. kr.

Laxárvirkjun. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir, að ríkið leggi Laxárvirkjun til fjármagn í mismunandi formi, þ. e. bæði sem eigið stofnfé og lánsfé. Heildarkostnaður mannvirkja er áætlaður um 310 millj. kr., þar af 206 millj. kr., er falla á árin 1970 og 1971. Að frátöldu eiginfjárframlagi Laxárvirkjunar og Akureyrarbæjar og lánsfé skv. áætlun ársins 1970, stendur eftir fjárvöntun, sem áætla má 108 millj. kr.

Sjóefnarannsóknir. Rannsóknir þær, sem nú standa yfir og ætlað er að ljúka á þessu ári, eru liðir í áætlun til tveggja ára og falla 4.7 millj. kr. á árið 1971 auk lánagreiðslna að fjárhæð 1.0 millj. kr., sem ekki hefur verið séð fyrir með öðrum hætti. Er fjárþörf því samtals 5.7 millj. kr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins. Í drögum að framkvæmdaáætlun ársins 1971 var gert ráð fyrir, að heildarkostnaður við þessa byggingu að meðtalinni vatnsveitu fyrir stofnanir á Keldnaholtssvæðinu næmi 26.5 millj. kr. og fjárvöntun 6.5 millj. kr. Nú, þegar framkvæmdir eru á lokastigi, er ljóst, að heildarkostnaðurinn mun hækka í 29.5 millj. kr. og fjárvöntun því í 9.5 millj. kr.

Lögreglustöð í Reykjavík. Samkvæmt síðustu kostnaðaráætlun um þessa framkvæmd skortir 21.4 millj. kr. umfram fyrirliggjandi fé til að unnt sé að ljúka byggingunni og auk þess um 7.0 millj. kr. til stofnbúnaðar eða samtals 28.4 millj. kr.

Ekki þykir þó fært að ætla framkvæmdinni meira en 12.0 millj. kr. af áætluninni, en auk þess er fyrir hendi 3.2 millj. kr. framlag á fjárlögum.

Eftirstöðvar fjárvöntunar 1970. Þegar drög að framkvæmdaáætlun voru lögð fram með fjárlagafrumvarpi 1971 var það nokkurri óvissu háð, hversu mikið fé mundi skorta til framkvæmda ársins, en í áætlun 1970 vantaði 61.8 millj. kr. til þess að fjáröflun nægði fyrir áætluðum framkvæmdum. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að þessi fjárvöntun er mun minni en ætlað var sl. haust, eða 3.9 millj. kr.

Ed. 523. Frumvarp til laga [267. mál]

um breyting á lögum nr. 3 6. marz 1964, um laun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjaradómi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 3 6. marz 1964 eru forseta Íslands ákveðin 35 000.00 króna laun á mánuði.

Með hliðsjón af þeim hækkunum, sem orðið hafa á launum opinberra starfsmanna, er augljóst, að breyta þarf greindu ákvæði. Hins vegar virðist ástæðulítið og of þunglamalegt að halda áfram við þá aðferð, að Alþingi ákveði hverju sinni breyting á launakjörum forsetans og eðlilegt að þau séu ákveðin af Kjaradómi eins og launakjör ráðherra og hæstaréttardómara.

Nd. 524. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumsvík.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og mælir minni hlutinn með því, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 15. marz 1971.

Eðvarð Sigurðsson, frsm. Þórarinn Þórarinsson. Gísli Guðmundsson.

Ed. 525. Breytingartillaga [234. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1971, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Kristjáni Ingólfssyni og Einari Ágústssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „þrír eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar“ komi: þrír kjörnir hlutfallskosningu af húsnæðismálastjórn.

Sþ. 526. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt eins og hún er fram borin á þskj. 47.

Alþingi, 11. marz 1971.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Gunnar Gíslason, frsm.
Matthías Bjarnason.	Ey. Konr. Jónsson.	Geir Gunnarsson.
Ingvar Gíslason.	Ágúst Þorvaldsson.	Halldór E. Sigurðsson.

Ed. 527. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Einn nm. (JÞ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Gils Guðmundsson.	Sveinn Guðmundsson.	Kristján Ingólfsson.

Sþ. 528. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um útvegun fjármagns og aðstoð vegna endurbóta í hraðfrystiiðnaðinum.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Sigurgeir Kristjánsson, Halldór E. Sigurðsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar, að hraða beri undirbúningi og framkvæmdum vegna umbóta á hraðfrystiiðnaði landsmanna, sem vitað er að nauðsynlegar verða á næstu tveimur til þremur árum vegna þeirra ströngu ákvæða, sem verið er að lögbinda á erlendum mörkuðum um alla meðferð á fiski og fiskafurðum, og samþykkir í því skyni að fela ríkisstjórninni:

1. að útvega á þessu ári 500 millj. kr., sem endurlánist til umbóta í hraðfrystiiðnaðinum í gegnum Fiskveiðasjóð Íslands og Lánasjóð sveitarfélaga;
2. að koma á fót skrifstofu sérfræðinga, sem í samráði við Tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði veiti hraðfrystihúsum og sveitarfélögum aðstoð við gerð áætlana, hönnun og annan undirbúning nauðsynlegra umbóta.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur í vestrænum löndum verið mjög hert á öllum kröfum um hreinlæti við framleiðslu og meðferð á matvælum. Meðal annars eru kröfur í Bandaríkjunum orðnar það strangar um sláturhús, að ekki er heimilt að flytja sauðfjárafurðir á Bandaríkjamarkað nema frá einu sláturhúsi hér á landi. Af þessum ástæðum eru víðtækar og kostnaðarsamar endurbætur hafnar við önnur hús.

Einnig í sambandi við meðferð og framleiðslu á fiski og fiskafurðum er verið að herða mjög á öllum kröfum. Árið 1966 var lagt fram á Bandaríkjaþingi frumvarp um opinbert skyldueftirlit með fiski og fiskafurðum. Síðan hafa sex skyld frumvörp verið lögð fram, og nú er talið öruggt, að frumvörp, sem geri svipaðar kröfur til fiskvinnslustöðva og gert hefur verið til sláturhúsa, verði að lögum á þessu ári.

Þessi löggjöf mun ná jafnt til afurða, sem framleiddar eru í Bandaríkjunum, og þeirra, sem fluttar eru inn í landið. Hún mun því hafa afar víðtæk áhrif á hraðfrystiiðnað okkar Íslendinga. Því var í ágúst 1969 sett á fót nefnd, sem var falið að fylgjast með þróun þessara mála í Bandaríkjunum og gera tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir hér á landi. Nefndin hlaut nafnið Tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði.

Eins og fram hefur komið við ýmis tækifæri, m. a. á ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um umhverfismál, sem haldin var í Reykjavík um miðjan febrúar s. l., hefur nefndin safnað ýtarlegum upplýsingum um þær kröfur, sem ætla má, að Bandaríkjamenn geri. Hingað til lands var einnig fenginn þekktur amerískur ráðunautur í matvælaiðnaði til þess að líta á íslenzk hraðfrystihús og benda á það, sem bæta þyrfti. Á grundvelli slíkra upplýsinga kom út í nóvember síðastliðnum handbók fyrir frystihús um hreinlætis- og hollustuhætti.

Að sjálfsögðu eru ýmis hraðfrystihúsin ágætlega úr garði gerð, sem betur fer, en afar víða er þó pottur brotinn. Of langt mál yrði að telja upp allar þær umbætur, sem nauðsynlegar eru taldar. Nægja verður að nefna, fyrst og fremst sem dæmi, að umhverfi frystihúsanna verður að bæta stórlega. Meðal annars er þess krafizt, að götur í næsta nágrenni þeirra séu steyptar, malbikaðar eða olíubornar og sömuleiðis akbrautir á lóðum frystihúsanna. Allt drasl verður að fjarlægja og lóðir að þekjast annaðhvort með grasi eða góðri möl. Frárennsli verða að fara niður í stórstraumsfjöruborð. Vatn verður að vera mjög gott, bæði til notkunar í frystihúsum og við hafnir til þess að skola báta og skip. Innan húsanna verða endurbætur ekki síður miklar, allt frá fiskmóttöku til frystigeymslu, a. m. k. í æðimörgum húsum. Hreinlætisaðstaða fyrir starfsfólk verður að vera afar fullkomin, hlífðarföt mjög góð svo og mötuleyti, og fleira mætti nefna.

Ýmsar kostnaðartölur hafa verið nefndar í sambandi við nauðsynlegar umbætur, allt frá 700 millj. kr. upp í hátt á annað þúsund milljóna. Staðreyndin mun vera sú, að litlar áætlanir hafa enn verið gerðar. Að vísu mun tillögunefndin hafa verið reiðubúin til þess og meðal annars lagt til, að komið yrði upp skrifstofu með þremur sérfræðingum til þess að veita aðstoð við allan undirbúning nauðsynlegra umbóta og áætla fjárþörf. Fjármagn mun hins vegar ekki hafa fengizt til þess að koma á fót slíkri skrifstofu.

Á fyrrnefndri ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga kom fram, að sveitarfélögin eiga í miklum erfiðleikum við undirbúning þeirra framkvæmda, sem þeim ber að annast. Háar tölur um kostnað voru einnig nefndar, sem sveitarfélögin ein verða að bera, t. d. 50—60 millj. kr. í Vestmannaeyjum, 5½ millj. kr. í Ólafsvík og 7½ millj. kr. á Ísafirði, en þó mun langt frá því, að öll kurl séu komin til grafar á þessum stöðum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem tillögunefndin hefur fengið, verður að öllum líkindum veittur tveggja til þriggja ára frestur frá samþykkt laganna til þess að koma frystihúsum í það ástand, sem krafizt verður. Af þessu má vera ljóst, að

engan tíma má missa. Undirbúningur nauðsynlegra umbóta verður þegar að hefjast. Því er lagt til, að hið opinbera komi á fót skrifstofu með a. m. k. þremur sérfræðingum, sem veiti frystihúsum og sveitarfélögum aðstoð við undirbúning og framkvæmdir.

Á fundi stjórnar Framkvæmdasjóðs Íslands í lok febrúar s. l. lögðu fulltrúar Framsóknarflokksins til, að útvegaðar yrðu 500 millj. kr. til endurlána í gegnum Fiskveiðasjóð Íslands og Lánasjóð sveitarfélaga vegna nauðsynlegra umbóta í sambandi við hraðfrystiiðnaðinn. Meiri hluti sjóðsstjórnar vísaði tillögu þessari frá á þeirri forsendu, að fjárþörf í þessu skyni væri ekki þekkt. Það er að vísu rétt, eins og áður er rakið, að dregizt hefur að áætla fjárþörf lengur en eðlilegt er. Þó er vitað um ýmsar kostnaðarsamar framkvæmdir, bæði á vegum frystihúsa og sveitarfélaga, sem þegar má hefja, eins og t. d. frágang umhverfis, vatnsbóla, hreinlætisaðstöðu og fjölmargt fleira. Samkvæmt slíkum upplýsingum, sem fengizt hafa, telja flutningsmenn 500 millj. kr. sízt of háa upphæð til þeirra framkvæmda, sem gera má þegar í ár. Er því lagt til, að ríkissjóður hafi milligöngu um útvegun þess fjármagns.

Þess má geta, að eitt af þeim frumvörpum, sem nú liggja fyrir Bandaríkjaþingi, fjallar um tæknilega og fjárhagslega aðstoð við fiskiðnaðinn þar í landi til þess að auðvelda honum að fullnægja þeim kröfum, sem hin væntanlega löggjöf leggur honum á herðar. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að „Fiskveiðasjóður" í Bandaríkjunum verði í þessu skyni aukinn úr sem svarar um 900 millj. kr. upp í 3150 millj. kr.

Bandaríkjamarkaður fyrir frystar sjávarafurðir hefur verið og er mikilvægasti markaður okkar Íslendinga. Þar hefur verð farið stöðugt hækkandi á undanförnum mánuðum. Á þessu hefur íslenzkur þjóðarbúskapur ekki sízt flotið á undanförnum dýrtíðarárum. Meðal annars af þeirri ástæðu má ekkert til spara til þess að fullnægja kröfum þessa markaðar, þótt hins vegar sé ljóst, að kröfur um hreinlæti og hollustuhætti í meðferð matvæla eru svo sjálfsagðar, að ekki ætti að þurfa löggjöf í Bandaríkjunum til þess að knýja okkur Íslendinga til nauðsynlegra umbóta.

Sþ. 529. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um skiptingu landsins í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Kristján Ingólfsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að athuga og rannsaka, hvort ekki sé rétt að skipta landinu í fylki með sjálfstjórn í sérmálum. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að þetta sé rétt, skal hún gera tillögur um fylkjaskipunina.

Í fylkjunum verði fylkisþing og fylkisstjórar, er fari með sérmál fylkjanna og taki þar með við nokkru af störfum Alþingis og ríkisstjórnar, enda verði í tillögunum ýtarlega um það fjallað, hver sérmálin skuli vera og eftir hvaða reglum fylkin skuli fá ríkisfé til ráðstöfunar.

Nefndin skal skipuð samkvæmt tilnefningu sem hér segir:

Hver þingflokkur tilnefni einn mann í nefndina.

Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkv. tilnefningu landsfjórðunganna, einn frá hverjum fjórðungi. Í þeim landsfjórðungum, sem hafa fjórðungssamband eða sveitarfélagasamband fyrir heilan landsfjórðung, skulu menn þessir tilnefndir af fjórðungsþingum eða sveitarfélagasamböndum, en annars af sýslunefndum og bæjarstjórnum sameiginlega eða sveitarfélagasamböndum sameiginlega í landsfjórðungi hverjum.

Reykjavík tekur ekki þátt í tilnefningunni með sínum landsfjórðungi, en borgarstjórnin tilnefnir einn fulltrúa af hennar hálfu.

Félagsmálaráðuneytið skipar einn mann í nefndina, án tilnefningar, og er hann formaður.

Nefndin skili áliti og tillögum svo fljótt sem henni er unnt.

Verði samkvæmt ákvörðun Alþingis 1970 sérstök nefnd skipuð til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands kemur ályktun þessi þó ekki til framkvæmda, enda leiti endurskoðunarnefndin þá álits sveitarstjórna, sveitarfélagasambanda, fjórðungssambanda og sýslunefnda um þau málefni, sem ályktunin fjallar um.

Greinargerð.

Árið 965 var hin forna skipting landsins í landsfjórðunga lögtekin á Alþingi á Þingvöllum við Öxará. Sú skipan hélzt um aldir, og enn er allríkt í hugum manna að vilja líta á landsfjórðungana sem einhvers konar sjálfstæðar heildir, þótt nú í seinni tíð hafi fólksfjöldahlutföllin mjög raskazt milli fjórðunganna og um stjórnarfarslegar heildir hafi ekki verið að ræða.

Öllum hugsandi mönnum um framtíðarhag þjóðarinnar er orðið það mikið áhyggjuefni, hve þungur, áhrifamikill og óheillavænlegur sá straumur er, sem ber fólkið til búsetu í höfuðborg landsins og hennar grennd frá öðrum landsvæðum. Sú búseturöskun er blóðtaka og máttarlömun fyrir þá landshluta, er fólkið missa, en Reykjavíkursvæðinu ekki ávinningur að sama skapi, nema síður sé.

Margt hjálpaðist að við að efla þennan örlagaríka straum. Samdráttur valdsins er ein af höfuðástæðunum. Allt ríkisvaldið er að heita má staðsett í Reykjavík.

Íslendingabók segir frá því, að hinn málsnjalli Breiðfirðingur, Þórður gellir, hafi beitt sér fyrir skiptingu landsins í fjórðunga. Þar stendur skráð í því sambandi:

> „Þá taldi Þórður gellir tölu um at Lögbergi, hve illa mönnum gegndi at fara í ókunn þing at sækja of víg eða harma sína, ok taldi, hvat honum varð fyrir, áðr hann mætti því máli til laga koma, ok kvað ýmissa vandræði mundu verða, ef eigi réðusk bætur á."

Segja má, að saga sú, sem Þórður talar um, endurtaki sig á 20. öldinni, þótt ástæður hafi breytzt og menn þurfi ekki lengur að mæla eftir frændur sína, er vegnir hafi verið sem í fornöld. Mönnum reynist langsótt og oft ekki harmlaust að leita samfélagsréttar síns og nauðsynlegrar og réttmætrar aðstoðar til valdstöðva ríkisins í höfuðborginni, eins og nú verður að gera í allt of mörgum efnum. Þetta færist ört í aukana eftir því, sem þjóðfélagið þróast til fjölþættara samfélags og framkvæmdavald ríkisins nær til fleiri málaflokka.

Það getur verið örðugt að koma á framfæri hjá opinberum stofnunum og embættismönnum ríkisins í Reykjavík sérsjónarmiðum landshlutanna og þeirra, sem eiga heima fjarri höfuðborginni. Nákunnugleiki valdhafanna nær eðlilega alls ekki til þeirra. Á þá löngum við, þó að í lýðræðislandi sé, gamli málsháttur: „Það er löng leiðin til keisarans."

Annað er þó ekki síður umhugsunarvert í þessu sambandi. Samanþjöppun þjóðfélagsvaldsins og framkvæmdastofnana þess í Reykjavík dregur til sín eins og segull fólk, sem nútíminn þarfnast alltaf meir og meir: sérfræðinga og kunnáttumenn, sem menntun hafa hlotið til starfs, svo og marga aðra, sem af einni eða annarri ástæðu telja sig hafa skilyrði til forustu eða einhvers konar frama í félagsmálum, viðskiptum, atvinnulífi, lærdómslistum og vísindum. En að sama skapi vex hættan á því, að fólk skorti í þessum efnum annars staðar í landinu. Dæmi um þetta eru deginum ljósari.

Séu athugaðar búsetubreytingar innan þjóðfélagsins undanfarna áratugi, virðist glögglega mega sjá, að valdasetrin og þjónustustöðvarnar umhverfis þau hafi einnig haft mikil aðdráttaráhrif á almenning. Fleira virðist þurfa til að koma en aukin framleiðsla og hráefnisöflun.

Það er nauðsynlegt að efla atvinnulíf allra landshluta. En það eitt virðist þó ekki vera nóg til byggðajafnvægis, og tekst varla, nema eflt sé stjórnarfarslegt vald landshlutanna um leið. Það þarf að gefa landshlutunum rétt til verulegrar heimastjórnar í ýmsum sérmálum, sem þeim „gegnir illa at fara í ókunn þing at sækja“, dreifa að nokkru til landshlutanna hinu mikla miðstöðvarvaldi, sem setzt er upp í höfuðborginni, án þess að hún þarfnist þess, óski eftir því eða hafi af því velfarnað.

Vert er að athuga vel og rækilega, hvort endurtekningu sögunnar frá fornöld á vandræðunum, sem Þórður gellir talaði um, sé ekki ráðlegt að mæta með endurtekningu í höfuðatriðum á úrræðunum, sem þá var til gripið.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja rétt, að Alþingi kjósi nefnd til þess að athuga sérstaklega, hvort ekki sé vænlegast, eins og nú standa sakir, að dreifa valdinu með því að skipta landinu í nokkur fylki, er hafi sjálfstjórn í sérstökum, tilgreindum málum, fylkisþing — sem voru t. d. álíka tíma að störfum og Búnaðarþing eða Fiskiþing — og fylkisstjóra. Hér er vitnað til sögu Íslands um fornu fjórðungaskiptin, af því að sagan er jafnan lærdómsrík, þótt að sjálfsögðu sé hún ekki óyggjandi fyrirmynd, af því að tímar breytast og menn og þjóðir með.

Hins vegar er einnig auðvelt í þessu sambandi að taka dæmi sem fyrirmyndir úr nútímanum frá náskyldum þjóðum okkur Íslendingum.

Í Noregi eru 20 fylki starfandi, sem ná yfir allan Noreg samanlögð, og Svíar skipta sínu landi í 25 lén (Stokkhólmur þá meðtalinn), sem eru hliðstæð fylkjunum í Noregi. Talið er, að þessar þjóðir telji þessa skipan gefast vel og séu ánægðar með hana. Er sjálfsagt, að umrædd nefnd kynni sér ýtarlega fyrirkomulagið í Noregi og Svíþjóð og ef til vill víðar erlendis.

Stundum heyrist sagt, að af því að við Íslendingar séum fámennari en flestar aðrar þjóðir, eigum við að geta komizt af með einfaldara stjórnarkerfi en þær. En þau rök nægja ekki til mótmæla, þegar um þetta er að ræða, vegna þess að við búum í hlutfallslega stóru landi, sem við verðum að leggja kapp á að halda öllu í byggð. Skilyrði landshlutanna eru sundurleit og hæfir ekki einn og sami stakkur. Verða landshlutarnir því, hvað sem fólksfjölda þjóðarinnar í heild líður, að fá vald til að sníða sér sjálfir stakkana að talsverðu leyti.

Til þess að þjóðfélag okkar nái að standa traustum fótum, þarf að grundvalla byggðajafnvægið með dreifingu valds í föstum, skipulegum formum, er myndi undirstöður heimastjórnar í landshlutum (fylkjum) og safni um sig fólki, er hafi þar viðfangsefni fyrir hæfileika sína og annað, er til nútíma lífsþarfa heyrir, svipað og á öðrum stöðum og myndi sterkar samtakaheildir, er verði í senn liðfylking og kjölfesta þjóðarskútunnar.

Tilraunir hafa verið gerðar í einstökum landshlutum í þessa átt með að stofna svonefnd fjórðungssambönd eða sambönd sveitarfélaga. Þau eru greinilegur vottur þess, að fólkið í þessum landshlutum finnur til náttúrlegrar samtakaþarfar sín á milli, og eru því tvímælalaus meðmæli með því, að lögleidd verði fylkjaskipun.

Fjórðungssamböndin eða sveitarfélagasamböndin hafa haldið fulltrúasamkomur (fjórðungsþing), sem rætt hafa málefni síns landshluta og samþykkt áskoranir til valdhafanna. En þau hefur skort vald til annars gagnvart ríkinu og orðið þess vegna að láta sér nægja að bera fram bænaskrár í formi áskorana, sem oft virðast hafa farið í hinar stóru bréfakörfur miðstöðvarvaldsins, — því miður.

Fjórðungssamböndin og sveitarfélagasambönd landshluta hafa þó með starfsemi sinni undirbúið jarðveginn fyrir fylkjaskipun í landinu.

Fyrir tveim áratugum eða svo báru fjórðungssamböndin á Austur- og Norðurlandi fram tillögur um, að landinu yrði skipt í fimm eða sex fylki, og gáfu út á prenti með skilmerkilegri greinargerð. (Fjórðungssambandið á Vestfjörðum var og meðmælt þeim tillögum). Tillögurnar virtust eiga mikinn hljómgrunn hjá almenningi víða um land, en á „hærri stöðum“ var þeim fálega tekið og goldin að mestu þögn við þeim.

Einhverjir sögðu, að með fylkjaskipun mundi verða aukning mannahalds við stjórnarstörf, sem þegar væri þó orðið um of. Þessum athugasemdum var svarað með því, að ef rétt væri á tekið, ætti að mega flytja starfsmenn frá ríkisstofnunum með verkefnunum til fylkjanna, — og í öðru lagi, að fólki mundi hvort sem væri halda áfram að fjölga við opinber störf, þó að við sama skipulag sæti, og þá um leið vaxa ójafnvægið enn meir.

Nú eru tveir áratugir liðnir. Öfugþróunin í byggðajafnvæginu hefur haldið áfram. Sogkraftur þéttbýlisins við Faxaflóa hefur dregið fólkið að sér til búsetu með sjálfvirkum hætti. Snotrar fjárveitingar aukreitis úr ríkiskassa eða lánaútveganir til uppbyggingar og útvegunar atvinnutækja eða annað því um líkt á einstökum stöðum, sem eiga í vök að verjast, skal ekki meta lítils. En stundum er þetta samt eins og að sá í sand, sem fýkur, sé ekki meira gert. Það þarf að girða fyrir fokið með skjólgörðum. Slíkir skjólgarðar ættu valdastöðvar fylkjanna að geta orðið.

Reynslan af þjóðfélagsþróuninni, síðan fjórðungssamböndin komu fram með tillögurnar um skiptingu landsins í fylki, mælir sterklega með því, að fylkjaskipun verði upp tekin, að dómi okkar flutningsmanna þessarar tillögu, — og einkennilegt teldum við, ef nokkur risi gegn því, að Alþingi kveðji menn til athugunar á því sérstaklega.

Í tillögum sínum gerðu fjórðungsþingin ráð fyrir því, að fylkisþingin kysu menn þá, er skipa efri deild Alþingis, en til neðri deildar væri kosið í einmenningskjördæmum, og hefði því þurft stjórnarskrárbreytingu við lögtöku þeirra. Þetta felst alls ekki í tillögu þeirri, sem hér er flutt. Hún snertir ekki skipun Alþingis.

Við leggjum heldur ekkert til um það, hve fylkin eigi að vera mörg. Það er matsatriði.

Fleira var og í tillögum fjórðungssambandanna, sem ekki er tekið upp hér.

Að öðru leyti er þessi tillaga efnislega, það sem hún nær, sams konar tillaga og fjórðungssamböndin báru fram. Hún er studd sömu rökum og þeirra, að viðbættri sterkri áherzlu frá reynslu síðustu ára og líðandi stundar.

Augljóst er, að sú dreifing þjóðfélagsvaldsins, sem hér um ræðir, mundi, ef hún kæmst í framkvæmd, skapa byggðafestu, hafa sín áhrif á fjármagnsdreifinguna innan þjóðfélagsins og miða að því að tryggja not og viðhald þeirra föstu verðmæta, sem þegar er búið að staðsetja víðs vegar um land.

Í höfuðborginni, Reykjavík, og umhverfi hennar mun fólkinu halda áfram að fjölga, þótt landinu verði skipt í fylki. Það skipulag hamlar aðeins gegn ofvexti hennar. Þjóðinni þykir vænt um borgina fríðu við „sundin blá“, þar sem „fornar súlur flutu á land“ og byggð hófst á landi hér, og vill veg hennar mikinn og gengi hennar traust. En ofvöxtur er höfuðborginni sjálfri ekki hollur. Hann veldur því, að borgin verður ekki eins vel úr garði gerð og vera þyrfti, og á þetta yfirleitt við um bæi, sem við hann eiga að stríða, hvar sem er. Ráðamenn glíma að jafnaði við óleysanlegan vanda, og almenningur sýpur af seyði.

Höfuðborgarbúum er eins og öðrum landsmönnum bezt til farsældar, að byggð eflist og blómgist um land allt. Þetta er líka höfuðborgarbúum ljóst, eins og öðrum landsmönnum. Þjóðinni í heild er það lífsnauðsyn, að landið allt sé byggt, þar sem búsetuhæft er, ef hún vill halda áfram að vera sjálfstæð þjóð og eiga landið með fullum rétti.

Skipting landsins í fylki mundi tryggja sjálfstæði þjóðarinnar stórlega.

Til frekari áherzlu því, sem áður er sagt um starfsmannahald hins opinbera í sambandi við fylkjaskipunarfyrirkomulagið, skal fram tekið, að þegar fylkin fengju sérmál sín til meðferðar að nokkru leyti, mætti ætla, að Alþingi þyrfti skemmri tíma en ella til sinna starfa ár hvert og að starfsmönnum ríkisstjórnar og ríkisstofnana þyrfti ekki að fjölga eins og ella mundi verða, jafnframt því sem þjóðin og þjóðarbúskapurinn stækkar. Verulegur hluti af því sérmenntaða fólki, sem ella ílendist í höfuðborginni, mundi starfa á vegum fylkisstjóranna og stofnana fylkjanna og sennilega hafa þar fyllri verkefni oft og einatt.

Margt það, sem nú er reynt að gera til að hamla móti straumnum í byggðajafnvægismálum, kæmi af sjálfu sér, eftir að búið væri að byggja upp fylkjaskipun.

Flutningsmenn leggja til, að ríkisstjórnin skipi nefnd til þess að athuga, hvort ekki sé ráðlegt að skipta landinu í fylki, og gera síðan, komist hún að jákvæðri niðurstöðu, tillögur til löggjafar um það. Nefndarmenn aðrir en formaður verði tilnefndir af öðrum, en formaður án tilnefningar.

Fulltrúum þeim, sem þingflokkarnir tilnefna, er ætlað að túlka sjónarmið Alþingis.

Fjórir skulu tilnefndir af fjórðungssamböndunum, þar sem þau taka yfir heilan landsfjórðung, en þar sem þau eru ekki, af sýslunefndum, bæjarstjórnum eða sveitarfélagasamböndum sameiginlega.

Þá eigi höfuðborgin sinn fulltrúa í nefndinni og ríkisstjórnin einnig sinn fulltrúa, er fari með verkstjórn í nefndinni.

Virðist með þessari skipun séð eðlilega fyrir því, að í nefndinni komi fram viðhorf þeirra, er stendur næst að leita úrræðanna.

Á Alþingi 1964 og 1965, á 1000 ára afmæli landsfjórðunganna, bar fyrsti flm. þessarar tillögu ásamt Karli Kristjánssyni þáv. alþm. fram tillögu sama efnis í meginatriðum. Greinargerðin er að miklu leyti samhljóða þeirri grg., er þá fylgdi tillögunni. En um orðið fylki þykir rétt að bæta við stuttri skýringu. Þegar fjórðungssamböndin gerðu fyrir nál. 20 árum tillögur þær, er fyrr var að vikið, höfðu þau auðvitað hina fornu fjórðungsskipan í huga, en urðu þó vegna breytinga síðari tíma að gera ráð fyrir fleiri umdæmum en fjórum (5), og því var ekki hægt að kalla þau fjórðunga eins og fyrrum. Hvatamenn tillögunnar austanlands og norðan voru málvandir menn og þjóðlega sinnaðir. Þeir vildu gefa umdæmunum svipmikið nafn, sem væri helzt í senn fornt að uppruna og þó munntamt og enn lifandi í málinu. Þeir völdu orðið fylki, sem er norrænt og íslenzkt orð og var að fornu notað í Noregi, en kemur víða fyrir í íslenzkum ritum fornaldar. Fylki er eins og konungsheitið fylkir dregið af fólki. Flm. kunna vel við þetta nafn, en það skiptir ekki öllu máli. Í orðabók Menningarsjóðs er það talið sömu merkingar og hérað eða landshluti.

Fyrir þessu þingi liggur till. til þál. um að skipa með sérstökum hætti nefnd til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Verði sú tillaga samþykkt eins og hún liggur fyrir að því er varðar nefndarskipun, má telja rétt og eðlilegt, að endurskoðunarnefndin fjalli einnig um fylkjaskipanina, svo að ekki þurfi þá að skipa þá sérstöku nefnd, sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu, enda verði leitað álits sveitarstjórna, sveitafélagasambanda, fjórðungssambanda og sýslunefnda, eins og nánar er fram tekið í tillögunni.

Nd. 530. Frumvarp til laga [270. mál]

um breyting á lögum nr. 21 27. apríl 1955, um lækningaferðir.

Flm.: Geir Gunnarsson, Jónas Árnason.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist:

Ríkissjóður kostar kaup og rekstur á bifreið, sem búin er fullkomnum tækjum til tannviðgerða og notuð við lækningaferðir um landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hlutverk laga um lækningaferðir er að auðvelda fólki í byggðum, sem langt á að sækja til augnlæknis, háls-, nef- og eyrnalæknis og tannlæknis, að njóta þjónustu þeirra. Í lögunum er gert ráð fyrir, að heilbrigðisyfirvöld semji við hlutaðeigandi sérfræðinga um árlegar lækningaferðir.

Að því er tannlækningar varðar, hafa ákvæði þessara laga verið bókstafurinn einn, enda hefur ekki verið fyrir hendi sú tæknilega aðstaða, sem þarf til þess, að unnt sé að stofna til slíkra ferðalaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að til þess að tryggja fólki úti á landsbyggðinni úrbætur frá því, sem nú gerist um tannlæknaþjónustu, verði bætt í lögin um lækningaferðir ákvæði um kaup og rekstur á bifreið, sem búin yrði fullkomnum tækjum til tannviðgerða og notuð við lækningaferðir um landið.

Skortur á tannlæknaþjónustu úti á landi er svo alkunnur, að um hann gerist naumast þörf að ræða, en þess má t. d. geta, að á öllu svæðinu frá Húsavík austur um til Vestmannaeyja er aðeins einn tannlæknir. Sé aðstaða á hinum ýmsu stöðum borin saman, kemur í ljós, að á Reykjavíkursvæðinu er einn tannlæknir á hverja 1300 íbúa, á Akureyri einn á hverja 2000, en úti á landi einn á hverja 6000—7000 íbúa, en sérfræðingar telja, að einn tannlæknir þurfi að vera á hverja 800 íbúa.

Afleiðing tannlæknaskortsins úti á landi er sú að dómi tannlækna, að fólk úr sveitahéruðum leitar til tannlæknis nánast einungis til þess að láta draga úr sér tennur, þar sem það á engan kost þeirrar þjónustu, sem gæti komið í veg fyrir tannskemmdir, þótt alkunnugt sé, að skemmdar tennur geta verið orsök vanheilsu á ýmsum sviðum.

Til þess að bæta úr þeim algera skorti, sem ríkir á tannlæknaþjónustu víðast úti á landi, hafa sumar sveitarstjórnir hugleitt eða látið verða af því að setja upp tannlækningatæki á viðkomandi stað í því skyni að fá síðan tannlækni til starfa nokkurn tíma á ári. Nýting slíkra tækja yrði augljóslega léleg og kostnaður hlutfallslega mikill.

Hagkvæmara sýnist og kæmi fleiri að notum, að keypt verði bifreið með fullkomnum tannlækningaútbúnaði, þannig að 1—3 tannlæknar gætu ferðazt um landið sem mestan hluta ársins og veitt þjónustu sem allra víðast.

Hugsanlegt væri að skylda nýútskrifaða tannlækna til slíkra ferða, en það mál þarfnast gaumgæfilegrar athugunar, á hvern hátt starfskraftar yrðu bezt tryggðir.

Gera má ráð fyrir, að kostnaðarverð slíkrar bifreiðar, sem gert er ráð fyrir, nemi a. m. k. 2.5—3 millj. kr. En hér er um að ræða úrbætur í svo alvarlegu vandamáli mikils fjölda landsmanna, að í slíkan stofnkostnað má ekki horfa, og það jafnvel þótt fleiri en ein bifreið yrði keypt, þegar reynsla af rekstrinum lægi fyrir. Á móti kemur einnig, að sparazt gæti fjármagn, sem ýmis sveitarfélög mundu ella verja til þess að kaupa tannlæknatæki, þrátt fyrir takmarkaða nýtingu slíkra staðbundinna tækja á fámennum stöðum.

Enda þótt þær ráðstafanir, sem með frv. þessu er gert ráð fyrir, leysi ekki allan þann mikla vanda, sem við er að etja í tannlæknaþjónustu í dreifbýlinu, telja flm., að það sé hagsmunamál þeirra, sem úti á landi búa, að það nái fram að ganga.

Ed. 531. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Einar Ágústsson.
Björn Jónsson. Oddur Andrésson. Steingrímur Hermannsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 532. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 16. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Einar Ágústsson.
Björn Jónsson. Oddur Andrésson. Steingrímur Hermannsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 533. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 16. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Einar Ágústsson.
Björn Jónsson. Oddur Andrésson. Steingrímur Hermannsson.
Sveinn Guðmundsson.

Sþ. 534. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um breytta tekju- og verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til eflingar héraðsstjórnum.

Flm.: Steinþór Gestsson, Jón Árnason, Bjartmar Guðmundsson, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Oddur Andrésson, Jónas Pétursson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um breytta tekju- og verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, með það fyrir augum að auka hlut héraðsstjórna í stjórn opinberra mála og ábyrgð á þjónustu, framkvæmdum og fjármögnun til þeirra.

Nefndin athugi og hvort rétt sé:

1. að ætla landshlutasamtökum sveitarfélaga eða héraðsstjórnum öðrum að hafa forgöngu um gerð landshlutaáætlana;
2. að fela þeim ráðstöfun á fjárveitingum, sem hvert svæði varða, þannig, að þau standi fyrir tilteknum ríkisframkvæmdum í eigin umdæmum.

Um þessar athuganir hafi nefndin samráð við stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga og stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs.

Nefndin skili tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en 1. júlí 1972. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Menn hafa rætt það mjög hin síðari ár, að það, sem helzt stæði í vegi fyrir eðlilegri byggðaþróun á Íslandi, væri smæð hinna ýmsu sveitarfélaga og getuleysi þeirra af þeim sökum til þess að sinna þörfum fólksins í strjálbýlum sveitarfélögum. Vafalaust má segja, að þeir, sem þessa skoðun hafa, hafi nokkuð til síns máls, en líklegt er, að erfiðleikar heilbrigðrar byggðaþróunar eigi dýpri rætur, sem nauðsynlegt verði að grafa fyrir, ef leysa á þann vanda, sem við er að etja, svo að hinni hægfara byggðaþróun verði snúið í hraðfara sókn.

Flm. þessarar till. eru þeirrar skoðunar, að ekki sé unnt, nema á takmörkuðum svæðum, að styrkja stöðu strjálbýlla landssvæða með því að stækka sveitarfélögin sjálf. Hins vegar telja þeir rétt að rannsaka það rækilega, hvort ekki sé tímabært að efla samstarf sveitarfélaganna og fá samtökum þeirra fleiri verkefni og stærri, — verkefni, sem ríkinu hefur áður verið ætlað að annast að hluta eða öllu leyti. Í því efni mætti benda á kostnað við gerð skólamannvirkja, t. d. á skyldunámsstigi, og ýmsa aðra þætti verklegra framkvæmda, sem vænta mætti að gengi hraðar að koma fram og jafnvel með ábyrgari og ódýrari hætti, ef einn framkvæmdaaðili ætti um það að fjalla í stað tveggja, sem nú mega taka ákvörðun og vera sammála um, að í framkvæmdina skuli ráðizt. Um leið og slík breyting verður gerð, þarf að skipta tekjustofnum í samræmi við þau verkefni, er féllu í hlut hvors aðila fyrir sig.

Í lögum um Atvinnujöfnunarsjóð er gert ráð fyrir því, að stjórn hans láti gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum landshlutum og byggðarlögum, sem „séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að björgulegar byggðir og byggðarhlutar fari í eyði“, eins og í lögunum segir. Stjórn sjóðsins hefur látið vinna þau rannsóknarstörf heima í héraði, sem gera þarf til undirbúnings framkvæmdaáætlunum byggðarlaganna, og virðist það gefa góða raun. Það er skoðun flm., að lengra megi ganga á þessari braut, og þeir gera því ráð fyrir, að nefndin kanni, hversu stór þau sambönd sveitarstjórna þyrftu að vera, sem það mikilvæga verkefni hefðu með höndum að vinna að gerð landshlutaáætlana, að sjálfsögðu í tengslum og samvinnu við stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs og Efnahags-

stofnunina. Um leið þykir rétt, að það sé kannað, hvort ekki megi til hagræðis og þæginda fyrir almenning fela slíkum samböndum verkefni á vegum ríkisvaldsins, eins konar umsjónar- eða umboðsstörf, sem einnig gætu þá orðið samböndum sveitarfélaganna til styrktar í starfi.

Þær athuganir, sem tillagan gerir ráð fyrir að nefndin geri, eru svo nátengdar verkefnum og starfsemi Sambands ísl. sveitarfélaga og Atvinnujöfnunarsjóðs, að nauðsynlegt er, að hún hafi nána samvinnu við stjórnir þessara stofnana um úrlausn þeirra málaflokka, sem hér ræðir um, og tillögugerð til lausnar þeim vanda, sem heilbrigð þróun byggðar hefur lengst af átt við að etja.

Að dómi flm. eru þessar athuganir næsta eðlilegar og nauðsynlegar til þess að herða á og efla þau hagstæðu áhrif, sem starfsemi Atvinnujöfnunarsjóðs hefur haft á þróun byggðar í landinu þann skamma tíma, sem hann hefur starfað. Þau áhrif þarf að auka, og jafnframt er líklegt, að styrkja megi starfsemi sveitarfélaganna og landshlutasamtaka þeirra, svo að jafnvægis gæti milli byggðasvæða eða landshluta fremur en orðið er.

Sþ. 535. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um endurskoðun hafnalaga.

Flm.: Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Steinþór Gestsson, Pálmi Jónsson, Jónas Pétursson, Jón Árnason, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma endurskoðun á hafnalögum og leggja frumvarp til nýrra hafnalaga fyrir næsta Alþingi.

Við þá endurskoðun skal lögð höfuðáherzla á að auka verulega tekjur hafnabótasjóðs með það fyrir augum, að hann geti létt útgjöldum af sveitarfélögum, sem lagt hafa í kostnaðarsamar hafnarframkvæmdir og geta á engan hátt staðið við skuldbindingar sínar vegna þeirra lána, sem þau hafa tekið. Enn fremur verði sett skýrari ákvæði um skiptingu á stofnkostnaði ríkis og sveitarfélaga í hafnarframkvæmdum og að því stefnt að samræma gjaldskrár hafna, eins og frekast er kostur.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til, að framkvæmd verði endurskoðun á núgildandi hafnalögum. Þau lög voru samþykkt á Alþingi 18. apríl 1967, og voru þá úr gildi felld lög frá 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, með síðari breytingum, og lög frá 1943, um hafnarbótasjóð, ásamt síðari breytingum.

Alþingi samþykkti 26. marz 1958 að endurskoða þágildandi lög um hafnir og var nefnd skipuð 12. sept. s. á. til þess að gera þessa endurskoðun, og lauk nefndin þessum störfum sínum á árinu 1961 og skilaði áliti í frumvarpsformi ásamt greinargerð til samgönguráðuneytisins, en frumvarp þetta var ekki flutt á Alþingi.

Ráðherra hafnamála skipaði 2. ágúst 1966 nefnd til þess að endurskoða lög um hafnargerðir og lendingarbætur og skyldi hún jafnframt kynna sér tillögur þær, sem fyrir lágu um breytingar á þessum lögum. Nefnd þessi lauk störfum 14. marz 1967 og samdi frumvarp til nýrra hafnalaga. Þetta frumvarp var lagt fram á Alþingi og samþykkt 18. apríl 1967 með nokkrum breytingum. Þótt ekki sé lengra liðið, frá því að lög þessi voru sett, þykir flutningsmönnum þessarar tillögu brýna nauðsyn bera til að endurskoða þessi lög. Sérstaklega teljum við nauðsynlegt að endurskoða þau ákvæði laganna, sem fjalla um hafnabótasjóð, á þann veg að auka verulega tekjur sjóðsins.

Í frv. til hafnalaga frá 1967 voru hafnabótasjóði ætlaðar tekjur frá ríkissjóði, árlegt framlag ekki minna en 8 millj. kr., og sérstakt hafnabótasjóðsgjald, sem lagt skyldi á öll íslenzk skip, ákveðin upphæð á rúmlest í skipi, og á öll skip, sem koma frá öðrum löndum til íslenzkra hafna. Í meðförum Alþingis var fellt niður úr frv. sérstakt hafnabótasjóðsgjald, og eru tekjur hafnabótasjóðs samkv. gildandi lögum því eingöngu árlegt framlag ríkissjóðs til sjóðsins og tekjur af starfsemi hans.

Framlag ríkissjóðs til hafnabótasjóðs hefur, frá því að núgildandi hafnalög tóku gildi, verið 8 millj. kr. á ári, þangað til 1970, að það var hækkað í 17 millj. kr. og er óbreytt upphæð á fjárlögum þessa árs.

Í hafnalögum segir um hafnabótasjóð: „Sjóðnum er heimilt að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar."

Eins og að líkum lætur, hefur hafnabótasjóður ekki verið fær um að styrkja þessa hafnarsjóði nema að mjög takmörkuðu leyti, vegna þess að það fé, sem hann hefur haft úr að spila, er af skornum skammti.

Það er vitað mál, að mörg sveitarfélög hafa lagt út í mjög kostnaðarsamar hafnarframkvæmdir á undanförnum árum, og enn þá er víða eftir að vinna að hafnarframkvæmdum fyrir mikið fé.

Mörg sveitarfélög, einkum þau sem fámenn eru, hafa ekki reynzt fær um að standa við greiðslu vaxta og afborgana af lánum vegna hafnarframkvæmda, þó að þau hafi lagt þungar byrðar á útsvarsgreiðendur sína. Aðstöðumunur þessara sveitarfélaga er gífurlegur gagnvart þeim, sem geta látið hafnarsjóði sína standa undir framkvæmdum og rekstri hafna sinna. Sá aðstöðumunur leiðir til þess, að aðrar þarfir sitja á hakanum, og bilið á milli sveitarfélaganna breikkar að sama skapi.

Það er skoðun okkar, að hér þurfi að gera breytingu á þann veg að auka tekjur hafnabótasjóðs, þannig að hann geti tekið að sér að greiða þann hluta hafnalána, sem er að dómi fjárveitingavaldsins ofvaxið þessum sveitarfélögum að standa undir.

Þá teljum við, að setja þurfi skýrari ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar hafnarframkvæmda á milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, og teljum eðlilegt, að framlag ríkissjóðs til hafnargarða (öldubrjóta) sé það sama, þó að þeir nýtist til viðlegu.

Einnig teljum við þörf á, að reynt sé að samræma gjaldskrár hafnanna eins og frekast er kostur, en á því er mikill misbrestur, og er það ekki sízt í sambandi við vörugjaldataxta hafnanna.

Auk þessa, sem nú hefur verið lýst, hefur komið í ljós, að nokkur atriði í núgildandi hafnalögum þarfnast lagfæringar við.

Eins og fram hefur komið, er knýjandi nauðsyn á að framkvæma endurskoðun þessara laga, því að mörg sveitarfélög, sem nú ráða ekki við þau lán, sem þau hafa tekið, þola ekki að bíða lengi eftir því, að úr þessu verði bætt.

Ed. 536. Breytingartillögur [213. mál]

við frv. til laga um náttúruvernd.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Náttúruverndarsjóður greiðir kostnað af verkefnum á sviði náttúruverndar, þ. á m. nauðsynlegum rannsóknum, sem öðrum aðilum ber ekki að standa straum af. Fyrir lok maímánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir menntamálaráðuneytinu fjárhagsáætlun um útgjöld sjóðsins á næsta ári, sem ætla má að leiði af framkvæmd laga þessara.

2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur Náttúruverndarsjóðs eru fast framlag úr ríkissjóði, er nemur a. m. k. 20 millj. kr. á ári.
3. Kaflafyrirsögn á undan 9. gr. orðist svo:
   Náttúruverndarsjóður og fjáröflun til hans.

Ed. 537. Frumvarp til laga [273. mál]

um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en hefur sérstakan fjárhag og reikningshald og lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Sementsverksmiðju ríkisins, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins hefur heimili sitt og varnarþing á Akranesi, þar sem verksmiðja hennar er staðsett, sbr. 4. gr., en auk þess getur hún haft starfsstöðvar, þar sem stjórn fyrirtækisins ákveður.

3. gr.

Tilgangur Sementsverksmiðju ríkisins er að annast vinnslu, dreifingu og sölu á sementi úr innlendum og erlendum hráefnum, fyrir innlendan og erlendan markað, ásamt efnavinnslu, rannsóknum og annarri starfsemi, sem tengd er vinnslu og sölu á sementi.

4. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins á og rekur sementsverksmiðjuna á Akranesi, sem byggð hefur verið samkv. lögum nr. 35 1. apríl 1948. Á stofnunin allar eignir og réttindi og ber allar skyldur og skuldbindingar, sem verksmiðjunni tilheyra.

5. gr.

Ríkissjóður leggur Sementsverksmiðju ríkisins til stofnfjárframlög umfram eignir þær, sem um ræðir í 4. gr., eins og ákvæðin kunna að verða í fjárlögum eða öðrum lögum hverju sinni.

6. gr.

Heimilt er Sementsverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins. Fyrirtækið getur þó ekki skuldbundið ríkissjóð að því er snertir skuldbindingar og lán vegna greiðslu stofnkostnaðar, nema ríkisstjórnin samþykki þá ráðstöfun samkvæmt heimild í fjárlögum eða öðrum lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Iðnaðarráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann verksmiðjustjórnar og annan varaformann.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur á hendi stjórn og rekstur fyrirtækisins, framkvæmdir þess og undirbúning þeirra. Iðnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Til að skuldbinda Sementsverksmiðju ríkisins þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

8. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins ræður fyrirtækinu tvo framkvæmdastjóra, og er annar framkvæmdastjóri viðskiptamála fyrirtækisins. Veitir hann því forstöðu í viðskiptalegu tilliti og hefur prókúruumboð fyrir það. Er hinn tæknilegur framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og annast hann tæknilega stjórn á verksmiðju þess, framleiðslu hennar og hráefnaöflun. Hann skal hafa verkfræðilega menntun.

Framkvæmdastjórar annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, og eiga þeir sæti á stjórnarfundum. Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins setur þeim erindisbréf, er kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

9. gr.

Endurskoðendur Sementsverksmiðju ríkisins skulu vera tveir, skipaðir af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn. Ákveður ráðherra laun þeirra, að fengnum tillögum stjórnar fyrirtækisins.

10. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

11. gr.

Reikningsár Sementsverksmiðju ríkisins er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Að endurskoðun lokinni skulu reikningarnir sendir iðnaðarráðherra, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra viðskiptamála og áritaðir af endurskoðendum.

12. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins ákveður, að höfðu samráði við iðnaðarráðherra, söluverð á sementi og annarri framleiðslu fyrirtækisins. Við ákvörðun í því efni skal að því stefnt, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem bundið er í rekstri fyrirtækisins á hverjum tíma, og að fyrirtækið hafi hæfilegt bolmagn til endurnýjunar og aukningar á búnaði sínum og eflingar framleiðslutækni.

13. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi og aðstöðu vegna byggingarframkvæmda og starfrækslu Sementsverksmiðju ríkisins, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á lendum þessum eru. Um eignarnám þetta fer samkvæmt lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

14. gr.

Sementsverksmiðja ríkisins skal gera allar varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til þess að hindra, að verksmiðjurekstur hennar valdi tjóni á umhverfi sínu, og fullnægja nauðsynlegum kröfum um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

15. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun Sementsverksmiðju ríkisins setur iðnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar fyrirtækisins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju, ásamt síðari breytingum á þeim lögum.

Haldast skal umboð núverandi stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins, þar til sameinað Alþingi hefur kjörið fyrirtækinu nýja stjórn samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að láta reisa verksmiðju hér á landi til vinnslu sements, og mælti jafnframt fyrir um nokkur undirstöðuatriði varðandi skipulag slíks fyrirtækis. Á grundvelli þessara laga var síðan reist sementsverksmiðjan á Akranesi, er rekin hefur verið sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra og síðar iðnaðarráðherra. Bygging verksmiðjunnar var hafin á árinu 1954, og tók hún til starfa á árinu 1958. Vinnslugeta verksmiðjunnar hefur reynzt nema rúmlega 100 000 lestum af sementi á ári, og ræðst hún aðallega af stærð brennsluofnsins. Í upphafi voru ýmis önnur mannvirki verksmiðjunnar hönnuð fyrir frekari afköst, þannig að tvöfalda má vinnslugetuna með auðveldum hætti tæknilega séð. Jafnframt eru fyrir hendi möguleikar til frekari stækkunar síðar meir. Verksmiðjan hefur getað annað nær allri innlendri eftirspurn eftir sementi allt síðan rekstur hófst. Jafnframt hefur hún gert tilraunir um útflutning sements, þótt í smáum mæli sé, er benda til þess, að hún mundi geta staðizt samkeppni á þeim vettvangi hvað vörugæði snertir. Nokkur hluti framkvæmda á upphaflegri byggingaráætlun var enn ógerður, þegar verksmiðjan tók til starfa, einkum þau mannvirki, sem tilheyrðu dreifingarkerfi hennar. Hefur fyrirtækið unnið að þessum framkvæmdum smám saman, eftir því sem aðstæður leyfðu, og er þeim nú lokið að mestu. Nánari greinargerð um aðdraganda að byggingu sementsverksmiðjunnar og um rekstur hennar er að finna í yfirliti Ásgeirs Péturssonar, stjórnarformanns fyrirtækisins, sem fylgir með athugasemdum þessum.

Hinn 10. nóvember s. l. skipaði iðnaðarráðherra nefnd fjögurra manna til að semja frumvarp að nýrri löggjöf um Sementsverksmiðju ríkisins, sem leysa mundi af hólmi framangreind heimildarlög og leggja fyrirtækinu varanlegri starfsgrundvöll. Í erindisbréfi nefndarinnar var á það bent, að hin gildandi lög um fyrirtækið væru að ýmsu leyti ófullkomin, enda aðallega ætluð sem heimild til upphaflegrar byggingar verksmiðjunnar. Kynni að vera þörf frekari ákvæða um ýmis atriði varðandi rekstur fyrirtækisins við núverandi skilyrði, svo sem fjárreiður, framkvæmdastjórn, öryggismál, hreinlætiskröfur, mengun o. fl.

Í nefnd þessari áttu sæti þeir Ásgeir Pétursson, sýslumaður, Benedikt Gröndal, alþingismaður, Sveinn Guðmundsson, alþingismaður, og Hjörtur Torfason, hæstaréttarlögmaður, sem nefndin valdi til formennsku. Álit nefndarinnar kemur fram í frumvarpi því, er að framan greinir, og eftirfarandi athugasemdum og fylgiskjölum.

Frumvarp þetta er við það miðað, að sementsverksmiðjunni verði sett ný heildarlöggjöf, og hlýtur slíkt að teljast mjög tímabær ráðstöfun. Í frumvarpinu felast ýmsar breytingar frá hinum gildandi heimildarlögum, en af þeim eru þessar helztar:

1. Slegið er fastri réttarstöðu fyrirtækisins sem sérstakrar stofnunar í eigu ríkisins, og tilgangur þess skilgreindur til hlítar (1. og 3. gr.).
2. Afnumin eru þau stærðarmörk á verksmiðju fyrirtækisins, sem fólust í fyrri lögum, þannig að umfang fyrirtækisins ráðist í þess stað af því fjármagni, sem það hefur yfir að ráða til framkvæmda á hverjum tíma, úr eigin rekstri (12. gr.) eða af framlögum ríkisins og stofnlánum, veittum með heimild Alþingis (5. og 6. gr.).

3. Þingkjörnum stjórnarmönnum fyrirtækisins er fjölgað úr fimm í sjö, og jafnframt gert ráð fyrir varamönnum (7. gr.). Er fjölgunin m. a. ráðin með tilliti til þess, sem Alþingi hefur áður ákveðið um ýmsar ríkisstofnanir, t. d. Áburðarverksmiðju ríkisins.
4. Gert er ráð fyrir því, að skipaðir verði tveir framkvæmdastjórar við fyrirtækið, viðskiptalegur og tæknilegur (8. gr.). Er sú tilhögun með svipuðu sniði og það, sem nú gildir um Áburðarverksmiðju ríkisins samkvæmt lögum nr. 69/1969.

Auk framanritaðs hefur frumvarpið að geyma ýmis ákvæði, sem minna horfa til breytingar frá gildandi framkvæmd, þótt sum þeirra séu nýmæli. Fjalla þau m. a. um fjármál og reikningsskil fyrirtækisins, verðlagsmál þess og skattamál, svo og öryggismál. Vísast í þessu efni til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins.

Nefndin gerði sér sérstakt far um þau ákvæði frumvarpsins, er varða framkvæmdastjórn fyrirtækisins, og hefur rætt þau og athugað mjög vandlega, enda ber nauðsyn til að koma á traustri skipan í því efni. Sú skipan, sem lýst er í frumvarpinu, er byggð á áliti meirihluta nefndarinnar, en einn nefndarmanna hefur skilað séráliti, sem frá greinir að neðan. Ákvæði frumvarpsins um framkvæmdastjórn stofnunarinnar styðjast m. a. við skoðun þeirra stjórnarmanna hennar, sem þar hafa lengst starfað, og þá reynslu, sem fengin er af því fyrirkomulagi, sem verið hefur hjá fyrirtækinu til bráðabirgða að undanförnu og mjög hefur orkað til velfarnaðar um hag þess. Ljóst er, að tæknilegt forystustarf við sementsverksmiðjuna er í senn umfangsmikið og vandasamt, og hið sama gildir um forystu í viðskiptamálum og hagsýslumálum fyrirtækisins, er úrslitum ráða um afkomu þess. Er þess ekki að vænta, að einn maður geti gegnt báðum þessum störfum til hlítar, eins og gildandi heimildarlög gerðu ráð fyrir, heldur þurfa fleiri að koma til. Þannig er óæskilegt eða útilokað að skipta störfum tæknimenntaðs framkvæmdastjóra þannig, að hann þurfi jafnframt verkfræðiforustu sinni að annast um daglega framkvæmd í viðskiptamálum fyrirtækisins. Þetta er ekki síður áberandi fyrir þá sök, að viðskiptastörfin, svo sem samstarf við banka og ráðuneyti, eru að talsverðu leyti unnin í Reykjavík, en verksmiðjan sjálf hins vegar staðsett á Akranesi. Sá háttur, að hinn tæknilegi framkvæmdastjóri sé jafnframt framkvæmdastjóri viðskiptamála, hlýtur því að valda í senn, verulegri tímaeyðslu frá grundvallarstarfi, sem eftirlit og yfirstjórn framleiðslunnar sjálfrar er, auk mikilla fjarvista frá þeim stað, sem verksmiðjureksturinn fer fram. Sýnist ótvírætt horfa til heilla að lögfesta hér á nýja skipan, þannig að ráðinn verði sérstakur framkvæmdastjóri viðskiptamála, og jafnframt tæknilegur framkvæmdastjóri, sem hafi sérmenntun á því sviði. Mundi sú skipan best til þess fallin að auka á öryggi og skynsamleg vinnubrögð í rekstri Sementsverksmiðju ríkisins, og hefur reynslan þegar sýnt það að nokkru.

Þeir stjórnarhættir, sem þannig er gert ráð fyrir, eru víða teknir upp í stjórnsýslu meiriháttar framleiðslufyrirtækja. Síðasta dæmið um það er frá árinu 1969, er Alþingi lögleiddi samskonar ákvæði um hliðstætt fyrirtæki, Áburðarverksmiðju ríkisins. Í fyrri lögum um Áburðarverksmiðjuna var gert ráð fyrir sömu skipan og verið hefur í lögum nr. 35/1948 um sementsverksmiðju, en framkvæmdin varð önnur hjá því hlutafélagi, sem fyrrum stóð að rekstrinum. Við endurskoðun laganna 1969 var sú skipan, sem verið hafði í framkvæmd, lögfest að fenginni reynslu.

Ákvæði frumvarpsins um sjálfa stjórn fyrirtækisins gera ráð fyrir því, að hún verði þingkjörin sem áður, án sérstakrar takmörkunar eða fyrirmæla um val stjórnarmanna, sem er lagt á vald Alþingis. Er fjölgun stjórnarmanna óefað æskileg að því marki, sem frumvarpið greinir.

Við samningu frumvarpsins var það rætt, hvort rétt væri að koma á fót formlegri samstarfsnefnd skipaðri fulltrúum frá stjórn og starfsmönnum fyrirtækisins, í þeim tilgangi að efla gagnkvæm samráð og samvinnu þeirra í milli um aðbúnað og starfshætti og hagkvæmni í rekstri verksmiðjunnar. Hér er um nýmæli að ræða, sem vert er að gefa gaum, og hefur það nýlega verið til athugunar og umræðu hjá

aðilum vinnumarkaðarins á breiðum grundvelli. Einnig voru sett ákvæði um stofnun slíkra nefnda í kjarasamningum á kaupskipaflotanum s. l. sumar. Vafasamt þótti að leggja til að svo stöddu, að nýmæli þetta yrði innleitt hjá fyrirtækinu með lagaboði, áður en séð yrði, hverjar undirtektir það fengi í almennum kjarasamningum, og hafa ákvæði í þessa átt ekki verið tekin upp í frumvarpið. Einn nefndarmanna hefur þó lagt til, að svo verði gert, eins og greint er í sérálíti hér að neðan.

Þá var einnig rætt, hvort mæla skyldi fyrir um framlög úr ríkissjóði til að bæta núverandi fjárhagsaðstöðu fyrirtækisins, en sýnt er, að skortur á rekstrarfé hefur nokkuð háð starfsemi þess að undanförnu, og m. a. takmarkað svigrúm þess í viðskiptaháttum. Einnig hefur skort fé til niðurgreiðslu á ýmsum erlendum stofnlánum, sem hvílt hafa á því með fullum þunga. Má sumpart rekja þetta til þeirrar fjárfestingar í mannvirkjum og flutningatækjum til dreifingar á sementi, sem í var lagt eftir að verksmiðjan byrjaði rekstur, en þó samkvæmt upphaflegri byggingaráætlun. Fjárhagsaðstaða verksmiðjunnar hefur verið stórlega bætt á árunum 1969 og 1970 fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar og stjórnar fyrirtækisins, m. a. með breytingu á lausaskuldum í löng lán hjá Framkvæmdasjóði og aukinni hagkvæmni í rekstri. Eftir sem áður er það athyglisvert, að eigið framlag ríkissjóðs í verksmiðjunni í árslok 1969 var aðeins 12 millj. króna, meðan bókfært verð fastafjármuna hennar (með hækkunum vegna gengisbreytinga) var yfir 500 millj. króna. Er fyrirtækið þannig að langmestu leyti byggt upp með lánsfé.

Ekki þótti þurfa að þessu sinni að fara fram á sérstaka hækkun á stofnfjárframlagi ríkisins, en um það mundi framvegis fara eftir ákvæðum 5. gr. frumvarpsins. Vera má hins vegar, að ástæða þyki til að athuga frekar þennan möguleika, þegar aðstaða fyrirtækisins gagnvart samkeppni frá aðildarlöndum EFTA hefur verið könnuð nánar. Það mál er nú í sérstakri athugun á vegum stjórnar sementsverksmiðjunnar. Frumvarp þetta er ekki þess eðlis, að fresta þurfi afgreiðslu þess, þar til þeirri athugun er lokið til fullnustu, heldur kæmi þá aftur til kasta Alþingis, ef nauðsyn þætti á sérstökum löggjafaraðgerðum niðurstöðunnar vegna.

Loks var það rætt, hvort ástæða væri til að breyta formi fyrirtækisins frekar en frumvarpið gerir ráð fyrir, og þá helzt þannig, að því yrði breytt í hlutafélag, þar sem ríkissjóður ætti öll hlutabréfin. Mundi því m. a. fylgja takmörkuð ábyrgð ríkissjóðs á þeim skuldbindingum fyrirtækisins, sem ekki er sérstök ríkisábyrgð fyrir. Slík breyting væri í samræmi við þá stefnu frumvarpsins, að fyrirtækið sé sjálfstæður aðili, sem standa beri á eigin fótum viðskiptalega séð, og kunnugt er, að hlutafélagsformið er víða notað erlendis um atvinnufyrirtæki í ríkiseign og hefur til þess ýmsa kosti. Meirihluti nefndarinnar taldi þessa breytingu þó ekki tímabæra, og væri varlegra að svo stöddu að treysta starfsgrundvöll fyrirtækisins í núverandi formi, eins og frumvarpið miðar að. Einn nefndarmanna telur þó eðlilegt að stefna að þessari breytingu nú þegar, sbr. sérálit hér að neðan.

Við athugun á öryggismálum og mengunarhættu vegna sementsverksmiðjunnar var haft samband við yfirverkfræðing hennar og Rannsóknastofnun iðnaðarins, sem látið hefur uppi sérstakt álit um það efni. Er það prentað sem fylgiskjal með greinargerð þessari. Mengunarhætta vegna verksmiðjunnar sýnist vera hverfandi, eins og þar kemur fram, ef vel er á haldið um umgengni og aðgæzlu í rekstrinum. Þykir ekki þörf frekari lagaákvæða um þessi efni en þeirra almennu aðhaldsfyrirmæla, sem felast í 14. gr. frumvarpsins, enda er fyrirtækið jafnframt háð almennum reglum um öryggi og hreinlæti á vinnustað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er skilgreind réttarstaða stofnunarinnar, með svipuðum hætti og gert er í gildandi lögum um ríkisbankana o. fl. stofnanir, sbr. t. d. 1. og 2. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands. Er nauðsyn að hafa hér um skýr ákvæði.

Um 2. gr.

Rétt er að tilgreina heimilisvarnarþing fyrirtækisins, og er það hér gert með svipuðum hætti og í 4. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands.

Um 3. gr.

Hér er skilgreindur tilgangur fyrirtækisins, í samræmi við núverandi horfur um starfsemi þess í framtíðinni. Heimildin um efnavinnslu tengda sementsframleiðslunni mundi t. d. ná yfir þá framleiðslu á áburðarkalki úr hráefnum verksmiðjunnar, sem þar hefur verið stunduð að undanförnu. Heimildin til að stunda rannsóknir á verkefnasviði verksmiðjunnar er sjálfsögð, en þess ber að gæta, að forusta um slíkar rannsóknir er þegar í höndum annarra aðila, þ. e. fyrst og fremst Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem fær sérstakar tekjur til starfsemi sinnar af sölu á sementi.

Um 4. gr.

Frumvarp þetta fjallar um skilgreiningu á starfandi fyrirtæki, en ekki um yfirtöku nýs fyrirtækis á öðru. Eigi að síður er ákvæði þetta nauðsynlegt til skilgreiningar á því, hvert stofnfé fyrirtækisins og eignir eru nú.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um framtíðarframlög til fyrirtækisins úr hendi eiganda, og samsvarar að sínu leyti 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 69/1969, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um heimildir fyrirtækisins til lántöku innanlands og utan, til almennra þarfa og til stofnframkvæmda. Er ráðgert, að ríkissjóður verði ekki skuldbundinn af lántökum vegna stofnkostnaðar, þ. e. fjárfestingar í meiriháttar framkvæmdum eða breytingum á mannvirkjum, nema til komi samþykki ríkisstjórnarinnar á grundvelli lagaheimildar.

Um 7. gr.

Hér fjallar um stjórn fyrirtækisins og stöðu hennar, sbr. 4. gr. fyrri laga, svo og undirritun skuldbindinga, þar sem til þurfi 4 stjórnarmenn. Samkvæmt almennum reglum mundi stjórnin þó geta falið fleiri eða færri aðilum sérstök umboð til að skuldbinda fyrirtækið, og má árétta það í reglugerð. Um prókúruumboð er fjallað í næstu grein.

Um 8. gr.

Hér er að finna ákvæði um framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Er fellt niður það ákvæði 5. gr. fyrri laga, að framkvæmdastjóri skuli vera einn og með verkfræðilega menntun, en í þess stað mælt fyrir um ráðningu tveggja framkvæmdastjóra, viðskiptamála og tæknimála, svo sem grein er fyrir gerð hér að ofan.

Um 9. gr.

Samsvarar 6. gr. fyrri laga. Gengið er út frá því, að stjórn fyrirtækisins ráði því jafnframt löggiltan endurskoðanda, er hafi umsjón með daglegu bókhaldi.

Um 10. gr.

Óbreytt frá 7. gr. fyrri laga, sem breytt var í núverandi horf með lögum nr. 39/1962. Það athugast, að ákvæði þetta telst ekki hagga gildandi reglum um greiðslu ½% framleiðslugjalds af sementi til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins samkv. 53. gr. laga nr. 64/1965.

Um 11. gr.

Samsvarar 8. gr. fyrri laga. Felld eru niður ákvæði um afskriftir og ráðstöfun tekjuafgangs, eins og gert var um Áburðarverksmiðju ríkisins með lögum nr. 69/1969, en skipa má þessu með reglugerð, ef þurfa þykir, sbr. annars 54. gr. laga nr. 52/1966 um ríkisbókhald. Um ráðstöfun tekjuafgangs bæri að hafa hliðsjón af ákvæðum næstu greinar.

Um 12. gr.

Hér fjallar um ákvörðun söluverðs á framleiðsluvörum verksmiðjunnar, er stjórn fyrirtækisins taki í samráði við ráðherra. Er það í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur að undanförnu. Sementið er nú verðlagt eftir verðjöfnunarsjónarmiðum, en ekki þykir þörf á að lögfesta það sérstaklega.

Um 13. gr.

Samsvarar 3. gr. fyrri laga. Er greinin fremur sett til öryggis, þar sem stjórn fyrirtækisins hefur þegar tryggt að verulegu leyti kaup á því landi, sem þurfa mundi við stækkun verksmiðjunnar.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða stefnumarkandi ákvæði í öryggismálum verksmiðjunnar, svipað því, sem nú gildir um kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn samkv. 10. gr. laga nr. 80/1966.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Minnihlutaálit Benedikts Gröndal, alþm.

Samkomulag náðist ekki í nefndinni um tvö veigamikil atriði, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, sbr. 8. gr., og tillögu mína um að veita starfsfólki verksmiðjunnar hlutdeild í stjórnun með aðild að samstarfsnefnd.

Það er tillaga mín, að 8. gr. orðist svo:

„Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins ræður forstjóra fyrirtækisins og skal hann hafa verkfræðilega menntun. Veitir hann fyrirtækinu forstöðu og hefur prókúruumboð fyrir það, annast daglegan rekstur og á sæti á stjórnarfundum. Setur stjórnin forstjóra erindisbréf, er kveði nánar á um starfsskyldur hans.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, svo marga sem þurfa þykir, til að stýra einstökum þáttum rekstrarins undir stjórn forstjóra."

Um hlutdeild starfsfólks í stjórnun flutti ég tillögu, sem hinir þrír nefndarmenn gátu ekki fallizt á. Var hún á þá leið, að á eftir 9. gr. kæmi ný grein svo hljóðandi:

„Við Sementsverksmiðju ríkisins skal starfa samstarfsnefnd skipuð þrem fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði, ásamt jafnmörgum varamönnum.

Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum aðilum til ráðuneytis, gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og efla hagkvæman rekstur fyrirtækisins. Nefndin skal eftir föngum leitast við að hindra eða leysa ágreiningsmál án þess að fara inn á svið kjarasamninga. Stjórnendum verksmiðjunnar ber að veita samstarfsnefnd allar þær upplýsingar um rekstur hennar, sem máli skipta.

Iðnaðarráðherra setur nánari ákvæði um samstarfsnefnd í reglugerð að fengnu áliti stjórnar verksmiðjunnar og starfsmannafélags."

Minnihlutaálit Sveins Guðmundssonar, alþm.

Ég teldi eðlilegt, að stofnað væri nú þegar til hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, þar sem ríkissjóður ætti einn öll hlutabréfin, og fyrirtækið rekið í því formi, eins og heppilegt hefur þótt um ríkisfyrirtæki víða um lönd, t. d. í Svíþjóð. Yrði fyrirtækið þá háð almennum reglum um hlutafélög, eins og við þætti eiga að lögum, og því jafnframt gert að greiða skatta og skyldur til samræmis við önnur hlutafélög í landinu. Samþykki ég frumvarpsdrög nefndarinnar með þessum fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Ásgeir Pétursson:

SEMENTSVERKSMIÐJA Á ÍSLANDI

Stutt yfirlit um aðdraganda að byggingu verksmiðjunnar og rekstur hennar.

Allt frá landnámi og framundir síðustu aldamót var húsakostur Íslendinga gerður úr lítt varanlegu byggingarefni. Á þessu varð breyting um aldamótin, er innflutningur sements hófst að ráði. Þannig er talið, að um miðjan fyrsta áratug aldarinnar hafi innflutningur á sementi náð tæpum 1800 tonnum. Er mönnum urðu ljósir kostir þessa efnis til mannvirkjagerðar, kom brátt fram sú hugmynd að framleiða það hér á landi. Ekki var þó að ráði gert í málinu fyrr en árið 1936, að fenginn var útlendur kunnáttumaður, sem kannaði aðstæður hérlendis til hugsanlegrar sementsframleiðslu. Gerði hann áætlun um að byggja verksmiðju í Gufunesi, sem ætlað var að vinna úr innlendum hráefnum. Hún reyndist óraunhæf, sökum of mikils kostnaðar.

Notkun á sementi fór vaxandi og var orðin það mikil árið 1945, að menn töldu tímabært að hefja athugun þessa efnis á ný. Urðu þær til þess, að árið 1947 var flutt á Alþingi frumvarp til laga um sementsverksmiðju og varð það að lögum næsta ár, sbr. lög nr. 35/1948.

Þessi lög voru í eðli sínu heimildarlög fyrir ríkisstjórnina til þess að láta byggja sementsverksmiðju, sbr. 1. gr. laganna, sbr. 2. gr. þeirra. Eru þessi lög, að meginstofni, enn í gildi og því orðið ærið tímabært að setja varanlega löggjöf um verksmiðjuna, rekstur hennar og stjórn, svo sem lagt er til með frumvarpi þessu.

Hinn 19. janúar 1949 voru þeir verkfræðingarnir dr. Jón E. Vestdal, Haraldur Ásgeirsson og Jóhannes Bjarnason skipaðir í nefnd til þess að ljúka rannsóknum og undirbúningi að byggingu sementsverksmiðju hér á landi. Nefndin átti að hafa samráð við atvinnumálaráðuneytið um störf og tillögur. Nefndin hóf störf 24. sama mánaðar, og skilaði skýrslu um þau í júní 1949.

Eftir þeim heimildum, sem Alþingi hafði veitt í fyrrgreindum lögum, var ráðgert að sú verksmiðja, sem reist yrði, gæti framleitt um 75 000 tonn á ári af sementi.

En í því sambandi er athugandi, að innflutningur sements hafði orðið 64 þús. tonn á árinu 1947 og hafði þrefaldazt á 10 árum. Þess má strax geta, að er sementsverksmiðjan á Akranesi var fullgerð, reyndust afköst hennar mun meiri en áætlað var, en hún getur framleitt yfir 100 þús. tonn á ári.

Í upphafi rannsóknar á því, hvar bezt væri að staðsetja verksmiðjuna, komu Vestfirðir mjög til greina. Síðar fóru fram athuganir á hráefni og öflun þess í Faxaflóa og fannst þar mikið magn skeljasands. Kísilsýruríkt líparít var fyrir hendi í Hvalfirði, en þessi hráefni eru undirstaða sementsframleiðslunnar. Við mölun sementsgjalls er blandað gibsi í það, sem er um 5% af heildarmagni sements, miðað við þunga. Það er nú innflutt frá Póllandi.

Áður en endanleg ákvörðun var tekin um staðarval fyrir sementsverksmiðjuna, lét nefndin gera samanburð á stofnkostnaði og framleiðslukostnaði á Vestfjörðum, Akranesi og Geldinganesi. Kom í ljós að miklu munaði, hve kostnaður yrði hærri á Vestfjörðum en við Faxaflóa. Mun sú staðreynd, að hafnarmannvirki voru fyrir hendi á Akranesi, og fyrirheit bæjarstjórnar þar um enn bætta hafnaraðstöðu og aðra fyrirgreiðslu, hafa skipt miklu máli um að verksmiðjunni var valinn staður á Akranesi. Ýmsir töldu þó, að æskilegt væri að staðsetja verksmiðjuna í námunda við Reykjavík, og bentu í því efni á það, að þar væri stærstur vinnumarkaður og að mikill hluti framleiðslu verksmiðjunnar yrði jafnan hagnýttur þar. Þess er þó rétt að geta að flutningur á skeljasandi og líparíti er skemmri til Akraness en til t. d. Reykjavíkur.

Það er í þessu efni athugandi, að þess sjást engin merki, að sú leið hafi verið könnuð, að byggja sementsverksmiðju í tengslum við áburðarverksmiðju. Er þetta þó þeim mun athyglisverðara, að bygging áburðarverksmiðju hafði verið ákveðin. En bersýnilegt er, að talsverð samvinna kom til greina milli slíkra fyrirtækja, bæði um hagnýtingu mannafla, tækja og efna.

Má í þessu sambandi benda á, að sementsverksmiðja getur framleitt áburðarkalk, sem áburðarverksmiðjan gæti hagnýtt í fjölbreyttari áburðartegundir, svo og að sementsverksmiðja getur hagnýtt súrefni til bættrar brennslu, en það efni skilst frá við rafgreiningu við vetnisframleiðslu.

Hinn 8. ágúst 1949 skipaði atvinnumálaráðherra fyrstu stjórn Sementsverksmiðju ríkisins. Var hún skipuð þrem mönnum. Hélzt sú skipan, að ráðherra skipaði þrjá menn í stjórn, til ársins 1961, er Alþingi gerði þá breytingu, að stjórnin skyldi skipuð fimm mönnum, kosnum af Sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn (l. nr. 7 frá 6. febr. 1961). Hefur sá háttur verið á hafður síðan.

Sementsverksmiðjan hóf framleiðslu á árinu 1958. Fer hér á eftir yfirlit um sementsnotkun á Íslandi árin 1958—1970:

1958	94	þús.	tonn
1959	88	—	—
1960	73	—	—
1961	58	—	—
1962	79	—	—
1963	103	—	—
1964	108	—	—
1965	118	—	—
1966	116	—	—
1967	120	—	—
1968	120	—	—
1969	87	—	—
1970	89	—	—

(Það athugist, að árin 1967—1969 voru seld alls 55 þús. tonn af sementi, sem framleitt var úr innfluttu sementsgjalli.)

Íslendingar nota sement einna mest allra þjóða, miðað við hvern íbúa. Þannig eru þeir hæstir árin 1953 og 1954 allra ríkja Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. **Ef könnuð er notkun aðildarlanda EFTA á sementi, kemur í ljós, að Íslendingar nota mest af sementi árin 1935 og 1950. Þeir eru í öðru sæti (á eftir Sviss) árið 1960 og** þriðja árið 1966. Skýringin á því er auðvitað augljós, og er fólgin í því, að hér á landi eru íbúðarhús aðallega byggð úr steinsteypu, rúm og rammgerð, sökum erfiðs tíðarfars. Á síðari árum hafa svo hlutföll í sementsnotkun breytzt þannig, að nýbyggingar í þágu atvinnuveganna hafa aukizt meira en íbúðarbyggingar. Erfitt er þó að draga skýr mörk í milli þessara þátta.

Ljóst er, að notkun sements er næmari fyrir breytingum á hinu almenna ástandi í efnahagsmálum þjóðarinnar en sjálfu verði sementsins. Ef dregur úr vexti þjóðarframleiðslunnar kemur það og mjög skjótt fram, mun fyrr en í öðrum löndum. Þess gætir einatt strax á því yfirstandandi ári, sem óhagstætt er, en ekki óhjákvæmilega næsta ár á eftir, eins og margir myndu ætla, að óreyndu.

Þá er það einnig mjög athyglisvert, að aukning á sementsnotkun fylgir aukningu þjóðarframleiðslunnar einungis að vissu marki. Er líklegt að hámark notkunar takmarkist í því efni af framboði á vinnuafli og tæknilegum aðstæðum á hverjum tíma.

Sú kenning hefur heyrzt, að þess megi vænta að sementsnotkun tvöfaldist á hverjum 10 árum. Hún er varhugaverð, enda hefur reynslan sýnt, að því er Ísland varðar, að á árunum 1958, er Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa, til ársloka 1968 jókst notkunin einungis um 29%.

Sementsnotkun á Íslandi, miðað við kg á íbúa, er frá 1960, svo sem hér segir:

1960	413
1961	322
1962	430
1963	551
1964	582
1965	609
1966	589
1967	605
1968	598
1969	430
1970	439

Af töflu þeirri, sem hér fer á eftir sést sementssala í krónutölu, heildarvinnulaunagreiðslur og niðurstaða rekstrarreiknings:

Ár	Sementssala í kr.	Vinnulaun	Rekstursútkoma
1958	20 049 455.65	15 499 104.06	÷ 109 106.42
1959	55 603 533.69	11 454 363.11	+ 140 474.50
1960	66 491 252.35	12 857 425.78	+ 84 802.97
1961	77 962 806.85	12 538 060.97	+ 63 677.84
1962	106 108 940.59	16 549 901.68	+ 168 628.51
1963	126 580 135.76	17 763 092.19	+ 1 419 991.65
1964	131 476 986.16	20 745 941.08	+ 6 733 903.13
1965	148 880 096.39	25 591 446.32	+ 2 313 104.91
1966	135 108 607.89	34 040 952.88	+ 1 532 500.25
1967	150 811 660.63	43 989 656.14	+ 235 787.34
1968	163 279 443.21	47 534 312.64	÷ 8 319 462.33
1969	173 251 719.55	45 468 418.84	÷ 3 906 949.57
1970	207 004 413.25	53 042 490.90	÷ 144 385.20
Samtals	1 562 609 051.97	357 075 166.59	

Taflan sýnir niðurstöður í ársreikningum hverju sinni. Raunveruleg rekstrarafkoma var þó mun betri en tölur ársins 1964 sýna, vegna breyttra aðferða við afskriftir og breyttra matsaðferða, að því er birgðir varðar. Rekstrarafkoman 1968 er svo óhagstæð sem raun ber vitni sökum gengisbreytingar, en verksmiðjan varð þá fyrir áföllum, m. a. vegna gengistaps á erlendum lausaskuldum.

Gengistap vegna fastra erlendra byggingarlána á árinu 1968, svo dæmi sé nefnt, nam kr. 99.4 millj.

Rétt er að fram komi, að framleiðsla ársins 1970 varð mun minni en ella, vegna þess að undir lok hinnar venjulegu stöðvunar framleiðslu, vegna eftirlits með vélum, skall á langvarandi verkfall. Gjallframleiðsla á hvern rekstrardag varð svipuð og árið á undan.

Reikningsskilum fyrir árið 1970 er lokið. Rekstrarhalli varð kr. 144 385.00. Fastafjármunir fyrirtækisins höfðu þá verið afskrifaðir um 42.4 millj. kr. Lausafjárstaða verksmiðjunnar batnaði um 6.2 millj. kr. á árinu 1970 og er það niðurstaða eignabreytingareiknings. Stafar það að öllu leyti af eigin fjáröflun. Lausafjárstaðan er þó enn mjög erfið, því veltufjármunir í árslok 1970 eru 93.9 millj. kr. en lán til skamms tíma alls 127.9 millj. kr.

Öllum er ljós þjóðhagsleg þýðing þess, að framleiða sement, hið þýðingarmesta byggingarefni, í landinu sjálfu. Þá er og rétt að benda á hversu stórfellda þýðingu verksmiðjan hefur fyrir atvinnulíf í Akraneskaupstað. Sést það m. a. af eftirfarandi: Sementsverksmiðjan greiddi 52.7 millj. kr. í laun á árinu 1970, þar af til starfsmanna, sem búsettir eru á Akranesi, 45.6 millj. kr. Hún greiddi til hafnarsjóðs Akraness, í vörugjöld, 3.3 millj. kr. á sama ári, sem mun vera yfir 40% af bruttótekjum hafnarsjóðsins. Sementsverksmiðjan mun greiða í landsútsvar vegna ársins 1970 4.6 millj. kr., þar af rennur rúmlega fjórði hlutinn til bæjarsjóðs Akraness. Verksmiðjan keypti raforku af Rafveitu Akraness fyrir 8.6 millj. kr. árið 1970. Verksmiðjan á auk þess viðskipti við fjölda fyrirtækja á Akranesi, fyrir fjárhæð, er nemur mörgum millj. kr.

Dreifing sements fer fram frá verksmiðjunni á Akranesi og afgreiðslustöðinni að Ártúnshöfða í Reykjavík. Skiptist salan á árinu 1970 þannig í kr.:

Selt sement á Akranesi	69.2	millj. kr.
Selt sement í Reykjavík	155.8	— —

(Það athugist að söluskattur og afsl., kr. 17.9 millj., er innifalinn í þessum tölum).

Frá verksmiðjunni á Akranesi er sement flutt til Ártúnshöfða með ferju, sem er í eigu Akraneskaupstaðar og verksmiðjan hefur notað frá upphafi. Sandey, skip Björgunar h.f., dælir upp og flytur til Akraness um 120 þús. m³ af skeljasandi á ári.

Sementsverksmiðja ríkisins lét byggja skip árið 1965, Freyfaxa (1387 smál. að burðarþoli), sem sérstaklega er byggt til flutnings á sementi á hafnir landsins. Hófust flutningar með þessu skipi árið 1966 og flytur það framleiðsluna á nál. 40 hafnir. Mjög brýn nauðsyn var orðin á því, að fyrirtækið hefði slíkt skip til umráða, ef takast átti að veita þá þjónustu, að því er flutninga varðaði, sem æskilegt var talið. Flutningskostnaður var á árinu 1970 kr. 435.00 á tonn, en uppskipunargjald hefur haldizt óbreytt mörg ár. Auk þess að flytja sement á hafnir landsins, fer skipið venjulega 5 ferðir árlega (að vetrarlagi) til Póllands og flytur þaðan rúmlega 5000 tonn af gibsi.

Verksmiðjan flytur með eigin flutningabifreiðum líparít frá námunni í Hvalfirði og eru flutt þaðan í verksmiðjuna á Akranesi um 20 þús. tonn á ári. Þá á verksmiðjan þrjár tankbifreiðar, til flutninga á lausu sementi. Sement til steypustöðva, og til meiriháttar mannvirkjagerða, er yfirleitt flutt án umbúða, eða „laust", eins og kallað er í daglegu máli.

Sementsverksmiðjan hefur flutt sement til útlanda. Er notkun sements innanlands minnkaði mjög á árunum 1960—1962, var gripið til þess ráðs að selja hluta framleiðslunnar til Bretlandseyja. Var það sement flutt út sekkjað og var magnið 51 þús. tonn. Þótt verðið væri lægra, sem fékkst á hinum erlenda markaði, var fjárhagslega betri kostur að selja framleiðsluna úr landi en að stöðva rekstur verksmiðjunnar. Verðið svaraði breytilegum kostnaði. Auk þess fékkst við þennan útflutning margháttuð, dýrmæt reynsla og staðfesting á gæðum framleiðslunnar. Á s. l. ári voru flutt út 10 þús. tonn af sementsgjalli til Danmerkur.

Frá öndverðu var gert ráð fyrir því, að Sementsverksmiðjan yrði stækkuð er tímar liðu og notkun hefði vaxið. Ljóst er þó, að ekki kemur til mála að stækka verksmiðjuna fyrr en öll framleiðsla hennar og allmikill innflutningur selst árvisst. Með þetta í huga voru verksmiðjubyggingar og stjórnbygging hafðar stærri en ella. Kvarnhús getur rúmað viðbótar kvarnir til mölunar á sementsgjalli. Pökkunarstöð er nýtt að tæpl. 70% við núverandi stærð, og minnkar sú nýting ef pökkunarvélar verða settar upp í Ártúnshöfða. Olíutankar eru nægilega stórir til þess að geyma olíu eftir að stækkun hefur verið framkvæmd og staðsetning brennsluofns er með þeim hætti, að unnt er að bæta við öðrum ofni og hagnýta jafnframt önnur framleiðslutæki, sem fyrir eru. Sementsverksmiðjan er lítil, borið saman við flestar erlendar verksmiðjur, og augljóst, að erfitt er að ná þeirri hagkvæmni í framleiðslu, sem unnt er með afkastameiri framleiðslutækjum.

Sement er verðjafnað og er útsöluverð þess svipað víðast hvar á landinu. Hefur svo verið frá því er verksmiðjan hóf starfsemi sína, enda var þá stefnt að því að þetta fyrirtæki þjóðarinnar skyldi koma landsmönnum að svipuðu gagni, án tillits til búsetu. Hætt er við að menn teldu það ekki efla jafnvægi í byggð landsins, ef svo þýðingarmikið byggingarefni sem sement er, yrði þeim mun dýrara sem lengra dregur frá þéttbýlinu við Faxaflóa.

Kostnaður við skrifstofuhald, stjórnun og rekstur rannsóknarstofu er eðlilega óhagstæðari í smárri verksmiðju en stórri. Hlutdeild skrifstofuhalds í heildarmannafla lækkaði þó verulega, er skrifstofa verksmiðjunnar var flutt á Akranes árið 1969. Starfsmenn Sementsverksmiðjunnar eru nú 135 að tölu.

Vegagerð úr steinsteypu hefur ekki verið mikil hér á landi. Mesta mannvirki þeirrar tegundar er þjóðvegurinn milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Í ráði er að halda áfram Vesturlandsvegargerð með varanlegu slitlagi. Sementsverksmiðjan gefur sveitarfélögum kost á sementi til gatnagerðar með lánskjörum, og hafa allmörg þeirra notfært sér þau boð. Hefur stjórn Sementsverksmiðjunnar mjög lagt sig fram um að stuðla að frekari þróun á þessu sviði.

Reynslan virðist sýna, að malbik reynist yfirleitt ekki vel hér á landi. Þýzkur vegagerðarsérfræðingur, sem hingað kom á vegum Sementsverksmiðjunnar, telur, að umhleypingasamt veðurfar valdi þar miklu. Tíðar hitasveiflur valda því, að malbik er á stöðugri hreyfingu, lyftist við frostþenslu og hjaðnar er hlýnar. Kunni þetta að valda því, að malbik haldi ekki samloðunarhæfni sinni eins og það gerir við stöðugra veðurfar.

Umsögn fyrirsvarsmanna Vegagerðar ríkisins um íslenzkt sement í brýr og vegi er sú, að það hafi uppfyllt þær kröfur, sem til þess eru gerðar, og reynzt mjög vel.

Sementsverksmiðja ríkisins getur framleitt um 10 þús. tonn á ári af áburðarkalki. Hún styður jarðvegsrannsóknir varðandi notagildi kalks, m. a. gegn kalskemmdum. Rannsóknirnar eru framkvæmdar við Bændaskólann á Hvanneyri, og leggur verksmiðjan til bæði fjármuni til þess að standa undir vísindarannsóknum þessum og ókeypis kalk.

Að lokum skal vikið að því að Sementsverksmiðja ríkisins hefur ekki að ráði rekið skipulagða upplýsingastarfsemi fyrir almenning, notendur sements eða aðra. Úr þessu er brýn nauðsyn að bæta, því ekki er ósennilegt, að skortur á upplýsingum frá fyrirtækinu sjálfu eigi nokkra sök á þeirri einatt órökstuddu gagnrýni, sem gætt hefur að undanförnu á þessari stofnun.

Fylgiskjal II.

RANNSÓKNASTOFNUN IÐNAÐARINS

Reykjavík, 15. janúar 1971.

Mengunarmöguleikar á Akranesi af völdum Sementsverksmiðju ríkisins.

Framleiðslustarfsemi Sementsverksmiðjunnar er í þrem þáttum:

1) Hráefnisöflun.
2) Leðjuframleiðsla og gjallbrennsla.
3) Gjallmölun, sementspökkun.

Ef þessir þættir eru athugaðir nánar hvað mengunarhættu viðvíkur, þá er:

1. Hráefnisöflun.

Ekki er mögulegt að tala um mengun í sambandi við hráefnaöflunina.

Líparítið er flutt að frá líparítnámunni í Hvalfirði og flutt beint í lokaða efnisgeymsluna.

Skeljasandinum er dælt úr sanddæluskipinu inn í sandgeymsluþró. Eru steyptir varnarveggir kringum sandgeymsluþróna til þess að hefta sandfok eftir föngum.

Í afspyrnuroki er ekki útilokað, að nokkur sandur geti fokið, og annað sandfok á Akranesi miklu meira.

2. Leðjuframleiðsla og gjallbrennsla.

Leðjan er framleidd með mölun á skeljasandi og líparíti með íblöndun vatns. Samfara þessari vinnslu er engin mengun. Einungis getur hent, að leðja berist út á lóð verksmiðjunnar og valdi þar vissum óþrifum. En þornar síðan og verður þá ekki greind frá öðrum jarðefnum og er því engin mengun, þótt mistök hafi orðið.

Í sambandi við gjallbrennsluna er aðalmengunarhættan, enda eru þar miklar ráðstafanir gerðar til þess að hindra slíkt.

Mengun sú, sem orðið getur, er — rykmengun og mengun af völdum brennisteinsoxíðs.

Í öllum sementsofnum myndast mikið ryk, en þar sem á Akranesi er unnið með vot- eða leðjuaðferð, eru erfiðleikarnir þess vegna minni en ella.

Megnið af rykinu festist í keðjunum, sem hræra í leðjunni í þurrkenda ofnsins. Síðan falla stærstu rykkornin niður í geymi þann, sem er utan um leðjuinntakið. Reykurinn fer því næst í gegnum 2 raf-ryksíur, áður en honum er blásið upp um skorsteininn.

Rafryksíur þessar eru með eðlilegum rekstri mjög vel virkar, þannig að í reynd fjarlægja þær um 99% alls ryks, en það sem út gæti farið er minna en 10 micron og það fínt, að það svífur.

Skorsteinninn er 67 metrar á hæð, en það tryggir bezta dreifingu og að reykurinn þynnist og berist langt, áður en hætta væri á, að hann legðist að jörðu.

Í reyknum er ávallt brennisteinsoxíð, sem á uppruna sinn í brennisteini þeim, sem í brennsluolíunni er.

Þar sem mjög veigamikið er, vegna gæða sementsins, að sem minnst brennisteinssambönd myndist, er reynt að fá olíu með sem minnstu brennisteinsmagni. Mun magnið vera það lágt, um 2%, að það eitt ætti að tryggja, að magn brennisteinsoxíðs í reyknum er ávallt minna en þau mörk, sem tilskilin eru í þéttbýli erlendis eða 0.20%.

Önnur rykmyndun er í sambandi við kælingu gjallsins, og eru þar notaðir straumhvirfilshreinsarar (cyklonar). Eru þessi tæki einnig vel virk, enda auðveldara að fást við þetta ryk, þar sem það er grófara.

Þetta ryk er ávallt kringum brennsluenda ofnsins og verður að sjúga eða sópa því upp. En umhverfinu stafar ekki hætta af því, enda er ryk þetta ekki hættulegt (sjá síðar).

Gjallið er flutt í gjallgeymsluna í lokuðum keðjustrokkum og því lítið ryk, sem getur borizt út þaðan.

3. Gjallmölun og sementspökkun.

Gjallið er geymt í lokuðum gjallgeymsluskála og mokað þar inn í gjallmölunargeymana og eru því litlir möguleikar á, að ryk berist út.

Við sementskvörnina myndast eðlilega ryk, en þar er það einnig hreinsað með rafsíu, svo að lítið sem ekkert berst út.

Í mölunarsalnum sezt óviðráðanlega til sementsryk, en það berst ekki út vegna stærðar salarins og forsalarins, sem er áfastur.

Við sementsgeymana eru einnig síur, pokasíur, og eru þær einnig í sambandi við pökkunina, svo engin mengun berst út í umhverfið.

Flutningur frá verksmiðjunni á sementi getur valdið slæðingi sements, ef pokar rifna, en ekki getur slíkt talizt mengun.

Efni þau, sem eru í sementsryki frá sementsverksmiðju, sem vinnur með vot- eða leðjuaðferðinni, eru ekki skaðleg. Czaja, Zementstaubwirkung 1962; Cohrs und Trautwein: Experimentale Untersuchung über die Wirkung von Zementstaub auf Tiere. 1959.

Gróðri og dýrum er því engin hætta búin af völdum úrgangsefna, sem berast kunna frá sementsverksmiðjunni á Akranesi.

Ekki er heldur kunnugt um, að sements- eða gjallryk það, sem óhjákvæmilega er ávallt til staðar í sambandi við störf við sementsverksmiðjur eins og sementsverksmiðjuna á Akranesi, hafi að jafnaði skaðlegar verkanir á starfsmenn.

Sements- eða gjallrykið er leysanlegt og getur líkaminn losað sig við það að vissu marki. Er það á annan veg en kísilsýruríkt steinryk, sem valdið getur „Silicosa". Þó hafa sumir ofnæmi fyrir öllu ryki, og eiga þeir ekki að vinna í slíkum verksmiðjum. En þó skal sú regla gilda að verja sig ávallt öllu ryki með rykgrímum.

Ályktun.

Í sambandi við framleiðslu sements í Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi er óhjákvæmilega rykmyndun og einnig myndast kolsýra ásamt brennisteinsoxíði við brennslu gjallsins.

Ráðstafanir þær, sem gerðar eru til þess að hefta mengun umhverfisins eru af þeim fullkomnustu og virkustu gerðum sem fáanlegar eru. — Pokasíur, hvirfilloftrykskiljur, rafrykskiljur og mjög hár reykháfur.

Að sjálfsögðu er við vélar og framleiðslutæki verksmiðjunnar ávallt ryk eins og í öllum sementsverksmiðjum.

En ef öll tæki eru í lagi og fyllsta þrifnaðar gætt, er lítil hætta á, að ryk berist út af lóð verksmiðjunnar nema mjög stutt.

Berist ryk út, er það skaðlaust. Öðrum efnum, svo sem brennisteinsoxíði er dreift það hátt og það mikið þynntu, að skaði af því er óhugsandi.

Virðingarfyllst,

Pétur Sigurjónsson.

Nd. 538. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um Fiskiðju ríkisins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að komið verði á fót sérstakri ríkisstofnun, Fiskiðju ríkisins, sem hafi það verkefni með höndum að reka verksmiðjur til fullvinnslu á ýmiss konar sjávarafurðum.

Lagt er til, að Fiskiðja ríkisins komi upp fiskvinnsluverksmiðjum víðs vegar á landinu og taki m. a. við stjórn og rekstri á Niðurlagningarverksmiðju ríkisins á Siglufirði.

Enginn vafi leikur á, að Íslendingar standa langt að baki flestum fiskveiðiþjóðum í fullvinnslu fiskaflans. Hér er niðursuða og niðurlagning komin skammt á veg. Og í landinu er engin verksmiðja, sem framleiðir tilbúna matarrétti úr fiski til útflutnings. Lítil von er til, að verulegur skriður komist á aukna fullvinnslu fiskaflans, nema til komi verulega aukinn stuðningur ríkisins.

Niðursuða og niðurlagning krefst fullkomins söluskipulags, sem ekki er til, eins og nú standa sakir í landinu.

Nýir markaðir fyrir fullunnar vörur vinnast ekki nema með miklum tilkostnaði.

Með frumvarpinu er lagt til, að ríkið taki að sér forustu í þessum málum og leggi fram talsvert fé til markaðsöflunar.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1971.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 539. Breytingartillögur [213. mál]

við frv. til laga um náttúruvernd.

Frá Birni Jónssyni og Steingrími Hermannssyni.

1. Við 4. gr. 2. lið. Við upptalningu bætist: Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Félag íslenzkra arkitekta.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing, og skulu tveir þeirra vera líffræðingar og tveir verkfræðingar, en kosning tveggja er óbundin. Kosningarrétt við kjör Náttúruverndarráðs hafa allir þeir, sem Náttúruverndarþing skipa, að undanskildum þeim, sem taldir eru í 5. og 6. lið 4. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.
3. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum þ. á m. um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.
4. Við 24. gr. 2. málsliður orðist svo:
   Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki, sem spilla svip landsins.

Ed. 540. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „utanríkismálanna“ í 1. mgr. 3. gr. komi: utanríkisþjónustunnar.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið svo og styðja breytingartillögur, er fram kunna að koma.

Alþingi, 17. marz 1971.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Karl Guðjónsson.	Sigurgeir Kristjánsson.	Steinþór Gestsson.
	Ólafur Björnsson.	

Sþ. 541. Nefndarálit [129. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á möguleikum á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér tillögu þessa og leggur til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 17. marz 1971.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Jónas Árnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
	Matthías Bjarnason.	

Nd. 542. Breytingartillaga [260. mál]

við frv. til l. um fiskvinnsluskóla.

Frá Jóni Skaftasyni.

Við 6. gr. Í stað orðanna „staðsettur í Reykjavík“ komi: staðsettur í Keflavík.

Ed. 543. Tillaga til þingsályktunar [274. mál]

um sjúkraflug á Vestfjörðum.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

Jafnframt því sem efri deild Alþingis lýsir stuðningi sínum við framkomna tillögu til þingsályktunar í neðri deild um athugun á sjúkraflugi á Vestfjörðum með

þyrilvængju, ályktar deildin að fela ríkisstjórninni að láta jafnframt athuga, hvort hagkvæmara reynist að leysa slíkt sjúkraflug með rekstri vel útbúinnar tveggja hreyfla flugvélar, sem staðsett er á Vestfjörðum og styrkt af opinberu fé, og þeirri fjölgun og endurbótum á sjúkraflugvöllum, sem nauðsynleg reynist.

Greinargerð.

Undanfarið hefur að vonum mikið verið rætt um skort á góðri heilbrigðisþjónustu í dreifbýlinu. Mörg héruð landsins eru án lækna.

Helzt er rætt um að leysa þennan vanda með læknamiðstöðvum. Sú hugmynd er að ýmsu leyti athyglisverð. Þar geta starfað fleiri læknar en í einstökum héruðum og jafnvel sérfræðingar á ákveðnum sviðum, auk þess sem telja verður sjálfsagt, að aðstaða í slíkum læknamiðstöðvum verði mjög góð. Slíkar stöðvar koma hins vegar að takmörkuðum notum, ef læknar komast ekki stóran hluta ársins til hinna ýmsu staða, sem á svæði viðkomandi læknamiðstöðvar eru. Einnig er oft nauðsynlegt að flytja sjúklinga í fullkomnari sjúkrahús, t. d. í Reykjavík, með mjög litlum fyrirvara.

Til lausnar á þessum vanda hefur verið lögð fram í neðri deild Alþingis þingsályktunartillaga um staðsetningu þyrilvængju á Vestfjörðum. Sú hugmynd er góðra gjalda verð, og er sjálfsagt, að athuguð verði. Þyrilvængjur eru hins vegar mjög kostnaðarsamar, bæði í stofnkostnaði og í rekstri, einkum ef þær eru svo stórar, að þær geti þolað misjöfn veður og sviptivinda, sem tíðir eru á Vestfjörðum. Því telur flutningsmaður þessarar tillögu eðlilegt, að jafnframt sé kannað, hvort leysa megi þetta brýna mál Vestfjarða með vel útbúinni tveggja hreyfla flugvél og fjölgun og endurbótum á sjúkraflugvöllum.

Á Ísafirði er nú staðsett lítil eins hreyfils vél með takmarkaða möguleika til flugs í lélegu veðri. Þó hefur dugmiklum flugmanni vélarinnar tekizt að koma sjúklingum í sjúkrahús við hin erfiðustu skilyrði. Möguleikar til slíks mundu hins vegar stórum batna með fullkominni vél. Þeir menn, sem umrædda flugvél reka, hafa fullan hug á því að afla sé annarrar og fullkomnari vélar. Þó verður að ætla, að þeim verði rekstur slíkrar vélar ofraun án opinberrar aðstoðar. Hins vegar er sjálfsagt, að hið opinbera styrki sjúkraflug mjög verulega. Því virðist ágætur grundvöllur til samstarfs við þessa aðila um lausn sjúkraflugs á Vestfjörðum, ef sú athugun, sem hér er lagt til að gerð verði, bendir til þess, að slíkt sé hagkvæmt.

Sjúkraflugvellir eru allmargir á Vestfjörðum, en víða þarf að endurbæta þá og á nokkrum stöðum að gera nýja. Kostnaður við slíkt yrði hins vegar aðeins hluti af kaupverði þyrilvængju, auk þess sem slíkir flugvellir yrðu hinir þörfustu fyrir fólksflutninga almennt. Jafnframt því sem rekstur góðrar flugvélar er athugaður, er því nauðsynlegt að kanna, hvar endurbæta þarf sjúkraflugvelli eða gera nýja.

Ed. 544. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 19. marz 1964, um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Kristjáni Ingólfssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „kr. 300.00“ kemur: kr. 400.00.
2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 1100.00“ kemur: kr. 1400.00.
3. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Eftir gildistöku þessara laga endurgreiði ríkissjóður að fullu kostnað við eyðingu minka samkvæmt lögum.

Sþ. 545. Nefndarálit [190. mál]

um till. til þál. um rannsókn á aðstöðu æskufólks til framhaldsnáms.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þessa tillögu til athugunar, og mæla undirritaðir sex nefndarmenn með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 17. marz 1971.

Bragi Sigurjónsson, form.	Matthías Bjarnason, frsm.	Gísli Guðmundsson.
Jónas Árnason.	Friðjón Þórðarson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 546. Tillaga til þingsályktunar [275. mál]

um Djúpveg í Ísafjarðardjúpi.

Flm.: Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka framkvæmdalán til að ljúka við lagningu Djúpvegar í Ísafjarðardjúpi fyrir árslok 1973, þannig að hringvegur fáist um Vestfirði.

Greinargerð.

Eins og flestum mun kunnugt, var Vestfjarðaáætlunin svonefnda fyrsta skipulagða byggðaþróunaráætlunin, sem gerð hefur verið á Íslandi.

Fyrsti þáttur hennar var um samgöngumál, sem byggðist á því að bæta samgöngur innan Vestfjarða með því að tengja önnur byggðarlög við svokallaða byggðarkjarna og hins vegar að bæta samgöngur milli Vestfjarða og annarra landshluta. Þá var talið sennilegt, að farþegaflutningar milli Vestfjarða og annarra landshluta mundu að mestu leyti fara fram um flugvelli á Ísafirði og Patreksfirði, en vöruflutningar færu hins vegar að mestu leyti fram á sjó, fyrst og fremst með reglubundnum siglingum til byggðarkjarnanna, en á því síðast talda hefur orðið mikill misbrestur og er enn þá óleyst vandamál. Þessi samgönguáætlun náði ekki nema yfir hluta Vestfjarða, en samt má segja, að það, sem búið er að framkvæma, hafi orðið ákveðin lyftistöng, enda eru góðar samgöngur alger forsenda atvinnulegrar og félagslegrar uppbyggingar í okkar þjóðfélagi. Vegna þessara framkvæmda hefur endanleg lagning Djúpvegar við Ísafjarðardjúp dregizt úr hófi fram. Nú er talið, að ekki vanti nema um 50 km vegarlagningu úr Hestfirði yfir í Skötufjörð í Ísafjarðardjúpi, en þegar þeim vegarkafla er lokið, verður hægt að aka hringveg um Vestfirði.

Af eðlilegum ástæðum er gífurlegur áhugi Norður-Ísfirðinga á, að þessum framkvæmdum verði hraðað sem allra mest. Eftirfarandi samþykkt var gerð: „Sameiginlegur fundur sveitarstjórnarmanna í N.-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, haldinn í Hnífsdal 8. júní 1968, fagnar þeim samgöngubótum, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum og nú er unnið við að fullgera. Telur fundurinn, að næsta stórátak í vegagerð á Vestfjörðum sé lagning Djúpvegar, er tengi byggðir á norðanverðum Vestfjörðum lengur en nú við akvegakerfi landsins. Gerð verði áætlun um að ljúka Djúpvegi þegar á næsta tímabili vegáætlunar og verði lán tekin til framkvæmda, ef þörf krefur, enda telur fundurinn, að lagning Djúpvegar hafi meginþýðingu fyrir þróun byggðar á Vestfjörðum."

Á fundi Fjórðungsþings Vestfjarða, sem haldinn var 19. júlí 1970 að Bjarkarlundi, var gerð samþykkt um samgöngumál almennt. Í þeirri samþykkt stendur: „Einnig ber að ljúka sem fyrst við veginn vestan við Ísafjarðardjúp.“

Það vantar aðeins herzlumuninn til að ljúka við lagningu Djúpvegar, og þegar hann verður orðinn að veruleika, mun meginumferð frá Ísafirði og N.-Ísafjarðarsýslu beinast um þann veg, því að á þessari leið er í raun og veru aðeins um einn fjallveg að ræða, en það er Þorskafjarðarheiði. Það má minna á það hér, að Vestfirðingar hafa lagt drjúgan skerf í þjóðarbúið, og þess vegna er full ástæða til, að framkvæmdum við Djúpveg verði hraðað eins og gert er ráð fyrir í tillögu þessari.

Nd. 547. Frumvarp til laga [276. mál]

um kauptryggingarsjóð.

Flm.: Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist kauptryggingarsjóður, og skal það vera hlutverk sjóðsins að tryggja launamönnum skaðlausa greiðslu ógoldinna vinnulauna, enda þótt launagreiðandinn verði ógjaldfær eða bú hans tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

2. gr.

Hver launamaður, sem á réttmæta launakröfu á hendur atvinnurekanda sínum, skal eiga þess kost gegn framsali að fá vangoldna launakröfu sína ásamt útlögðum kostnaði við heimtu hennar greidda úr kauptryggingarsjóði, þegar svo er ástatt sem hér segir:

a) **ef bú launagreiðandans hefur verið tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar og skiptaráðandi úrskurðað launakröfuna réttmæta, sbr. 3. gr.;**
b) **ef launakrafan hefur verið gerð aðfararhæf með dómi, úrskurði eða sátt, en launagreiðandinn reynzt ógjaldfær, enda þótt bú hans hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, sbr. 4. gr.**

Nú hefur stjórn kauptryggingarsjóðs greitt launamanni ógoldna vinnulaunakröfu samkvæmt lögum þessum og fengið kröfuna framselda, og gengur þá kauptryggingarsjóður inn í öll réttindi, þar með talin forgangsréttindi í þrotabúi launagreiðanda, sem byggð verða á kröfunni, sbr. 5. gr.

3. gr.

Nú á launamaður launakröfu á atvinnurekanda og er hún ógreidd, þegar bú atvinnurekandans er tekið til gjaldþrotaskipta, og er þá launamanni rétt að lýsa vinnulaunakröfu sinni í þrotabúið og fá innan tveggja mánaða, frá því að skipti hófust, úrskurð skiptaráðanda um lögmæti kröfunnar gagnvart þrotamanni og skuldheimtumönnum hans. Að þessum úrskurði gengnum skal stjórn kauptryggingarsjóðs innan eins mánaðar, frá því að ósk um það er sett fram, greiða launamanni kaupkröfuna gegn framsali samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Nú hefur atvinnurekandi stöðvað greiðslu launa, og er þá launamanni rétt að gera ógoldin vinnulaun sín aðfararhæf, svo sem lög standa til. Að því gerðu er stjórn kauptryggingarsjóðs heimilt, ef launamaður óskar þess, að greiða kaupkröfuna gegn framsali. Það er rík ástæða til að nota heimild þessarar greinar, ef stjórn kauptryggingarsjóðs verður þess áskynja, að greiðslustöðvun launa stafar af almennri ógjaldfærni launagreiðandans, sem mun leiða til gjaldþrots.

5. gr.

Þar sem í lögum þessum er rætt um vinnulaunakröfur taka ákvæðin einnig til aflahlutar, fæðispeninga, greiðslu fyrir ákvæðisvinnu, orlofs, svo og til greiðslu í sjúkrasjóði, orlofsheimilissjóði og lífeyrissjóði stéttarfélaga. Allar þessar kröfur skulu hafa forgangsrétt í þrotabúi launagreiðanda samkvæmt 5. tölulið b-liðar 83. gr. skiptalaga, nr. 3 frá 12. apríl 1878.

6. gr.

Kauptryggingarsjóður heyrir undir félagsmálaráðuneytið, og skipar það sjóðnum stjórn til fjögurra ára í senn. Í stjórn sjóðsins skulu vera 3 menn, einn skipaður samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn skipaður samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, en oddamaður án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar. Úr sjóðnum skal greiða allan kostnað af rekstri hans og starfsemi, þar með talin laun stjórnarmanna, sem ráðherra ákveður. Félagsmálaráðuneytið setur í reglugerð nánari fyrirmæli um efni það, sem lög þessi taka til.

7. gr.

Fjár skal aflað í kauptryggingarsjóð með þeim hætti, að allir þeir, sem laun greiða, skulu greiða árlegt iðgjald í sjóðinn, sem nemur 0.5‰ af heildarlaunagreiðslum þeirra yfir árið, og skulu skattstjórar, hver í sínu umdæmi, reikna út iðgjaldið eftir innsendum launamiðum og leggja það á, en innheimta þess fer fram með hinni almennu skattheimtu. Auk þessa verða tekjur kauptryggingarsjóðs greiðslur upp í forgangsréttarkröfur sjóðsins úr þrotabúum launagreiðenda svo og vaxtatekjur af innistæðu sjóðsins á hverjum tíma.

8. gr.

Nú hrökkva samanlögð iðgjöld ekki fyrir greiðslum samkvæmt lögum þessum, og er þá stjórn kauptryggingarsjóðs heimilt að taka innlent bráðabirgðalán og skal ríkisábyrgðarsjóður ábyrgjast þá lántöku.

9. gr.

Kauptryggingarsjóður hefur sérstakan fjárhag og bókhald. Birta skal ársreikninga sjóðsins í B-deild Stjórnartíðinda, enda hafi þeir verið endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

10. gr.

Lög þessi taka gildi hinn 1. jan. 1972, og skulu iðgjöld ársins 1972 álögð eftir launamiðum, sem launagreiðendur senda skattyfirvöldum vegna launagreiðslna á árinu 1971.

Greinargerð.

Það hefur margsinnis komið í ljós, að lagaákvæði um forgangskröfur launa í sambandi við greiðsluþrot eða gjaldþrot atvinnurekenda standast engan veginn í verki hér á landi. Til þess kemur árlega, að launamenn tapa háum upphæðum af þessum ástæðum; er þar oft um að ræða verkafólk, sem hefur ekki efni á að gefa vinnu sína á þennan hátt, og geta þá vanefndir á greiðsluskyldu valdið mjög þungbærum fjárhagsörðugleikum. Komið hefur fyrir, að margir tugir manna hafa ekki fengið eyri greiddan af launakröfum sínum, þótt þær næmu tugum þúsunda hjá hverjum. Mun mega nefna dæmi þess, að verkafólk hafi tapað vinnulaunum, sem námu yfir 2 milljónum hjá einu og sama fyrirtæki. Síðustu dagana hefur í blöðunum verið minnt á gjaldþrot verktaka, sem tók að sér að reisa orlofsheimili verkalýðssamtakanna í Ölfusi, en varð gjaldþrota og gat ekki staðið skil á vinnulaunum. Er þar að sjálfsögðu um sérstaklega viðkvæmt dæmi að ræða, þar sem verið var að vinna verk í þágu alþýðusamtakanna.

Þessi skipan sæmir ekki í þjóðfélagi, þar sem gerðar eru kröfur um öryggi í félagsmálum, og ætti það að vera bæði verkalýðssamtökum og atvinnurekendum kappsmál, að úr yrði bætt. Er frumvarpi þessu ætlað að koma á þeirri skipan, að launamenn eigi ævinlega tryggingu fyrir launagreiðslum. Er lagt til, að stofnaður verði sérstakur kauptryggingarsjóður í því skyni og fái hann í tekjur frá atvinnurekendum hálfan þúsundasta af árlegum vinnulaunum. Launamenn eigi síðan rétt á greiðslum úr sjóðnum, þegar um vanefndir er að ræða, samkvæmt reglum þeim, sem í frumvarpinu felast. Hér er sem sé um að ræða eins konar samábyrgðarsjóð atvinnurekenda til þess að tryggja örugga greiðslu á vinnulaunum; ársgreiðsla hvers og eins verður ekki tilfinnanleg, en heildartekjurnar ættu að mati flutningsmanna að nægja til þess, að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum. Ákvæðunum um iðgjald væri raunar hægt að breyta síðar í samræmi við fengna reynslu.

Sú skipan, sem hér er gerð tillaga um, er í meginatriðum í samræmi við lög, sem sett voru í Svíþjóð í árslok 1970, og var þeirri lagasetningu bæði fagnað af launamönnum og atvinnurekendum. Frumvörp um hliðstæða skipan liggja nú fyrir þjóðþingum annarra Norðurlanda. Fyrir síðasta þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Kaupmannahöfn í febrúar í ár, lá tillaga, þar sem skorað var á ríkisstjórnir allra Norðurlanda að tryggja í verki, að laun yrðu greidd með fullum skilum, þótt atvinnurekandi yrði gjaldþrota. Þessi áskorun var samþykkt einróma á þinginu, einnig af fulltrúum Alþingis.

Ed. 548. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1971.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Sveinn Guðmundsson.	Oddur Andrésson.	Steingrímur Hermannsson.
	Ólafur Jóhannesson.	

Sþ. 549. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]

um virkjun Sandár í Þistilfirði.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja fullnaðarundirbúning að virkjun Sandár í Þistilfirði og lagningu orkuveitu þaðan til Þórshafnar og Raufarhafnar, sbr. lög nr. 65 8. maí 1956.

Greinargerð.

Búið er eða langt komið að leggja háspennulínu um vesturhluta Norður-Þingeyjarsýslu, en undanfarin ár hafa flestir orkunotendur í sýslunni haft raforku frá

dísilstöðvum á Raufarhöfn og Þórshöfn svo og frá einkastöðvum, sem flestar eru dísilstöðvar og margar að þrotum komnar. Nú í seinni tíð hefur raforkumálastjórnin gert ráð fyrir því, að héraðið fái rafmagn frá Laxárvirkjun og að fyrrnefnd háspennulína verði tengd við hana. Vonir standa til, að á þessu ári verði síðustu býlin, sem reglan um 1½ km meðalvegalengd tekur til, tengd við dísilstöðvarsamveitu og að síðan verði hafizt handa um tengingu býla, þar sem vegalengd er meiri. Áætlun um rafvæðingu þeirra hefur þó enn ekki komið fram, og tillaga um að ljúka rafvæðingunni á árinu 1972—73 hefur ekki fengizt samþykkt á þingi því, er nú situr. En hvað sem því líður, má telja, að rekstur dísilstöðva fyrir samveitur í sýslunni þurfi að hverfa úr sögunni sem fyrst og orka frá vatnsaflsstöð að koma í staðinn, hvort sem um verður að ræða orkuver innanhéraðs eða utan.

Árið 1956 var veitt lagaheimild til að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa orkuver við Sandá í Þistilfirði, og af ýmsum ástæðum hefur verið áhugi á því hjá mörgum innanhéraðs, að sú heimild verði notuð. Stærð orkuvers við Sandá yrði sem svarar 2100 kw og mundi nægja fyrst um sinn til að sjá Norður-Þingeyjarsýslu fyrir rafmagni, en e. t. v. einnig tveim nyrztu hreppum Norður-Múlasýslu, norðan Smjörvatnsheiðar. En þó að Sandá yrði virkjuð, er tenging fyrrnefndrar háspennulínu við Laxá eigi að síður mikilsverð, því að mikið hagræði er að slíku sambandi milli orkuveitusvæða.

Þess skal getið, að Rafmagnsveitur ríkisins reka nú vatnsorkuver, samtals 11300 kw, og er afl einstakra orkuvera sem hér segir:

Grímsárvirkjun á Fljótsdalshéraði	2800 kw
Mjólkárvirkjun í Arnarfirði	2400 —
Þverárvirkjun í Strandasýslu	1740 —
Smyrlabjargaárvirkjun í Austur-Skaftafellssýslu	1200 —
Rjúkandavirkjun á Snæfellsnesi	840 —
Gönguskarðsárvirkjun í Skagafirði	1060 —
Laxárvatnsvirkjun í Austur-Húnavatnssýslu	480 —
Reiðhjallavirkjun á Snæfellsnesi	400 —
Garðsárvirkjun í Ólafsfirði	180 —
Fjarðarárvirkjun í Seyðisfirði	160 —

Einnig reka Rafmagnsveitur ríkisins dísilstöðvar samtals ca. 18800 kw.

Ed. 550. Frumvarp til laga [278. mál]

um breyting á lögum nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Oddur Andrésson, Jón Árnason.

1. gr.

Aftan við a-lið 30. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur á tekjur af fasteignum og hlunnindum umdæmisins, sem eru í eigu aðila búsettra í öðru sveitarfélagi, enda er eiganda fasteignarinnar skylt að skila sérstöku skattaframtali til viðkomandi skattstjóra samkvæmt II. kafla laga nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Þegar svo stendur á, að eigandi notar sjálfur fasteign eða hlunnindi, skal skattstjóri meta honum arð af eigninni .

Aftan við j-lið sömu lagagreinar bætist: sbr. þó a-lið þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undirstaða að félagslegri og efnahagslegri uppbyggingu hvers sveitarfélags eru tekjuöflunarmöguleikar þess.

Í landbúnaðar-sveitarfélögum eru landsnytjarnar hinn raunverulegi stofn að gjaldþoli íbúanna. Það er því full nauðsyn, að sveitarstjórnirnar fái nýtt þann gjaldstofn, þó að eigandi jarðar sé búsettur í öðru sveitarfélagi, ef hann hefur beinan eða óbeinan arð af sinni fasteign.

Nd. 551. Frumvarp til laga [233. mál]

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið í einu lagi samkvæmt 4. málsgr. 34. gr. vegna sama slyss.

C. Tekjur.

36. gr.

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, álagðra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr., skulu þó standa skil á greiðslum vegna tryggingar þeirra, og sömuleiðis skulu launþegar samkvæmt c-lið 30. gr. standa skil á iðgjöldum sínum.

Upphæð iðgjalda til slysatrygginga ber að miða við slysahættuna. Skal skipta fyrirtækjum í áhættuflokka og ákveða iðgjald fyrir hvern flokk. Tryggingarvikan, sbr. 25. gr., er eining við iðgjaldaákvörðun. Ákvörðun iðgjalda skal miðuð við áætlun Tryggingastofnunarinnar um útgjöld slysatrygginganna.

Ef rekstrarhættir veita tilefni til, má skipta fyrirtæki í deildir við iðgjaldaákvörðun, og heimilt er Tryggingastofnuninni, þegar sérstaklega stendur á, að taka tillit til skiptingar starfsfólks eftir starfsgreinum og ákveða iðgjald samkvæmt því.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjald fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Í þeirri reglugerð skal setja ákvæði um, hvernig meta skuli til vinnuvikna störf maka atvinnurekanda og barna hans innan 16 ára aldurs, sbr. 30. gr., og setja má þar ákvæði um, að meta skuli störf þess fólks, er um ræðir í síðasta málslið 25. gr., á sama hátt og gert verður í reglugerð samkvæmt þeirri grein.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, vélsleða, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisaflvéla.

V. KAFLI
Sjúkratryggingar.

A. Almenn ákvæði.

37. gr.

Í hverjum kaupstað og í hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag til þess að annast sjúkratryggingar.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að sameina í eitt samlag samlagssvæði tveggja eða fleiri sjúkrasamlaga. Á sama hátt er heimilt að skipta samlagssvæði á milli tveggja eða fleiri nærliggjandi samlaga.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

38. gr.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn eða sýslunefnd kýs til viðbótar fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara.

Nú standa fleiri en eitt sýslufélag, eða kaupstaður og sýsla eða sýslur, að einu sjúkrasamlagi, og skal þá hver sýsla og kaupstaður kjósa tvo menn í stjórn sjúkrasamlagsins.

Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna skal vera fjögur ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

B. Bætur.

39. gr.

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar er:

a. Að annast sjúkratryggingar samkvæmt 2.—4. mgr. 42. gr.
b. Að veita styrk til fatlaðra, sem þarfnast hjólastóla, gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til fatlaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar eða þjálfunar utan sjúkrahúsa. Reglur um greiðslu styrkjanna setur tryggingaráð.
c. Að annast málefni sjúkrasamlaga, sbr. 2. gr.
d. Að greiða kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
e. Að greiða sjúkrasamlögum hluta þeirra af framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginganna, samkvæmt 49. gr.
f. Að greiða ferðastyrki til sjúklinga, sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra, þegar alveg sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflið.

Ráðherra getur ákveðið, að sjúkratryggingadeild greiði:

a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálp, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin.
b. Kostnað samkvæmt millirikjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dveljast hér um stundarsakir.

40. gr.

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkvæmt 48. gr. í því samlagi, er starfar þar, sem hann á lögheimili. Þó er stjórn sjúkrasamlags heimilt að veita námsmönnum og öðrum, sem dveljast langdvölum erlendis, undanþágu frá iðgjaldagreiðslu, ef þeir sanna, að þeir séu sjúkratryggðir í dvalarlandinu, enda njóta þeir þá ekki réttinda hjá samlaginu þann tíma. Tryggingaráð getur sett reglur um, hvaða skilyrði slík sjúkratrygging erlendis þurfi að uppfylla til þess, að undanþágu megi veita.

Börn samlagsmanna, þar með talin stjúpbörn og fósturbörn, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Sömu aðstöðu og fósturbörn skulu í þessu sambandi hafa börn, sem fara til dvalar um ótiltekinn langan tíma á heimili samlagsmanns, hvort sem greitt er með þeim eða ekki og hver sem foreldraráðin hefur að lögum. Séu foreldrar (fósturforeldrar) samvistum, njóta börnin fullra réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum, sbr. þó lög nr. 68 27. apríl 1962. Séu foreldrarnir ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, sem foreldraráðin hefur.

41. gr.

Þeir, sem verða samlagsmenn þegar við 16 ára aldur eða flytjast milli samlaga samkvæmt 47. gr., öðlast réttindi án biðtíma, og heimilt er samlagsstjórn að beita sömu reglu, þegar þeir, sem óslitið hafa verið sjúkratryggðir erlendis með þeim hætti, er um getur í 1. málsgr. 40. gr., flytjast á samlagssvæðið. Biðtími annarra, þar á meðal þeirra, sem misst hafa réttindi vegna vanskila, sbr. 69. gr., skal að jafnaði vera 6 mánuðir frá því, að iðgjaldagreiðsla þeirra hófst. Heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktum samlags, svo og að biðtími skuli, ef iðgjaldsskuld er greidd að fullu, aðeins gilda um rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga.

42. gr.

Sjúkrasamlög tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samizt hefur við, sbr. 45. gr., eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum svo og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Greiðsla samlags fellur þó niður, þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi 2 ár, sbr. næstu málsgrein.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist, sbr. 1. mgr., þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki samkvæmt þeirri málsgrein.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga ókeypis vist, sem nauðsynleg er vegna ellikramar, fávitaháttar eða langvinns sjúkdóms, ásamt hjúkrun, læknishjálp, lyfjum og annarri þjónustu, sem veitt er á hælum og stofnunum, sem Tryggingastofnunin hefur samning við, og sjúkrahúsum, sbr. 1. og 2. málsgr. þessarar greinar. Sama gildir um dagvistir þessara stofnana eða sérstakra viðurkenndra dagvistarstofnana fyrir sjúka eða van-

gefna. Tryggingayfirlæknir úrskurðar um nauðsyn vistunar samkv. þessari málsgrein, sbr. þó 11. gr. laga nr. 53/1967.

Nú er samlagsmanni brýn nauðsyn að vistast í erlendu sjúkrahúsi, vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslenzku sjúkrahúsi, og greiðir þá sjúkratryggingadeildin þann hluta kostnaðar við sjúkrahúsvistina, ásamt læknishjálp og annarri þjónustu á sjúkrahúsinu, sem umfram er hæsta daggjald íslenzkra sjúkrahúsa, eða allan kostnaðinn, ef niður er fallinn réttur sjúklings á hendur samlagi, samkv. 1. mgr. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp, sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd, sem úrskurðar um, hvort téð skilyrði eru til staðar, svo og hvar samlagsmenn skuli vista erlendis. Nú er samlagsmaður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið, og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað, sem greiða hefði átt á þeim stað, sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landsspítalann, yfirlækni við Borgarspítalann og yfirlækni við St. Jósefsspítalann, Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari, og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

43. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skal sjúkrasamlag þó ætíð veita þá hjálp, sem hér er talin:

a. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Fyrir hvert viðtal á lækningastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði samlagsmenn lækni þó gjald, er ákveða skal með reglugerð. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.
b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að ¾ hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.
c. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að ¾ eða ½, enda séu lyfin í lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.
d. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að ¾ samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.
e. Sjúkradagpeninga samkvæmt 44. gr.
f. Dvöl umfram 7 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi og fæðingarstofnun.
g. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.

   Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að ¾ hlutum.
h. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.

Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

Í samþykktum sjúkrasamlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Eigi má víkja frá ákvæðum 44. gr. um sjúkradagpeninga.

44. gr.

Sjúkrasamlögin greiða sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem er 16 ára eða eldri og ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og kaup hans eða aðrar vinnutekjur falli niður.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvíst er, hvort um varanlega örorku er að ræða.

Samlagsmenn njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. 14 daga. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, þegar læknis er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús.

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysadagpeningar samkvæmt 33. gr. og ekki lægri en kr. 251.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 221.00 fyrir aðra og kr. 29.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Sjúkradagpeningar húsmóður, sem vinnur ekki utan heimilis, skulu þó vera jafnháir örorkulífeyri samkvæmt 12. gr.

Sjúkradagpeningar vegna annarra starfa en húsmóðurstarfa mega ekki vera hærri en sem nemur ¾ þeirra vinnutekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Skal í þessu sambandi að jafnaði höfð hliðsjón af tekjum hans síðustu tvo mánuðina, áður en veikindin hófust.

Nú dvelst sá, sem dagpeninga nýtur, í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað sjúkrasamlags síns, og má þá lækka dagpeninga hans um allt að þriðjung, ef hann á heimili sínu hefur fyrir öðrum að sjá, ella allt að ⅔ hlutum. Dagpeningar húsmóður, sem ekki hefur unnið utan heimilis, lækka þó ekki frá því, sem ákveðið er í 4. mgr.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum, og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt 4. málsgr. þessarar greinar til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga, áður en verkfall hófst.

45. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, lyfjabúðir og heilbrigðisstofnanir um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 42. gr. Samningar, sem gilda fyrir samlög almennt eða tiltekinn flokk samlaga, eru þó að jafnaði gerðir af Tryggingastofnuninni fyrir hönd viðkomandi samlaga. Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kauptúni eða kaupstað, getur sjúkrasamlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði gerðardómur ekki fullskipaður, fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á, samkvæmt 43. gr. a og b, en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi, enda skal þá framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs til samlagsins samkvæmt 49. gr. ekki lækka, nema tryggingaráð leggi það til og ráðherra samþykki. Þó skal sjúkrasamlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, í stað þess að lækka iðgjöldin að verja því fé, sem sparast við það, að bætur eru ekki veittar samkvæmt 43. gr. a og b, til hagsbóta hinum tryggðu með þátttöku í lækniskostnaði eða á annan hátt.

Daggjöld sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. gr. tekur til, svo og gjaldskrár sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga skulu ákveðin af 5 manna nefnd. Nefndin sé þannig skipuð, að hver eftirtalinna aðila skipi full-

trúa í nefndina: Fjármálaráðherra, Tryggingastofnun ríkisins, Samband íslenzkra sveitarfélaga, Landssamband sjúkrahúsa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal fulltrúi hans vera formaður nefndarinnar. Verði jöfn atkvæði í nefndinni, ræður atkvæði formanns. Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrár þannig, að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma, miðað við þá þjónustu, er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsháttu og starfssvið nefndarinnar.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi, ef hlítt er ákvörðun nefndarinnar um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

Breyting á daggjaldi og gjaldskrá tekur ekki gildi, fyrr en að tveim mánuðum liðnum frá því, að hún er tilkynnt Tryggingastofnuninni eða hlutaðeigandi samlögum.

46. gr.

Nú er samlagsmanni nauðsyn að leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og skal þá samlag hans greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu. Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.

Nú verður tryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss utan samlagssvæðis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti af samlagi sínu, og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða, að sjúkratryggingadeild taki þátt í slíkum kostnaði.

47. gr.

Nú flyzt samlagsmaður búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingarskyldur í samlagi því, er þar starfar.

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyrirmæli um flutning manna milli samlaga og um greiðslu sjúkrabóta, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í samræmi við reglurnar.

Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða og annarra, sem láta læknishjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

C. Tekjur.

48. gr.

Tryggingastofnunin ákveður iðgjöld í hverju sjúkrasamlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórnar. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur sjúkrasamlags nægi til að standa straum af skuldbindingum þess. Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg.

Iðgjöld til sjúkrasamlags greiða allir þeir, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlaginu, sbr. 40. gr. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

49. gr.

Ríkissjóður greiðir Tryggingastofnuninni framlag til sjúkratrygginga, er nemur 250% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna. Framlag þetta greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Tryggingastofnun ríkisins heldur eftir hluta af framlagi ríkissjóðs til þess að standa undir útgjöldum sjúkratryggingadeildar samkvæmt áætlun, sem stofnunin skal gera árlega fyrir hvert almanaksár og senda öllum sjúkrasamlögum fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin skal við það miðuð, að leiðrétting náist á þeim mismun, sem orðið hefur á áætlun og ársreikningi síðastliðins árs, og enn fremur skal taka tillit til nauðsynlegrar endurskoðunar á áætlun yfirstandandi árs. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs, allt að 2% af útgjöldum sjúkratryggingadeildar.

Sá hluti af framlagi ríkissjóðs, sem ekki fer til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar, rennur til sjúkrasamlaga og skiptist milli þeirra í hlutfalli við greidd iðgjöld. Enn fremur greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur 85% greiddra iðgjalda.

Framlög til samlaga samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við innheimt iðgjöld á ársfjórðungnum. Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft eða heilt ár, greiðast þó framlögin í samræmi við það. Séu framlögin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða vexti frá gjalddaga, er séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

VI. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

A. Bætur.

50. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt a-lið 35. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkvæmt 17. gr.
b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkvæmt 17. gr. og dagpeningar.
c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkvæmt 17. gr. og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis. Enn fremur mega fara saman mæðralaun og örorkubætur.
d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
e. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta, sem veittar eru til langs tíma, og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir til hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Falli niður lífeyrir til sjúklings, sem greitt er fyrir af sjúkrasamlagi, skulu lífeyristryggingar greiða þess-

um aðilum örorkulífeyri að viðbættum 60% upp í dvalarkostnað hans. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.

51. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

52. gr.

Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur eða barnalífeyri.

53. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

54. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar, eftir því sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

55. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur samkvæmt II. og III. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, og lífeyrir samkvæmt IV. kafla reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir, að bótaréttur er fyrir hendi, og falla niður í lok þess mánaðar, er bótarétti lýkur.

Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en 2 ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en 2 mánuði, en heimilt er sjúkrasamlagsstjórn að lengja þetta tímabil í allt að 6 mánuði í tilvikum, þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

56. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma, og ekki er skylt að greiða eins og tveggja barna fjölskyldubætur oftar en fjórum sinnum á ári. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný, ef rökstudd umsókn berst.

57. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkvæmt 1. málsgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlagsstjórn látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

58. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, sem hann eða hún ber ábyrgð á vegna ásetnings eða gáleysis eða samkvæmt ákvæðum 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi framsal. Endurkröfurétturinn gildir þó ekki gagnvart atvinnurekanda, að því er varðar bætur vegna slysa, er starfsmenn hans verða fyrir, nema hann eða trúnaðarmenn hans hafi valdið slysinu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

59. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgr. 50. gr.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

60. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

61. gr.

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 35 30. maí 1960, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún beiðzt rannsóknar og úrskurðar með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag samkvæmt 14. gr. nefndra laga. Sjúkrasamlög eiga einnig rétt á að óska rannsóknar og úrskurðar um lögheimili samlagsmanna.

62. gr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða bótaþegum, búsettum erlendis, aðrar bætur en ellilífeyri, ef sérstaklega stendur á.

B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.

63. gr.

Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 23. gr. skulu lögð á þar, sem gjaldendur eiga lögheimili samkvæmt þjóðskrá 1. desember næstan á undan. Tekur álagningin til þeirra, sem í byrjun gjaldársins hafa náð 17 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skattstjóri skal leggja iðgjöldin á og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 90/1965, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin, eftir því sem við á. Skal skattstjóri senda Tryggingastofnun ríkisins eintak af gjaldskrá þeirri, er hann lætur innheimtumanni í té.

64. gr.

Iðgjöld samkvæmt 25. gr. og 36. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 90/1965, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin, eftir því sem við á, sbr. og ákvæði 63. gr. um gjaldskrá. Iðgjöld þessi skulu lögð á í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt þungaskatti og skoðunargjaldi bifreiða, og skal um endurgreiðslu iðgjaldsins vegna innilegu skrásetningarnúmers, ef til kemur, farið eftir þeim reglum, sem gilda um endurgreiðslu þungaskatts í slíkum tilfellum.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni menn, sem slysatryggðir skulu samkvæmt 29. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsgr. 36. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

65. gr.

Kæra má iðgjaldaálagningu skattstjóra samkvæmt 63. og 64. gr. til ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Ákvæði 42. gr. laga nr. 90/1965 skulu gilda um endurskoðun og leiðréttingar gjaldskrár samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

66. gr.

Iðgjöld til lífeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sem innheimta tekju- og eignarskatt, sbr. þó ákvæði 1. málsgr. 64. gr. um iðgjöld af lögskráðum sjómönnum og ökumönnum bifreiða og ákvæði 3. málsgr. þessarar greinar. Skulu ákvæði laga nr. 90/1965, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga, sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum, m. a. í álögðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum.

Tryggingastofnunin innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða. Þá er stofnuninni heimilt að annast sjálf innheimtu iðgjalda hjá tilteknum ríkisstofnunum og framlaga sveitarsjóða í einstökum lögsagnarumdæmum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna eða þeirra aðila, sem þau hafa falið innheimtuna samkvæmt samningi, sbr. lög nr. 68 27. apríl 1962. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

Um gjald fyrir innheimtu iðgjalda til lífeyris- og slysatrygginga fer eftir launalögum eða samningum samkvæmt lögum nr. 68/1962.

67. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupi þessara manna. Ríkissjóður ábyrgist iðgjaldagreiðslur fanga.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 23. gr., ef hann hefur ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsgr. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, á næsta ári á undan, og eigi má krefja iðgjaldsgreiðanda um hærri hluta iðgjalds en svo, að nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

Lífeyristryggingarnar greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem rétt eiga til bóta samkvæmt 11. gr. og annaðhvort uppfylla skilyrði 1. málsgr. 12. gr. eða orðnir eru 67 ára að aldri. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvort annars og foreldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

68. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtuaðili eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir af launum iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, og greiða síðan til þess, er kröfu gerði. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupi, og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein og viðurlög við vanrækslu skulu sett með reglugerð.

69. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 48. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að allt að sex mánaða vanskil valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um réttindi samlagsmanna samkvæmt 41. gr., sbr. þó 5. gr. laga nr. 68/1962. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 16. gr., bætur samkvæmt 17. gr. eða slysabætur samkvæmt IV. kafla laganna.

70. gr.

Iðgjöld samkvæmt 25. gr., 36. gr. og 48. gr. vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

C. Önnur ákvæði.

71. gr.

Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag samkvæmt 1. málsgr. 21. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum og rekstrarafgangur, en rekstrarhalli skal tekinn úr varasjóðnum. Heimilt er að veita lán úr varasjóðum lífeyris- og slysatrygginga til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Fé, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

Tekjur varasjóðs sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi samkvæmt 49. gr. Heimilt er að veita lán eða styrk úr varasjóði sjúkratryggingadeildar til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óeðlilega miklum sjúkrakostnaði. Reglur um slíkar fyrirgreiðslur skulu settar af tryggingaráði og staðfestar af ráðherra.

72. gr.

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar til 16 ára aldurs barnsins, án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki. Aldrei greiðir Tryggingastofnunin þó hærri fjárhæð en sem nemur barnalífeyri samkvæmt 16. gr.

Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 3 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, eftir því sem meðlögin innheimtast, en fullnaðarskil skulu gerð í síðasta lagi fyrir 1. október næsta ár.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

73. gr.

Ógift móðir, sem verður að fella niður vinnu og missir tekjur sínar vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar, á rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni auk fæðingarstyrks samkvæmt 16. gr. allt að kr. 3 000.00 á mánuði í allt að 3 mánuði samanlagt fyrir og eftir barnsburð, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga eða ríkissjóði á sama hátt og í 72. gr. segir um endurkröfurétt á meðlagi.

74. gr.

Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

75. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskírteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

76. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31.

desember 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Dagpeningar samkvæmt 33. og 44. gr. skulu renna til Tryggingastofnunarinnar þann tíma, sem greiðsla kaups eða aflahlutar á sér stað, og skulu iðgjöld útgerðarmanna fyrir aukatryggingu þessa ákveðin með það fyrir augum, að þau ásamt dagpeningunum nægi fyrir útgjöldum.

77. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

78. gr.

Nú verður breyting á dagvinnukaupi verkamanna við almenna fiskvinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða, að fengnum tillögum tryggingaráðs, breyta upphæðum bóta samkv. lögum þessum og greiðslum samkv. 73. gr. í samræmi við það.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

79. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum tryggingaráðs, koma á fót deild í Tryggingastofnun ríkisins, sem hafi það hlutverk að annast velferðarmál aldraðra og annarra bótaþega samkvæmt lögum þessum.

Nánari ákvæði um deild þessa skulu sett með reglugerð, sem ráðherra staðfestir.

80. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972. Jafnframt eru úr gildi numin eftirtalin lagaákvæði:

1. Lög nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.
2. Lög nr. 72 9. des. 1963, um hækkun á bótum almannatrygginga.
3. Lög nr. 2 28. febr. 1964, um hækkun á bótum almannatrygginga.
4. Lög nr. 14 30. apríl 1964, um breyting á lögum nr. 40/1963.
5. Lög nr. 20 23. apríl 1965, um breyting á sömu lögum.
6. Lög nr. 98 22. des. 1965, um breyting á sömu lögum.
7. Lög nr. 94 20. des. 1966, um breyting á sömu lögum.
8. Lög nr. 83 29. des. 1967, um breyting á sömu lögum.
9. Lög nr. 4 24. marz 1968, um hækkun á bótum almannatrygginga.
10. Lög nr. 57 25. apríl 1968, um breyting á lögum nr. 40/1963.
11. Lög nr. 7 6. marz 1969, um hækkun á bótum almannatrygginga.
12. Lög nr. 11 18. marz 1970, um breyting á lögum nr. 40/1963.
13. Lög nr. 20 4. apríl 1970, um hækkun á bótum almannatrygginga.
14. Lög nr. 29 27. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 40/1963.
15. Lög nr. 32 6. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
16. Lög nr. 42 12. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
17. Lög nr. 43 12. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
18. Lög nr. 110 29. des. 1970, um breyting á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótagreiðslur í hlutfalli við þann tíma, sem bótaþegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. málsgr.

Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi, og skal þá einungis reikna til réttindatíma samkvæmt 12. gr. þann tíma, sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

2. Eignir og skuldir sjúkrasamlaga þeirra, sem störfuðu fyrir gildistöku laga þessara, yfirfærast á sjúkrasamlag það, sem tekur við hlutverki þeirra, þannig, að helmingur hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt, skal renna í varasjóð hins nýja samlags, en helmingur skal ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags til hins nýja samlags. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins ábyrgist skuldir samlaga þeirra, sem niður eru lögð, sem eigin skuld.

3. Eignir og skuldir héraðasamlaga þeirra, sem störfuðu fyrir gildistöku laga þessara, yfirfærast á sjúkrasamlag það, sem tekur við tryggingahlutverki þeirra.

4. Stjórnir sjúkrasamlaga, sbr. 42. gr., skulu skipaðar eigi síðar en 30. sept. 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 28. maí 1970, skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lög um almannatryggingar. Nefnd þessi skyldi hafa samráð og samstarf við þá einstaklinga og félagasamtök, sem hér eiga hlut að máli, og skyldi hún skila áliti svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en svo, að hægt verði að leggja niðurstöðurnar fram á næsta reglulega Alþingi.

Í nefndina voru eftirtaldir menn skipaðir: Björgvin Guðmundsson, deildarstjóri, Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, Ólafur Björnsson, prófessor, Sigurður Ingimundarson, forstjóri og Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður. Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, var skipaður til viðbótar í nefndina frá 1. september 1970. Nefndin hefur setið fundi og haft samband við ýmsa einstaklinga og félagasamtök.

Nefndin hefur samið frumvarp það til nýrra laga um almannatryggingar, sem hér liggur fyrir. Verður hér getið helztu breytinga, sem lagt er til, að gerðar verði á gildandi löggjöf.

1. Lagt er til, að bætur almannatrygginga verði allar hækkaðar um 20% frá því, sem nú er, þó verði barnalífeyrir hækkaður um 40%, fæðingarstyrkur um ca. 13.3%, en fjölskyldubætur breytist ekki. Auk þessa er gert ráð fyrir auknum bótagreiðslum, sem hér greinir:

a. Þegar um er að ræða uppbót á elli- og örorkulífeyri, sbr. 21. gr. 2. mgr., er gert ráð fyrir lögbundinni fjárhæð lífeyris og uppbótar, sem nemi 84 000.00 kr. á ári. Þetta gildir þó því aðeins, að tekjur bótaþega að meðtöldum lífeyri séu lægri en 84 000.00 krónur fyrir einstakling og 151 200.00 kr. fyrir hjón. Í því tilviki skal uppbótin nema því, sem á vantar.

b. Barnalífeyrir, sbr. 16. gr., verði greiddur með barni látinnar móður, hvort sem hún var gift eða ógift og án tillits til efnahags eða annarra ástæðna. Lagt er og til, að barnalífeyrisaldur verði hækkaður úr 16 í 17 ár.

c. Kona, sem verður ekkja, sbr. 19. gr., fái bætur í sex mánuði í stað þriggja, ef hún er barnlaus, og til viðbótar í 12 mánuði í stað 9, ef hún hefur fyrir barni að sjá.

Tryggingastofnunin hefur áætlað útgjaldaaukningu vegna frumvarpsins, ef það verður lögfest, samtals að fjárhæð 500 millj. kr., sbr. fylgiskjal I.

2. Gert er ráð fyrir heimild til greiðslu mæðralauna til fósturmóður, sbr. 17. gr.

3. Samkvæmt gildandi lögum er aðalreglan sú, að bótaréttur samkvæmt ákvæðum um lífeyristryggingar er bundinn við íslenzkan ríkisborgararétt. Lagt er til, að fallið verði frá þessari kröfu. Þess í stað verði bótaréttur bundinn við lög-

heimili á Íslandi, en ellilífeyrir verði samt greiddur, þó að bótaþegi sé búsettur erlendis, en fjárhæð lífeyris verði í hlutfalli við dvalartíma á Íslandi á gjaldskyldualdri. Lágmark réttindatíma verði 3 ár, en fullur réttindatími 40 ár. Skemmri tími en 3 ár stofnar ekki bótarétt, en t. d. 20 ára réttindatími veitir rétt til hálfs lífeyris. Þessi breyting er æskileg vegna þess, að hún auðveldar Íslendingum samskipti við aðrar þjóðir í tryggingamálum.

4. Heimild til veitingar örorkustyrks er rýmkuð. Lagt er til, að veita megi styrk vegna aukakostnaðar, sem stafar af örorku, ef verulegan má telja, og enn fremur megi veita styrk vegna bæklunar eða vanþroska barna innan 16 ára, ef um er að ræða mikil útgjöld eða mikla umönnun.

5. Lagt er til, að hreppasjúkrasamlögin verði lögð niður. Í staðinn komi sjúkrasamlag í hverju sýslufélagi.

6. Gert er ráð fyrir afnámi ríkisframfærslu, sem síðustu árin hefur aðeins varðað fávita. Dvöl þeirra á heilbrigðisstofnunum verði kostuð af sjúkratryggingunum.

7. Aukin verði greiðsluskylda sjúkratryggingadeildar í framhaldi af vistun á erlendum sjúkrahúsum þannig, að einnig skuli greiða kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp, sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvist þar.

8. Sjúkratryggingadeild verði heimiluð þátttaka í kostnaði, sem telja má verulegan, vegna veikinda eða slyss utan samlagssvæðis, sem ekki er greiddur af sjúkrasamlagi. Er þá m. a. höfð í huga þátttaka í slíkum kostnaði erlendis.

9. Samkvæmt gildandi lögum fellur lífeyrir niður, ef bótaþegi dvelst lengur en einn mánuð á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann. Lagt er til, að lífeyrir falli niður, ef slík vist hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarandi 24 mánuði.

10. Samkvæmt gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir, að slysatryggingar taki til heimilisstarfa. Lagt er til, að slík störf verði tryggð gegn slysum, ef þess er óskað í skattframtali.

11. Greiðslur slysatryggingarinnar vegna ferðakostnaðar slasaðra eru auknar verulega og ákvæði um ýmis atriði í sambandi við slysabætur gerð ýtarlegri og skýrari.

12. Fallið er frá sviptingu bótaréttar, ef ástand það, sem hann byggist á, er ofdrykkja eða deyfilyfjaneyzla, enda vanræki hlutaðeigandi ekki að fara að læknisráðum né neiti að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Þar sem getið er um félagsmálaráðuneyti í gildandi lögum, er í frumvarpinu talað um heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, sbr. auglýsingu nr. 96 31. des. 1969. Slíkra orðalagsbreytinga er því ekki getið við einstakar greinar. Þar sem talað er um lög án nánari skýringar, er átt við lög nr. 40/1963, um almannatryggingar.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi lögum, sbr. þó 4. tl.

Um 2. gr.

Samkvæmt framanskráðu er lagt til, að héraðssamlögin verði lögð niður, sbr. og V. kafla frumvarpsins. Orðið „héraðssamlaga“ fellur því niður.

Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa. Hún er efnislega samhljóða 3. gr. laganna að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir tillögu tryggingayfirlæknis ásamt tillögu forstjóra og tryggingaráðs um skipun tryggingalæknis.

Um 4.—5. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 4. og 5. gr. laganna.

Um 6. gr.

Orðalagi síðustu málsgreinar er breytt þannig, að nú er skýrt tekið fram, að bera skuli mál undir tryggingaráð, ef ráðið óskar þess. Að öðru leyti er greinin samhljóða 6. gr. laganna.

Um 7. gr.

Samkvæmt 7. gr. laganna skulu Alþýðusamband Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna ásamt Vinnuveitendasambandi Íslands og Stéttarsambandi bænda, hvert um sig, skipa einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga. Þar eð Landssamband íslenzkra útvegsmanna er nú aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og ekki verður séð, að Alþýðusamband Íslands hafi hagsmuna að gæta við ákvörðun iðgjalda atvinnurekenda til slysatrygginga, er lagt til, að réttur þessara aðila til þess að tilnefna menn samkvæmt téðum ákvæðum verði felldur niður.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. laganna.

Um 9. gr.

Fyrstu tvær mgr. eru samhljóða 1. og 2. mgr. 9. gr. laganna.
Breyting á orðalagi síðustu mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Greinin er í samræmi við 11. gr. gildandi laga með þeirri breytingu, að fjölskyldubætur verði ekki taldar með lífeyristryggingum. Lagt er til, að um þær verði fjallað í sérstökum kafla, sjá III. kafla frumvarpsins. Fjölskyldubætur eru í eðli sínu annarrar tegundar en bætur lífeyristrygginga, enda kostaðar að öllu leyti af ríkissjóði, en bætur lífeyristrygginga hins vegar bornar uppi af eftirtöldum fjórum aðilum í lögbundnum hlutföllum: ríkissjóði, hinum tryggðu, sveitarsjóðum og atvinnurekendum.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir þeirri höfuðbreytingu, að ellilífeyrir verði greiddur í hlutfalli við dvalartíma á Íslandi á gjaldskyldualdri, fallið verði frá kröfunni um íslenzkan ríkisborgararétt og lífeyrir verði greiddur, þótt lífeyrisþeginn sé búsettur erlendis. Þessi breyting auðveldar Íslendingum samskipti við aðrar þjóðir í tryggingamálum og virðist vera réttlátari en núgildandi ákvæði, sem hafa í för með sér, að búseta og ríkisborgararéttur lífeyrisþegans ráða, þegar biðtímaskilyrðum 10. gr. laganna er fullnægt, en starf í landinu, iðgjalda- og skattgreiðslur skipta engu. Þetta breytta sjónarmið kemur fram í öðrum ákvæðum þessa kafla frumvarpsins.

Samkvæmt þessari grein er lagt til, að réttindavinnslutími sé a. m. k. 3 almanaksár og að fullur ellilífeyrir hlotnist aðeins þeim, sem átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 40 almanaksár. Réttindavinnslutími miðast við aldur frá 16 árum til 67 ára. Sem dæmi má nefna það, að einstaklingur, sem hefur átt lögheimili á Íslandi á téðu aldursskeiði í 10 almanaksár, fær fjórðung fulls lífeyris, sá, sem hefur átt

lögheimili í 20 almanaksár, fær helming o. s. frv. Ef um hjón er að ræða, er lagt til, að heimilað verði að miða lífeyri beggja við lögheimilistíma þess, sem á lengri réttindatíma. Rétt er að taka fram, að samkvæmt samningi Norðurlanda frá 1955 um félagslegt öryggi gildir sú regla um þegna samningsríkjanna, að tryggingartími í öðrum samningsríkjum telst jafngilda tryggingartíma í því ríki, þar sem hlutaðeigandi er búsettur. Önnur ákvæði þessarar greinar eru óbreytt, sbr. þó bótafjárhæðir.

Um 12. gr.

Skilyrði þau, sem hér eru sett um örorkuna, sjá 1. mgr. b-lið, eru samhljóða ákvæðum 13. gr. gildandi laga. Í stað ríkisborgararéttar er lagt til, að skilyrði fyrir rétti til örorkulífeyris verði það, að bótaþegi hafi átt lögheimili á Íslandi a. m. k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða haft óskerta starfsorku, þegar hann eignaðist lögheimili á Íslandi, sbr. það, sem segir um 11. gr. Við ákvörðun lögheimilistíma skal reikna með tímann til 67 ára aldurs, sbr. síðustu mgr. þessarar greinar.

Þegar um örorkustyrk er að ræða, gilda sömu ákvæði um lögheimili og þegar um örorkulífeyri er að ræða. Ákvæðin um örorkustig eru óbreytt. Ákvæðin um örorkustyrk eru heimildarákvæði, sem takmörkuð eru við 10% af heildarfjárhæð, sem árlega er greidd í örorkulífeyri. Lagt er til, að þessi takmörkun verði afnumin. Jafnframt er gert ráð fyrir verulegri rýmkun heimildarinnar til að veita örorkustyrk þannig, að heimilt verði að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Þá eru tekin inn í þessa málsgrein ákvæði, sem nú eru í reglum um örorkustyrki, settum af ráðherra.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. laganna.

Um 14. gr.

Hér eru ákvæði um lögheimilistíma hliðstæð ákvæðum 11. og 12. gr. um það efni. Lagt er til, að horfið verði frá skilyrðum um ríkisborgararétt. Þess í stað er það skilyrði sett fyrir greiðslu barnalífeyris, að barnið eigi lögheimili á Íslandi og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram.

Lagt er til, að barnalífeyrir verði greiddur með börnum yngri en 17 ára í stað 16 ára, sem nú er. Ekki verði þó greiddur barnalífeyrir vegna þeirra barna, sem njóta örorkulífeyris.

Samkvæmt lögum nr. 32/1970 getur tryggingaráð ákveðið, að greiða skuli með börnum ekkils allt að fullum barnalífeyri, ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans. Lagt er hins vegar til, að skylt verði að greiða barnalífeyri með barni látinnar móður, hvort sem hún var gift eða ógift og án tillits til efnahags eða annarra ástæðna. Að öðru leyti eru ákvæði 16. gr. laganna að efni til óbreytt, sbr. þó fjárhæð barnalífeyris.

Um 15. gr.

Lagt er til, að heimilt verði að greiða einstæðum fósturmæðrum mæðralaun, ef sérstaklega stendur á. Hér er einkum haft í huga, þegar amman hefur orðið að taka að sér uppeldi barnabarnsins og móðirin ætti sjálf rétt til mæðralauna, ef hún hefði barnið.

Um 16. gr.

Hér kemur enn við sögu afnám skilyrðis um ríkisborgararéttinn. Í stað þess er það skilyrði sett, að móðir eigi lögheimili á Íslandi. Ákvæði 18. gr. laganna óbreytt að öðru leyti, sbr. þó fjárhæð fæðingarstyrksins, sem lagt er til að verði jafnhár fæðingarstofugjaldi.

Um 17. gr.

Vísa má til þess, sem segir í athugasemd við 16. gr. um lögheimili. Lagt er til, að bótagreiðslutími verði lengdur úr 3 mán. í 6 mán. í 1. mgr. og úr 9 mán. í 12 mán. í 2. mgr. Greinin er að öðru leyti samhljóða 19. gr. laganna, sbr. þó bótafjárhæðir.

Um 18. gr.

Breyting sú á greiðslu ekkjulífeyris, sem gert er ráð fyrir í grein þessari, er í samræmi við þá höfuðbreytingu að fella niður skilyrðið um ríkisborgararétt. Vísast til athugasemda við 12. gr. o. fl. greina í þessum kafla. Lagt er til, að í stað „65 ára“ komi „60 ára“ og að fullur ekkjulífeyrir verði hinn sami og elli- og örorkulífeyrir eða kr. 70 560.00 á ári.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir lögbundinni fjárhæð elli- og örorkulífeyris, þegar um er að ræða uppbót, skv. þessari grein, sem nemi kr. 84 000.00 á ári fyrir einstakling og kr. 151 200.00 fyrir hjón. Þetta gildir þó aðeins þegar tekjur bótaþega að meðtöldum lífeyri eru lægri en téðar fjárhæðir, en þá skal uppbótin nema því, sem á vantar. Nýrri mgr. er bætt við þessa grein, sem er samhljóða 22. gr. laganna.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 23. gr. laganna með breytingum, sem leiðir af því, að fjölskyldubætur eru settar í kafla sér.

Um 21. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 24. gr. laganna. Tillag til varasjóðs hefur til þessa verið reiknað af fjölskyldubótum eins og bótum lífeyristrygginga. Lagt er til, að sú regla haldist, sbr. niðurlag 1. mgr.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 25. gr. laganna.

Um. 23. gr.

Lagt er til, að gjaldskyldualdurinn verði styttur um eitt ár, úr 16—67 ára í 17—67 ára. Af þessu leiðir, að iðgjöld fólks á aldrinum 17—67 ára hækka sem svarar því, sem þeir greiða nú, sem eru 16 ára.

Fellt er niður orðið „fjölskyldubóta“ vegna flutnings ákvæða um þær í sérstakan kafla. Enn fremur eru felld niður orðin „eða ríkisframfærslunnar“, þar eð gert er ráð fyrir því, að fávitar, sem njóta slíkrar framfærslu nú, verði tryggðir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins um sjúkratryggingar, sbr. V. kafla frumvarpsins.

Um 24. gr.

Við skiptingu framlaga sveitarfélaga innbyrðis milli hreppa í hverri sýslu er gert ráð fyrir, að ekki verði tekið tillit til fasteigna í sveitarfélaginu, en samkvæmt gildandi lögum er framlaginu skipt að þriðjungi í hlutfalli við fasteignamat.

Reiknað hefur verið framlag einstakra hreppa í eftirtöldum fjórum sýslum samkvæmt frumvarpsgrein þessari. Töflur þær, sem hér fara á eftir, sýna þær breytingar, sem orðið hefðu á árinu 1969, ef regla sú, sem í grein frumvarpsins felst, hefði þá verið í gildi.

Tafla I.

Árnessýsla	Lögin	Frumvarpið
Gaulverjabæjarhreppur	208 335.00	212 234.00
Stokkseyrarhreppur	383 840.00	435 550.00
Sandvíkurhreppur	118 408.00	119 921.00
Hraungerðishreppur	220 194.00	196 577.00
Villingaholtshreppur	191 647.00	187 362.00
Skeiðahreppur	242 286.00	238 103.00
Gnúpverjahreppur	456 286.00	550 541.00
Hrunamannahreppur	396 540.00	390 992.00
Biskupstungnahreppur	466 401.00	387 863.00
Laugardalshreppur	288 058.00	241 725.00
Grímsneshreppur	329 697.00	283 548.00
Þingvallahreppur	98 430.00	53 568.00
Grafningshreppur	73 977.00	51 199.00
Ölfushreppur	841 083.00	811 417.00
Selvogshreppur	25 961.00	23 614.00
Eyrarbakkahreppur	423 526.00	457 554.00
Selfosshreppur	2 203 401.00	2 338 040.00
Hveragerðishreppur	782 010.00	770 272.00
Samtals	7 750 080.00	7 750 080.00

Tafla II.

Suður-Múlasýsla	Lögin	Frumvarpið
Skriðdalshreppur	111 019.00	105 654.00
Egilsstaðahreppur	580 375.00	578 405.00
Vallahreppur	169 418.00	162 295.00
Eiðahreppur	192 525.00	147 292.00
Mjóafjarðarhreppur	48 064.00	47 266.00
Norðfjarðarhreppur	115 615.00	101 033.00
Helgustaðahreppur	38 328.00	39 741.00
Reyðarfjarðarhreppur	581 559.00	586 422.00
Fáskrúðsfjarðarhreppur	149 792.00	162 655.00
Stöðvarfjarðarhreppur	241 119.00	240 235.00
Breiðdalshreppur	286 256.00	267 786.00
Beruneshreppur	98 440.00	98 658.00
Búlandshreppur	267 703.00	276 556.00
Geithellnahreppur	86 294.00	80 182.00
Eskifjarðarhreppur	857 518.00	890 383.00
Búðahreppur	570 893.00	610 355.00
Samtals	4 394 918.00	4 394 918.00

Tafla III.

Mýrasýsla	Lögin	Frumvarpið
Hvítársíðuhreppur	100 894.00	99 046.00
Þverárhlíðarhreppur	91 447.00	85 763.00
Norðurárdalshreppur	125 579.00	110 380.00
Stafholtstungnahreppur	260 295.00	241 809.00
Borgarhreppur	163 676.00	144 690.00
Álftaneshreppur	108 162.00	111 327.00
Hraunhreppur	112 366.00	116 778.00
Borgarneshreppur	1 158 313.00	1 210 939.00
Samtals	2 120 732.00	2 120 732.00

Tafla IV.

Vestur-Ísafjarðarsýsla	Lögin	Frumvarpið
Auðkúluhreppur	51 146.00	48 476.00
Þingeyrarhreppur	388 050.00	381 649.00
Mýrahreppur	160 747.00	141 774.00
Mosvallahreppur	99 247.00	100 214.00
Flateyrarhreppur	458 699.00	445 419.00
Suðureyrarhreppur	470 425.00	510 782.00
Samtals	1 628 314.00	1 628 314.00

Breyting þessi getur varla talizt skipta verulegu máli fyrir hreppana, að því er varðar framlög þeirra. Hins vegar sparast sérstök innheimta með tilheyrandi fyrirhöfn, sbr. 3. mgr. gildandi laga, við þessa breytingu, ef að lögum verður. Þá er óvíst, hver röskun yrði á skiptingu framlaga vegna nýs fasteignamats að óbreyttum reglum.

Um 25. gr.

Þessi grein svarar til 28. gr. laganna og er samhljóða henni, sbr. 1. gr. laga nr. 110 29. des. 1970.

Um 26. gr.

Sú hugmynd var rædd að sameina í einar „fjölskyldubætur" þær bætur, sem nú eru veittar, þ. e. fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laganna og persónufrádrátt vegna barna við ákvörðun útsvars og tekjuskatts. Þessi háttur mun nú vera á hafður í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í Noregi annast tryggingastofnunin þó áfram greiðslu fjölskyldubótanna þrátt fyrir kerfisbreytinguna, en í Danmörku og Svíþjóð fara greiðslur fram gegnum skattkerfið. Nefndin sá sér ekki fært að taka afstöðu til slíkrar kerfisbreytingar hér vegna skorts á upplýsingum, enda byggist slík breyting á breytingu á lögum um tekjuskatt og á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem ekki liggur fyrir að gerð verði.

Þá var einnig rædd í nefndinni hugmynd um, að fjölskyldubætur yrðu greiddar til 17 ára aldurs í stað 16 ára aldurs eins og nú er gert. Eru bætur þessar greiddar til 18 ára aldurs í sumum grannlöndum okkar. Ekki var sú tillaga samþykkt, en eins og fram kemur annars staðar í athugasemdunum, var hins vegar samþykkt að leggja til, að iðgjöld verði felld niður af þeim, sem eru orðnir 16 ára, og innheimta iðgjalda ekki hafin fyrr en við 17 ára aldur í stað 16 ára aldurs eins og nú.

Um 27. gr.

Þó að grein þessi sé allverulega breytt frá því, sem er, sbr. 29. gr. laganna, er hér ekki um efnisbreytingu að ræða. Með þessum breytingum er leitazt við að gera ákvæði þessi skýrari en þau eru nú.

Um 28. gr.

Grein þessi er samhljóða 30. gr. laganna.

Um 29. gr.

Grein þessi svarar til 31. gr. laganna, sem er ófullnægjandi, einkum með hliðsjón af vaxandi starfsemi ýmissa erlendra og hálferlendra verktaka og annarra fyrirtækja. Með breytingum þeim, sem frumvarpsgreinin geymir, er leitazt við að ráða bót á þessu. Í 2. mgr. eru nýmæli um undanþágu frá iðgjaldagreiðslu, ef hlutaðeigandi er tryggður samkvæmt erlendri löggjöf. Gert er einnig ráð fyrir, að slysatryggja megi starfsmenn íslenzks fyrirtækis, sem starfar erlendis.

Um 30. gr.

Það nýmæli er í grein þessari, að þeir, sem heimilisstörf stunda, geta tryggt sér rétt til slysabóta við þessi störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Að öðru leyti er greinin samhljóða 32. gr. laganna.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 33. gr. laganna.

Um 32. gr.

Grein þessi svarar til 34. gr. laganna, en er mjög breytt bæði að efni og formi. Hér er um að ræða mjög auknar greiðslur vegna ferðakostnaðar slasaðra manna, sbr. 1. tl. staflið f. og 2. tl. Aðrar breytingar á greininni eru ný ákvæði um ýmsar greiðslur, sem tryggingaráð hefur myndað sér reglur um á undanförnum árum. Leitazt var við að setja skýr ákvæði um þessi efni. Ákvæði greinarinnar eru mjög ýtarleg og þarfnast ekki skýringa.

Um 33.—35. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 35.—37. gr. laganna, sbr. þó bótafjárhæðir.

Um 36. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 110/1970. Lagt er þó til, að sama regla gildi um vélsleða og gildir um bifhjól o. fl., sbr. síðustu mgr.

Um 37. gr.

Samkvæmt áður sögðu er lagt til, að sjúkrasamlög hreppanna verði sameinuð innan hvers sýslufélags í eitt sjúkrasamlag. Lagt er til, að ráðherra fái heimild til frekari sameiningar eða breytingar á samlagssvæðum, að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ekki er gert ráð fyrir, að slíkar breytingar séu háðar samþykki hlutaðeigandi sjúkrasamlags. Stækkun sjúkrasamlaga frá því, sem nú er, virðist vera nauðsynleg. Mörg sjúkrasamlaga þeirra, sem nú starfa, eru of lítil. Fá sjúkratilfelli, jafnvel aðeins eitt slíkt tilfelli, geta verið fjárhag þeirra um megn. Dreifing áhættunnar í smáum tryggingaeiningum verður einatt of lítil. Markmið allra trygginga er einmitt það að dreifa áhættu þeirri, sem tryggt er fyrir, sem mest eða a. m. k. svo mikið, að iðgjöld þau, sem greiða verður, verði hinum tryggðu bærileg, án þess að fjárhag þeirra sé stefnt í voða. Þessi breyting auðveldar mjög eftirlit með rekstri sjúkrasamlaganna og tryggir betri stjórnun þeirra. Það leiðir af þessari breytingu, að héraðssamlögin verða úr sögunni.

Um 38. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjallar um skipun stjórna sjúkrasamlaga. Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, að sveitarfélögin skipi menn í stjórnir samlaganna og að ráðherra skipi oddamann, sem jafnframt er formaður. Vegna þeirrar breytingar, sem lagt er til að gerð verði, sbr. 37. gr. frumvarpsins, er lagt til, að bæjarstjórnir og sýslunefndir skipi menn í stjórn samlaganna og ráðherra skipi formann hér eftir sem hingað til.

Um 39. gr.

Grein þessi svarar til 46. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1970. Efnisbreytingar er hér ekki um að ræða, aðrar en þær, sem leiðir af niðurlagningu héraðssamlaganna.

Um 40. gr.

Felld er niður undanþága vistmanna fávitastofnana frá sjúkratryggingu, og hverfa þannig síðustu leifar ríkisframfærslunnar, sbr. 3. mgr. 49. gr. og lög nr. 53/1967. Í þessu sambandi vísast til frumv. til laga um breyting á lögum nr. 53/1967, um fávitastofnanir, sem fylgir þessu frumvarpi. Reglum þeim um undanþágu frá iðgjaldagreiðslu, sem um ræðir í 1. mgr., hefur verið fylgt í framkvæmd, en rétt virðist að lögfesta þær. Jafnframt er gert ráð fyrir, að tryggingaráð setji reglur um, hvaða skilyrði erlend sjúkratrygging uppfylli, til þess að undanþága verði veitt.

Um 41. gr.

Breyting á 1. mgr. 48. gr. laganna um réttindi án biðtíma handa þeim, sem tryggðir eru erlendis, er háð því, að hin erlenda sjúkratrygging fullnægi þeim reglum, sem tryggingaráð setur, sbr. 1. mgr. 47. gr. frumvarpsins. Síðasti málsliður greinarinnar fellur niður í samræmi við áðurnefnda breytingu á sjúkratryggingum fávita.

Um 42. gr.

Grein þessi svarar til 49. gr. laganna, svo langt sem hún nær. Breyting, sem lagt er til, að gerð verði á 3. mgr., er vegna áðurnefndrar breytingar á sjúkratryggingum fávita og þarfnast ekki skýringa.

Í 4. mgr. er fjallað um vistun á erlendum sjúkrahúsum, sbr. 2. gr. laga nr. 11/1970. Aukin er greiðsluskylda sjúkratryggingadeildar að því leyti, að einnig skal greiða kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp, sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar.

Um 43. gr.

Betur þykir fara á því að skipta 49. gr. í tvær greinar og fjalli þessi grein um samþykktir sjúkrasamlaga og þá hjálp, sem þau skulu veita sjúklingum, sem ekki eru vistaðir á heilbrigðisstofnunum. Þessi ákvæði eru öll óbreytt, nema fyrri málsliður 5. mgr. 49. gr. laganna, sem fjallar um farsóttir og lagt er til, að felldur verði niður. Orðalagsbreyting á síðasta málslið greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Gert er ráð fyrir, að biðtími verði hinn sami hjá atvinnurekendum og öðrum og enn fremur hækki dagpeningar húsmæðra.

Um 45. gr.

Greinin svarar til 51. gr. laganna og er efnislega samhljóða henni. Orðalagsbreytingar þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Ákvæði 52. gr. laganna eru óbreytt. Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er nýmæli. Er m. a. höfð í huga þátttaka sjúkratrygginga í kostnaðarsömum sjúkraflutningi, ef samlagsmaður veikist eða slasast erlendis.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 53. gr. laganna.

Um 48. gr.

Breytingar á greininni eru þær einar, sem leiðir af því, að héraðssamlögin eru lögð niður.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 55. gr. laganna.

Um 50. gr.

Grein þessi svarar til 56. gr. laganna, sbr. lög nr. 29/1970 og lög nr. 42/1970. Breytingar á síðustu málsgrein eru í samræmi við fyrirhugaðar breytingar varðandi fávita og héraðssamlög. Í sambandi við niðurfall bóta, ef hlutaðeigandi dvelst á stofnun, sem sjúkratryggingar greiða fyrir, er nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að lífeyrir falli niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Samkvæmt lögum fellur lífeyrir niður, ef vistun varir lengur en einn mánuð. Nýmæli þetta felur í sér nokkra rýmkun í öllum þorra tilvika.

Um 51.—52. gr.

Greinarnar eru samhljóða 57. og 58. gr. laganna.

Um 53. gr.

Felld er niður sérreglan í 59. gr. laganna um ástand, sem stafar af ölvun og notkun deyfilyfja. Lagt er til, að nægja verði látið, að bætur greiðist ekki bótaþega sjálfum, ef hann vanrækir að fara að læknisráðum o. s. frv.

Um 54. gr.

Skylda bótaþega til að veita upplýsingar samkvæmt 2. mgr. í sambandi við úrskurð bóta er rýmkuð og tekur einnig til endurskoðunar á bótarétti, sem þá jafnframt er gert ráð fyrir, að fram fari, ef ástæða þykir til.

Um 55.—61. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 61.—67. gr. laganna, nema breytt er tilvitnun í umferðarlög, sem nú eru lög nr. 40/1968.

Um 62. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 63.—66. gr.

Breytt er tilvitnun í skattalög, sem nú eru lög nr. 90/1965. Annars samhljóða 68.—71. gr. laganna.

Um 67. gr.

Tvær breytingar er hér um að ræða. Lagt er til, að ríkissjóður ábyrgist iðgjaldagreiðslur fanga. Felldur er niður síðasti málsliður 2. mgr. Að öðru leyti er greinin samhljóða 72. gr. laganna.

Um 68.—69. gr.

Greinarnar eru samhljóða 73.—74. gr. laganna.

Um 70. gr.

Lagt er til, að síðari málsliður 75. gr. laganna verði felldur niður.

Um 71. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar eru ákvæði, sem að efni til eru samhljóða 76. gr. laganna. Í 2. mgr. eru ákvæði um varasjóð sjúkratryggingadeildar, sem eru í samræmi við reglur 1. mgr., sbr. 13. gr. laga nr. 83/1967.

Um 72. gr.

Samhljóða frumvarpi, sem nú liggur fyrir Alþingi og fylgir frumvarpi um Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna meðlaga.

Um 73. gr.

Samhljóða 80. gr. laganna, en lagt er til, að greiðsla vegna barnsfararkostnaðar hækki úr kr. 1000.00 í kr. 3000.00.

Um 74.—75. gr.

Samhljóða 81.—82. gr. laganna.

Um 76. gr.

Grein þessi geymir ákvæði 1. og 3. gr. laga nr. 43/1970, og kveðið er nánar á um tilhögun þeirrar tryggingar, sem þar um ræðir.

Um 77. gr.

Samhljóða 83. gr. laganna.

Um 78. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. gr. laga nr. 110/1970.

Um 79. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 80. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Breyting sú, sem gert er ráð fyrir um afnám skilyrðis um ríkisborgararétt fyrir bótarétti og lögfestingu ákvæðins réttindavinnslutíma, leiðir til þess, að sumir þeir, sem öðlazt hafa bótarétt, missa hann, ef ákvæði 1. tl. væri ekki lögtekið. Jafnframt er eðlilegt að setja ákvæðin tímamörk, sem réttindavinnslutími miðast við, sbr. 2. mgr. 1. tl. ákvæðisins. Lagt er til, að miðað verði við gildistöku almannatryggingalaga nr. 50/1946.

Um 2. tl. ákvæðisins vísast til fylgiskjals II.

Um 3. tl. Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. tl. Ljóst er, að framkvæmd þeirra skipulagsbreytinga, sem gert er ráð fyrir að verði varðandi sjúkrasamlögin, þarf rækilegs undirbúnings. Það er því lagt til, að stjórnir hinna nýju sjúkrasamlaga verði skipaðar fyrir gildistöku laganna, eða eigi síðar en 30. sept. 1971.

Athugasemd Guðjóns Hansen:

Ég hefði kosið, að endurskoðun nefndarinnar á lögum um almannatryggingar hefði verið unnin í tveimur áföngum og hefði í hinum fyrri verið fjallað um þær breytingar, sem brýnust þörf er fyrir, en í síðari áfanga betur vandað til afgreiðslu á ýmsum málum en nefndin hefur gert. Skal á það bent, að endurskoðun sú, sem lauk með setningu laga nr. 40 1963, var unnin í þremur áföngum.

Nefndin hefur engin skil gert veigamiklum málum, sem fjallað hefur verið um. Má þar í fyrsta lagi nefna breytingu á fjölskyldubótakerfinu, sbr. athugasemdir við 26. grein frumvarpsins, í öðru lagi nauðsyn breytinga á ákvæðum um gjald-

skyldu og lögheimili, annaðhvort með breytingum á almannatryggingalögum eða lögum um lögheimili, og í þriðja lagi hugmynd um tryggingadómstól, er með fljótvirkum hætti skapaði bótaþegum réttaröryggi. Enn fremur hefði að mínu áliti mátt vanda betur til tillögugerðar nefndarinnar, ef nefndin hefði haft rýmri tíma.

Guðjón Hansen.

Fylgiskjal I.

Tryggingastofnunin hefur áætlað hækkanir þær, er leiðir af fyrirhuguðum lagabreytingum, á útgjöld lífeyristrygginga, og eru þær sem hér segir:

1.	20% hækkun á lífeyristryggingar aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrk og barnalífeyri	290.0	millj. kr.
2.	Hækkun á fæðingarstyrk úr 13 000 í 14 700 kr.	6.5	— —
3.	Barnalífeyrir: 40% hækkun á gildandi ákvæði	24.0	— —
	Vegna fráfalls móður, 14. gr.	9.0	— —
	Vegna aldurshækkunar til 17 ára, 14. gr.	20.0	— —
4.	Bótahækkun til ekkna samkvæmt 17. gr.	4.5	— —
5.	Breyting á ekkjulífeyri samkv. 18. gr.	15.0	— —
6.	Trygging 84 000 kr. árstekna fyrir elli- og örorkubótaþega. Hér hlýtur að vera um mjög óvissa áætlun að ræða	85.0	— —
	Hækkun vegna lengri frests á niðurfellingu bóta samkv. 50. gr. og heimildar um mæðralaun fósturmóður samkv. 15. gr. hefur ekki sérstaklega verið áætluð, en varla er þar um stórar upphæðir að ræða. Ekki hefur heldur verið hægt, eða gefizt tími til, að gera nákvæmar áætlanir um ýmsar rýmkanir á ákvæðum sjúkratrygginga. Sjúkradagpeningar skipta þar mestu máli. Rétt þykir að áætla alla þessa liði 46 millj. kr.	46.0	— —
		500.0	millj. kr.

Niðurfelling almannatryggingagjalds fyrir 16 ára aldursflokkinn nemur um 25.5 millj. kr. tekjutapi, sem innheimta verður með hækkuðum iðgjöldum þeirra, sem eru á aldrinum 17—67 ára.

Tryggingastofnun ríkisins.

Fylgiskjal II.

Álitsgerð cand. juris Þórðar Eyjólfssonar, fyrrv. hæstaréttardómara.

Í bréfi til mín frá hr. ráðuneytisstjóra Hjálmari Vilhjálmssyni, dags. 26. jan. 1971, er tekið fram, að nefnd, sem starfar að endurskoðun gildandi laga um almannatryggingar, hafi rætt þá hugmynd að fækka þeim sjúkrasamlögum, sem nú starfa, þannig að í stað samlags í hverjum hreppi komi eitt samlag í hverri sýslu, og hreppasamlögin því lögð niður. Beri þá nauðsyn til að setja ákvæði um, hversu skuli ráðstafa eignum og skuldum þeirra samlaga, sem niður yrðu lögð. Bréfinu fylgdi svofellt uppkast að ákvæði til bráðabirgða, er sett yrði í fyrirhugað frumvarp:

„Eignir og skuldir sjúkrasamlaga þeirra, sem störfuðu fyrir gildistöku laga þessara, yfirfærast á sjúkrasamlag það, sem tekur við hlutverki þeirra, þannig, að helmingur hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt, skal renna í varasjóð hins nýja samlags, en helmingur skal ganga upp í framlög hlutaðeigandi

sveitarfélags til hins nýja samlags. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins ábyrgist skuldir samlaga þeirra, sem niður eru lögð, sem eigin skuld."

Óskar ráðuneytisstjórinn f. h. nefndarinnar umsagnar minnar um, hvort greint ákvæði til bráðabirgða geti staðizt frá lögfræðilegu sjónarmiði, og enn fremur, hvort önnur vandkvæði kunni að vera á lagasetningu slíkri sem felst í þessu bráðabirgðaákvæði.

Samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar, nr. 40/1963, sbr. lög nr. 83/1967, er skylt að hafa sjúkrasamlög í öllum hreppum landsins. Í lögunum er kveðið á um skipulag samlaganna og hlutverk, þar á meðal um stjórn þeirra, árlegar tekjur og hvernig útgjöldum skuli háttað. Samlögin eru því opinberar stofnanir.

Flestar opinberar stofnanir eru annaðhvort beinar ríkisstofnanir eða beinar sveitarstjórnarstofnanir. Til eru þó bæði hér á landi og í öðrum löndum opinberar stofnanir, sem ekki verða heimfærðar að öllu leyti til annars hvors þessara flokka, heldur teljast sameiginlegar ríkis- og sveitarstjórnarstofnanir. Um þetta má m. a. vísa til Dansk Forvaltningsret eftir prófessor Poul Andersen (2. útg. 1946), bls. 650—651. Eins og stjórn sjúkrasamlaganna og tekjuöflun til þeirra er háttað, er vafalaust, að þau beri að telja til síðastnefnda flokksins, þ. e. sameiginlegra ríkis- og sveitarstjórnarstofnana.

Hér á eftir verður lýst í aðaldráttum, hvernig tekjuöflun til sjúkrasamlaga í hreppum hefur verið háttað að lögum og hvernig sjóðir þeirra samkvæmt því hafa myndazt. Skiptir þetta mestu máli í sambandi við hugsanlega niðurlagningu samlaganna.

Þegar opinber sjúkrasamlög komu fyrst til sögu í hreppum landsins samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 26/1936, voru árlegar tekjur hvers samlags ákveðnar þannig, sbr. 34. og 35. gr. laganna:

1. Iðgjöld samlagsmanna	4/6 hlutar
2. Framlag ríkissjóðs	1/6 hluti
3. Framlag sveitarsjóðs	1/6 —

Þetta hélzt óbreytt til ársins 1943, en með 42. og 47. gr. laga nr. 104/1943 voru tekjur ákveðnar þannig:

1. Iðgjöld samlagsmanna	3/5 hlutar
2. Framlag ríkissjóðs	1/5 hluti
3. Framlag sveitarsjóðs	1/5 —

Næst var þessu breytt með 21. gr. laga nr. 13/1960 og tekjur ákveðnar þannig:

1. Iðgjöld samlagsmanna	10/26 hlutar
2. Framlag ríkissjóðs	11/26 —
3. Framlag sveitarsjóðs	5/26 —

Þessi skipun var látin haldast, þegar sett voru lög nr. 40/1963, sbr. 54 og 55. gr. þeirra, eins og þær voru upphaflega. En með 9. og 10. gr. laga nr. 83/1967 var þessum greinum breytt og tekjur ákveðnar þannig:

1. Iðgjöld samlagsmanna	20/87 hlutar
2. Framlag ríkissjóðs	50/87 —
3. Framlag sveitarsjóðs	17/87 —

Í lögum um almannatryggingar eru engin ákvæði um, hvernig fara skuli um sjóði sjúkrasamlaga, ef þau eru lögð niður. Ekki eru heldur nein almenn ákvæði um þetta efni í lögum, sem eftir sé hægt að fara í sambandi við niðurlagningu opinberra stofnana. Er þess ekki heldur þörf, þegar um hreinar ríkisstofnanir eða hreinar sveitarstjórnarstofnanir er að ræða.

Í einkamálarétti er það almenn regla, að þegar félag er lagt niður, skiptast eignir þess milli félagsmanna í réttu hlutfalli við framlög þeirra, nema annað sé

ákveðið í félagssamþykktum eða landslögum. Þessi almenna regla gildir jafnt um þær eignir, sem kunna að vera umfram framlög félagsmanna, sem um framlögin sjálf, enda er þá gert ráð fyrir því, að í rekstri félagsins hafi framlögin staðið undir öflun tekna og sköpun eigna.

Þessari reglu einkamálaréttar verður auðsjáanlega ekki beitt almennt um opinberar stofnanir, sem fleiri aðilar en einn, svo sem ríki og sveitarfélag, standa að. Opinberar stofnanir eru tíðast byggðar upp með allt öðrum hætti en einkafélög. Þó getur verið, að í sumum tilvikum megi hafa hliðsjón af umræddri reglu.

Þegar sett voru lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, nr. 41/1955, var svofellt ákvæði í 2. mgr. 18. gr.:

„Nú er skóli, sem kostaður er sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, lagður niður . . . og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur."

Sams konar ákvæði er í 27. gr. núgildandi laga um skólakostnað, nr. 49/1967.

Mér virðist þessi regla skólakostnaðarlaganna vera í samræmi við eðli málsins og að beita eigi henni með lögjöfnun, eftir því sem unnt er, þegar ráðstafa skal eignum niðurlagðra opinberra stofnana, sem bæði ríki og sveitarfélög hafa staðið að, þar á meðal þegar sjúkrasamlög eru lögð niður. Þetta tekur þó einungis til skiptingar á þeim hluta eignanna, sem komið hefur frá ríki og sveitarfélagi, í réttu hlutfalli við tekjur, sem stofnunin kann að hafa fengið frá öðrum aðilum.

Nú hefur hluti af tekjum sjúkrasamlaga í hreppum, eins og að framan greinir, alla tíð komið sem iðgjöld frá samlagsmönnum, og er þá spurning um ráðstöfun á hlutfallslegum eignum samlaganna af þeim sökum.

Þar er því fyrst til að svara, að útilokað er, að sá eignarhluti, sem þannig hefur myndazt, renni beint til iðgjaldsgreiðenda. Það er hvort tveggja, að greiðendur eiga engan persónulegan rétt til eigna sjúkrasamlaga og að óframkvæmanlegt væri að ákveða endurgreiðslu til þeirra á hluta af iðgjöldum, e. t. v. margra undanfarinna ára, eftir því hvenær og hvernig sjóðirnir hafa myndazt.

Þess var getið hér að framan, að þegar einkafélög eru lögð niður, skiptast þær eignir, sem umfram eru framlög félagsmanna, milli þeirra í réttu hlutfalli við framlögin. Þessi regla getur ekki átt við hér, því að framlög ríkis og sveitarfélaga hafa ekki staðið undir þeirri eignaaukningu, sem rekja má til iðgjaldanna.

Ekki verður heldur eignarhluti sjúkrasamlags vegna iðgjaldagreiðslu talinn eign viðkomandi sveitarfélags. Iðgjöldin verða hvorki beint né óbeint talin til sveitartekna. Annað mál er það, að þar sem iðgjöldin komu frá íbúum hreppsins, gætu sanngirnisástæður leitt til þess, að sveitarfélagið yrði fremur en ríkið látið njóta góðs af umræddri eignaaukningu, en lagalegan rétt til hennar tel ég sveitarfélagið ekki hafa.

Með því að hvorki iðgjaldagreiðendur né sveitarfélagið munu samkvæmt framansögðu hafa lagalegan rétt til þess eignarhluta, sem hér um ræðir, þá hlýtur löggjafarvaldið að hafa óskoraðan rétt til að ráðstafa honum.

Í fyrirhuguðu bráðabirgðaákvæði er ráðgert, að helmingur hreinnar eignar niðurlagðs sjúkrasamlags skuli ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags til væntanlegs sjúkrasamlags, er tekur við hlutverki niðurlagða samlagsins, og koma með þeim hætti sveitarfélaginu að notum. Helmingur hreinnar eignar er meira en nema mundi hluta sveitarsjóðs, ef einungis væri miðað við framlög hans til samlagsins. Getur hreppurinn því ekki talizt vanhaldinn, ef skiptingarregla bráðabirgðaákvæðisins yrði að lögum.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir um rétt til eigna niðurlagðs sjúkrasamlags, álít ég, að umrætt bráðabirgðaákvæði fái að fullu staðizt frá lögfræðilegu sjónarmiði og að engin vandkvæði séu á lagasetningu slíkri sem í því felst.

Ed. 567. Frumvarp til laga [282. mál]

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir eðlilegan dvalarkostnað fávita á viðurkenndu fávitahæli, hafi vistun hans þar verið úrskurðuð nauðsynleg, sbr. 11. gr.

2. gr.

6. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir hæfilegt gjald vegna fávita, sem dvelst á viðurkenndu dagvistarheimili samkvæmt þessum lögum, enda hafi slík dvöl verið úrskurðuð með sama hætti og segir í 5. gr. Aldrei skal þó slíkur kostnaður greiddur hærri fjárhæð en nemur ⅗ hlutum þess kostnaðar, sem greiddur er vegna fávita, sem dvelur á aðalfávitahæli ríkisins.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt fávita til lögboðins lífeyris.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær, sem felast í frumvarpi þessu, eru í samræmi við þá breytingu á lögunum um almannatryggingar, að sjúkratryggingadeildin annist greiðslu vegna hælisvistar fávita eins og annarra langlegusjúklinga, sbr. 3. mgr. 49. gr. þeirra laga. Lagt er til, að sjúkratryggingadeild greiði einnig styrk vegna fávita, sem dveljast á viðurkenndum dagvistarheimilum, sbr. 6. gr. þessara laga.

Ed. 568. Frumvarp til laga [283. mál]

um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem lög þessi ákveða. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

Fé til greiðslu eftirlauna þessara greiðist að ¾ hlutum úr atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði.

2. gr.

Rétt til eftirlauna eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi, sem 1. gr. tekur til.
b. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.

d. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 6. gr.

3. gr.

Falli félagi frá eftir 31. desember 1969, skal eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr., enda hafi félaginn uppfyllt skilyrði a- og b-liðar 2. gr. og átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 2. gr.

4. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 2. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta sé slysadagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur áfram störfum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. c-lið 2. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um, hvenær maður telst hafa látið af störfum, svo og um niðurfellingu eftirlauna. Þar er enn fremur heimilt að ákveða, að starf, sem ekki nær þremur mánuðum á almanaksári, skuli ekki valda niðurfellingu.

5. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eða öðrum ákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum samkvæmt 1. gr., ef hlutaðeigandi ákvæði hefðu öðlazt gildi 1. janúar 1955.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

Nú hefur félagi verið bóndi á lögbýli eftir árslok 1954 og eftir að hann náði 55 ára aldri, og skal þá slíkur tími reiknast með réttindatíma, enda eigi félaginn ekki rétt til lífeyris samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda. Heimilt er í reglugerð að víkja frá skilyrðinu um lögbýli.

6. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt, skal hann að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

Laun þau, sem félagi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum, sbr. 1. málsgr. 5. gr., skulu umreiknuð í stig á þann hátt, að deilt skal í árslaunin með grundvallarlaunum hlutaðeigandi árs, sbr. 1. málsgr. þessarar greinar. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um iðgjaldsskyldar launatekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, stuðzt við upplýsingar skattstjóra um framtaldar launatekjur næstu starfsár á undan. Skulu launatekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en 1.1 stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðzt er við skattframtal.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú beztu árin, sem upplýsingar eru um.

Hefjist réttindatími samkvæmt 2. málsgr. 5. gr. ekki um áramót, skal reikna stig fyrsta almanaksársins í hlutfalli við réttindatíma á árinu.

Ekki skal reikna stig fyrir lengri tíma en 20 ár og ekki fyrir tíma eftir að taka eftirlauna er hafin. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til áunninna stiga fram til 75 ára aldurs hins látna, og á sama hátt skal fjárhæð ellilífeyris endurskoðuð við 75 ára aldur félaga með hliðsjón af áunnum stigum eftir að taka ellilífeyris hófst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

7. gr.

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaganum var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli félagi frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Maður getur notið samtímis elli- og makalífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

8. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna, að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á eftirlaun, sem þegar hafa verið úrskurðuð. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1972. Við slíka ákvörðun skal m. a. hafa hliðsjón af breytingum, er orðið hafa á kauptaxta þeim, sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 1. málsgr. 6. gr., og hliðstæðum uppbótum, sem almennt eru greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga.

9. gr.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 7. og 8. gr. Hafi hlutaðeigandi eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18 1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

10. gr.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðsstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Eftirlaun skulu greidd frá 1. janúar 1971 til þeirra, sem þá eiga rétt til þeirra samkvæmt 2. gr. Til þeirra, sem síðar öðlast rétt til þeirra, skulu þau greidd frá 1. næsta mánaðar eftir að þeir öðluðust réttinn. Eftirlaun falla niður í lok þess mánaðar, er lífeyrisþegi fellur frá. Fjárhæð eftirlauna skal reiknuð í heilum krónum á mánuði án tillits til lengdar greiðslutímabils, sbr 1. málsgr.

11. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn

lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá lokum þess mánaðar, er umsókn berst sjóðsstjórn.

12. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá menn í umsjónarnefnd eftirlauna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnum lífeyrissjóða, sbr. 11. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skylt er umsækjendum, stjórnum lífeyrissjóða og skattstjórum að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa tök á að veita og nefndin telur mega að gagni verða við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Lífeyrissjóði bænda er skylt að endurgreiða eftir kröfu nefndarinnar að sínum hluta eftirlaun, er að nokkru leyti miðast við réttindatíma hlutaðeigandi sem bónda. Á sama hátt skal nefndin greiða Lífeyrissjóði bænda viðbót við eftirlaun, sem greidd eru úr þeim sjóði bændum, er áunnið hafa sér réttindatíma samkvæmt 1. og 2. málsgr. 5. gr. og fá að sama skapi skert réttindi hjá Lífeyrissjóði bænda.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt milli atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs á sama hátt og bótagreiðslum, sbr. 1. gr. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna. Í slíkri reglugerð skal m. a. ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 9. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi. Enn fremur skal þar heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, ef um er að ræða sjóði, sem krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969.

14. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

Nú hafa manni verið úrskurðuð eftirlaun samkvæmt lögum nr. 18 1970 fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá fjárhæð slíkra eftirlauna hvorki lækka né vera lægri en lágmark það, sem tilgreint er í 7. gr., þótt réttur reynist minni samkvæmt þessum lögum.

Árið 1971 skulu eftirlaun reiknast sem hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna 1966—1970 án tillits til, hvort hlutaðeigandi hefur notið eftirlauna á árinu 1970.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 3. apríl 1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, og gerir hann svofellda grein fyrir samningu þess og efni:

Með bréfi, dags. 10. desember 1970, fól heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mér endurskoðun laga nr. 18 1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum,

m. a. með hliðsjón af framkomnum frumvörpum á Alþingi um breytingar á lögunum. Um endurskoðun þessa bar mér að hafa samráð við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands. Hinn 19. desember ritaði ég þessum aðilum bréf og óskaði eftir, að þeir tilnefndu fulltrúa, er ég gæti snúið mér til í sambandi við verkefni þetta. Með bréfi, dags. 15. janúar, tilnefndi Alþýðusamband Íslands þá Björn Jónsson, alþingismann, Eðvarð Sigurðsson, alþingismann, og Snorra Jónsson, framkvæmdastjóra, og 30. sama mánaðar tilnefndi Vinnuveitendasamband Íslands Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóra, af sinni hálfu. Hef ég haldið þrjá fundi með þessum fulltrúum.

Ofangreind lagafrumvörp eru tvö, annars vegar frumvarp þeirra Eðvarðs Sigurðssonar og Magnúsar Kjartanssonar, lagt fram í neðri deild Alþingis, og hins vegar frumvarp þeirra Björns Jónssonar og Jóns Þorsteinssonar, lagt fram í efri deild. Fyrrnefnda frumvarpið er þess efnis, að lágmark eftirlauna skuli vera kr. 2000.00 á mánuði að viðbættri vísitölu vöru og þjónustu frá 1. janúar 1970. Í síðarnefnda frumvarpinu felast þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að í stað skilyrðis laganna um, að hlutaðeigandi hafi verið í starfi í árslok 1967, komi skilyrði um 10 ára starf frá og með árinu 1955. Í öðru lagi verði slakað á kröfunni um, að einungis megi reikna til réttinda tíma, sem hlutaðeigandi hefur verið fullgildur félagi stéttarfélags innan A. S. Í., og í þriðja lagi verði lágmark eftirlauna það sama og gert er ráð fyrir í fyrrnefnda frumvarpinu.

Lög nr. 18 1970 voru sett í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra 18. maí 1969 og fylgiskjal með þeirri yfirlýsingu. Voru yfirlýsing þessi og fylgiskjalið liður í samkomulagi Vinnuveitendasambands Íslands og verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969. Nokkuð mun hafa verið rætt um að gera breytingar á lagafrumvarpinu við meðferð málsins á Alþingi, en niðurstaða varð sú, að við setningu laganna var ekki vikið frá samkomulaginu. Í bráðabirgðaákvæði laganna segir hins vegar, að gert sé ráð fyrir, að endurskoðun fari fram eftir nokkra byrjunarreynslu, ef aðilar samkomulagsins frá 19. maí 1969 eru sammála um, að það sé æskilegt vegna framkvæmdar laganna.

Tilgangurinn með lögunum var raunverulega sá, að þau kæmu í stað bráðabirgðaákvæða í reglugerðum þeirra lífeyrissjóða, sem samkomulag hafði orðið um að koma á fót, þess efnis, að hópi manna yrðu tryggð tiltekin lágmarksréttindi, þótt þeir aldurs vegna greiddu lítið eða jafnvel ekkert til sjóðanna. Vandkvæði á að semja slík bráðabirgðaákvæði voru augljós. Má sem dæmi nefna, að ekkert var vitað um, hvernig almenn bótaákvæði yrðu hjá hinum nýju sjóðum, þegar fylgiskjalið með yfirlýsingu forsætisráðherra var samið. Nú mun frágangi reglugerða fyrir sjóðina hins vegar vera lokið að mestu, og vitað er um höfuðatriði þeirra. Þá hafa aðstæður breytzt verulega í atvinnu-, kaupgjalds- og verðlagsmálum síðan vorið 1969. Aukin eftirspurn eftir vinnuafli er tvímælalaust höfuðástæðan fyrir því, að útgjöld vegna þessara eftirlaunagreiðslna hafi reynzt miklum mun minni en áætlað var, og hækkun kaupgjalds og verðlags hefur orðið meiri en menn mun yfirleitt hafa órað fyrir á þeim tíma. Loks má nefna nýja lagasetningu, lög um Lífeyrissjóð bænda og lög um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum (sem nú nefnist Lífeyrissjóður sjómanna), en í lögum þessum eru ákvæði um réttindi bænda og bátasjómanna, sama eðlis og ákvæði laga nr. 18 1970.

Með hliðsjón af framanrituðu og reynslu minni af lögunum og framkvæmd þeirra hef ég talið rækilega endurskoðun nauðsynlega. Voru fulltrúar A. S. Í. og V. S. Í. sammála mér um þá afstöðu og hafa lýst stuðningi við meðfylgjandi frumvarp. Jafnframt hafa þeir lagt ríka áherzlu á, að það hljóti afgreiðslu, áður en Alþingi lýkur störfum í vor.

Hér verður fyrst vikið að þeim höfuðbreytingum, sem felast í meðfylgjandi frumvarpi, en síðan verður drepið á einstakar greinar þess.

A. Afmörkun þess hóps, sem réttinda nýtur.

Samkvæmt 1. gr. núgildandi laga taka þau einungis til félaga í stéttarfélögum innan A. S. Í. Með tilliti til þess, að ¾ hlutar útgjalda til eftirlauna eru greiddir úr atvinnuleysistryggingasjóði, er í frumvarpinu gert ráð fyrir rýmkun þessa ákvæðis í þá átt, að sama gildi um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að skilyrðið um starf í árslok 1967 falli brott og verði réttur til ellilífeyris bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi starfað a. m. k. 10 ár eftir árslok 1954 og eftir að hann náði 55 ára aldri. Hefur þessi breyting í för með sér mikla fjölgun lífeyrisþega.

Samkvæmt frumvarpinu er skilyrðinu um félagsaðild breytt í það horf, að einungis er krafizt, að hlutaðeigandi sé fullgildur félagi, þegar hann sækir um eftirlaun, en samkvæmt núgildandi lögum skal aðeins reikna sem réttindatíma þann tíma, sem maður hefur verið fullgildur félagi. Þá er gert ráð fyrir tengingu við lögin um Lífeyrissjóð bænda, sem samþykkt voru í árslok 1970, og loks má nefna, að skilyrðið um, að félagi sé hættur starfi, er samkvæmt frumvarpinu fellt niður við 75 ára aldur.

B. Aðlögun að reglugerðum lífeyrissjóða og hækkun eftirlaunafjárhæða.

Bótaákvæði núgildandi laga eru sniðin eftir þeim ákvæðum um lífeyrisgreiðslur, sem almennt voru í gildi hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga og fyrirtækja vorið 1969, en reglur hinna nýju lífeyrissjóða eru hins vegar ólíkar þessum ákvæðum í grundvallaratriðum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir aðlögun að þessum reglum, en sú aðlögun hefur m. a. í för með sér, að ellilífeyrisgreiðslur fyrir stuttan réttindatíma hækka verulega. Þá er í frumvarpinu aðeins einn kauptaxti, er hafa skal til viðmiðunar við ákvörðun réttinda fyrir tímabilið 1955—1969, og veldur sú breyting verulegri jöfnun eftirlaunafjárhæða þeim í vil, sem tekið hafa laun samkvæmt hinum lægri kauptöxtum og fá nú mesta hækkun, ef frumvarpið verður að lögum. Jafnframt verður öll framkvæmd miklum mun auðveldari, er einungis þarf að hafa einn taxta tiltækan við útreikning eftirlauna.

Í frumvarpinu er ákvæði um 5 stiga lágmarks eftirlaunarétt. Til þessa lágmarksákvæðis þarf þó ekki að grípa, nema mjög óverulegar launagreiðslur hafi verið grundvöllur réttindanna. Þess eru hins vegar dæmi, að eftirlaun hafa verið úrskurðuð á grundvelli svo lágra launagreiðslna, að 15 ára iðgjaldagreiðsla til hinna nýju sjóða af slíkum launum mundi engan rétt veita. Eðlileg afleiðing af hærra lágmarki væri því að setja jafnframt strangari skilyrði um lágmark launagreiðslna, er rétt gætu veitt samkvæmt lögunum. Þá má og búast við, að því hærra sem lágmarkið yrði, þeim mun meiri óánægju mætti vænta af hálfu þeirra, sem fengju synjun vegna of skamms réttindatíma, en teldu sig með nokkrum rétti verðugri eftirlauna en ýmsa þá, sem fengju eftirlaun fyrir lítið starf, t. d. ígripavinnu eina.

Í núgildandi lögum eru engin ákvæði um hækkun eftirlauna, eftir að þau eru úrskurðuð í fyrsta sinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að ákveða slíkar hækkanir fyrir eitt ár í senn.

C. Áætluð útgjöld og einstök dæmi um eftirlaunafjárhæðir.

Í áætlun, sem gerð var vorið 1969, var gert ráð fyrir, að útgjöld til eftirlaunakerfis þess, sem hér um ræðir, mundu nema um 25 millj. kr. á árinu 1970. Þótt enn hafi ekki borizt umsóknir frá öllum þeim, sem öðluðust eftirlaunarétt á síðastliðnu ári, má gera ráð fyrir, að útgjöldin verði vart nema fjórðungur hinnar áætluðu fjárhæðar, og er höfuðástæðan, eins og áður er sagt, stórbætt atvinnuástand.

Í fjárlögum ársins 1971 eru útgjöld áætluð 36 millj. kr. Áætla má, að með samþykkt frumvarpsins muni eftirlaun þeirra umsækjenda, sem þegar hafa verið úrskurðuð eftirlaun, nema um 14 millj. kr. á þessu ári. Auk eðlilegrar fjölgunar eftirlaunafólks á þessu ári bætist við stór hópur manna, sem hætt hafa störfum á árunum 1964—1967, og ýmis ákvæði frumvarpsins hafa í för með sér nokkra fjölgun. Tel ég sennilegt, að útgjöld á þessu ári geti alls orðið yfir 30 millj. kr., ef frumvarpið verður að lögum, en ósennilegt er, að þau fari fram úr áðurnefndri fjárhæð fjárlaga.

Hér skulu sýnd þrjú dæmi um fjárhæð eftirlauna, annars vegar samkvæmt núgildandi lögum og hins vegar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Launatekjur 5 ára: Ár	A. Kr.	B. Kr.	C. Kr.
1964	5 788	125 409	
1965	6 964	163 151	147 757
1966	5 781	195 390	173 943
1967	6 844	204 052	176 650
1968	12 070	135 272	183 911
1969			214 430
Núverandi eftirlaun á ári	1 380	20 467	29 412
Eftirlaun skv. frumv. á ári	11 760	36 216	38 808

A er dæmi um þá, sem njóta góðs af 5 stiga lágmarkinu samkvæmt 2. málsgr. 7. gr. frumvarpsins, og fær hann í eftirlaun því sem næst sömu fjárhæð og hann hefur haft mest í tekjur þau ár, sem upplýsingar eru um. B er verkamaður, sem hætti störfum snemma árs 1969, og C er iðnaðarmaður, sem hætti störfum í árslok 1969. Tekið skal fram, að fjárhæðir samkvæmt frumvarpinu geta tekið smávægilegum breytingum frá því, sem þær eru tilgreindar hér að framan, þar eð viðbótarupplýsingar gætu valdið hækkun á eftirlaunum B og væntanlega yrði leitað til Kjararannsóknarnefndar um nákvæman útreikning á grundvallarlaunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst sú breyting, að réttur til eftirlauna er ekki lengur einskorðaður við félaga í stéttarfélögum innan A. S. Í. Til þess að aðrir geti öðlazt slíkan rétt, þurfa þó tvö skilyrði að vera uppfyllt, í fyrsta lagi, að hlutaðeigandi sé í stéttarfélagi, sem telst til verkalýðsfélaga samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, og í öðru lagi, að stéttarfélagið hafi komið á skylduaðild að lífeyrissjóði. Að fyrra skilyrðinu er vikið í almennum athugasemdum hér að framan. Án síðara skilyrðisins yrði alger óvissa um áframhald greiðslna, er greiðslum samkvæmt lögunum lyki í árslok 1984, og jafnframt gæti vandi þeirra, sem þá nálguðust eftirlaunaaldur, enn verið óleystur.

Um 2. gr.

Með a-lið þessarar greinar er skilyrði núgildandi laga um félagsaðild breytt þannig, að í stað slíkrar aðildar allan réttindatíma umsækjanda er nú aðeins gert ráð fyrir, að félagsaðildar verði krafizt á þeim tíma, þegar sótt er um bætur. Í C-lið felst það nýmæli, að þeir, sem náð hafa 75 ára aldri, geta tekið eftirlaun án tillits til, hvort þeir eru hættir störfum, enda hefur þorri manna látið af störfum að miklu eða öllu leyti, áður en þeim aldri er náð. Enn fremur má benda á, að í hinum nýju lífeyrissjóðum ávinna menn sér ekki réttindi eftir þennan aldur. Loks er fellt niður skilyrðið um starf í árslok 1967 og látið nægja að krefjast 10 ára réttindatíma ásamt mjög vægum kröfum um launatekjur. Vakin skal athygli á því, að

þessi breyting hefur í för með sér, að margir umsækjendur þurfa að leggja fram upplýsingar frá skattayfirvöldum lengra aftur í tímann en nú á sér stað.

Um 3. gr.

Ekki er um að ræða aðrar breytingar á þessari grein en þær, sem stafa af ofangreindum breytingum á 2. gr.

Um 4. gr.

Í 1. og 3. málsgr. þessarar greinar felst rýmkun á ákvæðum b-liðar 2. gr. núgildandi laga. Hins vegar þykir rétt að hafa nánari ákvæði um þetta efni í reglugerð, þar eð oft er um vandasöm úrskurðaratriði að ræða.

Um 5. gr.

Í 4. málsgr. felst sú breyting, að tími, sem umsækjandi hefur verið bóndi á lögbýli, reiknast jafngildur starfstíma sem launþegi. Eigi hlutaðeigandi rétt til eftirlauna úr Lífeyrissjóði bænda, er þó gert ráð fyrir, að eftirlaunagreiðslur fari eftir lögum þess sjóðs, en uppbót geti komið samkvæmt þessum lögum, sbr. 3. málsgr. 12. gr. Gert er ráð fyrir þátttöku Lífeyrissjóðs bænda í útgjöldum, þegar svo stendur á. Þá er gert ráð fyrir, að í reglugerð sé heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbýli, þótt ekki verði um neina þátttöku í útgjöldum af hálfu Lífeyrissjóðs bænda að ræða í slíku tilviki.

Um 6. gr.

Með stigaútreikningi þeim, sem kveðið er á um í þessari grein, er í grundvallaratriðum horfið að þeim reglum, er gilda í hinum nýju lífeyrissjóðum, sbr. það, sem um þetta efni er sagt í almennum athugasemdum hér að framan. Hámarkið, 1.1 stig á ári á tímabilinu frá 1. janúar 1955 til ársloka 1969, jafngildir því, að árstekjur, er svara til dagvinnu samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar að viðbættum 10%, eru viðurkenndar sem grundvöllur réttinda.

Um 7. gr.

Fjárhæð ellilífeyris samkvæmt 2. málsgr. er í samræmi við ákvæði reglugerða hinna nýju lífeyrissjóða. Um 5 stiga lágmarkið skírskotast þó til þess, sem tekið er fram í almennum athugasemdum.

Fjárhæð makalífeyris verður nokkru hærri en verða mundi, ef fylgt væri að öllu leyti ákvæðum lífeyrissjóðanna, enda er makalífeyrir samkvæmt núgildandi lögum tiltölulega ríflegur í samanburði við ellilífeyri.

Í núgildandi lögum er ekki tekið fram, hvort maður geti samtímis notið elli- og makalífeyris samkvæmt lögunum. Í frumvarpinu er þetta ótvírætt, sbr. 4. málsgr. þessarar greinar, en jafnframt er kveðið á um hámark samanlagðra greiðslna. Nemur hámark þetta um 47 þús. kr. á árinu 1971.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega samhljóða tilsvarandi ákvæðum í reglugerðum hinna nýju lífeyrissjóða. Hér er það þó að sjálfsögðu annar aðili, sem ákvörðun tekur um verðlags- eða kauplagsuppbætur.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða 3. málsgr. 6. gr. núgildandi laga. Þó er hér skýrt tekið fram, að greiðslur úr ríkissjóði og öðrum opinberum sjóðum, sem hliðstæðar geta talizt lífeyrisgreiðslum, skuli koma til frádráttar á sama hátt og greiðslur úr lífeyrissjóðum.

Um 10. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæði 2. málsgr. er ekki í núgildandi lögum, en hliðstætt ákvæði er í lögum um almannatryggingar, og virðist ástæðulaust að veita lengri frest hér.

Um 12. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. málsgr. eru í 9. gr. núgildandi laga og 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 242 1970. Um 3. málsgr. skírskotast til athugasemda við 5. gr.

Um 13. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 10. gr. núgildandi laga, og er ekki um aðra breytingu að ræða en þá, sem telja verður eðlilega afleiðingu af aðlögun eftirlaunaákvæðanna að reglugerðum lífeyrissjóðanna.

Um 14. gr.

Ákvæði 2. málsgr. er til öryggis, en við athugun á allmörgum umsóknum fundust engin dæmi um, að lífeyrisgreiðslur lækkuðu við það, að farið væri eftir ákvæðum frumvarpsins.

Samkvæmt 7. gr. ætti að miða eftirlaun þeirra, sem rétt áttu þegar á árinu 1970, við meðaltal grundvallarlauna 1965—1969. Í ákvæði 3. málsgr. 14. gr. felst því hækkun til samræmis við eftirlaun þeirra, sem hefja töku þeirra á árinu 1971.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 569. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Hinn 13. október s. l. gerðist sá fáheyrði atburður, að forsætisráðherra, Jóhann Hafstein, tilkynnti í sjónvarpsviðtali, að ríkisstjórnin áformaði að setja lög um almenna verðstöðvun. Yfirlýsing forsætisráðherra veitti ýmsum aðilum í landinu aðstöðu til að búa sig undir verðstöðvunina í nærri 3 vikur. Afleiðingarnar urðu þær, eins og kunnugt er, að miklar verðhækkanir áttu sér stað, eftir að yfirlýsingin var gefin og fram til þess, að verðstöðvunin tók gildi.

Yfirlýsing forsætisráðherra í sjónvarpsviðtalinu er einstæð í sinni röð. Áður hafði því alltaf verið haldið fram, að verðstöðvun ákveðna af Alþingi eða aðra löggjöf, sem varðaði skyndibreytingar á verðlagi, þyrfti að afgreiða með sérstökum hætti, þannig að tryggt væri, að einstakir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta í verðbreytingarmálum, gætu ekki hagnazt á upplýsingum um meðferð slíkra mála.

Í þetta skipti voru allar fyrri reglur brotnar og varla annað sjáanlegt en að beinlínis væri að því stefnt að aðvara ýmsa aðila um, hvað í vændum væri.

Lítill vafi er á því, að upplýsingar af því tagi, sem forsætisráðherra gaf í þessu máli, hefðu alls staðar utan Íslands verið taldar til ósæmilegra trúnaðarbrota.

Þess er skemmst að minnast í þessu sambandi, er forsætisráðherra Noregs lét ummæli falla við landa sinn um málefni, sem vafi gat leikið á, að hann hefði leyfi til að ræða á því stigi málsins. Hinn norski forsætisráðherra játaði strax, að sér hefðu orðið á mistök, og almenningsálitið í Noregi kvað strax upp þann dóm, að forsætisráðherrann yrði að segja af sér.

Hvað halda menn, að gerzt hefði í Noregi, ef forsætisráðherrann hefði veitt kaupsýslumönnum þar í landi upplýsingar um, að í ráði væri að setja verðstöðvunar-

lög, og veitt þeim þannig möguleika til að krækja sér í álitlegan gróða með því að hagræða verðlagi, áður en til verðstöðvunarinnar kom? Efast nokkur um, að þar í landi hefði slíkur forsætisráðherra orðið að víkja úr embætti sínu þegar í stað?

Um það verður ekki deilt, að miklar verðhækkanir áttu sér stað í landinu á þeim tíma, sem leið frá því, að Jóhann Hafstein gaf upplýsingar sínar í sjónvarpsviðtalinu 13. október, og þar til verðstöðvunin tók gildi 1. nóvember. Ekki liggur hins vegar nægilega ljóst fyrir, hvað þessar verðhækkanir voru miklar í öllum greinum, og ekki heldur, hverjar þeirra verða að teljast eiga beinlínis rætur að rekja til upplýsinga hans í sjónvarpsviðtalinu.

Af þeim ástæðum fluttum við þingmenn Alþýðubandalagsins í neðri deild tillögu um, að ýtarleg rannsókn yrði látin fara fram á aðdraganda verðstöðvunarinnar og því atriði sérstaklega, hver áhrif upplýsingar forsætisráðherrans mundu hafa haft í verðlagsmálunum. Tillaga okkar er um sérstaka rannsókn á málinu sem heild og þá um leið á því, hvort framkoma ráðherrans fái staðizt lög og reglur.

Það má furðulegt teljast, að forsætisráðherrann og stuðningsmenn hans á Alþingi skuli hafa brugðizt við tillögu okkar á þann hátt, sem raun er á. Þeir neita með öllu, að rannsókn hlutlausrar nefndar fari fram, en ætla þess í stað að beita meirihlutaaðstöðu sinni á þingi til þess að vísa tillögu okkar frá.

Meirihlutaaðstaða stjórnarflokkanna á Alþingi getur ekki komið í veg fyrir það, að almenningur í landinu kveði upp sinn dóm um þátt forsætisráðherrans í þessu máli.

Það er skoðun mín, að í rauninni sé ósæmilegt að láta ekki fram fara hlutlausa rannsókn á þessu máli, svo að allur sannleikur þess megi koma í ljós. Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1971.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 570. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur haft þetta mál til athugunar og m. a. rætt við formann og framkvæmdastjóra Landsvirkjunar, þá Jóhannes Nordal og Eirík Briem.

Undirritaður meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt. Þeir EðS og ÞÞ áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum. Gísli Guðmundsson mun skila séráliti.

Alþingi, 16. marz 1971.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson.
Ásberg Sigurðsson.	Eðvarð Sigurðsson.	Pálmi Jónsson.

Sþ. 571. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]

um athugun á fiskeldi í Þorskafirði og Hestfirði og vegagerð yfir þá firði.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram sérfræðilega athugun á fiskeldi í Þorskafirði og Hestfirði í sambandi við vegagerð yfir mynni þessara fjarða.

Greinargerð.

Við erfiða vegagerð um fjörðum skornar strendur þessa lands vaknar oft sú spurning, hvort unnt sé að stytta leiðina með því að fara yfir mynni fjarða. Hvergi verður þó þessi spurning áleitnari en við vegagerð á Vestfjörðum. Þar eru firðir fleiri og lengri en annars staðar og víða sundurskildir af háum fjöllum, þannig að ekki verður auðveldlega komizt yfir á milli fjarðarbotna. Hins vegar er í mynnum margra þessara fjarða grynning eða þröskuldur, sem rennir stoðum undir þá hugmynd, að vegagerð yfir fjarðarmynni sé könnuð.

Einn af þeim fjörðum, þar sem svo virðist haga til, að vegagerð kæmi til greina yfir fjarðarmynni, er Þorskafjörður. Þar er að hefjast ný vegagerð fyrir fjörðinn og innfirði hans, Djúpafjörð og Gufufjörð. Sá vegur mun verða um 40 km og kostnaðarsamur. Yfir mynni fjarðarins munu vera um 2.7 km. Mestur hluti þeirrar vegalengdar er aðeins um 5—6 m á dýpt, en nokkru dýpri áll í miðjunni. Beggja vegna fjarðarins eru miklar skriður með prýðilegu efni í uppfyllingu.

Vegagerð yfir fjarðarmynnið hefur verið mjög lauslega áætluð, en þeim áætlunum ber illa saman. Þær lægstu eru um 100 millj. kr., en þær hæstu um 250 millj. kr., enda er kostnaður mjög háður aðstöðu allri, sem hefur ekki verið könnuð eins og skyldi.

Ljóst virðist þó, að kostnaður við veg yfir fjörðinn er allmiklu meiri en við vegagerð fyrir fjörðinn. Hins ber þó að gæta, að vegalengdin mundi styttast um nánast því 40 km, viðhald því stórlega lækka, sömuleiðis kostnaður við að halda veginum opnum að vetrum og loks aksturskostnaður þeirra, sem um veginn fara.

Þýðingarmest er þó að öllum líkindum, að innan við slíkan veg mundi myndast um 35 km^2 stöðuvatn, mjög ríkt af lífrænum efnum og blandað sjó, a. m. k. næst garðinum. Sjóblöndun mætti jafnframt auka með sérstökum útbúnaði. Telja verður, að þarna fengist hin ákjósanlegasta aðstaða til stórkostlegrar fiskræktar, sem getur orðið almennt ein mikilvægasta atvinnugrein þessa lands, ef rétt er á málum haldið. Við athugun á vegagerð yfir fjarðarmynnið verður að sjálfsögðu að taka slíka möguleika með í reikninginn.

Ein mikilvægasta framkvæmd í vegamálum á Vestfjörðum er lagning hins svokallaða Djúpvegar, sem mun koma Ísafirði og nágrenni í samband við aðra landshluta mestan hluta ársins. Á þeirri leið eru margir djúpir firðir og vegalögn mjög erfið. Nú er verið að leggja veginn fyrir Skötufjörð frá Ögri. Með þeirri takmörkuðu fjárveitingu, sem til þessarar vegagerðar hefur fengizt, mun það taka þrjú til fjögur ár að komast að næsta firði, sem er Hestfjörður. Að vísu verður að vona, að fjárveiting fáist aukin, þannig að þessum vegi verði lokið fyrr en nú horfir. Fyrir Hestfjörðinn eru aðrir u. þ. b. 25 km af mjög erfiðri vegagerð. Yfir mynni þess fjarðar er hins vegar aðeins rúmlega 1 km og grynning allveruleg. Sjálfsagt virðist að nota tímann, á meðan unnið er að vegagerð fyrir Skötufjörð, til þess að athuga, hvort vegur og brú kæmu til greina yfir Hestfjörðinn.

Í þessu sambandi virðist vafalítið, að fiskrækt gæti orðið álitleg í þeim firði, sem yrði fyrir innan slíkan veg. Það þarf að athuga.

Leitað hefur verið eftir styrk til þess að gera alhliða athugun á fiskeldi í og vegagerð yfir Þorskafjörð, m. a. til Atvinnujöfnunarsjóðs. Að því er næst verður komizt, telur sjóðsstjórnin hins vegar vafasamt, að það sé verkefni þess sjóðs að kosta athugun á vegagerð. Hins vegar er vart við því að búast, að vegamálastjóri telji athugun á fiskeldi í sínum verkahring. Af þessum ástæðum hefur ekki tekizt að fá nauðsynlegt fjármagn til slíkrar athugunar. Þó er varla um stórar upphæðir að ræða, a. m. k. ekki fyrir þá frumathugun, sem í upphafi yrði gerð. Telja verður, að slíkt mætti gera allvel fyrir 200—300 þús. kr.

Með tilliti til þessara erfiðleika og jafnframt þeirrar staðreyndar, að athugun má ekki dragast, ef úr framkvæmdum á að verða, telja flutningsmenn þessarar þings-

ályktunartillögu eðlilegt, að hæstvirt ríkisstjórn láti málið til sín taka og feli t. d. Rannsóknaráði ríkisins í samráði við Vegagerð ríkisins o. fl. að semja við verkfræðinga, rannsóknastofnanir og sérfræðinga um frumathugun á fiskeldi í umræddum fjörðum í sambandi við áætlun, sem jafnframt verði gerð á vegagerð yfir mynni fjarðanna.

Nd. 572. Frumvarp til laga [285. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

Flm.: Haraldur Henrýsson.

1. gr.

Við 7 gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur hafa skipverjar á varðskipum ríkisins heimild til stöðvunar íslenzkra skipa í þeim tilgangi að framkvæma skoðun á þeim búnaði þeirra, sem um getur í 22. gr., B-, C-, D- og F-liðum og reglugerðum, sem settar eru þar að lútandi. Svo og geta þeir stöðvað för skips og framkvæmt bráðabirgðaskoðun, telji þeir augsýnt af siglingu þess, að haffærni sé ábótavant eða hleðsla ólögleg. Telji varðskipsmenn ástæðu til vegna öryggis áhafnar eða skips, skulu þeir skipa því að halda til hafnar og gera jafnframt eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar viðvart, og skal hann framkvæma frekari skoðun. Varðskipsmenn skulu jafnan senda sýslumanni, bæjarfógeta eða sakadómara (í Reykjavík) í umdæmi því, sem skip er gert út frá, svo og siglingamálastjóra, skýrslu um skoðun sína, telji þeir hana leiða í ljós, að fyrirmælum laga og reglugerða um búnað, haffærni eða hleðslu hafi ekki verið hlýtt.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skipverjar varðskipa ríkisins framkvæma skoðanir á hafi úti með þeim takmörkunum, sem um getur í 7. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nær samhljóða frumvarp var flutt af flutningsmanni þessa frumvarps og Hjalta Haraldssyni á Alþingi 1968. Með því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með frv. þessu er lagt til, að skipverjar á varðskipum ríkisins, sem lögum samkvæmt eru lögreglumenn, fái vald til skoðunar um borð í öllum íslenzkum skipum í ákveðnum tilvikum. Eins og nú er, geta einungis sérstakir skipaskoðunarmenn, skipaðir af skipaskoðunarstjóra, framkvæmt skoðanir á skipum og búnaði þeirra. Hér er lagt til, að varðskipsmenn geti hvenær sem er framkvæmt skoðun á ýmsum öryggisbúnaði skipa skv. 22. gr. laganna, þ. e. siglingatækjum, öryggisráðstöfunum og eldvörnum, björgunartækjum og fjarskiptatækjum. Auk þess geti þeir framkvæmt frekari skoðun, ef þeim sýnist af siglingu skipsins, að haffærni þess sé ábótavant eða hleðsla ólögleg.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að töluvert hefur skort á, að fylgt væri reglum um öryggisútbúnað á skipum og reglum um haffærni eða hleðslu, og telja fróðir menn, að mörg slys megi rekja til slíks. Það mundi eflaust verða til aukins aðhalds, ef löggæzla á þessu sviði yrði aukin og skyndiskoðanir framkvæmdar á hafi úti. Útgerðarmenn og skipstjórnarmenn mundu þá eflaust hugsa sig betur um, áður en þeir brytu lög um þessi efni. Hér eru svo ríkir hagsmunir í húfi, að nauðsynlegt hlýtur að teljast, að eftirlit verði sem strangast og virkast. Gert er ráð fyrir, að viðkomandi héraðsdómarar fái skýrslur um brot, og þykir það vera skjótvirkara en að senda mál strax til siglingadóms skv. 37. gr. laganna. Ef saksóknari í samráði við skipaskoð-

unarstjóra teldi hins vegar málshöfðunar þörf að lokinni rannsókn heima í héraði, yrði mál væntanlega höfðað fyrir siglingadómi.

Nd. 573. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. milli deilda var tveimur þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni. En þetta er sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförnum árum.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt að flytja eða fylgja breytingartillögu við 2. gr. frv.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim 10 umsækjendum, sem taldir eru í 1. gr. frv. eins og hún er nú, og þeim 32 umsækjendum, sem ásamt þeim eru taldir upp í breytingartillögu nefndarinnar á sérstöku þingskjali, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 18. marz 1971.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Gísli Guðmundsson.	Steingrímur Pálsson.	Stefán Valgeirsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 574. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til laga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Undirritaður leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1971.

Steingrímur Pálsson.

Nd. 575. Lög [13. mál]

um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Nd. 18. marz.)

Samhlj. þskj. 377.

Nd. 576. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. gr. orðist svo:
Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arge, Sonja, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 14. ágúst 1949. Fær réttinn 31. des. 1971.
2. Banna, Elisabeth Irmgard Gabriele, húsmóðir á Seyðisfirði, f. í Þýzkalandi 10. desember 1927.
3. Bech, Heðin, framreiðslumaður á Akureyri, f. í Færeyjum 16. júlí 1946.
4. Bondesen, Jens Erik Rosendal, landbúnaðarverkamaður í Garðahreppi, f. í Danmörku 10. nóvember 1942. Fær réttinn 23. október 1971.
5. Christensen, Alfred Theodor, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 27. nóvember 1930.
6. Fannin, Ronald Dale, barn í Stykkishólmi, f. í Bandaríkjunum 19. janúar 1965.
7. Frank, Anne Marie, húsmóðir á Stóru-Vatnsleysu, Vatnsleysustrandarhreppi, f. í Noregi 1. september 1934.
8. Gossmann, Karl Konrad, næturvörður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 2. febrúar 1935.
9. Hirche, Hedwig Bärbel, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 31. maí 1945.
10. Hunger, Fritz Martin, tónlistarmaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. apríl 1939.
11. Höfner, Zäzilia, húsmóðir á Seyðisfirði, f. í Austurríki 12. júlí 1934.
12. Ivancic, Petar, iðnaðarmaður á Álafossi, f. í Júgóslavíu 23. ágúst 1934.
13. Joensen, Jonhard Vest, verkamaður í Sandgerði, f. í Færeyjum 30. marz 1942.
14. Johannessen, Carl Martin, sjómaður í Grundarfirði, f. í Færeyjum 3. september 1927.
15. Jón Gunnar Vilhelmsson, barn í Reykjavík, f. í Alsír 6. júní 1964.
16. Jörgensen, Hans Christian, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. apríl 1926.

17. Kennedy, Molly Moffatt McCarthy, húsmóðir í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 20. ágúst 1943. Fær réttinn 24. des. 1971.
18. Köhler, Hannelore, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 31. júlí 1943.
19. Lane, Hope Fríða, barn í Grundarfirði, f. á Íslandi 17. janúar 1961.
20. Lane, Magnús Richardson, nemandi í Grundarfirði, f. á Íslandi 6. desember 1955.
21. Lane, Stephen Gunnar, barn í Grundarfirði, f. á Íslandi 9. júlí 1958.
22. Leo, Johannes Gilbert, smiður í Ytri-Njarðvík, f. í Færeyjum 5. ágúst 1915.
23. Middleton, Mary Anna, háskólastúdent í Garðahreppi, f. á Íslandi 3. september 1949.
24. Mortensen, Daniel Jacob, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 24. nóvember 1907.
25. Mortensen, Justa Alexandra Johanna Petrina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 20. júlí 1915.
26. Mortensen, Martin Juel, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 30. apríl 1950.
27. Mortensen, Mia, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 1. ágúst 1940.
28. Nyberg, Doris Elisabeth, lyfjafræðingur í Ytri-Njarðvík, f. í Finnlandi 25. september 1934.
29. Pitt, David Louis Chatham, verzlunarmaður í Hafnarfirði, f. í Bretlandi 15. febrúar 1946.
30. Rakebrandt, Jarmila Dorothea, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 13. ágúst 1937.
31. Samara, Assam Eissa, iðnverkamaður í Reykjavík, f. í Jórdaníu 1. maí 1941. Fær réttinn 4. maí 1971.
32. Schmidt, Christine Marie Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. september 1940.
33. Schubert, Winnie Marion Ovdal, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 27. janúar 1933.
34. Silaéva, Svetlana Ivanovna, tannlæknanemi í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 1. febrúar 1943.
35. Simonarson, Johnny, nemandi, Sauðhúsum, Laxárdalshr. í Dalasýslu, f. í Færeyjum 22. maí 1952.
36. Solheim, Einar, verkamaður í Neskaupstað, f. í Noregi 7. ágúst 1931.
37. Stahr, Ulrich Anton Heinz, arkitekt í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. apríl 1936.
38. Töpfer, Christina Siegrid, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. júlí 1945.
39. Unnur Vilhelmsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 22. janúar 1962.
40. Vasulka, Bohuslav, kvikmyndatökumaður í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 20. janúar 1937.
41. Willatzen, Christian Peter, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. desember 1942.
42. Willatzen, Lena Sigridur Birger, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 17. september 1945.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 577. Frumvarp til laga [186. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. marz.)

Hlutverk.

1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Skylt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvors annars til þess að forðast tvíverknað. Kennaraháskólinn skal og hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum, og er heimilt að setja um það reglugerð.
2. Það er hlutverk Kennaraháskóla Íslands að veita fullnægjandi þekkingu og leikni til þess að kenna og leiðbeina ungmennum á skyldunámsstigi og í yngri aldursflokkum, sem að því stigi liggja og eiga rétt á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.
3. Skólinn skal temja kennaraefnum fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra, er gerir þau hæf til samvinnu við vandamenn nemenda sinna, sérfræðinga og aðra aðila, er uppeldisstörfum sinna. Kennaraefnum skulu kennd hagkvæm og skipuleg vinnubrögð í námi, einum sér og í samvinnu. Námið á að þjálfa hugsun og glæða hugkvæmni, alúð, skyldurækni og félagsþroska.
4. Skólinn skal jafnan taka mið af markverðum nýjungum í vísindum og viðhorfum, er uppeldismál varða, hafa frumkvæði um að sannreyna gildi þeirra í íslenzku umhverfi, leita nýrri og betri kenninga og aðferða í námi og kennslu og vekja athygli yfirstjórnar skólans á æskilegum breytingum á skólahaldi og fræðslulöggjöf.
5. Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

Stjórn skólans.

2. gr.

1. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.
2. Ráðherra til ráðuneytis um menntun kennara skal vera skólanefnd kennaraskóla, skipuð til fjögurra ára. Í nefndinni skal vera, auk rektors Kennaraháskóla Íslands eða fulltrúa hans, einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Skólastjórn Kennaraháskóla Íslands, sérkennaraskólum sameiginlega, háskólaráði, Sambandi íslenzkra barnakennara, Landssambandi framhaldsskólakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, samtökum íslenzkra kennaranema (nefndur til tveggja ára), fræðslustjórum og menntamálaráðuneytinu. Er fulltrúi þess formaður nefndarinnar. Skal skólanefndin kvödd til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
3. Rektor stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan.

   Skólastjórn fer að öðru leyti með stjórn skólans. Hana skipa rektor og fastir kennarar skólans ásamt skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans, svo og fulltrúar tilnefndir af nemendaráði, og komi einn fulltrúi nemenda fyrir hverja fjóra aðra fulltrúa, sem sæti eiga í skólastjórn.

Í skólaráði eiga sæti rektor, einn úr hópi fastra kennara við hverja skor skólans (skorarstjóri), þrír tilnefndir af nemendaráði og einn tilnefndur á almennum fundi lausráðinna kennara. Skólaráð fer með þau störf, sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum, og er að öðru leyti til aðstoðar rektor og skólastjórn við umsjón með stofnuninni.

Rektor er í forsæti á fundum skólastjórnar og skólaráðs, en aðstoðarrektor ritari.

Á fundum skólastjórnar og skólaráðs verður ályktun því aðeins gild, að tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sæki fund hið fæsta. Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða staðgengils hans.

Rísi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af rektor, skólastjórn eða skólaráði, sker menntamálaráðherra úr.

4. Rektor skal kjörinn af skólastjórn úr hópi fastra kennara til 4 ára í senn. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og taka við embætti 1. ágúst, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.
5. Í aprílmánuði kjósa kennarar skorar sér skorarstjóra til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara og tekur hann við starfinu 1. júlí. Um kosningu á fulltrúum lausráðinna kennara og nemenda sem og framkvæmd á kosningu skorarstjóra segir nánar í reglugerð.

Nemendaráð.

3. gr.

1. Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólastjórn og skólaráð; enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.
2. Um kosningar í nemendaráð og framkvæmd þeirra skal ákveðið í reglugerð.
3. Nemendaráð setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Skulu þær háðar samþykki meiri hluta nemenda í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Inntaka nemenda í skólann.

4. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, en menntamálaráðuneytið fellst á það.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi, þegar hann hefur tekið til starfa að fullu. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.
4. Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið, né neinum þeim ágalla, er að dómi skólastjórnar hamli skólavist.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar.

Nám og námstími.

5. gr.

Skipuleggja skal námið sem þriggja ára nám. Námstími skal eigi vera lengri en 9½ mánuður á ári og eigi skemmri en 8½. Menntamálaráðuneytið getur leyft allt að hálfsmánaðar vik frá þessu ákvæði.

Heimilt er að halda allt að níu mánaða námskeið á uppeldisfræðilegu sérsviði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

6. gr.

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

I. **Almennt kennaranám.**
   a. **Uppeldisgreinar** bóklegar, 2 hlutir.
   b. **Námsefni skyldunáms:**
      1) Kjarni: 4 hlutir. Námi í kjarna skal ljúka að því leyti, sem fært er, á fyrsta ári.
      2) Tvær valgreinar, 4 hlutir. Heimilt er skólastjórn að leyfa nemendum að bæta við sig þriðju valgrein og verður þá valgreinanámið 6 hlutir.
   c. **Uppeldisfræðilegt sérsvið** og **áheyrn**, 2 hlutir.

II. **Nám handavinnukennara** skal vera 2 hlutir í bóklegum uppeldisgreinum, 1 hlutur í kjarna, 2 í bóklegri valgrein og 7 í handlistum.

III. **Verklegt nám**, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í skyldunámsgreinum og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.

IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

7. gr.

Námsgreinar skólans skiptast í skorir, sem hér segir:

I. **Uppeldisgreinar:** sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar, auk skólasögu.

II. **Félagsgreinar:** félagsfræði, saga, siðfræði, trúarbragðasaga og kristinfræði.

III. **Mál:** íslenzka og íslenzk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, danska, enska.

IV. **Raungreinar:** eðlisfræði, efnafræði, líffræði, landafræði, auk stærðfræði.

V. **List- og verkgreinar:** skrift, vélritun, teiknun og handavinna, söngur og tónfræði, leiklist, íþróttir og fimleikafræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Nemendur skulu hafa tekið þátt í almennum framleiðslu- og þjónustustörfum eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á námstímanum eða árinu, áður en kennaranám var hafið.

Verkleg þjálfun eða starf á uppeldisstofnun getur komið í stað almennra starfa.

Námseftirlit og almenn próf.

9. gr.

1. Eftirlit, námsmat og próf skulu vera, eftir því sem við verður komið, eðlilegur þáttur eða lokastig í námi og þjálfun og miðast m. a. við verklegar æfingar og ritgerðir, hlutlæg próf svo og þau vinnubrögð önnur, sem veita nemendum sem gleggsta vitneskju um vald þeirra á námsefninu og örva þá til frekari dáða.
2. Svo skal haga gerð prófa, að þau standist fræðilegar kröfur um áreiðanleik, svo og réttmæti í samræmi við markmið námsins.
3. Próf skulu haldin í öllum námsgreinum fyrsta árs. Skera þau úr um það, hvort nemandi heldur áfram námi annars og þriðja árs.

4. Námsefni skal, eftir því sem reglugerð ákveður, skipt niður í námsáfanga. Lýkur námi í hverjum áfanga með prófi eða annars háttar mati. Þó skal heimilt, ef skólastjórn æskir þess og ráðuneyti fellst á það, að haga lokaprófi í tilteknum greinum svo, að það nái til tveggja eða fleiri áfanga í námsefni annars og þriðja árs.

   Lokapróf hvers áfanga eða námsgreinar er hluti af kennaraprófi.
5. Prófdómarar, skipaðir af menntamálaráðuneytinu, skulu dæma með kennara úrlausnir á lokaprófum til kennaraprófs.

   Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um próf í Kennaraháskóla Íslands.

Þjálfun í starfi.

10. gr.

Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi. Fræðsluskrifstofur skulu hver í sínu umdæmi skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með hinum nýju kennurum og setja þeim leiðsagnarkennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra.

Starfslið.

A. Kennarar.

11. gr.

Fastir kennarar skólans eru prófessorar, dósentar og lektorar. Auk þess starfa við skólann aðjunktar, sem menntamálaráðherra ræður til tveggja ára hið skemmsta, að fengnum tillögum skólaráðs. Skólaráð ræður stundakennara.

Skipa skal allt að sjö prófessora og allt að níu dósenta.

Um tölu lektora fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs.

Um vinnutíma kennara, árlegan eða vikulegan, fer eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms; í reglugerð skal kveða á um, hver sé kennsluskylda einstakra kennara.

12. gr.

1. Kennarar skólans skiptast á skorir eftir kennslugreinum sínum.
2. Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora.
3. Þá eina má skipa fasta kennara, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri, er þeir eiga að kenna, svo og prófi í uppeldis- og kennslufræðum. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, stöðuna, ef meiri hluti skólaráðs telur hann hæfan til að gegna starfinu.
4. Leita skal álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar. Engum má veita slíkar stöður, nema meiri hluti skólaráðs telji þá hæfa til starfsins.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar.

B. Annað starfslið.

13. gr.

I. Umsjónar- og ráðgjafastörf.
1. **Aðstoðarrektor,** er rektor ræður úr hópi fastra kennara og vera skal honum til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans kjörtímabilið.
2. **Bókavörður,** er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Námsráðunautar,** er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
4. **Æfingastjóri,** er skipuleggur æfingakennslu og hefur umsjón með henni.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

II. Störf á skrifstofu.
1. **Fulltrúi,** er sé rektor og konrektor til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri,** er annast reikningshald skólans og bókhald.
3. **Annað starfslið,** eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

III. Önnur störf.
1. **Húsvörður,** er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður,** er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru í lið II. og III.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í **reglugerð.**

Rektor ræður, setur eða skipar starfsmenn samkv. grein þessari, að fenginni umsögn skólaráðs, er áður hafi leitað álits nemendaráðs, að því er námsráðunaut varðar.

Rannsóknarstofnun uppeldismála.

14. gr.

1. Komið skal á fót rannsóknarstofnun uppeldismála. Skal hlutverk hennar vera að:
   a. vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði sál- og félagsvísinda, og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni, er teljast hafa hagnýtt gildi fyrir skólastarf á Íslandi,
   b. veita kennaraefnum og háskólastúdentum þjálfun í fræðilegum rannsóknaraðferðum sál- og félagsvísinda.
2. Til stofnunarinnar skal ráða sérfræðinga á sviði sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, félagsfræði og tölfræði, eftir þörfum og samkvæmt því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Heimilt er að fela föstum kennurum beggja háskóla rannsóknarstörf við stofnunina. Má þá létta af þeim hluta af starfsskyldum, enda komi til samþykki háskólaráðs eða skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Eftir því sem tök eru á skal og veita prófessorum og dósentum aðstöðu til eigin rannsókna í stofnuninni.

15. gr.

1. Stjórn rannsóknarstofnunar uppeldismála skal vera í höndum 6 manna stjórnarnefndar, er í eigi sæti:
   rektor Kennaraháskóla Íslands,
   rektor Háskóla Íslands,

fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum uppeldisskorar Kennaraháskóla Íslands,
fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði.
deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins,
formaður, skipaður af menntamálaráðherra til fjögurra ára, án tilnefningar.
Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

2. Vísindalegu starfi rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknarverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina. Forstjóra er skylt að kenna a. m. k. ⅔ hluta kennsluskyldu sinnar í hlutaðeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
3. Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

Æfinga- og tilraunaskóli.

16. gr.

Í sambandi við Kennaraháskóla Íslands starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurborgar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraháskólinn veitir rétt til að kenna.

17. gr.

Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Rektor Kennaraháskóla Íslands og prófessor í uppeldis- og sálarfræði skulu í samráði við skólastjóra Æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknarstarfi þessu.

18. gr.

1. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og að því er varðar fasta æfingakennara að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.
2. Stofnkostnaður skólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir ⅗ hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur ⅖ hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.

Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

19. gr.

Stjórn Æfingaskólans skipa rektor Kennaraháskóla Íslands, skólastjóri og fastir kennarar Æfinga- og tilraunaskólans. Skólastjóri annast daglega stjórn í umboði rektors.

20. gr.

Heimilt er skólastjóra Æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun kennsluæfinga og eftirlit með þeim í samráði við æfingastjóra, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

21. gr.

1. Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara skal ráða til starfa við skólann aðra kennara eftir þörfum og jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við Æfingaskólann. Heimilt er, að fastir æfingakennarar séu eigi færri en aldursflokkar Æfingaskólans og einn fyrir hvert uppeldisfræðilegt sérsvið að auki. Þeir skulu annast æfingakennslu og hafa umsjón með henni í samráði við æfingastjóra og kenna við Kennaraháskóla Íslands, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.
2. Aðrir kennarar Æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að annast, fái þeir sérstaka þóknun, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

22. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

Orlof.

23. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

Ákvæði til bráðabirgða.

24. gr.

1. Nemendur, aðrir en stúdentar, sem skráðir voru í Kennaraskóla Íslands 1969 eða fyrr, og stúdentar skráðir í skólann fyrir gildistöku laga þessara, eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands nr. 23/1963.
2. Við Kennaraháskóla Íslands skal starfrækja menntadeild og framhaldsdeild samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963, á meðan styrkbær fjöldi nemenda óskar að stunda þar nám.
3. Enn fremur má fela skólanum að annast starfrækslu framhaldsdeilda á gagnfræðastigi og búa nemendur úr framhaldsdeildum undir próf jafngilt stúdentsprófi.

   Við stofnun Kennaraháskóla Íslands skal dómnefnd, skipuð tveim mönnum tilnefndum af Háskóla Íslands og einum af menntamálaráðherra, dæma um hæfni umsækjenda um prófessors- og dósentsstöður.
4. Skipaðir kennarar í bóklegum greinum við Kennaraskóla Íslands eiga forgangsrétt á skipun í lektorsstöður, sem veittar verða við Kennaraháskóla Íslands innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara að telja.

   Skipaðir kennarar í öðrum greinum eiga og forgangsrétt til samsvarandi starfa við Kennaraháskólann eða stofnanir hans.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, sbr. þó 24. gr. þessara laga.

Nd. 578. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr. 4. liður orðist svo:
   Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.
2. Við 6. gr. Á eftir orðunum „12 vikur“ í III. lið komi: hið minnsta.
3. Við 13. gr. Orðin „setur eða skipar“ í síðustu mgr. falli niður.

Nd. 579. Breytingartillögur [231. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Magnúsi Kjartanssyni, Haraldi Henrýssyni og Þórarni Þórarinssyni.

Við 1. gr. b-liður orðist svo:
41. töluliður orðist svo:
Að lækka í 40% gjöld af allt að 8 farþega bifreiðum, sem notaðar eru til fólksflutninga í atvinnuskyni (leigubifreiðum). Þó er ríkisstjórninni heimilt að takmarka tollalækkun þessa við 250 bifreiðar árlega, enda tilkynni hún þá um það í byrjun árs.

Nd. 580. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir, sem birtar eru á þskj. 414.
Nefndin varð eigi sammála um efni frumvarpsins. Þrír nefndarmenn leggja til, að frumvarpinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að það verði samþykkt þannig, að 2. gr. þess um stjórnarkjör verði breytt.

BREYTINGARTILLAGA:

2. gr. frumvarpsins orðist svo:
7. gr. laganna orðist svo:
Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Stjórn hans skal vera í höndum sjö manna, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn, þannig að Alþingi kýs fimm með hlutfallskosningu, Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn og Sjómannasamband Íslands einn. Varamenn skal kjósa jafnmarga á sama hátt og til sama tíma. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

Alþingi, 18. marz 1971.

Jón Skaftason, frsm. Björn Pálsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 581. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til l. um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Frá Jóni Skaftasyni, Benedikt Gröndal, Jónasi Árnasyni, Gunnari Gíslasyni og Haraldi Henrýssyni.

Við 2. gr. Við bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
4. Að vinna á annan hátt að því, að framlög Íslendinga í þessu skyni nái sem fyrst því marki, er samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum.

Sþ. 582. Tillaga til þingsályktunar [286. mál]

um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis.

Skal hliðsjón höfð af sambærilegri löggjöf annarra þjóðþinga á Norðurlöndum.

Frumvarp þessa efnis skal lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Á liðnum árum hefur þeirri skoðun margoft verið hreyft, að nauðsynlegt væri að setja löggjöf um sérstakan umboðsmann Alþingis. Tilgangurinn með slíkri embættisskipan á að vera skilyrðislaus möguleiki þegnanna til þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi jafnt yfir alla einstaklinga þess. Verður í því efni ekki gerður mismunur á þeim hlunnindum, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, né þeim skyldum, sem á þá eru lagðar, sem og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Ministerrådet skal før hver ordinær sesjon av Nordisk Råds plenarforsamling avgi beretning til rådet om det nordiske samarbeid. I beretningen skal ministerrådet særlig redegjøre for det siste års samarbeid og planene for det fortsatte samarbeid.

Artikel 59

Ministerrådet skall före varje ordinarie session med Nordiska rådets plenarförsamling avgiva berättelse till rådet rörande det nordiska samarbetet. Däri skall ministerrådet särskilt redogöra för det gångna årets samarbete och planerna för det fortsatta samarbetet.

Artikkel 60

Ministerrådet skal før hver ordinær sesjon av Nordisk Råds plenarforsamling gi rådet melding om de tiltak som er truffet i anledning av rådets rekommandasjoner og andre henvendelser. Hvis rekommandasjon eller annen henvendelse er rettet til en eller flere regjeringer, kan slik melding i stedet gis av den eller de regjeringer som rekommandasjonen eller henvendelsen er rettet til.

Artikel 60

Ministerrådet skall före varje ordinarie session med Nordiska rådets plenarförsamling lämna rådet meddelande om de åtgärder som ha vidtagits med anledning av rådets rekommendationer och andra framställningar. Har rekommendation eller annan framställning riktats till en eller flera regeringar, kan sådant meddelande i stället lämnas av den eller de regeringar, till vilka rekommendationen eller framställningen har riktats.

Artikkel 61

Ministerrådet fastsetter sin arbeidsordning.

Artikel 61

Ministerrådet fastställer sin arbetsordning.

Artikkel 62

Samråd mellom de nordiske lands regjeringer kan, foruten i ministerrådet, finne sted ved nordiske ministermøter.

Artikel 62

Samråd mellan de nordiska ländernas regeringar kan förutom i ministerrådet ske vid nordiska ministermöten.

Endring av avtalen

Artikkel 63

Innen de kontraherende parter enes om endring

Ändring av överenskommelsen

Artikel 63

Innan länderna överenskomma om ändring i den-

ringer i denne overenskomst, skal Nordisk Råd have lejlighed til at udtale sig.

II

Artiklerne 39 og 40 i samarbejdsoverenskomsten skal indsættes som artikel 64 og 65.

III

Denne overenskomst skal ratificeres, og ratifikationsinstrumenterne skal snarest muligt deponeres i Finlands udenrigsministerium.

Overenskomsten skal deponeres i Finlands udenrigsministerium, og bekræftede afskrifter skal tilstilles hver af de kontraherende parter af det finske ministerium.

Overenskomsten træder i kraft 30 dage efter den dag, hvor samtlige kontraherende parters ratifikationsinstrumenter er deponerede.

Til bekræftelse heraf har undertegnede befuldmægtigede i København den 13. februar 1971 undertegnet denne overenskomst i et eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, hvilke tekster alle har samme gyldighed.

For Danmarks Regering:

Tanskan Hallituksen puolesta:

Fyrir Ríkisstjórn Danmerkur:

For Danmarks Regjering:

För Danmarks Regering:

H. Baunsgaard

teistyösopimuksen muuttamisesta, on Pohjoismaiden neuvostolle varattava tilaisuus antaa lausuntonsa.

II

Yhteistyösopimuksen 39 ja 40 artiklat muuttuvat 64 ja 65 artikloiksi.

III

Tämä sopimus on ratifioitava ja ratifioimiskirjat mahdollisimman pian talletettava Suomen ulkoasiainministeriöön.

Sopimus on talletettava Suomen ulkoasiainministeriöön, jonka on toimitettava jokaiselle sopimuksen osapuolelle oikeaksi todistettu jäljennös sopimuksesta.

Sopimus tulee voimaan kolmantenakymmenentenä päivänä sen päivän jälkeen, jona kaikkien sopimuspuolten ratifioimisasiakirjat on talletettu.

Tämän vakuudeksi ovat allekirjoittaneet valtuutetut asiamiehet Kööpenhaminassa 13 päivänä helmikuuta 1971 allekirjoittaneet tämän sopimuksen, joka on tehty yhtenä islannin-, norjan-, ruotsin-, suomen- ja tanskankielisenä kappaleena jokaisen tekstin ollessa yhtä todistusvoimainen.

Suomen Hallituksen puolesta:

For Finlands Regering:

Fyrir Ríkisstjórn Finnlands:

For Finlands Regjering:

För Finlands Regering:

Ahti Karjalainen

samningi þessum, skal gefa Norðurlandaráði kost á að láta í ljós álit sitt.

II

39. og 40. gr. samstarfssamningsins verði 64. og 65. gr.

III

Samning þennan skal fullgilda og senda fullgildingarskjölin hið fyrsta til utanríkisráðuneytis Finnlands.

Samningurinn skal geymdur í utanríkisráðuneyti Finnlands, og skal ráðuneytið senda hverjum samningsaðila staðfest afrit.

Samningurinn öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að fullgildingarskjöl allra samningsaðila hafa borizt.

Þessu til staðfestingar hafa neðanskráðir fulltrúar, sem til þess hafa umboð, undirritað samning þennan í Kaupmannahöfn 13. febrúar 1971, í einu eintaki á hverju máli: dönsku, finnsku, íslenzku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir Ríkisstjórn Íslands:

For Islands Regering:

Islannin Hallituksen puolesta:

For Islands Regjering:

För Islands Regering:

Jóhann Hafstein

i denne avtale, skal Nordisk Råd gis anledning til å uttale seg.

II

Artiklene 39 og 40 i samarbeidsavtalen skal plasseres som artikkel 64 og 65.

III

Denne avtale skal ratifiseres og ratifikasjonsdokumentene snarest mulig deponeres i Finlands utenriksministerium.

Avtalen skal deponeres i utenriksministeriet i Finland og bekreftede avskrifter skal av det finske ministeriet sendes alle de kontraherende parter.

Avtalen trer i kraft tretti dager etter den dag da samtlige kontraherende staters ratifikasjonsdokument er deponert.

Til bekreftelse herav har undertegnede befullmektigede i København den 13. februar 1971 undertegnet denne avtale i et eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, hvilke tekster alle har samme gyldighet.

For Norges Regjering:

For Norges Regering:

Norjan Hallituksen puolesta:

Fyrir Ríkisstjórn Noregs:

För Norges Regering:

Per Borten

na överenskommelse, skall Nordiska rådet beredas tillfälle att yttra sig.

II

Artiklarna 39 och 40 i samarbetsöverenskommelsen skola åsättas nr 64 och 65.

III

Denna överenskommelse skall ratificeras och ratifikationshandlingarna snarast möjligt deponeras i ministeriet för utrikesärendena i Finland.

Överenskommelsen skall vara deponerad i ministeriet för utrikesärendena i Finland och bestyrkta avskrifter skola av det finska ministeriet tillställas var och en av de fördragsslutande parterna.

Överenskommelsen träder i kraft trettio dagar efter den dag då samtliga fördragsslutande parters ratifikationshandlingar deponerats.

Till bekräftelse härav ha undertecknade befullmäktigade ombud i Köpenhamn den 13 februari 1971 undertecknat denna överenskommelse i ett exemplar på danska, finska, isländska, norska och svenska språken, vilka samtliga texter ha lika vitsord.

För Sveriges Regering:

For Sveriges Regering:

Ruotsin Hallituksen puolesta:

Fyrir Ríkisstjórn Svíþjóðar:

For Sveriges Regjering:

Olof Palme

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda og stjórnarnefndar ráðsins í Reykjavík 7. og 8. október 1967 var ákveðið að skipa nefnd til að athuga árangur af starfi Norðurlandaráðs og öðru norrænu samstarfi. Nefndin átti að gera tillögur um breytingar á starfsreglum ráðsins og þingsköpum, eftir því sem ástæða þætti til.

Skipulagsnefnd Norðurlandaráðs var skipuð tveimur mönnum frá hverju landi, öðrum kosnum af deild ráðsins og hinum tilnefndum af hlutaðeigandi ríkisstjórn. Af Íslands hálfu hafa átt sæti í nefndinni Sigurður Bjarnason forseti Nd. og í hans stað frá því snemma á þessu ári Matthías Á. Mathiesen forseti Nd. og Guðmundur Benediktsson ráðuneytisstjóri. Karl August Fagerholm frá Finnlandi hefur allan tímann verið formaður nefndarinnar.

Eftir að hafa starfað tiltölulega stuttan tíma komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að efla samstarfið milli ríkisstjórnanna og Norðurlandaráðs.

Í skýrslu sinni til forsætisráðherra og stjórnarnefndarinnar fyrir fund þeirra í Osló 19.—20. október 1968 segir nefndin meðal annars um þetta atriði:

„Að áliti nefndarinnar er það forsenda fyrir því, að ráðið geti gegnt hlutverki sínu á fullnægjandi og áhrifaríkan hátt, að ríkisstjórnirnar í ríkara mæli og á skipulegri hátt gefi ráðinu kost á að taka þátt í norrænu samstarfi, sem á sér stað eða er ráðgert á ýmsum sviðum. Nefndin telur, að þessu marki verði náð með því að setja á stofn norræna ráðherranefnd, sem hefur bæði frumkvæðisrétt og skipulagsvald."

Á næsta ári, í janúar 1969, skilaði embættismannanefnd bráðabirgðaáliti um aukið norrænt efnahagssamstarf. Í júlí sama ár var birt lokaálit embættismannanefndarinnar og drög að efnahagssáttmála. Þegar hér var komið, lá því fyrir tillaga skipulagsnefndar Norðurlandaráðs um skipun norrænnar ráðherranefndar til að skipuleggja það samstarf, sem átti sér stað, og til að auka þátttöku ríkisstjórnanna í því og tillaga embættismannanefndarinnar um ráðherranefnd til að stjórna hinu aukna efnahagssamstarfi. Til að komast hjá ofskipulagningu þurfti að samræma þessar tillögur. Fyrir Ísland var þetta mjög þýðingarmikið, því að annars var hætta á, að við einangruðumst, á meðan við vorum ekki beinir þátttakendur í hinu aukna efnahagssamstarfi. Fundur forsætisráðherra Norðurlanda og stjórnarnefndar ráðsins í Stokkhólmi 4. nóv. 1969 fól skipulagsnefndinni að semja tillögu um norræna ráðherranefnd, sem næði til alls norræns samstarfs.

10. des. 1969 skilaði skipulagsnefndin áliti um Norðurlandaráð og norræna ráðherranefnd. Samkvæmt þessu áliti skipulagsnefndarinnar eiga helztu ákvæðin um ráðið að koma inn í samstarfssamning Norðurlanda frá 1962, þ. e. hinn svokallaða Helsingforssamning. Ákvæði hans eru þó í meginatriðum óháð því, hvort gerður verður sérstakur efnahagssamningur eða ekki.

Þing Norðurlandaráðs í Reykjavík í s. l. febrúarmánuði samþykkti tillögu skipulagsnefndar um breytingar á Helsingforssamningnum. Stjórnarnefnd ráðsins samþykkti á fundi sínum 16. marz 1970 að mæla með tillögunni með óverulegum breytingum, sem embættismannanefndin hafði gert.

Tillaga um framangreinda breytingu var samþykkt á sameiginlegum fundi utanríkismálanefndar og Íslandsdeildar Norðurlandaráðs í október s. l.

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, sem haldinn var í Kaupmannahöfn 2. nóvember s. l., var samþykkt, að samningsbreytingin skyldi undirrituð af forsætisráðherrunum á næsta þingi Norðurlandaráðs og síðan lögð fyrir þjóðþingin svo snemma, að hún gæti tekið gildi eigi síðar en 1. júlí 1971.

Breytingunum á Helsingforssamningnum má skipta í tvennt. Annars vegar eru þau ákvæði, sem hafa að geyma nýjar starfsreglur Norðurlandaráðs. Starfsreglur

Norðurlandaráðs eru ekki byggðar á millirikjasamningi milli Norðurlanda. Starfsreglurnar byggjast á samræmdum textum og eru samþykktar í hverju landanna fyrir sig. Tillagan felur að þessu leyti í sér, að starfsreglurnar verði hluti af Helsingforssamningnum.

Svo koma ný ákvæði um ráðherranefnd. Ákvæðin um ráðherranefndina eru í átta greinum.

Ákvæðin fela ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á stöðu Norðurlandaráðs. Ráðið hefur áfram frumkvæðisrétt og ráðgjafarvald. Hins vegar er stuðlað að greiðari afgreiðslu mála og stjórnarnefnd veitt í því skyni aukið vald. Ráðið ræður sérstakan ritara auk ritara hinna einstöku deilda. Gert er ráð fyrir, að ritari ráðsins fái eitthvert aðstoðarfólk.

Um verkefni ráðherranefndarinnar eru ákvæði í 55. gr. Ráðherranefndin tekur ákvarðanir að því marki, sem mælt er fyrir um í Helsingforssamningnum og öðrum samningum milli Norðurlandanna. Ráðherranefndin skal og annast samvinnu í öðrum samstarfsmálum ríkisstjórna Norðurlanda innbyrðis og ríkisstjórnanna og Norðurlandaráðs.

Í Helsingforssamningnum eru ráðherranefndinni og falin sérstök verkefni. Samkvæmt 59. gr. skal ráðherranefndin fyrir hvert aðalþing Norðurlandaráðs gefa ráðinu skýrslu varðandi norræna samvinnu. Í skýrslu þessari skal ráðherranefndin einkum gera grein fyrir samstarfi liðins árs og áætlunum um áframhaldandi samstarf. Hér er gert ráð fyrir, að skýrslan sé svo nákvæm og ýtarleg, að ráðið geti byggt á henni raunverulega athugun á starfi ráðherranefndarinnar og þingmenn tillögur í ýmsum greinum.

Samkvæmt hinum nýju starfsreglum getur Norðurlandaráð hér eftir ekki aðeins beint ályktunum til ríkisstjórnanna, heldur og til ráðherranefndarinnar. Það er þess vegna eðlilegt, að ráðherranefndin sendi greinargerðir um þær ályktanir, sem til hennar er beint. Ef ályktun er beint til ríkisstjórnar, einnar eða fleiri, ber henni eða þeim að senda ráðinu greinargerð, en einnig þá getur ráðherranefndin sent greinargerð, sjá 60. gr.

Ráðherranefndin hefur frumkvæðisrétt eins og ríkisstjórnirnar og einstakir þingmenn, sjá 50. gr.

Ráðherranefndina skipa ráðherrar frá öllum löndunum, sjá 1. málsgr. 56. gr. Hér er gert ráð fyrir, að ráðherranefndin geti verið misjafnlega skipuð eftir eðli þeirra mála, sem tekin eru fyrir. Sérhvert land tilnefnir ráðherra, sem ásamt embættismanni skal annast samræmingu norrænna samstarfsmála, sjá 2. mgr. 56. gr. Hér er gert ráð fyrir, að ráðherrann beri ábyrgð á samræmingu norrænna samstarfsmála. Auk samstarfs milli ríkisstjórna Norðurlanda í ráðherranefndinni geta þær átt samstarf á ráðherrafundum Norðurlanda. Er gert ráð fyrir, að slíkir ráðherrafundir á ákveðnum sviðum geti haldizt eins og hingað til.

Ráðherranefndin er ákvörðunarhæf, þegar fulltrúar frá öllum löndunum taka þátt í störfum hennar. Í þessu ákvæði felst, að ráðherranefndin getur ekki tekið ákvörðun á móti vilja neinnar ríkisstjórnar. Hver ríkisstjórn hefur neitunarvald. Þegar einvörðungu er rætt um málefni einstakra landa, er þó nægjanlegt, að fulltrúar þeirra landa starfi í nefndinni. Sérhvert land fer með eitt atkvæði í nefndinni. Það skiptir því ekki máli, þó að fleiri en einn ráðherra frá einhverju landi séu viðstaddir. Þeir fara þá saman með eitt atkvæði. Í málum, sem varða þingsköp, nægir þó einfaldur meiri hluti atkvæða til ákvörðunar. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Ákvörðun er gild, þótt einn eða fleiri fulltrúar greiði ekki atkvæði.

Sameiginlegur kostnaður skiptist milli landanna í hlutfalli við þjóðartekjur. Þetta hefur í för með sér verulega lækkun á framlagi okkar. Í stað $^{6}/_{89}$ hluta munum við greiða um 1% af sameiginlegum kostnaði. Jafnvel þótt sameiginlegur kostnaður kunni að aukast, mun okkar hlutur áreiðanlega minnka.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, undirritaði Jóhann Hafstein forsætisráðherra samninginn fyrir Íslands hönd 13. febrúar 1971, og með tillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að fullgilda hann.

Ed. 588. Frumvarp til námulaga. [288. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna, sem þar finnast í jörðu eða á, þó með þeim takmörkunum, sem lög þessi tilgreina.

Nú er jörð í ábúð, og fer þá um rétt ábúanda til jarðefna eftir ábúðarlögum.

2. gr.

Á öðrum landsvæðum en í 1. gr. segir, svo sem á afréttarlöndum, sem eru ekki í einkaeign, almenningum og öræfum, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

Um námuréttindi á landgrunninu umhverfis Ísland fer eftir sérlögum og að öðru eftir þessum lögum.

3. gr.

Landeiganda samkvæmt 1. gr. er innan þeirra marka, sem síðar segir, rétt að vinna án leyfis á eða í landareign sinni jarðefni, svo sem grjót, möl, mó, surtarbrand, leir og önnur slík jarðefni.

Við nám jarðefna skal gæta þess vandlega, að framkvæmdin valdi eigi hættu mönnum, munum né búpeningi. Sama gildir um frágang námu að verki loknu.

Sveitarstjórn sú, sem í hlut á, skal hafa eftirlit með því, að fyrirmælum þessum sé hlítt, og er henni rétt að kippa því, sem ábótavant er í þessu efni af hendi námueiganda, í lag á hans kostnað.

4. gr.

Nú vill landeigandi vinna málma eða málmblendinga úr jörðu, framkvæma jarðboranir eftir jarðefnum, grafa námubrunn, 10 m eða dýpri, eða gera námugöng, og skal hann senda ráðherra frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum, námuteigum og mannvirkjagerð og gera grein fyrir fjárhagslegri og tæknilegri aðstöðu sinni til framkvæmdanna. Ráðherra er rétt að setja landeiganda þau skilyrði, sem hann telur nauðsynleg frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði.

Námueiganda ber að kaupa tryggingu hjá vátryggingarfélagi, sem ráðherra metur gilt, til greiðslu á hvers konar fébótum vegna skaðabótaverka, sem unnin eru á vegum námueiganda í sambandi við námureksturinn og málmleitina.

5. gr.

Námueiganda er skylt að hlíta á sinn kostnað því eftirliti með leit og vinnslu jarðefna, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum eða sérstökum ákvörðunum ráðherra.

Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmann með málmleit og námurekstri. Eftirlitsmaður hefur rétt til að kynna sér allt, sem að leit og vinnslu jarðefna lýtur, og krefja málmleitanda og námueiganda allra þeirra skýrslna, sem hann telur nauðsynlegar. Tilkynna skal hann ráðherra þegar í stað, ef hann verður þess var, að settum skilyrðum er eigi hlítt.

Nú verður eftirlitsmaður samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar þess vís, að sveitarstjórn vanrækir skyldur sínar samkvæmt 3. mgr. 3. gr., og ber honum að tilkynna ráðherra það.

6. gr.

Nú vill landeigandi selja eða leigja námuréttindi í landi sínu, þau er í 1. mgr. 4. gr. segir, í hendur félagsskap, þar sem hann er þátttakandi, og þarf til þess leyfi ráðherra.

Nú vill landeigandi í öðrum tilvikum en þeim, er í 1. mgr. segir, selja eða leigja námuréttindi ásamt afmörkuðum námuteigi, hvort sem er frá jörð eða sér í lagi með öðrum hætti, og skal sveitarfélag það, þar sem námuréttindi eru, hafa forkaupsrétt eða forleigurétt, en að því frágengnu ríkið.

Að öðru leyti skal beita ákvæðum laga um kauprétt á jörðum.

Eigi er heimilt að selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, sveitarfélaga, sjóða né almannastofnana, nema að fengnu samþykki ráðherra.

7. gr.

Rétt er ráðherra að láta leita jarðefna hvar sem er á landi hér. Er landeiganda eða umráðaaðilja lands skylt að veita þeim mönnum, sem ráðherra gerir út í því skyni, óhindraðan aðgang að landareign þeirri, sem í hlut á, og ber honum að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkunum á umráðarétti og óþægindum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveða skal með lögnámsmati, ef samkomulag næst ekki.

8. gr.

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka lögnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landsvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef lögnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta lögnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun lögnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er,
b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

9. gr.

Nú stundar aðili, hvort heldur er almannaaðili eða einkaaðili, löglega leit og vinnslu jarðefna, og eru þá landeigendur og leiguliðar á þeim svæðum, sem nauðsynleg eru til vinnslu og hagnýtingar jarðefnanna, skyldir eftir úrskurði ráðherra að þola mannvirki, lagningu vega, vatnstöku og vatnsleiðslur og svo önnur afnot af löndum sínum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdanna.

Nú næst ekki samkomulag um fullt endurgjald, og skal ákveða það með lögnámsmati.

10. gr.

Rétt er ráðherra að veita íslenzkum aðiljum sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. gr. laga þessara, ef um einkaeign er að tefla.

Íslenzkir aðiljar teljast:

a) Stofnanir, sem hlíta stjórn íslenzka ríkisins.
b) Íslenzk sveitarfélög.
c) Íslenzkir ríkisborgarar.

d) Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. þrír fimmtu samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar.
e) Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvara þremur fimmtu hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. þrjá fimmtu allra atkvæða.
f) Önnur félög með takmarkaða ábyrgð, enda séu þrír fimmtu hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim, leggi fram þrjá fimmtu hluta stofnfjár, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenzkra ríkisborgara, búsettra þar.
g) Félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim.

Rétt er ráðherra, að fengnu samþykki Alþingis, að veita erlendum aðilja sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi undir því skilorði, er í 1. mgr. segir.

11. gr.

Sérleyfi má eigi veita, fyrr en ráðherra hefur fengið í hendur fullkomna frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum og sannað hefur verið fyrir honum, að tryggð hafi verið öflun fjár, sem að mati hans nægir til framkvæmdanna, og að væntanlegur sérleyfishafi njóti aðstoðar manna með nægilega sérþekkingu til framkvæmdanna.

Rétt er ráðherra að setja það skilyrði, að sérleyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu, sem ráðherra metur gilda, fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenzka aðilja.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. eiga hér við.

12. gr.

Í sérleyfi skal tilgreina:
a) Að samþykktir sérleyfishafa, ef um félag er að tefla, séu viðurkenndar af ráðherra.
b) Tímalengd sérleyfis, sem má vera allt að 40 árum.
c) Staðarmörk leitar- og vinnslusvæðis.
d) Hvort sérleyfi tekur til allra jarðefna eða tiltekinna tegunda og þá hverra.
e) Að ráðherra samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
f) Að sérleyfishafi noti íslenzkt vinnuafl, nema ráðherra veiti leyfi til annars.
g) Hvenær leitarstarfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skal vera lokið.
h) Að vinnslustarfsemi skuli hefjast fyrir lok leitartímabils og að sérleyfi skuli vera fyrirgert, ef hún stöðvast samfleytt í þrjú ár, nema ráðherra veiti undanþágu.
i) Að sérleyfishafi sendi ráðherra tilkynningu um jarðboranir, sem hann lætur framkvæma, um þykkt og gerð berglaga og svo um fundin jarðefni, enda fylgi sýnishorn af jarðefnum og berglögum.
j) Að sérleyfishafa beri að hlíta því eftirliti, sem ráðherra ákveður, og greiða kostnað af því.
k) Að sérleyfi verði eigi framselt, nema að fengnu samþykki ráðherra.
l) Um greiðslur til ríkisins fyrir námurekstur á ríkislendum, sbr. 8. gr.
m) Um opinber gjöld.
n) Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að sérleyfistíma loknum.
o) Um frágang á starfstöðvum að vinnslutíma loknum.

13. gr.

Leyfishafi hefur fyrirgert leyfi sínu, ef einhverju skilyrði, sem greinir í lögum þessum, er eigi fullnægt. Sama er og, ef sérstakir skilmálar í sérleyfi eða samningum í sambandi við leyfið eru eigi haldnir eða bú sérleyfishafa er tekið til skuldaskila eða gjaldþrotameðferðar.

Rétt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

14. gr.

Ráðherra er rétt að setja reglugerð um þau efni, sem greinir í lögum þessum.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

16. gr.

Námulög nr. 50 30. júlí 1909, lög nr. 8 31. maí 1927 og lög nr. 20 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lög, er fara í bága við þessi lög, eru úr gildi felld.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Iðnaðarráðherra hefur falið Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara og Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara að semja frumvarp til námulaga. Hafa þeir samið frumvarpið og láta því fylgja eftirfarandi greinargerð:

Höfundar frumvarpsins hafa kannað eldri löggjöf landsins um þetta efni og svo viðað að sér erlendum gögnum, þar á meðal löggjöf ýmissa þjóða.

Námulög nr. 50 30. júlí 1909 með breytingum samkvæmt lögum nr. 8 31. maí 1927 og lögum nr. 20 12. júní 1939 eru orðin úrelt. Þau eru takmörkuð við málma og málmblendinga, en taka eigi yfir önnur jarðefni. Þá gilda þau einungis um námuréttindi „í jörðu eða landi, sem er óskipt eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika". Þá skulu og lögin taka til námuréttinda í landssjóðs- og lénskirkjujörðum, sem seldar kynnu að verða, eftir að lögin tóku gildi.

Lögin taka eigi til leitar og vinnslu jarðefna í löndum í einkaeign. Eru lögin við það miðuð, að námuréttindi fylgi landareign.

Í námulöggjöf ýmissa landa koma fram þrjár mismunandi stefnur:

1) Landeigandastefnan (akcessionsprincip), en samkvæmt henni eru jarðefni eign þess, sem land á. Lagastefna þessi gildir í Stóra-Bretlandi, þó með undantekningu um gull- og silfurnámur í Englandi. Þá er lagastefnan ráðandi í Bandaríkjum Norður-Ameríku og víðar.

2) Finnandastefnan (mutingsprincip). Samkvæmt lagastefnu þessari er við það miðað, að tiltekin verðmæt jarðefni séu eign ríkisins (regale), en mönnum sé heimilt að leita þeirra bæði í einkalöndum og almannalöndum og njóti finnandi forgangsréttar til vinnslu. Þessi stefna ruddi sér til rúms í Þýzkalandi á miðöldum og hefur í meginatriðum verið tekin upp í rétt Finna, Norðmanna og Svía.

Norðmenn beita og sérleyfastefnunni í ríkum mæli, að því er tekur til útlendinga.

3) Sérleyfastefnan (koncessionsprincip). Er hún reist á þeirri grunnreglu, að ríkið taki umráð námuréttinda og veiti þeim aðiljum, er teljast til þess hæfir, sér-

leyfi til leitar og vinnslu jarðefna. Þessi stefna gildir um námuréttindi í Grænlandi samkvæmt dönskum lögum og um jarðefni í Danmörku, sem eru svo djúpt í jörðu, að þau höfðu eigi verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1932. Sérleyfastefnan gildir og að nokkru í Belgíu og Frakklandi.

Verður þá að því vikið, hvernig námurétti hafi frá öndverðu verið háttað samkvæmt íslenzkri löggjöf.

Réttur til landa í einkaeign varð upphaflega til hér á landi með námi tiltekinna landsvæða, sem hvorki voru háð eignarrétti einstakra manna né yfirráðarétti ríkis (landnámi). Landnámsmaðurinn og þeir, er síðar öðluðust rétt hans fyrir kaup, erfðir o. s. frv., hafa vafalaust orðið eigendur að öllum gæðum landsins, bæði á og undir yfirborði þess. Er þá athugunarefni, hvort á þessu hafi seinna orðið breyting vegna löggjafarákvæða. Hin helztu lagafyrirmæli, sem að þessu lúta, verða rakin hér á eftir.

1. **Grágás.** Þar eru engin ákvæði um nytjun jarðefna undir yfirborði jarðar, að undanteknu fyrirmæli í I,b bls. 137, en þar segir, að leiglendingur hafi rétt til mótaks í leigulandi.
2. **Jónsbók.** Ákvæði hennar um jarðefni undir yfirborði jarðar eru næsta fábreytt. Auðsætt er þó, að landeiganda ber réttur til þeirra, eins og eftirgreind ákvæði sýna:

   Landsbrigðabálkur, 6. kap.: „Nú vill maður selja land sitt verði ... hann skal heimila honum fé það allt, sem þar kann að finnast í jörðu og á jörðu, nema eigandi verði að ...“. Sams konar ákvæði er í 7. kap. landsbrigðabálks.

   Landsleigubálkur, 6. kap.: „Leiguliði á torf að skera í landinu sem hann þarfnast til eldiviðar ...“.

   Landsleigubálkur, 60. kap.: „Þar er tré eru í jörðu, hálf ofar en nú gengur flóð til, og á sá maður þar tré og bein, er jörð á fyrir ofan ...“.

   Þjófabálkur, 14. kap.: „Nú brýtur maður haug eða grefur jörð manns, að óleyfi þess, er jörð á, til fjár, færi aftur þeim, er jörð á, slíkt sem hann fann ...“.
3. Eftir lögtöku Jónsbókar voru engin almenn ákvæði um námurétt tekin í lög fyrr en með **tilskipun 13. júní** 1787 um verzlunar- og siglingamálefni á Íslandi. Þar eru í 8.—10. gr., III. kap., eftirgreind ákvæði:

   8. gr. „... Hvað brennisteininum annars viðvíkur yfir höfuð, þá má hver og einn, hvar sem helzt hann finnur hann, færa sér hann í nyt, hvernig sem hann helzt vill og getur, geri hann það aðeins með leyfi landeigandans, ef brennisteinninn finnst annars staðar en á hans eigin lóð“.

   9. gr. „Þá námagrepti, sem finnast í landinu, hvort heldur það eru jarðar-, sand- eður stein-tegundir, má hver og einn að frjálsu hagnýta sér, til hvers sem hann bezt veit og getur, svo framarlega sem þeir finnast á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem í einskis eign eru. Og með því ýmsar steintegundir eru reyndar að vera mjög svo hentugar til bygginga og annarrar brúkunar, þá skal þeim, er vilja brjóta þvílíkan stein, og beiðast þess á löglegan hátt, gefast eignarréttur til þvíliks staðar, sé hann aðeins ekki nokkurs annars eign að undanförnu. Og svo sem þeir mega eftir samkomulagi forlíkast við eigandann, þegar öðruvísi er ástatt, svo skal og yfirvaldið hafa tilsjón með, að enginn neiti öðrum án gildrar orsakar þvíliks leyfis til að hagnýta sér þess háttar ágóða fyrir sannsýnilegt endurgjald, þegar hann er mikilvægur og eigandinn sjálfur getur eigi né vill nota sér hann. Sama skal gilda um einar og aðrar sjaldfengnari steintegundir, svo sem kalk- og gipsspat, kristal, ópal, glerhalla, hrafntinnu, jaspis, zeolit, sem og ýmsar tegundir af jarðeldsgleri. Og þar á ofan mega þeir, sem vilja húða og tilbúa þvílíka steina til ýmislegrar prýði, hvartil þeir eru að raun yfrið hentugir, vænta að verða njótandi hæfilegra verðlauna eftir ásigkomulaginu, svo framarlega sem þess konar tilraunir kynnu sýnast að verða til nokkurrar verulegrar nytsemdar“.

10. gr. „Í sama máta mega einnig þeir njóta hæfilegrar náðar og styrks, eftir ásigkomulaginu, sem vilja uppgötva og brjóta steinkol, sem og koma því til vegar, að menn kynnu með hægra móti að brjóta úr bergi og hagnýta surtarbrandinn; og skal yfirvaldið á áðursagðan hátt hafa gætur á, að það nauðsynlega samkomulag megi verða gert við eigandann um þetta".

Eins og hin tilfærðu ákvæði bera með sér, er landeigendum hér áskilinn réttur til náma í landi sínu.

4. Á Alþingi 1905 lögðu tveir alþingismenn fram frumvarp til námulaga, sem samið hafði verið á vegum landsstjórnarinnar. Frumvarpið var að mestu sniðið eftir norskum námulögum frá 1842 og tók aðeins til málma og málmblendinga, en ekki annarra jarðefna. Í frumvarpinu var sú stefna lögð til grundvallar, að réttur til málmnáms í landinu sé alþjóðareign, hvort sem málmur finnst í löndum í einkaeign eða utan þeirra. Þessi stefna mætti þegar mótspyrnu á Alþingi, og lýstu margir þingmenn yfir þeirri skoðun sinni, að landeigendum bæri námuréttur í landi sínu. Frumvarpið hafði verið borið fram undir þinglok, og varð það ekki útrætt á þinginu.

Landsstjórnin lagði frumvarpið frá 1905 fram á Alþingi árið 1907, að mestu leyti óbreytt. Fljótt kom fram, að landeigandastefnan hafði yfirgnæfandi fylgi á Alþingi. Breytingartillaga við frumvarpið, sem að meginstefnu gekk í þá átt, að lögin skyldu einungis taka til landsvæða, sem landið hefði eignarrétt á eða eignarumráð yfir, var samþykkt í efri deild með öllum atkvæðum. Var frumvarpið þannig breytt síðan samþykkt í neðri deild með 13 atkvæðum gegn 4. Varð frumvarpið þannig að námulögum nr. 61 22. nóv. 1907.

Árið 1909 lögðu tveir alþingismenn fram á Alþingi frumvarp til námulaga. Voru lögin frá 1907 aðalstofn þess, en nokkrar breytingar gerðar, sem ekki skipta máli í því sambandi, sem hér ræðir um. Var frumvarp þetta samþykkt í einu hljóði í báðum deildum Alþingis. Eru núgildandi lög nr. 50 30. júlí 1909 þannig til orðin.

Um 1. gr.

Höfundar frumvarps þessa telja rétt að halda uppi hinni fornu og nýju réttarhefð um rétt landeiganda til hvers konar jarðefna í landi sínu. Hin svonefnda landeigandastefna (akcessionsprincip) er þannig lögð til grundvallar með vissum takmörkunum, sbr. 4. gr. og 6. gr. frv. Hins vegar er ráðherra í 7., 8. og 9. gr. frv. veittur réttur til að láta leita jarðefna í löndum í einkaeign og taka þau eignarnámi gegn greiðslu fullra bóta til landeiganda. Þá er og ráðherra rétt undir sama skilorði að veita íslenzkum aðiljum sérleyfisrétt til leitar og vinnslu jarðefna í lendum í einkaeign (koncessionsprincip). Ætlazt er til, að til slíks réttar útlendingum til handa þurfi samþykki Alþingis, sbr. 10. gr.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um rétt ríkisins til alls lands, sem ekki er í einkaeign. Ákvæði 1. gr. námulaga nr. 50/1909 eru á þeim sjónarmiðum reist, að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign. Þessi sjónarmið liggja og til grundvallar tveimur hæstaréttardómum (Hrd. 1955, bls. 108, og Hrd. 1969, bls. 510). Samkvæmt lögum nr. 50/1909 gátu menn öðlazt finnandarétt til jarðefna á þessum landsvæðum, en í frv. þessu er við það miðað, að ríkið eigi réttinn og geti nýtt hann sjálft eða veitt öðrum sérleyfi til að nýta hann, sbr. 10. gr.

Um 3. gr.

Hér ræðir um þau jarðefni, sem landeiganda er rétt að vinna án sérstakra skilyrða. Þau jarðefni, sem greinin tekur yfir, hafa frá fornu fari verið hagnýtt af

jarðeigendum. Greinin brýnir fyrir þeim, sem í hlut eiga, að gæta varúðar við vinnsluna og frágang á vinnslustað. Misbrestur í þessu efni myndi varða refsingu eftir 15. gr.

Um 4. gr.

Frv. veitir landeiganda rétt til að vinna hvers konar námu í landi sínu, sbr. 1. gr., en nauðsyn ber til, sé um meiri háttar vinnslu að tefla, að almannavaldið hafi íhlutun um framkvæmd verksins bæði frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði. Þá er námueiganda gert að skyldu að kaupa vátryggingu til að fullnægja skaðabótaskyldu, sem á hann kann að falla.

Um 5. gr.

Ganga ber ríkt eftir því, að aðiljar þeir, sem stunda leit og vinnslu jarðefna, fari í öllu að settum reglum, beiti þeim aðferðum, sem frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði teljast viðhlítandi, og gangi eigi á rétt landeigenda né annarra. Ber því brýna nauðsyn til, að ráðherra hafi fullkomin lögtæki til að halda uppi og framfylgja löglegum ákvörðunum sínum í þessu efni. Er honum með ákvæði 5. gr. veitt heimild til að skipa eftirlitsmann með þeim, sem leggja fyrir sig leit og vinnslu jarðefna.

Um 6. gr.

Svo sem áður er rakið, er grunnstefna frumvarpsins sú, að réttur til jarðefna fylgi eignarrétti til lands þess, þar sem jarðefni finnast. Er þetta í samræmi við ákvæði íslenzkra laga um vatnsréttindi. En þó réttindi til jarðefna séu í eigu landeiganda, er eðlilegt og í góðu samræmi við grunnreglur laga um almenn takmörk eignarréttar, að landeiganda séu settar þær skorður um hagnýtingu, sem frá sjónarmiði alþjóðar mega teljast eðlilegar og skynsamlegar. Í 4. gr. frv. eru rakin ýmis fororð þess, að landeigandi megi hefjast handa um leit og vinnslu jarðefna. Einnig telst rétt, að ráðherra hafi hönd í bagga, þá er landeigandi vill stofna félagsskap til nefndra athafna. Fær ráðherra þá og tilefni til að kanna, hvort aðrir aðiljar hafi áhuga á því að öðlast sérleyfi til leitar og vinnslu á því landsvæði, sem um er að tefla, sbr. 10. gr. frv.

Eðlilegt virðist, að sveitarfélag það, þar sem vinnsla jarðefna er vænleg og álitleg, hafi forkaupsrétt til námusvæðis, en ríkið að frágengnu sveitarfélaginu. Það athugast, að forkaupsréttarákvæði þessi skipta ekki miklu máli, þar sem ráðherra er með 8. gr. frv. veitt heimild til að taka lögnámi námusvæði ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til námurekstrar.

Ákvæði síðustu mgr. 6. gr. eru í samræmi við gildandi lög.

Um 7. gr.

Þess hefur áður verið getið, að í ýmsum löndum ríkir hin svonefnda finnandastefna (mutingsprincip). Er þá hverjum sem er rétt að framkvæma leit að jarðefnum. Geta finnendur í slíkum tilvikum öðlazt forgangsrétt til vinnslu. Finnandastefnan gildir eftir lögum nr. 50/1909 um jarðefni í lendum ríkisins, þar á meðal afréttum og öræfum. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er landeigandastefnan (akcessionsprincip) lögð til grundvallar í samræmi við sögulega hefð, að því er einkalendur varðar. Einnig heimilar frv., ef að lögum verður, ráðherra að hafa meginábrif á jarðefnaleit og vinnslu, sem einkaaðiljar framkvæma. Þá er ráðherra og rétt að hafa frumkvæði að leit og vinnslu jarðefna og svo að veita einkaaðiljum leitarrétt og sérleyfi til vinnslu, enda sé landeigendum bættur skaði þeirra samkvæmt ákvæðum lögnámslaga.

Ákvæði 7. gr. frv. fjalla um leitarrétt þann, sem ráðherra fær, hvort sem er til handa stjórnvaldsaðiljum eða borgaralegum aðiljum.

Um 8. gr.

Ákvæði 8. gr. veita ráðherra heimild til að taka lögnámi námusvæði ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, hvort sem er í þágu alþjóðar, einstakra stjórnsýsluaðilja eða borgaralegra aðilja. Mjög erfitt mun reynast að framkvæma fyrir fram mat á slíkum réttindum. Í framkvæmd verður að leitast við að samræma sjónarmið lögnámsþolenda og lögnemenda, áður en matsnefnd kveður upp fullnaðarúrskurð. Einstrengingsleg sjónarmið myndu oft leiða til þess, að ekkert yrði úr framkvæmdum.

Um 9. gr.

Afnot af löndum og mannvirkjum utan hins eiginlega námusvæðis eru oft nauðsynleg vegna námuvinnslu. Ákvæði 9. gr. miða að því að gera slíka notkun framkvæmanlega.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frv. eru taldir upp þeir aðiljar, sem ráðherra má veita sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi. Eru reglur þessar settar með hliðsjón af ákvæði 7. gr. laga nr. 34 1964, um loftferðir, að því er varðar rétt til að skrásetja loftfar hér á landi, og 1. gr. laga nr. 53/1970, um skráningu skipa.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 10. gr. er sérleyfi til handa erlendum aðilja til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi háð samþykki Alþingis.

Um 11. gr.

Samkvæmt 4. gr. frv. þarf landeigandi að fullnægja ýmsum fjárhagslegum og tæknilegum skilyrðum til að mega hefjast handa um vinnslu jarðefna í landi sínu. Því fremur er ástæða til að setja skilyrði í þessu efni, þá er erlendir aðiljar eiga í hlut.

Um 12. gr.

Það er mjög mikilvægt, að ákvæði sérleyfis séu rækileg og skýr. Í 12. gr. frv. hefur verið leitazt við að telja upp þau atriði, sem hvert sérleyfi skal geyma, en eigi er ætlazt til, að upptalning þessi þurfi að vera alveg tæmandi.

Um 13. gr.

Hér er drepið á þau atriði, sem leiða til þess, að sérleyfishafi fyrirgeri sérleyfisrétti sínum. En ráðherra er veitt heimild til að líta á málavexti hverju sinni. Hér ber og að minnast refsiákvæða 15. gr.

Um 14.—17. gr.

Ákvæði þessara greina þarfnast eigi skýringa.

Sþ. 589. Fyrirspurnir. [289. mál]

I. Til raforkumálaráðherra um rafvæðingaráætlun á Vestfjörðum.

Frá Steingrími Pálssyni.

1. Hafa verið gerðar rafvæðingaráætlanir fyrir eftirtalin byggðarlög:
   a) Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu,
   b) Ísafjarðardjúp,
   c) í Strandasýslu: Óspakseyrarhrepp, Fellshrepp, Kaldrananeshrepp?

2. Hve margir bæir á ofangreindu svæði er áætlað, að fái rafmagn frá samveitum árið 1971, og hvenær er áætlað, að rafvæðingu þessara byggðarlaga verði lokið?
3. Hafa verið gerðar áætlanir um nýjar vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum?

II. Til fjármálaráðherra um Vestfjarðaáætlun.

Frá Steingrími Pálssyni.

Hvað líður áætlunargerð eftirtalinna þátta Vestfjarðaáætlunarinnar:
a) uppbyggingar atvinnumála,
b) félags- og heilbrigðismála,
c) orkumála?

III. Til samgönguráðherra um flugvelli á Vestfjörðum.

Frá Steingrími Pálssyni.

1. Hvaða framtíðaráætlanir hafa verið gerðar um flugvelli:
   í Tálknafirði,
   í Bíldudal,
   í Súgandafirði?
2. Hefur verið gerð áætlun um að stækka flugvöllinn hjá Hólmavík í Strandasýslu?
3. Hafa verið gerðar áætlanir um byggingu nýrra sjúkraflugvalla á Vestfjörðum?

IV. Til menntamálaráðherra um sjóvinnuskóla o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd síðari hluta þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 20. marz 1963, um endurskoðun laga um Stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl.?

V. Til iðnaðarráðherra um raforkumál Þistilfjarðarbyggða.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hefur ráðuneytið gert nokkrar ráðstafanir til að leysa raforkumál Þistilfjarðarbyggða, og hvernig þá, og hvenær hyggst það hrinda þeim fyrirætlunum í framkvæmd?

VI. Til landbúnaðarráðherra varðandi sláturhús á Húsavík.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hvaða aðstoð hefur landbúnaðarráðuneytið veitt Kaupfélagi Þingeyinga til að reisa hið nýja sláturhús þess á Húsavík, og hvaða aðstoðar má Kaupfélagið vænta af hálfu hins opinbera til að ljúka byggingu og búnaði hússins?

Nd. 590. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   7. gr. laganna orðist svo:
   Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Stjórn hans skal vera í höndum sjö manna, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn, þannig að Alþingi kýs fjóra að viðhafðri hlutfallskosningu, stjórn Seðlabankans einn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn og Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands einn. Varamenn skal kjósa jafnmarga á sama hátt og til sama tíma. Tveir síðast töldu skulu skipta með sér sæti aðalmanns í stjórn sjóðsins.
   Stjórnin kýs sér formann og varaformann.
   Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   10. gr. laganna orðist svo:
   Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins, svo og töp vegna afskrifaðra lána.
   Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins.
   Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga og birtir með ríkisreikningi ár hvert.

Nd. 591. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur vegna máls þessa klofnað í a. m. k. þrjá hluta. Eitt virðist þó sameiginlegt með skoðunum allra nefndarmanna, að breytinga sé þörf á aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs. Að minnsta kosti þrír nefndarmenn telja, að till. um slíkar breytingar séu bezt komnar í höndum hæstv. ríkisstjórnar. Í sjálfu sér er undirritaður ekki fráhverfur því, að svo sé, þótt hann vilji með þessu nál. og sérstökum brtt. láta koma fram persónulegar skoðanir, sem hann hefur á máli þessu.

Snemma árs 1966 voru gerðar umtalsverðar breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands.

Þegar fyrstu tillögur þessa efnis voru ræddar, lét undirritaður í ljós þær skoðanir sínar, að eðlilegt væri, að þeir aðilar, sem mest legðu af mörkum til sjóðs þessa með beinu eða óbeinu framlagi sínu (sjómenn og útvegsmenn), ættu fulltrúa í sjóðsstjórn og fylgdust þar með ráðstöfun þess fjár, sem þeir legðu til hans. Um leið skyldi vera til staðar í sjóðsstjórn aðili, sem gæti samhæft störf þeirra viðskiptabanka, sem að langmestu leyti standa undir nauðsynlegri fyrirgreiðslu við útgerðina hér á landi, Seðlabanki Íslands og aðrar lánastofnanir og fjárfestingarsjóðir, sem lána til sömu hluta.

Frá því að þessi breyting var gerð 1966 hafa, auk fulltrúa Seðlabankans, tveir fulltrúar Útvegsbankans og tveir fulltrúar Landsbankans átt sæti í stjórn Fiskveiðasjóðs.

Þótt undirritaður játi fúslega ágæti þeirra einstaklinga, sem átt hafa sæti í stjórn þessari, verður ekki hjá því komizt að gagnrýna skipan hennar. Í dag er sjóðurinn undir algjörri stjórn bankastjóra — eður fulltrúa þeirra — tveggja ríkis- og viðskiptabanka og Seðlabankans.

Þetta telur undirritaður óeðlilegt. Þótt hann hafi áður verið áhugasamur um dreifingu þess valds, sem Alþingi hafði, telur hann í dag, að fenginni reynslu, að kröfur um slíka dreifingu hafi sízt orðið til þeirra bóta, sem að var stefnt, allra sízt að fela vald Alþingis og þjóðkjörinna fulltrúa, sem verða að taka kosningum a. m. k. á fjögurra ára fresti, í hendur mönnum, sem virðast ráðnir til lífstíðar, og gagnrýni kemst tæplega að, þrátt fyrir þingkjörið bankaráð, hvers vald því miður hefur verið í nokkrum tilfellum framselt úr höndum hinna þjóðkjörnu fulltrúa.

Sá, er að þessu nál. stendur, hlustaði með mikilli athygli á ræðu, sem einn af aðalbankastjórum Landsbankans hélt fyrir skömmu. Hjó hann sérstaklega í þau orð bankastjórans (m. a.), „að auka bæri lýðræðislega stjórnarhætti — og að færa bæri valdið frá stjórnvöldum til fólksins sjálfs“. Telur undirritaður, að á móti skoðunum bankastjórans sé komið með brtt. þeim, sem undirritaður flytur.

Undir lýðræðislega stjórnarhætti verður að telja, að þjóðkjörnir fulltrúar, kjörnir til fjögurra ára í senn, stjórni að meiri hluta til þessum einna stærsta fjárfestingarsjóði íslenzku þjóðarinnar, einnig til fjögurra ára.

Í sömu ræðu gat bankastjórinn þess, að nauðsynlegt mundi reynast á næstu árum, „að betri tengsl þyrftu að skapast milli stjórnar efnahagsmála og verkalýðshreyfingar“. Þessu hvoru tveggja telur undirritaður að sé komið á móti með þeirri skipan stjórnar, sem hann leggur til, og tekur þar utan undir skoðanir hans á þessum og öðrum málum.

Flm. frv. hefur lagt til, eins og fram kemur á þskj. 29 (29. mál), að fulltrúi sjómanna í stjórn sjóðsins eigi að skipast af Sjómannasambandi Íslands. Þetta telur undirritaður, þótt í stjórn Sjómannasambandsins sé, vera rangt. Þótt Sjómannasambandið sé lögformlegur aðili innan Alþýðusambands Íslands og eigi nú aðild félaga um allt land utan Vestfjarða og Austfjarða, er sú staðreynd ljós, þeim sem vit hafa á og til þekkja, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur innan sinna vébanda öll skipstjóra- og stýrimannafélög landsins, félag loftskeytamanna, bryta og stærstan hluta þeirra vélstjóra, sem á flotanum starfa. Hefur undirritaður í 12 ár bent á þessa staðreynd á Alþingi, og flestir alþm. í dag þekkja til þessarar staðreyndar, þótt flm. þessa frv. sé þar lítt kunnugur, þrátt fyrir fræga útgerð um margra ára skeið.

Telur undirritaður, að með þeirri tilhögun, sem hann leggur til, sé komið á móti samtökum sjómanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar. Væri í þessu sambandi full ástæða til að gera skil furðulegum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna um skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs, en skal beðið með slíkt til umræðna um mál þetta.

Flutningsmaður þess frumvarps, sem hér er rætt, leggur einnig til, að heimild verði til ráðningar tveggja framkvæmdastjóra fyrir Fiskveiðasjóð. Mun þar vera um að ræða dulbúna ósk framsóknarmanna um væntanleg helmingaskipti þeirra við einn eða annan stjórnmálaflokk, eða sjálfan sig, og á þá undirritaður við „unga“ framsóknarmenn og svokallaða „frjálslynda vinstri menn“ — og/eða „hægri menn“.

Í slíku vill undirritaður engan þátt taka, þótt til væri kallaður, og leggur því til í sínum brtt., að ákvæði þetta verði fellt út úr frv. Enda er nú viðurkennt af flestum, að af þeim ágæta manni, sem sjóði þessum hefur stjórnað fram til þessa, hefur annar tekið við, sem ekki aðeins útvegsmenn, heldur einnig sjómenn, auk annarra, geta borið fullt traust til.

Aðrar breytingar, sem undirritaður leggur til, eru um endurskoðun sjóðsins. Hér er um að ræða einn stærsta fjárfestingarsjóð landsmanna. Án þess að á nokkurn hátt sé verið að gagnrýna þá, sem gegnt hafa starfi þessu, telur undirritaður, að ríkisendurskoðuninni beri að endurskoða reikninga þessa sjóðs sem annarra slíkra. Um leið er Alþingi sjálft með sína yfirskoðunarmenn, kjörna af Sþ., með beint eftirlit kjörinna fulltrúa þjóðarinnar, eins og fylgi segir til um. Enda er eðlilegt, að reikningar þessa sjóðs og annarra skyldra séu birtir árlega með ríkisreikningnum. Mun undirritaður flytja brtt. á sérstöku þingskjali í samræmi við það, sem hér hefur verið túlkað.

Alþingi, 19. marz 1971.

Pétur Sigurðsson.

Ed. 592. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Jón Þorsteinsson og Karl Guðjónsson voru ekki á fundi, þegar málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 19. marz 1971.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jónas G. Rafnar. Kristján Ingólfsson.

Ásgeir Bjarnason. Jón Árnason.

Nd. 593. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til l. um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 4. gr. Á eftir orðunum „Alþingi kýs“ bætist: hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn.

Ed. 594. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 19. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Oddur Andrésson.

Einar Ágústsson. Steingrímur Hermannsson. Sveinn Guðmundsson.

Björn Jónsson.

Ed. 595. Nefndarálit [267. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 6. marz 1964, um laun forseta Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Oddur Andrésson.
Einar Ágústsson.	Steingrímur Hermannsson.	Sveinn Guðmundsson.
	Björn Jónsson.	

Ed. 596. Breytingartillaga [266. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

Frá Steingrími Hermannssyni og Einari Ágústssyni.

Í 7. gr. á eftir liðnum „Jarðhitaleit“ komi nýr liður:

Neyzluvatnsleit ..... 1.0 millj. kr.

Upphæð samtals breytist úr 437.6 millj. kr. í 438.6 millj. kr.

Ed. 597. Breytingartillaga [213. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Við 4. gr. Fyrir „Náttúruverndarsamtök“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: Landvernd.

Nd. 598. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖRSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem telja verður eðlilegt, að Alþingi láti fara fram allsherjarendurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og æskilegt, að endurskoðuð lýðveldisstjórnarskrá geti tekið gildi á 100 ára afmæli íslenzkrar stjórnarskrár og 1100 ára afmæli

Íslandsbyggðar árið 1974, telur deildin ekki rétt að taka að svo stöddu afstöðu til þeirra breytinga, sem gert er ráð fyrir í frv., og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. marz 1971.

Matthías Bjarnason, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Jónas Pétursson, með fyrirvara. Stefán Valgeirsson.

Nd. 599. Lög [183. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja.

(Afgreidd frá Nd. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 305.

Nd. 600. Frumvarp til laga [119. mál]

um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

Samhljóða þskj. 128 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga annast meðlagainnheimtu hjá barnsfeðrum, hvar sem er á landinu.

Barnsföður er skylt að endurgreiða Innheimtustofnuninni meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, þegar og með þeim hætti, sem stofnunin krefst.

Nú greiðir barnsfaðir ekki meðlag á réttum tíma samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs, og er þá Innheimtustofnuninni heimilt að taka 7% ársvexti af kröfunni frá gjalddaga til greiðsludags.

Vanræki barnsfaðir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukröfu, getur Innheimtustofnunin:

1) Krafið kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut til lúkningar meðlögum. Skulu slíkar kröfur ganga fyrir öðrum kröfum, þ. á m. kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs. Kaupgreiðendur skulu halda slíku innheimtufé aðgreindu frá eigin fé eða fé fyrirtækis. Vanræki kaupgreiðandi að verða við slíkri kröfu, ber hann ábyrgð gagnvart Innheimtustofnuninni allt að þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa Innheimtustofnunarinnar barst honum. Sama gildir, ef kaupgreiðandi tekur ekki tilskilda fjárhæð af kaupi eða aflahlut eða ef hann skilar ekki innheimtu meðlagsfé til Innheimtustofnunarinnar innan hálfs mánaðar. Gera má lögtak hjá kaupgreiðanda vegna vanrækslu hans í þessu sambandi með sama hætti og hjá meðlagsskuldara sjálfum. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
2) Krafizt lögtaks í eignum barnsföður. Um framkvæmd lögtaks skal fara samkvæmt lögum nr. 29 16. desember 1885. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
3) Krafizt þess, að lögreglan aðstoði við að hafa upp á barnsföður og færi hann á skrifstofu Innheimtustofnunarinnar, ef með þarf, til viðtals og upplýsingagjafar, hafi hann ekki sinnt kvaðningum.

4) Krafizt úrskurðar héraðsdómara (í Reykjavík sakadómara) um vistun barnsföður á vinnuhæli til að vinna af sér meðlagsskuld. Í fyrsta sinni má eigi úrskurða barnsföður til vistar á slíku hæli lengur en 3 mánuði.
5) Krafizt þess, að meðlagsskuldari verði kyrrsettur, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi í hyggju að hverfa af landi brott. Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari) úrskurðar um kyrrsetningu. Kyrrsetningarúrskurði má skjóta til Hæstaréttar með sama hætti og kæru samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Skal útlendingaeftirliti, lögreglustjórum og fyrirtækjum, sem annast fólksflutninga til útlanda, tilkynnt um kyrrsetninguna.

Innheimtustofnunin skal hafa sama rétt og einstakar sveitarstjórnir samkvæmt 45. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, til að krefja skattayfirvöld um upplýsingar um tekjur og eignir barnsfeðra, svo og til að krefja vinnumiðlunarskrifstofur og kaupgreiðendur um að láta þeim í té vinnuskýrslur.

Nd. 601. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

1. gr.

79. gr. laganna orðist svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalda um meðlag með börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar til 16 ára aldurs barnsins, án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki. Aldrei greiðir Tryggingastofnunin þó hærri fjárhæð en sem nemur barnalífeyri samkvæmt 16. gr.

Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, eftir því sem meðlögin innheimtast, en fullnaðarskil skulu gerð í síðasta lagi fyrir 1. október næsta ár.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

2. gr.

Niðurlag 80. gr. laganna orðist svo:

enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga á sama hátt og í 79. gr. segir um endurkröfurétt á meðlagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Nd. 602. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns barnsföður tilgreina nafnnúmer hans og fæðingarstað, svo og heimilisfang hans, stöðu hans og atvinnustað á þeim tíma, er meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

2. gr.

11. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 6 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram. Þó getur tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur til barnsmóður allt að 18 mánuði aftur í tímann, ef um sérstakar ástæður er að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á. Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnsmeðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, en ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

3. gr.

15. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Nd. 603. Frumvarp til laga [14. mál]

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, fjórði og fimmti samkvæmt

tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sjötti samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands og sjöundi er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Í störfum sínum er stjórn sjóðsins heimilt, þegar hún telur þess þörf, að kveðja sér til ráðuneytis sérstakan fulltrúa frá eftirgreindum landssvæðum: 1. Suðurland, 2. Vestmannaeyjar, 3. Faxaflói og Breiðafjörður, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland, 6. Austfirðir.

Við 3. mgr., sem verður 4. mgr., bætist:

... en sjóðsstjórnin ákveður eða semur um þóknun og ferðakostnað tilkvaddra fulltrúa samkv. 3. mgr.

9. gr. hljóðar svo:

10. gr. breytist þannig:

Upphaf gr. orðist svo:

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju bótasvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur, og skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skipa þess flokks á viðkomandi bótasvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á það veiðimagn og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta. Þó aldrei meira en samsvarar því, að 67% vanti á meðalveiðimagnið, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., sem verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins.

Síðari málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr. svo hljóðandi:

Óheimilt er að greiða bætur, fyrr en bótatímabili er lokið og skýr mynd er fengin af afkomu viðkomandi flokks skipa.

Við greinina bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Má í þessu skyni verja allt að kr. 1 000 000.00 hverju sinni, og í meginatriðum við það miðað, eftir því sem fé hrekkur til, að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar.

12. gr. hljóðar svo:

Á eftir 14. gr. komi nýr kafli, sem verði 15.—20. gr., en töluröð síðari greina breytist samkvæmt því, þannig:

II. KAFLI

Um greiðslur fæðiskostnaðar bátasjómanna.

15. gr.

Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskipum öðrum en togurum).

16. gr.

Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1.5% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr.

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna landsmanna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 **brúttórúmlest** að stærð og stærri: **120 krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.
b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 **brúttórúmlest** að stærð: **100 krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem hafa ekki lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þeirra báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Frá 1. janúar 1971 greiðir áhafnadeildin einnig hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern róður og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer). Þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og í 2. og 3. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

18. gr.

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

19. gr.

Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið bót á þessu.

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Með tilvísun til bráðabirgðalaga nr. 74/1970 gildir 16. gr. þó frá 1. júní 1970. Þá skulu a- og b-liðir 17. gr. gilda frá og með 1. janúar 1971.

Í stað 13.—15. gr. komi:

13. gr.

Á undan 15. gr., sem verður 21. gr., komi ný kaflafyrirsögn:

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

14. gr.

16. gr., 17. gr. og bráðabirgðaákvæði falli niður.

15. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ásamt síðari breytingum, svo og 8. gr. laga nr. 79 30. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs á árinu 1970.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 77 28. apríl 1962 og gefa þau út svo breytt.

Bráðabirgðaákvæði.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný stjórn skal skipuð samkv. 1. mgr. 6. gr.

Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða til togara úr áhafnadeild sjóðsins framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af öllum útflutningsafurðum togaraafla.

Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt með samþykki ráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að endurgreiða ⅔ hluta prósentugjalda af útflutningi til aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar, þegar um er að ræða niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir.

Ed. 604. Breytingartillaga [266. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

Frá Einari Ágústssyni og Steingrími Hermannssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein þannig:
Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda.

Ed. 605. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess.
Einn nefndarmanna, Jón Þorsteinsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson, frsm.
Einar Ágústsson. Gils Guðmundsson.

Nd. 606. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 1. töluliður 3. gr. orðist svo:
   Eignir Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja, eins og þær voru, er þær stofnanir voru lagðar niður.
2. 5. gr. orðist svo:
   Á Stofnlánadeildinni hvíla allar skuldbindingar, sem áður hvíldu á Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði.
3. Við 23. gr. Fyrir „10%“ í síðari málsgr. komi: 25%.
4. Við 31. gr. Í stað orðanna „en að öðru leyti“ komi: og.
5. Við 43. gr. Í stað „eitt ár“ komi: tvö ár.
6. 49. gr. orðist svo:
   Nú stofna tveir eða fleiri bændur til félagsbúskapar á eignar- eða ábýlisjörð, einni eða fleiri. Njóta þeir þá sömu réttinda og um nýbýli sé að ræða, samkv. VI. kafla laga þessara, enda hafi þeir búskap að aðalatvinnu og umráð á landi, sem landnámsstjóri metur að við hæfi sé fyrir félagsbúið. Aðilar skulu gera með sér samning, og eftir að landnámsstjórn hefur viðurkennt hann, skal samningnum þinglýst.
7. Í stað 50. og 51. gr. komi ein gr., 50. gr., er orðist svo:
   Nú stofna nokkrir bændur til félagsræktunar, eða samtök þeirra, og nýtur þá ræktunin sama stuðnings og ræktun á einstökum jörðum, sbr. 61. gr. tölulið 4. Í samningi um félagsræktun skulu vera skýr ákvæði um afnotarétt lands og ræktunar, eignarrétt eða leiguskilmála, og skiptingu kostnaðar. Landnámsstjórn setur nánari reglur um efni það, sem um ræðir í þessum kafla.
8. Við 52. gr. (sem verði 51. gr.). Niður falli orðin „og annaðhvort enginn eða nytjalítill gróður komið í staðinn“.
9. Við 53. gr. (sem verði 52. gr.). Síðari málsgr. orðist svo:
   Til þess að einær ræktun geti notið framlags, ber ráðunaut að fullvissa sig um, að viðunandi árangur hafi náðst, áður en úttekt fer fram.
10. Við fyrirsögn X. kafla. Í stað „grænfóðurverksmiðju“ komi: grænfóðurverksmiðjur.
11. Við 61. gr. (sem verði 60. gr.). Greinin orðist svo:
    Grænfóðurverksmiðjur þær, sem nú þegar hafa verið stofnsettar, falla undir lög þessi.
12. Við 62. gr. (sem verði 61. gr.). 6. töluliður orðist svo:
    Til grænfóðurverksmiðja, svo sem fé er veitt í fjárlögum til Landnámsins í þessu skyni.
13. Við 63. gr. (sem verði 62. gr.). Síðari málsliður fyrri málsgr. orðist svo:
    Þar af eigi minna en 7.5 millj. kr. til grænfóðurverksmiðja.
14. Við 74. gr. Greinin falli niður.

Nd. 607. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum, kvatt til viðtals landnámsstjóra og fleiri og sent málið Búnaðarþingi til umsagnar. Mælir Búnaðarþing með

samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum. Er álitsgerð þess prentuð hér með sem fylgiskjal.

Nefndin varð ásátt um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt, en flytur nokkrar breytingartillögur við það á sérstöku þingskjali. Verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja öðrum, er fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna, Eðvarð Sigurðsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 20. marz 1971.

Bjartmar Guðmundsson, form.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Jónas Pétursson.	Benedikt Gröndal.	Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Ályktun Búnaðarþings.

Búnaðarþing mælir með eftir atvikum við Alþingi, að frumvarp til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum verði samþykkt með eftirtöldum breytingum:

1. Framlag til íbúðarbygginga í sveitum hækki, svo það verði hlutfallslega svipuð fjárhæð miðað við byggingarkostnað, eins og það var ákveðið í lögum nr. 75 1962.
2. Fjárframlög samkvæmt 62. grein frumvarpsins breytist árlega samkvæmt byggingarvísitölu.
3. Ákvæði 60. greinar frumvarpsins um rétt til stofnfjárframlags til grænfóðurverksmiðja, sem byggðar verða, nái bæði til félagssamtaka og einstakra bænda.
4. Lágmarksbústærð til þátttöku í félagsbúi miðist við ½ vísitölubú í stað ¾, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir samkvæmt 49. grein.
5. Ákveðið verði, að 5% af framlagi til ræktunar samkvæmt 4. tölulið 62. greinar gangi til viðkomandi búnaðarsambands.

Greinargerð.

Jarðræktarnefnd hefur á fundum sínum kannað frumvarp til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum og rætt við ýmsa þá aðila, sem að samningi frumvarpsins hafa unnið. Efnislega telur nefndin, að frumvarpið sé til bóta og feli í sér þýðingarmikil ákvæði, sem ætla má að verði til eflingar landbúnaðinum. Breytingartillögur nefndarinnar miða meðal annars að því, að framlag til íbúðarhúsabygginga í sveitum verði nú hið sama miðað við verðlag og byggingarkostnað, eins og það var við setningu laganna 1962. Hlýtur sú krafa að teljast eðlileg, þar sem síaukinn kostnaður við byggingar hefur valdið ýmsum bændum verulegum fjárhagserfiðleikum og torveldað eðlilega uppbyggingu. Það fyrirkomulag, sem nú hefur tíðkazt um skeið og gert er ráð fyrir að haldist samkvæmt þessu frumvarpi, að Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins annist greiðslur út á sömu framkvæmdir í jarðrækt, er óeðlileg tilhögun og veldur auknum kostnaði. Eðlilegra virðist, að Búnaðarfélagi Íslands væri falin greiðsla á öllu framlaginu.

Með tilkomu fleiri grænfóðurverksmiðja, verður samkeppnin á markaðinum harðari. Verksmiðjur, sem byggðar eru upp með opinberu framlagi, hafa af augljósum ástæðum öruggari rekstrargrundvöll. Áform eru um endurbyggingu á verksmiðjunni í Brautarholti. Þykir því eðlilegt, að sú aðstoð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, nái einnig til þeirrar verksmiðju.

Ed. 608. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um mál þetta á fundum sínum og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Jón Þorsteinsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 20. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson, frsm.
Kristján Ingólfsson.	Sveinn Guðmundsson.	Einar Ágústsson.

Ed. 609. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 15/1969, um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Einar Ágústsson.	Sveinn Guðmundsson.	Kristján Ingólfsson.

Ed. 610. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Einar Ágústsson.	Sveinn Guðmundsson.	Kristján Ingólfsson.

Ed. 611. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1957, um vísindasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Einar Ágústsson.	Sveinn Guðmundsson.	Kristján Ingólfsson.

Nd. 612. Tillaga til þingsályktunar [290. mál]

um stofnun hlutafélags til kaupa og rekstrar á verksmiðjutogara.

Flm.: Haraldur Henrýsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér nú þegar fyrir stofnun hlutafélags um kaup og útgerð verksmiðjutogara með þátttöku ríkisins, sveitarfélaga og einstaklinga og að afla sér þeirra heimilda til lántöku, sem nauðsynlegar kunna að reynast til að hrinda málinu í framkvæmd. Verði m. a. leitað samstarfs við hlutafélagið Úthaf, sem stofnað var að frumkvæði Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í þessu skyni.

Greinargerð.

Á árinu 1968 var flutt í neðri deild Alþingis tillaga til þingsályktunar um, að ríkisstjórninni yrði falið „að hefja nú þegar þátttöku í athugunum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem miða að kaupum og útgerð verksmiðjutogara". Í greinargerð þessarar tillögu var gerð grein fyrir athugunum Farmannasambandsins á möguleikum á kaupum og útgerð slíks skips. Var þar vitnað í niðurstöður nefndar, sem starfaði á vegum þessara samtaka, og sagði þar m. a., að nefndin hefði komizt að þeirri niðurstöðu, „að rekstur á ca. 2500 smálesta (brúttó) verksmiðjuskuttogara, búnum hagkvæmum nýtízku vinnuvélum, sé sýnilega hagkvæmur og fjárhagslega öruggur miðað við núgildandi verðlag og afla, sem telja verður algert lágmark á slíkt skip, reiknað með 300 úthaldsdögum". Þingsályktunartillaga þessi fékkst ekki afgreidd á því þingi.

Að forgöngu Farmanna- og fiskimannasambandsins var stofnað hlutafélagið Úthaf til að hrinda máli þessu í framkvæmd, en samtökin töldu, að hér væri um mikilvægt hagsmunamál fyrir þjóðina að ræða. Enda þótt töluvert hlutafé safnaðist meðal almennings, tókst ekki að safna svo miklu, að félagið gæti á eigin spýtur leyst málið, enda er hér um mikla fjárfestingu að ræða. Ítrekaðar tilraunir voru gerðar til að fá þá fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins, sem dygði til, að unnt yrði að kaupa skip, sem félagið átti kost á að fá snemma árs 1970. Allar slíkar tilraunir reyndust árangurslausar.

Með kaupum á verksmiðjutogara mundu Íslendingar eignast skip, sem getur sótt á öll fjarlægari mið, unnið sjálft úr afla sínum og skilað honum sem óaðfinnanlegri og fyrsta flokks útflutningsvöru. Hér yrði um að ræða nýtt svið í sjávarútvegi okkar, sem engan veginn hefði í för með sér óæskilega samkeppni við aðra þætti hans. Þessi nýja grein mundi hins vegar vera mjög drjúg við öflun gjaldeyris, sé miðað við reynslu annarra þjóða. Norðmenn og Færeyingar hafa á síðustu árum gert út slík skip með mjög góðum árangri, og mun þar tæpast nokkur útgerð önnur skila meiri arði. Virðumst við Íslendingar þegar hafa tapað miklu á því að hafa ekki, að ráði reyndra og kunnugra manna, ráðizt í slíka útgerð. Takmark okkar á að vera að skila sem mestum hluta fiskafla okkar sem fullunninni og fyrsta flokks vöru á erlenda markaði. Með útgerð verksmiðjutogara komumst við ótvírætt nær því marki. Það er furðuleg skammsýni að ætla nú að hefja endurnýjun togaraflota okkar án þess að nýta þá möguleika, sem slík skip bjóða. Sú endurnýjun, sem hafin er skv. tillögu svokallaðrar skuttogaranefndar, táknar í raun enga framför að því er varðar meðferð og vinnslu aflans.

Kaup á verksmiðjutogara er svo mikil fjárfesting, að tæpast er viðráðanleg öðrum en opinberum aðilum. Sýnist og eðlilegt, að ríkið brjóti hér ísinn og hafi forustu um mótun þessa nýja þáttar í sjávarútveginum, sem ótvírætt yrði til að treysta þjóðarbúskapinn í heild.

Nd. 613. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965.

Frá Ingvari Gíslasyni og Stefáni Valgeirssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Við lögin bætist eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi sveitarfélag á tímabilinu 29. apríl 1967 til ársloka 1970 notfært sér rétt til lagningar afréttargirðingar samkvæmt 1. gr. laga nr. 45 29. apríl 1967, en aðliggjandi hreppar ekki fallizt á kostnaðarhluttöku, skal ríkissjóður greiða í þeirra stað, enda meti sýslunefnd eða sýslunefndir girðingu óþarfa og girðingarstæði ónothæft.

Ed. 614. Breytingartillögur [281. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Einari Ágústssyni.

1. Við 43. gr.
   a. Aftan við staflið h. komi nýr stafliður, þannig:
      i. Tannlækningar að ¾ hlutum, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð.
   b. Orðin „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“ í síðustu málsgrein falli niður.
2. Við 45. gr.
   a. 1. málsliður orðist svo:
      Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, tannlækna, lyfjabúðir og heilbrigðisstofnanir um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 42. greinar.
   b. Fyrsti málsliður 2. málsgr. orðist þannig:
      Náist ekki samkomulag við lækna eða tannlækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin.
   c. Í stað orðanna „samkvæmt 43. gr. a og b“ á tveim stöðum síðar í 45. grein komi: samkvæmt 43. gr. a, b og i.

Nd. 615. Tillaga til þingsályktunar [291. mál]

um aðgerðir til eflingar kaupskipaflota Íslendinga.

Flm.: Haraldur Henrýsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fram fara athugun á því, hvað unnt sé að gera til að efla kaupskipaflota Íslendinga. Einkum verði kannaðir möguleikar þess, að Íslendingar eignist hið fyrsta skip til að annast olíuflutninga til landsins.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur orðið töluverð rýrnun í kaupskipaflota landsmanna. Á s. l. 5 árum mun láta nærri, að þessi rýrnun hafi numið 28%, og meðalaldur skipa

í íslenzka kaupskipaflotanum mun nú vera nálægt 12 árum. Þetta hefur haft það í för með sér, að á undanförnum árum höfum við í æ ríkari mæli þurft að fá erlend leiguskip til að anna flutningum til og frá landinu. Á s. l. ári munu þannig hafa verið greiddar 400—500 milljónir króna í erlendum gjaldeyri fyrir slík erlend leiguskip. Segir það sig sjálft, hve óhagkvæmt slíkt er fyrir þjóðarbúið. Í allnokkur ár höfum við Íslendingar og ekkert skip átt, sem flutt geti eldsneyti til landsins, og höfum við þar verið algerlega háðir erlendum skipum. Verður það að teljast mjög óeðlilegt og að mörgu leyti varhugavert. Rekstur slíks skips á, ef rétt er á haldið, að geta verið hagkvæmur, og víst er, að verkefnin eru næg.

Við hljótum jafnan að keppa að því að vera sjálfum okkur nógir að því er varðar flutninga til landsins og frá, og er það reyndar einn þáttur þeirrar viðleitni að varðveita sjálfstæði þjóðarinnar. Að þessu leyti höfum við ekki haldið vöku okkar nægilega á undanförnum árum, en hljótum nú að stinga við fótum. Hér er lagt til, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á þessum málum, en síðan yrðu á grundvelli hennar gerðar tillögur um aðgerðir til úrbóta.

Nd. 616. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 3. gr. Á eftir síðari málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

Nd. 617. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Á þingskjali 164 er tillaga, sem fjallar að verulegu leyti um sama efni og þessi tillaga, en gengur þó mun lengra. Samkvæmt henni á rannsókn á verðhækkunum að ná til alls tímabilsins frá því að kaupsamningar voru gerðir, en samkvæmt þessari tillögu á rannsóknin aðallega að ná til tímans frá 13.—30. október.

Í tillögunni á þingskjali 164 er enn fremur lagt til, að rannsóknin beinist að því, hvort orðið hafi óeðlilega miklar verðhækkanir, er krefjast sérstakra aðgerða verðlagsyfirvalda, en ekkert er minnzt á það í þessari tillögu. Þar sem tillagan á þingskjali 164 gengur þannig að mörgu leyti lengra, en óþarft er að fela tveim rannsóknarnefndum að rannsaka sama mál, leggjum við til, að tillagan á þingskjali 164 verði samþykkt, og getum því ekki mælt með þessari tillögu.

Alþingi, 22. marz 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 618. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar á fundum sínum og mælir með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, ef fram koma.

Einn nm. (GilsG) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. marz 1971.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm. — Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. — Einar Ágústsson.
Björn Fr. Björnsson. — Oddur Andrésson. — Jónas G. Rafnar.

Ed. 619. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til laga um Iðnþróunarstofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft þetta frumvarp til athugunar. Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með breyt., sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 22. marz 1971.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm. — Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. — Einar Ágústsson.
Björn Fr. Björnsson. — Oddur Andrésson. — Jónas G. Rafnar.
Gils Guðmundsson.

Ed. 620. Breytingartillögur [230. mál]

við frv. til l. um Iðnþróunarstofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
   9. Að aðstoða hugvitsama einstaklinga og félög við það að koma á framfæri (hanna og vernda) tækninýjungum, sem gætu stuðlað að bættri eða nýrri framleiðslu á sviði iðnaðar.
2. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Iðnþróunarráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir Iðnþróunarstofnun Íslands. Skal það skipað af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, en hann er jafnframt formaður ráðsins.

3. Við 4. gr.
   a. Aftan við 1. málslið 1. málsgr. bætist: þar af tvo samkvæmt tilnefningu Iðnþróunarráðs.
   b. Aftan við 3. málsgr. bætist: Framkvæmdastjórn ber að gera ársskýrslu um störf Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Nd. 621. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá Geir Gunnarssyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

13. gr. orðist svo:
Fjárlaga- og hagsýslustofnunin skal fylgjast með rekstri sendiráða og ræðismannsskrifstofa og sjá um, að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar.
Eftirlitsmaður skal öðru hverju heimsækja sendiráð og ræðismannsskrifstofur.

Nd. 622. Breytingartillaga [222. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 7. gr. Síðasta málsgr. falli niður.

Ed. 623. Frumvarp til laga [119. mál]

um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Nd. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 128 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá barnsfeðrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt mæðrum óskilgetinna barna og fráskildum konum vegna barna þeirra, sbr. 79. gr. laga nr. 40/1963, og að endurgreiða Tryggingastofnuninni innheimtufé, eftir því sem það innheimtist, sbr. 1. mgr. 4. gr., en fullnaðarskil skal Innheimtustofnunin hafa gert við Tryggingastofnun ríkisins fyrir 1. október næsta ár, sbr. 3. mgr. 4. gr.
Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi.
Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

5. gr. hljóðar svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga annast meðlagainnheimtu hjá barnsfeðrum, hvar sem er á landinu.

Barnsföður er skylt að endurgreiða Innheimtustofnuninni meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, þegar og með þeim hætti, sem stofnunin krefst.

Nú greiðir barnsfaðir ekki meðlag á réttum tíma samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs, og er þá Innheimtustofnuninni heimilt að taka 7% ársvexti af kröfunni frá gjalddaga til greiðsludags.

Vanræki barnsfaðir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukröfu, getur Innheimtustofnunin:

1) Krafið kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut til lúkningar meðlögum. Skulu slíkar kröfur ganga fyrir öðrum kröfum, þ. á m. kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs. Kaupgreiðendur skulu halda slíku innheimtufé aðgreindu frá eigin fé eða fé fyrirtækis. Vanræki kaupgreiðandi að verða við slíkri kröfu, ber hann ábyrgð gagnvart Innheimtustofnuninni allt að þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa Innheimtustofnunarinnar barst honum. Sama gildir, ef kaupgreiðandi tekur ekki tilskilda fjárhæð af kaupi eða aflahlut eða ef hann skilar ekki innheimtu meðlagsfé til Innheimtustofnunarinnar innan hálfs mánaðar. Gera má lögtak hjá kaupgreiðanda vegna vanrækslu hans í þessu sambandi með sama hætti og hjá meðlagsskuldara sjálfum. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
2) Krafizt lögtaks í eignum barnsföður. Um framkvæmd lögtaks skal fara samkvæmt lögum nr. 29 16. desember 1885. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
3) Krafizt þess, að lögreglan aðstoði við að hafa upp á barnsföður og færi hann á skrifstofu Innheimtustofnunarinnar, ef með þarf, til viðtals og upplýsingagjafar, hafi hann ekki sinnt kvaðningum.
4) Krafizt úrskurðar héraðsdómara (í Reykjavík sakadómara) um vistun barnsföður á vinnuhæli til að vinna af sér meðlagsskuld. Í fyrsta sinni má eigi úrskurða barnsföður til vistar á slíku hæli lengur en 3 mánuði.
5) Krafizt þess, að meðlagsskuldari verði kyrrsettur, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi í hyggju að hverfa af landi brott. Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari) úrskurðar um kyrrsetningu. Kyrrsetningarúrskurði má skjóta til Hæstaréttar með sama hætti og kæru samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Skal útlendingaeftirliti, lögreglustjórum og fyrirtækjum, sem annast fólksflutninga til útlanda, tilkynnt um kyrrsetninguna.

Innheimtustofnunin skal hafa sama rétt og einstakar sveitarstjórnir samkvæmt 45. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, til að krefja skattayfirvöld um upplýsingar um tekjur og eignir barnsfeðra, svo og til að krefja vinnumiðlunarskrifstofur og kaupgreiðendur um að láta þeim í té vinnuskýrslur.

Ed. 624. Frumvarp til laga [186. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. marz.)

Samhljóða þskj. 577 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, en menntamálaráðuneytið fellst á það.

2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi, þegar hann hefur tekið til starfa að fullu. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.
4. Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar.

6. gr. hljóðar svo:

Ef námsefni Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

I. **Almennt kennaranám.**
   a. **Uppeldisgreinar** bóklegar, 2 hlutir.
   b. **Námsefni skyldunáms:**
      1) Kjarni: 4 hlutir. Námi í kjarna skal ljúka að því leyti, sem fært er, á fyrsta ári.
      2) Tvær valgreinar, 4 hlutir. Heimilt er skólastjórn að leyfa nemendum að bæta við sig þriðju valgrein og verður þá valgreinanámið 6 hlutir.
   c. **Uppeldisfræðilegt sérsvið og áheyrn**, 2 hlutir.

II. **Nám handavinnukennara** skal vera 2 hlutir í bóklegum uppeldisgreinum, 1 hlutur í kjarna, 2 í bóklegri valgrein og 7 í handlistum.

III. **Verklegt nám,** æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í skyldunámsgreinum og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.

IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

13. gr. hljóðar svo:

I. Umsjónar- og ráðgjafastörf.
   1. **Aðstoðarrektor,** er rektor ræður úr hópi fastra kennara og vera skal honum til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans kjörtímabilið.
   2. **Bókavörður,** er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
   3. **Námsráðunautar,** er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
   4. **Æfingastjóri,** er skipuleggur æfingakennslu og hefur umsjón með henni.

   Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

II. Störf á skrifstofu.
   1. **Fulltrúi,** er sé rektor og konrektor til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.

2. **Gjaldkeri,** er annast reikningshald skólans og bókhald.
3. **Annað starfslið,** eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

III. Önnur störf.

1. **Húsvörður,** er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður,** er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru í lið II. og III.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólans skal setja í reglugerð.

Rektor ræður starfsmenn samkv. grein þessari, að fenginni umsögn skólaráðs, er áður hafi leitað álits nemendaráðs, að því er námsráðunaut varðar.

Nd. 625. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 39. gr. Fyrir „100 ha." komi: 75 ha.
2. Við 62. gr.
   a. Í stað „kr. 120 000.00" á tveimur stöðum í 1. lið komi: 150 þús. kr.
   b. Við 1. lið bætist:
      Framlag þetta skal greiðast á framkvæmdir, sem gerðar hafa verið eftir 1. janúar 1969. Greiðslur þessar breytast samkvæmt byggingarvísitölu.
   c. Í stað 2. málsgr. 4. liðar komi:
      Til endurræktunar túna vegna kals eða annarra skemmda, að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum, allt að 80% af ræktunar- og girðingarkostnaði, samkv. meðalverði hvers árs. Þó skal ekki veita framlag á sama land með styttra millibili en þremur árum. Sama heimild gildir, þó að annað land sé tekið til ræktunar í stað hins skemmda túns, enda sé það gert í samráði við héraðsráðunaut og landnámsstjóra.
      Af framlagi samkv. þessum lið skal greiða 5% til viðkomandi búnaðarsambands.
3. Við 69. gr. Greinin falli niður.

Nd. 626. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá Magnúsi Kjartanssyni og Sigurvin Einarssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo:
   Um allar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum skal ráðuneytið hafa samráð við utanríkismálanefnd Alþingis, bæði meðan Alþingi er að störfum og milli þinga.
   Sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er skipuð af ráðherra til eins árs í senn, og skulu þingflokkarnir hafa rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina.

Árlega skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um viðhorf ríkisstjórnarinnar til utanríkismála og um störf íslenzku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna, ásamt rökstuddri greinargerð um afstöðu Íslands til einstakra mála á þinginu.

2. 4. gr., sem lagt er til að verði 5. gr., orðist svo:

Hafa skal sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur á þeim stöðum erlendis, þar sem slíkt er álitið nauðsynlegt til gæzlu á hagsmunum Íslands.

Ákveða skal með forsetaúrskurði, að fengnu samþykki Alþingis, á hvaða stöðum skuli hafa sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum.

Nd. 627. Frumvarp til laga [292. mál]

um breyting á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Halldór E. Sigurðsson, Birgir Finnsson, Lúðvík Jósefsson, Haraldur Henrýsson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Alþingismaður nýtur launa samkvæmt launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins, og greiðist ½ hluti árslauna mánaðarlega. Launin greiðist frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Starfsmaður ríkisins eða ríkisstofnunar, sem er alþingismaður og aðeins getur gegnt starfi sínu milli þinga, skal auk þingfararkaups aðeins fá greidda 3/10 hluta árslauna. Starfsmaður, sem gegnir starfinu með þingsetunni og mætir daglega til vinnu, skal njóta 3/5 árslauna. Ef starfsmaður launar sjálfur þann, er gegnir starfinu í fjarveru hans, skal hann fá það endurgreitt. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um ráðherralaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1971.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan forseta Alþingis og þingfararkaupsnefndar, en nauðsynlegt er að gera breytingu á lögunum um þingfararkaup, m. a. vegna þeirra breytinga, sem urðu á launaákvörðunum hjá opinberum starfsmönnum, en hliðsjón var höfð af kjaradómi 1963 við setningu laga um þingfararkaup.

Jafnframt því verður að ákvarða, hver laun alþingismanna eiga að vera, en ákvörðun þingfararkaupsnefndar um laun þeirra um áramótin var bráðabirgðaráðstöfun. Þingflokkarnir standa að flutningi þessa frumvarps, og er það því flutt af einum þingmanni tilnefndum af hverjum þingflokki.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að fara inn á sömu braut og tíðkast á Norðurlöndum að miða laun þingmanna við ákveðinn launaflokk í launastiga opinberra starfsmanna, og er hér lagt til, að laun alþingismanna verði skv. B 3.

Af þeirri leiðréttingu á launum alþingismanna, sem í frv. felst, leiðir, að ákvörðun þarf að taka um, að hve miklu leyti skerða skal laun þeirra embættismanna, er taka sæti á Alþingi, svo sem gert er á Norðurlöndum. Er lagt til, að embættismaður ríkisins, er gegnir starfinu með þingsetu og daglega mætir til vinnu, fái 3/5 af embættislaunum, en sá, sem gegnir starfinu aðeins milli þinga, 3/10.

Gert er ráð fyrir, að launabreyting þessi gildi ekki um alþingismenn þá, er nú sitja, heldur um þá, er kjörnir verða í alþingiskosningunum í sumar.

Um 1. gr.

Alþingismönnum er hér skipað í launaflokk B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins.

Um 2. gr.

Laun starfsmanns ríkisins eða opinberrar stofnunar, sem er alþingismaður, skerðast um 7/10 hluta embættislauna, ef hann getur aðeins gegnt starfinu milli þinga. Skerðingin er hins vegar um 2/5 hluta, ef starfsmaðurinn gegnir starfinu með þingsetunni og mætir daglega til vinnu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 628. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Braga Sigurjónssyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Steingrími Pálssyni.

2. gr. orðist þannig:

Börn þeirra, sem veittur er ríkisborgararéttur með lögum þessum, fá ekki ríkisborgararétt samkvæmt ákvæðum 6. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 100/1952, nema þau taki upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn, samkvæmt lögum um mannanöfn. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og jafnframt skal það fá íslenzkt kenninafn.

Nd. 629. Breytingartillaga [14. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 12. gr. (2. málsgr. 17. gr.). Í stað orðanna „áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári“ komi: að bátar þessir hafi verið gerðir út eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári.

Ed. 630. Frumvarp til laga [69. mál]

um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. marz.)

1. gr.

Komið skal á fót opinberri stofnun, er nefnist Aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera:

1. Að gera tillögur um hugsanlegar framkvæmdir í þágu þróunarlandanna, er kostaðar yrðu af íslenzka ríkinu samkvæmt fjárlagaheimild, annaðhvort eingöngu eða í samstarfi við önnur lönd, skipuleggja slíkar framkvæmdir og hafa eftirlit með þeim.

2. Að vinna á annan hátt að auknum samskiptum Íslands og þróunarlandanna, bæði á sviði menningarmála og viðskipta. Skal í því sambandi einkum lögð áherzla á eftirtalin verkefni:
   a. Að vinna að kynningu á þróunarlöndunum og málefnum þeirra með það fyrir augum að efla áhuga almennings á aukinni aðstoð við þau.
   b. Að vinna að auknum menningartengslum við þróunarlöndin, m. a. með því að rannsaka möguleika á því, að Ísland taki þátt í menntun ungs fólks frá þróunarlöndunum, bæði með því að veita því aðgang að hérlendum menntastofnunum og með því að fá hæfa íslenzka menn til þess að annast kennslu við erlendar menntastofnanir, er reknar eru í þágu þróunarlandanna.
   c. Að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin, eftir atvikum í samvinnu við aðra opinbera aðila og einkaaðila, er áhuga kynnu að hafa á slíku.
   d. Að veita opinberum aðilum og einkaaðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þágu þróunarlandanna, upplýsingar og leiðbeiningar, eftir því sem þessir aðilar kunna að óska.
3. Að skipuleggja og hafa eftirlit með framkvæmdum í þágu þróunarlandanna, er Íslandi kynnu að vera faldar á vegum Sameinuðu þjóðanna eða stofnana þeirra.
4. Að vinna á annan hátt að því, að framlög Íslendinga í þessu skyni nái sem fyrst því marki, er samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að stofna til samskota meðal almennings í þágu ákveðinna verkefna í þágu þróunarlandanna, þó því aðeins að slík verkefni falli ekki undir starfssvið hérlendra einkaaðila, sem að slíkum málum starfa, er lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, er sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, en utanríkisráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að leita sérfræðilegrar aðstoðar, eftir því sem fjárveiting til starfsemi hennar leyfir, sbr. 6. gr.

6. gr.

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1971.

Ed. **631. Frumvarp til laga** [14. mál]

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. marz.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

6. gr. orðist svo:

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, fjórði og fimmti samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sjötti samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands og sjöundi er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Í störfum sínum er stjórn sjóðsins heimilt, þegar hún telur þess þörf, að kveðja sér til ráðuneytis sérstakan fulltrúa frá eftirgreindum landssvæðum: 1. Suðurland, 2. Vestmannaeyjar, 3. Faxaflói og Breiðafjörður, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland, 6. Austfirðir.

Við 3. mgr., sem verður 4. mgr., bætist:

... en sjóðsstjórnin ákveður eða semur um þóknun og ferðakostnað tilkvaddra fulltrúa samkv. 3. mgr.

9. gr. hljóðar svo:

10. gr. breytist þannig:

Upphaf gr. orðist svo:

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju bótasvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur, og skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skipa þess flokks á viðkomandi bótasvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á það veiðimagn, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta. Þó aldrei meira en samsvarar því, að 67% vanti á meðalveiðimagnið, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., sem verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins.

Síðari málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Óheimilt er að greiða bætur, fyrr en bótatímabili er lokið og skýr mynd er fengin af afkomu viðkomandi flokks skipa.

Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Má í þessu skyni verja allt að kr. 1 000 000.00 hverju sinni, og í meginatriðum við það miðað, eftir því sem fé hrekkur til, að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar.

12. gr. hljóðar svo:

Á eftir 14. gr. komi nýr kafli, sem verði 15.—20. gr., en töluröð síðari greina breytist samkvæmt því, þannig:

II. KAFLI
Um greiðslur fæðiskostnaðar bátasjómanna.

15. gr.

Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskipum öðrum en togurum).

16. gr.

Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1.5% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr.

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna landmanna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmlest að stærð og stærri: 120 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.
b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmlest að stærð: 100 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem hafa ekki lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, að bátar þessir hafi verið gerðir út eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þeirra báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Frá 1. janúar 1971 greiðir áhafnadeildin einnig hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern róður og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer). Þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og í 2. og 3. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

18. gr.

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

19. gr.

Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið bót á þessu.

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Með tilvísun til bráðabirgðalaga nr. 74/1970 gildir 16. gr. þó frá 1. júní 1970. Þá skulu a- og b-liðir 17. gr. gilda frá og með 1. janúar 1971.

Í stað 13.—15. gr. komi:

13. gr.

Á undan 15. gr., sem verður 21. gr., komi ný kaflafyrirsögn:

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

16. og 17. gr. og bráðabirgðaákvæði falli niður.

15. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ásamt síðari breytingum, svo og 8. gr. laga nr. 79 30. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs á árinu 1970.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 77 28. apríl 1962 og gefa þau út svo breytt.

Bráðabirgðaákvæði.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný stjórn skal skipuð samkv. 1. mgr. 6. gr.

Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða til togara úr áhafnadeild sjóðsins framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af öllum útflutningsafurðum togaraafla.

Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt með samþykki ráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að endurgreiða ⅔ hluta prósentugjalda af útflutningi til aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar, þegar um er að ræða niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir.

Nd. 632. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess

Alþingi, 23. marz 1971.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Eyjólfur Konr. Jónsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Pétur Sigurðsson.	Lúðvík Jósefsson.	Jón Skaftason.
	Björn Pálsson.	

Ed. 633. Breytingartillaga [281. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Karli Guðjónssyni.

Á eftir 9. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (10. gr.) Í sambandi við Tryggingastofnun ríkisins, en óháð henni, skal starfa tryggingadómstóll, er tekur til meðferðar og úrskurðar kærur, er varða ágreining um bótarétt hinna tryggðu og Tryggingastofnunar ríkisins.

Skal hann taka mál, er honum berast, fyrir innan tveggja vikna frá móttöku kæru og fella úrskurð um málið innan mánaðar.

Skylt er Tryggingastofnuninni að hlíta úrskurðum tryggingadómstólsins og framkvæma þá þegar, er hún fær þá í hendur.

b. (11. gr.) Tryggingadómstóll skal skipaður þrem mönnum, þannig: Alþingi, Samband íslenzkra sveitarfélaga og Hæstiréttur tilnefna til 4 ára í senn einn mann hvert og annan til vara í tryggingadómstólinn. Skal sá aðilinn, sem Alþingi tilnefnir, vera formaður hið fyrsta starfsár dómsins. Hlutkesti milli hinna dómaranna ráði formanni dómsins hin næstu tvö ár, og þannig skipti árlega um formann.

Ráðherra ákveði þóknun fyrir störf í tryggingadómstólnum.

Nd. 634. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið eftir föngum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með brtt., sem bornar eru fram á sérstöku þingskjali.

Nefndin hafði til athugunar brtt. á þskj. 560 við 6. gr. frv. frá Guðlaugi Gíslasyni o. fl. og brtt. við sömu gr. á þskj. 542 frá Jóni Skaftasyni, en flutningsmenn beggja tillagna eiga sæti í nefndinni.

Varð samkomulag um það við flm. þessarar brtt., að efni þeirra yrði tekið upp í brtt. nefndarinnar nokkuð breytt, og munu þeir draga sínar brtt. til baka.

Einnig var á sínum tíma vísað til n. frv. til l. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum á þskj. 64, sem flutt er af Guðlaugi Gíslasyni, og frv. til l. um Fiskiðnskóla á þskj. 11, sem flutt er af Ingvari Gíslasyni og Jóni Skaftasyni.

Telur nefndin, að með afgreiðslu þessa máls hafi framangreind frv. hlotið þinglega afgreiðslu.

Alþingi, 22. marz 1971.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Jón Skaftason.	Björn Pálsson.	Lúðvík Jósefsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 635. Breytingartillögur [260. mál]

við frv. til laga um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „í vinnu sjávarafla“ komi: í vinnslu sjávarafla.
2. Við 3. gr. Síðari mgr. greinarinnar orðist þannig:
   Fela skal skólanum að halda námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur stýrimannaskólanna.
3. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Skólinn skal staðsettur í Reykjavík. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr., og skal námi við skólann skipt í 3 deildir, sbr. 1.—3. tölulið 10. gr.
   Á árunum 1972—75 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.
   Heimilt skal, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Reykjavíkur, sbr. 4. gr., þegar skilyrði eru fyrir hendi.
   Ráðuneytið skipar hverjum skóla þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar af samtökum fiskiðnaðarins á hverjum stað, en þann þriðja skipar ráðuneytið án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
   Lög þessi gilda um fiskvinnsluskóla utan Reykjavíkur, að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi ráðuneytisins og afmarkað skal í reglugerð.
4. Við 12. gr. 2. tl. orðist svo:
   Til að hefja nám í fiskiðndeild skal nemandi hafa lokið námi í undirbúningsdeild, fiskimannadeild stýrimannaskóla eða staðizt próf í samræmi við ákvæði 15. gr. og jafnframt fengið a. m. k. þriggja mánaða verklega þjálfun, eftir að hann varð 15 ára gamall.
5. Við 14. gr. Á eftir orðinu „söltun“ komi orðið: flatning.

Ed. 636. Frumvarp til laga [293. mál]

um kjördag við kosningar til Alþingis 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Almennar kosningar til Alþingis 1971 skulu fara fram sunnudaginn 13. júní 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 57. gr. laga um kosningar til Alþingis skulu almennar reglulegar kosningar til Alþingis fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði, og ættu kosningar til Alþingis á næsta sumri því að fara fram 27. júní næstkomandi. Hins vegar þykir henta, að kosningar fari fram fyrr, þ. e. 13. júní næstkomandi, og er frumvarp þetta flutt því til staðfestingar.

Ed. 637. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Tveir nm., þeir JÞ og SvG, voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 23. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Einar Ágústsson.
Gils Guðmundsson. Kristján Ingólfsson.

Sþ. 638. Tillaga til þingsályktunar [292. mál]

um landhelgismál.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Lúðvík Jósefsson, Björn Jónsson.

Stefna Alþingis í landhelgismálum er byggð á þeim grundvelli, að landgrunnið er hluti af yfirráðasvæði viðkomandi strandríkis. Samkvæmt viðurkenndum alþjóðareglum ber strandríkinu einkaréttur til nýtingar á auðæfum hafsbotnsins til endimarka landgrunnsins. Rétturinn til nýtingar á auðæfum hafsbotnsins og sjávarins yfir honum verður ekki aðskilinn. Í fullu samræmi við þessa stefnu setti Alþingi árið 1948 lög, þar sem því var lýst yfir, að allar fiskveiðar á landgrunnssvæðinu við Ísland skyldu háðar íslenzkum lögum og fyrirmælum íslenzkra stjórnarvalda, og árið 1969 lög um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland.

Á síðustu árum hefur margvíslegri veiðitækni fleygt fram og ný stórvirk veiðitæki komið til sögunnar. Þetta hefur leitt til ofveiði á ýmsum norðlægum fiskimiðum. Sú hætta er yfirvofandi, að sókn aukist mjög á fiskimiðin við Ísland á næstu árum og valdi þar ofveiði á helztu fiskistofnum. Þá fer og mengunarhætta sívaxandi. Þar sem afkoma íslenzku þjóðarinnar byggist öðru fremur á fiskveiðum, er skynsamleg hagnýting fiskimiðanna við landið og verndun þeirra gegn rányrkju og mengun lífshagsmunamál þjóðarinnar. Af framangreindum ástæðum felur Alþingi ríkisstjórninni að gera eftirgreindar ráðstafanir.

1. Að gera stjórnum Bretlands og Vestur-Þýzkalands grein fyrir því, að vegna lífshagsmuna þjóðarinnar og vegna breyttra aðstæðna geti samningar þeir um landhelgismál, sem gerðir voru við þessi ríki á árinu 1961, ekki talizt bindandi fyrir Ísland og verði þeim sagt upp.
2. Að hefjast nú þegar handa um að stækka fiskveiðilandhelgina þannig, að hún verði 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið, og komi stækkun til framkvæmda eigi síðar en 1. september 1972.
3. Að tilkynna öðrum þjóðum, að Alþingi hafi ákveðið, að íslenzk lögsaga nái 100 sjómílur út frá núgildandi grunnlínum að því er varðar hvers konar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættulega mengun sjávarins á því hafsvæði.
4. Að skipa nefnd þingmanna, er í eigi sæti einn maður frá hverjum þingflokki, til að vinna ásamt stjórninni að framkvæmd þessarar þingsályktunar.

Þá felur Alþingi ríkisstjórninni að hafa á alþjóðlegum vettvangi sem nánast samstarf við þær þjóðir, sem lengst vilja ganga og miða vilja mörk fiskveiðiland-

helgi við landfræðilegar, jarðfræðilegar, líffræðilegar og félags- og efnahagslegar aðstæður og þarfir íbúa viðkomandi strandríkis.

Alþingi felur ríkisstjórninni að vinna sem kappsamlegast að því að kynna öðrum þjóðum framangreinda stefnu og fyrirætlun Íslendinga í landhelgismálunum.

Greinargerð.

Það hefur verið sameiginlegt álit þeirra flokka, sem fulltrúa eiga í landhelgisnefndinni, að landhelgismálið væri komið á nýtt stig og því væri óhjákvæmilegt, að Alþingi markaði greinilega afstöðu til þess, áður en þessu þingi lyki. Nýjar og breyttar aðstæður valda því, að ekki verður lengur dregið, að Alþingi og ríkisstjórn hefjist handa um meiri háttar aðgerðir í landhelgismálinu.

Í fyrsta lagi bendir flest til þess, að sókn erlendra veiðiskipa á fiskimiðin við Ísland muni mjög aukast á næstu árum. Margar þjóðir auka nú stórlega fiskiskipastól sinn, jafnhliða því, sem hvers konar veiðitækni eykst og skipin stækka. Þá hefur ofveiði leitt til fiskleysis á ýmsum norðlægum fiskislóðum. Öll ástæða er því til að óttast, að sóknin aukist á Íslandsmið og stefni fiskstofnum þar í vaxandi hættu. Afkoma íslenzku þjóðarinnar byggist meira á fiskveiðum en nokkru öðru. Íslendingar eru til neyddir að mæta þessari augljósu hættu með útfærslu á fiskveiðilandhelginni og auknum friðunaraðgerðum á grundvelli hennar.

Í öðru lagi er svo það, að Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að kveðja saman ráðstefnu um hafréttarmálin á árinu 1973, þar sem m. a. verður reynt að ná samkomulagi um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, en það mistókst, eins og kunnugt er, á hafréttarráðstefnum 1958 og 1960. Það mundi tvímælalaust verða til styrktar á hafréttarráðstefnunni, bæði fyrir Ísland og önnur ríki, sem líkra hagsmuna hafa að gæta, ef fiskveiðilandhelgi Íslands hefði verið færð út, áður en ráðstefnan kemur saman. Því fleiri ríki sem hafa fært fiskveiðilandhelgi sína út fyrir tólf mílna mörkin, áður en ráðstefnan kemur saman, því örðugri verður sókn þeirra, sem vilja binda fiskveiðimörkin við tólf mílur. Þá er það hugsanleg málamiðlun, að bindingarákvæði, sem samkomulag kann að nást um, nái ekki til þeirra, sem hafa tileinkað sér stærri fiskveiðilandhelgi, áður en ráðstefnan hófst.

Vegna framangreindra ástæðna og ýmissa fleiri má það ekki dragast úr þessu, að hafizt sé handa um útfærslu fiskveiðilandhelginnar og hún látin koma til framkvæmda sem fyrst og a. m. k. nokkru áður en hafréttarráðstefnan kemur saman. Því er lagt til í tillögunni, að útfærslan komi til framkvæmda ekki síðar en 1. september 1972.

Þá virðist einnig rétt af framangreindum ástæðum, að næsti áfangi í útfærslu fiskveiðilandhelginnar verði mun stærri en hinir fyrri. Það virðist einnig líklegt til að fækka árekstrum við nábúaþjóðirnar að hafa áfangana stærri en færri. Þess vegna er lagt til, að næsti áfangi verði útfærsla á fiskveiðilandhelginni í 50 mílur. Sá áfangi er innan þeirra marka, sem landhelgisstefna Íslands byggist á, þ. e. að fiskveiðilandhelgin eigi að ná til endimarka landgrunnsins.

Það er eðlilegur undanfari útfærslunnar, að Ísland segi upp landhelgissamningunum við Bretland og Vestur-Þýzkaland. Því er í þessari tillögu lagt til, að umræddum samningum verði sagt upp.

Það er efalaust, að landhelgismálið er eitt allra stærsta mál þjóðarinnar. Því er mikilvægt, að um það mál geti ríkt sem mest þjóðareining. Af þeim ástæðum hafa stjórnarandstöðuflokkarnir frestað því mánuðum saman að leggja tillögur sínar fyrir Alþingi, en fulltrúar þeirra í landhelgisnefndinni unnið að því að ná samkomulagi allra flokka um málið. Því miður hefur slík samstaða ekki náðst. Það er von og trú þeirra flokka, sem að þessari tillögu standa, að hún marki þá stefnu, sem allir flokkar eigi eftir að sameinast um, þótt það hafi ekki tekizt að sinni.

Ed. 639. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir sammála með því óbreyttu.

Alþingi, 23. marz 1971.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Ásgeir Bjarnason.	Björn Fr. Björnsson.	Oddur Andrésson.
	Ólafur Björnsson.	

Nd. 640. Breytingartillaga [212. mál]

við frv. til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. málsgr. 15. gr. orðist svo:
Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem um getur í 5. gr., svo og þá fræðslu, sem þarf til að standast fiskimannapróf 1. stigs og jafnframt til að setjast í 2. bekk í stýrimannaskóla, skal skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík láta halda árlega á eftirtöldum stöðum, þegar næg þátttaka er að dómi ráðuneytisins: Akureyri, Ísafirði, Neskaupstað og Keflavík eða Njarðvík.

Nd. 641. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá Geir Gunnarssyni og Jónasi Árnasyni.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Í stað „10%“ í 2. gr. laganna kemur: 5% og í stað „20%“ kemur: 10%.
   b. (2. gr.) Í stað „11%“ í 3. gr. laganna (sbr. lög nr. 4 1970) kemur: 5%.
2. Við 1. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   Í stað „22%“ í 4. gr. laganna kemur: 11%.

Ed. 642. Lög [128. mál]

um breyting á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 150.

Ed. **643. Lög** [138. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 463.

Ed. **644. Lög** [119. mál]

um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 623 (sbr. 128).

Ed. **645. Lög** [14. mál]

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz).

Samhljóða þskj. 631 (sbr. 14).

Ed. **646. Lög** [69. mál]

um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 630.

Sþ. **647. Tillaga til þingsályktunar** [295. mál]

um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið.

(Lögð fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd, einn frá hverjum þingflokki, til að semja frumvarp til laga um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar auðæfa þess. Skal frumvarpið lagt fyrir næsta Alþingi og meðal annars fela í sér eftirfarandi atriði:

1. Skilgreiningu á landgrunni Íslands miðað við sem næst 400 metra jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki.
2. Ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu eins og rétturinn til hafsbotnsins hefur þegar verið tryggður með lögum frá 24. marz 1969 um yfirráðarétt Íslands yfir landgrunninu umhverfis landið.
3. Ákvæði um ráðstafanir, er séu nægjanlega víðtækar til þess að tryggja eftirlit af Íslands hálfu og varnir gegn því, að hafið kringum Ísland geti orðið fyrir skaðlegum mengunaráhrifum úrgangsefna frá skipum eða af öðrum ástæðum.

Jafnframt ályktar Alþingi að árétta þá stefnu, sem ríkisstjórn Íslands mótaði í orðsendingu til alþjóða laganefndar Sameinuðu þjóðanna 5. maí 1952, að ríkisstjórn

Íslands sé rétt og skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á einhliða grundvelli til þess að vernda auðlindir landgrunnsins, sem landið hvílir á.

Alþingi minnir á friðunarráðstafanir Íslendinga sjálfra á hrygningarsvæðum síldar við Suðvesturland, sem koma munu í veg fyrir eyðingu á þessum fiskistofni. Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunnssvæðinu utan 12 mílna markanna, þar sem viðurkennt er, að um helztu uppeldisstöðvar ungfisks sé að ræða. Jafnframt felur Alþingi fulltrúum Íslands við undirbúning hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að kappkosta, að sett verði skýr ákvæði um friðunarsvæði til verndar fiskistofnum í samræmi við niðurstöður vísindalegra rannsókna, enda sé þá jafnframt gætt sérstæðra hagsmuna strandríkis eins og Íslands, sem byggir efnahagslega afkomu sína og sjálfstæði á nýtingu þess hafsvæðis, er umlykur Ísland á landgrunni þess.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þar sem efnahagsleg afkoma íslenzku þjóðarinnar byggist fyrst og fremst á fiskveiðum á Íslandsmiðum og yfirvofandi er, að sívaxandi sóknarmáttur og veiðitækni erlendra þjóða stofni þessum lífshagsmunum þjóðarinnar í hættu, er höfuðnauðsyn, að framkvæmd landgrunnslaganna frá 1948 sé jafnan þannig hagað, að markvisst verði haldið áfram að vinna að nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að tryggja óskertan rétt Íslendinga á landgrunnssvæðinu. Með þeim hætti yrði fiskveiðilandhelgin 50 mílur eða meira, en kynni þó að vera mismunandi breið eftir því, hvort við dýptarlínur eða fjarlægð frá grunnlínum yrði endanlega miðað. Ber að vinna að því, að sem nánust samstaða takist milli Íslands og þeirra ríkja, sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta, enda miðist þátttaka Íslands í hinni alþjóðlegu undirbúningsnefnd vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um réttarreglur á hafinu á árinu 1973 við framangreinda stefnu svo og það, að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til að vernda auðæfi sjávarins og koma í veg fyrir mengun hans.

Með setningu landgrunnslaganna frá 1948 er það yfirlýst stefna íslenzku þjóðarinnar, að allt hafsvæðið yfir landgrunninu skuli vera íslenzkt yfirráðasvæði. Óraunhæft er, að hægt sé að meina útlendingum að dæla olíu eða öðrum verðmætum úr landgrunninu, en að ekki sé á sama hátt hægt að koma í veg fyrir, að þeir gjöreyði öðrum auðlindum, sem byggjast á sama hafsbotni.

Íslenzka landgrunnið er greinilega afmarkað og ómótmælanlegt er, að á hafsvæðinu yfir því er að finna ómetanleg hrygningarsvæði og uppeldisstöðvar fyrir helztu nytjafiska, auk þess sem margs konar sjávarlíf og aðrar aðstæður þar gegna því hlutverki að vera forðabúr fyrir fiskistofna. Landgrunnið sjálft og hafsvæði þess er ein heild og þess vegna er af Íslands hálfu mótmælt því kerfi, að auðlindir í botni tilheyri strandríkinu, en að allir séu jafnréttháir á hafsvæðinu fyrir ofan með naumum fiskveiðitakmörkunum eða öðrum svipuðum forréttindum strandríkis.

Með ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 var því lýst yfir, að afla beri viðurkenningar annarra þjóða á þessu sjónarmiði, og sömu sjónarmið áréttuð í orðsendingum íslenzku ríkisstjórnarinnar til Breta og Vestur-Þjóðverja 1961 og 1962.

Með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna hinn 17. desember 1970 var ákveðið að kveðja saman alþjóðaráðstefnu um réttarreglur á hafinu. Alþjóðleg undirbúningsnefnd, sem 86 ríki (þ. á m. Ísland) eiga sæti í, hóf störf sín hinn 1. marz 1971.

Á ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna um réttarreglur á hafinu, sem haldnar voru í Genf árin 1958 og 1960, náðist ekki samkomulag um víðáttu landhelgi og fiskveiðilögsögu. Standa nú vonir til, að á þriðju ráðstefnunni takist að leysa þau vandamál, sem hér er um að ræða.

Í starfi Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði hefur því sjónarmiði ávallt verið haldið fram af Íslands hálfu að miða beri víðáttu fiskveiðilögsögu við aðstæður á

staðnum og að slík regla ætti, að því er Ísland varðar, að miðast við, að fiskveiðilögsaga Íslands næði til landgrunnshafsins alls.

Í landgrunnslögunum frá 1948 segir, að miða beri íslenzk yfirráðasvæði við „endimörk" landgrunnsins og var þá átt við, að dregnar væru beinar línur þvert yfir djúpála þess, svo sem gert hefur verið í framkvæmd. Ekki er sagt í lögunum við hvaða dýpi skuli miðað, en í athugasemdum við frumvarpið að lögunum segir:

> „Landgrunnið er nú talið greinilega afmarkað á 100 faðma dýpi, en nauðsynlegt er, að nákvæm rannsókn fari fram á því, hvort eðlilegra sé að miða við annað dýpi."

Þar sem þýðingarmiklar fiskveiðar fara fram á landgrunnshallanum utan 100 faðma eða 200 metra dýpis, virðist eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja um jafndýpismælingar, að eðlilegt sé að miða við meira dýpi, t. d. 400 metra jafndýpislínu. Mundu þá landgrunnshallamiðin verða innan þeirrar línu. Fiskveiðilandhelgi kynni að verða mismunandi, 50 sjómílur eða meira. En hér þarf, eins og fyrr segir, nánari athugun til að koma og þá m. a. sú lína, sem hagnýtingarmörk hugsanlegra auðlinda ákvarða.

Verkefni ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna varðandi réttarreglur á hafinu verða mjög víðtæk og verður þar m. a. fjallað um verndun auðæfa sjávarins og ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun á úthöfunum. Þátttöku Íslands í ráðstefnunni ber að miða við þá heildarmynd, að verndun auðæfa sjávarins sé tryggð og að Íslendingum sé tryggður sá hlutur í hagnýtingu þeirra, sem þeim ber vegna þýðingar fiskveiða í þjóðarbúskapnum og legu landsins.

Það er augljóst, hversu mikla þýðingu hefur að undirbúa sem vandlegast sókn Íslendinga nú í landhelgismálinu, þegar mikil tímamót eru framundan.

Að þessu hafa ýmsar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar að undanförnu og fyrirsvar á alþjóðavettvangi hnigið og einnig undirbúningsrannsóknir og sérfræðilegar athuganir. Má t. d. nefna, að Landhelgisgæzlunni hefur verið falið að fylgjast með öllum skipaferðum á landgrunnssvæðinu og eru þær nú kortlagðar að jafnaði tvisvar í mánuði. Á síðastliðnu ári skilaði landgrunnsnefnd á vegum Rannsóknaráðs ríkisins ítarlegri skýrslu um rannsóknir á landgrunni Íslands, sem nauðsynlegar teldust. Í febrúar s. l. skilaði samstarfsnefnd á vegum ríkisstjórnarinnar greinargerð um fiskveiðihagsmuni Íslendinga á landgrunnsmiðum. Íslenzkir fiskifræðingar hafa tekið þátt í rannsóknum erlendra aðila á þoli fiskistofna við landið. Sérstök landhelgisnefnd, skipuð fulltrúum allra þingflokka, var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar sett á laggirnar á síðastliðnu vori. Hefur þess verið freistað að ná sem víðtækastri samstöðu um málið, þótt ekki hafi auðnazt að flytja sameiginlega tillögu um málið af hálfu þingflokka á Alþingi.

Ríkisstjórnin fól ráðuneytisstjórum fimm ráðuneyta, undir umsjón forsætisráðherra, að skipuleggja áætlun og samræmd vinnubrögð þeirra helztu stofnana og ráðuneyta, sem um málið fjalla. Fyrsta skýrsla þeirra var lögð fram í landhelgisnefndinni, ásamt mörgum fleiri gögnum, þann 9. febrúar s. l. Er hún látin fylgja hér með sem fylgiskjal, en áfram er unnið að undirbúningi frekari rannsókna og samstarfs.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐASKÝRSLA
frá ráðuneytisstjóranefndinni um málefni hafsins og landgrunnsins.

(Ráðuneytisstjórar dómsmála-, iðnaðar-, menntamála-, sjávarútvegs- og utanríkisráðuneytisins).

Eftirtalin mál hafa verið rædd:

I. Vísindalegar rannsóknir á landgrunninu, þ. á m. dýptarmælingar og kortlagning, og skipulag rannsókna. Samvinna við erlenda aðila.
II. Fiskstofnar við Ísland, þ. á m. verndun og hagnýting þeirra.

III. Beiðnir, sem liggja fyrir frá erlendum aðilum um leyfi til leitar að olíu og jarðgasi í landgrunninu. „Uppkast að reglugerð um leit að olíu og öðrum jarðefnum í íslenzka landgrunninu".

IV. Mengun hafsins, þ. á m. undirbúningur að Stokkhólmsráðstefnunni 1972, þar sem þau mál verða væntanlega ítarlega rædd. — Norðurlandaráðstefnan í Osló janúar 1971.

V. Stefnumörkun varðandi ytri mörk landgrunnsins, og tengsl þess máls við stefnuna varðandi fiskveiðitakmörkin.

Um I.

Vísindalegar rannsóknir á landgrunninu.

A. **Skipulag.**

Raunvísindastofnun Háskólans verði miðstöð vísindalegra rannsókna á landgrunninu. (Um það þarf ákvörðun ráðherra, sem þessar stofnanir heyra undir, menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra.)

Stofnuð verði samstarfsnefnd þeirra stofnana, sem framkvæma myndu þær rannsóknir, sem landgrunnsnefnd Rannsóknaráðs ríkisins lagði til í áliti sínu, dagsettu 30. apríl 1970. Ráðinn verði maður með verkfræðilega, jarðeðlisfræðilega eða hliðstæða menntun til að sjá um framkvæmdastjórn verksins (project management). Tryggja þarf nauðsynlegt starfslið, aðstöðu og fjármagn til að halda uppi starfsemi stofnana eins og Hafrannsóknastofnunar, Sjómælinga Íslands, Landhelgisgæzlunnar, Orkustofnunar og Raunvísindastofnunar Háskólans á þessu sviði.

B. **Verkefni.**

Gerðar verði nákvæmar **dýptarmælingar af landgrunninu** og þær mælingar gefnar út á nýjum kortum. Í fyrstu verði unnið að **heildarkorti í mælikvarðanum 1:750.000,** þar sem eingöngu verði stuðzt við mælingar, sem gerðar verði með nákvæmum tækjum til staðarákvörðunar og dýptarmælinga. Síðan verði stöðugt unnið að nákvæmari kortlagningu einstakra svæða, sem þýðingu hafa vegna fiskveiða eða annarra orsaka.

Keypt verði **tæki til nákvæmrar staðarákvörðunar** á hafi, er verði notuð til dýptarmælingar og til hinna ýmsu jarðeðlisfræðilegu og jarðfræðilegu rannsókna, sem ræddar eru hér á eftir.

Gerðar verði eftir föngum almennar **jarðeðlisfræðilegar mælingar** og **jarðfræðilegar athuganir** um leið og dýptarmælingar eru framkvæmdar.

Gerðar verði **segulmælingar** á sömu siglingalínum og dýptarmælingar eru gerðar. Í því sambandi verði sem fyrst þróaður segulmóði innanlands til segulmælinga í sjó (sæmóði), en hliðstætt tæki til segulmælinga úr lofti (flugmóði) hefur verið smíðað hér. Þá er lagt til, að eðli hinna mörgu segulfrávika við strendur landsins verði kannað sérstaklega.

Gerðar verði **skjálftamælingar** með neistamæli eða hliðstæðum tækjum á helztu botnsvæðum landgrunnsins með könnun setlaga fyrir augum. Slíkt má einnig gera samtímis dýptarmælingum að nokkru leyti. Sérstaklega væru kortlögð svæði þar sem hagnýt botnefni finnast, skeljasandslög, þörungalög, sandnámur o. þ. h. til að áætla magn og útbreiðslu. Leigð verði viðeigandi tæki til þessa verks.

Haldið verði áfram **hljóðbrotsskjálftamælingum** (refractions mælingum) og þær færðar út á landgrunnið til að fá upplýsingar um dýpri lög landgrunnsins. Afla þarf viðbótartækja til þessa verks.

Gerðar verði **þyngdarmælingar** í sambandi við hinar samfelldu dýptarmælingar og fengin til þess tæki, sem boðizt hafa að láni frá Landmælingadeild Bandaríkjahers.

Gerðar verði **varmastraumsmælingar** með leit jarðhitasvæða á sjávarbotni fyrir augum.

Komið verði á **skipulegri töku botnsýnishorna** undan ströndum landsins og notuð eftir föngum aðstaða á skipum Landhelgisgæzlunnar og Hafrannsóknastofnunarinnar til þessa verks. Þá verði unnið úr sýnishornum og fari fram jarðfræðileg og jarðefnafræðileg úrvinnsla, þegar nægilegur fjöldi sýna hefur safnazt af hverju svæði fyrir sig.

Athugaðir verði möguleikar á því að gera **jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir að föstum lið í starfsemi rannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar** og athuguð hagkvæmni þess að láta það skip annast að miklu leyti þær rannsóknir, sem hér er gert ráð fyrir, með tilliti til hinna fullkomnu siglinga- og mælitækja, sem þar verða fyrir um borð.

Rannsóknir á ástandi lofts og sjávar svo og samspili þeirra verði efldar með umhverfisrannsóknum á hafi úti og nauðsynlegra tækja aflað til þess. Slíkar athuganir hafa mikla þýðingu fyrir alla starfsemi (þar á meðal nýtingu auðæfa landgrunnsins) á hafinu í framtíðinni og aukna þekkingu á eðli þess umhverfis, t. d. veðurfars, sem þjóðin býr við.

Markvisst verði **stefnt að þátttöku Íslands í alþjóðlegu hafrannsóknastarfi**, sérstaklega á sviði jarðfræði og jarðeðlisfræði, og nýtt tækifæri til upplýsingaöflunar, sem oft bjóðast hér við komu erlendra rannsóknaleiðangra. Mætti þannig beina þeim að svæðum eða verkefnum, sem sérstaklega vantar upplýsingar um eða að sviðum, sem tæki og mannafla vantar hérlendis til að annast. Höfuðáherzla er lögð á frumkvæði Íslands í rannsókn botnsvæðanna umhverfis landið, bæði frá hagnýtu sjónarmiði og almennu grundvallarvísindalegu sjónarmiði.

Athugaðir verði möguleikar á **stofnun úrvinnslustöðvar fyrir jarðvísindalega, haffræðilega** og skylda starfsemi hér á landi í tengslum við Reiknistofnun háskólans.

Gert er ráð fyrir, að stofnkostnaður vegna tækja til þeirra rannsókna, sem hér um ræðir, nemi nálægt 20 milljónum króna. Þá er einnig áætlað, að með því að gera sérstakt skip út til þeirra rannsókna, sem hér er rætt um í sambandi við samfelldar dýptarmælingar og jarðeðlisfræðilegar athuganir, muni þær kosta um 14 milljónir króna á ári í skipakostnað, tækjaleigu, laun og annan rekstur, miðað við tveggja mánaða starfstíma skipsins á ári. **Talið er, að allgóð byrjunarmynd af íslenzka landgrunninu fengist á tveim til þrem árum með tveggja mánaða starfstíma á ári.**

Verkefnaval hér að framan er hið sama og landgrunnsnefnd Rannsóknaráðs gerði tillögur um 30. apríl 1970, en sú nefnd sagðist með tilliti til hins mikla kostnaðar við ofangreindar rannsóknir ekki leggja fram ákveðna tímaáætlun, en lagði þó um leið áherzlu á, að rannsóknirnar yrðu hafnar hið fyrsta, bæði með tilliti til alþjóðlegs samstarfs á þessu sviði á þessum áratug, svo og til stuðnings kröfum Íslendinga á alþjóðavettvangi um yfirráðarétt á hafinu.

Þótt sjálfsagt sé að notfæra sér fjárhagslegan stuðning til rannsókna þessara, sem fást kann frá erlendum aðilum með skynsamlegum kjörum, ber fyrst og fremst að leggja höfuðáherzlu á vísindalega og fjárhagslega samvinnu í þessu efni við alþjóðastofnanir, svo sem Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Um II.

Fiskstofnar við Ísland o. fl.

Í lok desembermánaðar s. l. beitti sjávarútvegsráðuneytið sér fyrir myndun samstarfsnefndar um þau mál, er snerta hagsmuni Íslendinga varðandi verndun og hagnýtingu fiskstofna við Ísland. Í nefndinni eiga sæti:

Hans G. Andersen, ambassador, ráðunautur ríkisstjórnarinnar í þessum málum,
Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu,

Jón Jónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, og
Már Elísson, fiskimálastjóri.

Þórður Ásgeirsson, fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu, er ritari nefndarinnar.

Starf nefndarinnar hefur verið að safna upplýsingum um stöðu þessara mála í heild. Mun nefndin í þessum mánuði skila skýrslu um eftirgreind atriði:

I. Yfirlit yfir heildarveiði á Íslandsmiðum. Verður gerð grein fyrir heildarsókn á Íslandsmið og hvernig afli skiptist milli þjóða. Rakin verður þróun sóknar og reynt að spá um sókn næstu árin.

II. Yfirlit yfir ástand og heildarþol fiskstofna á Íslandsmiðum. Gerð verður grein fyrir stöðu rannsókna á fiskstofnunum í dag og væntanlegum rannsóknum á næstunni.

III. Þá verður gefið yfirlit yfir þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru eða æskilegar til verndunar og hagnýtingar fiskstofnanna. Verður gefið yfirlit yfir þau svæði á landgrunnshafinu, sem mikilvægust eru. Lýst verður helztu hrygningarstöðvum og uppeldissvæðum, svo og þýðingarmestu bátasvæðum og togarasvæðum.

IV. Þá mun verða fjallað um þær leiðir, er koma til greina að dómi nefndarinnar til að ná þeim markmiðum, sem nauðsynleg og æskileg eru samkvæmt því, sem rakið er í III. kafla. Annars vegar koma til einhliða aðgerðir og hins vegar ráðstafanir samkvæmt samningum. Fjallað verður um útfærslu fiskveiðilögsögunnar og þær ráðstafanir, er gera verður utan hennar. Rætt verður um friðun einstakra svæða og kvótafyrirkomulag.

V. Að lokum verða dregnar saman heildarniðurstöður samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

Um III.

A. **Beiðnir, sem fyrir liggja frá erlendum aðilum, um leyfi til leitar að olíu og jarðgasi í landgrunninu.**

B. **„Uppkast að reglugerð til leitar að olíu og öðrum jarðefnum í íslenzka landgrunninu."**

A. Á síðastliðnu ári bárust iðnaðarráðuneytinu tvær umsóknir frá erlendum aðilum, bandarískra fyrirtækinu Oceanic Exploration Company og hollenzka fyrirtækinu Bataafse International Petroleum (dótturfyrirtæki Shell International), þar sem óskað var eftir leyfi íslenzkra stjórnvalda til frumleitar að olíu og jarðgasi í landgrunninu umhverfis Ísland.

Ráðuneytisstjóranefndin hefur fjallað um þessar rannsóknir og samið meðfylgjandi drög að svari til þessara erlendu aðila. Bandarísk fyrirtækið óskaði eftir einkaleyfi til framangreindrar leitar, en nefndin er sammála um, að slíkt leyfi komi alls ekki til greina. Bataafse International hefur hins vegar óskað eftir leyfi til að mega láta rannsóknaskip sigla yfir viss svæði á íslenzka landgrunninu og rannsaka með sérstökum mælitækjum, hvort fyrir hendi eru ýmsar forsendur, sem gefa e. t. v. tilefni til frekari rannsókna. Nefndin er sammála um, að veita beri leyfi til þessara rannsókna með því skilyrði, að íslenzk stjórnvöld fái aðgang að niðurstöðum leitarinnar á öllu íslenzka landgrunninu, en ekki aðeins innan 200 metra dýptarlínunnar og að íslenzkur vísindamaður fái að fylgjast með rannsóknum um borð í skipinu.

Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins hefur fjallað um þessar tvær rannsóknir og samþykkt fyrir sitt leyti að veita hollenzka fyrirtækinu rannsóknaleyfi.

B. Ráðuneytisstjóranefndin hefur rætt á fundum sínum „Uppkast að reglugerð um leit að olíu og öðrum jarðefnum í íslenzka landgrunninu", sem iðnaðarráðuneytið hefur látið semja.

Nefndin álítur nauðsynlegt, með hliðsjón af framkomnum athugasemdum við uppkastið m. a. frá Hafrannsóknastofnuninni, að nánari athuganir og breyt-

ingar þurfi að eiga sér stað á reglugerðaruppkastinu. Einnig álítur nefndin, að ekki sé mjög aðkallandi að slík reglugerð verði sett strax, þar eð örar breytingar eiga sér stað á þessu sviði erlendis og að reglugerð þurfi ekki að liggja fyrir, fyrr en ljóst sé að tilraunavinnsla þurfi að fara fram. Norðmenn eru t. d. nú að undirbúa endurskoðun á reglugerð sinni í þessum efnum, en hún var sett fyrir fáeinum árum.

Um IV.

Á vegum menntamálaráðuneytisins vinnur dr. Þórður Eyjólfsson, fyrrv. hæstaréttardómari, að samningu lagafrumvarps um mengunarmál. Þá hefur menntamálaráðuneytið fengið þá dr. Þorkel Jóhannesson, prófessor, Hans G. Andersen, ambassador, auk dr. Þórðar Eyjólfssonar, fyrrv. hæstaréttardómara, til þess að vera sér til ráðuneytis um mengunarmál, þ. á m. undirbúning Stokkhólmsráðstefnunnar 1972.

Um V.

Ytri mörk landgrunnsins.

Mál þetta hefur verið rætt í ráðuneytisstjóranefndinni og gögn athuguð.

Ed. 648. Breytingartillögur [281. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Flm.: Gils Guðmundsson.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.
   Utan Reykjavíkur skulu sjúkrasamlög annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina hvert á sínu samlagssvæði. Þóknun til sjúkrasamlaga fyrir umboðsstörfin skulu ákveðin í reglugerð.
2. Við 9. gr. Við greinina bætist:
   Tryggingastofnunin skal leggja sérstaka áherzlu á að kynna hinum tryggðu rétt sinn til bóta með útgáfu bæklinga og upplýsingastarfsemi í fjölmiðlum og skólum.
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn, sem lögheimili eiga á Íslandi, eru á aldrinum 16—67 ára og:
   a) hafa átt lögheimili á Íslandi a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram, eða hafa haft óskerta starfsorku, er þeir tóku hér lögheimili;
   b) eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

   Ef örorkan er 50% eða meiri, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

   Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

   Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur. Áfrýja má úrskurðum hans til tryggingadómstóls.

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 70 560.00, og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, eftir því sem við getur átt. Við ákvörðun lögheimilistíma skv. 2. málsgr. 11. gr. skal reikna tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.

4. Við 14. gr.
   a. Í stað orðanna „17 ára“ í fyrstu málsgrein komi: 18 ára.
   b. Á eftir orðunum „sökum örorku eiginkonu“ í 3. málsgr. komi: svo og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist, enda hafi hún varað a. m. k. þrjá mánuði.
   c. Í stað orðanna „Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna“ í 4. málsgr. komi: Barnalífeyrir greiðist foreldri eða foreldrum barnanna.
5. Við 15. gr.
   a. Í stað „16 ára aldri“ komi: 18 ára aldri.
   b. Á eftir fyrstu málsgrein bætist: Sams konar bætur skulu greiddar einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín.
   c. Í stað „Með einu barni kr. 6 192.00“ komi: Með einu barni kr. 16 800.00.
6. Við 17. gr. Í stað „16 ára“ komi: 18 ára.
7. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

   Greiða skal uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar.

   Nú eru tekjur elli- og örorkulífeyrisþega lægri en kr. 120 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

   Nú ákveður sveitarstjórn að koma á fót heimilishjálp fyrir ellilífeyrisþega, og getur tryggingaráð þá ákveðið, að útgjöld vegna slíkrar heimilishjálpar skuli að nokkru eða öllu leyti reiknuð sem uppbætur á lífeyri samkvæmt þessari grein, enda séu reglur um starfsemi þessa samþykktar af tryggingaráði.
8. Við 23. gr. Í stað orðanna „17—67 ára að aldri“ í 1. málsgr. komi: 18—67 ára að aldri.
9. Við 26. gr. Í stað orðanna „yngri en 16 ára“ í 1. málsgr. komi: yngri en 18 ára.
10. Við 29. gr. Við bætist nýr stafliður (f).
    f. Íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.
11. Við 34. gr. Í stað „yngri en 16 ára“ í 3. málsgr. komi: yngri en 18 ára.
12. Á eftir 34. gr. bætist við ný grein, svo hljóðandi:

    Skipverjar, þar með taldir formenn á bátum undir 12 smálestir að stærð, sem tryggðir eru samkv. 29. gr. laganna, skulu njóta sérstakra örorku- og dánarbóta til viðbótar þeim bótum, sem ákveðnar eru í 34. og 35. gr.

    Hinar sérstöku bætur skulu vera 600 þús. kr. miðað við dauða, en 800 þús. kr. við 100% varanlega örorku, en hlutfallslega lægri ef varanleg örorka er metin innan við 100%. Ráðherra getur breytt bótaupphæðum til hækkunar, ef almenn hækkun verður á umsömdum slysabótum sjómanna á stærri bátum en 12 smálesta.

    Um bætur þessar gilda hinar almennu reglur laganna, eftir því sem við á.
13. Við 36. gr. Á eftir 1. málsgr. komi:

    Íþróttafélög greiða ¼ af iðgjöldum fyrir íþróttafólk, en ríkissjóður ¾. Nánari ákvæði um slysatryggingar íþróttafólks og skiptingu iðgjalda skulu sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.
14. Við 40. gr.
    a. Í stað „16 ára“ í 1. málsgr. komi: 18 ára.
    b. Í stað „16 ára“ í 2. málsgr. komi: 18 ára.
15. Við 41. gr. Í stað „16 ára“ í 1. málsgr. komi: 18 ára.

16. **Við 43. gr.**
    a. B-liður orðist svo:
    Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun samlagslæknis hjá sérfræðingum að ¾ hlutum, þó að fullu vegna ellilífeyrisþega. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkv. þessum lið.
    b. C-liður orðist svo:
    Lyf, sem ellilífeyrisþegar nota, að fullu, svo og lyf, sem öðrum samlagsmönnum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, og önnur nauðsynleg lyf að ¾ eða ½, enda séu lyfin í lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.
    c. Við bætist nýr stafliður, i, svo hljóðandi:
    Tannlækningar hjá tannlækni, sem sjúkrasamlagið hefur samið við, að ¾ hlutum fyrir samlagsmenn og börn þeirra, sem eru ekki á skólaskyldualdri.
    Ákvæði þetta tekur til tannlækninga, sem teljast heilsufarsleg nauðsyn, en nær ekki til aðgerða, sem sjúkratryggingadeild greiðir fyrir, og er bundið því skilyrði, að skólayfirvöld á sjúkrasamlagssvæðinu haldi uppi skólatannlækningum og kosti þær a. m. k. að ¾ hlutum.
17. **Við 44. gr.**
    a. 4. málsgr. orðist svo:
    Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysadagpeningar samkvæmt 33. gr. og ekki lægri en kr. 251.00 á dag fyrir einstakling eldri en 18 ára og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.
    b. Á eftir orðunum „ella allt að ⅔ hlutum“ í 6. málsgr. komi: Lækkunin tekur þó ekki til sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.
    c. Niðurlagsorð 6. málsgr.: „Dagpeningar húsmóður“ o. s. frv., falli niður.
18. **Við 54. gr. Við greinina bætist:**
    Starfsfólk sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkv. lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnananna.
19. **Við 63. gr. Í stað „17 ára“ komi: 18 ára.**
20. **Við 72. gr. Í stað orðanna „16 ára aldurs“ í 1. málsgrein komi: 18 ára aldurs.**
21. **Við 80. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:**
    Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1971.

Sþ. 649. Nefndarálit [135. mál]

um till. til þál. um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þáltill. þessa, en varð ekki sammála um afgreiðslu hennar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að tillagan verði samþykkt. Aðrir nefndarmenn munu væntanlega skila séráliti.

Alþingi, 23. marz 1971.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.
Matthías Bjarnason. Friðjón Þórðarson.

Nd. 650. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til laga um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meginefni þessa frumvarps er um það að koma á fót skipulagðri og sjálfstæðri starfsemi í því skyni að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar. Er gert ráð fyrir fastri byggðajafnvægisstofnun með starfskröftum, sem geti helgað sig viðfangsefninu, aflað upplýsinga og skipulagt nauðsynlegar aðgerðir.

Í frumvarpinu eru ákvæði, sem miða að því að tryggja starfseminni fasta tekjustofna, er geri henni fært hvort tveggja, að gera áætlanir nokkuð fram í tímann og veita þá fyrirgreiðslu, sem um munar. Ætlazt er til, að hvort tveggja komi til greina, stuðningur við þá starfsemi, sem fyrir er eða hafin verður á vegum fólksins í byggðarlögunum, og forusta eða frumkvæði um skipulegar aðgerðir, þar sem þess telst þörf. Er m. a. um þann þátt fjallað í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, en þar segir orðrétt:

„Byggðajafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi nefndarinnar vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans fyrstu þrjú árin eftir gildistöku laga þessara. Framlögin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra."

Minni hluti fjárhagsnefndar telur, að öll rök hnígi að því, að frumvarpið sé tímabært, og því beri að samþykkja það. Þörfin fyrir lagaákvæði, hliðstæð þeim er í frv. felast, hefur raunar verið fyrir hendi um langt skeið. Er sá dráttur, sem orðið hefur á öflugu og skipulagsbundnu viðnámi gegn byggðaeyðingunni, þegar orðinn dýr einstaklingum og þó einkum þjóðfélaginu í heild.

Á undanförnum áratugum hafa skoðanir verið nokkuð skiptar um það, hvernig Íslendingum yrði hagkvæmast að haga búsetu í landi sínu. Hafa komið fram ákveðnar raddir um, að óhagkvæmt væri að dreifa byggðinni um landið allt, svo sem gert hefur verið frá upphafi, að félagsleg þjónusta á svo stóru landssvæði yrði of dýr fyrir fámenna þjóð, sem vel mætti fæða og fá viðfangsefni í einu eða fáum byggðarlögum í veðursælasta hluta landsins.

Við athugun munu þó flestir hafa lagt þessa kenningu fyrir róða, a. m. k. í orði, og ber margt til.

Gróðurlendi Íslands verður ekki hagnýtt til neinnar hlítar án dreifðrar búsetu þjóðarinnar.

Sama máli gegnir um auðæfi hafsins og hafsbotnsins. Stöðugt fjölgar þeim fiskum og öðrum sjókindum, sem Íslendingar veiða til matar fyrir sig og aðra. En rannsókn á auðæfum hafsbotnsins er á algeru frumstigi.

Í ám og vötnum víðs vegar um land eru mikil verðmæti, „fiskar vaka þar í öllum ám", og möguleikar til ræktunar eru víðtækir. Þau auðæfi verða ekki nýtt með eðlilegum hætti, nema þjóðin byggi landið allt, og er svo um fleiri „hlunnindi", sem lítill gaumur hefur verið gefinn nú um hríð.

Ferðamannaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi og verður þýðingarmikil í efnahagslífinu í framtíðinni. Því valda augljósar ástæður heima og erlendis

— og okkur óviðráðanlegar að miklum hluta. Þessi atvinnugrein er yfirleitt ekki rekin á þröngu svæði og verður það þó hvað sízt hér.

Íslendingar eiga mikil verðmæti í orku fallvatna, sem er í senn ódýr og án mengunar, og svo í varma jarðar. Raforku má flytja um langa vegu. En varla verður talið hagkvæmt að veita allri raforku Íslands að einum eða fáum punktum. Og jarðhitinn er dreifður um mikinn hluta landsins og notkun hans er, a. m. k. að miklu leyti, staðbundin.

Þannig bendir margt til þess, að þjóðarauður Íslendinga verði naumast nýttur, svo að viðhlítandi sé, nema þeir byggi land sitt allt, þ. e. að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Þróun byggðarinnar undangengna áratugi hefur síður en svo verið í samræmi við þetta.

Í greinargerð með frumvarpi þessu eru birtar tölur um mannfjöldaþróunina eftir landshlutum á árunum 1938—1968. Á þessu árabili hefur fólki fjölgað í landinu um liðlega 83 þúsund eða rétt um 70%. En í einum landshluta, Kjalarnesþingi (vestanfjalls), hefur fólki fjölgað um 40 þúsund umfram eðlilega (70%) fólksfjölgun, á meðan bein fólksfækkun verður á Vestfjörðum. — Þetta er gífurleg röskun í búsetu.

Aðflutningarnir að helzta þéttbýlissvæðinu hafa einnig þar valdið ýmiss konar erfiðleikum. Örðugt hefur reynzt að koma upp félagslegri aðstöðu margháttaðri nægilega hratt. Nægir að minna á mikinn skort skólahúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Og hið mikla vinnuafl, sem þangað hefur færzt árlega, hefur nokkuð leitað í atvinnugreinar, sem varla eru verðmæta- og gjaldeyrisskapandi á borð við sjávarútveg og landbúnað.

Fyrir þá landshluta, sem halda ekki sínum hlut í fólksfjölguninni, hafa þó nefndir þjóðflutningar, ásamt veigamiklum þáttum öðrum í þróun undangenginna áratuga, orðið miklu þungbærari.

Bein mannfækkun veldur ætíð vissum félagslegum vandamálum, sem æði oft reynast torleyst.

Það fólk dreifbýlisins, sem brotið hefur sér leið til hærri menntunar, oft með fjárstuðningi foreldra, hverfur fæst heim að loknu námi vegna skorts á verkefnum í samræmi við skólalærdóm sinn. Oft er hér um að ræða dugmikla og gáfaða einstaklinga, sem sérstök eftirsjá er í fyrir heimabyggð.

Fólksflutningunum úr dreifbýlinu fylgir ótrúlega lúmskur fjárstraumur. Uppeldi og oft ærin menntun unga fólksins, sem flytur, hefur að sjálfsögðu kostað stórfé. Það er töluvert algengt, að dreifbýlismenn, sem einhver fjárráð hafa, verji fé sínu til þess að eignast hús eða íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Ósjaldan ber það við, að aldrað fólk úti á landi selur eignir sínar þar, ef útgengilegar eru, og ver andvirðinu á sama veg.

Auk þessa hefur þróun undangenginna áratuga einnig á annan hátt og með margvíslegu móti ýtt undir fjárstrauminn að höfuðborgarsvæðinu. Þar er meginaðsetur allrar stjórnsýslu, banka og annarra peningastofnana, tryggingastarfsemi, samgangna og síðast, en ekki sízt miðstöð allrar verzlunar landsmanna. Á allra síðustu árum hefur fyrsti vísir útlendrar stóriðju einnig skotið rótum á eða í næsta nágrenni við aðalþéttbýlissvæðið.

Mannfækkun og fjárflótti hefur orðið mörgu lífvænlegu byggðarlagi við sjó og í sveitum fjötur um fót. Það hefur einnig aukið mjög erfiðleika byggðanna, að margvísleg þjónusta, svo sem raforka, skólaganga á ýmsum skólastigum og flutningar allir, verður miklum mun dýrari en á höfuðborgarsvæðinu.

Rétt er að minna á það, að hlutfallslega jafn vöxtur allrar landsbyggðar hefur áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar í jafnvægisátt, en of ört stækkandi stórborg í fámennu landi ýtir undir verðbólguvöxt, er eins konar verðbólguverksmiðja.

Við upprifjan framangreindra sanninda verður ljóst, að þörf er markvissra, skipulagðra og víðtækra aðgerða, ef stöðva skal hina óheillavænlegu byggðaþróun síðustu áratuga.

Byggðaröskunin er ekki einangrað íslenzkt fyrirbæri. Frændur vorir Norðmenn glíma við sams konar vanda. Norður-Noregsáætlunin var sett og framkvæmd til bjargar byggðinni norður þar. Síðar hafa verið gerðar þar í landi ráðstafanir af sama tagi á breiðari grunni. Norðmenn virðast þannig gera sér mjög glögga grein fyrir mikilvægi þessara mála. Næstu nágrannar þeirra, Svíar, hafa tekið þau til meðferðar og raunar fleiri þjóðir, sem nú gera opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggðina utan þeirra.

Hér á landi hefur lengi verið rætt mikið um nauðsyn jafnvægis í byggð landsins og nokkur viðleitni sýnd í verki — en hvergi nærri fullnægjandi.

Af beinum aðgerðum löggjafans og stjórnarvalda má nefna nýbýlalögin og starfsemi landnáms ríkisins, en rætur þeirra aðgerða má rekja allt til 1928. Fyrir tveim áratugum var tekið að veita sérstakt framlag á fjárlögum, atvinnuaukningarfé, til „að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu". Var þetta fé einkum notað til lánveitinga í þágu atvinnulífsins í sjávarplássum á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Stjórnskipaðar nefndir hafa verið settar til að rannsaka atvinnuástand einstakra byggðarlaga og landshluta.

Atvinnubótasjóður var stofnaður með lögum 1962. En lítil reisn var yfir starfsemi hans, enda var atvinnubótafjárveitingin ákveðin 10 millj. kr. á ári í 10 ár, en hafði orðið hæst 15 millj. kr. 1957.

Árið 1966 var ný löggjöf sett og Atvinnujöfnunarsjóður stofnaður. Voru honum ætluð rýmri fjárráð en Atvinnubótasjóði. Starfsemi hans er þó allsendis ófullnægjandi, enda fjárráð ónóg og aðstaða til athugana og áætlunargerða ekki fyrir hendi.

Á Alþingi 1959—'60 og 1960—'61 fluttu framsóknarmenn frumvörp um Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þau frv. fengu ekki afgreiðslu. Allt frá 1962 hefur frumvarp svipað því, er hér liggur fyrir, verið flutt á Alþingi hvað eftir annað og hlotið sömu meðferð. Verður það að teljast mjög miður farið og raunar í engu samræmi við þann mikla áhuga á byggðaþróunarmálinu, sem alþingismenn jafnt og aðrir hafa látið í ljós að undanförnu — í ræðu og riti.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, leysir „Byggðajafnvægisstofnun ríkisins" Atvinnujöfnunarsjóð af hólmi og tekur við eignum hans og tekjustofnum.

Því til viðbótar er stofnuninni ætlað sem árlegt framlag 2% af tekjum ríkissjóðs, eins og þær verða hverju sinni. Í frumvarpinu er einnig heimild til lántöku, 300 milljónir á ári fimm næstu ár.

Byggðajafnvægisstofnuninni er ætlað að framkvæma rannsóknir og gera tillögur í áætlunarformi um framkvæmdir og fjármagnsnotkun um lengri eða skemmri tíma, yfirleitt svo að árum skiptir. Er henni ætlað að hafa náið samstarf við héraðsstjórnir (hreppsnefndir, bæjarstjórnir, sýslunefndir og sambönd sveitarfélaga).

Gert er ráð fyrir, að héraðsstjórnir geti skipað svæðisnefndir, er taki að sér gerð svæðisáætlana og framkvæmd þeirra.

Stofnunin veitir viðbótarlán til atvinnuuppbyggingar, í sumum tilvikum vaxtalaus, og getur einnig veitt bein framlög. Hún hefur einnig heimild til að veita sveitarfélögum viðbótarlán til að koma upp íbúðarhúsnæði, þar sem skortur á hæfum íbúðum hindrar eðlilegan vöxt byggðar.

Veita má sem framlag allt að 2 ára vexti af bráðabirgðalánum, sem aflað er til framkvæmda og eiga að endurgreiðast af opinberu framlagi. Einnig má veita slík bráðabirgðalán vaxtalaus, ef sérstaklega stendur á, enda séu þau ekki fáanleg á annan hátt.

Heimilt er Byggðajafnvægisnefnd að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt. Ákvörðun um það verður ekki tekin nema með atkvæðum 5 stjórnarmanna af sjö. Sama gildir, þegar veitt eru áfturkræf framlög.

Nefndin skal kvödd ráða um staðarval, þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins.

Ákvæði til bráðabirgða mælir svo fyrir, að Byggðajafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku laganna gera bráðabirgðaáætlanir um aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega í þeim byggðarlögum, sem yfirvofandi hætta er á að fari í eyði, að dómi nefndarinnar, enda séu þar vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði. Til framkvæmda slíkum bráðabirgðaáætlunum er heimilt að veita framlög, eftir því sem nánar er þar fyrir mælt.

Meginbreytingarnar, sem frv. þetta felur í sér, miðað við gildandi lagaákvæði, eru einkum þrenns konar.

Byggðajafnvægisstofnunin skal hafa með höndum áætlanagerð og skipulagningu og eiga frumkvæði að aðgerðum, þar sem þess er talin þörf.

Hún skal taka upp ákveðið samstarf við héraðsstjórnaraðila um undirbúning og framkvæmdir.

Tryggt er til frambúðar stóraukið fé til starfseminnar.

Í fljótu bragði kann mönnum að finnast sem hér sé helzt til mikið í lagt. En við athugun sést strax, að svo er ekki. Sker þar úr hinn stóri hlutur ýmissa strjálbýlissvæða í gjaldeyrisöflun og annarri verðmætasköpun í þjóðarbúskapnum, — hitt eigi síður, að nýting alls landsins og hafsins umhverfis það er einn snarasti þátturinn í baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði Íslands og íslenzkri menningu. En ef byggð skal haldast vítt um land, verður að tryggja sambærileg lífskjör án tillits til búsetu.

Það verður því að hefjast strax handa og ganga hreint til verks. Útlagður kostnaður mun skila ríflegri rentu, þegar tímar líða fram, ef rétt og skynsamlega er á málum haldið.

Undirritaður minni hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frumvarp til laga um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 651. Frumvarp til laga [213. mál]

um náttúruvernd.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. marz.)

Samhljóða þskj. 370 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Náttúruverndarþing kemur saman fjórða hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

Á náttúruverndarþingi eiga sæti:

1) Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2) Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenzkra náttúrufræðinga, Hið íslenzka náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenzkra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenzkra farfugla, Ferðafélag Íslands.
3) Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði.

4) Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5) Náttúruverndarráð.
6) Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.

Ed. 652. Breytingartillögur [213. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

1. 11. gr. orðist svo:
   Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.
   Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu.
   Sé land girt, þarf leyfi landeiganda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði.
2. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng-, eða hrísrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.
3. Við 25. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Í þjóðgörðum skal koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og kemur í veg fyrir spjöll. Í hverjum þjóðgarði skal og veita almenningi leiðbeiningar um helztu leiðir um hið friðlýsta svæði.
4. 26. gr. orðist svo:
   Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri, að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur, og skal það (þau) þá bera fram ósk til Náttúruverndarráðs um slíkt. Skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunni að setja umráðarétti eigenda lands, sem um er að ræða, og annað, er máli skiptir.
   Ef Náttúruverndarráð getur á tillöguna fallizt, skal það tilkynnt í Lögbirtingablaði, svo og með þeim hætti, sem venja er að birta stjórnvaldaauglýsingar á viðkomandi stað, að fyrirhuguð sé stofnun fólkvangs með tilteknum mörkum. Þar skal og nánar gerð grein fyrir hugsanlegum takmörkunum á umráðarétti landeigenda. Jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem geri ekki athugasemdir við stofnun fólkvangs innan tiltekins frests, sem má ekki vera skemmri en 8 vikur, teljist samþykkja þá ákvörðun og fyrirgeri þar með hugsanlegum rétti til bóta.
   Þegar frestur samkvæmt 2. mgr. er liðinn, skal Náttúruverndarráð ákveða, hvort athugasemdir, er kunna að hafa borizt, séu svo veigamiklar, að ástæða sé til að breyta upphaflegri fyrirætlun eða hverfa frá henni. Gefa skal fulltrúum sveitarfélaga, sem um ræðir í 1. mgr., kost á að vera viðstaddir, þegar um þessi mál verður fjallað.
   Ef Náttúruverndarráð og fulltrúar sveitarfélaga, sem í hlut eiga, verða sammála um, að haldið verði fast við ákvörðun um stofnun fólkvangs, breytta eða óbreytta, skal Náttúruverndarráð hlutast til um, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta bætur fyrir tjón, er aðilar, sem athugasemdir gera, sbr. 2. mgr., kunna

að verða fyrir við stofnun fólkvangs. Um framkvæmd mats fer skv. lögum nr. 61/1917.

Þegar endanlegt mat liggur fyrir, skal kannað, hvort hlutaðeigandi sveitarfélög óska eftir, að formleg ákvörðun verði tekin um stofnun fólkvangs.

Ef þau óska slíks og Náttúruverndarráð samþykkir, skal það gera sérstaka ályktun um stofnun fólkvangsins, og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

Sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, bera allan kostnað, sem beinlínis leiðir af stofnun og rekstri fólkvangs, að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal þeim kostnaði skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, stofna með sér samvinnunefnd, er starfar í samráði við Náttúruverndarráð. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði, sem hafa sérstakan kostnað í för með sér, fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila.

Nú rís ágreiningur um skilning á grein þessari eða upp koma sérstök vafaatriði, sem snerta rekstur fólkvangs, og sker þá Náttúruverndarráð úr, en skjóta má úrskurði þess til fullnaðarákvörðunar ráðherra.

Ed. 653. Breytingartillaga [213. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Við upptalninguna í 2. tl. 4. gr. bætist:

Samband íslenzkra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands.

Ed. 654. Breytingartillaga [213. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá Steinþóri Gestssyni, Sveini Guðmundssyni, Jóni Þorsteinssyni, Oddi Andréssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

17. gr. orðist svo:

Malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám er hverjum manni heimilt í landi sínu, ef ekki gengur í berhögg við 22.—26. gr. Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til menntamálaráðuneytisins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í almenningum er bannað allt nám jarðefna, er um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir að það hefur leitað umsagnar náttúruverndarráðs.

Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

Sþ. 655. Nefndarálit [97. mál]

um till. til þál. um kynferðisfræðslu í skólum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar eins og hún liggur fyrir á þskj. 102. Gísli Guðmundsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 24. marz 1971.

Bragi Sigurjónsson, form. — Jónas Pétursson, fundaskr., frsm. — Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.
Vilhjálmur Hjálmarsson. — Matthías Bjarnason. — Jónas Árnason.
Friðjón Þórðarson.

Sþ. 656. Nefndarálit [215. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi og athugun á nýtingu hans.

Frá allsherjarnefnd.

Efni tillögunnar er að fela ríkisstjórninni að láta gera fiskifræðilegar athuganir á stærð og lífsháttum hrognkelsastofnsins fyrir Norðurlandi og á möguleikum til að gera grásleppu að söluvöru og grásleppuhrogn sem verðmætasta útflutningsvöru. Að lokinni athugun umsagnar frá Hafrannsóknastofnuninni, sem nefndin hefur aflað sér um málið — en sú umsögn var jákvæð — leggur hún til, að tilagan verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 372.

Alþingi, 23. marz 1971.

Bragi Sigurjónsson, form. — Jónas Pétursson, fundaskr. — Gísli Guðmundsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson. — Matthías Bjarnason. — Jónas Árnason.
Friðjón Þórðarson.

Ed. 657. Lög [121. mál]

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 602.

Nd. **658. Frumvarp til laga** [260. mál]

um fiskvinnsluskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. marz.)

Samhljóða þskj. 516 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Meginhlutverk skólans skal vera að veita fræðslu í vinnslu sjávarafla.

Í lögum þesum nær orðið fiskur, eitt sér og í samsetningum, yfir allan fisk og auk þess krabbadýr og skeldýr.

3. gr. hljóðar svo:

Skólinn skal starfrækja námskeið fyrir starfsfólk í ýmsum greinum fiskiðnaðarins, og miði þau einkum að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðjuvera, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins, eftir því sem við verður komið.

Fela skal skólanum að halda námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur stýrimannaskólanna.

6. gr. hljóðar svo:

Skólinn skal staðsettur í Reykjavík. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr., og skal námi við skólann skipt í 3 deildir, sbr. 1.—3. tölulið 10. gr.

Á árunum 1972—75 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.

Heimilt skal, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Reykjavíkur, sbr. 4. gr., þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Ráðuneytið skipar hverjum skóla þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar af samtökum fiskiðnaðarins á hverjum stað, en þann þriðja skipar ráðuneytið án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Lög þessi gilda um fiskvinnsluskóla utan Reykjavíkur, að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi ráðuneytisins og afmarkað skal í reglugerð.

12. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

1. Til að hefja nám í undirbúningsdeild skal nemandi hafa staðizt gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla ellegar aflað sér á annan hátt hliðstæðrar, bóklegrar menntunar.

   Innan takmarka, sem skólanefnd setur, skal skólastjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu inntökuskilyrði. Skal þessi heimild einkum notuð til að veita fólki, sem starfað hefur í fiskiðnaði, rétt til skólavistar.
2. Til að hefja nám í fiskiðndeild skal nemandi hafa lokið námi í undirbúningsdeild, fiskimannadeild stýrimannaskóla eða staðizt próf í samræmi við ákvæði 15. gr. og jafnframt fengið a. m. k. þriggja mánaða verklega þjálfun, eftir að hann varð 15 ára gamall.
3. Til að hefja nám í meistaradeild skal nemandi hafa lokið fiskiðndeild.
4. Um nám í framhaldsdeild fer eftir ákvæðum 4. gr.

14. gr. hljóðar svo:

Helztu verklegar námsgreinar skulu vera: meðferð á nýjum fiski, ísun, flökun, frysting, söltun, flatning, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, lifrarbræðsla, fiskmjölsframleiðsla, hvalvinnsla, fiskmat, vinnuhagræðing, meðferð og notkun fiskvinnsluvéla, svo og aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.

Ed. 659. Breytingartillögur [230. mál]

við frv. til laga um Iðnþróunarstofnun Íslands.

Frá Einari Ágústssyni og Steingrími Hermannssyni.

Við 3. gr.

1. Orðin „en hann er jafnframt formaður ráðsins“ í 1. málsgrein falli burt.
2. Aftan við greinina bætist:

Iðnaðarráðherra skipar formann Iðnþróunarráðs úr hópi meðlima þess.

Nd. 660. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur haft frumvarpið til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.
Pálmi Jónsson.	Þórarinn Þórarinsson.	Lúðvík Jósefsson.
	Geir Hallgrímsson.	

Ed. 661. Breytingartillögur [230. mál]

við frv. til laga um Iðnþróunarstofnun Íslands.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Við 4. gr.

1. Aftan við 1. málslið 1. málsgr. bætist: þar af þrjá samkvæmt tilnefningu Iðnþróunarráðs.
2. 2. málsgr. orðist svo:

Framkvæmdastjórn ræður framkvæmdastjóra Iðnþróunarstofnunar Íslands til fimm ára í senn.

Ed. 662. Frumvarp til laga [230. mál]

um Iðnþróunarstofnun Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. marz.)

1. gr.

Iðnþróunarstofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Markmið Iðnþróunarstofnunar Íslands er að efla íslenzkan iðnað og iðnþróun.
Verkefni Iðnþróunarstofnunar Íslands eru m. a. eftirfarandi:

1. **Að vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem iðnað varða.**
2. **Að efla samvinnu stofnana og félagssamtaka, sem að iðnaðarmálum vinna.**
3. Að stuðla að rannsóknum í iðnaði til aukinnar framleiðni.
4. Að stuðla að eflingu nýrra iðngreina og fjölþættara atvinnulífi til atvinnuöryggis, þar á meðal stóriðju á grundvelli hagnýtingar orkulinda landsins.
5. Að kynna nýjungar í iðnaði og annast ráðgjafastarfsemi og leiðbeiningaþjónustu, t. d. með rekstri bóka- og kvikmyndasafns og útgáfu fræðslurita og tímarits og leiðbeininga- og kynningastarfsemi fyrir hönnun iðnvarnings.
6. Að annast námskeiða- og fyrirlestrahald um tæknileg og rekstrarfræðileg efni og stuðla að endurbótum á fræðslustarfsemi í þágu iðnaðarins í samvinnu við starfandi menntastofnanir og aðra, sem vinna að slíkum málum.
7. Að sjá um skipulagningu, stjórn og framkvæmd stöðlunarmála.
8. Að vinna að öðrum iðnþróunarmálum eftir því, sem Iðnþróunarráð ákveður hverju sinni.
9. Að aðstoða hugvitsama einstaklinga og félög við það að koma á framfæri (hanna og vernda) tækninýjungum, sem gætu stuðlað að bættri eða nýrri framleiðslu á sviði iðnaðar.

3. gr.

Iðnþróunarráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir Iðnþróunarstofnun Íslands. Skal það skipað af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, en hann er jafnframt formaður ráðsins.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann í Iðnþróunarráð:

Alþýðusamband Íslands,
Efnahagsstofnunin,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,
Framkvæmdasjóður Íslands,
Háskóli Íslands,
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík,
Iðnaðarráðuneyti,
Iðnlánasjóður,
Iðnþróunarsjóður,
Landssamband iðnaðarmanna,
Landsvirkjun,
Orkustofnun,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
Rannsóknastofnun iðnaðarins,
Samband íslenzkra samvinnufélaga,
Seðlabanki Íslands,

Samband iðnskóla á Íslandi,
Tækniskóli Íslands,
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,
Verzlunarráð Íslands,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar úr hópi iðnþróunarráðsmanna fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára, sem annast í umboði ráðsins meðferð þeirra mála, sem stofnunin vinnur að á hverjum tíma, þar af tvo samkvæmt tilnefningu Iðnþróunarráðs. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti. Ef stjórnarmaður forfallast, skipar ráðherra annan í hans stað. Ráðherra ákveður laun framkvæmdastjórnar.

Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra Iðnþróunarstofnunar Íslands að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar. Framkvæmdastjórn ber að gera ársskýrslu um störf Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Iðnþróunarráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín.

6. gr.

Rekstrarkostnaður Iðnþróunarstofnunar Íslands greiðist úr ríkissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 4 frá 1. marz 1962, um Iðnaðarmálastofnun Íslands, **enda tekur Iðnþróunarstofnun Íslands við starfsemi, eignum og skuldbindingum Iðnaðarmálastofnunar Íslands.**

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 663. Breytingartillaga [222. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 56. gr. 2. málsl. síðari málsgr. orðist svo:

Hver verksmiðja, sem stofnuð er á vegum Landnáms ríkisins, skal hafa þriggja manna stjórn.

Ed. 664. Lög [7. mál]

um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 488.

Nd. 665. Frumvarp til laga [296. mál]

um virkjun Svartár í Skagafirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Svartá í Skagafirði við Reykjafoss í allt að 5500 hestafla raforkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Sauðárkróks til tengingar þar við veitukerfi Norðurlands vestra.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er Rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 86 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til Svartárvirkjunar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum á vatnasvæði Svartár og landsréttindum í þágu Svartárvirkjunar, ef viðunandi kjör fást, eða taka þau eignarnámi að öðrum kosti. Gilda um það ákvæði 54. og 55. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, sbr. 146.—150. gr. sömu laga, eftir því sem við á.

5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélög á Norðurlandi vestra hafa greitt vegna undirbúnings virkjunar í Svartá, og telja með stofnkostnaði Svartárvirkjunar, enda öðlist Rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum, áætlunum og gögnum um virkjun í Svartá, sem aðilar þessir hafa látið gera.

6. gr.

Óski sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra að gerast eignaraðilar að Svartárvirkjun og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.

Um stofnun og rekstur raforkuvers og raforkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Orkuþörf Norðurlands vestra hefur farið mjög vaxandi hin síðari ár. Næg vatnsaflsorka er nú ekki fyrir hendi á vestursvæðinu og því hefur orkuöflun með dísilvélum verið nauðsynleg um nokkurt skeið.

Öflun vatnsaflsorku fyrir þetta svæði hefur því verið á dagskrá nú um nokkur ár.

Til þess að kanna þarfir og úrlausnir þessa og annarra byggðarlaga norðanlands og austan skipaði Ingólfur Jónsson, þáverandi ráðherra orkumála Raforkunefnd Norður- og Austurlands. Starfaði nefndin á árunum 1966—67 og skilaði þá ítarlegu áliti. Framhaldsathugun gerði nefndin svo á árinu 1969 og skilaði í lok þess árs endurskoðuðu áliti.

Varðandi öflun vatnsaflsorku fyrir Norðurland vestra hafa aðallega verið ríkjandi tvenn viðhorf, annars vegar virkjun í héraði, en hins vegar tenging við Laxársvæðið.

Í fyrrnefndu nefndaráliti, frá 1969, segir svo um Laxársvæðið og samtengt svæði:

„Orkustofnun hefur fengið endurskoðaðar tölur um stofnkostnað Gljúfurversvirkjunar í Laxá. Þær benda ekki til að um aðra hagkvæmari valkosti sé að ræða hvort heldur er fyrir Laxársvæðið eitt sér eða samtengd svæði, Norðurland allt og Austurland. Þetta á vel að merkja við um Gljúfurver eins og virkjunin er nú hugsuð. Verði verulegar breytingar á þessari forsendu verður að taka málið til athugunar að nýju.

Ekki verður talið að ný jarðgufustöð við Námafjall komi á þessu stigi málsins til samanburðar við Gljúfurversvirkjun. Til þess er reynsla af rekstri tilraunajarðgufustöðvarinnar enn alltof skammæ, og sömuleiðis skortir enn reynslu varðandi vinnslukostnað jarðgufu við Námafjall.

Þeir orkukostir fyrir Laxársvæðið eða samtengt svæði, sem nú virðast helzt koma til greina í stað þeirrar Gljúfurversvirkjunar, sem nú er ráðgerð eru þessir:

1. Gljúfurversvirkjun, breytt tilhögun.
2. Tenging við Suðurland með háspennulínu.
3. Lagarfossvirkjun, 15—20 MW eða stærri, fyrir Norður- og Austurland."

Síðan þetta var ritað hafa þeir valkostir um samtengingar við Laxársvæðið mjög breytzt.

Þannig er Gljúfurversvirkjun sem slík nú úr sögunni, en unnið að mun minni virkjun í Laxá, Laxá III. Í annan stað er nú ráðgerð sjálfstæð virkjun í Lagarfossi og loks er tenging við Suðurland ekki talin tímabær fyrr en til staðar væri kaupandi mikillar orku norðanlands.

Á vegum sýslunefnda Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna ásamt Sauðárkrókskaupstað hefur nú um nokkur ár verið starfandi raforkumálanefnd. Á vegum hennar hefur ráðgjafafyrirtækið Virkir h.f. hannað virkjun í Svartá við Reykjafoss í Skagafirði.

Er þar ráðgjört að virkjað verði 26 m fall og uppsett vélaafl 3.5 MW, en orkuvinnslugeta 13.0 GWst. Áætlaður kostnaður vinnsluvirkja er 72.5 mkr., en flutningsvirkja 13.0 mkr. eða samtals 85.5 mkr.

Leitað hefur verið umsagnar Orkustofnunar um virkjun þessa. Hafði Orkustofnun ekkert við tæknilega tilhögun virkjunarinnar að athuga að því er séð varð af þeim áætlunum, sem fram höfðu verið lagðar. En hins vegar taldi stofnunin, að með því að lagning línu frá Akureyri er hagkvæmari en virkjun, þegar á heildina er litið, bæri að freista þess að ná hagkvæmum samningum við Laxárvirkjun um orkusölu til Norðurlands vestra.


Var því leitað til Laxárvirkjunar í þessu efni, en stjórn hennar taldi sér eigi fært að svo stöddu að selja orku út af veitusvæði Laxárvirkjunar.


Að fengnum þeim upplýsingum taldi Orkustofnun eftir atvikum rétt að mæla með leyfi til virkjunar Svartár.

Til þess að halda undirbúningi þessa máls áfram, er með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, leitað heimildar Alþingis til greindrar virkjunar í Svartá.

Frumvarpið er í meginatriðum í samræmi við lög um virkjun Lagarfoss, er samþykkt voru fyrr á þessu þingi.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringa. Þó ber að geta þess um undirbúningskostnað sveitarfélaga samkv. 5. gr., að þau munu nú telja hann nema um 2 milljónum króna.





SVARTÁRVIRKJUN

Ed. 666. Frumvarp til laga [297. mál]

um breyting á lögum nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

7. gr. orðist svo:

1. Þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað gjaldþrotaskipti, tekur hann, svo fljótt sem unnt er, til nánari athugunar gögn þau, sem fram eru komin, sbr. 3. gr., og aflar viðbótargagna, ef þurfa þykir. Rannsókn skal beinast að því að afla upplýsinga um eignir þrotamanns og um fjárreiður hans fyrir gjaldþrotið, svo og hvort líkur eru til að um refsivert athæfi sé að ræða í sambandi við það.

2. Í því skyni er þrotamanni og öðrum, sem hlut eiga að máli, skylt að láta í té:

a) Bókhaldsgögn þrotamanns, ef til eru, eða önnur gögn, er skiptaráðandi telur geta skipt máli.
b) Skattskýrslur þrotamanns fyrir tvö síðustu ár fyrir gjaldþrot — og eldri, ef efni eru til.
c) Veðbókarvottorð um fasteignir, skip og loftför þrotamanns, svo og önnur tiltæk opinber gögn á því sviði, m. a. um bifreiðar eftir því, sem efni standa til.
d) Skriflegar eða munnlegar skýrslur eftir því, sem skiptaráðandi telur þörf á.
e) Önnur þau gögn, er máli kunna að skipta.

3. Skiptaráðanda er heimilt að meina þrotamanni (stjórnendum félags eða framkvæmdastjóra) brottför úr lögsagnarumdæminu á meðan rannsókn samkv. þessari grein fer fram.

Nú er för manns tálmað, og vill hann eigi una boði skiptaráðanda, og er honum þá rétt að fá formlegan úrskurð, er kæra má til Hæstaréttar. Úrskurðurinn skal kveðinn upp í rannsóknardeild skiptaréttar, sbr. 2. og 3. tölul. 8. gr.

4. Nú telur skiptaráðandi ekki efni til frekari aðgerða og lýkur hann þá rannsókn og boðar skiptafund hið fyrsta. Á þeim fundi skal skiptaráðandi gera grein fyrir rannsókninni og ákvörðun sinni um, að henni skuli lokið. Skuldheimtumenn skulu inntir eftir því, hvort þeir hafi nokkuð til mála að leggja. Bóka skal tillögur þeirra og afgreiðslu á þeim. Að fundi loknum skal skiptaráðandi senda saksóknara endurrit fundargerðar og frumgerð eða endurrit þess, sem fram er komið og máli skiptir. Nú eru málavextir ljósir og ekki líkur til, að neitt nýtt komi fram á skiptafundi, og getur skiptaráðandi þá fellt fundinn niður.

5. Um kostnað af rannsókn samkv. þessari grein fer sem um kostnað í sakamálum.

Nú hagnast búið af rannsókninni, og úrskurðar þá skiptaráðandi, hvort búið skuli greiða kostnaðinn að öllu eða nokkru.

Úrskurði skiptaráðanda verður einungis skotið til æðra dóms ásamt skiptagjörðinni, sbr. 1. mgr. 96. gr. skiptalaga nr. 3 1878.

6. Nú telur skiptaráðandi, að rannsókn hans bendi til þess, að um saknæmt misferli að ræða, og sendir hann þá saksóknara gögn málsins, sbr. 4. lið.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

1. Er saksóknara hafa borizt skýrslur skiptaráðanda og gögn samkv. 4. og 6. tölul. 7. gr., tekur hann ákvörðun um, hvort mál skuli höfða, framhaldsrannsókn framkvæmd eða við svo búið skuli standa.

2. Nú telur saksóknari rétt, að rannsókn sé fram haldið, og felur hann þá skiptaráðanda að annast hana. Rannsókn þessari lýkur, þegar saksóknari telur eigi þörf nánari aðgerða eða gefur út ákæruskjal.

3. Er skiptaréttur annast rannsókn samkv. 2. lið þessarar greinar, nefnist hann rannsóknardeild skiptaréttar.

Við rannsóknina hefur skiptaráðandi alla sömu réttarstöðu og rannsóknardómari í opinberu máli. Hann hefur rétt á aðstoð lögreglu við rannsóknina, enda lúta lögreglumenn þá stjórn hans.

Nú telur rannsóknardeild skiptaréttar þörf á aðstoð bókhaldsfróðs manns og kveður hún þá slíkan mann til.

Um rannsókn rannsóknardeildar skiptaréttar fer samkv. ákvæðum laga um rannsókn opinberra mála fyrir dómi, áður en ákæruskjal er gefið út.

Réttarstaða þrotamanns er hin sama og sökunauts í opinberu máli.

4. Rannsóknardeild skiptaréttar getur hvenær sem er leitað umsagnar saksóknara um einstök efni rannsóknarinnar, enda getur og saksóknari átt frumkvæðið.

3. gr.

9. gr. orðist svo:

1. Nú telur rannsóknardeild skiptaréttar málið nægjanlega rannsakað og skal þá senda saksóknara gögn málsins og endurrit af því, sem máli skiptir.

Nú telur saksóknari eigi þörf frekari rannsóknar og tekur hann þá ákvörðun um, hvort mál skuli höfða gegn þrotamanni eða öðrum.

Ef hann telur það, sem fram er komið, nægjanlegt eða líklegt til sakfellingar, semur hann ákæruskjal, sbr. 115. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961. Annars kostar lætur hann við svo búið standa.

2. Mál skal rekið fyrir sakadómi þeim, sem lögsögu á í umdæmi, þar sem skipti fara fram. Saksóknara er þó heimilt að stefna máli til annars sakadóms, ef hagfelldara þykir, enda mæli eigi neitt sérstakt því í gegn.

3. Sakadómur sá, sem með málið fer, kveður á um stað og stund til þingfestingar máls, ritar þá ákvörðun sína á ákæruskjalið og lætur birta það með venjulegum hætti eða fyrir dómi.

Um leið og ákæruskjal er birt sökunaut, skal hann spurður, hvort hann vilji halda uppi vörn eða fá verjanda og þá hvern, ef því er að skipta.

4. Um málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála að því leyti, sem við getur átt, þar á meðal um kostnað af málinu.

4. gr.

Síðari málsliður 32. gr. falli brott.

5. gr.

Orðin „en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema lögmætur skiptafundur samþykki, að skipti dragist lengur“ í 36. gr. falli brott.

6. gr.

Síðari málsgrein 39. gr. falli brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal þeim beitt við þau bú, sem tekin eru til skipta eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. desember 1968, var nefnd til endurskoðunar á dómaskipun og meðferð dómsmála falið að taka til athugunar lagareglur um dómstólameðferð á gjaldþrotamálum, en Verzlunarráð Íslands hafði nokkru áður vakið athygli ráðuneytisins og saksóknara ríkisins á vandkvæðum við meðferð gjaldþrotamála, sem drægist oft óhæfilega, og gæti slíkt orðið til mikillar röskunar á hagsmunum skuldheimtumanna gjaldþrota aðila.

Nefndin starfaði að athugun þessa máls um tíma og ræddi við aðila, sem mest fjalla um málsmeðferð á þessu sviði, en fól síðar, í samráði við ráðuneytið, einum nefndarmanna, prófessor Theódóri B. Líndal, að semja drög að frumvarpi til laga um breyting á gildandi lögum um gjaldþrotaskipti. Frumvarpið var síðan athugað áfram í nefndinni og einnig rætt á aðalfundi Dómarafélags Íslands á s. l. hausti, sem fól nefnd að gera athugun á einstökum atriðum í frumvarpinu. Athugasemdir þeirrar nefndar voru síðan teknar til greina með minniháttar breytingum á frumvarpinu, sem nefndin hefur nú afhent dómsmálaráðuneytinu með svo hljóðandi

Greinargerð.

I. Á síðustu 30—40 árum hafa ýmsar mikilvægar breytingar verið gerðar á réttarfarslöggjöf hér á landi. Má þar nefna: Lög nr. 85 23/6 1936, um meðferð einkamála í héraði (nú í endurskoðun). Lög nr. 82 21/8 1961, um meðferð opinberra mála. Lög nr. 57 18/4 1962, um Hæstarétt, lög nr. 57 25/5 1949, um uppboð og lög nr. 18 22/3 1949, um kyrrsetningu og lögbann. Hér var um nauðsyn að ræða, því að eldri ákvæði voru mjög sundurleit, og frá ýmsum tímum, sum mjög gömul — jafnvel frá 18. öld. Þau hæfðu því engan veginn breyttum þjóðfélagsháttum, né heldur nútíma viðhorfum í lögfræði og félagsfræði. Lög um skipti, gjaldþrotaskipti, fjárnám og lögtak eru hins vegar að mestu óbreytt síðan um 1880—1890 og er þar því þörf breytinga, enda hefur og á Alþingi komið fram ábending í því efni, sbr. þingsályktunartillögu, er kom fram á Alþingi 1961. Árið 1929 voru að vísu sett ný lög um gjaldþrotaskipti, nr. 25 14/6 1929, en þau eru nú að ýmsu úrelt orðin, enda að stofni til frá 1894 og þurfa því endurskoðunar við engu síður en skiptalögin.

Hér hefur þó verið farin sú leið að taka einkum til meðferðar þau ákvæði laganna, er varða sakamálsrannsóknir í sambandi við gjaldþrot og er frumvarp þetta árangur þeirrar athugunar.

II. Ástæður til þessara vinnubragða eru einkum:

1) Ákvæði 7. og 8. gr. gjþskl. eru mjög sérstæð og munu hvergi eiga sér hliðstæðu að því er kunnugt er. Samkvæmt þeim ber að hefja sakamálsrannsókn af því einu tilefni, að maður verður gjaldþrota. Að vísu má segja, að mjög oft sé um að tefla misferli í sambandi við gjaldþrot. En engan veginn er það alltaf. Það er almenn réttarfarsregla, að sakamálsrannsókn skuli því aðeins hefja, að um rökstuddan grun um misferli sé að ræða hverju sinni. Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála er sú regla viðurkennd hér, sbr. 21., 73. og 74. gr. laganna.

2) Sakamálsrannsókn hefur alltaf beinan kostnað í för með sér, oft mikinn, auk tímatafar fyrir embættismenn þá, sem hlut eiga að máli, og óþægindi sökunauts. Ber því ekki að grípa til hennar, nema sérstakt tilefni sé til.

3) Vegna annmarka þeirra, sem nefndir eru í 1. og 2. lið, hefur framkvæmd laganna oft orðið formið eitt og lögin stundum sniðgengin að því er bezt er vitað. Hins vegar hefur stundum þótt á bresta um nægjanlega virka og hraða rannsókn, þar sem tilefni þó gafst. Skiptaráðendur, sem látið hafa uppi álit í þessu efni, telja, að fullkomin framkvæmd á bókstaf laganna hljóti að leiða af sér þörf á meiri mannafla en þeir hafa nú.

4) Þær greinar laganna, sem hér skipta máli — 7. og 8. gr., eru miðaðar við eldri löggjöf en þá sem nú gildir um sakamál, t. d. hefur sjálfstætt ákæruvald komið til. Nauðsyn er því á, að ákvæðin séu færð til samræmis við gildandi löggjöf.

5) Ákvæði 9. gr. eru miðuð við rannsóknarreglu eldra sakamálaréttarfars, m. a. að sakborningi sé skylt að svara og knýja megi hann til játningar með frelsissviptingu. Þessi regla er nú alveg fordæmd í vestrænu sakamála-

réttarfari og lög nr. 82/1961 sýna að hún er ekki viðurkennd í íslenzkum rétti, sbr. m. a. 108. gr., 1. málsgr. 40. gr. og 2. málsgr. 77. gr. laganna. Góð rök eru til þess að telja 9. gr. brottfallna vegna nýrrar löggjafar, svo og samninga um mannréttindi, enda mun henni ekki hafa verið beitt, a. m. k. á síðari tímum.

Til þess að taka af allan vafa í þessu efni, þykir þó rétt að fella greinina úr gildi, enda geymir hin almenna réttarfarslöggjöf nægjanlegar heimildir á þessu sviði, sbr. 3. lið 1. greinar.

6) Raddir hafa komið opinberlega fram um nauðsyn úrbóta, m. a. frá **Verzlunarráði Íslands.**

III. **Það kann að vera nokkurt álitamál hvernig úrbótum skuli haga. Einfaldast, og í mestu samræmi við löggjöf okkur skyldra þjóða, væri að fella 7., 8. og** 9. gr. gjþskl. úr gildi og setja ekkert í staðinn. Mundi þá fara um þessi mál sem önnur sakamál samkvæmt lögum nr. 82/1961 og oft jafnframt sérlögum, t. d. **skattalögum, gjaldeyrislögum, bókhaldslögum o. fl.**

Þessi leið hefur að verulegu leyti verið farin í frv. en ekki að öllu. Ákæruvaldinu er hér falið sama hlutverk og í öðrum sakamálum og málsmeðferðin er felld undir lögin um meðferð opinberra mála að mestu leyti. Hið afbrigðilega er hins vegar hver með rannsóknina fer. Þar hefur sú leið verið farin, að frumrannsókn sé í hendi skiptaréttarins og einnig rannsókn fyrir dómi, er þá starfar með sömu réttindum og skyldum og dómur, er rannsakar opinbert mál (eða hugsanlegt opinbert mál), áður en ákæra kemur til. Þessari skipan hafa ráðið þau raunhæfu sjónarmið, að skiptarétturinn hefur öll gögn málsins undir höndum, sbr. m. a. 3. gr. gjþskl. Á skiptafundum er hann og í nánu sambandi við skuldheimtumenn, sem hagsmuna sinna vegna hljóta a. m. k. sumir að þekkja til hags og háttalags þrotamanns og hafa vakandi auga hver á öðrum.

Ef frumrannsókn væri þegar falin sakadómi yrði um verulegan tvíverknað að ræða og aðstaðan öll lakari. Á meðan málið er á þessu stigi og alls óvíst um hvort um nokkuð saknæmt misferli sé að ræða, er í rauninni aðeins um að **ræða þátt í því að fá gögn í hendur til þess að hagsmuna búsins geti orðið sem bezt borgið. Aðstaða skiptaráðanda til þess að rækja þetta hlutverk er varla** nægilega sterk, ef hann skortir heimildir sakadómara, sbr. 9. gr. gjþskl.

Hins vegar er það í hendi saksóknara að kveða á um, hvort sakamál skuli **höfða eða ekki. Komi til saksóknar þykir rétt að málið fari fyrir venjulegan sakadóm, því að þar er að jafnaði um reynda menn að ræða á sviði sakamála og** ýmiss konar aðstaða betri en hjá dómara, sem hefur einkamál að aðalverkefni. Oft eru einnig brot t. d. gegn gjaldeyrislögum, skattalögum, bókhaldslögum **o. fl. í nánu sambandi við gjaldþrot, en slík mál er eðlilegt að sakadómur fari með.**

Þetta á að vísu einkum við í Reykjavík, en a. m. k. í hinum stærri bæjum mun einnig nokkur verkaskipting vera, þannig að meðferð sakamála og einka**mála sé nokkuð aðgreind. Þess má og geta, að langflest gjaldþrot verða í Reykjavík.**

Um einstakar greinar þarf ekki langt mál, en að nokkrum atriðum er þó rétt að víkja.

Um 1. gr.

Störf skiptaréttar samkvæmt þessari grein eru ekki á sviði sakamála heldur einkamála, enda nátengt þeirri starfsemi skiptaréttar að kynna sér hag búsins, tortryggilegar athafnir þrotamanns og annað, þannig að hag búsins sé sem bezt borgið. Hugsanlegt saknæmt misferli verður þó að hafa í huga.

Hins vegar er engin skylda lögð á skiptaráðanda til þess að hefja sakamálarannsókn. **Er það í samræmi við meginsjónarmið þau, sem vikið er að í almennum at-**

hugasemdum hér að framan, enda er ákvörðun um sakamálsrannsókn og málshöfðun lögð í hendur saksóknara í samræmi við almenna skipan ákæruvaldsins.

Um 1. Þarf ekki skýringa.

Um 2. Vafi kann að vera á því, hvort þessara ákvæða sé þörf. Öryggis vegna þykir þó rétt að hafa þau, því að hér er um að ræða athugun á sviði einkamála eins og fyrr segir.

Um 3. Rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í þessari grein, lýtur reglum einkamálaréttarfars. Oft getur hún ekki orðið framkvæmd án atbeina þrotamanns. Nauðsynlegt er því, að þrotamaður sé til taks, ef á þarf að halda. Því er skiptaráðanda veitt sú heimild, er í greininni kemur fram, enda lagt til, að ákvæði núgildandi 9. gr. falli úr gildi. Öryggis vegna þykir rétt að sakamálsmeðferð sé höfð á.

Um 4. Gjaldþrot varða fyrst og fremst hagsmuni skuldheimtumanna, enda hafa þeir og bezta aðstöðu til að vita hvar skórinn kreppir. Eðlilegt er því, að þeir hafi tök á að fylgjast með og þá einkum, ef ekki þykja efni til frekari aðgerða. Rétt þykir þó að skiptaráðandi meti málavexti hverju sinni. Endanlegt ákvörðunarvald er hins vegar í hendi saksóknara.

Um 5. Þótt rannsóknin, sem fram fer samkvæmt þessari grein, sé einkum í þágu skuldheimtumanna er hún þó jafnframt hluti almennrar réttarvörzlu á sviði viðskipta. Oft leiðir hún ekki til fjárhagslegs ávinnings fyrir einn eða neinn. Rétt þykir því að hið opinbera greiði kostnaðinn, þó með þeirri undantekningu, sem greind er í greininni.

Um 6. Þarf ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér verða þáttaskil í málsmeðferð og er málið nú komið inn á vettvang sakamála og gilda því almennar reglur þeirra mála um meðferð þess héðan af, nema að því leyti, að skiptaréttur fer með rannsóknina og er áður að því vikið.

Um 1. Þarf ekki skýringa.

Um 2. Þarf ekki skýringa.

Um 3. Til þess að öllum þeim, sem hlut eiga að máli, sé ljóst, að sakamálsmeðferð er nú komin til, þykir rétt, að skiptaréttur sé nefndur sérstöku nafni, þegar hér er komið.

Ákvæðin um lögreglu og aðstoð bókhaldsfróðs manns eru sett öryggis vegna. Orðið bókhaldsfróður er notað til þess að ljóst sé, að ekki þarf aðstoð löggilts endurskoðanda, ef hæfur maður fæst.

4. Þarf ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér verða enn þáttaskil, þannig að málið fer nú úr höndum rannsóknardeildar skiptaréttar, nema saksóknari æski framhaldsrannsóknar. Meðferðin er nú í höndum saksóknara og sakadóms og verður rekið sem venjulegt opinbert mál. Rök til þessa eru greind í almennu greinargerðinni hér að framan.

Um 1. Þarf ekki sérstakra skýringa.

Um 2. Varnarþing er ákveðið í samræmi við almenn sjónarmið um varnarþing í opinberum málum. Rétt þykir, að saksóknari hafi nokkurt hegðunarvald hér eins og í opinberum málum almennt, sbr. VI. kafla laga nr. 82/1961.

Um 3. Hér má vísa til 115.—118. gr. laga nr. 82/1961, en annars er ekki þörf sérstakra skýringa.

Um 4. Ákvæði um kostnað er sett öryggis vegna, en annars þarf ekki sérstakra skýringa.

Um 9. gr. er áður rætt sbr. II. 5. hér að framan.

Um 4. gr.

Reynslan hefur sýnt, að óframkvæmanlegt er að fylgja ákvæði þessu út í æsar, enda virðist og fyrri liður greinarinnar veita skiptaráðanda nægjanlegt aðhald.

Um 5. gr.

Hér koma sömu sjónarmið til og greind eru í sambandi við 4. gr. og þó öllu fremur. Hér má og nefna 97. og 98. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Um 6. gr.

Ákvæðin virðast óþörf, enda veitir XIV. kafli hegningarlaganna nr. 19/1940 nægjanlegt aðhald, sbr. einkum 141. gr.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringa.

Ed. 667. Frumvarp til laga [298. mál]

um Þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslenzku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að síbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenzka leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenzkrar tungu.

3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenzkra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperu og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið.

5. gr.

Þjóðleikhúsráð skal þannig skipað:

Núverandi skipan utanríkisþjónustunnar á rætur sínar að rekja langt aftur í tímann, þegar allt aðrar aðstæður ríktu á öllum sviðum en nú. Gjörbreyting hefur orðið á í samskiptum ríkja, sem má fyrst og fremst rekja til greiðari samgangna og aukinnar fjarskiptatækni. Þessi samskipti fara nú fram að miklu leyti beint og milliliðalaust með gagnkvæmum heimsóknum ráðamanna og sérfræðinga, sem fjalla um viðkomandi málefni. Þetta hefur leitt af sér breytingu á hlutverki sendiráða, sem eigi að síður eru þó höfuðstofnanir utanríkisþjónustunnar í dag. Verður að draga í efa, að sá tiltölulega mikli kostnaður, sem til þeirra er lagður, skili sér að fullu. Að mati flutningsmanna þurfum við í framtíðinni að leggja sífellt meiri áherzlu á hreyfanlega utanríkisþjónustu, sem beinir starfskröftum sínum jafnan þangað, sem þörfin er mest. Við hljótum að leggja aukna áherzlu á þann þátt utanríkisþjónustunnar, sem lýtur að utanríkisviðskiptum, og einmitt á því sviði eigum við að koma upp hreyfanlegu kerfi, sem sífellt starfar að markaðskönnun og markaðsleit.

Í þáltill. þessari er lagt til, að Íslendingar beiti sér fyrir samstarfi Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði. Hér er einmitt tækifæri til að sýna norræna samvinnu í verki. Sameiginlegar aðgerðir í þessum málum mundu og tvímælalaust auka samstöðu og samheldni þessara þjóða í utanríkismálum. Ýmsum kann að finnast það nokkuð róttæk tillaga að leggja til, að sendiráð þessara ríkja innbyrðis verði lögð niður, og að það sé ekki í þágu norrænnar samvinnu. Þessi ríki hafa mikið og náið samband sín á milli á öllum sviðum. Þannig hafa ríkisstjórnirnar, yfirvöld og félagasamtök innan landanna með sér tíð og bein samskipti. Með þeim hætti, sem hér er bent á, væri einmitt undirstrikað, hve náið samstarf þjóðanna er, og jafnframt lögð áherzla á, að þær líta á sig sem mjög samstæða heild í samfélagi þjóðanna.

Ed. 669. Breytingartillögur [213. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá Einari Ágústssyni og Gils Guðmundssyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Náttúruverndarsjóður greiðir kostnað af verkefnum á sviði náttúruverndar, þ. á m. nauðsynlegum rannsóknum, sem öðrum aðilum ber ekki að standa straum af. Fyrir lok maímánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir menntamálaráðuneytinu fjárhagsáætlun um útgjöld sjóðsins á næsta ári, sem ætla má að leiði af framkvæmd laga þessara.

2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur náttúruverndarsjóðs skulu vera:
   1. ½% af heildsöluverði þeirrar vatnsorku og ¼% af söluverði þeirrar varmaorku, sem virkjuð er í landinu.
      Seljendur greiða gjaldið eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.
   2. Fast framlag úr ríkissjóði, er nemur a. m. k. 5 millj. kr. á ári.
3. Kaflafyrirsögn á undan 9. gr. orðist svo:
   Náttúruverndarsjóður og fjáröflun til hans.

Nd. 670. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um hefð, nr. 46 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og leitað um það umsagnar. Með tilliti til þess, að hefðarlöggjöfin er að miklu leyti samnorræn löggjöf, er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með ábendingu um endurskoðun þeirrar löggjafar, ef ástæða þykir til.

Alþingi, 24. marz 1971.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundskr.	Stefán Valgeirsson.
Steingrímur Pálsson.	Jónas Pétursson.	Pétur Sigurðsson.
	Gísli Guðmundsson.	

Nd. 671. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og sent það til umsagnar Skipaútgerðar ríkisins. Birtist umsögn Skipaútgerðarinnar hér með sem fylgiskjal. Með hliðsjón af því, sem þar kemur fram, leggur undirritaður meiri hl. nefndarinnar til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.
	Geir Hallgrímsson.	

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 8. febrúar 1971.

Vér höfum móttekið bréf háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 3. des. s. l., þar sem óskað er umsagnar vorrar um frumvarp til laga um

kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi, flm. Steingrímur Pálsson, mál nr. 125, neðri deild, en samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs, 600—700 rúmlestir að stærð, með vöru- og farþegarúmi sérstaklega til ferða milli Vestfjarða og Reykjavíkur. Hefur stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar fjallað um þetta mál og vill taka fram eftirgreint:

Eftir að bæði strandferðaskipin, smíðuð á Akureyri, eru komin í þjónustu, auk Herjólfs, er gert ráð fyrir, að þau fullnægi svo meginvöruflutningum á sjó milli innlendra hafna, sem til falla strandferðaskipum, að hið sérbyggða strandferðaskip fyrir Vestfirði, sem í nefndu frumvarpi er stungið upp á að smíða, mundi skapa svo óeðlilegan völuflutningafrádrátt frá þeim skipum, sem fyrir eru, að slíkt yrði ekki talið viðunandi.

Í tillögunni virðist gert ráð fyrir skipi með fastabúnaði fyrir meira en 12 farþega, sem mundi setja skipið undir reglur um farþegaskip, að því er snertir smíði og búnað, en meginverkefni yrði eftir sem áður völuflutningur. Reynsla af rekstri Esju og Heklu á liðnum tíma hefur hins vegar sýnt, að ekki hentar lengur, svo teljandi sé, að sameina völuflutning og farþegaflutning. Mundi því umrætt skip, þótt smíðað yrði, tæplega fá nokkurn rekstrargrundvöll sem farþegaskip með því að hafa völuflutninga sem aðalverkefni og tekjulind.

Varðandi skip til farþegaflutninga skal á það bent, að núverandi samgönguráðherra hefur óskað athugunar á því, hvort smíði að mestu leyti einhliða farþegaskips til strandferða geti talizt eiga rétt á sér þjónustulega og rekstrarlega.

Virðingarfyllst,

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Guðjón F. Teitsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Ed. 672. Breytingartillaga [213. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Aftan við 37. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Nd. 673. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. des. 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. 1. tl. falli niður.
2. Við 2. gr. Orðin „skattfrjálsum arði samkvæmt B-lið 12. gr. og“ í 1. málsgr. falli niður.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:
A. Hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila. Undanþegin eru þó þau félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.
B. Gagnkvæm vátryggingar- og ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.
C. Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, enda sé félagið skráð í firmaskrá og við skráningu afhentur félagssamningur, þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár, sem eigendur skuldbinda sig til að láta standa óhreyft í félaginu til félagsslita, svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Enn fremur skal senda skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað sameignarfélag samkvæmt þessari mgr.

Á önnur sameignarfélög skal ekki lagður skattur sem sjálfstæða skattþegna. Eignum og tekjum slíkra félaga skal skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna.
D. Samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna sinna. Þó skulu þau eigi greiða skatt af þeim tekjum, sem skipt er á milli félagsmanna í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu samlagsins og skattlagðar skulu hjá þeim.
E. Sjóðir, félög og stofnanir, þar með talin sjálfseignarfélög, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattskyldu samkvæmt 6. gr., svo og þrotabú og dánarbú undir skiptum.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í 1. mgr. A—E hér að framan og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum og eignum sem önnur félög.

4. Við 4. gr.
a. 1. tl. orðist svo:
C-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Landskuld af leigujörðum og arður af hvers konar hlunnindum og ítökum, leiga eftir lóðir, hús og önnur mannvirki, svo og áætlað gjald af jörðum, ítökum, hlunnindum, lóðum, húsum og öðrum mannvirkjum, sem eigendur eða rétthafar nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án eðlilegs endurgjalds. Enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, arður af byggingarpeningi, svo og leiga eða arður af lausafé, þar með talin skip og loftför, sem á leigu er selt.

b. 2. tl. orðist svo:
D-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir eða arður af hlutabréfum, eignarhlutum í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., skuldabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum, svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum, útistandandi skuldum og öðrum arðberandi kröfum, sbr. þó B-lið 12. gr. og 2. mgr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki heldur til skattskyldra tekna hluthafans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegu verðmæti hreinna eigna félagsins, annarra en arðjöfnunarsjóðs eða skattfrjáls varasjóðs. Samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna,

miðað við hlutafé félagsins, má ekki vera hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá 1. janúar 1973, eða frá stofnun hlutafélags eða innborgunar hlutafjár eftir þann tíma. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Nú selur hluthafi hlutabréf til hlutafélags þess, er bréfin gaf út, og skal þá teljast til arðs hjá seljanda mismunur söluverðs og nafnverðs hlutabréfanna, þ. m. t. nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð seljandi keypti hlutabréfin eða hvenær. Þó skulu ákvæði 1. og 7. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. taka til sölu hlutabréfa til félagsins sjálfs, svo lengi sem eða að því marki sem hlutfall eigin hlutabréfa hlutafélagsins við kaupdag fer ekki, þrátt fyrir kaupin, yfir 10% af nafnverði hlutafjár félagsins, þ. m. t. nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum. Nú er hlutafélagi slitið samkvæmt VI. kafla laga nr. 77/1921, án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 8. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, þ. m. t. nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum, og skiptir því ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð hlutabréfin hafa verið seld og keypt. Eigin hlutabréf teljast ekki til eignar. Arður af eigin hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af eignarhlutum í sameignarfélagi samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr. telst sérhver afhending verðmæta til eigenda eignarhluta, er telja verður sem tekjur af eignarhluta þeirra í félaginu, er nemur hærri fjárhæð en 10% af stofnfé og hreinni bókfærðri eign félagsins, annarri en skattfrjálsum varasjóði, í byrjun þess árs, er úthlutun á sér stað. Úthlutun innborgaðs stofnfjár eigenda við félagsslit telst þó eigi til skattskyldra tekna þeirra.

Til arðs af verðbréfum, svo sem skuldabréfum og víxlum, teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborganatímans.

c. 3. tl. orðist svo:

E-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ágóði af sölu fyrnanlegs lausafjár samkvæmt 15. gr., þar með talin skip og loftför, sölu verðmæta samkvæmt 4. og 5. tl. A-liðs 15. gr., svo og sölu hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en tvö ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í tvö ár, en skemur en fjögur ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina í full fjögur ár eða lengur, telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna.

Ágóði af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., er að fullu skattskyldur á söluári. Þó skal ágóði af sölu þessara eigna eigi teljast til skattskyldra tekna, ef skattþegn hefur átt eignina í tvö ár eða lengur. Ágóði af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði hins vegar.

Ágóði af sölu fasteigna, þar með talin sala náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en þrjú ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í full þrjú ár, en skemur en fjögur ár, skulu aðeins þrír fjórðu hlutar ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina full fjögur ár, en skemur en fimm ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna, en hafi hann átt eignina full fimm ár, en skemur en sex

ár, skal aðeins fjórðungur ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina full sex ár eða lengur, telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna. Þó skal ágóði af sölu íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., eigi teljast til skattskyldra tekna, hafi skattþegn átt íbúðarhúsnæðið íbúðarhæft í þrjú ár eða lengur.

Hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna samkvæmt C-lið 15. gr. skal teljast mismunur söluverðs þeirra annars vegar og bókfærðs verðs þeirra hins vegar, en bókfært verð samkvæmt lögum þessum er heildarfyrningarverð samkvæmt B-lið 15. gr., að frádregnum fengnum fyrningum samkvæmt ákvæðum skattalaga. Þegar fyrnanleg eign er seld, skal á söluárinu telja seljanda til tekna alla fyrningu, sem hann hefur fengið vegna eignarinnar, umfram leyfilega lágmarksfyrningu, ákveðna eftir reglum C-liðs 15. gr. laganna, allan fyrningartímann til söludags, þó ekki hærri fjárhæð en söluhagnaði nemur. Í þessu sambandi skulu hámarksfyrningar skipa, skipsbúnaðar og loftfara teljast lágmarksfyrningar fyrstu þrjú ár eignarhaldstímans, enda sé söluhagnaði varið til kaupa sams konar eigna innan tveggja ára frá sölu. Enn fremur skulu í þessu sambandi allar fyrningar fengnar fyrir gildistöku laga þessara teljast lágmarksfyrningar. Söluhagnaður að frádregnum skattskyldum fyrningum samkvæmt 2. málslið þessarar málsgreinar telst skattskyldur ágóði samkvæmt 1. og 3. mgr.

Ágóði af sölu fasteigna, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., og íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði þeirra hins vegar. Þó skal heimilt að miða við fasteignamatsverð, staðfest á árinu 1971, í stað kaupverðs eða kostnaðarverðs, hafi fasteignin verið í hendi seljanda í árslok 1969.

Nú selur skattþegn sérgreinda fasteign eða mannvirki ásamt eignarlóð eða landi í heild eða hluta, og skal þá heildarsöluverði skipt í sama hlutfalli og þessar einingar eru metnar til gildandi fasteignamatsverðs á söludegi. Sama skal gilda um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu, sé um að ræða sameiginlega sölu íbúðarhúsnæðis og atvinnurekstrarhúsnæðis. Á sama hátt skal ákvörðuð skipting á kaupverði kaupanda.

Ágóði af sölu hlutabréfa skal teljast mismunur raunverulegs söluverðs þeirra annars vegar og kaupverðs þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda skal ákvarða sem samanlagt nafnverð keyptra hlutabréfa og þeirra jöfnunarhlutabréfa, sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða raunverulegt kaupverð, hvort sem hærra reynist. Kaupverð hlutabréfa, sem skattþegn hefur eignazt við samruna hlutafélaga samkvæmt 8. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa, er hann lét af hendi. Þegar ákvarða skal ágóða af sölu hlutabréfa, skal kaupverð hvers hlutabréfs ákvarðað jafnt meðalverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattþegns, telst ágóði af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Ágóði telst mismunur á söluverði eignanna annars vegar og kaupverði, kostnaðarverði eða bókfærðu verði þeirra hins vegar.

Bætur vegna altjóns og eignarnámsbætur teljast sem söluverð í þessu sambandi. Stafi söluhagnaður af greiðslu bóta vegna altjóns eða eignarnáms, er skattþegni heimilt að dreifa skattskyldum hluta söluhagnaðarins á fimm ár, þannig að með tekjum hvers árs skuli aðeins teljast einn fimmti hluti.

Skattþegn skal heimilt að fresta skattlagningu skattskylds hluta söluhagnaðar um tvenn áramót, afli hann sér eigna, sem fyrna má samkvæmt ákvæðum C-liðs 15. gr., innan þess tíma og fyrni þessar eignir samkvæmt

ákvæðum 6. mgr. D-liðs 15. gr., enda noti skattþegn þá eigi heimildarákvæði 9. mgr. þessa stafliðs.

Hafi skattþegn eignazt hið selda fyrir arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma samkvæmt þessari grein miðað við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

Áður en skattskyldur ágóði af sölu eigna samkvæmt þessari grein er ákveðinn, má skattþegn draga frá heildarágóðanum það tap, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar verðmæta á sama ári.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

9. gr. laganna orðist svo:

A. Félög, sem myndað hafa arðjöfnunarsjóð samkvæmt ákvæðum 1. mgr. A-liðs 17. gr., mega einungis verja honum til arðgreiðslu eða til að mæta tapi af rekstri á næstu fimm árum eftir að fé var lagt í sjóðinn.

Sé fé úr arðjöfnunarsjóði varið til annarra nota, skal það teljast með öðrum skattskyldum tekjum félagsins á ráðstöfunarárinu. Hafi framlag í arðjöfnunarsjóð eigi verið notað samkvæmt 1. mgr. á næstu fimm árum eftir að fé var lagt í sjóðinn, skal það teljast að fjórum fimmtu hlutum með öðrum skattskyldum tekjum félagsins á sjötta ári, en einn fimmti hluti leggjast við höfuðstól. Sama regla gildir, ef fé úr arðjöfnunarsjóði er notað til að mæta tapi af rekstri samkvæmt 1. mgr.

B. Ef félag, sem notfært hefur sér heimild 2. mgr. B-liðs 17. gr. og hefur varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta tapi af rekstri félagsins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst m. a. önnur ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem eru ekki viðkomandi rekstri félagsins.

b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.

c. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattayfirvalds. Skal þá meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkvæmt 2. mgr. B-liðs 17. gr., ráðstafað fé á einhvern annan hátt en til að mæta tapi af rekstri sínum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins, að viðbættum viðurlögum.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkvæmt lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Félög samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1965, önnur en sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, eins eða fleiri, sem fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr. og lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja helming varasjóðsins við höfuðstól sinn, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna félagsins. Um ráðstöfun þess hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal fara samkvæmt öðrum ákvæðum þessa stafliðs.

6. Við 7. gr. 3. tl. orðist svo:
G-liður 10. gr. laganna orðist svo:
Fæði, er sjómenn á skipum og aðrir launþegar, er vinna utan heimilissveitar sinnar, fá hjá vinnuveitendum sínum. Sama gildir, þótt unnið sé innan heimilissveitar, ef eigi er um fullt fæði að ræða eða samsvarandi hæfilegan fæðisstyrk í þess stað.

7. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
2. mgr. B-liðs 11. gr. laganna orðist svo:
Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga og skattþegn hefur eigi valið að mæta með færslu úr arðjöfnunarsjóði eða varasjóði samkvæmt 9. gr., má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það þannig er að fullu jafnað, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Þann hluta rekstrartapa, sem myndazt hefur vegna fyrninga, samkvæmt C-lið 15. gr., og ekki hefur verið jafnaður að fullu samkvæmt 1. málslið, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Á sama hátt má flytja á milli ára þann hluta rekstrartapa, sem myndazt hafði til ársloka 1970 vegna fyrninga samkvæmt B-lið 15. gr. laga nr. 90/1965, og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið.

8. Við 9. gr.
a. 1. tl. orðist svo:
A-liður 12. gr. laganna orðist svo:
Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr. Þó skal gjaldanda heimilt að eignfæra vexti af lánum til öflunar eigna, þar til þær eru hæfar til tekjuöflunar, sbr. B-lið 15. gr. Afföll af seldum verðbréfum má greiðandi færa til gjalda í samræmi við reglu 3. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr.

b. 2. tl. orðist svo:
Á eftir A-lið 12. gr. laganna komi nýr stafliður, B, og breytist stafliðaröðin samkvæmt því. Stafliður B verði svo hljóðandi:
Arð af hlutabréfum í eigu manna og vexti þeirra af stofnsjóðum í félögum samkvæmt B-lið 1. mgr. 5. gr., þó eigi meira fé en 30 000 kr. samtals hjá hverjum einstaklingi og 60 000 kr. hjá hjónum, sem telja fram saman. Aldrei má þó frádráttur vegna arðs af hlutabréfum nema meiru en 10% af hlutafjáreign skattþegns í hverju einstöku hlutafélagi. Ákvæði þessa stafliðs taka ekki til arðs af hlutabréfum hlutafélaga, sem notfæra sér heimild 1. mgr. B-liðs 17. gr.

9. Við 12. gr.
a. B-liður orðist svo:
Heildarfyrningarverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ. e. kaupverð eða framleiðsluverð ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu að viðbættum tollum, flutningsgjöldum, niðursetningarkostnaði og öðrum áföllnum kostnaði, þó eigi vöxtum, sbr. þó heimild í A-lið 12. gr., þar til eignin er hæf til teknaöflunar, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, sbr. þó 4. mgr. D-liðs, afsláttum, eftirgjöfum skulda eða skaðabótum, sem til falla í sambandi við kaup eða framleiðslu eignarinnar. Fyrningarverð íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í E-lið, skal þó vera jafnt fasteignamatsverði.
Gengistap á skuldum, sem stofnað var til vegna öflunar fyrnanlegra eigna, sem fyrnast samkvæmt C-lið, má færa sérstaklega til eignar á því rekstrarári, sem gengisbreyting á sér stað.

Fyrningartími eigna hefst, þegar þær eru hæfar til teknaöflunar í hendi eiganda, sbr. þó D-lið. Fyrningartími verðmæta samkvæmt 3. tl. A-liðs hefst þó fyrst við nýtingu þeirra. Upphaf fyrningartíma fyrnanlegra eigna, sem skattþegn á í árslok 1970, telst 1. janúar 1971.

b. C-liður orðist svo:

Fyrning skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, ákveðin sem fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði þeirra eigna og innan þeirra marka, sem hér greinir:

1. Véla og tækja til jarðvinnslu, námarekstrar og mannvirkjagerðar, svo og allra flutningatækja, skipa og skipsbúnaðar. Lágmark 10%, en hámark 15%.
2. Allra véla, tækja og annars lausafjár, sem eigi fellur undir 1. tl. Lágmark 8%, en hámark 12.5%.
3. Bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í E-lið. Hámark 2% til 10% eftir gerð og byggingarefni. Lágmark skal vera helmingur af hundraðshluta hámarks. Fjármálaráðherra skal í reglugerð flokka til fyrningar byggingar og önnur mannvirki samkvæmt þessum tölulið.
4. Keypts eignarréttar að verðmætum hugverkum og auðkennum samkvæmt 4. tl. A-liðs og sérstaks stofnkostnaðar samkvæmt 5. tl. A-liðs. Lágmark 5%, en hámark 20%.

Fyrning náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra skal miðuð við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessari málsgrein má aldrei verða hærri en heildarfyrningarverð hins fyrnda, að frádregnu verðmæti því, sem eftir stendur að lokinni nýtingu.

Stofnkostnað þann, sem um ræðir í 5. tl. A-liðs, má fyrna að fullu á því ári, sem hann myndast.

Gengistap, sbr. 2. mgr. B-liðs, má fyrna að fullu á eftirstöðvum fyrningartíma hlutaðeigandi eignar eða á 5 árum, eftir vali skattþegns.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má víkja frá reglum þessa stafliðs um hámarksfyrningu. Skattstjóri veitir heimild til þessa fráviks, en skjóta má ákvörðun hans til ríkisskattstjóra. Verði fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið ónothæf, áður en fyrningu hennar er lokið, og eftirstöðvar bókfærðs verðs hennar eru hærri en niðurlagsverð eða tjónbætur, má færa mismuninn til gjalda á því ári. Nú er fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið seld eða hún eyðileggst, og skal þá reikna ársfyrningu til gjalda hlutfallslega miðað við söludag eða tjóndag. Þó má fyrna niður í söluverð eða tjónbætur, sé það lægra en bókfært verð.

c. 4. mgr. D-liðs orðist svo:

Óendurkræfa styrki til öflunar á fyrnanlegum eignum samkvæmt A-lið, aðra en þá, sem um ræðir í F-lið 10. gr., skal telja til tekna á því ári, sem ákvörðun er tekin um slíkt, og til eignar sem hluta kostnaðarverðs eignanna, sbr. 1. mgr. B-liðs. Á sama rekstrarári er heimilt að fyrna þessar eignir með sérstakri fyrningu, er nemi sömu fjárhæð og styrkirnir. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein.

d. Á eftir 5. mgr. D-liðs komi ný mgr., er verði 6. mgr. og orðist svo:

Til viðbótar þeim fyrningum, sem heimilar eru samkvæmt C-lið, svo og til viðbótar eða í stað heimilaðra hundraðshluta fyrninga samkvæmt 1. og 2. mgr. þessa stafliðs, og að svo miklu leyti sem ófyrndar eftirstöðvar heildarfyrningarverðs eignanna leyfa, er heimilt að fyrna eignir þær, er um getur í C-lið, með sérstakri fyrningu, er má nema fjárhæð jafnri skattskyldum hluta söluhagnaðar samkvæmt E-lið 1. mgr. 7. gr., á sama rekstrarári og

söluhagnaður er skattlagður. Eigi má mynda rekstrarhalla vegna fyrninga samkvæmt þessari mgr. og ekki nota þær til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum.

e. E-liður orðist svo:
Fyrning íbúðar manns, sem aðeins á eina íbúð, skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði. Einnig er eiganda íbúðar, sem hann notar fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína, heimilt að beita sömu fyrningarreglu um aðra íbúð, er hann kann að eiga í sömu eða annarri fasteign, án tillits til fasteignamatsverðs hennar, eða annað íbúðarhúsnæði í fasteign þeirri, er hann býr í, enda sé fasteignamatsverð þess eigi hærra en íbúðar þeirrar, sem hann býr í. Þessi heimild eiganda miðast við aðstæður við upphaf fyrningartíma og skal notuð þá strax og halda gildi sínu allan eignarhaldstíma hans á þessu húsnæði.

Árlegan frádráttarbæran viðhaldskostnað húsnæðis, sem fyrnt er samkvæmt 1. mgr., má ákveða sem fastan hundraðshluta af fasteignamatsverði.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð ákveðið um flokkun húsnæðis samkvæmt 1. mgr. eftir gerð og byggingarefni og ákveðið árlegan hundraðshluta fyrningar og viðhaldskostnaðar.

10. Við 13. gr. 4. tl. orðist svo:
Í 3. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ og „3 200 kr.“ í „40 500 kr.“ og „5 400 kr.“

11. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
17. gr. laganna orðist svo:

A. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum arð þann, er þau greiða til hluthafa sinna eða eigenda, framlag í arðjöfnunarsjóð og skatt samkvæmt 25. gr. III. lið.

Innlend vátryggingarfélög mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við vátryggingartaka eða vátryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga yfirfæranleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr., og frádrátt samkvæmt 2. mgr. þessa stafliðs.

Eigi má mynda yfirfæranlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1. mgr. þessa stafliðs.

Að fenginni umsókn félags, skal skattyfirvöldum heimilt að leyfa því að falla undir ákvæði B-liðs þessarar greinar.

B. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr. og fengið hafa undanþágu frá ákvæðum A-liðs þessarar greinar, mega draga frá hreinum tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af nafnverði hlutafjár eða stofnfjár.

Ef nokkuð af hreinum tekjum félaga samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs, svo og félaga samkvæmt B-lið, 1. mgr. C-liðs og D- og E-liðum 1. mgr. 5. gr., er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ¼ hluta af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og tekjuútsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjum.

Félög þau, sem um ræðir í B-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Þá mega félög þessi draga frá hreinum tekjum sínum það fé, er þau greiða félagsmönnum sínum í vexti af stofnsjóðseign, þó eigi hærra en 10% ársvexti.

Félög, sem hafa það að meginmarkmiði sínu að vinna úr eða selja afurðir félagsmanna sinna, mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Fé, sem þannig er úthlutað, telst ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu, en til tekna hjá einstökum félagsmönnum.

Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. og 4. mgr. þessa stafliðs, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, skal telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna.

Innlend vátryggingarfélög mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við vátryggingartaka eða vátryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1.—4. mgr. þessa stafliðs skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga yfirfæranleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr., og frádrátt samkvæmt 6. mgr. þessa stafliðs.

Eigi má mynda yfirfæranlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1.—4. mgr. þessa stafliðs.

Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr., sem notað hafa heimildir samkvæmt þessum staflið, geta tilkynnt skattstjóra með yfirlýsingu félagsstjórnar, að þau óski framvegis að vera skattlögð í samræmi við ákvæði A-liðs þessarar greinar.

12. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 2. mgr. 18. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ef skattþegnar, einstaklingar eða félög semja um skipti sín í fjármálum á hátt, sem er verulega frábrugðinn því, sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattþegnsins, en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

13. Við 18. gr. Við greinina bætist nýr tl., er verði 4. tl. og orðist svo:
E-liður 22. gr. laganna orðist svo:

Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé. Sama gildir um stofnfé sameignarfélaga samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

14. Við 19. gr.
a. II. tl. orðist svo:

Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í A- og B-liðum, 1. mgr. C-liðs og D- og E-liðum 1. mgr. 5. gr., skal vera 20% af skattgjaldstekjum.

b. III. tl. orðist svo:

Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 17. gr., skulu greiða í skatt 15% af því fé, er þau greiða hluthöfum sínum eða eigendum í arð eða leggja í arðjöfnunarsjóð.

Sé móttakandi arðsins innlent félag samkvæmt 1. mgr. A-liðs 17. gr., sem á meira en 25% af hlutafé þess félags, er arðinn greiðir, eða félag, sem hefur það að einasta markmiði að ávaxta fé sitt í hlutabréfum eða öðrum verðbréfum, skal því félagi, er arðinn móttekur, heimilt að draga frá þeim skatti, er því bæri að greiða samkvæmt II. tl. og 1. mgr. þessa töluliðs, fjár-

hæð, er samsvarar 15% af þeim arði, er félagið hefur móttekið á árinu og uppfyllir skilyrði þessa töluliðs.

15. Á eftir 21. gr. komi þrjár nýjar greinar, er verði 22. gr., 23. gr. og 24. gr., og síðari greinatölur breytist skv. því:

a. (22. gr.) Á eftir 3. mgr. 38. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar skattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein, skal senda gjaldanda tilkynningu þar um í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytinguna skal eigi send hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs fyrr en að loknum kærufresti til skattstjóra eða að loknum úrskurði kæru, hafi gjaldandi kært breytinguna, sbr. ákvæði 40. gr. Samrit tilkynningar til innheimtumanns ríkissjóðs skal sent til ríkisendurskoðanda og ríkisskattstjóra.

b. (23. gr.) 39. gr. laganna orðist svo:

Eigi síðar en 20. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa samið og lagt fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda. Skattskrá skal liggja til sýnis 2 vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð, hvar skattskrá liggur frammi. Enn fremur skal skattstjóri senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, er gjalda eiga tekju- og eignarskatt í því lögsagnarumdæmi, og samrit til ríkisendurskoðanda og ríkisskattstjóra.

c. (24. gr.) 40. gr. laganna orðist svo:

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn, og getur hann þá sent skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 14 daga, frá því er skattskrá er lögð fram eða póstlögð var tilkynning um skattbreytingu, sbr. 4. mgr. 38. gr. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skulu skattstjórar hafa úrskurðað kærur og leiðrétt skattskrá. Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi. Samrit úrskurða skulu send ríkisskattstjóra. Leiðréttingar á skattskrá skulu jafnframt sendar hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs og samrit til ríkisendurskoðanda og ríkisskattstjóra.

Úrskurðir skulu uppkveðnir af skattstjórum eða af þeim starfsmönnum þeirra, sem fengið hafa sérstaka heimild ríkisskattstjóra til þessa starfs.

16. Við 27. gr. (verður 30. gr.). 3. mgr. orðist svo:

Ákvæði 22. gr., 23. gr., 24. gr., 26. gr. og 28. gr., svo og I. tl. ákvæða til bráðabirgða skulu þó koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir skattárið 1970.

17. Við ákvæði til bráðabirgða.

a. I. tl. orðist svo:

Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1970 skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1970 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, annarra en íbúðarhúsnæðis, fyrir árið 1970 og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1970, miðað við þær eignir, sem hann átti í árslok 1968 og á í árslok 1970. Til gjaldfærðra fyrninga í þessu sambandi skal þó ekki telja þær gjaldfærðar fyrningar, sem myndazt hafa af hækkun bókfærðra eigna vegna gengistapa á árinu 1968.

b. II. tl. orðist svo:

Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, sem fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., þar sem eignum og tekjum skal nú skipt með sameigendum, sem lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/1965 og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja ⅗ hluta varasjóðsins við höfuðstól eigenda, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna eigenda. Þann hluta varasjóðsins, sem

eftir stendur, skal telja með skattskyldum tekjum eigenda með að minnsta kosti einum fimmta hluta ár hvert, þar til varasjóðurinn er að fullu leystur upp. Þeim hluta varasjóðsins, sem hefur ekki verið leystur upp á hverjum tíma, mega eigendur þó verja til að mæta sérstökum fyrningum samkvæmt ákvæðum 5. mgr. D-liðs 15. gr.

c. III. tl. orðist svo:

Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1971 og 1972 að láta meta endurkaupsverð fyrnanlegra eigna sinna, samkvæmt 1.—3. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr., sem þau áttu í árslok 1970, en höfðu eignazt fyrir árslok 1968. Endurkaupsverð eigna samkvæmt 2. og 3. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr. skal teljast jafnt fasteignamatsverði samkvæmt fasteignamati því, sem gildi tekur á árinu 1971. Frá endurkaupsverði eignanna skal draga þá óbókfærðu fyrningu, sem eigandi þeirra fékk á skattárinu 1970 vegna þessara eigna samkvæmt I. tl. ákvæða til bráðabirgða, og telst mismunurinn heildarfyrningarverð eignanna samkvæmt B-lið 15. gr. Frá þannig ákvörðuðu heildarfyrningarverði lausafjár samkvæmt 1. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr. skal draga hlutfallstölu þeirra fyrninga, sem samtals hefur verið notuð af eiganda eignarinnar á liðnum árum, þó aldrei meira en 80% fyrir eignir, sem eigandinn eignaðist fyrir 1. janúar 1960, og 50% fyrir eignir, sem hann eignaðist eftir þann tíma, og telst þessi frádráttur fengin fyrning samkvæmt C-lið 15. gr. Aldrei má hið nýja bókfærða verð eignar vera hærra en sennilegt gangverð hennar.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd endurmatsins.

Hækkun bókfærðs verðs eigna samkvæmt mati þessu telst ekki til skattskyldra tekna. Skattstjórar skulu úrskurða um matið. Skattþegn, sem vill ekki sætta sig við úrskurð skattstjóra, getur skotið máli sínu til ríkisskattstjóra, sem kveður upp um það endanlegan úrskurð.

d. IV. tl. orðist svo:

Á árunum 1971 og 1972 er úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem eigi teljast til arðs, sbr. 2. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr., bundin því, að eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi breytist ekki við útgáfu bréfanna og útgáfan sé byggð á raunverulegu verðmæti hreinna eigna félagsins, annarra en arðjöfnunarsjóðs eða skattfrjáls varasjóðs.

e. Við bætist 3 nýir töluliðir:

1. Sameignarfélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, sem óska að verða skattlögð sem sjálfstæðir skattþegnar samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., skulu eigi síðar en í árslok 1971 tilkynna skattstjóra hlutaðeigandi skattumdæmis um þá ósk. Tilkynningu skal fylgja vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi, er fullnægi skilyrðum 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr.

   Á árunum 1971 og 1972 má yfirfæra á stofnfjárreikning eigenda þessara félaga bókfærða hreina eign félagsins í árslok 1970, aðra en skattfrjálsan varasjóð, án þess að yfirfærslan teljist til arðs, sbr. 3. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr. Sama gildir um hækkun bókfærðs verðs eigna þessara félaga, stafi hækkunin af notkun heimilda í III. tl. ákvæða til bráðabirgða.
2. Hlutafélög, sem stofnuð hafa verið við gildistöku þessara laga og óska að fá undanþágu frá ákvæðum A-liðs 17. gr., skulu eigi síðar en í árslok 1971 senda umsókn þess efnis til skattstjóra hlutaðeigandi skattumdæmis.
3. Meðan skattþegnum er skylt að greiða eignarútsvör, er þeim heimilt að draga greidd eignarútsvör frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Sama gildir um greiddan eignarskatt, sem álagður verður á gjaldárinu 1971 eða síðar samkvæmt ákvæðum I. tl. 26. gr. laga nr. 90/1965.

Nd. 674. Lög [173. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

(Afgreidd frá Nd. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 240.

Ed. 675. Nefndarálit [278. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin tók málið fyrir á einum fundi, og voru nefndarmenn á einu máli um nauðsyn þeirrar breytingar á lögunum, sem frumvarpið kveður á um.

En þar sem fram kom á fundinum, að lögin um tekjustofna sveitarfélaga eru í heildarendurskoðun fyrir næsta þing, leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. marz 1971.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Oddur Andrésson.
Ólafur Björnsson.	Björn Jónsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Björn Fr. Björnsson.	

Nd. 676. Breytingartillaga [15. mál]

við till. í nál. á þskj. 380 [Námskostnaðarsjóður].

Frá Matthíasi Bjarnasyni og Magnúsi Kjartanssyni.

Við tillöguna bætist: í trausti þess, að hún hlutist til um, að samin verði heildarlöggjöf um ráðstafanir til að jafna aðstöðu ungmenna til náms og lögð fyrir næsta Alþingi.

Nd. 677. Frumvarp til laga [213. mál]

um náttúruvernd.

(Eftir 3. umr. í Ed., 25. marz.)

Hlutverk náttúruverndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Stjórn náttúruverndarmála.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

3. gr.

Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa þriggja manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn kýs nefndarmenn til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs.

4. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

1) Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2) Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenzkra náttúrufræðinga, Hið íslenzka náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenzkra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenzkra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenzkra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands.
3) Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði.
4) Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5) Náttúruverndarráð.
6) Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.
7) Heimilt er með reglugerð að fjölga þeim, sem sæti eiga á Náttúruverndarþingi.

5. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, unz það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

6. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 4. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

7. gr.

Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir í náttúruverndarmálum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Ráðið hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m. a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum.

Ráðið skal hafa náið samstarf við samtök áhugamanna um náttúruvernd, m. a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd.

8. gr.

Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna.

9. gr.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir menntamálaráðuneytinu fjárhagsáætlun um útgjöld, sem ætla má að leiði af framkvæmd laganna á næsta almanaksári.

10. gr.

Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum.

Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.

11. gr.

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu.

Sé land girt, þarf leyfi landeiganda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði.

12. gr.

Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðu landi, til neyzlu á vettvangi.

Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

13. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum þ. á m. um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.

Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

14. gr.

Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

15. gr.

Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðar eða áhöld eða mannvirki, þ. á m. girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður, svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru, er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði, er landeiganda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum, að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum, á kostnað þess, er skylt var að annast þær, en hefur látið það ógert.

16. gr.

Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvílíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, áður en staðurinn er tekinn til afnota.

17. gr.

Malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám er hverjum manni heimilt í landi sínu, ef ekki gengur í berhögg við 22.—26. gr. Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til menntamálaráðuneytisins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í almenningum er bannað allt nám jarðefna, er um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

18. gr.

Hafi jarðrask orðið við mannvirkjagerð, malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða á annan hátt af mannavöldum, skal þeim, er valdið hefur, skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt. Náttúruverndarráð getur sett fyrirmæli um, hvernig við skal skilið, og m. a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi.

19. gr.

Heimilt er landnámsstjórn að veita sérstök framlög til þess að tryggja ábúð jarða í þeim tilvikum, að hætta sé á, að þær leggist í eyði, enda séu þar framtíðarskilyrði til búrekstrar eða búseta á þeim að öðru leyti þýðingarmikil fyrir byggðina.

Ákvarðanir um það, er að framan greinir, skal taka í samræmi við ákvæði 29. gr.

Landnámsstjórn ber að taka afstöðu til erinda og ábendinga, er grein þessa varða, svo fljótt sem ástæður leyfa og einnig að hafa frumkvæði að því að bjóða þá fyrirgreiðslu, sem heimiluð er í lögum þessum.

46. gr.

Heimilt er landnámsstjórn að kaupa einstakar jarðir eða jarðarhluta, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja ábúð jarða. Þessa heimild skal þó því aðeins nota, að öll stjórnin sé sammála, enda verði gert ráð fyrir, að jarðir séu auglýstar til sölu og ábúðar og seldar aftur einstaklingum eða sveitarfélögum á kostnaðarverði.

47. gr.

Áður en landnámsstjórn tekur ákvörðun um fyrirgreiðslu og framlög til viðfangsefna í þessum kafla, skal landnámsstjóri leggja fyrir stjórnina tillögur um, í hvaða formi aðstoð skuli veitt í hverju tilviki, að svo miklu leyti sem ekki er tekið fram í þessum lögum, enda hafi viðkomandi aðilar veitt allar upplýsingar, er landnámsstjóri hefur óskað eftir.

48. gr.

Þegar Landnám ríkisins eða ræktunarsambönd taka að sér ræktunarframkvæmdir, svo sem framræslu, jarðvinnslu eða frágang ræktunar, eiga þessar stofnanir forgangsrétt til þeirra framlaga, er greidd verða út á umbæturnar samkvæmt þessum lögum.

VIII. KAFLI

Um félagsbúskap og félagsræktun.

49. gr.

Nú stofna tveir eða fleiri bændur til félagsbúskapar á eignar- eða ábýlisjörð, einni eða fleiri. Njóta þeir þá sömu réttinda og um nýbýli sé að ræða, samkv. VI. kafla laga þessara, enda hafi þeir búskap að aðalatvinnu og umráð á landi, sem landnámsstjóri metur að við hæfi sé fyrir félagsbúið. Aðilar skulu gera með sér samning, og eftir að landnámsstjórn hefur viðurkennt hann, skal samningnum þinglýst.

50. gr.

Nú stofna nokkrir bændur til félagsræktunar, eða samtök þeirra, og nýtur þá ræktunin sama stuðnings og ræktun á einstökum jörðum, sbr. 61. gr. tölulið 4. Í samningi um félagsræktun skulu vera skýr ákvæði um afnotarétt lands og ræktunar, eignarrétt eða leiguskilmála, og skiptingu kostnaðar. Landnámsstjórn setur nánari reglur um efni það, sem um ræðir í þessum kafla.

IX. KAFLI

Um endurræktun og ræktun einærra fóðurjurta.

51. gr.

Landnám ríkisins veitir framlög til endurræktunar á eldri túnum eða nýræktun, þar sem nytjagrös hafa eyðzt af völdum kals eða af öðrum orsökum. Bændur skulu jafnan hafa samráð við héraðsráðunauta eða Landnám ríkisins, ef vafi getur leikið á um endurræktun. Sérstaklega ber að athuga, hvort framræsla er ófullnægjandi, enda fari þá fram endurræsla landsins, áður en endurvinnsla er gerð.

52. gr.

Landnám ríkisins veitir á árunum 1972—1976 framlög til ræktunar á einærum fóðurjurtum, svo sem nánar er greint í XI. kafla, um fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins og ríkisframlög.

Til þess að einær ræktun geti notið framlags, ber ráðunaut að fullvissa sig um, að viðunandi árangur hafi náðst, áður en úttekt fer fram.

X. KAFLI

Um varmaveitu á sveitabýlum, notkun jarðhita til heyþurrkunar, grænfóðurverksmiðjur o. fl.

53. gr.

Landnámsstjórn er heimilt að veita framlag til varmaveitu á sveitabæjum, enda bendi undirbúningsrannsóknir og kostnaðaráætlun til, að fjárfesting í þessu skyni sé hagkvæm. Eigi skal þó veita framlög til býla, sem hafa aðstöðu til að tengjast varmaveitum í þéttbýli með sömu kjörum og aðrir innan viðkomandi svæðis.

54. gr.

Heimilt er að veita framlög til sveitabýla til að hagnýta jarðvarma til heyþurrkunar, hvort sem er úr eigin orkulindum eða samveitum. Landnámsstjórn ákveður í hverju tilviki upphæð framlaga innan þeirra marka, er lögin heimila.

55. gr.

Landnámsstjórn skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands láta gera áætlun, eins fljótt og við verður komið, um hversu margar grænfóðurverksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu, og gera tillögur um staðarval.

Áætlun þessi skal lögð fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur endanlega ákvörðun um stofnun og staðarval, svo og um skipun stjórnar. Hver verksmiðja, sem stofnuð er á vegum Landnáms ríkisins, skal hafa þriggja manna stjórn. Tveir skulu vera úr heimabyggð, en landnámsstjóri eða fulltrúi hans þriðji maður og sé hann formaður.

56. gr.

Eftir að ákveðið er að koma upp grænfóðurverksmiðju samkvæmt 55. gr., lætur landnámsstjóri gera framkvæmda- og kostnaðaráætlanir og leggur þær fyrir landnámsstjórn.

Landnámsstjóri hefur umsjón með framkvæmdum.

57. gr.

Þegar grænfóðurverksmiðja er fullgerð og tilbúin að hefja vinnslu, tekur viðkomandi stjórn við verksmiðjunni, ræður starfsfólk og hefur umsjón með rekstrinum. Skrifstofa Landnáms ríkisins aðstoðar við bókhald og annast uppgjör reikninga.

58. gr.

Hver grænfóðurverksmiðja skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki og að því stefnt, að reksturinn standi undir öllum kostnaði, þar á meðal afskriftum og vöxtum af fjármagnskostnaði, og að framleiðslan verði samkeppnisfær um verð og gæði miðað við annað fóður.

59. gr.

Heimilt er, eftir nánari ákvörðun landnámsstjórnar og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að greiða stofnframlög til grænfóðurverksmiðja, sem byggðar eru af félagssamtökum bænda, enda falli slíkar verksmiðjur undir ákvæði 1. málsgr. 55. gr.

60. gr.

Grænfóðurverksmiðjur þær, sem nú þegar hafa verið stofnsettar, falla undir lög þessi.

XI. KAFLI

Um fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins og ríkisframlög.

61. gr.

Landnám ríkisins veitir framlög til framkvæmda, sem taldar eru í þessari grein:

1. Til byggingar nýrra íbúðarhúsa á lögbýlisjörðum utan þéttbýlis, smábýla, garðyrkjubýla og enn fremur til endurbygginga á eldri íbúðarhúsum.

   Á hvert íbúðarhús má veita í eitt skipti allt að kr. 120 000.00 og 10% af sannanlegum kostnaði við endurbyggingu íbúðarhúss, þó aldrei yfir kr. 120 000.00.
2. Til sameiningar jarða, endurbyggingar eyðijarða og til að koma í veg fyrir, að góðar bújarðir fari í eyði, eru veitt framlög eftir nánari ákvörðun landnámsstjórnar.

3. Til byggingar á gróðurhúsum á garðyrkjubýlum allt að kr. 120.00 á fermetra í gróðurhúsum og enn fremur til endurnýjunar á gróðurhúsum, sem eru eldri en 15 ára.
4. Til nýræktar á jörðum í formlegri ábúð skv. ábúðarlögum, nr. 36/1961, og lögum nr. 102/1962, endurræktunar á túnum og til grænfóðurræktar.
   Á hvern hektara er heimilt að greiða allt að kr. 3000.00. Til endurræktunar á túnum, vegna kals eða annarra skemmda, skal þó eigi veita framlag á sama land með styttra millibili en þrem árum.
5. Til varmaveitu á sveitabæjum og til heyþurrkunar eftir ákvörðun landnámsstjórnar.
6. Til grænfóðurverksmiðja, svo sem fé er veitt í fjárlögum til Landnámsins í þessu skyni.

62. gr.

Til þeirra viðfangsefna, sem upp eru talin í 61. gr., og til rekstrarkostnaðar Landnámsins skal veita fé á fjárlögum í samræmi við sundurliðaða áætlun landnámsstjórnar, í fyrsta sinn árið 1972 og þá eigi minna en 53.3 milljónir króna. Þar af sé eigi minna en 7.5 millj. kr. til grænfóðurverksmiðja.

Heimilt er landnámsstjóra, í samráði við landbúnaðarráðherra, að flytja upphæðir á milli liða, eftir verkefnum.

XII. KAFLI
Um Byggingastofnun landbúnaðarins.

63. gr.

Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

64. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðgjafanefnd Byggingastofnunar landbúnaðarins. Nefndin skal vera stofnuninni til ráðuneytis um val verkefna.

65. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Byggingastofnunar landbúnaðarins, sem er formaður, dýralæknir, nautgriparæktarráðunautur, sauðfjárræktarráðunautur og maður með bútæknimenntun.

66. gr.

Heimilt er nefndinni með samþykki landbúnaðarráðherra að ráða sérfræðinga til rannsókna, sem nefndin telur nauðsynlegar.

Kostnaður við byggingarannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

67. gr.

Verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins eru:

a. Að samþykkja uppdrætti af þeim mannvirkjum, sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til mannvirkja í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að forstöðumaður samþykki uppdrætti.
b. Að gefa út upplýsingarit með almennum leiðbeiningum um byggingar og fyrirkomulag þeirra.
c. Að sjá bændum fyrir hentugum teikningum af mannvirkjum og húsum til sveita.
d. Að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa.
e. Að vinna í samráði við Landnám ríkisins að skipulagi skv. 28. grein.
f. Að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar í sveitum og gefa ráðleggingar um fjárfestingu.

g. Að setja byggingafulltrúum erindisbréf í samráði við viðkomandi sýslunefndir, samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. des. 1945.

68. gr.

Byggingastofnun landbúnaðarins skal heimilt að selja þjónustu sína gegn vægu gjaldi, með samþykki stjórnar Stofnlánadeildar.

Það fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, skal renna í sjóð, sem hafi það markmið að veita framlög til framkvæmda á nýjum hugmyndum um gerð gripahúsa og fyrirkomulag þeirra.

Sjóður þessi skal vera undir stjórn Búnaðarbanka Íslands, en styrkveitingar séu háðar samþykki forstöðumanns Byggingastofnunarinnar.

69. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins, og skal hann vera arkitekt eða með hliðstæða menntun. Hann skal annast stjórn stofnunarinnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og landnámsstjórn.

Forstöðumaður ræður aðstoðarmenn að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

70. gr.

Kostnaður af rekstri stofnunarinnar greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins.

XIII. KAFLI
Um viðhaldsskyldu o. fl.

71. gr.

Landnámsstjórn skal halda spjaldskrá yfir öll býli, er njóta framlaga samkvæmt lögum þessum, þar sem tilgreindar eru sem nákvæmastar upplýsingar um hvert býli, svo sem um óafturkræf framlög, lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins og annað, er máli skiptir.

Þá ber landnámsstjórn að gera yfirlitsskýrslu, eftir því sem ástæða er til og eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

72. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Stofnlánadeild, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Byggingafulltrúar skulu fylgjast með viðhaldi bygginga, eftir því sem við verður komið, og tilkynna stjórn deildarinnar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Getur þá stjórnin gert viðeigandi ráðstafanir.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

73. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga.

74. gr.

Um endurskoðun Stofnlánadeildar landbúnaðarins, starfsskýrslur o. fl. fer eins og mælt er fyrir um í lögum nr. 115 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

75. gr.

Reikningar Landnáms ríkisins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbanka Íslands og birtir með reikningum bankans. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.

76. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er Landnámi ríkisins að greiða á árinu 1972 framlög samkvæmt lögum þessum vegna framkvæmda, sem teknar eru út á árinu 1971.

77. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, lög nr. 48 16. apríl 1963, lög nr. 31 25. apríl 1964, lög nr. 44 2. maí 1968, lög nr. 65 12. maí 1970 og lög nr. 104 28. des. 1970, um breytingar á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

Sþ. 692. Nefndarálit [114. mál]

um till. til þál. um rannsókn á möguleikum á útflutningi á hreinu neyzluvatni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft till. þessa til meðferðar og sent hana til umsagnar framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs. Nefndin varð sammála um að mæla með till. Í umræðum í nefndinni kom fram og skal hér undirstrikað, að ef grundvöllur er fyrir útflutningi á neyzluvatni, sem líklegt er, þá verði sá útflutningur frá strjálbýlisstöðum landsins og þessi útflutningsverðmæti, sem gnægð er af víða á landinu og því fremur sem fámennara er, hagnýtt til stuðnings fámennum byggðum. Tími er kominn til, að Alþingi láti þann vilja í ljós, að nýir möguleikar í verðmætaöflun verði til stuðnings jafnvægis í byggðamálum. Nefndin mælir með samþykkt þáltill. með þessari

BREYTINGU:

Orðin „svo að frumvarp um útflutning á hreinu íslenzku vatni verði samið sem fyrst“ í lok tillgr. falli niður.

Alþingi, 26. marz 1971.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr., frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
Friðjón Þórðarson.	Matthías Bjarnason.	Jónas Árnason.
	Gísli Guðmundsson.	

Nd. 693. Lög [238. mál]

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Nd. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 451.

Ed. **694. Breytingartillögur** [281. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (ÁB, BJ, BFB).

1. Við 9. gr. Við greinina bætist:
   Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta samkv. lögum þessum með útgáfu bæklinga og annarri upplýsingastarfsemi.
2. Við 11. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
   Fullur árlegur ellilífeyrir einstaklings skal vera sem hér segir:

Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 72 ára aldri eða síðar ..	kr.	129 676.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 71 árs aldri eða síðar ..	—	116 311.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 70 ára aldri eða síðar ..	—	103 646.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 69 ára aldri eða síðar ..	—	93 957.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 68 ára aldri eða síðar ..	—	84 216.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 67 ára aldri eða síðar ..	—	78 120.00

   b. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nú nýtur kvæntur eða giftur lífeyrisþegi, sem orðinn er 70 ára, aðeins lífeyris eftir þessum lögum og hefur óverulegar vinnutekjur eða engar, og skal hann þá taka lífeyri, sem svarar til fulls hjónalífeyris, þótt maki hafi ekki náð 67 ára aldri, enda hafi maki ekki vinnutekjur sem neinu nemur.
3. Við 12. gr. Í stað „kr. 70 560.00“ í síðustu málsgr. komi: kr. 78 120.00.
4. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Einstætt foreldri, sem hefur eitt eða fleiri barna sinna á framfæri og lögheimili á hér á landi, skal hljóta árlega greiðslu fyrir hvert barn, kr. 22 400.00. Ákvæði þetta skal ná til fósturmæðra eða fósturfeðra.
5. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist:
   Ákvæði greinar þessarar ná einnig til ekkils.
6. Við 19. gr.
   a. Í stað „kr. 84 000.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 125 000.00.
   b. Við 2. málsgr. bætist:
   Nú nýtur elli- eða örorkulífeyrisþegi bóta samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, og skulu þau laun hans þá ekki skerða rétt hans til framangreindrar hækkunar.
   c. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Viðbótarlífeyri, sem nemi fullum einstaklingsellilífeyri, er heimilt að greiða hjónum, sem orðin eru 70 ára að aldri, en hafa óverulegar tekjur eða engar og eru ekki félagar í lífeyrissjóði.
7. Við 23. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:
   Nemendur 17—20 ára, sem stunda nám eigi skemur en 6 mánuði á ári, eru einnig undanþegnir gjaldskyldu.
8. Við 34. gr. Aftan við 4. málsgr. bætist:
   Nú hafa örorkubætur verið greiddar í eitt skipti fyrir öll samkv. heimild þessarar greinar, og á þá hlutaðeigandi rétt á verðbótum á slíka greiðslu á 10 ára fresti, og skal verðbótin vera í réttu hlutfalli við breytingar á upphæð örorkubóta síðustu 10 árin.
9. Við 46. gr. Aftan við greinina bætist:
   Nú er hérað sjúkrahúss- og læknislaust, og skal þá Tryggingastofnun ríkisins greiða nauðsynlegan ferðakostnað fyrir sjúklinga og barnshafandi konur.
10. Við 49. gr. Í stað „250%“ í 1. málsgr. komi: 260%.

11. Við 78. gr.
    a. Í stað „6 mánaða“ í 1. málsgr. komi: 3 mánaða.
    b. Við greinina bætist:
    Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar í stað.
12. Við ákvæði til bráðabirgða:
    a. Í stað orðanna „helmingur hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt“ í 2. tölulið komi: ¼ hluti hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt, — og í stað „helmingur skal ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags“ í sama tölulið komi: ¾ hlutar skulu ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags.
    b. Við ákvæðin bætist nýr töluliður, svofelldur:
    Þegar eftir samþykkt laga þessara skal skipuð milliþinganefnd, er falið sé það hlutverk að framkvæma heildarendurskoðun laga um almannatryggingar. Sameinað Alþingi skal kjósa 2 menn í nefndina, en hver þingflokka skipa í hana einn fulltrúa. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi hinna kjörnu.

Nd. 695. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 27. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Geir Hallgrímsson.	Þórarinn Þórarinsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 696. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Geir Hallgrímsson.	Þórarinn Þórarinsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 697. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Geir Hallgrímsson.	Þórarinn Þórarinsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 698. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 78 29. des. 1967 og l. nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Hinn 25. apríl 1969 skipaði fjármálaráðherra nefnd embættismanna, sem var falið það verkefni að athuga skattgreiðslur fyrirtækja með tilliti til þess, að skattgreiðslur þeirra yrðu ekki hærri eða a. m. k. svipaðar og í öðrum þátttökuríkjum Fríverzlunarbandalags Evrópu. Hér var um sjálfsagða athugun að ræða, sem leiddi af fyrirhugaðri aðild Íslands að bandalaginu.

Nefnd þessi skilaði skýrslu til ráðherra í marz 1970. Nefndin hafði þá aðeins lokið þeim hluta verkefnis síns, er náði til tekju- og eignarskattslaganna. Í samræmi við það hafði hún samið frv. um breytingu á þeim lögum, sem eingöngu snerti skattlagningu fyrirtækja. Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi í fyrravetur og náðist ekki samkomulag um afgreiðslu þess. Ástæðan til þess var ekki sízt sú, að Alþingi leit svo á, að athuga ætti skattamál atvinnufyrirtækjanna í heild, þ. e. öll gjöld, sem atvinnuvegirnir greiða til ríkis, sveitarfélaga og annarra opinberra stofnana, þ. á m. almannatrygginga. Þá mun og mörgum þingmanni hafa fundizt, að aðalefni frumvarpsins fjallaði meira um mál hlutabréfaeigendanna en sjálfra fyrirtækjanna, eins og síðar verður vikið að.

Í framhaldi af þessu setti fjármálaráðherra embættismannanefndinni nýtt erindisbréf, dagsett 14. maí 1970, þar sem „nefndinni var falið að framkvæma heildarathugun á skattalögunum með því markmiði annars vegar að gera skattakerfið sem einfaldast og hins vegar að gera þær breytingar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt varðandi skatta einstaklinga, er nefndin telur sanngjarnar og eðlilegar.“ Hér var verkefni nefndarinnar vissulega fært inn á rétta braut, þ. e. að stefna að alhliða endurskoðun skattakerfisins með það fyrir augum að gera það einfaldara, eðlilegra og sanngjarnara, bæði með tilliti til einstaklinga og fyrirtækja.

Af ástæðum, sem 1. minni hluta er ekki fullkunnugt um, hefur enn ekki orðið neitt úr því, að embættismannanefndin ynni að endurskoðun skattalaganna á þessum grundvelli, en hins vegar hefur hún lagt mikla vinnu í að endurskoða frumvarp það, sem hún hafði samið á fyrra ári og dagaði uppi á síðasta þingi, um breytingar á tekju- og eignarskatti fyrirtækja. Þetta endurskoðaða frumvarp nefndarinnar lagði ríkisstjórnin svo fram sem stjórnarfrumvarp í s. l. mánuði. Það sætti nær samtímis harðri mótspyrnu af hálfu forvígismanna helztu samtaka atvinnufyrir-

tækja, sem töldu mörg ákvæði þess óhagstæð atvinnurekstrinum og lögðu jafnframt á það megináherzlu, að öll skattamál fyrirtækja yrðu endurskoðuð í heild. Í umsögn um frumvarpið, sem fjárhagsnefnd barst frá formönnum fimm stærstu atvinnurekendasamtakanna, þ. e. Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands ísl. útvegsmanna, Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, segir m. a. á þessa leið:

„Samtökin telja nauðsyn á, að endurskoðun laganna um tekjuskatt og eignarskatt og laganna um tekjustofna sveitarfélaga fylgist að. Frá sjónarmiði fyrirtækisins er tekjuútsvar og tekjuskattur raunar sami skatturinn, en ráðstöfunin aðeins misjöfn. Þetta mál tengist svo spurningunni um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og á hvern hátt fullnægja eigi tekjuþörf þeirra síðarnefndu. Það snertir svo aftur álögur aðstöðugjalda og fasteignaskatta, en þessi gjöld til sveitarfélaganna skipta fyrirtæki almennt miklu meira máli en tekjuskattur til ríkissjóðs. Er því lagt til, að málið verði afgreitt í einni heild.

Þá er á það bent, að aðalákvæðum frumvarpsins er ekki ætlað að koma til framkvæmda fyrr en við álagningu á árinu 1972. Sýnist því ekki brýn nauðsyn að ljúka afgreiðslu þess á því Alþingi, sem nú situr."

Þessi viðbrögð af hálfu forustumanna atvinnurekenda, voru síður en svo óeðlileg. Með frumvarpinu var ekki stefnt að því að bæta stöðu atvinnufyrirtækjanna sjálfra, nema síður væri, heldur að tryggja auknar arðgreiðslur til hluthafa og gera þær skattfrjálsar að mestu leyti. Hér fékkst jafnframt skýring á því, að embættismannanefndin hefur frestað að „framkvæma heildarathugun á skattalögunum með því markmiði annars vegar að gera skattakerfið sem einfaldast og hins vegar að gera þær breytingar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt varðandi skatta einstaklinga, er nefndin telur sanngjarnar og eðlilegar". Í stað þess hefur hún snúið sér að því verkefni á undan öllum öðrum að gera þær breytingar á tekju- og eignarskatti fyrirtækja, að hlutabréfaeigendur gætu fengið sem mest fé skattfrjálst úr rekstrinum. Ólíklegt er, að nefndin hafi hagað störfum sínum á þennan veg nema í beinu samráði við ríkisstjórnina, og sennilegast eftir fyrirmælum hennar.

Segja má, að aðalefni frumvarpsins sé þetta:

1. **Felld niður heimild fyrirtækja til að borga skattfrjálst í arð 10% af hlutafé eða stofnfé og að leggja 25% af hagnaði skattfrjálst í varasjóð. Skattfrjáls varasjóður alveg lagður niður, en í hans stað kemur arðjöfnunarsjóður. Af fé því, sem fyrirtækið greiðir í arð eða leggur í arðjöfnunarsjóð, greiðir það 15% í skatt. Framlag, sem er lagt í arðjöfnunarsjóð, verður skattskylt að nýju eftir 5 ár, ef það hefur ekki verið borgað út sem arður eða tap, og verður skatturinn þá 20%. Þannig skal tryggt, að allt, sem verður lagt í arðjöfnunarsjóð, skuli greitt út sem arður til hluthafa, ef það hefur ekki verið útborgað til að mæta tapi.**
2. **Arður af hlutabréfum eða stofnfé skal verða skattfrjáls, eða allt að 30 þús. kr. hjá einstaklingi, 60 þús. kr. hjá hjónum, sem telja fram saman, og 15 þús. kr. hjá börnum, sem telja fram með foreldrum sínum.**

Fyrra framangreint höfuðatriði frumvarpsins stuðlar að því að auðvelda arðgreiðslur fyrirtækja, en hið síðara að því, að hluthafar fái þær skattfrjálsar og leggi sökum þess kapp á, að þær verði sem mestar. Hvort tveggja stefnir að því, að stórum minna eigið fé safnast hjá fyrirtækinu en ella. Í staðinn kemur ekki annað en óviss von um aukna hlutabréfasölu.

Vegna hinnar hörðu andstöðu atvinnurekendasamtakanna hefur ríkisstjórnin unnið að því síðustu vikur að breyta ýmsum ákvæðum frv. Samkvæmt breytingartillögum, sem eru komnar fram frá meiri hluta fjárhagsnefndar, verður t. d. sameignarfélögum leyft að verða sérstakir skattaðilar áfram, en frv. gerði ráð fyrir, að þau yrði svipt þeim rétti. Þó er aðstaða þeirra verulega þrengd samkvæmt breytingartillögunum. Þá er gert ráð fyrir því samkvæmt breytingartillögunum, að fyrir-

tækin eigi að geta valið á milli þess, hvort þau hafa heldur varasjóð samkv. núgildandi lögum, eða arðjöfnunarsjóð samkvæmt frumvarpinu. Hlutabréfaeigendur fá hins vegar ekki skattfrjálsan arð af hlutabréfum, ef fyrirtækið kýs heldur varasjóðsleiðina. Þetta verður vitanlega til þess, að hluthafar munu beita sér gegn varasjóðsfyrirkomulaginu. Þróunin verður því vafalaust sú, að fleiri og fleiri fyrirtæki þvingast inn á arðjöfnunarsjóðsleiðina og skattfrelsi hlutabréfaarðsins verður almennt á þann hátt.

Það er álit þeirra, sem að þessu nefndaráliti standa, að arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagið, ásamt skattfrelsi arðs hjá hlutabréfaeigendum, verði til þess að draga úr eigin fjársöfnun hjá fyrirtækjunum. Aukin sala hlutabréfa muni ekki bæta þetta nema þá í fáum tilfellum. Hér sé um breytingu að ræða, er sé óhagstæð fyrir atvinnureksturinn.

Þessu til viðbótar verður það svo að teljast hreint óréttlæti, að hlutabréfaeigendur fái sérstök skattfríðindi, meðan ekki fæst fram full leiðrétting á skattvísitölunni. Eins og hún hefur nú verið ákveðin af ríkisstjórninni, mun láglaunafólk verða að greiða stóraukna skatta á þessu ári. Meiri hluta þeirrar kaupuppbótar, sem láglaunafólk fékk á síðasta ári, verður það nú að endurgreiða í tekjuskatt eða útsvar samkvæmt hinni nýju skattvísitölu. Meðan þannig er búið að láglaunafólki, er það hreint ranglæti að veita hlutabréfaeigendum, sem fæstir eru í hópi láglaunafólks, sérstök skattfríðindi.

Þá má benda á, að skattfrelsi hlutabréfaarðs hlýtur að ýta undir óeðlilega fjölgun smárra hlutafélaga. Á þetta er bent í áðurnefndu bréfi forustumanna atvinnurekendasamtakanna til fjárhagsnefndar Nd. Þar segir, að umrædd fríðindi mundu að líkindum þrýsta einstaklingsrekstrinum að mestu yfir í smáhlutafélög.

Það er skoðun undirritaðs minni hluta fjárhagsnefndar, að skattalöggjöfin sé nú komin í það horf, að ekki megi lengur draga að endurskoða hana í heild. Sú endurskoðun eigi að ná til allra álaga, sem atvinnufyrirtæki eða einstaklingar greiða til ríkis, sveitarfélaga, almannatrygginga og annarra opinberra aðila. Það mun gera þessa endurskoðun enn erfiðari, ef einstakir þættir skattalaganna, eins og hér er gert, verða teknir út úr og afgreiddir sérstaklega. Sú breyting, sem stefnt er að með þessu frumvarpi, á svo enn minni rétt á sér, þegar þess er gætt, að hún hlýtur að draga úr eigin fjármyndun hjá fyrirtækjum. Síðast, en ekki síst, er svo að nefna það, að þessi breyting er mjög ranglát gagnvart láglaunafólki, sem á að búa áfram við stórfalsaða skattvísitölu.

Í samræmi við þetta leggja undirritaðir til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Neðri deild Alþingis telur nauðsynlegt, að fram fari hið allra fyrsta heildarendurskoðun á öllum lögboðnum álögum, hvort heldur þau renna til ríkisins, sveitarfélaga, stofnana eða sjóða, og álítur því óeðlilegt, að einstakir takmarkaðir þættir skattamálanna, eins og tekju- og eignarskattur fyrirtækja, séu teknir til afgreiðslu, fyrr en þeirri endurskoðun er lokið, og tekur því fyrir næsta mál á dagskr.

Alþingi, 27. marz 1971.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. **699. Nefndarálit** [281. mál]

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ekki alls fyrir löngu lét einn af þekktustu fyrrverandi foringjum Alþýðuflokksins, Jónas Guðmundsson, svo um mælt í blaðagrein, að „það væri guðlast að tala um velferðarríki á Íslandi“, því að hér ríkti ekki einu sinni velferðarþjóðfélag, hvað þá framfærsluþjóðfélag, og átti þá að sjálfsögðu við, hversu tryggingalöggjöfinni væri áfátt og hún vanhæf að gegna því hlutverki að tryggja hinum verst settu í þjóðfélaginu sæmandi og viðunanleg lágmarkslífskjör.

Varla eru þeir margir, sem einhverja grein hafa reynt að gera sér fyrir því, við hvaða kjör öryrkjar og ellihrumir, sem litla eða enga stoð eiga í eignum eða hjálp nákominna ættingja, eiga nú að búa, sem ekki eru sammála hinum aldna og mikilsvirta flokksforingja og ekki geta tekið undir djarfmannlega ádrepu hans. Það er því sízt að ófyrirsynju, að endurskoðunar hefur þótt þörf á tryggingalöggjöfinni með brýnar úrbætur fyrir augum, og er það eitt út af fyrir sig virðingarvert, að tilraun hefur verið til þess gerð.

Árangur þessarar viðleitni liggur nú fyrir í formi þess frumvarps til laga um almannatryggingar, sem hér er um fjallað, og skal það strax sagt, að að dómi undirritaðra er árangurinn hvergi nærri sá, sem vænta hefði mátt og nauðsyn hefði krafið. Frumvarpið felur að vísu í sér fyrirheit um nokkrar breytingar til bóta á einstökum atriðum löggjafarinnar, sem að sjálfsögðu ber að meta, en hér er ekki um að ræða neinar þær grundvallarbreytingar, sem mesta nauðsyn bar til að gerðar væru að vel athuguðu máli. Í heild er hér því aðeins um það að ræða, að smábætur eru saumaðar á slitið fat, sem þegar er gengið sér til húðar. Í þessu sambandi skal eftirfarandi sérstaklega undirstrikað:

Fyrirheit er gefið um, að á **næsta ári** skuli örorku- og ellilífeyrir hækka um 20%, og verða þessar bætur þá kr. 5 880.00 á mánuði fyrir einstakling. Frá ársbyrjun næsta árs skal bótaupphæð síðan fylgja hlutfallslega eftir almennu verkkaupi í fiskvinnu.

Hækkunin, sem hér er gefið fyrirheit um, er innan við 1 þús. kr. á mánuði og er því sýnilega ekki í neinu samræmi við þarfir bótaþega og í algeru ósamræmi við dýrtíðaraukningu og ekki síður þær gífurlegu kauphækkanir, sem að undanförnu hafa orðið fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar hjá hálaunastéttum þjóðfélagsins.

Lakara er þó, að hér er aðeins um fyrirheit að ræða, en enga tryggingu fyrir því, að kaupmáttur bótanna verði meiri eftir en áður, þar sem engin lagaskylda er fyrir hendi um hækkanir á þessu ári til samræmis verðhækkunum né heldur fyrirsjáanlegum hækkunum launa á þessu ári.

Gert er ráð fyrir því, að uppbót komi á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. frv., ef lífeyrir ásamt öðrum tekjum nær ekki kr. 84 000.00 fyrir einstakling og kr. 151 000.00 fyrir hjón. Þá kemur uppbót, sem nemur því, er á vantar. Hér er skammt gengið, þar sem mikið vantar á, að nefndar upphæðir dugi til þess að borga allan dvalarkostnað á dvalarheimili fyrir aldraða eða öryrkja, en það verður að teljast réttlát krafa fyrir þetta fólk, svo að það þurfi ekki að sækja til annarra aðila það, sem á vantar.

Fleira mætti nefna, þar sem of skammt er gengið í bótarétti í frv. þessu. Einstæðar mæður fá mæðralaun, þegar þær eru bundnar yfir börnum sínum og geta lítið unnið sér inn. Mæðralaunin eru lág, en það þarf bæði að hækka þau, einkum með fyrsta barni, og láta sams konar laun ná til einstæðra feðra, sem oft eru illa settir, er þeir standa uppi með móðurlaus börn. Móðurhlutverkið í starfi konunnar er mikilvægt, og því ber að meta það réttilega og borga einstæðum feðrum til jafns við einstæðar mæður.

Í frv. er gert ráð fyrir því að leggja niður sjúkrasamlög hreppanna og láta núverandi héraðssamlög taka að sér að öllu leyti það starf, sem áður var í höndum sjúkrasamlaga hreppanna. Í sumum tilfellum kann þetta að verða til bóta, þar sem staðhættir eru slíkir, en í mörgum tilfellum verður þetta spor aftur á bak frá því, sem er. Ef til vill væru læknishéruðin heppilegri eining. En þetta þarfnast nánari athugunar.

Það sætir furðu, að breytingar þær, sem gerðar eru á tryggingalöggjöfinni, skuli ekki eiga að öðlast gildi fyrr en að 9 mánuðum liðnum og vel það. Okkur finnst þeir, sem að þessu máli standa, þar með undirstrika, að þeir telji litla bót í breytingum þessum og því ekki aðkallandi, að þær öðlist gildi strax.

Af framansögðu má það ljóst vera, af hverju við í minni hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar getum ekki fylgt meiri hluta nefndarinnar í því að mæla með frv. óbreyttu. Við flytjum á sérstöku þingskjali margar breytingartillögur, en munum, þótt þær nái ekki fram að ganga, fylgja frv., þar sem það felur í sér vissar réttarbætur, þó að þær gangi of skammt að okkar dómi.

Alþingi, 27. marz 1971.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Björn Jónsson. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 700. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. des. 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta fjallar aðallega um skattlagningu fyrirtækja. Það er í meginatriðum eins og frv. um sama efni, sem lagt var fyrir síðasta þing að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, en þá náði ekki fram að ganga. Frumvarpið hefur tekið miklum breytingum í meðförum fjárhagsnefndar og þá aðallega samkvæmt ábendingum frá samtökum atvinnuveganna.

Í ýtarlegu bréfi til fjárhagsnefndar frá 5 samtökum atvinnurekenda eru margar tillögur gerðar um breytingar á frumvarpinu, en þó er aðaltillaga þeirra sú, að samþykkt frumvarpsins verði frestað.

Með frumvarpinu er lagt til að breyta í ýmsum veigamiklum atriðum þeim reglum, sem gilt hafa, um skattlagningu fyrirtækja. Í aðalatriðum er að því stefnt að lækka skattgreiðslur verzlunarfyrirtækja og ýmiss konar þjónustufyrirtækja, um leið og ýtt er undir arðgreiðslur til hluthafa í fyrirtækjum, sem græða.

Þessar breytingar eru helztar frá núgildandi skattareglum:

1. Fyrningar eru hækkaðar á eignum fyrirtækja, þó ekki útgerðarfyrirtækja.
2. Heimiluð er sérstök flýtifyrning, sem gerir aðilum fært að fyrna eignir meir en sem nemur venjulegri árlegri fyrningu, þegar um gróða er að ræða.
3. Félög fá rétt til að leggja allan hagnað sinn í arðjöfnunarsjóð og sleppa þannig í nokkur ár við skattgreiðslur af hagnaði til sveitarfélaga.
4. Heimildir til arðgreiðslu úr fyrirtækjum eru rýmkaðar mikið frá því, sem nú er.
5. Arður af hlutabréfum verður skattfrjáls að vissu marki, eða sem nemur 60 þúsund krónum fyrir hjón.
6. Reglum um skattskyldu af söluhagnaði eigna er breytt nokkuð frá því, sem nú er.

Þegar það er haft í huga, að atvinnufyrirtæki hér á landi hafa lengst af greitt mjög lága skatta til ríkisins, í formi tekjuskatts og eignarskatts, er næsta einkennilegt, að ríkisstjórnin skuli leggja jafnmikið kapp á, að frumvarp þetta nái fram að ganga, og raun er á. Kapp ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er ekki síður einkennilegt fyrir það, að hún virðist engan hug hafa á að lagfæra þau ákvæði skattalaga, sem snúa að skattlagningu einstaklinga. Skattar einstaklinga hafa þó farið ört hækkandi á síðustu árum, m. a. vegna þess, hvernig ríkisstjórnin hefur framkvæmt ýmis ákvæði skattalaga, eins og t. d. reglur um persónufrádrátt og þrep skattstigans.

Stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum síðasta áratuginn hefur sannarlega verið óhagstæð almennu launafólki. Skattabyrðin hefur í sívaxandi mæli verið að færast yfir á herðar láglauna- og millistéttarfólks. Þetta hefur verið gert á þann hátt, að söluskattur hefur verið stórhækkaður og söluskattur lagður jafnt á brýnustu nauðsynjar og á lúxusvörur. Þá hafa tollar aðeins verið lækkaðir á þeim vörum, sem áður voru hæst tollaðar, en hækkaðir á beinan og óbeinan hátt á öðrum vörum. Nefskattarnir hafa hækkað jafnt og þétt. Og loks hefur svo tekjuskatturinn á almennum launatekjum verið hækkaður með því að leyfa ekki hækkun á persónufrádrætti í samræmi við hækkandi framfærslukostnað og með því að leyfa ekki breytingar á skattþrepum tekjuskattsstigans í hlutfalli við breytt verðlag.

Stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum hefur því leitt til þess, að sífellt stærri og stærri hluti af tekjum ríkisins er innheimtur hjá þeim, sem hafa lágar tekjur, eða aðeins meðallaunatekjur. Þeir, sem hæstar hafa tekjurnar, greiða nú hlutfallslega minna en áður, og þáttur atvinnufyrirtækja í skattgreiðslunni er miklu minni en áður var.

Nú er ætlun ríkisstjórnarinnar að lækka enn skatta á atvinnufyrirtækjum og á eigendum hlutabréfa. Og nú, eins og stundum áður, kemur skýrt í ljós, hvaða atvinnurekstur er í náðinni hjá ríkisstjórninni. Náð hennar nær ekki til sjávarútvegs eða landbúnaðar. Það er ekki til þess ætlazt að lækka skatta fyrirtækja, sem í þeim greinum starfa. Öðru máli gegnir hins vegar um verzlun, ýmis þjónustufyrirtæki og viss fyrirtæki í iðnaði.

Í greinargerð frumvarpsins segir, að sjávarútvegsfyrirtæki njóti hagstæðra reglna um afskriftir, og það er rétt. Síðan er sagt, að með frumvarpinu sé að því stefnt að gera allan atvinnurekstur jafnt settan gagnvart fyrningarreglum. Þessar yfirlýsingar þýða í reynd, að þær miklu afskriftir, sem heimilaðar hafa verið í útgerðarrekstri, m. a. vegna mikillar áhættu í rekstri og vegna þess, að sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur, — þær á nú að færa yfir á rekstur verzlunar- og viðskiptafyrirtækja og ýmiss konar þjónustustofnana.

Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að meginstefna þessa frumvarps ríkisstjórnarinnar sé röng.

Við teljum, að ekki sé rétt að taka einn þátt skattamálanna út úr á þann hátt, sem gert er í frumvarpinu, þar sem nær eingöngu er fjallað um skattamál fyrirtækja.

Það er skoðun okkar, að jafnhliða því, að skattlagning fyrirtækja er tekin fyrir, þurfi að breyta skattareglum um skattgreiðslur einstaklinga og að óhjákvæmilegt sé að taka til meðferðar lögin um tekjustofna sveitarfélaga um leið og lögin um tekju- og eignarskatt.

Við teljum, að með frumvarpi ríkisstjórnarinnar sé verulega gengið á hlut sveitarfélaganna og að hætta sé á, að það leiði til þess, að útsvör á almennum launatekjum verði hækkuð af þeim ástæðum.

Við teljum, að það ákvæði frv., sem gerir ráð fyrir, að hlutabréfaeigendur skuli njóta skattfrelsis að vissu marki, eða að tekinn skuli upp nokkurs konar persónufrádráttur fyrir hlutabréf, sé svo fráleitt, að full ástæða sé að fella frumvarpið aðeins vegna þess ákvæðis.

Það er aðaltillaga okkar Alþýðubandalagsmanna, að frv. verði vísað frá.

Til vara flyt ég nokkrar breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali. Breytingarnar miða að eftirfarandi atriðum:

1. Að hækka persónufrádrátt verulega, einkum fyrir börn.
2. Að veita hjónum, sem telja fram hvort í sínu lagi, rétt til að njóta fulls persónufrádráttar einstaklings hvoru um sig.
3. Að hækka sérstaklega persónufrádrátt með börnum einstæðra foreldra.
4. Að undanþiggja skattgreiðslu allar bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur.
5. Að herða á skattaeftirliti, m. a. með því, að sérstök ýtarleg rannsókn fari fram á framtölum, sem dregin séu út af Hagstofu Íslands.
6. Að heimilt verði að lækka skatt þeirra, sem hætta störfum eða náð hafa 70 ára aldri og tekjur minnka verulega hjá.
7. Að skattvísitalan fylgi jafnan breytingum á framfærsluvísitölu.

Þá höfum við Alþýðubandalagsmenn lagt fram breytingartillögur við frumv. um almannatryggingar, sem liggur fyrir þinginu, þar sem lagt er til, að 16 og 17 ára unglingar þurfi ekki að greiða lífeyrissjóðsgjald og ekki heldur sjúkrasamlagsgjald.

Allar þessar tillögur okkar miða að því að leiðrétta skattamál einstaklinga og sérstaklega hinna tekjulægri.

Nái tillögur okkar fram að ganga, væri um verulega bót á skattamálum láglaunafólks að ræða.

Alþingi, 27. marz 1971.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 701. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. des. 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (LJós).

1. Við 10. gr. Við greinina bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Á eftir F-lið 13. gr. laganna komi nýr stafliður (I), sem hljóði svo:
   Allar bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögum um almannatryggingar, svo og atvinnuleysisbætur.
2. Við 13. gr.
   a. Töluliður 1 orðist svo:
      Í A-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „80 000 kr.“ í „156 000 kr.“
   b. Töluliður 2 orðist svo:
      Í B-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „112 000 kr.“ í „220 000 kr.“ og „56 000 kr.“ í „156 000 kr.“
   c. Töluliður 3 orðist svo:
      Í C-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ í „35 000 kr.“
   d. Töluliður 4 orðist svo:
      Í 3. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ í „70 000 kr.“ og „3 200 kr.“ í „7 000 kr.“
3. Á eftir 21. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við 42. gr. laganna bætist:
   Auk þeirrar rannsóknar á skattframtölum, sem um er rætt í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal árlega gerð sérstök ýtarleg rannsókn á skattframtölum, samkvæmt útdrætti, sem Hagstofa Íslands lætur gera. Lágmarkstala þeirra framtala, sem þannig eru dregin út, skal vera 10% af framtölum atvinnurekenda og 5% af framtölum annarra.

4. Við 25. gr. Framan við greinina bætist:
   Við 1. mgr. 52. gr. laganna bætist nýr töluliður, 5, svo hljóðandi:
   Ef skattþegn hættir störfum eða hefur náð 70 ára aldri og sýnt þykir, að tekjur hans muni lækka verulega frá því, sem verið hefur.
5. Við 26. gr. Í stað orðanna „í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1972“ komi: í samræmi við framfærsluvísitölu.

Ed. 702. Breytingartillögur [281. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (ÁB, BJ, BFB).

1. Við 11. gr. Við 1. mgr. bætist:
   Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris, er þeir hafa náð sextugsaldri. Nú hefur maður stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, og á hann þá rétt á tvöföldum ellilífeyri, er hann hefur náð sextugu. Fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára.
2. Við 80. gr. Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 703. Nefndarálit [218. mál]

um till. til þál. um raforkumál Vestfjarða.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og leggur einróma til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1971.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Halldór E. Sigurðsson.
Ey. Konr. Jónsson. Geir Gunnarsson. Matthías Bjarnason.
Ágúst Þorvaldsson. Ingvar Gíslason.

Ed. 704. Nefndarálit [280. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. marz 1971.

Jón Árnason, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Gils Guðmundsson.
Axel Jónsson. Sveinn Guðmundsson. Ólafur Jóhannesson.
Steingr. Hermannsson.

Nd. 705. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til laga um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem framhaldsvirkjun Laxár, en um þá framkvæmd fjallar frumvarpið að meginhluta, er í vandlegri athugun hjá iðnaðarráðuneytinu og ekki sýnilegt, að umrætt frumvarp auðveldi þá athugun á nokkurn hátt eða greiði götu málsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. marz 1971.

Matthías Bjarnason, form., frsm.
Bragi Sigurjónsson, fundaskr.
Jónas Pétursson.
Steingrímur Pálsson, með fyrirvara.
Pétur Sigurðsson.

Sþ. 706. Nefndarálit [287. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á samkomulagi um breyting á samstarfssamningi frá 23. marz 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögu þessarar, sem að meginefni felur í sér þá breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda frá 23. marz 1962, að felld eru inn í samninginn grundvallarákvæði þau, er Norðurlandaráð varða. Jafnframt hefur verið ákveðið að bæta inn í samninginn ákvæðum um ráðherranefnd Norðurlanda, en undir hana falla málefni norrænnar samvinnu.

Alþingi, 29. marz 1971.

Birgir Kjaran, form., frsm.
Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr.
Matthías Á. Mathiesen.
Eysteinn Jónsson.
Þórarinn Þórarinsson.
Friðjón Þórðarson.

Nd. 707. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 10. maí 1969, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið, og mæla undirritaðir með samþykkt þess að tilskildum rétti til þess að flytja breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. — Einn nefndarmaður, Pétur Sigurðsson, skilar séráliti.

Alþingi, 29. marz 1971.

Birgir Finnsson, form., frsm.
Eyjólfur Konr. Jónsson, fundaskr.
Jón Skaftason.
Björn Pálsson.
Guðl. Gíslason.
Lúðvík Jósefsson.

Ed. 708. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndarmenn mæla sammála með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi, 26. marz 1971.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm.
Steinþór Gestsson, fundaskr.
Oddur Andrésson.
Björn Fr. Björnsson.
Ólafur Björnsson.
Björn Jónsson.

Nd. 709. Frumvarp til laga [19. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. marz.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arge, Sonja, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 14. ágúst 1949. Fær réttinn 31. des. 1971.
2. Banna, Elisabeth Irmgard Gabriele, húsmóðir á Seyðisfirði, f. í Þýzkalandi 10. desember 1927.
3. Bech, Heðin, framreiðslumaður á Akureyri, f. í Færeyjum 16. júlí 1946.
4. Bondesen, Jens Erik Rosendal, landbúnaðarverkamaður í Garðahreppi, f. í Danmörku 10. nóvember 1942. Fær réttinn 23. október 1971.
5. Christensen, Alfred Theodor, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 27. nóvember 1930.
6. Fannin, Ronald Dale, barn í Stykkishólmi, f. í Bandaríkjunum 19. janúar 1965.
7. Frank, Anne Marie, húsmóðir á Stóru-Vatnsleysu, Vatnsleysustrandarhreppi, f. í Noregi 1. september 1934.
8. Gossmann, Karl Konrad, næturvörður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 2. febrúar 1935.
9. Hirche, Hedwig Bärbel, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 31. maí 1945.
10. Hunger, Fritz Martin, tónlistarmaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. apríl 1939.
11. Höfner, Zäzilia, húsmóðir á Seyðisfirði, f. í Austurríki 12. júlí 1934.
12. Ivancic, Petar, iðnaðarmaður á Álafossi, f. í Júgóslavíu 23. ágúst 1934.
13. Joensen, Jonhard Vest, verkamaður í Sandgerði, f. í Færeyjum 30. marz 1942.
14. Johannessen, Carl Martin, sjómaður í Grundarfirði, f. í Færeyjum 3. september 1927.
15. Jón Gunnar Vilhelmsson, barn í Reykjavík, f. í Alsír 6. júní 1964.
16. Jörgensen, Hans Christian, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. apríl 1926.
17. Kennedy, Molly Moffatt McCarthy, húsmóðir í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 20. ágúst 1943. Fær réttinn 24. des. 1971.
18. Köhler, Hannelore, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 31. júlí 1943.
19. Lane, Hope Fríða, barn í Grundarfirði, f. á Íslandi 17. janúar 1961.
20. Lane, Magnús Richardson, nemandi í Grundarfirði, f. á Íslandi 6. desember 1955.
21. Lane, Stephen Gunnar, barn í Grundarfirði, f. á Íslandi 9. júlí 1958.

22. Leo, Johannes Gilbert, smiður í Ytri-Njarðvík, f. í Færeyjum 5. ágúst 1915.
23. Middleton, Mary Anna, háskólastúdent í Garðahreppi, f. á Íslandi 3. september 1949.
24. Mortensen, Daniel Jacob, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 24. nóvember 1907.
25. Mortensen, Justa Alexandra Johanna Petrina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 20. júlí 1915.
26. Mortensen, Martin Juel, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 30. apríl 1950.
27. Mortensen, Mia, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 1. ágúst 1940.
28. Nyberg, Doris Elisabeth, lyfjafræðingur í Ytri-Njarðvík, f. í Finnlandi 25. september 1934.
29. Pitt, David Louis Chatham, verzlunarmaður í Hafnarfirði, f. í Bretlandi 15. febrúar 1946.
30. Rakebrandt, Jarmila Dorothea, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 13. ágúst 1937.
31. Samara, Assam Eissa, iðnverkamaður í Reykjavík, f. í Jórdaníu 1. maí 1941. Fær réttinn 4. maí 1971.
32. Schmidt, Christine Marie Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. september 1940.
33. Schubert, Winnie Marion Ovdal, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 27. janúar 1933.
34. Silaéva, Svetlana Ivanovna, tannlæknanemi í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 1. febrúar 1943.
35. Simonarson, Johnny, nemandi, Sauðhúsum, Laxárdalshr. í Dalasýslu, f. í Færeyjum 22. maí 1952.
36. Solheim, Einar, verkamaður í Neskaupstað, f. í Noregi 7. ágúst 1931.
37. Stahr, Ulrich Anton Heinz, arkitekt í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. apríl 1936.
38. Töpfer, Christina Siegrid, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. júlí 1945.
39. Unnur Vilhelmsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 22. janúar 1962.
40. Vasulka, Bohuslav, kvikmyndatökumaður í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 20. janúar 1937.
41. Willatzen, Christian Peter, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. desember 1942.
42. Willatzen, Lena Sigridur Birger, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 17. september 1945.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 710. Tillaga til þingsályktunar [301. mál]

um aðgerðir til lausnar Laxárdeilunni.

Flm.: Jónas Árnason, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að allar virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu verði stöðvaðar nú þegar til þess að gera kleift, að samkomulag náist um lausn virkjunardeilunnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt að beiðni stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sbr. meðfylgjandi bréf.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur, að litlar sem engar líkur séu til þess, að Laxárdeilan leysist á sáttagrundvelli, nema stöðvaðar verði allar virkjunarframkvæmdir þar nyrðra, á meðan fram fer nauðsynleg rannsókn á eðli og orsökum deilunnar og hugsanlegum náttúrufræðilegum afleiðingum virkjunarinnar.

Eins og fram kemur í bréfi stjórnar Landeigendafélagsins, hefur hún farið þess á leit við alla þingflokkana, að þeir beiti sér fyrir þessari þingsályktun. Þar sem ekki hefur verið tekið undir þessa málaleitan af hálfu annarra þingflokka en Alþýðubandalagsins, eru flutningsmenn aðeins úr röðum þess.

Fylgiskjöl, sem tilgreind eru í bréfi Landeigendafélagsins, liggja fyrir hjá öllum þingflokkunum og hafa auk þess verið birt í dagblöðum. Óþarft er því að endurprenta þau hér.

Fylgiskjal.

Til formanna þingflokkanna.

Stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns leyfir sér að fara þess á leit við yður, að þér beitið yður fyrir þingsályktun um að skora á iðnaðarráðherra að stöðva allar virkjunarframkvæmdir við Laxá í S-Þingeyjarsýslu nú þegar.

Málaleitan vorri til stuðnings vísum vér til meðfylgjandi skjala:

1) „Tillögur til lausnar deilunni um Laxá“, greinargerð frá stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sem birtist fyrir skemmstu í dagblöðum.

2) „Greinargerð um gufuaflsstöðvar á jarðhitasvæðum“, samin af Karli Ragnars yfirmanni jarðhitadeildar Orkustofnunar. Greinargerð þessi birtist í dagblöðum.

3) Ljósrit af forsíðu dagblaðsins „Vísis“ hinn 18. marz þ. á.

4) Ljósrit af forsíðu dagblaðsins „Vísis“ hinn 12. marz þ. á.

I. Í útreikningum Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings í fskj. nr. 1 kemur fram, að rafmagn með 50 megawatta háspennulínu norður yfir hálendið frá Búrfelli er stórum ódýrara en rafmagn frá Laxárvirkjun þeirri, sem í smíðum er, þ. e. 6.5 megawatta virkjun.

II. Samkvæmt greinargerð Karls Ragnars í fskj. nr. 2 kemur fram, að yrði sett ný aflvél í gufuvirkjunina í Bjarnarflagi, gæti hún afkastað allt að jafnmikilli orku og virkjun sú, sem nú er í smíðum við Laxá. Þessi viðbótarorka fengist, án þess að nýjar gufuholur yrðu boraðar. Afgreiðslufrestur á slíkri nýrri aflvél er 1—2 ár, og yrði því nægur tími til að gera þessa breytingu, áður en rafmagnsskortur verður á svæðinu.

III. Í dagblaðinu „Vísi“ 18. marz s. l. lýsir Knútur Otterstedt framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar því yfir, að útreikningar sínir á rafmagnsverði frá virkjun þeirri, sem í smíðum er við Laxá, séu miðaðir við 19 megawatta virkjun.

Ljóst er samt, að virkjun sú, sem nú er unnið að, er aðeins 6.5 megawött. Í ráðuneytisleyfi til þessarar virkjunar, dags. 23. september 1969, er skýrt tekið fram, að engin fyrirheit séu gefin af hálfu ráðuneytisins til frekari virkjunarframkvæmda. Í 4. gr. laga um Laxárvirkjun nr. 60/1965 er aðeins heimilað að virkja 12 megawött í Laxá við Brúar. Í bréfi iðnaðarráðuneytis, dags. 13. maí 1970, er því lýst yfir, að engar virkjanir í Laxá skuli leyfðar fram yfir þann áfanga, sem nú hefur verið leyfður, nema að undangengnum vísindalegum rannsóknum á því, hvort virkjanir kunni að valda spjöllum.

Hinn 15. desember s. l. var undirritað samkomulag um tilhögun og framkvæmdir rannsókna af þar til skipaðri nefnd og menn ráðnir til þeirra vísindastarfa. Í samkomulaginu er ákvæði um, að rannsóknir skuli einnig ná til þeirrar virkjunar, sem nú er unnið að.

Er sýnilegt af því, sem hér hefur verið rakið, að Knútur Otterstedt leggur til grundvallar í útreikningum sínum á rafmagnsverði frá þeirri 6.5 megawatta rafstöð, sem, í smíðum er, bæði rangar og óleyfilegar forsendur.

Réttilega ber honum að leggja til grundvallar 6.5 megawatta virkjun, þegar hann reiknar út rafmagnsverð frá 6.5 megawatta virkjun, en hann leggur til grundvallar 19 megawatta virkjun.

Þessi 19 megawatta virkjun í útreikningum Knúts Otterstedt hefur:

1) Enga stoð í ráðuneytisleyfinu frá 23. september 1969.

2) Enga stoð í 4. gr. laga um Laxárvirkjun nr. 60/1965.

3) Enga stoð í ráðuneytisbréfinu frá 13. maí 1970, en þar er, eins og áður segir, skýlaust lýst yfir, að alls ekki skuli virkjað meira í Laxá en sú 6.5 megawatta virkjun, sem unnið er að, ef niðurstöður vísindarannsókna reynast neikvæðar.

Hvergi hefur stjórn Laxárvirkjunar getað lagt fram nein gögn um, að henni sé eða verði nokkurn tíma heimilað að reisa 19 megawatta virkjun þá, sem Knútur Otterstedt gerir ráð fyrir í útreikningum sínum.

IV. Í viðtali við blaðamann dagblaðsins „Vísis“ lýsir Eiríkur Briem framkvæmdastjóri Landsvirkjunar því yfir, að Landsvirkjun hafi boðið Laxárvirkjun sölu á rafmagni frá Búrfelli, sem flutt skyldi norður með háspennulínu. Verð þeirrar línu er áætlað um 200 milljónir króna, miðað við flutning á 50 megawöttum. Nánar er fjallað um verð þeirrar orku, sem þar fengist, í fskj. nr. 1.

V. Hagkvæmari leiðir til orkuöflunar en virkjun Laxár eru tvímælalaust fyrir hendi, eins og greindar staðreyndir votta.

Þjóðarhagsmunir krefjast, að Alþingi skerist í leikinn og feli ráðherra að stöðva virkjunarframkvæmdir við Laxá, þar til niðurstöður rannsókna liggja fyrir.

Með því að stilla á þann hátt til friðar í Laxárdeilunni yrði samtímis komið í veg fyrir, að hundruðum milljóna verði kastað á glæ.

Samhljóða bréf er sent formönnum allra þingflokkanna með ósk um skjóta afgreiðslu, þar sem þingi fer senn að ljúka.

Virðingarfyllst,

Árnesi, 21. marz 1971.

Í stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns:

Hermóður Guðmundsson. Vigfús B. Jónsson. Eysteinn Sigurðsson.
Jón Jónasson. Þorgrímur S. Björgvinsson.

Nd. 711. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta fjallar um fimm meginatriði.

1. Hámarkshæð stíflu í Laxá hjá Brúum og líffræðilegar rannsóknir.
2. Að óheimilt sé að virkja efsta hluta Laxár (Mývatnsvirkjun).
3. Um bætur úr ríkissjóði til sameignarfélagsins Laxárvirkjunar.
4. Rannsókn á vegum veiðimálastjóra á möguleikum til að koma upp laxveiði í efri hluta Laxár og mannvirkjagerð við það miðaða.

5. Að endurskoðun fyrirliggjandi áætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss og rannsókn möguleika til að virkja Skjálfandafljót við Íshólsvatn sitji fyrir öðrum meiri háttar rannsóknum á fallvötnum landsins.

Minni hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt, en mun við 3. umr. flytja meiri háttar brtt. við frv.

Alþingi, 29. marz 1971.

Stefán Valgeirsson, frsm. Gísli Guðmundsson.

Sþ. 712. Tillaga til þingsályktunar [302. mál]

um sáttanefnd í Laxárvirkjunardeilunni.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Eysteinn Jónsson, Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa samkv. tilnefningu hæstaréttar þriggja manna nefnd, sem vinni að því í samráði við sýslumennina í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, að deila sú, sem nú er uppi, út af áætlun um virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, leysist á viðunandi hátt og með samkomulagi milli deiluaðila. Hraða skal skipun nefndarinnar svo sem unnt er, enda taki hún síðan til starfa þegar í stað.

Sáttanefndinni er heimilt að taka að sér að starfa sem frjáls gerðadómur í deilunni, ef báðir deiluaðilar óska þess.

Greinargerð.

Sáttatilraunir þær í Laxárvirkjunardeilunni, sem sýslumennirnir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum hafa haft með höndum að tilhlutan raforkumálaráðherra, virðast hafa fallið niður, án þess að tekizt hafi að leysa málið. A. m. k. virðist eins og sakir standa ekki útlit fyrir það, að sýslumennirnir haldi sáttatilraunum áfram, enda eru þeir önnum kafnir við önnur störf og aðstaða þeirra að ýmsu leyti óhæg, þótt hér sé um að ræða glögga menn og góðgjarna, sem án efa hafa unnið samvizkusamlega að þessu máli. Á síðustu sáttafundum var því hreyft a. m. k. af öðrum deiluaðilanum, að hyggilegt væri, að stofnun óháð ríkisstjórninni og þá helzt hæstiréttur tilnefndi sáttasemjara. Í þessari tillögu er lagt til, að skipuð verði sáttanefnd, eins og stundum hefur verið gert í kjaradeilum, þegar mikils þótti við þurfa, og að sáttanefndin verði skipuð samkv. tilnefningu hæstaréttar. Einnig gæti komið til greina, að ríkissáttasemjarinn í vinnudeilum væri einn af þessum nefndarmönnum eða maður tilnefndur af honum, þar sem ríkissáttasemjarinn hefur mikla reynslu í sáttameðferð viðkvæmra deilumála, þó að á öðru sviði sé en Laxárvirkjunardeilan. Og sjálfsagt er, að sáttanefndin hafi samráð við sýslumennina tvo, sem án efa gætu gefið henni mikilsverðar upplýsingar um þær samkomulagstilraunir, sem gerðar hafa verið.

Rétt þykir að vekja athygli á því, að ef til greina kæmi að stöðva — á ríkiskostnað — um lengri eða skemmri tíma það verk, sem nú er hafið við gröft jarðganga, virðist eðlilegt, að ákvörðun um slíkt yrði hluti af væntanlegu samkomulagi, ef það tækist, enda hefur hæstiréttur þegar dæmt Laxárvirkjun rétt til að vinna það verk út af fyrir sig, en hins vegar ákveðið lögbann við því að breyta straumstefnu árinnar o. fl., að settri lögbannstryggingu.

Óhætt er að fullyrða, að þess er almennt óskað og ekki síst í þeim landshluta, sem hér á einkum hlut að máli, að samkomulag takist í deilumáli því, sem hér er um að ræða. Hefur það án efa verið von margra, að núverandi ráðherra raforkumála tækist að koma þessu samkomulagi í kring, enda hefur hann með réttu talið það hlutverk sitt, þar sem ráðuneyti raforkumála og Orkustofnunin, sem heyrir undir það, bar á sínum tíma ábyrgð á því, að virkjun var ákveðin og hafin. En rétt þykir, að Alþingi fyrir sitt leyti láti samkomulagstilraunina til sín taka á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Í tillögunni er gert ráð fyrir, að sáttanefndinni sé heimilt að taka að sér að starfa sem frjáls gerðardómur í Laxárvirkjunardeilunni, ef deiluaðilar verða sammála um að óska þess.

Nd. 713. Breytingartillaga [202. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 10. maí 1969, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Gísla Guðmundssyni, Ingvari Gíslasyni, Stefáni Valgeirssyni og Birni Pálssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Sé veitt leyfi til dragnótaveiði fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skal leyfisveiting, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40 9. júní 1960, við það miðuð, að veiðin sé heimil á tímabilinu 15. júlí til 31. nóv. eða skemmri tíma.

Nd. 714. Frumvarp til laga [303. mál]

um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson, Gunnar Gíslason, Magnús Kjartansson, Haraldur Henrýsson.

1. gr.

Greiða skal þingflokki tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks.

2. gr.

Á fjárlögum skal hverju sinni ákveða, hve miklu fé skuli varið til aðstoðar þingflokkum samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna, sem eru fulltrúar stjórnmálaflokks, er hefur komið á fót landssamtökum.

4. gr.

Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ. e. 1. febr., 1. maí o. s. frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ. e 1. jan., 1. apríl o. s. frv.

Þingflokkur ræður sjálfur ráðstöfun þess fjár, er í hans hlut kemur.

5. gr.

Forsetar Alþingis setja í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár, sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

6. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forsetum Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár, er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum, eftir nánari reglum, er forsetar setja. Sama gildir um þingmann utanflokka.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á þessu ári skal varið 3.4 millj. kr. til aðstoðar við þingflokka samkvæmt lögum þessum.

Greinargerð.

Það mun vera samdóma álit þeirra, sem setið hafa á Alþingi hin síðari ár, eða haft á annan hátt náin kynni af störfum þingsins, að starfsaðstaða sé þar hvergi nærri svo góð sem vera þyrfti. Á það jöfnum höndum við um þingflokka og einstaka þingmenn sem um starfslið þingsins.

Auk mikilla húsnæðiserfiðleika hefur þótt skorta á sérfræðilega aðstoð við þingflokka. Má þar til nefna öflun hvers konar upplýsinga, tæknilegra, lagalegra og annarra, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings nýrra mála og viðbragða við þeim. Hefur slíkur málatilbúningur, svo og öll meðferð frumvarpa og tillagna, orðið flóknari með hverju ári. Fjölmörg önnur störf hafa hlaðizt á þingmenn og flokka, sem gera það brýna nauðsyn að veita þingflokkunum sérfræðilega aðstoð, svo sem tíðkast í þjóðþingum nágrannalandanna.

Frumvarpið hefur verið samið eftir viðræður milli formanna þingflokkanna og samkomulag þeirra.

Gert er ráð fyrir, að 200 þús. kr. verði veittar til hvers þingflokks, en síðan 40 þús. kr. fyrir hvern þingmann.

Nd. 715. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Bech, Reidar, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 9. september 1941.
2. Gimmel, Anna, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 5. desember 1959.
3. Gimmel, Carl John, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. nóvember 1960.
4. Gimmel, Lísa María, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 14. febrúar 1966.
5. Kraus, Artur-Bruno, barn í Ólafsfirði, f. í Þýzkalandi 2. október 1968.
6. Madsen, Hanna Signe, húsmóðir í Varmahlíð í Skagafirði, f. í Danmörku 28. marz 1937.
7. Mortensen, Elsebeth, húsmóðir í Ólafsvík, f. í Færeyjum 2. júlí 1949.
8. Mortensen, Mariane Sofie, húsmóðir í Ólafsvík, f. í Færeyjum 7. nóvember 1913.

9. Mortensen, Karl Johannes, trésmiður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 4. september 1913.
10. Mortensen, Poul, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 2. júlí 1949.
11. Mortensen, Peter Friðálvur, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 9. janúar 1946.
12. Petersen, Hulda Sóley, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. október 1941.

Nd. 716. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 29. marz 1971.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Stefán Valgeirsson.	Jónas Pétursson.	Pétur Sigurðsson.
	Steingrímur Pálsson.	

Ed. 717. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum. Á einn fundinn kom Broddi Jóhannesson skólastjóri Kennaraskólans og gaf n. ýmsar upplýsingar. Enn fremur hefur n. rætt við fulltrúa frá samtökum kennaraskólanema. Undirritaðir mæla með því, að frv. verði samþykkt með brtt., er fluttar verða á sérstöku þingskjali. Einn nm. (JÞ) tjáir sig andvígan frv., tveir nm., þeir EÁ og PÞ, skila séráliti, og einn nm., GilsG, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 30. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson, með fyrirvara.

Ed. 718. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar (ÓB, StG, SvG).

1. Við 12. gr.
   a. Í stað „skólaráðs“ í 3. tölulið komi: dómnefndar.
   b. 4. töluliður orðist svo:
   Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.
2. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Æfingaskólans skipa rektor Kennaraháskóla Íslands, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, skólastjóri og fastir kennarar Æfinga- og tilraunaskólans. Skólastjóri annast daglega stjórn í umboði rektors.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrir „samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1963“ komi: samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963.

Sþ. 719. Nefndarálit [194. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu þessa og sent hana til umsagnar Hjúkrunarskóla Íslands, Hjúkrunarfélagi Íslands og Hjúkrunarnemafélagi Íslands. Bárust umsagnir frá þessum aðilum öllum.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að ráða bót á skorti hjúkrunarfólks til starfa í landinu.

Alþingi, 30. marz 1971.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.
Gísli Guðmundsson. Jónas Árnason. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Matthías Bjarnason.

Sþ. 720. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu þessa og mælir með samþykkt hennar með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Í samræmi við eindregna stefnu Íslands á alþjóðavettvangi ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir samkomulagi Evrópuþjóða um algert bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi.

Alþingi, 30. marz 1971.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Jónas Árnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
	Matthías Bjarnason.	

Nd. 721. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um virkjun Svartár í Skagafirði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Gísli Guðmundsson áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Einn nefndarmanna, PS, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 30. marz 1971.

Sigurður Ingimundarson, form.	Pálmi Jónsson, fundaskr., frsm.	Þórarinn Þórarinsson, með fyrirvara.
Ásberg Sigurðsson.	Eðvarð Sigurðsson, með fyrirvara.	Gísli Guðmundsson.

Nd. 722. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. desember 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. marz.)

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Þegar gift kona vinnur við fyrirtæki, sem hjónin, annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, á hún rétt á því, að helmingur launa hennar eða áætlaðs hluta hennar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað

við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, verði dregið frá sameiginlegum tekjum hjónanna. Aldrei skal þó koma hærri fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en nemur ¼ hluta persónufrádráttar hjóna samkvæmt B-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra, að undanskildum skattfrjálsum vöxtum samkvæmt 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema meira en persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., er þó skattstjóra heimilt að ákveða því skatt sem sjálfstæðum skattþegni, enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Foreldrum skal þó alltaf telja til tekna af tekjum barnsins fjárhæð jafna persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53 gr., en hjá barninu það, sem umfram er.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) að undanskildum eignarskattsfrjálsum innstæðum, skv. 1. mgr. 21. gr. Heimilt er þó skattstjóra að ákveða börnum eignarskatt, sem sjálfstæðum skattþegnum, ef tilmæli koma fram um það frá foreldrum.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:

A. Hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila. Undanþegin eru þó þau félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.

B. Gagnkvæm vátryggingar- og ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.

C. Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, enda sé félagið skráð í firmaskrá og við skráningu afhentur félagssamningur, þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár, sem eigendur skuldbinda sig til að láta standa óhreyft í félaginu til félagsslita, svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Enn fremur skal senda skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað sameignarfélag samkvæmt þessari mgr.

Á önnur sameignarfélög skal ekki lagður skattur sem sjálfstæða skattþegna. Eignum og tekjum slíkra félaga skal skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna.

D. Samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna sinna. Þó skulu þau eigi greiða skatt af þeim tekjum, sem skipt er á milli félagsmanna í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu samlagsins og skattlagðar skulu hjá þeim.

E. Sjóðir, félög og stofnanir, þar með talin sjálfseignarfélög, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattskyldu samkvæmt 6. gr., svo og þrotabú og dánarbú undir skiptum.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í 1. mgr. A—E hér að framan og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum og eignum sem önnur félög.

4. gr.

1. C-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Landskuld af leigujörðum og arður af hvers konar hlunnindum og ítökum, leiga eftir lóðir, hús og önnur mannvirki, svo og áætlað gjald af jörðum, ítökum, hlunnindum, lóðum, húsum og öðrum mannvirkjum, sem eigendur eða rétthafar nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án eðlilegs endurgjalds. Enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, arður af byggingarpeningi, svo og leiga eða arður af lausafé, þar með talin skip og loftför, sem á leigu er selt.

2. D-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir eða arður af hlutabréfum, eignarhlutum í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., skuldabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum, svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum, útistandandi skuldum og öðrum arðberandi kröfum, sbr. þó B-lið 12. gr. og 2. mgr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki heldur til skattskyldra tekna hluthafans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegu verðmæti hreinna eigna félagsins, annarra en arðjöfnunarsjóðs eða skattfrjáls varasjóðs. Samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, má ekki vera hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá 1. janúar 1973, eða frá stofnun hlutafélags eða innborgunar hlutafjár eftir þann tíma. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Nú selur hluthafi hlutabréf til hlutafélags þess, er bréfin gaf út, og skal þá teljast til arðs hjá seljanda mismunur söluverðs og nafnverðs hlutabréfanna, þ. m. t. nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð seljandi keypti hlutabréfin eða hvenær. Þó skulu ákvæði 1. og 7. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. taka til sölu hlutabréfa til félagsins sjálfs, svo lengi sem eða að því marki sem hlutfall eigin hlutabréfa hlutafélagsins við kaupdag fer ekki, þrátt fyrir kaupin, yfir 10% af nafnverði hlutafjár félagsins, þ. m. t. nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum. Nú er hlutafélagi slitið samkvæmt VI. kafla laga nr. 77/1921, án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 8. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, þ. m. t. nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum, og skiptir því ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð hlutabréfin hafa verið seld og keypt. Eigin hlutabréf teljast ekki til eignar. Arður af eigin hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af eignarhlutum í sameignarfélagi samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr. telst sérhver afhending verðmæta til eigenda eignarhluta, er telja verður sem tekjur af eignarhluta þeirra í félaginu, er nemur hærri fjárhæð en 10% af stofnfé og hreinni bókfærðri eign félagsins, annarri en skattfrjálsum varasjóði, í byrjun þess árs, er úthlutun á sér stað. Úthlutun innborgaðs stofnfjár eigenda við félagsslit telst þó eigi til skattskyldra tekna þeirra.

Til arðs af verðbréfum, svo sem skuldabréfum og víxlum, teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborganatímans.

3. E-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ágóði af sölu fyrnanlegs lausafjár samkvæmt 15. gr., þar með talin skip og loftför, sölu verðmæta samkvæmt 4. og 5. tl. A-liðs 15. gr., svo og sölu hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5.

gr., telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en tvö ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í tvö ár, en skemur en fjögur ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina í full fjögur ár eða lengur, telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna.

Ágóði af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., er að fullu skattskyldur á söluári. Þó skal ágóði af sölu þessara eigna eigi teljast til skattskyldra tekna, ef skattþegn hefur átt eignina í tvö ár eða lengur. Ágóði af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði hins vegar.

Ágóði af sölu fasteigna, þar með talin sala náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en þrjú ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í full þrjú ár, en skemur en fjögur ár, skulu aðeins þrír fjórðu hlutar ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina full fjögur ár, en skemur en fimm ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna, en hafi hann átt eignina full fimm ár, en skemur en sex ár, skal aðeins fjórðungur ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina full sex ár eða lengur, telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna. Þó skal ágóði af sölu íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., eigi teljast til skattskyldra tekna, hafi skattþegn átt íbúðarhúsnæðið íbúðarhæft í þrjú ár eða lengur.

Hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna samkvæmt C-lið 15. gr. skal teljast mismunur söluverðs þeirra annars vegar og bókfærðs verðs þeirra hins vegar, en bókfært verð samkvæmt lögum þessum er heildarfyrningarverð samkvæmt B-lið 15. gr., að frádregnum fengnum fyrningum samkvæmt ákvæðum skattalaga. Þegar fyrnanleg eign er seld, skal á söluárinu telja seljanda til tekna alla fyrningu, sem hann hefur fengið vegna eignarinnar, umfram leyfilega lágmarksfyrningu, ákveðna eftir reglum C-liðs 15. gr. laganna, allan fyrningartímann til söludags, þó ekki hærri fjárhæð en söluhagnaði nemur. Í þessu sambandi skulu hámarksfyrningar skipa, skipsbúnaðar og loftfara teljast lágmarksfyrningar fyrstu þrjú ár eignarhaldstímans, enda sé söluhagnaði varið til kaupa sams konar eigna innan tveggja ára frá sölu. Enn fremur skulu í þessu sambandi allar fyrningar fengnar fyrir gildistöku laga þessara teljast lágmarksfyrningar. Söluhagnaður að frádregnum skattskyldum fyrningum samkvæmt 2. málslið þessarar málsgreinar telst skattskyldur ágóði samkvæmt 1. og 3. mgr.

Ágóði af sölu fasteigna, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., og íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði þeirra hins vegar. Þó skal heimilt að miða við fasteignamatsverð, staðfest á árinu 1971, í stað kaupverðs eða kostnaðarverðs, hafi fasteignin verið í hendi seljanda í árslok 1969.

Nú selur skattþegn sérgreinda fasteign eða mannvirki ásamt eignarlóð eða landi í heild eða hluta, og skal þá heildarsöluverði skipt í sama hlutfalli og þessar einingar eru metnar til gildandi fasteignamatsverðs á söludegi. Sama skal gilda um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu, sé um að ræða sameiginlega sölu íbúðarhúsnæðis og atvinnurekstrarhúsnæðis. Á sama hátt skal ákvörðuð skipting á kaupverði kaupanda.

Ágóði af sölu hlutabréfa skal teljast mismunur raunverulegs söluverðs þeirra annars vegar og kaupverðs þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda skal ákvarða sem samanlagt nafnverð keyptra hlutabréfa og þeirra jöfnunarhlutabréfa, sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða raunverulegt kaupverð, hvort sem hærra reynist. Kaupverð hlutabréfa, sem skattþegn hefur eignazt við samruna hlutafélaga samkvæmt

8. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa, er hann lét af hendi. Þegar ákvarða skal ágóða af sölu hlutabréfa, skal kaupverð hvers hlutabréfs ákvarðað jafnt meðalverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattþegns, telst ágóði af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Ágóði telst mismunur á söluverði eignanna annars vegar og kaupverði, kostnaðarverði eða bókfærðu verði þeirra hins vegar.

Bætur vegna altjóns og eignarnámsbætur teljast sem söluverð í þessu sambandi. Stafi söluhagnaður af greiðslu bóta vegna altjóns eða eignarnáms, er skattþegni heimilt að dreifa skattskyldum hluta söluhagnaðarins á fimm ár, þannig að með tekjum hvers árs skuli aðeins teljast einn fimmti hluti.

Skattþegni skal heimilt að fresta skattlagningu skattskylds hluta söluhagnaðar um tvenn áramót, afli hann sér eigna, sem fyrna má samkvæmt ákvæðum C-liðs 15. gr., innan þess tíma og fyrni þessar eignir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. D-liðs 15. gr., enda noti skattþegn þá eigi heimildarákvæði 9. mgr. þessa stafliðs.

Hafi skattþegn eignazt hið selda fyrir arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma samkvæmt þessari grein miðað við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

Áður en skattskyldur ágóði af sölu eigna samkvæmt þessari grein er ákveðinn, má skattþegn draga frá heildarágóðanum það tap, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar verðmæta á sama ári.

4. Á eftir F-lið 1. mgr. 7. gr. laganna komi nýr liður, G-liður, svo hljóðandi:

Heiðurslaun, sem íslenzkir skattþegnar fá án umsóknar frá innlendum eða erlendum stofnunum fyrir sérstök afrek, skulu aðeins teljast til skattskyldra tekna að einum fjórða hluta, enda séu slík heiðurslaun einungis veitt sama aðila í eitt sinn.

5. Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Skattskyldar tekjur erlendra vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Sé hlutafélagi slitið þannig, að það sé algjörlega sameinað öðru hlutafélagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu, sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í félagi því, sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann, sem hlutabréfin lét af hendi.

Við slíkan samruna félaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags, sem slitið var.

Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um samruna hlutafélaga.

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

A. Félög, sem myndað hafa arðjöfnunarsjóð samkvæmt ákvæðum 1. mgr. A-liðs 17. gr., mega einungis verja honum til arðgreiðslu eða til að mæta tapi af rekstri á næstu fimm árum eftir að fé var lagt í sjóðinn.

Sé fé úr arðjöfnunarsjóði varið til annarra nota, skal það teljast með öðrum skattskyldum tekjum félagsins á ráðstöfunarárinu. Hafi framlag í arðjöfnunarsjóð eigi verið notað samkvæmt 1. mgr. á næstu fimm árum eftir að fé var lagt í sjóðinn, skal það teljast að fjórum fimmtu hlutum með öðrum skattskyldum tekjum félagsins á sjötta ári, en einn fimmti hluti leggjast við

höfuðstól. Sama regla gildir, ef fé úr arðjöfnunarsjóði er notað til að mæta tapi af rekstri samkvæmt 1. mgr.

B. Ef félag, sem notfært hefur sér heimild 2. mgr. B-liðs 17. gr. og hefur varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta tapi af rekstri félagsins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst m. a. önnur ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem eru ekki viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
c. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattayfirvalds. Skal þá meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkvæmt 2. mgr. B-liðs 17. gr., ráðstafað fé á einhvern annan hátt en til að mæta tapi af rekstri sínum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins, að viðbættum viðurlögum.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkvæmt lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Félög samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1965, önnur en sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, eins eða fleiri, sem fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr. og lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja helming varasjóðsins við höfuðstól sinn, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna félagsins. Um ráðstöfun þess hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal fara samkvæmt öðrum ákvæðum þessa stafliðs.

7. gr.

1. Í B-lið 10. gr. laganna falli niður orðið „brunabót“.
2. E-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Eignaauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota.

Þessi eignaauki skal þó skattlagður, að svo miklu leyti sem hann fæst endurgreiddur í söluverði íbúðar, hafi hann myndazt innan 5 ára fyrir söludag.

3. G-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Fæði, er sjómenn á skipum og aðrir launþegar, er vinna utan heimilissveitar sinnar, fá hjá vinnuveitendum sínum. Sama gildir, þótt unnið sé innan heimilissveitar, ef eigi er um fullt fæði að ræða eða samsvarandi hæfilegan fæðisstyrk í þess stað.

8. gr.

2. mgr. B-liðs 11. gr. laganna orðist svo:

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga og skattþegn hefur eigi valið að mæta með færslu úr arðjöfnunarsjóði eða varasjóði samkvæmt 9. gr., má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það þannig er að fullu jafnað, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Þann hluta rekstrartapa, sem myndazt hefur vegna fyrninga, samkvæmt C-lið

15. gr., og ekki hefur verið jafnaður að fullu samkvæmt 1. málslið, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Á sama hátt má flytja á milli ára þann hluta rekstrartapa, sem myndazt hafði til ársloka 1970 vegna fyrninga samkvæmt B-lið 15. gr. laga nr. 90/1965, og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið.

9. gr.

1. A-liður 12. gr. laganna orðist svo:
   Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr. Þó skal gjaldanda heimilt að eignfæra vexti af lánum til öflunar eigna, þar til þær eru hæfar til tekjuöflunar, sbr. B-lið 15. gr. Afföll af seldum verðbréfum má greiðandi færa til gjalda í samræmi við reglu 3. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr.
2. Á eftir A-lið 12. gr. laganna komi nýr stafliður, B, og breytist stafliðaröðin samkvæmt því. Stafliður B verði svo hljóðandi:
   Arð af hlutabréfum í eigu manna og vexti þeirra af stofnsjóðum í félögum samkvæmt B-lið 1. mgr. 5. gr., þó eigi meira fé en 30 000 kr. samtals hjá hverjum einstaklingi og 60 000 kr. hjá hjónum, sem telja fram saman. Aldrei má þó frádráttur vegna arðs af hlutabréfum nema meiru en 10% af hlutafjáreign skattþegns í hverju einstöku hlutafélagi. Ákvæði þessa stafliðs taka ekki til arðs af hlutabréfum hlutafélaga, sem notfæra sér heimild 1. mgr. B-liðs 17. gr.
3. B-liður, sem verður C-liður, orðist svo:
   Eignarskatt félaga, sem greiddur hefur verið á árinu.

10. gr.

1. Í A-lið 13. gr. laganna breytist „32 000 kr.“ í „55 000 kr.“.
2. Í 1. mgr. D-liðs 13. gr. laganna breytist „15 000 kr.“ í „25 000 kr.“.
3. 5. mgr. D-liðs 13. gr. laganna orðist svo:
   Þá skal draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattþegn hefur keypt sér, þó eigi hærra iðgjald en 15 000 kr.

11. gr.

1. Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1967 breytist „500 kr.“ í „800 kr.“.
2. Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1967 breytist „3000 kr.“ í „5000 kr.“.

12. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Um fyrningu, sbr. A-lið 11. gr., fer sem hér segir:

A. Fyrnanlegar eignir eru þeir fjármunir, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur, þó ekki veltufjármunir.
   Fyrnanlegar eignir eru þessar helztar:
   1. Vélar, tæki, skip, loftför og annað lausafé.
   2. Byggingar og önnur mannvirki.
   3. Náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.
   4. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til notkunar þekkingar og reynslu, réttur til einkaleyfis, vörumerkis, viðskiptavildar og sérstök atvinnuréttarleyfi.
   5. Sérstakur stofnkostnaður, svo sem frumkostnaður við markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfa og vörumerkja.

B. Heildarfyrningarverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ. e. kaupverð eða framleiðsluverð ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu að **viðbættum tollum, flutningsgjöldum, niðursetningarkostnaði og öðrum áföllnum kostnaði, þó eigi vöxtum, sbr. þó heimild í A-lið 12. gr., þar til eignin er hæf til teknaöflunar, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, sbr. þó 4. mgr.** D-liðs, afsláttum, eftirgjöfum skulda eða skaðabótum, sem til falla í sambandi við kaup eða framleiðslu eignarinnar. Fyrningarverð íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í E-lið, skal þó vera jafnt fasteignamatsverði.

Gengistap á skuldum, sem stofnað var til vegna öflunar fyrnanlegra eigna, sem fyrnast samkvæmt C-lið, má færa sérstaklega til eignar á því rekstrarári, sem gengisbreyting á sér stað.

Fyrningartími eigna hefst, þegar þær eru hæfar til teknaöflunar í hendi eiganda, sbr. þó D-lið. Fyrningartími verðmæta samkvæmt 3. tl. A-liðs hefst þó fyrst við nýtingu þeirra. Upphaf fyrningartíma fyrnanlegra eigna, sem skattþegn á í árslok 1970, telst 1. janúar 1971.

C. Fyrning skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, ákveðin sem fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði þeirra eigna og innan þeirra marka, sem hér greinir:

1. Véla og tækja til jarðvinnslu, námarekstrar og mannvirkjagerðar, svo og allra flutningatækja, skipa og skipsbúnaðar. Lágmark 10%, en hámark 15%.
2. Allra véla, tækja og annars lausafjár, sem eigi fellur undir 1. tl. Lágmark 8%, en hámark 12.5%.
3. Bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í E-lið. Hámark 2% til 10% eftir gerð og byggingarefni. Lágmark skal vera helmingur af hundraðshluta hámarks. Fjármálaráðherra skal í reglugerð flokka til fyrningar byggingar og önnur mannvirki samkvæmt þessum tölulið.
4. Keypts eignarréttar að verðmætum hugverkum og auðkennum samkvæmt 4. tl. A-liðs og sérstaks stofnkostnaðar samkvæmt 5. tl. A-liðs. Lágmark 5%, en hámark 20%.

Fyrning náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra skal miðuð við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessari málsgrein má aldrei verða hærri en heildarfyrningarverð hins fyrnda, að frádregnu verðmæti því, sem eftir stendur að lokinni nýtingu.

Stofnkostnað þann, sem um ræðir í 5. tl. A-liðs, **má fyrna að fullu á því ári, sem hann myndast.**

Gengistap, sbr. 2. mgr. B-liðs, má fyrna að fullu á eftirstöðvum fyrningartíma hlutaðeigandi eignar eða á 5 árum, eftir vali skattþegns.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má víkja frá reglum þessa stafliðs um hámarksfyrningu. Skattstjóri veitir heimild til þessa fráviks, en skjóta má ákvörðun hans til ríkisskattstjóra. Verði fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið ónothæf, áður en fyrningu hennar er lokið, og eftirstöðvar bókfærðs verðs hennar eru hærri en niðurlagsverð eða tjónbætur, má færa mismuninn til gjalda á því ári. Nú er fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið seld eða hún eyðileggst, og skal þá reikna ársfyrningu til gjalda hlutfallslega miðað við söludag eða tjóndag. Þó má fyrna niður í söluverð eða tjónbætur, sé það lægra en bókfært verð.

D. Til viðbótar þeirri föstu fyrningu, sem um ræðir í C-lið, er heimilt að fyrna eignir þær, er getur í 1.—3. tl. C-liðs, aðrar en íbúðarhúsnæði, skv. E-lið, með sérstakri fyrningu, er nemi að hámarki 30% af heildarfyrningarverði þeirra. Eigandi ræður, hvenær hann notar þessa heimild og að hve miklu leyti ár hvert.

Nú hefur verið gerður kaup- eða verksamningur í sambandi við öflun eigna þeirra, sem um getur í 1.—3. tl. C-liðs, annars en íbúðarhúsnæðis, þar sem

samningsfjárhæð nemur minnst tíu milljónum króna og minnst eitt ár skal líða frá gerð samnings til afhendingar eignanna, og er þá heimilt að fyrna samning þennan með að hámarki 30% af verðmæti á samningstímanum. Aldrei má þó fyrning þessi nema hærri fjárhæð en skattþegn hefur greitt til efnda á samningum. Fyrning þessi kemur í stað fyrningar samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs. Nemi fyrning samkvæmt þessari málsgrein eigi að fullu þeim fyrningum, sem skattþegni eru heimilaðar samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs, er honum heimilt að nota síðar þann hluta, sem á skortir.

Eigi má mynda rekstrarhalla vegna fyrningar samkvæmt 1. og 2. mgr. og ekki nota þessar fyrningar til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum.

Óendurkræfa styrki til öflunar á fyrnanlegum eignum samkvæmt A-lið, aðra en þá, sem um ræðir í F-lið 10. gr., skal telja til tekna á því ári, sem ákvörðun er tekin um slíkt, og til eignar sem hluta kostnaðarverðs eignanna, sbr. 1. mgr. B-liðs. Á sama rekstrarári er heimilt að fyrna þessar eignir með sérstakri fyrningu, er nemi sömu fjárhæð og styrkirnir. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein.

Hvers konar eftirgjafir eða afslættir af kostnaðarverði fyrnanlegra eigna, eftir að þær eru hæfar til teknaöflunar, svo og skaðabætur vegna galla, eftirgjafir skulda að öllu eða nokkru, óendurkræfar eða ekki endurkrafðar afborganir skulda, sem greiddar hafa verið af öðrum, enda hafi skuldirnar stofnazt vegna öflunar þessara eigna, skulu teljast til tekna á því rekstrarári, sem ákvörðun er tekin um slíkt. Sama gildir um gengishagnað vegna slíkra skulda. Á sama ári er heimilt að fyrna þessar eignir með sérstakri fyrningu, er nemi sömu fjárhæð og talin var til tekna vegna þessa, þó eigi meira en nemur ófyrndum eftirstöðvum heildarfyrningarverðs eignanna. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein. Nú er óráðstöfuðum varasjóði samkvæmt II. tl. í ákvæðum til bráðabirgða varið til öflunar fyrnanlegra eigna, sem fyrnast samkvæmt C-lið, og skal þá telja slíka ráðstöfun varasjóðsins til tekna á því ári. Jafnframt er heimilt að veita á sama ári sérstaka fyrningu á þessum eignum, er nemi sömu fjárhæð og talin er til tekna vegna ráðstöfunar varasjóðs. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein.

Til viðbótar þeim fyrningum, sem heimilar eru samkvæmt C-lið, svo og til viðbótar eða í stað heimilaðra hundraðshluta fyrninga samkvæmt 1. og 2. mgr. þessa stafliðs, og að svo miklu leyti sem ófyrndar eftirstöðvar heildarfyrningarverðs eignanna leyfa, er heimilt að fyrna eignir þær, er um getur í C-lið, með sérstakri fyrningu, er má nema fjárhæð jafnri skattskyldum hluta söluhagnaðar samkvæmt E-lið 1. mgr. 7. gr., á sama rekstrarári og söluhagnaður er skattlagður. Eigi má mynda rekstrarhalla vegna fyrninga samkvæmt þessari mgr. og ekki nota þær til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum.

E. Fyrning íbúðar manns, sem aðeins á eina íbúð, skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði. Einnig er eiganda íbúðar, sem hann notar fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína, heimilt að beita sömu fyrningarreglu um aðra íbúð, er hann kann að eiga í sömu eða annarri fasteign, án tillits til fasteignamatsverðs hennar, eða annað íbúðarhúsnæði í fasteign þeirri, er hann býr í, enda sé fasteignamatsverð þess eigi hærra en íbúðar þeirrar, sem hann býr í. Þessi heimild eiganda miðast við aðstæður við upphaf fyrningartíma og skal notuð þá strax og halda gildi sínu allan eignarhaldstíma hans á þessu húsnæði.

Árlegan frádráttarbæran viðhaldskostnað húsnæðis, sem fyrnt er samkvæmt 1. mgr., má ákveða sem fastan hundraðshluta af fasteignamatsverði.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð ákveðið um flokkun húsnæðis samkvæmt 1. mgr. eftir gerð og byggingarefni og ákveðið árlegan hundraðshluta fyrningar og viðhaldskostnaðar.

13. gr.

1. Í A-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „80 000 kr.“ í „134 000 kr.“.
2. Í B-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „112 000 kr.“ og „56 000 kr.“ í „188 000 kr.“ og „94 000 kr.“.
3. Í C-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ í „27 000 kr.“.
4. Í 3. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ og „3 200 kr.“ í „40 500 kr.“ og „5 400 kr.“.

14. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

A. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum arð þann, er þau greiða til hluthafa sinna eða eigenda, framlag í arðjöfnunarsjóð og skatt samkvæmt 25. gr. III. lið.

Innlend vátryggingarfélög mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við vátryggingartaka eða vátryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga yfirfæranleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr., og frádrátt samkvæmt 2. mgr. þessa stafliðs.

Eigi má mynda yfirfæranlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1. mgr. þessa stafliðs.

Að fenginni umsókn félags, skal skattyfirvöldum heimilt að leyfa því að falla undir ákvæði B-liðs þessarar greinar.

B. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr. og fengið hafa undanþágu frá ákvæðum A-liðs þessarar greinar, mega draga frá hreinum tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af nafnverði hlutafjár eða stofnfjár.

Ef nokkuð af hreinum tekjum félaga samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs, svo og félaga samkvæmt B-lið, 1. mgr. C-liðs og D- og E-liðum 1. mgr. 5. gr., er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ¼ hluta af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og tekjuútsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjum.

Félög þau, sem um ræðir í B-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Þá mega félög þessi draga frá hreinum tekjum sínum það fé, er þau greiða félagsmönnum sínum í vexti af stofnsjóðseign, þó eigi hærra en 10% ársvexti.

Félög, sem hafa það að meginmarkmiði sínu að vinna úr eða selja afurðir félagsmanna sinna, mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Fé, sem þannig er úthlutað, telst ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu, en til tekna hjá einstökum félagsmönnum.

Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. og 4. mgr. þessa stafliðs, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, skal telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna.

Innlend vátryggingarfélög mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við vátryggingartaka eða vátryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1.—4. mgr. þessa stafliðs skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga

A. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum arð þann, er þau greiða til hluthafa sinna eða eigenda, framlag í arðjöfnunarsjóð og skatt samkvæmt 25. gr. III. lið.

Innlend vátryggingarfélög mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við vátryggingartaka eða vátryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga yfirfæranleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr., og frádrátt samkvæmt 2. mgr. þessa stafliðs.

Eigi má mynda yfirfæranlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1. mgr. þessa stafliðs.

Að fenginni umsókn félags, skal skattyfirvöldum heimilt að leyfa því að falla undir ákvæði B-liðs þessarar greinar.

B. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr. og fengið hafa undanþágu frá ákvæðum A-liðs þessarar greinar, mega draga frá hreinum tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af nafnverði hlutafjár eða stofnfjár.

Ef nokkuð af hreinum tekjum félaga samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs, svo og félaga samkvæmt B-lið, 1. mgr. C-liðs og D- og E-liðum 1. mgr. 5. gr., er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ¼ hluta af hreinum tekjum félags, eftir að frá hafa verið dregnar þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1., 3. og 4. mgr. þessa stafliðs, en áður en tekjuskattur og tekjuútsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjum.

Félög þau, sem um ræðir í B-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði samkvæmt

lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Þá mega félög þessi draga frá hreinum tekjum sínum það fé, er þau greiða félagsmönnum sínum í vexti af stofnsjóðseign, þó eigi hærra en 10% ársvexti.

Félög, sem hafa það að meginmarkmiði sínu að vinna úr eða selja afurðir félagsmanna sinna, mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Fé, sem þannig er úthlutað, telst ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu, en til tekna hjá einstökum félagsmönnum.

Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. og 4. mgr. þessa stafliðs, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, skal telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna.

Innlend vátryggingarfélög mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við vátryggingartaka eða vátryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1.—4. mgr. þessa stafliðs skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga yfirfæranleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr., og frádrátt samkvæmt 6. mgr. þessa stafliðs.

Eigi má mynda yfirfæranlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1.—4. mgr. þessa stafliðs.

Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr., sem notað hafa heimildir samkvæmt þessum staflið, geta tilkynnt skattstjóra með yfirlýsingu félagsstjórnar, að þau óski framvegis að vera skattlögð í samræmi við ákvæði A-liðs þessarar greinar.

25. gr. hljóðar svo:

3. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að ⅗ hlutum þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

31. gr. (ný grein) hljóðar svo:

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra svo og þau ákvæði laga nr. 78 29. desember 1967, sem halda gildi sínu, inn í meginmál laga nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, og gefa lögin út svo breytt.

Nd. 744. Lög [231. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 436.

Nd. 745. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Davíð Ray Valgarðsson, nemandi í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 14. desember 1947.

Ed. 746. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. var rætt á fundi nefndarinnar, og mælir hún með því, að það verði samþykkt. Ásgeir Bjarnason var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt úr nefnd.

Alþingi, 31. marz 1971.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Jónas G. Rafnar.	Karl Guðjónsson.	Jón Árnason.

Ed. 747. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til laga um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. var rætt á fundi nefndarinnar, og mælir hún með því, að það verði samþykkt. Ásgeir Bjarnason var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt úr nefnd.

Alþingi, 31. marz 1971.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Jónas G. Rafnar.	Karl Guðjónsson.	Jón Árnason.

Ed. 748. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 31. marz 1971.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Björn Fr. Björnsson.	Steinþór Gestsson.	Karl Guðjónsson.
	Ólafur Björnsson.	

Ed. 749. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á allmörgum fundum og fengið til viðtals nokkra af þeim mönnum, sem málið varðar sérstaklega.

Enn fremur hafa undirritaðir rætt við menn frá ýmsum samtökum kennara og nemenda í því skyni að auka skilning sinn á þeirri breytingu, sem á kennaramenntun verður eftir lögfestingu frumvarpsákvæðanna.

Niðurstaða okkar er sú, að þeirri stefnu beri að fagna, sem lýsir sér í frumvarpinu, að bæta menntunarskilyrði þeirra, sem óska að búa sig undir kennarastarf. Á hinn bóginn virðist okkur, að við svo gagngera breytingu sem hér um ræðir komi fram margvísleg framkvæmdaatriði, sem eðlilegt sé, að reynslan ein geti skorið úr um, hvernig bezt verði fyrir komið.

Því leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 25. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Alþingi, 31. marz 1971.

Einar Ágústsson, frsm. Páll Þorsteinsson.

Nd. 750. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur haft frumvarp þetta til meðferðar og rætt efni þess.

Það mun almenn skoðun nefndarmanna, að frá upphaflegri frumvarpsgerð milliþinganefndar, sem falið var að kanna náttúruverndarmál landsins í heild, sé í þessu frumvarpi dregið í land varðandi veigamikil atriði. Ber þar fyrst og fremst tvennt að nefna: Að ákvæði um náttúruverndarsjóð eru felld niður, og í öðru lagi, að valdsvið Náttúruverndarráðs er þrengt meira en áður var, þar sem smámunalegustu náttúruverndaraðgerðir þurfa samkv. frumvarpi þessu að berast undir ráðuneyti, en áður var þó það svigrúm, að ráðið hafði sjálfræði og samningsrétt, ef um minni háttar atriði var að ræða, sem a. m. k. fólu ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar, sem námu nokkrum tugum þúsunda króna.

Smávægileg yfirsjón hefur háttvirtri efri deild orðið á, við afgreiðslu málsins, þar sem getið er aðila, sem rétt hafa til setu á Náttúruverndarþingi. Bætt hefur verið þar við ýmsum aðilum, og skal það óátalið látið, enda þótt fleiri mætti til nefna, úr því að svo langt er gengið. En sennilega af misgáningi eða misskilningi hefur Náttúruverndarsamtökum þarna verið stjakað út. Er næst að halda, að um ókunnugleika háttvirtrar deildar sé að ræða. Þess vegna er rétt að gera örstutta grein fyrir þessu atriði.

Náttúruverndarsamtök Íslands eru tvímælalaust mestur burðarás í starfi almennings í landinu til náttúruverndar, því að þau eru algerlega frjáls, óríkisstyrkt sam-

tök alþjóðar um þetta hugðarefni. Í dag samanstanda þau af: Náttúruverndarsamtökum Norðurlands, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Náttúruverndarfélagi Reykjavíkur og nágrennis (Hafnarfjarðar og Suðurnesja), og nefndinni er tjáð, að hliðstæð samtök séu á næsta leiti á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og Vestmannaeyjum.

Slík samtök eiga tvímælalaust rétt til fulltrúa á Náttúruverndarþingi, og þess vegna er breytingartillaga við 4. gr. borin fram. Vonar nefndin, að hér sé um svo einfalt mál að ræða, að það hljóti skjóta afgreiðslu og ekki verði samtímis farið að róta við frumvarpinu í heild, sem þrátt fyrir ágalla er vissulega spor til betri vegar.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Við 2. tölulið bætist: Náttúruverndarsamtök.

Alþingi, 31. marz 1971.

Benedikt Gröndal, form.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Birgir Kjaran, frsm.
Magnús Kjartansson, með fyrirvara.	Eysteinn Jónsson.	Sigurvin Einarsson.

Gunnar Gíslason.

Ed. 751. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um Hagstofnun launþegasamtakanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar þeirra fjögurra heildarsamtaka launþega, er mál þetta snertir, svo og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þrjú launþegasamtakanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Samband ísl. bankamanna, hafa eindregið tekið jákvæða afstöðu til frv. og skorað á Alþingi að samþykkja það. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands taka í umsögn sinni jákvæða afstöðu til þeirrar hugmyndar, er frumvarpinu liggur til grundvallar, en telja málið þurfa nánari athugunar, m. a. með tilliti til þess, að starfsemi Kjararannsóknarnefndar er nú í endurskoðun.

Á grundvelli þessara umsagna hefur fjárhagsnefnd orðið sammála um að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún láti fyrir næsta reglulegt Alþingi undirbúa löggjöf um það efni, er frv. fjallar um. Sé í því efni haft samráð við samtök launþega og vinnuveitenda og hliðsjón höfð af þeim hugmyndum, er í frv. felast, svo og þeim, er fram koma í umsögnum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins.

Alþingi, 31. marz 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Steingr. Hermannsson.	Axel Jónsson.	Einar Ágústsson.

Sveinn Guðmundsson.

Nd. 752. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 10. maí 1969, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumv. þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur undirritaður til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem lög þau, sem hér um ræðir, gilda aðeins til loka þessa árs og heildarendurskoðun laga, sem fjalla um nýtingu fiskveiðilögsögunnar og landgrunnsins, mun hefjast á næstunni, er erfitt að sjá nauðsyn þessarar takmörkuðu breytingar nú þegar og að skaði vegna umræddra veiðarfæra eigi sér aðeins stað í Faxaflóa, en ekki annars staðar, þar sem notkun slíkra veiðarfæra er leyfð innan 12 mílna. Þetta frv. mun á engan hátt auðvelda þá heildarendurskoðun, sem fram þarf að fara, heldur torvelda hana og skapa erfiðleika. Skoðanir flutningsmanna ganga einnig í berhögg við skoðanir vísindamanna okkar og greiða á engan hátt götu skynsamlegra samþykkta um verndun og nýtingu fiskveiðilögsögu okkar. Tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 31. marz 1971.

Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Reykjavík, 16. febrúar 1971.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Ég leyfi mér að vísa í bréf yðar, dags. 11. febr. s. l., þar sem beiðzt er umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breytingu á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, 202. mál.

Sú þróun í ýsuveiðinni hér við land, sem gerð er að umtalsefni í greinargerð fyrir frumvarpinu, er vel þekkt og kemur fram á mynd 1, er sýnir ýsuveiðina á Íslandsmiðum síðan 1924.

Á þessari mynd er sýnd ýsuveiði Íslendinga, Breta svo og heildarveiðin, en á töflu 1 er sýnd árleg veiði allra þjóða, er stunduðu ýsuveiðar hér við land á árunum 1946—1969.

Fyrstu árin eftir lok síðustu heimsstyrjaldar jókst ýsuaflinn mjög samfara aukinni sókn. Þessi þróun náði hámarki árið 1949, en eftir það snarféll aflinn og komst í lágmark árið 1952. Úr því jókst aflinn ár frá ári og náði algeru hámarki árið 1962, er hann komst upp í 120 þúsund tonn, eða tvöfalt það aflamagn, er mest varð á milli heimsstyrjaldanna tveggja.

Fiskifræðingar eru sammála um, að aukning ýsuaflans á árunum 1952—1962 megi þakka útfærslu landhelginnar 1952 svo og aukinni möskvastærð í botnvörpu og dragnót, er komst á um líkt leyti. Samhliða hinni auknu friðun, er stofninn varð þá aðnjótandi, komu einmitt í gagnið tveir mjög sterkir árgangar, sem nýttust mun betur en áður, eins og vikið mun að síðar.

Eftir 1962 hefur heildarýsuveiðin við Ísland farið minnkandi ár frá ári, og var hún komin niður í tæp 47 þúsund tonn árið 1969.

Þróunin í ýsuveiði Breta og Íslendinga hefur verið mjög lík; þó hefur dregið meira úr veiði Breta, m. a. vegna mun minni sóknar af þeirra hálfu seinustu árin.

Litlar upplýsingar eru til um afla á sóknareiningu að því er snertir íslenzku bátaveiðina, en ýsuafli íslenzku togaranna (tonn á milljón tonntogtíma) var sem hér segir:

Ár	Tonn/millj.tonntíma	Ár	Tonn/millj.tonntíma
1960	221	1965	214
1961	212	1966	173
1962	274	1967	195
1963	223	1968	166
1964	227	1969	166

Ýsuafli togaranna á árunum 1965—1969 var frá 16% upp í 22% af heildarýsuafla okkar á þessu tímabili og gefur því nokkuð góða mynd af sveiflum í stofnstærð ýsunnar þessi árin.

Á tímabilinu 1960—1969 var hlutur okkar í heildarýsuaflanum hér við land 54%, en á árunum 1967—1969 var hann kominn upp í rúm 67%, og munar þar mest um minnkun í afla brezkra togara.

Á töflu 2 er sýndur hlutur dragnótarveiðarinnar í heildarýsuveiðinni svo og í ýsuveiði Íslendinga hér við land á árunum 1960—1969. Á árunum 1961—1966 var hlutur dragnótarinnar í heildarýsuveiðinni frá 6.3% upp í 8.3%, en féll síðan og árið 1969 var hann aðeins 2% af heildarýsuveiðinni. Sama þróun kemur einnig fram sé miðað við ýsuveiði Íslendinga, og varð hlutur dragnótarinnar mestur árið 1962, er hann komst upp í 18.3%. Árið 1969 var hlutur dragnótarinnar í ýsuafla okkar einungis 2.6%.

Á töflunni er einnig sýndur fjöldi veiðiferða á dragnót á hverju ári, og hefur veiðiferðum fækkað að mun síðan 1965, en það ár náðu þær hámarki, er farnar voru 6800 veiðiferðir.

Að því er snertir dragnótarveiðina í Faxaflóa sérstaklega, þá var heildarafli þeirra báta, er veiðar stunduðu frá Faxaflóahöfnum, 4923 tonn árið 1960. Tveimur árum síðar, eða árið 1962, komst aflinn í 10 539 tonn, en var svo nokkuð jafn fram til ársins 1966 milli 6500 og 8000 tonn á ári. Eftir það fór afli dragnótarbáta í Faxaflóa ört minnkandi og stafaði það sumpart af minni sókn. Aflinn varð minnstur árið 1968 eða 684 tonn, en varð 1395 tonn árið 1969.

Tölur um afla dragnótarbáta árið 1970 eru ekki enn þá tiltækar, en ekki er talið, að aflinn sé frábrugðinn því, sem var árin tvö á undan, en meðaltal þeirra er um 1080 tonn.

Þátttakan í dragnótarveiðum í Faxaflóa hefur einnig minnkað á undanförnum árum; árið 1964 voru gerðir út 32 bátar frá Faxaflóahöfnum á dragnót, 17 árið 1967 og 10 árið 1969. Meðalafli á bát á tímabilinu 1964—1967 var nokkuð jafn, eða 234—254 tonn, en árið 1968 var hann 114 tonn og 140 tonn árið 1969.

Hlutur einstakra tegunda í heildaraflanum hefur verið nokkuð jafn. Árin 1960—68 voru 42% af afla dragnótarbáta við Faxaflóa ýsa, 33% þorskur, 19% skarkoli, afgangurinn ýmsar aðrar tegundir.

Aldurs- og lengdardreifing þess fisks, sem veiðist í dragnót er yfirleitt sú sama og fæst í önnur veiðarfæri á sama stað og tíma.

Bein áhrif dragnótarveiðinnar í Faxaflóa á ýsu-, þorsk- og skarkolastofnana hljóta að vera mjög óveruleg síðustu tvö árin, þar sem veiði þessara tegunda í dragnót var aðeins um 1000 tonn að meðaltali á ári, eða innan við 1% af heildarveiði þessara fiskstofna.

Á hinn bóginn er ekki útilokað, að um einhver bein og staðbundin áhrif hafi getað verið að ræða, þegar hvað mest aflaðist með dragnót í Faxaflóa, en hvort fiskur er drepinn í veiðarfæri a eða b, er í rauninni ekki líffræðilegt vandamál; eigi að skipta ákveðnum stofni milli einstakra veiðarfæra, þá er það þjóðhagslegt vandamál, þar sem m. a. kemur til greina framleiðni hinna einstöku veiðiaðferða.

Á 2. mynd er sýnt framlag hinna einstöku árganga í heildarýsuveiðinni á Íslandsmiðum á árunum 1956—1969.

Hæð súlnanna gefur til kynna, hve margar milljónir fiska úr viðkomandi árgangi hafa aflazt á aldrinum 4—6 ára. Á myndinni er sýnd ársveiði Íslendinga af ýsu, svo og heildarveiðin, og er árangurinn borinn saman við veiðina fimm árum eftir fæðingu.

Myndin sýnir glögglega, að miklar sveiflur eru í stærð hinna einstöku árganga og að þessar sveiflur ráða mestu um breytingar á aflamagni. Mismunur á bezta og lélegasta árganginum á því tímabili, sem hér um ræðir, er 1:12. Úr hinum 13 árgöngum, sem hér eiga hlut að máli, fengust samtals 406 milljónir fiska á aldrinum 4—6 ára, en af þeim voru 176 milljónir af árgöngunum frá 1956—1957. Síðan hafa aðeins komið tveir árgangar, sem eitthvert gagn er í, nefnilega árgangarnir frá 1960 og 1964, sem þó eru hálfdrættingar á við þá fyrstnefndu.

Orsök minnkandi ýsuveiði undanfarin ár virðist því aðallega vera lélegt klak á árunum 1958—1959 og 1961—1963.

Í rauninni er mjög vafasamt að bera veiðina í dag saman við það, sem hún varð á árunum 1961—1965, þar sem sú veiði byggðist svo til eingöngu á tveimur afburðasterkum árgöngum, sem ekki er hægt að reikna með venjulega.

Samanburður á ýsuveiði okkar í dag við það, sem hún var áður, sýnir eftirfarandi:

Á árunum 1966—1969 sveiflaðist aflinn milli 34—38 þúsund tonna, og var meðalaflinn á því tímabili tæplega sex sinnum meiri en á árunum 1930—1939; 0.5 af því, sem hann var á árunum 1961—1965, og 1.5 sinnum meiri en á árunum 1946—1959.

Þessar sveiflur eru innan þeirra marka, er náttúran sjálf ákveður um stærð hinna einstöku árganga.


Sú þróun í veiði Akranesbáta, sem prentuð er sem fylgiskjal með frumvarpinu, er í samræmi við þá heildarþróun ýsuveiðanna, sem hér hefur verið lýst, þó að vísu sé hér einungis um að ræða 0.5% af ýsuafla Íslendinga á umræddu árabili og 0.3% af heildarýsuaflanum.


Hér virðist því ekki vera um að ræða staðbundið fyrirbrigði, sem hægt er að skýra með notkun ákveðinna veiðarfæra, heldur er hér um að kenna sveiflum í náttúrunni, er við ráðum ekki við.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson.

Mynd 1. Ýsuveiðin á Íslandsmiðum




Mynd 2. Samhengið á milli stærðar árganga í ýsustofninum og veiðinnar
HEILDARVEIÐI
ÍSLAND
Árg. 1951 52 53 54 55 56 57 58 59 60 61 62 63 64
Ár 1956 57 58 59 60 61 62 63 64 65 66 67 68 69
Þús. tonn
Milljónir fiska í árg. 4–6 ára

Tafla 1. Ýsuveiðin á Íslandsmiðum.

Þús. tonn (óslægður).

Ár	Ísland	England	Þýzkaland	Færeyjar	Skotland	Frakkland	Noregur	Holland	Belgía	Danmörk	Svíþjóð	Samtals
1946	14 120	12 078	4 601	150	1 679	–	–	45	472	–	–	33 145
1947	18 601	14 901	3 762	150	2 246	–	–	–	2 019	–	–	41 679
1948	24 862	23 610	7 553	150	2 907	–	–	350	1 314	57	21	60 824
1949	30 264	28 683	10 499	150	3 960	–	–	–	2 120	96	170	75 951
1950	27 099	26 886	7 300	150	2 271	–	–	759	1 640	603	41	66 749
1951	22 173	21 576	7 326	150	1 365	–	–	220	2 857	362	–	56 029
1952	15 166	18 571	7 734	168	660	–	–	41	4 063	84	–	46 487
1953	14 954	28 268	6 384	219	708	–	–	–	4 295	–	–	54 828
1954	21 322	28 872	6 133	435	611	–	–	89	5 187	3	–	62 652
1955	21 703	27 936	7 153	359	683	–	–	–	7 105	6	–	64 945
1956	22 054	23 748	8 750	610	980	–	–	–	6 147	–	–	62 289
1957	31 302	28 663	7 796	1 168	1 137	–	–	29	6 631	–	–	76 726
1958	28 624	27 483	6 311	1 376	966	–	–	–	5 738	–	Sovétríkin	70 498
1959	26 534	30 002	3 794	1 025	811	–	–	–	2 412	–	–	64 578
1960	41 988	31 803	6 238	1 330	936	–	–	–	5 198	–	–	87 493
1961	51 360	47 164	4 067	770	2 314	125	–	49	4 237	–	–	110 086
1962	54 288	51 862	3 965	919	4 024	164	–	204	4 189	–	–	119 615
1963	51 834	39 538	3 064	2 108	3 818	–	–	198	1 884	–	–	102 444
1964	56 586	33 269	2 077	1 200	4 877	–	–	181	857	–	–	99 047
1965	53 506	37 643	1 753	1 006	3 761	–	40	89	1 235	–	–	99 033
1966	36 028	19 706	1 139	968	1 498	10	–	6	676	–	69	60 100
1967	37 997	17 409	1 517	484	1 011	916	–	–	897	–	194	60 425
1968	34 014	11 906	2 558	277	1 358	6	–	–	1 073	–	–	51 192
1969	35 036	7 806	1 626	20	1 138	–	–	26	961	–	–	46 613

Tafla 2. Ýsuveiðin við Ísland á árunum 1961—1969.

(Tonn upp úr sjó).

	Alls	Ísland	Dragnótarveiðin			
			Alls	% heild	% í veiði Íslendinga	Fjöldi sjóferða
1960	87 493	41 988	3 323	3.8	7.9	
1961	110 086	51 360	7 375	6.7	14.2	6 567
1962	119 615	54 288	9 956	8.3	18.3	6 223
1963	102 444	51 834	6 469	6.3	12.5	4 786
1964	99 047	56 586	7 012	7.1	12.4	4 870
1965	99 033	53 506	6 875	6.9	12.8	6 841
1966	60 100	36 028	4 603	7.7	12.8	4 734
1967	60 425	37 997	2 523	4.2	6.6	2 635
1968	51 192	34 014	492	1.0	1.4	1 593
1969	46 613	35 036	917	2.0	2.6	2 647

Nd. 753. Breytingartillaga [10. mál]

við brtt. á þskj. 679 [Landsvirkjun].

Frá Geir Hallgrímssyni.

Breytingartillagan orðist svo:

Fyrsti málsliður síðustu málsgreinar 3. gr. orðist svo:

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma.

Ed. 754. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 3. gr. 2. og 3. töluliður falli niður.
2. Við 6. gr. Upphaf greinarinnar, aftur að tölulið rómv. II, orðist svo:
   Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluta, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, sem hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:
   I. **Almennt kennaranám.**
      a. **Uppeldisgreinar** bóklegar, að minnsta kosti 2 hlutar.
      b. **Uppeldisfræðilegt sérsvið og áheyrn,** að minnsta kosti 2 hlutar.
      c. **Námsefni skyldunáms.** Um skiptingu þess skal fara eftir ákvæðum í sérstakri reglugerð.
3. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist:
   Kennsla í kennslugreinum undir II., III. og IV. lið má fara fram í Háskóla Íslands, ef það þykir hagkvæmara.
4. Við 8. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú óskar nemandi, sem tekið hefur lokapróf frá Kennaraháskóla Íslands, eftir að stunda nám til B.A.- eða B.S.-prófs við Háskóla Íslands, og skal þá nám hans við Kennaraháskólann metið sem ákveðinn hluti fyrrgreinds náms í Háskóla Íslands eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

5. Við 9. gr. Aftan við 4. tölulið bætist nýr töluliður, er svo hljóðar:
Gerðar skulu svipaðar kröfur til nemenda og um námsefni í Kennaraháskóla og gerðar eru til nemenda í Háskóla Íslands í jafnlöngu námi.

6. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:
Heimilt er að ráða kennara að hluta til starfa við Háskóla Íslands og að hluta við Kennaraháskóla Íslands.

Sþ. 755. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]

um leiðréttingu á vaxtabyrði lána úr Byggingarsjóði ríkisins.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar í stað reikna, hvaða raunvextir hafa fallið á öll vísitölutengd lán úr Byggingarsjóði ríkisins, sem veitt hafa verið frá 22. nóvember 1964.

Komi í ljós, að til 1. maí 1970 hafi fallið á lán að meðaltali hærri eftirágreiddir árlegir raunvextir en 9.5%, skorar Alþingi á ríkisstjórnina að afla sér þegar lagaheimildar til eftirfarandi ráðstafana:

Lántakendum verði endurgreidd sú upphæð, sem umfram er. Verði það gert með því að draga upphæðina frá eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru með vísitöluálagi 1. maí 1970. En frá 1. maí 1970 til 1. maí 1971 má hækkun á eftirstöðvum láns og ársgreiðslu í engu tilviki nema hærri fjárhæð en sem svarar til þess, að vísitöluviðbót og vextir samtals nemi 9.5% árlegum eftirágreiddum raunvöxtum.

Framvegis gildi um lán úr Byggingarsjóði ríkisins eftirfarandi regla:

Árlegir eftirágreiddir raunvextir megi ekkert ár milli greiðsludaga, eða frá lántökudegi til fyrsta greiðsludags, vera hærri en hæstu lögleyfðir raunvextir á lánum tryggðum með fyrsta flokks fasteignaveði.

Lántökugjald skal ekki reikna með í raunvöxtum.

Greinargerð.

Ástæða er til að ætla, að gildandi lagaákvæði um vísitölutengingu lána Húsnæðismálastofnunar ríkisins leiði og hafi leitt til óþolandi misréttis lántaka úr Byggingarsjóði ríkisins miðað við aðra lántaka. Enn fremur, að raunvextir bindi þeim, sem fengið hafa lán úr sjóðnum á tímabilinu frá því er lán voru tengd vísitölu, nú slíka fjárhagsbagga, að þeir fái ekki undir þeim risið og þurfi hér því þegar í stað að breyta vaxtakjörum að lágmarki svo, að vextir Byggingarsjóðsins verði a. m. k. aldrei hærri en útlánsvextir banka. Í meðfylgjandi fylgiskjali er mál þetta kannað til hlítar og komizt að niðurstöðu, sem telja verður óyggjandi, að sanni hina brýnu nauðsyn úrlausnar þessa máls. Er því til fylgiskjalsins vísað um frekari málsrök fyrir þáltill. þessari.

Fylgiskjal.

Þórir Bergsson
tryggingastærðfræðingur.

ERINDI

til alþingismanna, forustumanna verkalýðshreyfingarinnar og lántaka úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán Húsnæðismálastjórnar eða ólán.

Fyrir rúmum hálfum mánuði fékk ég af hendingu ástæðu til að athuga hin svokölluðu Húsnæðismálastjórnarlán, þ. e. lán úr Byggingarsjóði ríkisins, aðallega til byggingar nýrra íbúða. Mér varð þá strax ljóst, — þegar ég sá, að samkvæmt lögum um þessi lán hafa þau frá 23. júlí 1964 verið þannig vísitölubundin, að hækkunin er reiknuð á alla ársgreiðsluna, þ. e. afborganir, vexti og starfrækslukostnað, — að hér væri um athyglisvert fyrirbrigði að ræða og girnilegt til ígrundunar.

Með þessari aðferð eru tryggðir lágmarksvextir af eftirstöðvum hækkuðum með vísitöluálagi og þeir reiknaðir af eftirstöðvum eins og þær eru í lok hvers árs.

Ég ákvað því að kynna mér til fullnustu lög og reglur um þessa lánastarfsemi og framkvæmd hennar. Íbúðalánakerfið hefur verið flókið og síbreytilegt. Niðurstöður athugana minna liggja nú fyrir og eru birtar hér — því miður aðeins að takmörkuðu leyti. — Um þær verður ekki komizt hjá að nota ljót lýsingarorð, svo ófögur er myndin. Ég sleppi því, en læt staðreyndir tala.

Vísitölubundin lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán tengd vísitölu eru fyrst veitt hér á landi í nóvember 1955. Lán þessi voru til 15 ára með jöfnum afborgunum, 5.75% ársvöxtum og fullri vísitölu **framfærslukostnaðar á afborganir.** En jafnframt þeim var lántaka veitt lán, sem ekki voru tengd vísitölu, með 7.25% ársvöxtum, og skyldu þau endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum á 25 árum. Þessi lán voru yfirleitt miklu hærri en vísitölutengdu lánin. Þannig var einungis hluti lánsfjárins vísitölubundinn og það í 15 ár og einungis afborganir. Hætt var að veita þessi vísitölutryggðu lán í júlí 1964 — en þá var farið að veita lán samkv. nýjum lögum, eftir **samkomulag við verkalýðsfélögin,** sem hlýtur að hafa verið nauðung. Þau lán skyldu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 25 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana. Og auk þess skyldu lántakar greiða ¼% af lánsfjárhæðinni, sem reiknaðist á sama hátt og árlegir vextir. Hver ársgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður, skyldi **hækka eða lækka,** eftir því sem við ætti, samkvæmt **kaupgreiðsluvísitölu.** Lán með þessum kjörum voru veitt þar til í desember 1967. Þá var enn gerð breyting á, og á ársgreiðslur allra lána Byggingarsjóðs síðan skal greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar **hækkunar,** er hverju sinni hefur orðið á **kaupvísitölu** frá útgáfutíma skuldabréfs og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Jafnframt skal greiðast á ársgreiðslur eldri vísitölubundinna lána hlutfallsleg **viðbót,** sem svarar helmingi þeirrar **hækkunar,** sem hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu frá 1. febrúar 1968 og til 1. febrúar næst fyrir gjalddaga hverrar ársgreiðslu. Þessi breyting var einnig samkvæmt **samkomulagi við verkalýðshreyfinguna.**

Um vísitölur.

Eins og sést á þessu yfirliti, hafa verið lagðar til grundvallar mismunandi vísitölur á mismunandi tímum. Fyrst er notuð visitala framfærslukostnaðar, og virðist það að vissu leyti eðlilegt. Og á því tímabili, sem hún var notuð, var einungis lítill hluti heildarlánanna bundinn henni og hækkun kom einungis á afborganir.

Árið 1964 eftir samninga við verkalýðshreyfinguna er tekin upp **kaupgreiðsluvísitala** að fullu á öll lán Byggingarsjóðs ríkisins. Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt að nota **framfærsluvísitölu**, ef lán eru á annað borð vísitölubundin. Hún mælir nokkurn veginn rétt verðrýrnun eða aukningu gjaldmiðilsins. **Kaupgreiðsluvísitalan** var reiknuð eftir vísitölu framfærslukostnaðar með því að sleppa breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara. Hún mælir því að vissu marki það sama og vísitala framfærslukostnaðar, en var örlítið hagkvæmari lántakendum, á meðan hún gilti — heldur en framfærsluvísitalan hefði verið. **Kaupvísitala** sú, sem nú er notuð, og ákveðið var að nota í samráði við verkalýðshreyfinguna, mælir hins vegar breytingar á kauptaxta verkamanna, eða eins og segir í lögunum: „breytingar á dagvinnukaupi fyrir **almenna verkamannavinnu** í Reykjavík." Fyrir 1968 skyldi einnig tekið tillit til þess, að viðmiðunarvísitalan lækkaði. Nú er hins vegar í lögunum einungis talað um **viðbót vegna hækkunar**. Samningamenn verkalýðshreyfingarinnar virðast hafa litla trú á því, að þeim takist að fá kaup hækkað meira en nemur hækkun framfærslukostnaðar — að minnsta kosti næstu 25 árin. Munurinn á því að nota kaupvísitölu þessa og kaupgreiðsluvísitölu eins og áður er sá, að nú hækka lánin þegar í stað vegna hvaða kauphækkana sem vera skal, einnig launahækkana, sem eru raunhæfar og ekki flytjast út í verðlagið. Slíkar hækkanir komu alls ekki fram í kaupgreiðsluvísitölunni, sem áður var notuð. Hækkun kaups þeirra lægst launuðu, sem þarf að hækka, hækkar skuldir þeirra og allra annarra lántaka úr Byggingarsjóði ríkisins. Hækkanir á kaupvísitölunni verða líka alltaf miklu rykkjóttari en hækkanir kaupgreiðsluvísitölu.

Sem raunhæft dæmi um, hve hörmuleg áhrif notkun **kaupvísitölu** hefur, tek ég eftirfarandi:

Kvæntur maður með tvö börn, sem hefði getað unnið sér inn á ári 275 000.00 kr. fyrir vinnu eftir 4. taxta Dagsbrúnar, eins og hann var í maí 1970 (til þess hefði hann þurft að vinna 59½ klst. á viku allt árið, án þess að taka nokkurt frí!) fær 440 000.00 kr. lán frá Byggingarsjóði í maí 1970. Ef engin kauphækkun og ekkert verkfall hefði orðið á tímabilinu frá 1. maí 1970 til 1. febrúar 1971, hefði hann ekkert fé átt eftir í lok tímabilsins, þegar gert er ráð fyrir, að árleg neyzla hans hefði verið 210 000.00 kr. á verðlagi í byrjun tímabilsins. Þá er tekið fullt tillit til fjölskyldubóta, allra opinberra skatta og gjalda, lántökugjalds, stimpilgjalds og þinglýsingar og vaxta af láninu. Skuld hans hefði þá numið 440 000.00 kr. 1. maí 1971. Vegna kauphækkana nemur hún nú 495 880.00 kr., og þó tekjur hafi hækkað í kr. 287 374.00, á hann ekkert fé handbært, þar sem skattar og gjöld og hækkun framfærslukostnaðar hefur hirt tekjuhækkunina. Hann hefur þannig tapað 55 880.00 krónum á kauphækkuninni!

Annað kostulegt dæmi um fáránleg áhrif kaupvísitölunnar: Hafi tveir menn tekið 440 000.00 kr. lán hvor hjá Byggingarsjóði ríkisins, annar í síðari hluta júlí 1970 og hinn hálfum mánuði seinna, í ágúst, þá skuldar sá fyrri 1. maí í vor 495 880.00 kr., en hinn 448 668.00 kr. Sá fyrri hefur þó greitt í vexti 15 807.00 kr., en hinn bara 14 150.00 kr. fyrir sama tímabil. Svona fásinnu hefði notkun hálfrar hækkunar kaupgreiðsluvísitölu að töluverðu leyti komið í veg fyrir.

Notkun **kaupvísitölu** gerir baráttu launþega fyrir kauptaxtahækkunum meira en lítið tvíeggjaða. Hámarkslán, sem veitt er nú úr Byggingarsjóði, nemur 600 þús. kr. Með hverri kauphækkun, sem verkamaður fær, hækkar skuld hans. Tökum dæmi af verkamanni, sem í ár fær hámarkslán og aflar tekna sinna eftir 2. taxta Dagsbrúnar (fjölmennasti taxtinn). Árstekjur hans nú fyrir fulla dagvinnu eru 181 688.00 kr. Hækki kaup um 5%, þ. e. árskaupið um 9 084.00 kr., hækkar skuld hans þegar í stað um 15 000.00 kr. Auk þess hækkar allur neyzlukostnaður og opinber gjöld fljótlega á eftir. **Vitað er enn eða hvat?**

Bæði vísitala framfærslukostnaðar og kaupgreiðsluvísitalan eru skýr og greinileg hugtök öllum þeim, sem á annað borð skilja, hvað vísitala er, enda tiltölulega skýrt skilgreindar í lögum. Hins vegar er kaupvísitalan dálítið skrýtið fyrirbrigði og

svo óljóst skilgreind í lögum, að slíkt ætti ekki að koma fyrir um hugtak, sem ætlað er jafnveigamikið hlutverk og henni er. Bæði í lögum nr. 21 frá 20. apríl 1968 og lögum nr. 30 frá 12. maí 1970 segir: „Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu, er sýnir breytingar á dagvinnukaupi fyrir **almenna verkamannavinnu** í Reykjavík, **samkv. nánari ákvörðun hennar.**" Hvort skilja beri þetta svo, að Hagstofan eigi að ákveða, hvað er almenn verkamannavinna, veit ég ekki. Hugtakið „**almenn verkamannavinna**" hefur verið notað í samningum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og vinnuveitenda að minnsta kosti frá því árið 1937. Þetta hefur verið sú vinna, sem greidd var með lægsta taxta samninganna. Liggur því beint við að álykta, að átt sé við breytingar á þessum taxta. Þegar framangreind lög voru samþykkt, fannst hugtakið enn þá skráð í samningum vinnuveitenda og Dagsbrúnar. Í samningum frá 19. júní 1970 er ekki minnzt á almenna verkamannavinnu — hugtakið er alveg horfið. — Í stað þess nær 1. taxtinn til „tímabundinnar vinnu verkamanna og vinnu, sem ekki er annars staðar talin." Snjallara hefði verið fyrir verkalýðsleiðtogana að halda hugtakinu og semja um, að hækkun á taxta fyrir almenna verkamannavinnu yrði engin.

Hvernig Hagstofan hefur leyst þennan vanda, hvort hún t. d. notar vegið meðaltal allra tímakaupstaxta verkamanna miðað við fjölda þeirra, sem vinna á hverjum taxta, veit ég ekki. Alls eru mismunandi tímakaupstaxtar Dagsbrúnar nú 34! — og þar að auki eru iðnverkamenn með 6 mismunandi taxta. Þessi aðferð er í raun og veru óframkvæmanleg. Svona losaraleg skilgreining í lögum á mikilvægu hugtaki er óafsakanleg. Kaupvísitalan hefur áhrif á 24 000 lán, sem þegar hafa verið veitt síðan 1964, og nam upprunaleg upphæð þeirra samtals 2 250 milljónum króna um s. l. áramót, og eftirstöðvar af þeim nú talsvert stærri upphæð. Auk þess er fyrirhugað samkvæmt fjárlögum þessa árs að veita ný lán að upphæð 612 milljónir króna. Þetta sýnir, hve mikilvægt hugtak orðið kaupvísitala er.

Löghelgað okur.

Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða.

Í gildi eru lög frá 1960 um bann við okri. Í þeim segir, að sé skuld tryggð með veði í fasteign, er heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, er stjórn Seðlabankans leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæsta fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, þegar til skuldar er stofnað. Og einnig segir, að sé áskilið annað endurgjald fyrir lánveitingu en vextir af henni, má það ekki vera hærra en svo, að endurgjaldið **alls** svari til þeirrar vaxtahæðar af **höfuðstól** skuldarinnar.

Þegar lántakar þurfa 1. maí í vor að greiða af skuldum sínum við Byggingarsjóð ríkisins, munu ársvextirnir frá því 1. maí 1970 nema frá 17.5% til 19.0.%. Af lánum, sem tekin eru eftir að hálf vísitöluhækkun var tekin upp, verða raunvextir mismunandi eftir því, hvenær lánið var tekið.

Í auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 30. desember 1965, sem enn gildir, eru hæstu leyfilegir vextir á lánum með 1. flokks fasteignaveðstryggingu 9.5%.

Samkvæmt skilgreiningu okurlaganna á sér þannig stað í reynd gróft okur, sem ákveðið var með lögum, sem yngri eru en okurlögin — og er því sennilega samkvæmt lögspekilegri túlkun fullkomlega löglegt.

Raunverulegir vextir á lánum teknum 1965 hafa að meðaltali verið 11.8% yfir tímabilið til 1. maí n. k., en hæstu leyfilegir vextir af 1. flokks fasteignaveðlánum teknum 1965 eru 8.5%. Aðeins eitt ár á tímabilinu hafa raunverulegir vextir verið lægri.

Skuldir vegna hvers einasta láns, sem tekið hefur verið úr Byggingarsjóði ríkisins síðan 1964, eru hærri nú en þegar lánið var tekið, þrátt fyrir **árlegar vaxtagreiðslur**, — sem að meðaltali hafa numið 4.6% á ári af eftirstöðvum, eins og þær hafa verið með vísitölu á hverjum tíma — og svokallaðar afborganir með vísitölu. Sá, sem fékk 200 þús. kr. lán í desember 1964, skuldar sjóðnum nú 259 482.00 kr., og hefur samt greitt til hans alls 102 776.00 kr. Þetta svarar til 11.8% raunvaxta allt

tímabilið á láni, sem samkvæmt lögum hefur verið leyfilegt að taka 9.5% vexti af. Vituð **ér enn eða hvat?**

Þjónusta við lántaka.

Hvernig geta lántakar nú fylgzt með, hver staða þeirra er varðandi skuld þeirra við Byggingarsjóð ríkisins?

Lántökum er væntanlega tilkynnt árlega um það, hvernig lán þeirra standi — eða ef svo er ekki gert, þá geta þeir að sjálfsögðu á einfaldan hátt reiknað það dæmi. Sennilega er gert ráð fyrir því síðara, þar sem á kvittunum fyrir ársgreiðslum frá Veðdeild Landsbankans hefur hingað til einungis verið getið eftirstöðva án vísitöluhækkunar (án þess að svo sé sagt) og lánaflokks, auk sjálfrar greiðslunnar. Hvergi er þess getið, hver gildandi vísitala er, né hækkunar á skuld vegna vísitöluhækkunar. — **Þá er bara fyrir lántakana að fletta upp á gildandi** vísitölu í Hagtíðindum, Fjármálatíðindum eða dagblöðum, athuga, hver grunnvísitala láns þeirra er, og reikna. Sá er þó hængur á, að jafnvel þó að lántakar geti reiknað, er vísitöluna hvergi að finna í neinum prentuðum heimildum. Hún er sem sé ekki birt, en stendur sjálfsagt skrifuð á blaði hjá Hagstofu Íslands. Til er þá sú **leið að hringja í Veðdeild Landsbankans eða Hagstofuna til þess að komast að hinu** sanna. Hætt er við, að erfitt yrði að ná sambandi, ef allir skuldunautar Byggingarsjóðs fengju allt í einu löngun til að fá upplýsingar um skuld sína. Þeir eru ekki undir 15 þúsundum, sem skulda vísitölutryggð lán. Þarf ekki að gefa upp skuld sína á skattframtali? Er viðbótin vegna vísitöluhækkunar öll ekki sama eðlis og vextir og því frádráttarbær frá tekjum, áður en skattur er lagður á? Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að lækka skuldina, ef vísitala skyldi lækka, svo að ekki er hægt að afsaka, að raunveruleg skuld er ekki gefin upp á kvittunum, með **því, að hún sé óviss og geti lækkað. Þegar íbúð er seld með áhvílandi Byggingar**sjóðsláni, geta báðir aðilar verið í góðri trú varðandi upphæð skuldarinnar á síðasta gjalddaga ársgreiðslu. Hver er ábyrgur, ef vaðið er í villu um það atriði?

Hvernig unnt er að leiðrétta misréttið og bæta lánakerfið.

Til að leiðrétta það alvarlega misrétti og siðferðislega brot á lögum, sem hér er um að ræða, tel ég eftirfarandi leið færa:

Endurgreiða lántökum allt, sem er umfram lögleyfða vexti. Þetta verði gert með því að lækka eftirstöðvar lánanna sem því nemur. Síðan verði sérhverju láni breytt í tvö lán, þannig, að fyrir hvert einstakt lán komi tvö jafnhá lán, þar sem annað er bundið við kaupgreiðsluvísitölu, en hitt algjörlega óvísitölubundið — og séu þau bæði með 4.25% ársvöxtum og greiðist upp á því árabili, sem eftir er af núverandi láni. Aldrei skulu falla á eftirstöðvar hærri raunvextir en lög leyfa fyrir 1. flokks fasteignaveð á hverjum tíma. Að sjálfsögðu skal þá vera óheimilt að greiða annað lánið að fullu eða upp í það, nema hitt lánið sé líka greitt að fullu eða sama upphæð upp í það. Með þessum kjörum skulu öll ný lán veitt. Nú kann einhver að segja, að þetta yrði allt of viðamikil breyting í framkvæmd og dýr. Já, réttlætið getur stundum verið dýrt. En ég fullyrði, að hér sé alls ekki um þungan bagga að ræða. Veðdeild Landsbankans fær í maí n. k. í sinn hlut yfir 5½ milljón króna af greiddum vöxtum án vísitölu, sem ætlað er til greiðslu fyrir störf hennar í þágu Byggingarsjóðsins. Ég mundi glaður taka að mér alla útreikninga varðandi þessa breytingu fyrir ⅕ hluta þeirrar upphæðar og þó minna væri. Þessi bráðabirgða **leiðrétting þarf að koma nú strax fyrir þingslit.**

Framtíðarlausn.

Þeir vextir, sem notaðir hafa verið á þessi lán, eru minnst 4.25%, og geta samkvæmt lögum ekki orðið lægri, þótt verðgildi krónunnar aukist. Þetta eru ekki lágir vextir í þjóðfélagi, þar sem gjaldmiðillinn heldur verðgildi sínu. Að dómi sumra hagfræðinga jaðra 4.25% vextir við það, sem hæst er eðlilegt í þjóðfélagi, sem býr við stöðugt verðgildi gjaldmiðils síns. Þegar lán er vísitölutryggt, er hægt að nota lága vexti, og því lægri sem tryggingin fyrir láninu er betri. Hinir háu vextir, sem hér eru lögleyfðir, stafa af því, hve verðrýrnun krónunnar hefur verið óskapleg.

Mikilvægasta verkefnið, sem nú liggur fyrir þjóðinni, við hlið landhelgismálsins, er að stöðva þessa verðbólgu. Vegna þess að mikill fjöldi manna hefur beinan stundarhagnað af því, að verðrýrnun krónunnar haldi áfram, og þessir menn eru þeir, sem hafa áhrifavald og aðstöðu til að notfæra sér verðrýrnunina, geta þeir komið í veg fyrir, að stöðvun nái fram að ganga. Þessi andstaða getur bæði verið meðvituð og ómeðvituð, en hagnaðurinn verður aldrei neinn, þegar til lengdar lætur. Annað er misskilningur eða blekking.

Þær aðgerðir, sem gera verður, þurfa að vera í því fólgnar, að komið sé í veg fyrir, að nokkur geti hagnazt á verðbólgu eða virzt hann hagnast. Þetta er hægt. Setja þarf í lög, að afborganir af öllum fjárskuldbindingum til lengri tíma en tveggja ára skuli vera að fullu vísitölubundnar, og hámarksvextir af eftirstöðvum, eins og þær eru á hverjum tíma, ákveðnir í samræmi við, hvað er eðlilegur afrakstur fjármagns í þjóðfélagi, sem heldur gjaldmiðli sínum óskertum í tímans rás. Vextir af lánum til langs tíma með 1. veðrétti í íbúð gætu t. d. verið 4%, af ótryggari lánum væru þeir hærri. Lán úr Byggingarsjóði munu hafa verið hugsuð til úrbóta á húsnæðisvandamálum okkar, og sem aðstoð við menn með lágar og miðlungs tekjur við að eignast eigið húsnæði. Vextir á slík lán ættu að vera enn lægri, t. d. 2—3%, þegar þau eru fullvísitölutryggð.

Við vísitölubindingu fjár hér á landi hefur verið byrjað á öfugum enda. Byrðin er lögð á þá, sem sízt geta borið hana. Þær 15—20 þúsundir manna, sem þegar hafa fengið vísitölutengd lán (veitt lán alls eru 24 000), eru menn með svipuð laun og þeir, sem ég hef tekið dæmi af hér að framan. Þeir, sem byggja stærra en svo, að þeir geti fengið lán úr Byggingarsjóði, eru menn, sem annaðhvort hafa margfalt hærri tekjur eða sérstaka aðstöðu til að fá önnur lán, nema hvort tveggja sé. Þeir njóta óbeint verndar gegn því að taka vísitölutengd lán.

Lokaávarp.

Alþingismenn! Hér hafa verið dregnar saman á einn stað staðreyndir varðandi lán úr Byggingarsjóði ríkisins, og gerð grein fyrir því misrétti, sem lántakar eru beittir, miðað við aðra skuldunauta þjóðfélagsins. Þær 15—20 þúsundir, sem þegar hafa fengið þessi lán, og þær þúsundir, sem við bætast í ár og næstu ár, eru menn með 15—25 þús. kr. í tekjur á mánuði fyrir fulla vinnu (40—44 vinnustundir á viku). Þegar þið hafið tildeilt ykkur 50 þús. kr. í laun á mánuði (og það fyrir störf, sem aldrei virðast baka neinum minnstu ábyrgð), hjá flestum ykkar sem hreina viðbót við önnur laun, snúið ykkur þá að því að leiðrétta misrétti það, sem allur þessi fjöldi hefur verið beittur. Leiðréttið ykkar eigin afglöp þegar í vor. Þið verðið ekki hýrudregnir fyrir það, en þið verðið menn að meiri.

Reykjavík, 29. marz 1971.

Þórir Bergsson.

Nd. 756. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar á nokkrum fundum og sérstaklega rætt efni þess við fulltrúa allra bankanna, sem komu á fund í nefndinni.

Við umræður um frv. var og rætt um þá tillögu Seðlabanka Íslands, að stefna beri að sameiningu viðskiptabanka, og um það, hver áhrif heimild til handa fleiri bönkum en verið hefur til gjaldeyrisviðskipta mundi hafa í því sambandi.

Án þess að taka afstöðu til tillagna Seðlabanka Íslands um réttindi gjaldeyrisviðskipta til handa fleiri bönkum en verið hefur svo og ákvarðana viðskiptaráðuneytisins þar að lútandi (sbr. greinargerð frv.) telur meiri hlutinn eðlilegt, að bankalöggjöfin, þ. á m. löggjöfin um meðferð innflutnings- og gjaldeyrismála, sé þannig úr garði gerð, að um eðlilega þróun á þeim málum geti verið að ræða.

Með tilvísun til þessa svo og umræðna við bankastjóra Seðlabanka Íslands um væntanlega framkvæmd þessara mála leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. marz 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Geir Hallgrímsson, frsm.

Pálmi Jónsson.

Sþ. 757. Tillaga til þingsályktunar [305. mál]

um endurskoðun orkulaga.

Flm.: Jónas Pétursson, Jón Árnason, Gunnar Gíslason, Matthías Bjarnason, Guðlaugur Gíslason, Friðjón Þórðarson, Axel Jónsson, Eyjólfur Konr. Jónsson, Jónas G. Rafnar, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar endurskoða orkulög, nr. 58 29. apríl 1967, með það fyrir augum, að komið verði á sérstökum orkuveitum landshluta, er taki við verkefnum Rafmagnsveitna ríkisins. Aðilar að þeim gætu einnig orðið aðrar rafveitur, sem fyrir eru á hverju svæði.

Þá skal einnig athuga, hvort ekki sé rétt, að ákvæði VI. kafla laganna, um Rafmagnseftirlit ríkisins, verði í sérstökum lögum og að stofnun sú heyri beint undir ráðherra.

Enn fremur skulu ákvæði laganna um hlutverk Orkustofnunar endurskoðuð, svo og önnur ákvæði, er þurfa þykir.

Greinargerð.

Þótt ekki sé langt um liðið frá setningu orkulaga, en Alþingi samþykkti þau 18. apríl 1967, teljum við mjög tímabært og nauðsynlegt að taka þau til endurskoðunar og gera á þeim, eða sumum köflum þeirra, verulegar breytingar. Er þar fyrst að nefna kaflann um Rafmagnsveitur ríkisins. Skömmu áður en orkulögin voru sett, hafði Alþingi samþykkt lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö raforkufyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga fyrir tiltekin svæði í landinu. Lítum við flm. svo á, að með því hafi verið mörkuð sú stefna, er fylgja beri í raforku-

málum, þ. e. að skipta landinu í orkuveitusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum, t. d. í samræmi við núverandi kjördæmi. Fyrir þessu er mjög vaxandi áhugi um byggðir landsins. Í öllum landshlutum eru risin eða að rísa orkuver, sem byggja grunninn undir þessa skipan mála. Viðurkennt er, að í vatnsorkunni er ein mesta auðlind lands okkar, sem með látlausum tækniframförum verður auðnýttari, og jafnframt kalla tækniframfarirnar á síaukna orkunotkun, sem í senn tryggir fjárhagsgrunn orkuveitnanna og kallar fram vilja íbúanna á hverju svæði til valds yfir þessum verðmætum, stjórn þeirra og ábyrgð allri. Menn átta sig sífellt betur og betur á því, að raforkumál eru í því engin undantekning, að sjálfs er höndin hollust, og fjarstýringar frá miðstöð í höfuðborginni er ekki þörf, umfram það, sem auðvitað er eðlilegt, að raforkuráðuneyti hafi yfirstjórn raforkumála. Skipa ætti þessum málum í sérstökum lögum.

Orkusjóður fær nú verðjöfnunargjald af raforku, og gengur gjaldið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Fullkomlega eðlilegt er að taka raforkugjald í einhverju formi í sameiginlegan sjóð, m. a. til að jafna nokkuð aðstöðu ýmissa byggðarlaga til raforkunotkunar, einkum vegna dreifingar, þar sem vegalengdir eru miklar. Sá stuðningur á að koma sem stofnframlag í framkvæmdir, svo sem dreifilínur o. fl., en ekki sem rekstrarstyrkur. Á þennan hátt stendur eftir sem áður ólömuð hvöt til hagfellds rekstrar á svæðinu, sem er hið mikilvægasta atriði, sem nýtur sín þar, sem ábyrgð, áhætta og ávinningur eru í órofa tengslum. Misjafnlega hagkvæm orkuframleiðsla hefur áhrif á heildarafkomu svæðisins, m. a. getur mjög hagkvæm virkjunaraðstaða bætt verulega upp óhagstæða dreifingu.

Hin nýja stétt, tæknimennirnir dreifast um landið, verða burðarásar í athafnalífi byggðanna miklu fremur, þegar þeir eru starfsmenn svæðanna, en ekki sendimenn til skamms tíma í útlegð frá Reykjavík.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá nú víða um dreifingu orkunnar til almennra nota og víðast hvar í strjálbýlinu. Við teljum, að þessa dreifingu orkunnar eigi orkuveitur svæðanna að hafa með höndum, enda sé þá tryggt, að eðlilegt samstarf sveitarfélaga á orkuveitusvæðinu sé fyrir hendi.

Með vaxandi raforkunotkun og almennu dreifikerfi um land allt er gert ráð fyrir, að tengt verði saman raforkunet milli fjórðunga. Ýmsir telja að skilyrði þessarar samtengingar sé, að eitt fyrirtæki og þá helzt ríkið hafi alla framleiðslu og höfuðdreifingu. Þetta teljum við mesta misskilning. Samtengingin á að gerast með viðskiptasamningi milli tveggja eða fleiri orkuveitna, sem mætast á jafnréttisgrundvelli að semja um beggja eða allra hagsmuni.

Orkuveitur svæðanna verða fyrirtæki sveitarfélaga eða sameiginlega ríkis og sveitarfélaga. Þau skapa jafnréttistilfinningu fólksins, þar sem engin svæði eru 2. flokks.

Í tillögugreininni gerum við ráð fyrir, að athugað verði um það, að Rafmagnseftirlit ríkisins sé tekið út úr orkulögunum og verði sett sjálfstæð löggjöf um þessa stofnun, sem heyri beint undir ráðherra. Teljum við þá skipan eðlilega.

2. gr. laganna, um hlutverk Orkustofnunar, þarf að endurskoða. Þar eru viðfangsefni nefnd, er eðlilegra væri að heyrðu beint undir raforkuráðuneytið. Undirstrika ber mjög rækilega, að Orkustofnunin sé rannsókna- og ráðgefandi stofnun, en hafi ekki með höndum framkvæmdir eða annan rekstur. — Fleira kemur til athugunar í þessari löggjöf, m. a. efling Orkusjóðs, svo að hann geti betur stuðlað að aukinni orkuöflun og dreifingu með beinum fjárframlögum og lánveitingum til orkuveitna í hinum ýmsu landshlutum, enda verði sjálfar raflínurnar um dreifbýlið lagðar með ríkisframlögum, svo sem verið hefur.

Ed. 758. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands.

29. Lane, Magnús Richardson, nemandi í Grundarfirði, f. á Íslandi 6. desember 1955.
30. Lane, Stephen Gunnar, barn í Grundarfirði, f. á Íslandi 9. júlí 1958.
31. Leo, Johannes Gilbert, smiður í Ytri-Njarðvík, f. í Færeyjum 5. ágúst 1915.
32. Madsen, Hanna Signe, húsmóðir í Varmahlíð í Skagafirði, f. í Danmörku 28. marz 1937.
33. Middleton, Mary Anna, háskólastúdent í Garðahreppi, f. á Íslandi 3. september 1949.
34. Mortensen, Daniel Jacob, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 24. nóvember 1907.
35. Mortensen, Elsebeth, húsmóðir í Ólafsvík, f. í Færeyjum 2. júlí 1949.
36. Mortensen, Justa Alexandra Johanna Petrina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 20. júlí 1915.
37. Mortensen, Karl Johannes, trésmiður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 4. september 1913.
38. Mortensen, Mariane Sofie, húsmóðir í Ólafsvík, f. í Færeyjum 7. nóvember 1913.
39. Mortensen, Martin Juel, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 30. apríl 1950.
40. Mortensen, Mia, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 1. ágúst 1940.
41. Mortensen, Peter Friðálvur, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 9. janúar 1946.
42. Mortensen, Poul, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 2. júlí 1949.
43. Nyberg, Doris Elisabeth, lyfjafræðingur í Ytri-Njarðvík, f. í Finnlandi 25. september 1934.
44. Petersen, Hulda Sóley, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. október 1941.
45. **Pitt, David Louis Chatham, verzlunarmaður í Hafnarfirði, f. í Bretlandi 15. febrúar 1946.**
46. Rakebrandt, Jarmila Dorothea, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 13. ágúst 1937.

47. Samara, Assam Eissa, iðnverkamaður í Reykjavík, f. í Jórdaníu 1. maí 1941. Fær réttinn 4. maí 1971.
48. Schmidt, Christine Marie Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. september 1940.
49. Schubert, Winnie Marion Ovdal, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 27. janúar 1933.
50. Silaéva, Svetlana Ivanovna, tannlæknanemi í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 1. febrúar 1943.
51. Simonarson, Johnny, nemandi, Sauðhúsum, Laxárdalshr. í Dalasýslu, f. í Færeyjum 22. maí 1952.
52. Solheim, Einar, verkamaður í Neskaupstað, f. í Noregi 7. ágúst 1931.
53. Stahr, Ulrich Anton Heinz, arkitekt í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. apríl 1936.
54. Töpfer, Christina Siegrid, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. júlí 1945.
55. Unnur Vilhelmsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 22. janúar 1962.
56. Vasulka, Bohuslav, kvikmyndatökumaður í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 20. janúar 1937.
57. Willatzen, Christian Peter, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. desember 1942.
58. Willatzen, Lena Sigridur Birger, húsmóðir í Reykjavík. f. í Danmörku 17. september 1945.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 809. Breytingartillögur [241. mál]

við brtt. á þskj. 771 [Sala Dysja í Garðahreppi].

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Aftan við 1. lið bætist:
   en óheimilt er Dalvíkurhreppi að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.
2. Við 2. lið. Á eftir orðinu „og“ bætist: Dalvíkurhreppi.

Ed. 810. Frumvarp til laga [241. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

(Eftir 3. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Þó skal Hafnarfjarðarkaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins,

sem kann að hafa orðið vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs í sambandi við skipulagsgerðir kaupstaðarins.

Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er Hafnarfjarðarkaupstað að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna, en óheimilt er Dalvíkurhreppi að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 811. Frumvarp til laga [213. mál]

um náttúruvernd.

(Eftir 3. umr. í Nd., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 677 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna og kýs þá til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs.

4. gr. hljóðar svo:

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

1) Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2) Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenzkra náttúrufræðinga, Hið íslenzka náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenzkra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenzkra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenzkra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, Náttúruverndarsamtök.
3) Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði.
4) Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5) Náttúruverndarráð.
6) Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar land-

búnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.

7) Heimilt er með reglugerð að fjölga þeim, sem sæti eiga á Náttúruverndarþingi.

Ed. 812. Frumvarp til laga [230. mál]

um Iðnþróunarstofnun Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 662 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Iðnþróunarráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir Iðnþróunarstofnun Íslands. Skal það skipað af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, en hann er jafnframt formaður ráðsins.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann í Iðnþróunarráð:

Alþýðusamband Íslands,
Efnahagsstofnunin,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,
Framkvæmdasjóður Íslands,
Háskóli Íslands,
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík,
Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri,
Iðnaðarráðuneyti,
Iðnlánasjóður,
Iðnþróunarsjóður,
Landssamband iðnaðarmanna,
Landsvirkjun,
Orkustofnun,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
Rannsóknastofnun iðnaðarins,
Samband íslenzkra samvinnufélaga,
Seðlabanki Íslands,
Samband iðnskóla á Íslandi,
Tækniskóli Íslands,
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,
Verzlunarráð Íslands,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Nd. 813. Breytingartillaga [186. mál]

við frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá Ingvari Gíslasyni, Gísla Guðmundssyni og Stefáni Valgeirssyni.

Aftan við 25. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Skal endurskoðunin m. a. við það miðuð, að kennaraháskóli eða kennaraskóli verði á Akureyri.

Nd. **814. Nefndarálit** [281. mál]

um frv. til laga um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Á undanförnum árum hefur því mjög verið á lofti haldið, að hér sé velferðarríki. Aðallega er það þó ríkisstjórnin og hennar þjónar, sem haldið hafa þessu fram við flest tækifæri.

Ekki lítur út fyrir, að menn leggi allir sömu merkingu í orðið velferðarríki, en eftir okkar skilgreiningu er fjarri því, að hægt sé að gefa okkar þjóðfélagi slíka nafngift, að hér sé séð fyrir nauðþurftum hvers einstaklings á sómasamlegan hátt. Á það skal bent í þessu sambandi, að það mun vera orðið langt síðan tekjumismunur hefur verið eins geigvænlegur og hann er nú, og má segja, að hann aukist hvern dag sem líður.

Greiðslur almannatrygginganna til aldraðra og öryrkja eru ekki í neinu samræmi við tekjur flestra þjóðfélagsþegna í dag og langt fyrir neðan þau mörk, að þær nægi til lífsframfæris. Við samanburð kaupmáttar þessara launa nú og fyrir 12 árum kemur í ljós, að hann hefur minnkað, þrátt fyrir allt masið um velferðarþjóðfélag og frábæra stjórn Alþýðuflokksins í þessum málum.

Þegar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði nefnd til að endurskoða lögin um almannatryggingar í maímánuði s. l., gerðu margir sér vonir um breytingar í þessu efni til batnaðar. Nú er árangur þessarar endurskoðunar kominn í ljós og ber ljóst vitni þess, hvernig komið er fyrir þeim flokki, sem einu sinni taldi sig berjast fyrir tekjujöfnuði öllum flokkum fremur. Engin hækkun skal koma á þessar greiðslur fyrr en 1. janúar 1972.

Ársgreiðslur almannatrygginganna eru á þessu ári kr. 58 800.00 fyrir einstakling og kr. 105 840.00 fyrir hjón. Þetta eru þau kjör, sem stjórnarflokkarnir telja sig sæmda af til framfærslu fyrir aldraða og öryrkja.

Um næstu áramót eiga þessar greiðslur að hækka um tæpar 1000 kr. á mánuði fyrir einstakling. Menn geta svo borið þá hækkun saman við þær hækkanir, sem þá verða orðnar á launum, t. d. hjá starfsmönnum hins opinbera.

Gert er þó ráð fyrir, að þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en örorku- og ellilaun, fái meiri hækkun eða 84 þús. á ári fyrir einstakling og 151 þús. fyrir hjón, en þá fylgir þessari viðbótargreiðslu, að viðkomandi sveitarfélag á að greiða $^2/_5$ af hækkuninni, og þar með er búið að setja á þessar greiðslur nokkurs konar framfærslustimpil.

Þessi lágmarkstekjutrygging er allt of lág miðað við kaupmátt krónunnar nú og mundi þó ofbjóða greiðslugetu margra sveitarfélaga, eins og fram kemur í umsögn þeirra um þetta frumvarp. Því verða þessar greiðslur að koma frá ríkissjóði a. m. k. að $^4/_5$ hlutum.

Mæðralaunin eru of lág, og einstæðir feður ættu að fá sams konar greiðslur, því að ekki eru þeir betur settir, ef þeir standa uppi með móðurlaus börn. Það er fráleit og úrelt hugsun að telja, að það sé minni fjárhagsleg röskun á högum heimilisins, þegar húsfreyjan fellur frá en húsbóndinn.

Við flytjum margar breytingartillögur á sérstöku þingskjali, og verða þær skýrðar frekar í framsögu.

Þar sem allt er í fullri óvissu, hvað við tekur fyrsta september n. k., þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur, er ekki séð, hvaða tilgangi það mundi þjóna að afgreiða þetta frv. nú, ef haldið verður fast við það, að gildistími þess verði ekki fyrr en um næstu áramót. Fáist engin breyting á því, þykir sýnt, að það liggja til

þess aðrar ástæður en umhyggja fyrir öldruðum og öryrkjum að lögfesta það nú, enda gæti svo farið, að allar tölur yrðu úreltar, áður en lögin taka gildi.

Alþingi, 3. apríl 1971.

Stefán Valgeirsson, frsm. Jónas Árnason. Jón Kjartansson.

Sþ. 815. Tillaga til þingsályktunar [306. mál]

um kynningu íslenzkrar iðnaðarframleiðslu í sjónvarpi.

Flm.: Björn Jónsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að íslenzkum iðnrekendum eða samtökum þeirra verði veittur ókeypis aðgangur að dagskrá sjónvarpsins til kynningar á íslenzkum iðnvarningi til mótvægis því mikla auglýsingamagni, sem fjársterkir erlendir framleiðendur og samkeppnisaðilar fá þar inni með.

Greinargerð.

Með tilkomu íslenzka sjónvarpsins skapaðist framleiðendum hvers konar varnings og þjónustu, erlendum sem innlendum, nýr vettvangur til að auglýsa og hafa uppi áróður fyrir framleiðslu sinni, sýnu áhrifameiri en unnt er að beita í öðrum fjölmiðlum. Þetta hafa framleiðendur margir hverjir notað sér óspart og í sívaxandi mæli, og er naumast mjög um að fást, þar sem tekjur af auglýsingum eru ein helzta fjárhagslega undirstaða sjónvarpsins, a. m. k. meðan skrum og oflof flæðir ekki yfir alla bakka, sem því miður hefur of oft hent, og mætti stofnunin, að dómi flm., oft túlka reglugerð sína um efni auglýsinga þrengra en raun er á.

Hitt fer ekki milli mála, að ótrúlega mikill hluti þeirra auglýsinga, sem í sjónvarpi birtast, eru erlendrar ættar og ætlaðar til að auka gengi ýmislegs innflutts iðnvarnings, mjög oft á kostnað hliðstæðrar innlendrar framleiðslu. Í sumum tilvikum hefur hér verið um hreinar auglýsingaherferðir að ræða, þar sem svo miklu fjármagni hefur verið til kostað, að naumast getur staðið í eðlilegu hlutfalli við hinn smáa íslenzka markað, nema að baki liggi sá tilgangur að knésetja íslenzk fyrirtæki og vinna markað þeirra þannig varanlega. Og víst er um það, að íslenzk iðnfyrirtæki eru mörg hver lítt fjárhagslega fær um að heyja auglýsingastríð við öfluga erlenda auðhringa, jafnvel þótt framleiðsla þeirra sé fyllilega sambærileg bæði að verði og gæðum.

Full ástæða virðist til að gjalda varhug við slíkri óæskilegri og jafnvel óheiðarlegri samkeppni erlendra aðila við íslenzkan iðnað og að gera þær gagnráðstafanir, sem að gagni mættu koma. Hér er því lagt til, að keppnisstaða íslenzks iðnaðar á þessu sviði verði jöfnuð að nokkru með því, að ríkisstjórnin hlutist til um, að íslenzkum iðnrekendum verði veittur, án endurgjalds, aðgangur að sjónvarpi fyrir kynningu á framleiðsluvörum sínum. Mætti hugsa sér sem lágmark í þessu efni, að til slíkrar kynningar yrði vikulega eða jafnvel daglega varið álíka löngum tíma og hinar erlendu auglýsingar taka hjá sjónvarpinu.

Sþ. 816. Tillaga til þingsályktunar [307. mál]

um eflingu landhelgisgæzlunnar.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Steingrímur Hermannsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þegar ráðstafanir til að efla landhelgisgæzluna með kaupum á nýju varðskipi og gæzluflugvél.

Greinargerð.

Stækkun fiskveiðilandhelginnar er nú mjög á dagskrá. Hlýtur fljótt að koma til framkvæmda í þeim efnum, því að brýn þörf landsmanna knýr á.

En stækkun fiskveiðilandhelginnar — og væntanleg ný mengunarlögsaga — gerir auknar kröfur til landhelgisgæzlunnar, sem hún getur ekki mætt, svo að vel sé, nema með auknum skipa- og flugvélakosti. Er það augljóst mál, sem ekki þarf að rökstyðja í löngu máli.

Flugvél landhelgisgæzlunnar, Sif, er nú komin nokkuð til ára, og svipað má segja um skip hennar. Endurnýjun þessara tækja er þegar af þeirri ástæðu brýn. En svo bætist væntanleg stækkun fiskveiðilandhelginnar við og sker úr um, að skjótra aðgerða og ákvarðana er þörf.

Með tillögu þessari er skorað á ríkisstjórnina að afla sér heimildar til þess að kaupa nýtt varðskip og nýja gæzluflugvél af hentugri gerð í þessu skyni. Verði að því stefnt, að tæki þessi geti sem fyrst komið í gagnið.

Nánar í framsögu.

Nd. 817. Breytingartillögur [281. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 43. gr. f-liður orðist svo:
   Dvöl vegna fæðingar í sjúkrahúsi og fæðingarstofnun.
2. Við 80. gr. Eftir fyrsta málslið komi:
   Þó skulu ákvæði laganna um ellilífeyri og örorkubætur koma til framkvæmda þegar í stað.

Ed. 818. Lög [213. mál]

um náttúruvernd.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 811 (sbr. 677).

Ed. 819. Lög [230. mál]

um Iðnþróunarstofnun Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 812 (sbr. 662).

Nd. 820. Frumvarp til laga [202. mál]

um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. apríl.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Þó skal bönnuð öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa (en með því er átt við svæði innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 6 sjómílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif).

Sé veitt leyfi til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skal leyfisveiting, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40 9. júní 1960, við það miðuð, að veiðin sé heimil á tímabilinu 15. júlí til 30. nóv. eða skemmri tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 821. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963, sbr. l. nr. 24 20. maí 1969.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið frá vegamálastjóra ýtarlega greinargerð um efni þess, er fylgir nefndaráliti þessu. Með tilvísun til greinargerðarinnar leggur nefndin til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 2. apríl 1971.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Jón Árnason, fundaskr.	Karl Guðjónsson.
Steinþór Gestsson.	Ásgeir Bjarnason.	Páll Þorsteinsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Fylgiskjal.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis,
Alþingi.

2. apríl 1971.

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 17. nóv. s.l., óskað umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum nr. 23/1970 á þingskjali 62.

Um 1. gr. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að a-liður 19. gr. vegalaga orðist svo: „Vegir að öllum býlum, sem eru yfir 200 m langir frá þjóðvegi.“ Jafnframt er lagt til, að síðasta málsgrein 19. gr. vegalaga falli niður, en þar segir: „Í tölu sýsluvega samkvæmt a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.“

Í greinargerð með frumvarpinu er á það bent, að með breytingu á vegalögum nr. 24, 20. maí 1969 hafi sýsluvegir verið lengdir verulega, þar sem þá voru felldir úr tölu þjóðvega vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum, heilsuhælum og orkuverum, og skyldu þessir vegir teljast til sýsluvega í stað landsbrauta áður.

Meginröksemdin fyrir breytingunni er þó talin sú, að samkvæmt gildandi ákvæðum vegalaga skapist nokkurt misræmi milli einstakra býla vegna 200 m reglunnar. Þannig verði aðili, sem býr við 399 m langan veg, að kosta hann að öllu sjálfur, en sá, sem býr við 400 m langan veg, þurfi aðeins að kosta 200 m af veginum. Þetta er út af fyrir sig rétt, en svipað misræmi skapast jafnvel einnig með þeirri breytingu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Samkvæmt því mundi sá, sem býr við 199 m langan veg frá þjóðvegi, verða að borga hann að fullu sem einkaveg, en sá, sem býr við 201 m langan veg frá þjóðvegi, fengi hann allan tekinn í sýsluvegatölu.

200 m reglan mun á sínum tíma hafa verið sett í lög að nokkru leyti samkvæmt gamalli hefð. Einnig hefur verið haft í huga, að ef vegur skal ná alveg að býli, geta skapazt ýmis vandkvæði við að skilgreina, hvar vegurinn raunverulega endi, og spurningar um bílastæði á hlaði kæmu þá einnig fljótt til álita.

Í framkvæmd hefur raunar skapazt meira vandkvæði af 200 m reglunni við það, að á 200 m næst bæjum eru iðulega lækir, sem brúa þarf, og fellur þá allur eða hálfur kostnaður á landeiganda eftir því, hvort um ræsi eða brú er að ræða.

Það mun vafalaust ekki hafa verið tilgangur með setningu 200 m reglunnar á sínum tíma, að verulegur fjárhagslegur baggi yrði lagður á einstaka býli af þessum sökum. Með þeirri breytingu, sem lagt er til í frumvarpinu, mundi misrétti af þessum ástæðum ekki fást leiðrétt, en ég tel, að það sé fullkomið réttlætismál, að svo verði gert.

Með hliðsjón af því, að búið er að taka í sýsluvegatölu vegi að félagsheimilum, kirkjum og skólum, án þess að 200 m reglunni hafi verið breytt, þá væri vel athugandi að gera hliðstæða breytingu gagnvart einstökum býlum, en þó þannig, að einhver tiltekinn metrafjöldi næst býlum yrði í tölu einkavega, svo að ekki skapist vandkvæði við framkvæmdina vegna bílastæða á hlaði o. þ. h.

Unnið hefur verið að því undanfarin ár að afla tæmandi upplýsinga um ástand og lengd sýsluvega og þá lengd einstakra heimreiða jafnframt. Er stefnt að því, að þeirri heildarathugun verði lokið á yfirstandandi ári. Ætti því í sambandi við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—1975 að vera hægt að leggja fram tæmandi yfirlit um sýsluvegi og byggja tillögur um breytingu á lögunum á því, þannig að sem fyllstur jöfnuður náist. Sæist þá einnig, hve mikið sýsluvegir lengjast í heild, ef 200 m reglunni verður sleppt að mestu leyti.

Um 2. gr. Samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar er gert ráð fyrir því, að sýslunefnd geti ákveðið að innheimta gjald í sýsluvegasjóð miðað við andvirði fjögurra dagvinnustunda fyrir hvern íbúa í stað þriggja dagvinnustunda, sem ákveðið er samkv. 21. gr. vegalaga.

Í greinargerð er þetta rökstutt með því, að slík hækkun gæti greitt fyrir vegagerð sýsluveganna, því að mótframlag vegasjóðs samkv. 28. gr. vegalaga skuli ekki vera minna en tvöfalt á við tekjur þær, sem tiltækar eru heima fyrir, á meðan vegir eru ekki fullgerðir. Hér mun um nokkurn misskilning að ræða, þar sem 28. gr. vegalaga kveður svo á, að: „af tekjum vegamála skv. XIV. kafla laga þessara skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, er fjárlög eru samin.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs skv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við."

Reglugerð um skiptingu framlags ríkissjóðs til sýsluvega var gefin út 17. apríl 1964 og er nr. 62/1964. Samkv. þeirri reglugerð er við skiptingu á ríkisframlaginu miðað við lengd óakfærra, ruddra og lagðra sýsluvega, svo og íbúafjölda sýslunnar, en sýslan fær ekki sjálfkrafa tvöfalt framlag á móti því, sem hún innheimtir heima fyrir í sýsluvegasjóð. Hve mikið einstakar sýslur fengju á móti andvirði fjórðu klukkustundarinnar samkv. 21. gr., fer algjörlega eftir því, í hvaða ástandi sýsluvegir í viðkomandi sýslu eru og hvort hún er fámenn eða fjölmenn. Ávinningur einstakra sýslufélaga við að nota hið nýja heimildarákvæði gæti því í mörgum tilfellum orðið mun minni en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með tilliti til þess, er að framan greinir, get ég ekki mælt með því, að ofangreint frumvarp verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir, en tel eðlilegt, að það verði tekið til nánari athugunar, þegar væntanleg heildarathugun á lengd og ástandi sýsluvega liggur fyrir í sambandi við samningu nýrrar vegáætlunar fyrir árin 1972—1975.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson,
vegamálastjóri.

Ed. 822. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér umsagnir, sem landbúnaðarnefnd Nd. bárust um þessar jarðasölur frá landnámsstjóra, Jarðeignadeild ríkisins og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, og voru þær allar jákvæðar. Nefndin samþykkir að athuguðu máli að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1971.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árnason.
Ásgeir Bjarnason.	Jónas G. Rafnar.	Páll Þorsteinsson.
	Karl Guðjónsson.	

Sþ. 823. Breytingartillögur [251. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-vegáætlun fyrir árið 1972.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 23 16. apríl 1970, að árin 1971—1972 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1971	1972
1.1. Benzíngjaldi	613.1	661.8
1.2. Þungaskatti	197.7	206.4
1.3. Gúmmígjaldi	44.0	47.3
1.4. Ríkisframlag	47.0	47.0
Brúttó tekjur	901.8	962.5
Endurgreiðslur af:		
1.1.1. Benzíngjaldi	14.0	19.4
1.2.1. Þungaskatti	4.0	
Nettó tekjur	883.8	943.1

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. króna.)

	1971		1972	
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Launagreiðslur	24.6		29.3	
2. Eftirlaunagreiðslur	2.5		3.1	
3. Skrifstofukostnaður	7.0		7.2	
4. Verkfræðilegur undirbúningur	4.8		4.8	
5. Umferðartalning og eftirlit	2.3		2.3	
		41.2		46.7
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Viðhaldskostnaður þjóðvega	250.0		250.0	
2. Vegmerkingar	1.8		1.8	
3. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	9.6		10.6	
		261.4		262.4
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Hraðbrautir	162.1		195.5	
2. Þjóðbrautir	79.3		73.5	
3. Landsbrautir	97.6		61.8	
4. Til girðinga og uppgræðslu	4.7		4.7	
5. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	11.1		13.1	
6. Til rannsókna á Skeiðarársandi	1.3		1.4	
7. Til rannsókna í Hvalfirði og Borgarfirði	2.9			
8. Til nýrra framkvæmda í 2.3.2. og 2.3.3.			32.8	
		359.0		382.8
2.4. Til fjallvega o. fl.:				
1. Aðalfjallvegir	1.2		1.2	
2. Aðrir fjallvegir	3.5		1.8	
3. Reiðvegir	0.2		0.2	
4. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	0.4		0.2	
		5.3		3.4
2.5. Til brúargerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	51.0		45.9	
2. Smábrýr	8.2		10.3	
3. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	2.3		2.4	
		61.5		58.6

	1971		1972	
2.6. Til sýsluvegasjóða		21.2		27.0
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum		85.5		93.5
2.8. Til véla- og áhaldakaupa:				
1. Til véla- og verkfærakaupa	15.0		16.0	
2. Til byggingar áhaldahúsa	4.0		4.0	
		19.0		20.0
2.9. Til tilrauna í vegagerð		4.5		4.7
2.10. Til greiðslu á halla á vegáætlun:				
Halli á vegáætlun 1969		25.2		
		883.8		899.1
Halli á vegáætlun 1970				73.8
				972.9
Halli				29.8
				943.1

Sundurliðun.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Til hraðbrauta:	Fjárhæðir í millj. kr. 1971	1972
1. Reykjanesbraut (A 2):		
1. Vextir og afborganir lána	6.8	6.8
2. Vesturlandsvegur (B 1):		
1. Miklabraut—Rofabær	25.0	—
2. Rofabær—Höfðabakki	10.0	—
3. Höfðabakki—Korpa	36.0	44.0
3a Framl. vegna framkv. fyrir alþjóðabankalán	30.7	34.2
4. Um Skeiðhól	0.9	—
7. Um Brynjudalsá	3.0	12.8
8. Til rannsókna á Hvalfirði og Borgarfirði	0.4	0.1
4. Norðfjarðarvegur (F 26):		
1. Um Egilsstaðakauptún	2.6	—
5. Suðurlandsvegur (G 1):		
2. Lækjarbotnar—Svínahraun	—	6.0
3. Svínahraun—Reykjarfell	—	17.3
4. Hveragerði—Bakkarholtsá	—	18.7
5. Bakkarholtsá—Selfoss	12.0	16.1
5a Framl. vegna framkv. fyrir alþjóðabankalán	30.7	34.2
6. Um Skeggjastaði	—	1.3
6. Verkfræðilegur undirbúningur (þar með talið Grindavíkur- og Garðskagavegur)	4.0	4.0
Fært á 2.3.1.	162.1	195.5

2. Til þjóðbrauta:	Fjárhæðir í þús. kr. 1971	1972	Samt.
1. Grindavíkurvegur (A 5):			
1. Gíghæð—Svartengi	—	500	—
2. Ofan Grindavíkur	660	—	—
2a Ofan Grindavíkur	300	—	1460
2. Garðskagavegur (A 7):			
1. Keflavík—Garður	470	—	—
1a Um Garð	1100	—	1570

	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971	1972	Samt.
3. Vesturlandsvegur (B 1):			
1. Um Hraunsnef	—	1200	—
3. Um Tunguá	—	290	—
4 Um Haukadalsá	2630	—	—
4a Um Haukadalsá	400	—	—
6. Fellsendi—Nesoddi	820	1100	—
6a Fellsendi—Nesoddi	350	—	—
8. Um Neðri-Brunná	—	1080	—
12. Í Þorskafirði, Kinnarstaðir—Kollabúðir	1760	1500	11130
4 Stykkishólmsvegur (B 26):			
1. Um Borg á Mýrum	2230	—	—
1a Um Borg á Mýrum	200	—	—
2. Um Grundarlæk	530	—	—
3. Skjálg—Kolbeinsstaðir	110	1600	—
4a Um Síkisá	800	—	5470
5. Ólafsvíkurvegur (B 36):			
1. Rif—Enni	560	800	—
2a Fróðárheiði	900	—	2260
7. Vestfjarðavegur (C 1):			
1. Sunnan Þingmannaheiðar	710	600	—
1a Sunnan Þingmannaheiðar	360	—	—
1b Sunnan Þingmannaheiðar	470	430	—
2. Gemlufallsheiði	760	650	—
2a Gemlufallsheiði	1320	—	—
2b Gemlufallsheiði	340	300	—
3. Breiðadalsheiði	1650	1000	—
3a Breiðadalsheiði	270	250	—
4. Um Tunguá í Skutulsfirði	—	480	9590
8. Barðastrandarvegur (C 7):			
1. Kleifaheiði	1930	2030	—
2. Í Vatnsfirði	—	1000	—
2a Í Vatnsfirði	200	—	5160
9 Strandavegur (C 28):			
3. Húsavíkurkleif—Hrófártún	—	2200	—
4. Hrófártún—Víðidalsá	2110	—	—
5a Um Gvendarflóa	1400	—	5710
10. Sauðárkróksbraut (D 23):			
1. Um Grófargil	—	1680	—
2. Um Staðará	—	1790	3470
11. Siglufjarðarvegur (D 33):			
1a Hegranes—Höfði	450	—	—
3. Um Haganesvík	1520	—	—
4. Ketilás—Lambanesás	2350	—	—
5. Um Lambanesá	1880	—	—
6a Hurðir í jarðgöng	1000	—	7200
12. Norðurlandsvegur (E 1):			
1. Um Norðurá í Heiðarsporði	—	1170	—
5. Um Sporðshús	530	4000	—

		Fjárhæðir í þús. kr. 1971	1972	Samt.
	7. Um Langadal	2350	4000	—
	11. Um Úlfsstaðagil	—	930	—
	12a Á Öxnadalsheiði	450	—	—
	13a Lagfæringar	210	—	—
	13b Til rannsókna í Eyjafirði og Vaðlaheiði	800	—	—
	14. Kárhóll—Reykjadalsá	1770	—	—
	14a Kárhóll—Reykjadalsá	350	—	—
	15a Stangarvegur—Helluvað	350	—	16910
13	Ólafsfjarðarvegur (E 2):			
	1. Reistará—Hagaás	2040	1260	—
	2. Brimnesá—Karlsá	1180	2500	—
	3. Um Ólafsfjarðarmúla	2600	—	—
	4. Um Lágheiði	—	1000	10580
14.	Kinnarvegur (E 21):			
	1. Halldórsstaðir—Fellssel	1590	—	—
	2. Um Ófeigsstaði	350	800	—
	3. Um Húsabakka	1400	—	4140
15.	Þingeyjarsýslubraut (E 25):			
	1. Norðan Vestmannsvatns	—	4000	—
	6. Um Köldukvísl	1410	—	—
	8. Lindarbrekka—Hóll	1060	—	—
	8a Kelduhverfi—Raufarhöfn	770	—	—
	9. Kópasker—Klifshagi	590	1500	—
	12. Kollavík—Sævarland	—	9440	—
	12a Kollavík—Sævarland	100	—	—
	13. Um Svalbarð	**2460**	—	**21330**
16.	Austurlandsvegur (F 1):			
	2. Á Jökuldal	—	900	—
	4. Í Skriðdal	—	2500	—
	4a Í Skriðdal	600	—	—
	5. Í Breiðdal	—	1560	—
	6. Ós—Starmýri	4820	5000	—
	7a Í Lóni	300	—	15680
17.	Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):			
	1. Í Bakkafirði	—	900	—
	1a Í Bakkafirði	300	—	—
	2. Í Vopnafirði	690	1380	—
	4. Í Hlíð	1760	—	5030
18	Norðfjarðarvegur (F 26):			
	1. Egilsstaðir—Eskifjörður	2230	1800	—
	2. Um Oddsskarð	2940	2450	9420
19	Suðurfjarðavegur (F 31):			
	2. Í Stöðvarfirði	1880	—	1880
20	Suðurlandsvegur (G 1):			
	2. Við Steinslæk	—	1460	—
	3. Þverá—Eyland	—	1300	—
	6. Holtsá—Þorvaldseyri	760	1070	—
	7. Við Svaðbælisá	500	—	—

	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971	1972	Samt.
8. Við Bakkakotsá	260	—	—
9. Við Kaldaklifsá	2100	—	—
10. Í Mýrdal	580	—	—
10a Í Mýrdal	600	—	8630
21. Þingvallavegur (G 3):			
1. Í þjóðgarði	400	—	400
22. Biskupstungnabraut (G 9):			
1. Við Kerið	2950	—	—
1a Undir Ingólfsfjalli	100	—	—
3. Við Minni-Borg	—	550	3600
23. Skeiðavegur (G 23):			
1. Laugarás—Biskupstungnabraut	—	1000	—
2. Suðurlandsv. — vegam. v. Reyki	620	540	2160
Fært á 2.3.2.	**79290**	**73490**	**152780**

3. Til landsbrauta:	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971	1972	Samt.
1 Nesvegur (A 6):			
1. Flugvöllur—Reykjanesv.	2280	910	—
2. Við Grindavík	—	900	4090
3. Kjósarskarðsvegur (A 15):			
1. Vesturlandsvegur—Laxá	350	—	350
4. Dragavegur (B 2):			
2. Um Geldingadraga	—	1450	—
2a Um Geldingadraga	800	—	2250
9. Skorradalsvegur (B 9)	1060	—	1060
10. Borgarfjarðarbraut (B 11):			
1. Um Norðurá hjá Haugum	2690	—	—
2. Hjá Síðumúlaveggjum	—	950	3640
11a Flókadalsvegur (Brúsholt—Skógar) (B 14)	**170**	—	**170**
12. Hálsasveitarvegur (B 17):			
2. Hringsgil—Húsafell	1180	—	—
2a Hringsgil—Húsafell	700	—	1880
13. Hvítársíðuvegur (B 18):			
1. Um Kalmanstungu	—	500	—
3. Kinnargil	—	300	—
4. Um Þorgautsstaði	—	450	1250
14. Þverárhlíðarvegur (B 19):			
1. Um Örnólfsdalsá	560	—	560
15. Norðurárdalsvegur (B 22):			
2. Hafþórsstaðir—Skarðshamrar	1180	—	—
2a Hafþórsstaðir—Skarðshamrar	1000	—	2180
17. Hraunhreppsvegur (B 30):			
2. Akrar—Kálfalækur	—	1000	1000
18. Heydalsvegur (B 33)	2000	4500	6500
19. Útnesvegur (B 40):	1700	—	—
1a Um Gufuskálamóðu	500	—	—
1b Um Litla- og Stóra-Kamb	300	—	2500
20. Hörðudalsvegur (B 44)	—	500	500
21. Hálsabæjavegur (B 45)	—	200	200

	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971	1972	Samt.
23. Haukadalsvegur (B 47):	480	—	—
1a Haukadalsvegur	250	—	730
24. Laxárdalsvegur (B 48)	530	1500	2030
25. Klofningsvegur (B 49)	1760	1300	3060
26. Neðribyggðarvegur (B 50)	230	—	230
30. Tröllatunguheiði (C 3)	1170	—	1170
31. Reykhólasveitarvegur (C 4):			
2. Um Barmahlíð	1060	—	—
3. Um Hrafnanes	—	660	1720
32. Örlygshafnarvegur (C 9):			
2. Vörðubrekka	200	290	490
33. Rauðasandsvegur (C 10)	—	500	500
35. Bíldudalsvegur (C 12):			
2. Reykjarfjörður—Trostansfjörður—Helluskarð	—	1000	1000
36 Tálknafjarðarvegur (C 14):			
1. Frá Bíldudalsvegi að Tunguþorpi	940	—	940
37. Ingjaldssandsvegur (C 17):			
2. Um Núp	—	800	800
38. Valþjófsdalsvegur (C 18):			
1. Frá Þórustöðum að Grundarenda	—	350	350
39. Flateyrarvegur (C 20):			
1. Frá Selakirkjubóli að Hvilft	1410	2000	3410
40. Súgandafjarðarvegur (C 21):	540	460	—
1a Í Botnsdal	1020	—	—
1b Í Botnsdal	1010	950	3980
41. Bolungarvíkurvegur (C 22):	2700	2000	—
1a Bolungarvíkurvegur	510	370	5580
42 Djúpvegur (C 24):	5290	4500	—
1a Um Súðavík	500	—	10290
43. Vatnsfjarðarvegur (C 25):			
2. Í Ísafirði	1060	—	1060
45. Strandavegur (C 28):			
2. Brattabrekka	—	340	340
45a Krossárdalsvegur (C 29)	250	—	250
47. Drangsnesvegur (C 31):			
3. Vestan Kaldrananess	480	—	480
48. Norðurfjarðarvegur (C 32):			
1. Urðarhlíð	710	—	710
49. Heggstaðanesvegur (D 1):			
1. Mýrar—Bessastaðir	—	1000	—
1a Mýrar—Bessastaðir	250	—	—
2. Um Grímsá	—	110	1360
50a Miðfjarðarvegur (D 2):			
1a Lagfæringar	200	—	200
51. Fitjavegur (D 4):			
1a Um Fitjaá	100	—	100
52. Vatnsnesvegur (D 5):			
1. Um Þórsá	130	—	—
1a Um Þórsá	150	—	—

		Fjárhæðir í þús. kr.		
		1971	1972	Samt.
	2. Norðan Hvammstanga	1170	100	—
	3. Í Vestur-Hópi	—	1000	2550
53.	Þorgrímsstaðadalsvegur (D 6):			
	1. Vatnsnesvegur—Tunguá	1560	—	1560
54.	Borgarvegur (D 7):			
	2. Gottorp—Borg	—	900	900
55.	Vatnsdalsvegur (D 9):			
	1. Kornsá—Miðhús	360	—	—
	1a Kornsá—Miðhús	200	—	560
56.	Kjalvegur (D 15):			
	1a Endurbygging í Blöndudal	530	—	530
58.	Svartárdalsvegur (D 17)	410	—	410
59.	Skagavegur (D 18):			
	1a Blönduós—Skagaströnd	700	—	—
	2a Við Fossá	200	—	—
	3. Bergskáli—Kleifargil	—	1250	—
	4. Í Gönguskörðum	4470	—	6620
60a	Efribyggðarvegur (D 26):			
	1a Ytra-Vatn—Álfgeirsvellir	830	—	830
62.	Skagafjarðarvegur (D 25):			
	2. Álftagerði—Mælifell	—	1000	1000
63.	Hegranesvegur (D 34):			
	1. Keta—Kárastaðir	—	1000	—
	2a Lagfæringar	350	—	1350
65.	Bæjarvegur (D 40):			
	1. Siglufjarðarvegur—Bær	1060	—	—
	1a Siglufjarðarvegur—Bær	190	—	1250
69.	Ólafsfjarðarvegur eystri (E 4)	—	500	500
70.	Svarfaðardalsvegur (E 5):			
	2. Klaufabrekka—Dalvík	1880	—	1880
71.	Hauganesvegur (E 7):			
	1. Ólafsfjarðarvegur—Hauganes	1980	—	1980
72.	Hörgárdalsvegur (E 11):			
	2. Dunhagi—Myrká	470	—	—
	2a Dunhagi—Myrká	80	—	550
73.	Dagverðareyrarvegur (E 12):			
	1. Ólafsfjarðarvegur—Endurvarpsst.	570	—	570
75.	Eyjafjarðarbraut (E 14):			
	1. Um Rifkelsstaði	—	3320	—
	2a Við Hólavatn	80	—	—
	3a Lagfæringar	150	—	—
	4. Norðurlandsvegur—Hrafnagil	2580	—	—
	4a Norðurlandsvegur—Hrafnagil	830	—	6960
79.	Fnjóskadalsvegur eystri (E 20):			
	2. Pálsgerði—Borgargerði	710	500	1210
81.	Út-Kinnarvegur (E 23):			
	1a Um Polla að Skálá	150	—	150
82.	Bárðardalsvegur (E 24):			
	2a Sandvík—Skjálfandafljótsbrú	350	—	350

		Fjárhæðir í þús. kr.		
		1971	1972	Samt.
83.	Hvammavegur (E 27):			
	1a Við Daufhyl	190	—	—
	2. Við Grenjaðarstað	1290	—	—
	2a Við Grenjaðarstað	210	—	—
	3a Að Fagranesi	80	—	1770
84.	Sandsvegur (E 30):			
	1a Þingeyjarsýslubraut—Hraunkot	50	—	50
85.	Austurhlíðarvegur (E 31):			
	1. Um Stóru-Laugar	130	—	130
88	Baldursheimsvegur (E 34):			
	1. Um Litlu-Strönd	130	—	130
90.	Vopnafjarðarvegur (F 7)	2230	—	2230
91.	Jökuldalsvegur efri (F 11):			
	1. Hákonarstaðir—Grund	—	700	—
	1a Hákonarstaðir—Grund	500	—	1200
92.	Jökuldalsvegur eystri (F 12)	—	400	400
93.	Hróarstunguvegir (F 13 og F 14)	1180	1000	2180
94.	Upphéraðsvegur (F 16):			
	1. Við Strönd	1180	1600	—
	1a Við Þorleifará	300	—	3080
95	Fljótsdalsvegur (F 17—19)	220	—	220
96.	Fjarðarheiðarvegur (F 20)	2120	1500	3620
97a	Seyðisfjarðarvegur (F 21)	300	—	300
98.	Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 22):			
	1. Fjarðarhv.—Fossgerði og Borgarfj.	2700	2600	—
	1a Fjarðarhv.—Fossgerði og Borgarfj.	200	—	—
	1b Á Vatnsskarði	300	—	5800
100.	Hjaltastaðarvegur (F 24)	350	—	350
101.	Mjóafjarðarvegur (F 27):			
	1. Slenjudalur	240	300	—
	1a Slenjudalur	300	—	840
102.	Viðfjarðarvegur (F 28):			
	1. Utan Eskifjarðar	—	500	—
	1a Utan Eskifjarðar	300	—	800
103.	Vallanesvegur (F 29)	—	340	340
104.	Skriðdalsvegur (F 30)	240	—	240
104a	Dalavegur í Fáskrúðsfirði (F 32)	100	—	100
105.	Norðurlandsvegur í Breiðdal (F 34)	—	200	200
106	Breiðdalsvegur syðri (F 35)	—	200	200
107.	Axarvegur (F 36)	600	—	600
108.	**Austurlandsvegur í Skaftafellss. (F 1):**			
	1. Austan Jökulsár á Breiðamerkurs.	2230	1300	—
	1a Austan Jökulsár á Breiðamerkurs.	1000	—	4530
	2. Vestan Jökulsár á Breiðamerkurs.	700	—	—
	2a Vestan Jökulsár á Breiðamerkurs.	1200	—	1900
109.	Suðurlandsvegur (G 1):			
	1. Í Hrífunesbrekkum	—	850	—
	4. Við Geirlandsá	—	900	1750
110.	Þorlákshafnarvegur (G 5):			
	1. Sunnan v. vegam. í Grímslækjarhr.	1470	—	1470

		Fjárhæðir í þús. kr. 1971	1972	Samt.
110a	Hafnarskeiðsvegur (G 6):			
	1a Til rannsókna á Ölfusá hjá Óseyrarnesi ..	300	—	300
111.	Tjarnarvegur (G 16):			
	1. Ofan Vatnsleysu	—	280	280
112.	Geysisvegur (G 18):			
	1a Kjóastaðir—Brattholt	500	—	500
114.	Langholtsvegur (G 28):			
	1. Efra-Langh.—Auðsholtsv.	—	950	950
116.	Þjórsárdalsvegur (G 31):			
	1. Sandlækjarholt—Sandá	1230	1060	—
	1a Sandlækjarholt—Sandá	1900	2000	6190
117.	Gaulverjabæjarvegur (G 39):			
	1. Eyrarbakkav.—Stokkseyri	1000	—	1000
118.	Hamarsvegur (G 42):			
	1. Skógsnes—Sýrlækur	—	500	500
118a	Urriðafossvegur (G 45)	150	—	150
119.	**Ásmundarstaðavegur (G 47):**			
	1. Ásmundarst.—Þykkvabæjarv.	800	—	800
120.	Þykkvabæjarvegur (G 49):			
	1. Háfshverfi—Sandhólaferja	—	500	—
	1a Þykkvibær—Djúpós	600	—	1100
121.	Landvegur (G 51):			
	1. Brúarlundur—Skarð	1350	1340	—
	1a Suðurlandsv.—Árbæjarv.	1800	1600	6090
123a	Efri Rangárvallavegur (G 55):			
	1. Við Víkingslæk	250	—	—
	2. Við Geldingalæk	150	—	400
124.	Fljótshlíðarvegur (G 58):			
	1. Við Moshvol	560	—	560
126.	Þúfuvegur (G 61)	630	—	630
127.	Reynishverfisvegur (G 74)	260	—	260
128.	Álftaversvegur (G 76):			
	1. Við Norðurhjáleigu	750	—	750
128a	Búlandsvegur (G 77):			
	1. Hvammur—Búland	120	300	—
	2. Hvammur—Búland	200	—	620
128b	Ljótarstaðavegur (G 78)	100	—	100
129.	Meðallandsvegur (G 79):			
	1. Ásabrú—Leiðvellir	—	1200	—
	2. Fljótakrókur—E-Fljótar	1200	—	2400
130.	Stórhöfðavegur	450	320	770
	Fært á 2.3.3.	97600	61800	159400

2.4.1. Til aðalfjallvega.	Fjárhæðir í þús. kr. 1971	1972
1. Kaldidalsvegur	150	150
2. Kjalvegur	400	400
3. Fjallabaksvegur	150	150
4. Sprengisandsleið	500	500
Fært á 2.4.1.	1200	1200

2.5. Til brúargerða.

		Fjárhæðir í þús. kr. 1971	1972
1.	Til brúa 10 m og lengri:		
2.	Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 18)	2650	
32.	Norðurá hjá Haugum (B 11)	14960	
32a.	Litla-Fljót hjá Hallkelsst., sýsluv.	1000	
33.	Haukadalsá (B 1)	6150	
33a.	Hvolsá hjá Hvítadal, sýsluv.	1300	
34.	Þórsá á Vatnsnesi (D 5)	2500	
34a.	Austurkvísl Héraðsvatna hjá Eyhildarh., einkav.	550	
35.	Kaldakvísl á Tjörnesi (E 25)	8450	
35a.	Kverká í Þistilfirði, sýsluv.	500	
36.	Geitdalsá í Skriðdal, sýsluv.	2780	
37.	Laxá í Nesjum (F 1)	3620	
37a.	Syðri-Ófæra, aðalfjallv.	1000	
38.	Jökulkvísl á Álftaversafrétti	540	
39.	Svaðbælisá (G 1)	2290	
40.	Bakkakotsá (G 1)	2530	
41.	Rimhúsaáll hjá Holti, einkav.	230	
42.	Norðurá í Heiðarsporði (E 1)		3020
43.	Laxá á Breið (B 36)		2550
44.	Tunguá hjá Sauðafelli (B 1)		3620
45.	Tunguá í Skutulsfirði (C 1)		3740
46.	Austurá hjá Skárastöðum, sýsluv.		2290
47.	Grófargil í Skagafirði (D 23)		1930
48.	Staðará í Skagafirði (D 23)		3260
49.	Úlfsstaðagil í Skagafirði (E 1)		1930
50.	Jökulsá á Dal hjá Merki, sýsluv.		1210
51.	Fagradalsá (F 27)		1210
52.	Geirlandsá (G 1)		12900
53.	Kaldaklifsá (G 1)		3740
54.	Steinslækur (G 1)		2570
55.	Flóaáveituskurður		1930
	Fært á 2.5.1.	51050	45900

		Fjárhæðir í þús. kr. 1971	1972
2.	Til smábrúa	8200	10300
	Fært á 2.5.2	8200	10300

III. FRAMKVÆMDIR VIÐ HRAÐBRAUTIR, ÞJÓÐBRAUTIR, LANDSBRAUTIR OG FJALLVEGI, SEM VERÐA EKKI AÐ ÖLLU LEYTI GREIDDAR AF FÉ VEGASJÓÐS Á ÁÆTLUNARTÍMABILINU

Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta og fjallvega, svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna, talið í millj. kr.

		1971	1972
1.	Hraðbrautir:		
1.1.	Vestur- og Suðurlandsvegur	140	160
1.2.	Norðurlandsvegur (um Akureyri)	50	
		190	

	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971		1972
2. Þjóðbrautir og landsbrautir:			
2.1. Heydalsvegur	10		
2.2. Djúpvegur	10		
2.3. Norðurlandsvegur (í Langadal)	10		
2.4. Ólafsfjarðarvegur (Norðurlv.—Dalvík)	10		
2.5. Vegir samkv. Austurlandsáætlun	60		60
2.6. Þingvallavegur (utan og innan þjóðgarðs) ...	7		
		107	
3. Aðalfjallvegir:			
3.1. Fjallabaksvegur (um Syðri-Ófæru)	3		
		3	
Alls		300	220

IV. FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

C. Vestfjarðakjördæmi.

C 21 **Súgandafjarðarvegur:**
Í stað „að Suðureyri“ komi: um Suðureyri að sýsluvegamótum utan við Spilli.

E. Norðurlandskjördæmi eystra.

E 5 **Svarfaðardalsvegur:**
Á eftir „að Atlastöðum“ komi: með álmu að Hæringsstöðum.

E 28 **Laxárdalsvegur:**
Í stað „Af Reykjahverfisvegi“ komi: Af Hvammavegi.

E 29 **Fagranesvegur:**
Í stað „Af Reykjahverfisvegi“ komi: Af Hvammavegi.

G. Suðurlandskjördæmi.

G 31 **Þjórsárdalsvegur:**
Í stað „að Ásólfsstöðum“ komi: að vegamótum að Stöng austan Fossár.

3.3. Aðalfjallvegir.

3.3.4. **Sprengisandsleið:**
Í stað orðanna í fyrstu mgr. „hjá Haldi, Búðaháls“ komi: hjá Sigöldu, vestan Þórisvatns um brú á Köldukvísl.
Eftir 2. mgr. komi ný málsgrein:
Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir Brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Vesturdalsveg (D 28) hjá Litlu-Hlíð.

Sþ. **824. Nefndarálit** [251. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-vegáætlun fyrir árið 1972.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-vegáætlun fyrir árið 1972 var vísað til fjárveitinganefndar hinn 19. marz s.l.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum sínum og fengið til viðræðu um málið Sigurð Jóhannsson vegamálastjóra.

Eins og fram kemur í tillögunni, hefur tekjuáætlun vegasjóðs hækkað verulega frá því, sem var í endurskoðaðri áætlun fyrir s.l. ár. Nemur heildarhækkunin 255.3 millj. kr.

Af þeirri upphæð er ráðstafað til að mæta hækkunum á áður ákveðnum framkvæmdum, viðhaldi o. fl. 216 millj. kr., en mismunurinn, 39.2 millj. kr., fer til nýrra framkvæmda, að mestu leyti við landsbrautir og þjóðbrautir. Varðandi skiptingu á þeirri upphæð milli framkvæmda leggur nefndin til, að 4 millj. kr. sé varið til rannsókna og undirbúnings á nokkrum stöðum, lagt er til, að 200 þús. kr. komi til hækkunar hjá fjallvegasjóði, og 35 millj. kr. er skipt milli þjóðbrauta og landsbrauta til nýrra framkvæmda í hinum ýmsu byggðarlögum. Um þær tillögur hafði nefndin samráð við þingmenn í viðkomandi kjördæmum.

Rétt er að taka fram, að til viðbótar þeim 200 þús. kr., sem fyrr getur, til fjallvegasjóðs er einnig aukin fjárveiting að upphæð 1450 þús. kr. og skiptist þannig milli hinna ýmsu framkvæmda: Skíðahótelsvegur í Hlíðarfjalli 700 þús kr., Skíðavegur á Seljalandsdal 650 þús. kr. og Dettifossvegur 100 þús. kr.

Þá er einnig tekin inn heimild, að upphæð 60 millj. kr., til vegaframkvæmda á Austurlandi. Er sú upphæð í samræmi við afgreiðslu fjárlaga og ætluð til að standa undir byrjunarframkvæmdum við fyrirhugaða áætlun um vegaframkvæmdir á Austurlandi.

Það er sameiginlegt álit fjárveitinganefndarmanna, að nauðsynlegt sé að flýta framkvæmdum við nokkrar þýðingarmiklar vegaframkvæmdir á yfirstandandi ári og því sé óhjákvæmilegt að afla heimilda til lántöku í því skyni.

Því leggur nefndin til, að heimilaðar verði lántökur til eftirtalinna vegaframkvæmda: Heydalsvegur 10 millj. kr., Djúpvegur 10 millj. kr., Norðurlandsvegur um Langadal 10 millj. kr., Ólafsfjarðarvegur um Dalvík 10 millj. kr., Þingvallavegur (utan og innan Þjóðgarðs) 7 millj. kr. og Fjallabaksvegur um Syðri-Ófæru 3 millj. kr.

Varðandi afgreiðslu málsins í fjárveitinganefnd var ekki um ágreining að ræða. Nefndin flytur því allar breytingartillögur við þingsályktunartillöguna sameiginlega, svo sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

En þrátt fyrir einróma afgreiðslu nefndarinnar á öllum breytingartillögum við tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-áætlun fyrir árið 1972 óskar minni hluti nefndarinnar að skila séráliti um málið, þar sem hann mun skýra afstöðu sína til vegamála almennt.

Alþingi, 3. apríl 1971.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Eyjólfur Konr. Jónsson. Gunnar Gíslason.

Sþ. **825. Nefndarálit** [251. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-vegáætlun fyrir árið 1972.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Enda þótt ekki yrði ágreiningur í fjárveitinganefnd um skiptingu á þeirri fjárhæð, er til skipta var við endurskoðun vegáætlunar fyrir árið 1971, og tillögur, er til nefndarinnar bárust frá þingmönnum allra kjördæmanna, væru einnig samhljóða, taldi minni hluti fjárveitinganefndar samt rétt að gefa út sérstakt álit. Hvort tveggja er, að ekki ber hann ábyrgð á framkvæmd í vegagerð hjá núverandi valdhöfum og hann vill koma að þeim sjónarmiðum, er hann telur brýna nauðsyn til að fram komi við afgreiðslu vegáætlunar að þessu sinni.

Ljóst er, að fé það, er til vegagerðar er ætlað, er allt of lítið og hjá því verður ekki komizt að hækka tekjur vegasjóðs verulega á næsta ári, ekki sízt til framkvæmda í landsbrautum og þjóðbrautum.

Þá munu greiðslur vegna lána til vegagerða segja til sín í ríkara mæli með ári hverju, þó að hjá því verði komizt á næstu árum, að gengisbreyting verði gerð, svo sem var á kjörtímabilinu frá 1967—1971. Ef slík holskefla ætti aftur að ganga yfir íslenzka efnahagslífið á næstu fjórum árum sem þeim síðustu, þá er hugsunin um afkomu vegasjóðs ógnvekjandi.

Ljóst er, að aukið fé í vegasjóð verður að sækja til ríkissjóðs af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefur nú frá umferðinni. Enda eðlilegt, að svo verði gert, þar sem ríkissjóður hafði að minnsta kosti um 800 millj. kr. í tekjur af umferðinni á árinu 1970 umfram þær tekjur, er til vegasjóðs gengu.

Það er einnig ljóst, að nú verður ekki haldið lengur áfram á þeirri braut að hækka skatta á umferðinni, þar sem hvort tveggja er, að skattar eru orðnir það háir, að þeir geta dregið úr sölu, t. d. á benzíni, og hitt, að þeir munu nú orðnir jafnháir og jafnvel hærri en í nágrannalöndum okkar, ef samanburður er gerður við almennt kaupgjald í þeim löndum og hér.

Enn fremur virðist ekki hægt að halda svo háum aðflutningsgjöldum á bifreiðum sem nú er gert, eftir að tekjur ríkissjóðs af rekstri þeirra eru orðnar jafnháar og nú er.

Brýna nauðsyn ber til að marka ákveðna stefnu um framkvæmdir í vegagerð, t. d. um það, hvort hverfa á frá okkar ófullkomnu vegum til fullkominna hraðbrauta eða hvort þar á að verða um millistig að ræða.

Það er skoðun minni hluta fjárveitinganefndar, að næsta framkvæmdastig í vegagerð, þegar sleppir næsta nágrenni höfuðborgarinnar, eigi að vera það að nota vegina, sem nú eru, með því að styrkja þá og bæta og gera efsta lag þeirra úr olíumöl eða öðru álíka slitlagi, svo að þeir verði holu- og ryklausir. Minni hluti fjárveitinganefndar álítur, að eins og er eigi þjóðin það mikið eftir ógert í vegamálum, að hún hafi ekki ráð á því nú að gera hraðbrautir af fullkomnustu gerð, enda yrði sú framkvæmd svo seinvirk, að hvorki yrði hægt að halda vegakerfinu í sæmilegu ástandi, þar sem umferðin er mest, á meðan eftir þeirri framkvæmd yrði beðið, né fólkið, sem nyti ekki framkvæmdanna, gæti unað því, hvað seint gengi.

Minni hluti fjárveitinganefndar vill að lokum leggja áherzlu á þetta:

1) Vegasjóður verður að fá auknar tekjur á næsta ári. Og þær verða að koma frá þeim tekjustofnum, er ríkissjóður nýtur nú af umferðinni.

2) Marka verður ákveðna stefnu um vegaframkvæmdir, þ. e. uppbyggingu vegakerfisins umhverfis landið, um leiðir, er fara á byggðarlaga á milli, og með hvaða hætti við eigum að nálgast fullkomnar hraðbrautir.

Mestu máli skiptir þó, að dómi minni hluta fjárveitinganefndar, að efnahagsstefnu þjóðarinnar verði breytt og þar skapist festa, svo að gengi og framkvæmda-

máttur gjaldmiðilsins haldist. Að öðrum kosti er ekki útlit fyrir, að hlutur vegaframkvæmda verði fyrirferðarmikill í íslenzku þjóðfélagi næstu árin.

Alþingi, 3. apríl 1971.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Geir Gunnarsson. Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 826. Frumvarp til laga [222. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 691 með þessum breytingum:

46. gr. hljóðar svo:
Heimilt er landnámsstjórn með samþykki landbúnaðarráðherra að kaupa einstakar jarðir eða jarðarhluta, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja ábúð jarða. Þessa heimild skal þó því aðeins nota, að öll stjórnin sé sammála, enda verði gert ráð fyrir, að jarðir séu auglýstar til sölu og ábúðar og seldar aftur einstaklingum eða sveitarfélögum á kostnaðarverði.

62. gr. hljóðar svo:
Til þeirra viðfangsefna, sem talin eru í 61. gr., svo og rekstrarkostnaðar Landnáms ríkisins skal veita fé á fjárlögum. Landnámsstjórn skal gera áætlun um framlög þessi. Á árinu 1972 leggur ríkissjóður fram eigi minni fjárhæð en 53.3 milljónir króna, þar af ekki minna en 7.5 milljónir króna til grænfóðurverksmiðja.
Heimilt er landnámsstjóra, í samráði við landbúnaðarráðherra, að flytja upphæðir á milli liða, eftir verkefnum.

75. gr. hljóðar svo:
Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga Landnáms ríkisins. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.

Sþ. 827. Þingsályktun [37. mál]

um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa og annars staðar fyrir Norðurlandi.

(Afgreidd frá Sþ. 5. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara vísindalega fiskileit og nákvæmar fiskirannsóknir í Húnaflóa og annars staðar fyrir Norðurlandi undir stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands. Rannsóknir þessar skulu miða að leit nýrra fiskimiða, könnun á því, hvers konar fiskveiðar væru hagkvæmastar og hvaða stærð fiskiskipa hentaði bezt á þessum slóðum. Þá verði einnig rannsakað, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskirækt eða fiskuppeldi í Húnaflóa og annars staðar í fjörðum norðanlands.

Sþ. 828. Þingsályktun [28. mál]

um strandferðir.

(Afgreidd frá Sþ. 5. marz.)

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta gera áætlun um rekstur strandferðaskips til farþegaflutninga.

Ed. 829. Lög [208. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. desember 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 743 (sbr. 722).

Ed. 830. Lög [296. mál]

um virkjun Svartár í Skagafirði.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 665.

Ed. 831. Lög [202. mál]

um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 820.

Sþ. 832. Nefndarálit [295. mál]

um till. til þál. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og varð ekki samkomulag um afgreiðslu þess.

Í desember s. l. ákvað allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samkvæmt tillögu Íslands og fjölda annarra ríkja að kveðja saman alþjóðaráðstefnu 1973 varðandi réttarreglur á hafinu, þar sem fjallað verður m. a. um fiskveiðilögsögu og landgrunnsmál. Gegn tillögu þessari greiddu aðeins 7 Austur-Evrópuríki atkvæði. Hins vegar taka þau nú þátt í undirbúningi ráðstefnunnar.

Ísland á sæti í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar ásamt 85 öðrum ríkjum. Ber að nota það tækifæri til að afla viðurkenningar annarra þjóða á rétti Íslands til lögsögu á landgrunnshafinu, enda mun þátttaka Íslands byggjast á þeirri margyfirlýstu stefnu. Jafnframt er ákveðið að hálfu ríkisstjórnarinnar, að sókn í fiski-

stofna á Íslandsmiðum og þol þeirra skuli halda áfram að vera í stöðugri athugun, þannig að hvenær sem er sé hægt að grípa til ráðstafana, ef aðstæður krefjast þess.

Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Birgir Kjaran, form., frsm. Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen.

Friðjón Þórðarson.

Sþ. 833. Nefndarálit [36. mál]

um till. til þál. um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Tillögu þessari var vísað til nefndarinnar 6. nóvember 1970, en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Á fundi utanríkismálanefndar árdegis í dag, þegar tveir dagar eru til þingloka, samþykktu fulltrúar stjórnarflokkanna með 4 atkv. gegn 3 atkv. stjórnarandstæðinga að fresta enn afgreiðslu málsins.

Undirritaður leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Gils Guðmundsson.

Sþ. 834. Nefndarálit [162. mál]

um till. til þál. um Öryggisráðstefnu Evrópu.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Meiri hluti utanríkismálanefndar, fulltrúar stjórnarflokkanna, hefur neitað að afgreiða þingsályktunartillögu þessa. Samþykktu þeir á nefndarfundi árdegis í dag að fresta málinu, enda þótt á það væri bent, að nú væru einungis tveir dagar til þingloka.

Undirritaður minni hl. leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi lýsir yfir samþykki sínu við fram komna hugmynd um „Öryggisráðstefnu Evrópu“, er hafi tvennt að meginmarkmiði:

1. að hernaðarbandalögin tvö, NATO og Varsjárbandalagið, verði lögð niður og leyst af hólmi með sameiginlegu öryggiskerfi allra Evrópuríkja, Bandaríkjanna og Kanada,
2. að ná samkomulagi um gagnkvæman brottflutning allra erlendra herja úr löndum álfunnar,

og ályktar því að skora á ríkisstjórnina að vinna að því, að slík ráðstefna komist á hið fyrsta.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Gils Guðmundsson, frsm. Eysteinn Jónsson. Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 835. Frumvarp til laga [308. mál]

um mannanöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

I. KAFLI
Um eiginnöfn.

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, eitt eða tvö.

Þeir, sem fara með foreldravald yfir barni, hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn, eftir því sem greinir í lögum þessum.

Nú er barni gefið millinafn, sem á ekki við að nota sem eiginnafn að dómi mannanafnanefndar (sbr. 28. gr.), og má þá ekki gefa barninu þriðja nafn.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenzkt eða hafa unnið sér hefð í íslenzku máli. Það má þó ekki brjóta í bág við íslenzkt málkerfi. Eiginnafn má og ekki vera þannig lagað, að það geti orðið nafnbera til ama.

Ekki má gefa kvenmanni karlmannsnafn né karlmanni kvenmannsnafn.

Ekki má gera ættarnafn að eiginnafni. Þetta tekur þó ekki til ættarnafna, sem að dómi mannanafnanefndar hefur verið venja að nota sem eiginnöfn.

Um efni þau, er greinir í 1.—3. málsgr., úrskurðar mannanafnanefnd til fullnaðar.

3. gr.

Mannanafnanefnd semur skrá um þau eiginnöfn, sem heimil eru samkvæmt 2. gr. Menntamálaráðuneyti gefur skrá þessa út og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum löggiltra trúfélaga. Birta skal viðauka við skrána eftir því sem þörf er á, en hún skal gefin út í heild ekki sjaldnar en á 10 ára fresti.

Nú berst Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn, sem er ekki á áður nefndri skrá mannanafnanefndar, og skal það þá ekki skráð að svo stöddu, heldur skal málinu skotið til nefndarinnar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það. Ef felldur er synjunarúrskurður, skal handhafi foreldravalds velja barni annað eiginnafn, og skal nafn þá ekki fært á þjóðskrá, fyrr en barninu hefur verið gefið eiginnafn, sem er á skrá mannanafnanefndar eða hún samþykkir, sbr. enn fremur 2. ákvæði til bráðabirgða.

Nú er barni valið annað eiginnafn en því var gefið upphaflega (sbr. 2. málsgr.), og skal breytingin þá tilkynnt sóknarpresti eða forstöðumanni löggilts trúfélags til færslu í kirkjubók.

4. gr.

Þegar fyrirhugað er að gefa barni nafn í skírn, sem prestur Þjóðkirkjunnar eða forstöðumaður löggilts trúfélags á að framkvæma, skal sá, er nafn gefur, skýra presti eða forstöðumanni trúfélags, um leið og hann er beðinn skírnar, frá nafni því eða nöfnum, sem barn á að hljóta. Skal það gert innan 6 mánaða frá fæðingu barns, og skírn framkvæmd eigi síðar en innan 14 daga frá þeim tíma.

Önnur nafngjöf en sú, er um ræðir í 1. málsgr., skal tilkynnt sóknarpresti innan 6 mánaða frá fæðingu barns. Slík tilkynning skal vera á eyðublaði, sem Þjóðskrá lætur gera. Nafngjafir, sem tilkynntar eru Þjóðskrá eða hún fær vitneskju

um á annan hátt, skulu færðar í kirkjubók samkvæmt tilkynningum hennar til hlutaðeigandi sóknarprests.

Nú hefur barn verið skírt skemmri skírn, og má þá, þegar skírninni er lýst eða hún tilkynnt til sóknarprests eða hliðstæðs aðila (sbr. 1. og 2. málsgr.), gefa barni nýtt nafn í stað þess, sem því var áður gefið, eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.

5. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu, ef það telur nafn hans af einhverjum sérstökum ástæðum vera honum til ama (sbr. 29. gr.).

Ef barn er ættleitt, eftir að því var nafn gefið, má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni, sem það hefur áður hlotið.

6. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til íslenzks barns, sem fætt er erlendis og gefið nafn þar. Þau taka ekki heldur til barns, sem fætt er hér á landi, ef bæði faðir og móðir skilgetins barns, eða móðir óskilgetins barns, hafa erlent ríkisfang.

II. KAFLI

Um kenninöfn o. fl.

7. gr.

Hver maður, sem hefur ekki löglegt ættarnafn, skal kenna sig til föður síns, þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður í eignarfalli að viðbættu orðinu son, ef karlmaður er, en dóttir, ef kvenmaður er. Erlend kona, sem giftist Íslendingi, er ekki hefur ættarnafn, má þó kenna sig til föður eiginmannsins á sama hátt og hann, og hún má halda því áfram eftir að hún öðlast íslenzkt ríkisfang. Ekki tekur þetta til niðja slíkra hjóna.

Ákvæði 1. málsliðar 1. málsgr. taka til íslenzkrar konu, sem giftist erlendum ríkisborgara eftir gildistöku þessara laga, nema hann beri, að dómi mannanafnanefndar, ættarnafn, sem fullnægir kröfum 11. gr.

Íslenzk kona gift Íslendingi skal eftir búferlaflutning til landsins sæta ákvæðum 1. málsliðar 1. málsgr. Sama gildir um börn slíkra hjóna.

Gift kona, sem við gildistöku þessara laga er á þjóðskrá kennd til föður eiginmanns síns, má gera það áfram til æviloka.

Heimilt er að kenna sig til eiginnafns móður með hliðstæðum hætti og til föður.

8. gr.

Óskilgetið barn erlends manns og íslenzkrar konu skal kenna sig til móðurföður síns, eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er. Ef erlendur faðir slíks barns ber nafn, sem mannanafnanefnd samþykkir, má kenna barnið til föður samkvæmt 1. málsgr. 7. gr.

Ófeðrað barn, sem hefur ekki fengið sérstakt ættarnafn, skal kenna sig til móðurföður síns eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er, sbr. þó 5. málsgr. 7. gr.

Ófeðrað barn yngra en 16 ára má, með leyfi dómsmálaráðuneytis, kenna sig til stjúpföður síns.

9. gr.

Þegar barn er ættleitt af hjónum eða karlmanni eingöngu, má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það sé kennt til kjörforeldris.

Ef barn er ættleitt af konu eingöngu, má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það kenni sig til föður hennar eða taki ættarnafn hennar.

10. gr.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi, nema dómsmálaráðuneyti hafi veitt leyfi til þess, enda hafi mannanafnanefnd samþykkt ættarnafnið.

Ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera samkvæmt þjóðskrá við gildistöku þessara laga, mega haldast (sjá þó 4. málsgr. 11. gr.). Kenninöfn, sem geta ekki talizt vera ættarnöfn að dómi mannanafnanefndar, skulu felld úr þjóðskrá, og er hlutaðeigendum óheimilt að bera þau.

11. gr.

Ættarnöfn samkvæmt fyrri málsgr. 10. gr. skulu vera íslenzk og í samræmi við íslenzkt málkerfi.

Ekki er heimilt að taka upp ættarnafn, sem annar maður hefur rétt til að bera, eða er svo líkt því nafni, að villu geti valdið. Þó má leyfa slíkt ættarnafn, ef allir þeir, sem rétt hafa til hins nafnsins, samþykkja það.

Ekki má gera eiginnafn, sem tíðkað er í landinu, að ættarnafni, og ekki heldur nöfn, sem enda á orðinu son.

Menn, sem við gildistöku laga þessara eru 16 ára eða eldri og hafa ættarnafn, sem endar á orðinu son (sbr. 3. málsgr.), mega halda því til æviloka, en þá skal það lagt niður. Börn þessara manna, fædd eða ófædd þegar lög þessi taka gildi, hafa sama rétt.

12. gr.

Sá, sem æskir upptöku ættarnafns, skal sjálfur senda dómsmálaráðuneyti umsókn sína, ef hann er 16 ára eða eldri.

Veita má barni, sem yngra er en 16 ára, leyfi til upptöku ættarnafns, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, samkvæmt umsókn þess manns, er fer með foreldravald yfir því.

Ættmenn geta í sameiningu sótt um sameiginlegt ættarnafn.

Dómsmálaráðuneyti ákveður, hver gögn skuli fylgja umsóknum um upptöku ættarnafna.

13. gr.

Nú ber maður löglegt ættarnafn, og hafa þá niðjar hans í karllegg rétt til að nota nafnið. Sama gildir um kjörbörn.

14. gr.

Eiginkonu er heimilt að bera ættarnafn eiginmanns síns, meðan hjúskapur stendur og eftir að honum lýkur. Þó getur maður krafizt þess, að dómsmálaráðuneyti úrskurði, að fyrri eiginkonu hans sé óheimilt að bera ættarnafn hans, eftir að hún gengur í annan hjúskap, og sama rétt hefur ekkja hans. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því, að kona gekk í hjúskap. Dómsmálaráðuneyti reisir úrskurð sinn á því, hvort þyngra sé á metunum hagsmunir konu af því að halda nafni eða þau rök, sem fram eru flutt fyrir því, að kona láti af fyrra nafni.

15. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt (sbr. 29. gr.) að veita manni, þegar sérstaklega stendur á, leyfi til að taka upp nýtt ættarnafn í samræmi við ákvæði laga þessara, í stað ættarnafns, sem hann hefur áður borið.

16. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn, þó að hann hafi rétt til þess. Í stað þess að nota ættarnafn er mönnum jafnan heimilt að kenna sig svo sem segir í 7.—9. gr.

Þegar kona gengur í hjúskap, er henni heimilt að nefna sig áfram ættarnafni því, sem hún hafði áður, sbr. þó 14. gr.

Nú hefur kona tekið ættarnafn manns síns, og er henni þá frjálst að taka upp að nýju upprunalegt ættarnafn sitt, þegar hjúskap er lokið. Í öðrum tilvikum er manni ekki heimilt, nema samþykki dómsmálaráðuneytis komi til, að taka upp aftur ættarnafn, sem hann hefur eitt sinn hætt að bera.

Maður, er hefur rétt til að nefna sig ættarnafni, sem hann hefur ekki borið, getur tekið það upp, og eins getur maður fellt niður ættarnafn, sem hann hefur borið, og kennt sig svo sem segir í 7.—9. gr., sbr. og 19. gr. Þó er manni óheimilt að gera slíka breytingu oftar en einu sinni eftir að hann nær 16 ára aldri, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Þessi takmörkun tekur ekki til réttar kvenna til nafnbreytingar samkvæmt 2. og 3. málsgr.

17. gr.

Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, 17 ára og yngri (sbr. 3. málsgr. 6. gr. laga nr. 100/1952), taka upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn, sem samþykkt er af dómsmálaráðuneyti. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því, að ráðuneytið gefur út bréf um, að hlutaðeigendur öðlist íslenzkt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og það skal fá íslenzkt kenninafn.

Ákvæði 1. málsgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga, sem fá íslenzkt ríkisfang samkvæmt 2.—4. gr. laga nr. 100/1952.

Ef óskað er upptöku íslenzks ættarnafns í sambandi við nafnbreytingu samkvæmt ákvæðum þessarar gr., leitar dómsmálaráðuneyti samþykkis mannanafnanefndar, og hefur að öðru leyti samráð við hana eftir því sem við á um framkvæmd á þessari gr.

18. gr.

Þjóðskrá heldur skrá yfir ættarnöfn og rétthafa þeirra.

III. KAFLI

Um skráningu nafna í þjóðskrá.

19. gr.

Breyting á eiginnafni eða kenninafni samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytis öðlast ekki gildi, fyrr en hún hefur verið færð á þjóðskrá. Sama gildir um hverja þá breytingu á nafni, sem getur átt sér stað samkvæmt ákvæðum þessara laga, án þess að leyfi ráðuneytis þurfi að koma til.

20. gr.

Nú óskar maður að fá breytt ritun nafns síns á þjóðskrá, án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu, og skal þá fara eftir reglum, sem mannanafnanefnd hefur samþykkt. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Menn geta, til auðkenningar, látið rita nafn sitt á þjóðskrá með bókstaf eða bókstöfum, fyrir nöfn eða heiti, sem þeim hafa ekki verið gefin, enda sé til þess rúm í þjóðskrárspjaldi hlutaðeiganda. Slík skammstöfun skal standa milli eiginnafns og kenninafns.

21. gr.

Skráning í þjóðskrá á kenninafni barns, sem er gefið nafn, skal vera í samræmi við ákvæði 7.—9. gr., nema tekið sé fram í tilkynningu til Þjóðskrár, að barnið skuli bera ættarnafn, sem það hefur rétt á. Skal sá, er gefur barni nafn, tilkynna ættarnafnið sóknarpresti, og lætur hinn síðar nefndi þá tilkynningu ganga til Þjóðskrár.

Tilkynning sú, er um ræðir í fyrri málsgr., þarf ekki að eiga sér stað, ef eldri bróðir eða systir barnsins er fyrir á þjóðskrá með löglegu ættarnafni.

22. gr.

Kona, sem við giftingu óskar að taka upp ættarnafn eiginmanns eða annað kenninafn, sem hún á rétt á, skal tilkynna það þeim aðila, sem framkvæmir hjónavígsluna, og færir hann tilmæli hennar á skýrslu þá, er hann sendir Þjóðskrá um hjónavígsluna. Kona, sem fær kenninafni sínu breytt samkvæmt slíkum tilmælum, getur ekki, meðan hjúskapurinn stendur, fengið því breytt til annars horfs, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

23. gr.

Föðurnafn barns, er kennir sig til föður og er yngra en 16 ára við gildistöku laganna, eða fætt síðar, skal vera eiginnafn föður samkvæmt þjóðskrá, eða fyrra nafn hans þar, ef skráð eiginnöfn eru tvö.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma.

Í öllum skiptum við opinbera aðila, við alla samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öðrum lögskiptum, skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað á þjóðskrá á hverjum tíma.

25. gr.

Þá er sóknarprestur eða forstöðumaður löggilts trúfélags veitir viðtöku tilkynningu ljósmóður um fæðingu óskilgetins barns, skal hann tilkynna hana þeim manni, sem móðirin kennir barnið, og óska staðfestingar hans á faðerninu innan tiltekins frests. Þjóðskrá kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

Dómstólar skulu senda Þjóðskrá tilkynningu um úrslit allra barnsfaðernismála og vefengingarmála, sem dæmd eru, svo og um sérhverja viðurkenningu á faðerni fyrir valdsmanni.

26. gr.

Lögreglustjórar, sóknarprestar og forstöðumenn löggiltra trúfélaga skulu aðstoða Þjóðskrá eftir föngum við framkvæmd á ákvæðum 4. gr.

27. gr.

Gjald fyrir leyfi til upptöku ættarnafns samkvæmt 10. og 15. gr. skal vera 3000 kr., en 500 kr. fyrir leyfi til nafnbreytingar samkvæmt 1. málsgr. 5. gr. Gjöld þessi skulu fylgja breytingum verðlagsvísitölu. — Leyfi til upptöku ættarnafns í sambandi við framkvæmd á ákvæðum 17. gr. skal vera gjaldfrjálst.

Þjóðskrá tekur gjald fyrir aðrar breytingar á skráningu nafns en þær, er um ræðir í fyrri málsgr., samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

28. gr.

Menntamálaráðuneyti skipar nefnd þriggja manna, er bera skal heitið mannanafnanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir kennarar heimspekideildar og einn

kennari í lögfræði við Háskóla Íslands. Leita skal tillagna deildanna, áður en menn eru skipaðir í nefnd þessa. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn, og eru varamenn skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

29. gr.

Dómsmálaráðuneyti skal leita umsagnar mannanafnanefndar, áður en það veitir leyfi til nafnbreytinga (sbr. 5. gr.), og samþykkis hennar, áður en leyfi er veitt til upptöku ættarnafna (sbr. 10., 15. og 17. gr.).

30. gr.

Menntamálaráðuneyti er heimilt að kveða nánar á um efni og framkvæmd laga þessara með reglugerð eða á annan hátt.

31. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 30 000 kr.

Nú getur maður fært sönnur að því, að annar maður noti nafn hans eða nafn, sem líkist því svo mjög, að villu geti valdið, og getur hann þá krafizt þess í dómsmáli, að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

V. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um mannanöfn, nr. 54 frá 27. júní 1925, 10. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 frá 19. febrúar 1886, og 48. og 81. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 frá 27. júní 1921.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Dómsmálaráðuneyti er ekki heimilt að veita leyfi til upptöku nýrra ættarnafna fyrr en 8 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna. Þetta tekur ekki til ættarnafna, sem leyfð eru í sambandi við framkvæmd á ákvæðum 17. gr. — Ef fleiri menn en einn hafa sótt um leyfi til upptöku sama nafns að liðnum 8 mánuðum frá gildistöku laganna, skal sá ganga fyrir, sem hefur áður notað nafnið sem ættarnafn, þó að það hafi ekki verið lögfest.
2. Þar til skrá sú um mannanöfn, er um ræðir í 3. gr., er gefin út, skal Þjóðskrá skjóta öllum nafngjöfum, sem vafi er á að samrýmist ákvæðum 2. gr., til úrskurðar mannanafnanefndar, og gilda í því sambandi ákvæði síðari málsliðar 2. málsgr. 3. gr.
3. Nú rís ágreiningur milli sóknarprests (forstöðumanns löggilts trúfélags) og foreldris út af nafngjöf, og getur þá hvor aðili um sig skotið málinu til mannanafnanefndar til fullnaðarúrskurðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. júní 1967 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða lög nr. 54 frá 27. júní 1925, um mannanöfn. Í nefndina voru skipaðir Klemens Tryggvason, hagstofustjóri, formaður, prófessorarnir Árni Snævarr, Einar Bjarnason og dr. Halldór Halldórsson og Matthías Johannessen, ritstjóri.

Nefndin hefur samið frv. það, sem hér er lagt fram, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Almenn greinargerð með frumvarpinu.

Við samningu frumvarpsins hefur nefndin reynt að gera það svo úr garði, að íslenzk mannanöfn gætu valdið því hlutverki sínu að vera til sem gleggstra auðkenna á mönnum. Þá hefur einnig verið haldið þeirri stefnu að stemma stigu við fleirnefnum, en leyfa þó tvínefni, og stuðla að því, að íslenzk mannanöfn verði í samræmi við íslenzkt málkerfi, og koma í veg fyrir, að nöfn verði nafnbera til ama eða óþæginda. Þá er lagt til, að nafn skuli valið barni innan hæfilegs tíma, en um það skortir að mestu ákvæði í gildandi lögum. Nefndinni er ljóst, að mannanafnalög missa marks, nema tryggilegt eftirlit sé haft með því, að nöfn séu valin í samræmi við slík lög. Er vænlegast til árangurs að stemma á að ósi. Með tilkomu þjóðskrár fékkst úrræði og stofnun, sem álitlegt er að virkja í þessu efni. Er lagt til í 3. gr. frv., að nöfn gefin börnum fáist ekki færð á þjóðskrá, nema þau séu lögmæt, og að hvers konar nafnbreytingar verði ekki gildar, fyrr en þær hafa verið færðar á þjóðskrá (sbr. 19. gr. frv.). Jafnframt skal kenninafn barns vera í samræmi við þjóðskrá og sé þar annað hvort kennt til eiginnafns föður eða móður, eða notað ættarnafn þeirra. Samkvæmt 18. gr. færir Þjóðskrá skrá um öll ættarnöfn, svo að einnig að því leyti er fenginn grundvöllur að virku eftirliti. Með 23. gr. frv. er tekin afstaða til þess í sambandi við kenningu til föður, til hvaða nafns hans skuli kenna, ef hann heitir fleiri nöfnum en einu.

Um eftirlit með því, að farið sé að nafnalögum, ef frv. þetta verður lögfest, verður að greina milli tvenns, tímabilsins áður en nafnaskrá er samin, sbr. 3. gr. 1. málsgr., og tímabilsins eftir að sú skrá liggur fyrir. Á fyrra tímabilinu gengur Þjóðskrá — og að öðru leyti prestur — úr skugga um, að nafn fullnægi almennum skildögum, sem hér eru greindir. Ef vafi leikur á því, vísar Þjóðskráin málinu til úrskurðar mannanafnanefndar, sbr. 3. gr. 2. málsgr. og 2. ákvæði til bráðabirgða, en um skipun nefndar segir í 28. gr. frv. Jafnframt getur prestur (forstöðumaður trúfélags) eða foreldri skotið ágreiningi, sem verður út af nafngjöf, til mannanafnanefndar til úrskurðar, sbr. 3. ákvæði til bráðabirgða. Er úrskurður nefndar fullnaðarúrskurður. Eftir að skrá mannanafnanefndar um mannanöfn hefur verið samin, verður verkefni þeirra, sem sjá eiga um framkvæmd laganna, um margt einfaldara í sniðum. Er þá unnt að taka mið af nafnaskránni, en vitaskuld er ekki skotið loku fyrir að bera upp við mannanafnanefnd hugmyndir um önnur nöfn. Í þeim tilvikum, er að framan greinir, geta þau málalok orðið hjá mannanafnanefnd, að hún fallist ekki á, að nafn sé lögmætt. Ber þeim, sem með foreldravald barns fara, þá að velja barni nýtt nafn, sbr. 3. gr. 2. málsgr. Nefndin telur, að hér eigi að verða um virk úrræði að ræða til að framkvæma lögin með viðhlítandi hætti, en þessi mál hafa mjög verið látin reka á reiðanum undanfarna áratugi. Nefndin leggur á það áherzlu, að brýna þörf beri til þess að koma við leiðbeiningarstarfsemi um mannanöfn og hver ábyrgðarhluti það sé fyrir foreldra að velja barni nafn, sem því sé til ama, en auk þess má einskis láta ófreistað að semja hið fyrsta skrá þá um mannanöfn, sem greinir í 3. gr. Sú skrá er óhjákvæmilegur bakhjarl fyrir alla þá, sem framkvæma eiga lögin, og hún ætti einnig að geta verið til mikils liðsinnis foreldrum við nafngjafir. Þessu hlutverki getur skrá um óheimil nöfn, sbr. 6. gr. l. nr. 54/1925, ekki gegnt, og þykir einsætt, að samin verði skrá um heimil nöfn, en ekki óheimil. Samkvæmt 3. gr. frv. er engan veginn fyrir það girt, að önnur nöfn verði leyfð en á skrá standa, en slík nafngjöf yrði þá borin undir mannanafnanefnd.. Vert er að benda á, að skrá þessi á aðeins að fjalla um eiginnöfn, en ekki um ættarnöfn. Ýmsar aðrar skrár kæmi til greina að semja síðar, svo sem bent er á í grein um þetta mál í Skírni 1960.

Um eiginnöfn má annars geta þess, að nokkuð er aukin heimild til að fá breyt ingar á þeim, svo sem síðar greinir, sbr. athugasemd við 5. gr. frv.

Í II. kafla frv. er hugtakið kenninafn látið taka til hvers konar kenningar, sem lögmæt er samkvæmt frv., þ. e. kenningar til eiginnafns föður eða móður í eignar-

falli að viðbættu son eða dóttir, og svo til ættarnafns. Þótt kenning til móður sé ekki tíðkuð, þykir rétt að leyfa hana, enda er það ein af þeim grundvallarhugmyndum, sem frv. er reist á, að búa konum og körlum sem mest jafnræði.

Nefndin tók til rækilegrar athugunar þær röksemdir, sem uppi hafa verið með og móti upptöku ættarnafna og þ. á m. sjónarmið einstakra nefndarmanna í nefnd þeirri, er samdi frv. til mannanafnalaga 1955. Í íslenzku þjóðfélagi tíðkast nú tvenns konar nafnakerfi, þ. e. hið forna nafnakerfi með kenningu til föður og svo ættarnafnakerfið. Lög nr. 54/1925 leyfðu tiltekin ættarnöfn, eins og fyrr er greint, þ. e. yfirleitt ættarnöfn, sem upp voru tekin fyrir 1915, og vegna innflutnings manna með erlend ættarnöfn og vegna barneignar erlendra manna með íslenzkum konum, svo og sakir giftinga íslenzkra kvenna og erlendra manna, hefur bætzt við mikill fjöldi ættarnafna síðan lög nr. 54/1925 tóku gildi. Eftirlit með framkvæmd þeirra laga hefur verið næsta máttlítið. Alkunna er, að þau ættarnöfn, sem tekin voru upp á tímabilinu 1915—1925 og hverfa áttu með þeim mönnum, er fengu leyfi til þeirra, og börnum þeirra, hafa haldizt áfram, án þess að stjórnvöld hafi gert neitt til að afstýra því. Liggur nærri að telja, að niðjum þeirra manna hafi, fyrir lagavenju, unnizt réttur á nafni sínu á borð við aðra þá, sem höfðu ættarnöfn fyrir 1915. Stórfelld upptaka nýrra ættarnafna átti sér stað frá því að mannanafnalög 1925 voru sett og þar til Þjóðskrá tók við almannaskráningu 1953—54 án þess að við því væri amazt, þ. e. menn voru á þessu tímabili skráðir á manntal og á opinberar skrár með þeim nöfnum og ekkert var gert til að afstýra slíkri sjálftöku ættarnafna. Ekki er sýnilegt, að almenningur hafi brugðizt öndverður gegn þessu eða krafizt þess með neinum þunga, að lögin yrðu framkvæmd. Alþingi hefur ekki gert neinar ályktanir um efnið, svo að kunnugt sé, og á gildistíma laganna hafa nálega allir stjórnmálaflokkar landsins átt fulltrúa í ríkisstjórn, án þess að gera reka að máli þessu.

Telja verður, að þúsundir manna á landi hér beri ættarnöfn, ýmist svo að þau helgist af ákvæðum laga nr. 54/1925, og er þar um minnihluta að ræða, eða svo, að nöfnin séu í andstöðu við lög nr. 54/1925. Um þessi nöfn er þriggja kosta völ: 1. að framfylgja banni laga nr. 54/1925 og óheimila hlutaðeigendum að bera nöfn sín og eftir atvikum sækja þá til refsingar samkvæmt þeim lögum. Í því sambandi telur nefndin, að þá ætti að breyta lögum nr. 54/1925 í það horf að óheimila öll ættarnöfn, enda fela lögin í sér slíka mismunun á þegnum landsins, að ekki er viðhlítandi. 2. Að láta reka á reiðanum í þessu efni eins og gert hefur verið lengstum. 3. Að endurskoða lögin og leita úrræða, sem hald er í, til að koma þessum málum í bærilegt horf.

Nefndin er á einu máli um, að ekki komi til greina að velja fyrsta kostinn, hann sé gersamlega óframkvæmanlegur, enda kunna sum nöfnin að hafa unnið sér lagavernd fyrir lagavenju og tómlæti stjórnvalda. Annan kostinn telur nefndin ósamboðinn íslenzku þjóðfélagi. Er ærin raun að því, að lög um jafnmikilvægt lagasvið sem löggjöfin um mannanöfn skuli ekki hafa verið framkvæmd betur en raun ber vitni um langt skeið. Er þá þriðji kosturinn að endurskoða lögin, lögmæla þar ýmsar endurbætur, sem tímabærar og bráðnauðsynlegar eru, og taka enn fremur afstöðu til ættarnafnamálsins, svo og annars álitamáls, sem nefnt er hér að framan, þ. e. um nöfn þeirra, sem hljóta íslenzkt ríkisfang með lögum.

Frumvarp nefndarinnar er á því reist, að skylt sé að horfast raunsætt í augu við þann vanda, sem að hefur steðjað um íslenzkt nafnakerfi. Eins og nú er komið, verður hjólinu ekki hverft aftur á bak. Frv. byggir enn fremur á tillitinu til þeirra, sem borið hafa nöfn átölulaust um langt skeið, en semjendur frv. telja, að nafnið sé persónulegt málefni og varði tilfinningar manna, og að fara beri með aðgát að lagasetningu um slíkt persónu- og mannréttindasvið. Frv. er á því reist, að farsælast sé, svo sem nú er komið, að tvenns konar nafnakerfi fái að þróast, og er þá tekið mið af þróuninni eins og hún hefur orðið. Vafalaust mun meirihluti manna óska að halda hinum fornu nafnvenjum með kenningu til eiginnafns föður (eða móður),

en í frv. er lagt til, að auk þessa nafnakerfis séu ættarnöfn lögmæt. Samkvæmt frv. þarf leyfi dómsmálaráðuneytis til upptöku ættarnafns og samþykki mannanafnanefndar, enda sé ættarnafn íslenzkt og í samræmi við íslenzkt málkerfi. Með þeim fyrirvara er eytt þeim agnúa, sem hefur verið á æði mörgum íslenzkum ættarnöfnum, er draga dám að útlendum nafnsiðum, og sum hver eru dönskuskotin. Stefnan í þessu frv. er í stuttu máli á sömu lund og hjá meirihluta þeirrar nefndar, sem samdi frv. til mannanafnalaga 1955: 1. Löggilding á nöfnum, sem tíðkazt hafa samkvæmt lögum nr. 54/1925 og óvinnandi vegur er að kveða niður. 2. Lögfesting tvenns konar nafnakerfa, er bæði lúti að íslenzku málkerfi um myndun nafna.

Um afstöðuna til nafna manna og barna þeirra, sem fá íslenzkt ríkisfang með lögum, vill nefndin taka fram eftirfarandi: Hún telur með vísan til þess, er áður segir um persónu- og tilfinningatengsl manns við nafn sitt, að harkalegt sé að skilja það til, að menn breyti nafni sínu, er þeir fá íslenzkt ríkisfang. Er þó vissulega æskilegt, að þeir taki íslenzkt nafn, sérstaklega ef auðvelt er að laga nafn þeirra að íslenzku málkerfi. Ef frv. þetta verður að lögum, er líklegt, að ýmsir þessara manna kjósi að taka sér íslenzkt ættarnafn. Um börn slíkra manna innan 18 ára aldurs gegnir nokkuð öðru máli. Þeim er oft ami að því í skólum og félagslífi og jafnvel í atvinnu sinni að bera erlent nafn. Líklegt er, að þau ætli sér að ílendast hér og laðast að íslenzku þjóðfélagi, og tengsl þeirra við nafnið eru með öðrum hætti en fulltíða fólks. Er því áskilið, að þau taki íslenzkt nafn, svo sem nánar er markað í 17. gr. frv.

Við samningu frv. hefur verið mjög tekið mið af frv. til laga um mannanöfn frá 1955, og eru ýmsar greinar þessa frv. orðaðar á sama hátt og þar. En auk þess sem sum ákvæði eru hér öðruvísi að efni en þar og nokkur ný mannanafnaákvæði tekin upp, er aðalmunur þessara tveggja frumvarpa sá, að í þessu nýja frv. er Þjóðskránni, eins og áður segir, ætlað mikið hlutverk í sambandi við framkvæmd mannanafnaákvæða. Nefndin hefur yfirleitt lagt megináherzlu á framkvæmdarhlið þessara mála, en einmitt þar hefur skórinn kreppt, eins og reynslan sýnir. Nefndin telur, að með frv. hennar — ef að lögum verður — sé í fyrsta sinn í löggjöf lagður traustur grundvöllur fyrir haldgóðri framkvæmd mannanafnaákvæða.

Frv. nefndarinnar fjallar mestmegnis um þær reglur nafnréttar, sem eru runnar af rótum opinbers réttar, svo sem áður hefur tíðkazt í lögum og í frv. frá 1955. Um hina persónulegu nafnvernd og nafnrétt eru fyrst og fremst ákvæði í 31. gr. 2. málsgr., en það kemur þó mjög í hlut hins fræðilega nafnréttar eða persónuréttar og dómstóla að móta þær reglur, sem þar eiga við.

Allsherjarhagsmunir í sambandi við mannanöfn eru margvíslegir. Fyrst má geta nafnskyldu (nafnkvaðar), þ. e. þess hagsmunaefnis þjóðfélags, að börnum sé gefið nafn og það hið fyrsta og raunar, að tryggileg bókfærsla sé á nafngjöfum. — Nöfnum er ætlað að auðkenna menn, og er mikilvægt, að nöfn séu svo úr garði gerð, að þau sérgreini einstaklinga eins glöggt og frekast er kostur á, segi með nokkrum hætti á þeim deili. Í því efni er þess að geta, að víðast hvar erlendis hefur eiginnafn lítið gildi til sérgreiningar, en það eru fyrst og fremst ættarnöfn, sem þykja fallin til þess, þótt ekki séu þau ávallt vaxin því hlutverki, sbr. t. d. sen-nöfnin dönsku eða Smith-nöfnin brezku og bandarísku. Enn má benda á þá hagsmuni, sem við það tengjast af sögulegum, þjóðernislegum og málfræðilegum ástæðum, að nöfn séu íslenzk og lúti íslenzku málkerfi. Verður að hafa hemil á nafngjöfum, með opinberu eftirliti og úrræðum, svo að þessum hagsmunum verði borgið. Þá er það hagsmunaefni fyrir almannavald, að menn riti ávallt nöfn sín á sama veg, a. m. k. eftir að þeir eru orðnir sjálfráða, nema sérstök, lögmæt atvik leiði til annars. Enn má benda á þá hagsmuni, sem við það tengjast, að þau nöfn ein tíðkist, sem ekki eru amböguleg eða klaufaleg, svo að nafnbera verði til ama. Eftir lögum nr. 54/1925 hefur það enn fremur þótt mikilvægt stefnumark að útrýma sem mest ættarnöfnum og reisa íslenzkt nafnkerfi á fornum nafnvenjum.

Ýmiss konar aðrir hagsmunir eru tengdir við nafn, þ. á m. persónulegir hags-

munir. Mönnum er oft hugað um nafn sitt, það tengir þá við fjölskyldu þeirra, og nafnið er þáttur í persónuleika manns. Hér er um tilfinningamál að ræða í ríkum mæli. Hins vegar koma hér einnig til greina fjárhagslegir hagsmunir, svo sem þegar menn hafa unnið sér sérstakt álit og eru kunnir af nafni sínu vegna atorku og sérþekkingar eða fyrir framlög á sviði lista, vísinda og ýmiss konar framkvæmda. Sálrænir og persónulegir hagsmunir, sem tengdir eru við nafn, hafa valdið því, að reglur hafa þróazt í lögfræði þess efnis, að menn eigi lögvarðan rétt á nafni sínu og geti leitað því verndar með liðsinni dómstóla. Kemur þá einkum til, að menn geti fengið lagt bann við óheimilli notkun annarra á nafni, og raunar horfa sektarákvæði nafnalaga, eða geta horft til þess, að slá varnarmúr um einstakt nafn, þótt verndarhagsmunir séu þar að jafnaði víðtækari. Í Norðurlandalögunum nýju frá síðasta áratug eru ákvæði, er að þessu lúta. Má m. a. benda á 17. gr. í dönsku mannanafnalögunum frá 1961. Að fordæmi þeirra laga er lagt til í 31. gr. 2. málsgr. frv., að lögfest sé ákvæði um persónulega nafnréttinn þeim til trausts, er reka vill réttar síns í einkamáli út af óheimilli notkun annars manns á nafni hans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Frv. er skipt í fimm kafla. Fjallar fyrsti kaflinn um eiginnöfn, annar um kenninöfn o. fl., hinn þriðji um skráningu nafns í þjóðskrá, hinn fjórði geymir ýmis ákvæði, en lokakaflinn er um gildistöku og brottfallin lög. Enn er ákvæðum til bráðabirgða knýtt við frv.

Tekið skal fram, að nefndinni hefur ekki verið falið það verkefni að endurskoða önnur lög en mannanafnalög, þar sem reyna kann á mannanöfn, svo sem í lögum um firmu, vörumerki, ólögmæta verzlunarháttu o. fl. Nefndin hefur þó endurskoðað lagaákvæðin um mannanöfn í lögum 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar, 48. og 81. gr., og að nokkru í lögum um ættleiðingu 19/1953, 10. gr. Frv. tekur ekki að neinu leyti til listamannaheita, þ. á m. dulnefni höfunda. Þá falla viss atriði í nafnvenjum utan frv., svo sem nafnviðbót, er lýtur að þeim stað, sem menn eru frá. Í kenningarreglunum er þó fólgið, að það er ónóg nafnritun að rita nafn sitt með eiginnafni og t. d. „frá Kleif". Þá er sitthvað látið ráðast af venjum, svo sem altítt hefur verið, t. d. hvort menn riti upphafsstaf að öðru eiginnafni sínu eða upphafsstaf í eiginnafni föður, en ættarnafn að auki. Frv. amast ekki við því, að menn kenni sig fullum fetum til eiginnafns föður og noti ættarnafn hans að auki, svo sem sumir menn gera hér á landi.

Skal nú vikið að einstökum köflum og frumvarpsgreinum.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er safnað ákvæðum um eiginnöfn. Eru þar fyrirmæli um, hvernig eiginnöfn skuli úr garði gerð, um rétt og skyldu til nafngjafar, um fresti til nafngjafar og um heimild til breytingar á eiginnafni. Þá eru ákvæði um gæzlu á fyrirmælum laganna, og hlut Þjóðskrár, dómsmálaráðuneytis og mannanafnanefndar í því sambandi. Hér á landi hafa eiginnöfn meira gildi til auðkenningar en víðast hvar erlendis, og er því eðlilegt að meiri rækt sé lögð við þau en í sumum erlendum nafnalögum, sem aðallega láta sig ættarnöfn skipta. Ýmsar kröfur verður sameiginlega að gera til eiginnafna og kenninafna, svo sem að þau lúti íslenzku málkerfi, en allt um það er heppileg efnisskipun að fjalla um þessa tvo nafnstofna hvorn í sínum kafla. Þriðja nafndeildin er svo millinafn, sbr. 1. gr. 3. málsgr. Sigla þau nöfn nokkuð beggja skauta byr, oft eru þau kenninöfn, sem ekki lúta þó almennum reglum um þau nöfn, svo sem þegar barn er skírt Jón Sigurðsson, en er Jónsson, eða þegar barn tekur upp ættarnafn móður sem millinafn, og nefnist t. d. Jón Norðfjörð Jónsson. Slíkt nafn gengur ekki frá kynslóð til kynslóðar. Þá getur verið um nöfn að ræða, sem fela í sér bæjar- eða staðarheiti, og svo nöfn, sem eru að gerð eiginnöfn, en notuð sem almenn millinöfn, t. d. þannig að öll börn tiltek-

inna foreldra eru skírð því nafni sem öðru eiginnafni. Þykir rétt að minna á þetta nafnfyrirbæri í 3. málsgr. 1. gr. og lögfesta með því, að þau nöfn lúti einnig hinum almennu fyrirmælum um eiginnöfn, þ. á m. að eiginnafn getur aðeins verið eitt, ef millinafn er valið.

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi lög, sbr. upphaf 1. gr. l. 54/1925, svo og lagaframkvæmd. Um millinöfn segir í umsögn um I. kafla almennt. Kenningarnöfn samkvæmt l. 41/1913 eru ekki sérstaklega nefnd í þessu frv., enda lítt eða ekki tíðkuð.

Um 2. gr.

Í 1. málsgr. er haldið þeirri reglu gildandi laga, sbr. 1. og 4. gr. l. 54/1925, að nafn skuli vera íslenzkt. Þessi grundvallarkrafa er orðuð svo nánar, að nafn skuli annað tveggja vera íslenzkt eða hafa unnið sér hefð í íslenzku máli, þ. e. sé ekki ungt í málinu. Ýmis nöfn, svo sem biblíunöfn, eru ekki íslenzk, en hafa þó fyrir löngu unnið sér sess í íslenzku. Enn er skilið til, að nafn brjóti ekki í bága við íslenzkt málkerfi. Vera má að nafn hafi unnið sér hefð í íslenzku, en brjóti gegn íslenzku málkerfi, svo sem vegna orðmyndunar, hljóðkerfis og beygingar. Um ýmis atriði þessa máls er fjallað í ritgerð dr. Halldórs Halldórssonar, prófessors, um ólögleg mannanöfn í Andvara 1962, og í ritgerð hans, Hugleiðingar um íslenzk mannanöfn að gefnu tilefni, í Skírni 1960.

Í 1. málsgr. segir enn, að eiginnafn megi ekki vera þannig, að það geti orðið nafnbera til ama. Nafnið getur verið alls kostar íslenzkt, en þó svo lagað, að varhugavert sé að nefna barn því. Geta hér vaknað ýmis vafatilvik, en máli má skjóta til mannanafnanefndar, ef ágreiningur verður um nafngjöfina.

Í 2. málsgr. er sérstaklega tekið fram, að óheimilt sé að gefa kvenmanni karlmannsnafn og karlmanni kvenmannsnafn. Myndi slíkt raunar brjóta í bága við íslenzkt nafnkerfi, en ákvæðið er orðað til öryggis.

Í 3. málsgr. er lagt bann við að nota ættarnafn sem eiginnafn, nema ættarnafn sé þess kyns, að það hafi verið venja að nota það sem eiginnafn. Nokkur brögð hafa verið að þessu, og er rétt að taka fyrir það, svo sem gert er í norrænu mannanafnalögunum, enda getur hér verið hætta á ruglingi, og auk þess er með slíku gengið á rétt þeirra, sem ættarnafn bera. Kostirnir til vals á eiginnöfnum eru ekki þrengdir til neinna muna með þessu ákvæði.

Í 4. málsgr. segir, að mannanafnanefnd úrskurði þau efni, er í 1.—3. málsgr. greinir, til þrautar. Eiga dómstólar því ekki mat þess máls.

Um 3. gr.

Þess er fyrr getið, hve mikið liggi við, að ákvæði séu sett í mannanafnalög, er stuðli að virkri framkvæmd þeirra. Vissulega hefur raunalega tekizt til í þessu efni með framkvæmd l. 54/1925. Stafar það m. a. af skorti á skrá um mannanöfn, er geti verið fólki til leiðbeiningar um val nafna, og geti einnig verið sá bakhjarl, sem þeir geti haft að grundvelli, er framkvæmdin mæðir mest á, svo sem prestar og aðrir forstöðumenn trúfélaga og svo starfslið Þjóðskrár. Það er fyrr reifað, að þessi skrá þarf nauðsynlega að geyma mannnöfn, sem tækileg eru, en ekki hin, sem bönnuð eru. Er 3. gr. 1. málsgr. í samræmi við það. Koma ýmsar nafnaskrár að góðu gagni, þegar hafizt verður handa um þetta verk, svo sem skrár eftir manntölum ýmsar, íbúaskrár Þjóðskrár, skrá dr. Þorsteins Þorsteinssonar um skírnarnöfn á Íslandi á tímabilinu 1921—1950, Reykjavík 1961, skrá prófessors Ólafs Lárussonar um nöfn Íslendinga árið 1703, Reykjavík 1960, og rit Hermanns Pálssonar, háskólakennara Edinborg: Íslenzk mannanöfn, Reykjavík 1960, er geymir rækilega skrá um íslenzk mannanöfn. Loks má nefna bók eftir E. H. Lind: Norsk-isländska dopnamn og fingerade namn från medeltiden, Uppsala 1905—15, og Supplementband, Oslo 1931. Auk þess eru ýmsar ritgerðir um afmörkuð efni. — Leggja ber áherzlu

á, að samning skrár þessarar er mikið vandaverk og mun að líkindum taka alllangan tíma að taka hana saman. Verður mannanafnanefnd að hafa sérfróðu starfsliði á að skipa til að vinna þetta verk og heppilega starfsaðstöðu, og þarf raunar á því að halda vegna úrlausnar annarra mála. Mikilvægt er, að gefnir séu út viðaukar við skrána, ekki síðar en á 10 ára fresti, og helzt til muna oftar. Um skipan mannanafnanefndar eru ákvæði í 28. gr.

Um hlut Þjóðskrár í gæzlu þeirra fyrirmæla, sem frv. hefur að geyma, er áður rætt, og auk þess vísast þar um til sérstaks fylgiskjals með áliti nefndarinnar. — Eftir að skýrsla berst Þjóðskrá, kannar hún rækilega nafngjöfina. Ef nafn er ekki talið fullnægja kröfum laga, ber Þjóðskrá nafngjöf undir mannanafnanefnd, unz skrá er samin, en ella er neitað um skráningu nafns, ef nafn er ekki á greindri skrá. Þótt nafn sé ekki á skrá, eru ekki öll sund lokuð, því að allt að einu skal nafn borið undir mannanafnanefnd, og fellir þá nefndin fullnaðarúrskurð um, hvort nafngjöf sé lögmæt. Segir um þetta öðrum þræði í 2. ákvæði til bráðabirgða. Ef mannanafnanefnd telur ekki nafn lögmætt, ber handhafa foreldravalds að velja barni annað nafn, sem er á skrá mannanafnanefndar eða hún samþykkir. Foreldri eða prestur (forstöðumaður trúfélags) geta einnig skotið ágreiningi út af nafngjöf til mannanafnanefndar, sbr. 3. ákvæði til bráðabirgða, þ. e. ef synjað er um skírn að svo stöddu eða endanlega.

Í 3. málsgr. er boðið að tilkynna skuli nafnbreytingu, sem hér getur orðið, til sóknarprests eða forstöðumanns trúfélags. Um það, hvort þá skuli önnur skírn koma til, fer eftir ákvörðun kirkjumálayfirvalda.

Í frv. er ekki ákvæði, er komi í veg fyrir, að alsystkin beri sama nafn, t. d. að tveir bræður heiti Jón. Eru slík samheiti óheppileg og fallin til að valda ruglingi, en ekki þykir þó næg ástæða til að hafa ákvæði um slíkt, enda nú orðið mjög fátítt.

Um 4. gr.

Mikilvægt er, að sóknarprestar og forstöðumenn trúfélaga — og raunar prestar þeirra, — gæti fyrirmæla um nafngjafir og fái forráðamenn barna ofan af nafngjöfum, sem eru varhugaverðar og barni til ama og að öðru leyti andstæðar lögum um mannanöfn. Nú mun presti eða forstöðumanni trúfélags sjaldnast vera skýrt frá nafni, sem forráðamenn hafa valið, fyrr en rétt í þann mund, sem skírnarathöfn á að hefjast. Svigrúmi þeirra til að kanna mál er því jafnaðarlega þröngur stakkur skorinn. Lagt er hér til — svo sem einnig var í frv. frá 1955 — að presti (forstöðumanni trúfélags) skuli skýrt frá nafni um leið og skírnar er beiðzt, og skuli skírn fara fram innan 14 daga frá því, að sú beiðni barst. Þá er boðið, að óskað skuli skírnar, ef sú leið er farin við nafngjöf, innan 6 mánaða frá fæðingu barns. Önnur nafngjöf skal tilkynnt sóknarpresti innan 6 mánaða frá fæðingu barns, en sá frestur er 12 vikur samkvæmt 10. gr. l. 4/1886. Er nauðsynlegt að barn fái nafn sem fyrst, og teljast þeir frestir, sem hér voru greindir, hæfilegir.

Að ósk nefndar þeirrar, er samdi frv., fór fram könnun á aldri barna, þegar þau eru skírð. Könnunin tók til barna, sem fædd eru árið 1964. Er skýrsla um könnun þessa prentuð sem fylgiskjal með frv. Af töflunni verður ráðið, að nálega öll börn úr þessum árgangi eru skírð, og voru það aðeins 51 af 4688 börnum, sem til greina kom, að ekki væru skírð — eða 1.1% — og er þó talið, að sum þeirra kunni að vera skírð. Um aldur barna, þegar þau eru skírð, kemur fram, að tíðast er að skíra börn í 2., 3. og 4. mánuði eftir fæðingu, og allt að 80% barna hafa verið skírð innan hálfs árs aldurs. Ekki er umtalsverður munur á skírnaraldri barna í Reykjavíkurþéttbýli, öðrum kaupstöðum og í strjálbýli, þó er hann hæstur í strjálbýli. Mat á frestum þeim, sem greinir í 4. gr., fær góða stoð í þessari könnun. Að öðru leyti vísast til hennar í heild sinni og þeirra skýringa, er henni fylgja.

Í 3. málsgr. eru fyrirmæli um nafngjöf við skemmri skírn. Er þá jafnaðarlega skammur tími til stefnu og ráðrúm ónóg til að velja barni nafn. Er því heimilað

í þessari málsgr., að unnt sé að gefa barni nýtt nafn í stað þess, sem áður var gefið, eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni og skal þetta þá gert, þegar skírn er lýst eða hún tilkynnt til sóknarprests eða hliðstæðs aðila.

Um 5. gr.

Heimild dómsmálaráðuneytis til að leyfa breytingu á eiginnafni er nokkru rýmri samkvæmt 1. málsgr. en samkvæmt 5. gr. l. 54/1925. Vitaskuld tekur ákvæðið jafnt til nafngjafar, sem orðið hefur í gildistíð eldri laga, sem í gildistíð þessara laga, ef frv. nær lögfestingu. Leita skal umsagnar mannanafnanefndar um umsóknina, sbr. 29. gr. Það er vissulega æði matskennt, hvenær nafn sé manni til ama, en áhættulaust er að leggja það á vald ráðuneytis, með liðsinni mannanafnanefndar, að ráða slíkum málum til lykta. Ætti að hvetja til þess, að slíkra nafnbreytinga yrði leitað og greiða fyrir úrlausn slíkra erinda. Breyting á nafni samkvæmt þessu öðlast ekki gildi, fyrr en hún hefur verið skráð á þjóðskrá, sbr. 19. gr. Um aðrar breytingar á nöfnum vísast til 15. gr. og 20. gr. Aðili sjálfur, sem náð hefur 16 ára aldri og ekki er sviptur sjálfræði, getur borið fram ósk samkvæmt 1. málsgr. 5. gr., en lögráðamaður hans endranær, og að jafnaði þá handhafi eða handhafar foreldravalds.

Spyrja má í sambandi við ákvæði 1. málsgr. 5. gr., hvort af hálfu almannavalds eigi að gera gangskör að því að fella niður nöfn, sem andstæð eru lögum, þ. e. þessum, ef frv. nær lögfestingu, eða eldri lögum eftir því, hvenær nafngjöf fór fram. Er illa búið að þesum málum, ef slíkt ætti að vera útilokað. Að því er þetta frv. varðar, er sett ákvæði í 31. gr., sem gerir ráð fyrir, að unnt sé að dæma manni sektir og þá jafnframt skylt samkvæmt kröfu ákæruvalds að fella niður ólögmætt nafn og taka upp lögmætt. Um aðild einstaklings að kröfu um, að maður felli niður notkun nafns, sem gengur í berhögg við rétt hins fyrr nefnda, verður rætt í athugasemdum við 31. gr.

Í 2. málsgr. er heimilað að taka það ákvæði í ættleiðingarbréf, að barni sé valið nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni, sem það hefur áður hlotið. Ber það við, að dómsmálaráðuneyti veiti slíkt leyfi, og er heppilegt að sú heimild sé fest í lögum. Sjálfsagt myndi þetta einkum, ef ekki eingöngu, koma til greina um ung börn. Ljóst er, að unnt er að veita leyfi þetta, þótt ákvæði 1. málsgr. eigi ekki við. Um kenningu til kjörforeldra segir í 9. gr. frv.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði er sett til að taka af tvímæli. Ekki þykir unnt að halda til streitu ákvæðum 1. og 2. gr., þegar íslenzk börn eiga í hlut, sem fædd eru erlendis og gefin nöfn þar. Sama er um skilgetin börn, sem fædd eru hér á landi, ef báðir foreldrar hafa erlent ríkisfang, eða óskilgetin börn, ef móðir hefur erlent ríkisfang. Í ákvæðinu felst, að greindum ákvæðum skuli beitt um skilgetið barn, ef annað foreldra hefur íslenzkt ríkisfang.

Um II. kafla.

Hér eru ákvæðin um kenninöfn, en það er samheiti um tvenns konar nafnkenningarkerfi, þ. e. 1. að maður kenni sig til eiginnafns föður eða móður, og 2. að hann noti ættarnafn til kenningar. Vísast til hinnar almennu greinargerðar um viðhorf til þessara nafnakerfa. Í 7.—8. gr. eru almenn ákvæði um það, hvernig menn skuli kenna sig, í 9. gr. er ákvæði um kenninafn barna, sem ættleidd eru, og ákvæðin í 10.—16. gr. og 18. gr. eru um ættarnöfn. Um upptöku ættarnafna (10. og 12. gr.), um gerð þeirra (11. gr.), um það, hvernig ættarnöfn gangi milli kynslóða (13. gr.), um ættarnafn giftrar konu við hjúskaparstofnun og slit hjúskapar (14. gr.), um breytingu á ættarnafni (15. gr.), um ýmsar reglur, er varða rétt og skyldu til að bera ættarnafn (16. gr), og um skrá um ættarnöfn (18. gr.). Ákvæði 17. gr. varða sérstaklega breytingar á nöfnum þeirra, er fá íslenzkt ríkisfang með lögum eða samkvæmt 2.—4. gr. í lögum 100/1952, um íslenzkan ríkisborgararétt.

Í þessum kafla kemur fram, að stefnt er að löggildingu tveggja nafnakerfa, er fái að þróast undir ríku eftirliti af hálfu almannavalds, sbr. m. a., að ættarnöfn eru háð leyfi ráðuneytis og margs konar hemil skal á þeim hafa. Það sést á ýmsum ákvæðum frv., að hin forna kenningarvenja verður aðalreglan samkvæmt frv., og á hún við, nema menn séu í þeim sifjatengslum við þann, sem ber lögmætt ættarnafn, að þeir megi taka nafn hans, eða fá að öðrum kosti leyfi til upptöku ættarnafns. Þá er t. d. giftum konum í sjálfs vald sett, hvort þær nota ættarnafn bónda síns, sem ættarnafn ber, sbr. 14. gr., svo og almenn ákvæði í 16. gr. 1. málsgr., þar sem segir, að manni sé ekki skylt að bera ættarnafn, þótt hann eigi rétt til þess, svo sem börnum manns, er ber löglegt ættarnafn, sbr. og ákvæði 16. gr. að öðru leyti. Bent er á, að nokkurn reka á að gera að því að fella niður óheppileg ættarnöfn eða varhugaverð kenninöfn, sbr. ákvæði 3. og 4. málsgr. 11. gr. um ættarnöfn, sem enda á son, og lokaákvæði 10. gr. um kenninöfn, sem ekki teljast vera ættarnöfn að dómi mannanafnanefndar.

Um 7. og 8. gr.

Í upphafi eru ákvæði um það, hvernig kenningu til eiginnafns föður skuli hagað, en mönnum er frjálst að kenna sig til eiginnafns móður, sbr. 5. málsgr. 7. gr., eða kjörmóður, sbr. 9. gr. Í 1. málsgr. segir enn fremur, að erlend kona, sem giftist Íslendingi, er ekki hefur ættarnafn, megi kenna sig til föður eiginmannsins á sama hátt og hann, en slík nöfn mega ekki ganga til niðja hjóna. Hér er um vandasamt mál að ræða og þykir nærgætni við erlendar konur eiga að ráða vali á reglu. Hinum erlendu konum er heimilt að halda erlendu ættarnafni sínu, en sá kostur er sjaldnast heppilegri.

Í 2. málsgr. segir, að tilhögun um kenningu í 1. málslið 1. málsgr. 7. gr. eigi einnig við um íslenzka konu, sem giftist erlendum ríkisborgara, eftir gildistöku laga þessara, nema hann beri að dómi mannanafnanefndar ættarnafn, sem fullnægir kröfum 11. gr. Ákvæði þetta á þó aðeins við, meðan konan dvelst hér á landi. Eftir það verður ákvæðinu naumast haldið til streitu.

Ákvæði 3. málsgr. tekur af skarið um, að íslenzk kona, sem gift er Íslendingi, skuli eftir búferlaflutning til landsins sæta ákvæðum 1. málsliðar 1. málsgr. 7. gr. Sama gegnir um börn þeirra. Á þessu var misbrestur áður fyrr, en það breyttist við tilkomu Þjóðskrár. Eftir atvikum þykir rétt — sbr. 4. málsgr. — að gift kona, sem við gildistöku laganna er á þjóðskrá kennd við föður eiginmanns síns, megi gera það áfram til æviloka. Sú kenning gengur ekki til barna.

Um kenningu til móður — sbr. lokamálsgr. 7. gr. — er þess að geta, að það eru fyrst og fremst jafnræðissjónarmiðin, sem styðja þá reglu. Var ekki ótítt áður fyrr, að menn kenndu sig eða væru kenndir til mæðra sinna. Kenning getur orðið á þá lund, að maður nefni sig t. d. Svein Margrétarson. Heimilt er barni að hafa ættarnafn móður sinnar, ef það er óskilgetið, og í þeim tilvikum, er í 8. gr. segir.

Um kenningu barna í heild sinni, sbr. 7. og 8. gr. frv., skal tekið fram, að skilgetið barn kennir sig til föður eða móður. Sama er, ef það fær síðar réttarstöðu skilgetinna barna með hjúskap foreldra, en þá á það rétt til breytingar á kenninafni, ef áður hefur verið kennt til annars en föðurins. Ef faðerni skilgetins barns sætir vefengingu, á að breyta um kenningarnafn, a. m. k. ef dómur mælir svo fyrir. Óskilgetið barn, sem feðrað er, kennir sig til föður, nema þegar faðir er erlendur, sbr. 8. gr. 1. málsgr., þótt frá því geti vikið. Um óskilgetið, ófeðrað barn, er fernra kosta völ. Það getur kennt sig til móðurföður síns, tekið ættarnafn móður sinnar, ef til er, og auk þess öðlazt sjálfstætt ættarnafn, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 12. gr. 2. málsgr. Reglu um þetta efni hefur skort í lög, síðan l. 54/1925 felldu l. 41/1913, 4. gr. 2. málsgr. úr gildi. Í þessu tilviki getur barn í fjórða lagi kennt sig til eiginnafns móður, svo sem segir í lokamálsgr. 7. gr. Ef aðeins er dæmt um meðlagsskyldu, en ekki um faðerni barns, í faðernismáli, þá getur barn ekki kennt sig til hins meðlagsskylda. Ekki dugir faðernislýsing ein í þessu efni, sbr. 25. gr. í því sambandi.

Í 8. gr. 3. málsgr. er stjúpbarni leyft að kenna sig til stjúpföður, ef dómsmálaráðuneyti leyfir, enda sé barn ófeðrað. Er þetta tilhögun, sem nú er lögfest í hinum nýju norrænu barnalögum, og tekur hún þar til allra stjúpbarna. Varhugavert þykir að ganga svo langt á þessu stigi. Ekki nær ákvæði þetta til fósturbarna, svo sem er í sumum norrænu lögunum.

Um 9. gr.

1. málsgr. er í samræmi við 10. gr. l. 19/1953 um ættleiðingu. Heimilt er, en ekki skylt, að breyta kenninafni. Í öllum þorra ættleiðingartilvika er mælt fyrir um nafnbreytingu, og má því raunar vel hugsa sér að haga lagaákvæðinu svo, að breyting skuli verða á kenninafni, nema annars sé getið í ættleiðingarumsókn. Er norrænu lögunum svo háttað nú.

2. málsgr. heimilar að breyta nafni barns, sem kona ættleiðir, svo, að það sé kennt til eiginnafns föður ættleiðanda eða taki ættarnafn hennar. Er síðar greinda atriðið frávik frá 13. gr. Á þetta við, þótt barn sé feðrað, sbr. hins vegar 8. gr. Geta verið hagsmunir við það tengdir, að nafnbreyting eigi sér stað á þessa lund.

Um 10. gr.

Um almenn sjónarmið við mat á því, hvort leyfa skuli ættarnöfn, vísast til almennrar greinargerðar hér að framan.

Í 1. málsgr. segir, að óheimilt sé að taka upp ættarnafn, nema dómsmálaráðuneyti leyfi, að fengnu samþykki mannanafnanefndar. Ef nefndin telur varhugavert að leyfa nafnið, getur ráðuneytið ekki veitt leyfi. Hins vegar er ljóst, að ráðuneytið getur synjað um leyfi, þótt nefndin hafi ekki haft við upptöku þess að athuga. Um umsókn um slíkt leyfi eru ákvæði í 12. gr., og um gjöld fyrir leyfi segir í 27. gr. frv. Um skrá yfir ættarnöfn eru ákvæði í 18. gr. Konu er heimilt að taka ættarnafn bónda síns, er hún giftist honum, sbr. 14. gr., en ekki andhverft, jafnframt má hún taka upp, án leyfis dómsmálaráðuneytis, fyrra ættarnafn sitt, er hjúskap lýkur. Sjá og almenna ákvæðið í 16. gr. 3. málsgr. 2. málslið.

Í 2. málsgr. er afstaða tekin til ættarnafna, sem menn bera við gildistöku laga þessara. Er þar svo fyrir mælt, að ættarnöfn, er menn bera samkvæmt þjóðskrá við gildistöku laganna, megi haldast. Vísast um sjónarmið við mat á þessu vandamáli til hinnar almennu greinargerðar. Frá þessu eru þó tvenn frávik. Kenninöfn, sem geta ekki talizt ættarnöfn að mati mannanafnanefndar, skulu felld úr þjóðskrá, og er hlutaðeigendum óheimilt að bera þau, sbr. 2. málsgr. 10. gr., og enn er sérstök regla sett um ættarnöfn, sem enda á son, sbr. 3. og 4. málsgr. 11. gr. Vissulega væri æskilegt að geta gengið lengra og stuðlað að því, að niður verði felld ýmis erlend ættarnöfn og ættarnöfn, sem eru óíslenzkuleg að allri gerð. Á þessu stigi þykir þó óráðlegt að ganga lengra en hér er lagt til.

Í 1. ákvæði til bráðabirgða segir, að dómsmálaráðuneyti megi ekki veita leyfi til upptöku nýrra ættarnafna, fyrr en 8 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna, sbr. þó um ættarnöfn í sambandi við framkvæmd á 17. gr. Þar segir og, að ef fleiri menn en einn hafi á þeim tíma sótt um leyfi til upptöku sama nafns, skuli sá ganga fyrir, sem hefur áður notað nafnið sem ættarnafn. Gert er ráð fyrir, að það sönnunaratriði, sem hér getur reynt á, geti lotið úrlausn dómstóla. Hliðstætt ákvæði var í frv. frá 1955, 24. gr.

Um 11. gr.

Hér eru fyrirmæli um kröfur, sem ættarnöfn verða að fullnægja, og atriði, sem koma í veg fyrir, að umsókn um upptöku ættarnafns verði leyfð. Er það fyrst, sbr. 1. málsgr., að ættarnöfn skulu vera íslenzk og í samræmi við íslenzkt málkerfi. Hér eru hliðstæðar kröfur uppi sem við eiginnöfn samkvæmt 2. gr. 1. málsgr. Vitaskuld á það sjónarmið einnig við, að ættarnöfn mega ekki vera nafnbera til ama, sbr. 2. gr., eða klaufaleg og ambögueleg. Gætir mannanafnanefnd og dómsmálaráðuneyti þessa.

Í öðru lagi segir svo í 2. málsgr., að óheimilt sé að taka upp ættarnafn, sem annar maður á rétt til að bera, sbr. 1. og 2. málsgr. 10. gr., eða svo líkt því, að villu geti valdið, nema allir þeir, sem rétt eiga til nafnsins, samþykki það. Eru auðsæ rök til þessa ákvæðis, sbr. auðkenningarhlutverk nafna. Í þriðja lagi segir svo í 3. málsgr., að eigi megi gera eiginnafn, sem tíðkað er í landinu, að ættarnafni, og ekki heldur nöfn, sem enda á son. Er þetta ákvæði í samræmi við 11. gr. frv. frá 1955, svo sem ýmislegt fleira í þessari grein. Er óheppilegt að leyfa, að ættarnöfn séu mynduð úr eiginnöfnum, dregur það úr auðkenningargildi ættarnafns og er fallið til að valda ruglingi. Svipað má segja um ættarnöfn, sem enda á son, þau bera það ekki með sér, að þau séu ættarnöfn og skortir sérkenningargildi. Nokkur slík nöfn voru tekin upp á árabilinu 1915—1925, en horfið hefur verið frá að nota ýmis þeirra, þegar til niðja þeirra kom, sem upphaflega tóku nöfnin. Hins vegar hafa allmörg slík ættarnöfn bætzt við síðan 1925. Er lagt til í 4. málsgr., að ættarnöfn þessi skuli hverfa, þó þannig að þeir, sem nú bera þau, haldi þeim, svo og börn þeirra.

Rétt er að geta þess, að í 4. málsgr. 11. gr. (og í 3. málsgr.) er átt við ættarnöfn, sem ekki bera það með sér, að þau séu það, af því að þau eru samsetning íslenzks eiginnafns og orðsins son.

Ættarnöfn, sem eru eignarfallsmynd af eiginnafni án endingarinnar son, falla ekki hér undir.

Um 12. gr.

Hér eru fyrirmæli um umsókn út af ættarnöfnum.

Heimilt er að veita barni, sem er yngra en 16 ára, leyfi til að taka upp ættarnafn. Getur verið þörf á því, ef barn ber erlent ættarnafn eða barn er ófeðrað, o. fl.

Um 13. gr.

Svo hefur verið talið, að ættarnöfn gengju um karllegg til niðja, en ekki um kvenlegg. Lagt er til, að þetta verði óbreytt, en hitt kom til álita í nefndinni, að ættarnöfn gætu einnig gengið um kvenlegg til niðja.

Samkvæmt 13. gr. gegnir sama máli um kjörbörn sem önnur skilgetin börn, þ. e. ef þau taka ættarnafn, gengur það nafn til niðja þeirra með sama hætti og skilgetinna barna. Samkvæmt 9. gr. 2. málsgr. getur kjörbarn tekið ættarnafn kjörmóður, og samkvæmt 8. gr. 1. og 2. málsgr. getur óskilgetið barn tekið ættarnafn móður sinnar.

Um 14. gr.

Hér segir, að eiginkonu sé kostur, en ekki skylda, að bera ættarnafn eiginmanns síns, sbr. og m. a. 16. gr. 2. málsgr., sem heimilar henni sérstaklega að halda ættarnafni sínu þrátt fyrir hjúskapinn. Ef hún vill bera ættarnafn eiginmanns, ber henni að tilkynna það vígslumanni, er aftur skýrir Þjóðskrá frá því, sbr. 22. gr. frv. Þegar hjúskap lýkur, er konu heimilt að taka upp fyrra ættarnafn sitt, sbr. 16. gr. 3. málsgr., svo og að taka upp kenningu samkvæmt 7. gr. Samkvæmt 14. gr. getur kona og haldið áfram að bera ættarnafn, er hún öðlast við hjúskap, eftir hjúskaparlok. Í 48. og 81. gr. l. 39/1921 er gert ráð fyrir þeim úrkosti, að svipta megi konu rétti til að bera ættarnafn að kröfu bónda. Þykir ástæðulaust að ganga svo langt, og er þessum reglum nú breytt á Norðurlöndum. Ef kona giftist að nýju, er ekki skotið loku fyrir, að hún haldi ættarnafni, er hún öðlaðist við fyrra hjúskap, en þó getur fyrri eiginmaður hennar eða ekkja hans krafizt þess, að dómsmálaráðuneyti óheimili henni að bera þetta nafn eftir hjúskaparstofnunina. Hér geta leikizt á mismunandi hagsmunir, og er lagt á vald ráðuneytisins að leysa úr málinu. Konu getur staðið á nokkru að fá að halda nafni, m. a. vegna þess að hún sé þekkt undir því í athafnalífi eða sem listamaður eða vísindamaður o. fl. Þar sem talað er um, að hjúskap ljúki, er átt m. a. við lögskilnað, en ekki leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Um 15. gr.

Hér er dómsmálaráðuneyti, að fengnu samþykki mannanafnanefndar, heimilað að leyfa manni upptöku nýs ættarnafns, sem hann hefur áður borið. Vera má t. d., að fyrra ættarnafn sé klaufalegt eða óíslenzkulegt, og getur m. a. í slíkum tilvikum verið full ástæða til að hafa þessa heimild. Ákvæðið er nánast sett til öryggis og til að taka af tvímæli.

Um 16. gr.

Samkvæmt 4. gr. l. 41/1913 var öllum skylt að nota ættarnöfn, er þeir áttu rétt til. Í 16. gr. frv. er hins vegar gert ráð fyrir, að hér sé um rétt að ræða, en ekki skyldu. Er mönnum því frjálst út af fyrir sig að nota ættarnafn eða láta hjá líða að nota það. Hitt er það, að þeim er skylt að rita nöfn sín og tjá sig með þeim hætti, sem nöfn þeirra eru skráð á þjóðskrá, sbr. 24. gr. frv. Ef menn því vilja breyta nafnritun sinni, þurfa þeir að fá henni breytt á þjóðskrá, sbr. um þetta efni 4. málsgr. 16. gr., er óheimilar mönnum að gera slíka breytingu oftar en einu sinni eftir 16 ára aldur, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Sú málsgr. leyfir manni það tvennt: 1. að taka upp ættarnafn, sem hann á rétt til, en hefur ekki borið, og 2. að fella niður ættarnafn, sem hann hefur borið, og taka upp kenningu til eiginnafns föður eða móður. Þetta er heimilt án nafnbreytingarleyfis dómsmálaráðuneytis. 4. málsgr. tekur ekki til giftra kvenna, en um þær fjalla 2. og 3. málsgr.

Í 2. málsgr. segir, að konu, sem ber ættarnafn, sé heimilt að nefna sig áfram því ættarnafni, þótt hún gangi í hjúskap, sbr. þó 14. gr. Er það sjálfsögð tilhögun, en ástæða þykir þó til að lögfesta þá skipan til leiðbeiningar fyrir fólk.

Í 3. málsgr. segir, að kona, sem hefur tekið ættarnafn bónda síns við hjúskap, geti hætt að nefna sig ættarnafni þessu, þegar hjúskap lýkur, og geti þá tekið að nýju upprunalegt ættarnafn sitt. Því er bætt við, að í öðrum tilvikum sé manni ekki heimilt án leyfis dómsmálaráðuneytis að taka aftur upp ættarnafn, sem hann hefur hætt við að bera. Af 3. málsgr., sbr. 14. gr., verður ráðið, að kona, sem tekur upp ættarnafn manns síns við hjúskap, getur ekki hætt að bera það, nema við hjúskaparlok, og á þá ákvæði 4. málsgr. ekki við um giftar konur að þessu leyti.

Um 17. gr.

Fram til 1952 hafði öflun íslenzks ríkisfangs með lögum engin áhrif á kenninafn hins nýja ríkisborgara. Með lögum 25/1952 var sá háttur upp tekinn, að þeir, sem hétu erlendum nöfnum, skuli ekki „öðlast íslenzkan ríkisborgararétt ..., fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925 um mannanöfn". Hefur í framkvæmd verið reynt að breyta eiginnöfnum eins lítið og kostur hefur verið, þótt oft hafi ekki verið annars úrkosta en að ríkisborgarinn tæki upp alveg nýtt nafn. Um kenninöfn hefur stundum verið farin sú leið, að menn kenndu sig til eiginnafns föður, ef það hefur verið líkt íslenzku nafni. Kunnugt er, að oft hefur verið um verulega andstöðu að ræða hjá hlutaðeigendum, sem orðið hafa að hlíta þessu, og borið hefur við, að þeir hafa talið nafnbreytingu slíka afarkosti, að þeir hafa horfið frá að æskja ríkisfangsins. Ekki er kunnugt um, að í grannlöndum sé hliðstæðri löggjöf til að dreifa, en gögn eru þó ekki tiltæk til að meta það til hlítar. Mönnum er vissulega annt um nafn sitt, og virðist þurfa mjög veigamikil rök til þess að rétt sé að setja manni þá kosti fyrir ríkisfangi, að hann afsali sér rétti á nafni sínu, er tengir hann við fortíð sína, fjölskyldu og fyrra þjóðfélag. Er ekki sýnilegt, að Íslendingar þurfi að sæta slíku hjá öðrum þjóðum, ef þeir fá þarlent ríkisfang, þótt vera megi, að einhver dæmi megi finna þessa. Ekki orkar tvímælis, að óheppilegt er út af fyrir sig, að hingað flytjist erlend ættarnöfn, sem eru framandi í íslenzku málkerfi, en fram hjá því verður seint sneitt. Semjendur frv. telja það meðalhóf heppilegast, að slíkum mönnum sé leyft að halda nafni sínu, þegar þeir verða íslenzkir ríkisborgarar, en hins vegar breyti börn þeirra — ef þau bera erlend nöfn — nafni sínu til íslenzks horfs, með samþykki dómsmálaráðuneytis.

Með þessu móti er girt fyrir langlífi og a. m. k. arfgengi þessara ættarnafna í landinu. Börnin taka þegar er þau verða íslenzkir ríkisborgarar upp hin íslenzku nöfn. Tekur það einnig til barna, sem ófædd eru, þegar hinn erlendi ríkisborgari fékk íslenzkt ríkisfang, og hlíta þau íslenzku nafnakerfi allt frá fæðingu.

Í 2. málsgr. segir, að ákvæði 1. málsgr. taki til útlendinga, sem fá íslenzkt ríkisfang samkvæmt 2., 3. og 4. gr. l. 100/1952. Mælir lagasamræmi með þeirri lausn máls.

Í sambandi við 17. gr. frv. óskar einn nefndarmanna, Ármann Snævarr, að taka fram, að hann hefði kosið að haga ákvæðinu svo, að hinum erlenda ríkisborgara yrði gert að taka upp íslenzkt eiginnafn, er dómsmálaráðuneyti samþykkir, þegar hann öðlast íslenzkt ríkisfang. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að börn ríkisborgara, sem eru 17 ára eða yngri, taki þegar í stað upp íslenzk eiginnöfn og kenninöfn. Oft myndu þau þá kenna sig til eiginnafns föður, en tengslum innan fjölskyldu er þá bezt borgið með því, að faðirinn taki upp íslenzkt eiginnafn. Tillitið til hans sjálfs getur að sönnu mælt með því, að hann fái að halda eiginnafni. En þess er þó að gæta, að erlendum mönnum er yfirleitt mun sárara um ættarnafn sitt en eiginnafn, og hins einnig, að oft er tiltölulega auðvelt að breyta eiginnafni til íslenzks horfs, þannig að hið nýja nafn minni verulega á hið fyrra, andstætt því sem er um ættarnöfn. Alkunna er, að eiginnöfn eru meir notuð hér í daglegum samskiptum en ættarnöfn. Skiptir því verulegu máli um samlögun hins nýja ríkisborgara við íslenzkt þjóðfélag, að hann beri íslenzkt eiginnafn.

Geta má þess til fróðleiks, að tala þeirra einstaklinga 18 ára og eldri, sem hafa átt kost á íslenzku ríkisfangi samkvæmt lögum á tímabilinu 1952—70 — þ. e. síðan ríkisfang var bundið skildaga um nafnbreyting — er alls 793. En þeir hafa ekki allir orðið íslenzkir ríkisborgarar, og mun það hafa stafað af ýmsu, m. a. því, að menn hafa ekki viljað sæta nafnbreytingu þegar á hólminn kom.

Um 18. gr.

Hér er mælt fyrir um, að Þjóðskrá haldi skrá um ættarnöfn og rétthafa þeirra. Að sjálfsögðu verður skráin samin í samvinnu við dómsmálaráðuneyti. Er mikilvægt að hafa slíka skrá í ýmsum samböndum.

Um III. kafla.

Hér eru ákvæði um hlut Þjóðskrár í sambandi við framkvæmd mannanafnaákvæða. Um gildi þess að tengja Þjóðskrá við gæzlu laga þessara vísast til umsagnar í hinni almennu greinargerð og til sérstaks fylgiskjals með áliti nefndarinnar. Hér verður einnig að hafa í huga almenna ákvæðið í 3. gr. 2. málsgr., en þar — sbr. og 2. ákvæði til bráðabirgða — er lýst könnunarhlutverki Þjóðskrár í þessu sambandi.

Um 19. gr.

Eftir að tilkynning um nafngjöf berst Þjóðskrá, fer þar fram könnun á því (sbr. 3. gr.), hvort nafn fullnægi kröfum laganna, og er því álitamáli eftir atvikum skotið til mannanafnanefndar, áður en mannanafnaskrá er samin (sbr. 2. ákvæði til bráðabirgða), en eftir það felst könnun aðallega í að ganga úr skugga um, hvort nafn sé á nafnaskrá. Hér þarf einnig að sínu leyti að kanna kenninafn. Skráning getur ekki farið fram, fyrr en slík könnun hefur átt sér stað. Með þessari tilhögun er þess vænzt, að virkt eftirlit geti orðið með nafngjöfum og að unnt sé að tryggja framkvæmd laganna.

Í þessari grein segir, að breyting á nafni samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins taki ekki gildi, fyrr en hún er skráð á þjóðskrá, sbr. hér einkum 5. og 15. gr. frv. svo og 8. gr. 3. málsgr. og 9. gr. Sama gegnir um þá breytingu á nafni, sem getur átt sér stað, án þess að leyfi dómsmálaráðuneytisins komi til, sbr. 14. gr. og ýmis tilvik samkvæmt 16. gr. Upptaka ættarnafns samkvæmt 10. gr. fellur og hér undir.

Um 20. gr.

Oft ber það við, að menn óski eftir minniháttar breytingu á nafni sínu, t. d. breyttri stafsetningu eða nýrri mynd nafns, og er þá heimilað í 1. málsgr., að Þjóðskrá geti orðið við slíkum tilmælum, án þess að leyfi dómsmálaráðuneytis sé fengið. Er gert ráð fyrir, að um þetta séu settar reglur, sem mannanafnanefnd samþykkir. Sem dæmi þessa má nefna, að óskað sé eftir breyttri stafsetningu á nafni, svo sem Valdemar óskar eftir að nafn hans sé ritað Valdimar, Matthías óskar eftir nafnrituninni Mattías eða óskað er eftir breyttri nafnmynd, t. d. Sigrid vill, að nafn sitt sé ritað Sigríður, o. s. frv. Hér er því átt við lítilvægar breytingar, og ekki hætta á árekstrum í sambandi við þær, enda er hér um að ræða lögfestingu á starfsreglum, sem Þjóðskráin hefur fylgt frá upphafi. Að sjálfsögðu bendir Þjóðskrá aðila á að snúa sér til dómsmálaráðuneytis, ef vafi leikur á, hvort hún hefur heimild til að útkljá málið. Ekki þykir rétt að leyfa manni nema einu sinni slíka breytingu á ritun nafns, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Íslenzk nöfn eru oft óglögg til auðkenningar, svo sem sjá má með því að líta yfir fjölda samheita ýmissa í símaskrá í Reykjavík, sbr. t. d. Jón Jónsson og Jón Sigurðsson. Sumir grípa til þess ráðs að setja bókstaf milli eiginnafns og kenninafns. Oft er það upphafsstafur í öðru eiginnafni, en stundum er það bókstafur, sem ekki miðar að neinu nafni, með því að maður ber aðeins eitt eiginnafn. Er ekki ástæða til þess að amast við þessu. Tilkynna þarf slíkt til Þjóðskrár, sbr. ákvæði 24. gr. 2. málsgr.

Um 21. gr.

Í ákvæði 1. málsgr. 1. málsl. felst það, að ef ekki er tekið fram í tilkynningu um nafngjöf til Þjóðskrár, að barn skuli bera ættarnafn, sem það kann að eiga rétt á, ályktar hún, að það skuli kennt svo sem segir í 7.—9. gr., og hagar skráningu nafns samkvæmt því. Hins vegar þarf ekki að taka neitt fram um þetta, ef eldri bróðir eða systir er fyrir á þjóðskrá með ættarnafni — þá er sú ályktun dregin, að barnið, sem tilkynnt er um, skuli bera sama ættarnafn og bróðirinn eða systirin.

Um 22. gr.

Hér er boðið, að kona, sem við giftingu óskar að taka upp ættarnafn eiginmanns síns eða annað kenninafn, sem hún á rétt á, skuli tilkynna það þeim aðila, sem framkvæmir hjónavígslu. Færir vígslumaður tilmæli hennar á skýrslu þá, sem hann sendir Þjóðskrá um hjónavígsluna. Breyting á þessu síðar verður ekki gerð, nema sérstakar ástæður mæli með því.

Þær sérstöku ástæður, sem greinir í 2. málsl., geta bæði verið persónulegs eðlis, svo sem að kona sé kunn, t. d. sem rithöfundur eða annar listamaður eða læknir, lögfræðingur eða í annarri atvinnu, undir fyrra nafni, og hún telur, að nafnbreytingin hafi orðið sér til trafala.

Í tengslum við 22. gr. þykir semjendum frv. rétt að geta þess, að þeir telja rétt, að heimilað verði með ráðuneytisbréfi til lögreglustjóra, að gift kona, sem kennir sig til föður eða ber eigið ættarnafn, geti að eigin ósk fengið út gefið vegabréf, þar sem hún er kennd við föður eiginmanns síns, á sama hátt og er í vegabréfi hans. Alkunnugt er, að það getur valdið fólki örðugleikum erlendis, ef nafn eiginkonu er ekki ritað þannig í vegabréfi.

Um 23. gr.

Hér er stefnt að því að koma í veg fyrir það framvegis, að börn kenni sig til síðara eiginnafns föður. Kveður dálítið að slíku og er ekki unnt að taka fyrir þessa óvenju nema með lagaákvæði. Óeðlilegt er, að Björn sonur Ólafs Gísla Jónssonar, sem er með því nafni á þjóðskrá, nefni sig Björn Gíslason. Ef hlutaðeigandi vill ekki sæta því, að nafn hans sé ritað Björn Ólafsson, er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að leysa málið með því að fella Ólafs-nafnið af skrá, samkvæmt fyrri málsgr. 20. gr.

Um IV. kafla.

Hér eru nokkur sundurleit ákvæði, sem ekki þykja eiga heima í hinum köflunum. Lýtur 24. gr. að ritun nafna og 25. gr. að úrlausnum, er varða faðerni óskilgetinna barna. Enn er ákvæði um liðsinni lögreglustjóra, presta og forstöðumanna löggiltra trúfélaga við framkvæmd á 4. gr. frv., sbr. 26. gr. Í 27. gr. eru ákvæði um gjöld fyrir leyfi til upptöku ættarnafna og til nafnbreytinga, er dómsmálaráðuneyti veitir, svo og gjöld fyrir nafnbreytingar, sem fram fara án þess að atbeini dómsmálaráðuneyis komi til. Í 28. og 29. gr. eru ákvæði um mannanafnanefnd, skipun hennar og verkefni. Í 30. og 31. gr. eru fyrirmæli um setningu reglugerðar og viðurlög við brotum á lögunum og um hinn persónulega nafnrétt, o. fl.

Um 24. gr.

Hér eru fyrirmæli um, að nöfn manna skuli rituð á opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum svo sem þau eru rituð á þjóðskrá á hverjum tíma og enn, að menn skuli sjálfir í skiptum við opinbera aðila og í lögskiptum rita og tjá nafn sitt, eins og það er ritað á þjóðskrá. Þykir þessi skipan hagfelldust til að koma festu á nafnritanir og aðrar tjáningar á nafni, en í því efni er nauðsynlegt að hafa örugga kjölfestu. Bent skal á í þessu sambandi, að öllum einstaklingum 12 ára og eldri á alltaf að vera fullkunnugt um, hvernig nafn þeirra er ritað á þjóðskrá, þar eð þeir hafa í höndum nafnskírteini, út gefið af Þjóðskránni (sbr. lög 25/1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina), og þar stendur nafn þeirra eins og það er ritað á almannaskrá. Þurfi einhverra ástæðna vegna að leiðrétta eða lagfæra ritun nafns á þjóðskrá, er alltaf gefið út nýtt nafnskírteini með hinni breyttu nafnritun, og eldra skírteinið er um leið eyðilagt. Með þessu er tryggt, að ávallt sé fullt samræmi milli nafnritunar á almannaskrá og á nafnskírteini. Þá má enn fremur geta þess, að menn sjá á opinberum tilkynningum og gögnum, þar sem nafn og aðsetur móttakanda hefur verið áritað í skýrsluvélum, hvernig hvert mannsnafn er ritað á þjóðskrá, enda eru þær áritanir frá henni runnar. Loks má nefna, að á framtalseyðublaði, sem hverjum framteljanda til skatts er sent í janúar ár hvert, standa nöfn barna hans — þau, sem hann kann að eiga og yngri eru en 16 ára — með þeirri ritun, sem er á þjóðskrá.

Rétt er að benda á, að maður, sem tjáir nafn sitt með öðrum hætti en það er ritað á þjóðskrá og vill halda því áfram, hefur greiðan aðgang að því að fá nafnritun sinni breytt í þjóðskrá (sbr. 20. gr. fyrri málsgr.), svo framarlega sem um beðin breyting fer ekki í bága við lög eða gildandi starfsvenjur. — Ákvæði þessarar gr. taka ekki til nafntjáningar í einkalífi, og eins og áður greinir taka lögin ekki til rithöfunda — eða annarra listamannanafna — sbr. og nafnritun í firmaheiti eða vörumerki.

Um 25. gr.

Greinin lýtur sérstaklega að óskilgetnum börnum. Það, sem skráð er í kirkjubækur um faðerni barna, er stundum ótryggilegt, með því að við ber, að faðerni sé greint samkvæmt einhliða skýrslu barnsmóður, án þess að mál sé borið undir barnsföður. Í dómi Hæstaréttar 28. október 1970 er að þessu fundið. Þar sem faðerni barns er grundvallaratriði í nafnrétti, og með því að skýr ákvæði skortir um þetta efni í lögum, þykir rétt að mæla svo fyrir í 25. gr. 1. málsgr., að sóknarprestur eða forstöðumaður löggilts trúfélags skuli tilkynna þeim manni, sem móðir kennir óskilgetið barn samkvæmt skýrslu ljósmóður, að honum sé kennt barnið, og óska staðfestingar hans á faðerni innan tiltekins frests. Þjóðskrá setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Í 2. málsgr. eru fyrirmæli um, að dómstólar skuli senda Þjóðskrá tilkynningu um úrslit allra barnsfaðernismála og vefengingarmála, sem dæmd eru. Sama er um viðurkenningu faðernis fyrir valdsmanni. Styðst þetta ákvæði við þau rök, sem fyrr eru rakin, að úrslit um faðerni barna eru grundvöllur undir nafnrétti og nafnskráningu.

Um 26. gr.

Ljóst er að samstilla verður krafta ýmissa aðila, ef vel á að takast til um framkvæmd á ákvæðum 4. gr. Atbeini þeirra aðila, sem í greininni getur, er mikilvægur í þessu sambandi.

Um 27. gr.

Hér er mælt fyrir um ýmis gjöld vegna leyfa samkvæmt lögunum. Það nýmæli er hér orðað, að gjöld skuli fylgja breytingum á verðlagsvísitölu. Þarf þá ekki að koma til breytinga á lagaákvæðum til hækkunar gjalda, e. t. v. á fárra ára fresti.

Bent er á, að þessi gr. tekur hvorki til vottorða samkvæmt þjóðskrá né til annarrar starfsemi þeirrar stofnunar en beinlínis er nefnt í gr.

Um 28. gr.

Samkvæmt l. 54/1925, 4. gr. sker heimspekideild Háskólans úr ágreiningi, sem rís út af því, hvort nöfn séu rétt „að lögum íslenzkrar tungu“, og nafnaskrá sú, sem getið er í 6. gr., skal út gefin „eftir tillögum heimspekideildar háskólans“. Í frv. til laga um mannanöfn frá 1955 var kveðið á um breytta tilhögun, og mælt fyrir um stofnun mannanafnanefndar, sem dómsmálaráðuneyti skyldi skipa. Skyldu eiga í henni sæti tveir kennarar í heimspekideild, en einn kennari í lögfræði við Háskóla Íslands. Þessi tilhögun er tvímælalaust heppilegri en háttur sá, sem á þessu er hafður í l. 54/1925. Störf í sambandi við mannanöfn munu vaxa hröðum skrefum, ef frv. þetta verður lögfest, og má þar m. a. nefna það mikla verkefni að semja skrá um íslenzk mannanöfn. Þá er stofnað til miklu virkara eftirlits með framkvæmd laganna en áður var, og þarf vísast æði oft að leita til slíks ráðgefandi stjórnvalds, sem sérfrótt er um mannanöfn, sbr. í því sambandi m. a. 3. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða. Enn verður hemill hafður á ættarnöfnum samkvæmt frv., en þrátt fyrir hið afdráttarlausa bann 2. gr. l. 54/1925 gætti lítt taumhalds á því sviði, frá því að þessi lög voru sett og þar til Þjóðskrá tók við almannaskráningu 1953—54. Er mikilvægt, að dómsmálaráðuneyti, sem veita á leyfi til upptöku ættarnafna, hafi öruggan bakhjarl í slíkri stofnun, sem hér er gert ráð fyrir. Skortir öll rök til þess að leggja slíka vinnubyrði, sem af frv. stafar, á eina deild Háskólans. Þess er einnig að geta, að nauðsynlegt er, að við njóti sérþekkingar hjá slíkri stofnun, ekki eingöngu á málfræðilegum og málsögulegum efnum, heldur og á sviði nafnaréttar og nafnalöggjafar.

Hér er gert ráð fyrir, að menntamálaráðuneyti skipi nefndina, að fengnum tillögum heimspekideildar og lagadeildar. Rætt var um að binda setu í nefndinni við tiltekin embætti, en frá því ráði var horfið. Nauðsynlegt er, að varamenn séu skipaðir í slíka nefnd. Skipunartímabil er 4 ár.

Um 29. gr.

Hér er farin sú leið að mæla fyrir um það samfellt í einni og sömu grein, í hvaða tilvikum dómsmálaráðuneyti skuli leita tillagna mannanafnanefndar. Í þeim greinum, sem fjalla um hverja einstaka úrlausn, er einnig minnt á 29. gr. og þykir sú tilvísun nægja þar. Er viss rúmsparnaður að þessari tilhögun.

Samkvæmt 29. gr. skal ráðuneytið leita umsagnar mannanafnanefndar, áður en veitt er leyfi til nafnbreytingar, sbr. 5. gr., og samþykki nefndarinnar skal fá til leyfis til upptöku ættarnafna, sbr. 10. gr. og 15. gr. (og vitaskuld samkvæmt sérákvæðinu í 12. gr. 2. málsgr.). Hið síðast nefnda á einnig við um mat á nöfnum samkvæmt 17. gr. Í þessu felst, að stundum er gert ráð fyrir að leitað sé **umsagnar** mannanafnanefndar, en í annan tíma þarf beinlínis **samþykkis** hennar um umsókn, svo að leyfi verði veitt. Um sum atriði, sem dómsmálaráðuneyti úrskurðar, er ekki áskilið, að leitað sé umsagnar eða sjónarmiða mannanafnanefndar, sbr. 8. gr. 3. málsgr., en vitaskuld er einnig í þeim tilvikum unnt að leita umsagnar nefndarinnar.

Auk verkefna þeirra, sem mannanafnanefnd eru falin í 29. gr., eru henni falin ýmis viðfangsefni í öðrum greinum frv., beint eða óbeint. Það undirstöðuatriði, hvort nafn sé íslenzkt eða hafi unnið sér hefð í íslenzku máli eða brjóti í bága við íslenzkt málkerfi, úrskurðar mannanafnanefnd til fullnaðar, sbr. 2. gr. frv. Sama er um það atriði, hvort eiginnafn geti orðið nafnbera til ama eftir almennum sjónarmiðum, svo og hvort tiltekið nafn sé kvenmannsnafn eða karlmannsnafn, sbr. og 3. málsgr. 2. gr. um það, hvort venja hafi verið að nota nafn sem eiginnafn, og er tekið af skarið um þetta í 4. málsgr. 2. gr. Mannanafnanefnd semur nafnaskrá samkvæmt 3. gr. og leysir til fullnaðar úr ýmsum atriðum, er varða lögmæti eiginnafns, sbr. einkum 3. gr. 2. málsgr. og 2. ákvæði til bráðabirgða. Þá má benda á verkefni nefndarinnar samkvæmt 7. gr. 2. málsgr. (úrlausn um, hvort ættarnafn fullnægi kröfum 11. gr.), 8. gr. 1. málsgr. (úrlausn um, hvort erlent nafn sé tækilegt sem kenninafn), 10. gr. 2. málsgr. (úrlausn um, hvort kenninafn geti talizt gilt ættarnafn), 11. gr. 1. málsgr. (samþykki nefndar samkvæmt 10. gr. 1. málsgr. hvílir m. a. á mati á þeim atriðum, er þar greinir), 20. gr. 1. málsgr. (samþykki veitt á reglum um breytingu á nafni, er Þjóðskrá heimilar).

Benda skal á, að í sumum tilvikum er ákvæði um, að úrskurðir mannanafnanefndar séu fullnaðarúrskurðir um tiltekin atriði, sbr. 2. gr. 4. málsgr. og 3. gr. 2. málsgr., sbr. og þegar vísað er til þess, að atriði sé á vissan veg að dómi mannanafnanefndar, sbr. 1. gr. 3. málsgr., og 7. gr. 2. málsgr., og 10. gr. 2. málsgr., en þar ber að sama brunni. Þá er ákvæði stundum hagað svo, að áskilið er samþykki mannanafnanefndar, sbr. 10. gr. og einnig 15. gr. samkvæmt samræmisályktun og enn fremur 17. gr. Verður þá stjórnvaldsgerningur ekki látinn uppi, nema samþykki liggi fyrir. Getur einstaklingur ekki fengið atbeina dómstóla til að skylda stjórnvald t. d. til að veita leyfi til nafnbreytingar, en unnt er að ógilda úrlausn stjórnvalds vegna formlegra ástæðna eða efnislegra annmarka samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar.

Um 30. gr.

Ýmislegt í þeim efnisreglum, sem frv. geymir, þarfnast nánari fyllingar og skýringar, og gegnir þessu einnig um framkvæmd laganna. Er heimilað í þessari gr., að menntamálaráðuneyti setji reglugerð eða aðrar reglur um efni og framkvæmd laga þessara. Sérákvæði er um reglur samkvæmt 20. gr. 1. málsgr.

Um 31. gr.

Hér segir um viðurlög við brotum á lögunum.

Svo sem fyrr segir, er gert ráð fyrir, að unnt sé að dæma mann samkvæmt kröfu ákæruvalds til að fella niður ólögmætt nafn, og er þá oft í því fólgið, að hann taki upp annað nýtt. Þetta þarf þó ekki að vera, sbr. t. d. þegar maður er skyldaður til að fella niður ættarnafn, og ber honum þá að kenna sig til foreldris samkvæmt 7. gr.

Ekki hefur verið brýnt ákvæði í mannanafnalögum hér á landi um aðild einstaklinga til að krefjast þess m. a., að aðrir menn felldu niður nöfn, sem þeir hafa tekið sér í andstöðu við rétt þeirra til nafns, þ. e. ákvæði um sérverndaðan, persónulegan rétt til nafns að einkarétti. Eftir eðli máls kemur sá réttur miklu meir til greina um ættarnöfn en eiginnöfn. Réttur til nafns að einkarétti hefur oft verið reistur á ákvæðum nafnalaga, sem víkja að almannahagsmunum, eða ályktunum af þeim, svo og á ákvæðum annarra laga en mannanafnalaga, svo sem 10. gr. l. 42/1903 um verzlunarskrá, firmu og prókúruumboð, sbr. hrd. IX, bls. 587, laga um vörumerki 43/1903, 5. gr. 2. tl., sbr. l. 89/1935, 1. gr. (en nú gilda um vörumerki l. 47/1968), laga um ólögmæta verzlunarháttu 84/1933, 9. gr., og öðrum þræði má hér nefna rithöfundarétt. Í norrænum nafnrétti er almennt viðurkennt, að um sjálfstæðan, persónulegan rétt til nafns sé eða geti verið að ræða, og norrænir dómstólar hafa einnig fallizt á það, einna fyrst Hæstiréttur Norðmanna í kunnu dómsmáli, sem dæmt var 1896 út af ættarnafninu Aars. Norrænu nefndirnar, sem störfuðu að

samningu frv. til mannanafnalaga fyrir röskum áratug, lögðu til, að ákvæði væru tekin í mannanafnalög um hinn persónulega nafnrétt. Er fylgt fordæmi þessara laga í 2. málsgr. 31. gr., og er ákvæðið með svipuðu sniði og t. d. 17. gr. dönsku mannanafnalaganna frá 1961. Fjölmörg vafaatriði hljóta að vakna í sambandi við hinn persónulega nafnrétt, og kemur það í hlut dómstóla og hins fræðilega nafnréttar að fást við þau.

Bent er á ákvæði 10. gr. 2. málsgr. í þessu sambandi.

Um V. kafla.

Hér eru ákvæði um gildistöku laganna og brottfallin lög.

Um brottfallin lög skal þess getið, að 10. gr. 1. málsgr. l. 19/1953 um ættleiðingar fellur út af fyrir sig brott, með því að 9. gr. 1. málsgr. í frv. fjallar um sama efni.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þeirra er getið hér fyrr í greinargerðinni. Um 1. ákvæði til bráðabirgða skal bent á ákvæði 10. gr. 2. málsgr. frv., sem kveður svo á, að þau ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera samkvæmt þjóðskrá við gildistöku laganna, megi haldast.

Fylgiskjal I.

SÖGULEGT YFIRLIT

Þróun nafnaforðans.

Norræni nafnaforðinn á landnámsöld virðist í öllum aðalatriðum hafa verið hinn sami bæði í vesturnorrænum og austurnorrænum löndum, þótt einstaka nafn eða nafnliðir tíðkuðust meira eða einvörðungu á öðru hvoru svæðinu. Þessi nafnaforði er í öllum aðalatriðum hinn sami og tíðkaðist á vesturgermönsku málsvæði. Hann er þannig germanskur arfur. Þessi nafnaforði fluttist til Íslands með landnámsmönnum.

Það er alkunnugt mál, að nokkur hluti landnámsmanna kom hingað frá Bretlandseyjum og flutti með sér keltnesk (skozk-gelísk og írsk) nöfn. Kunnugt er um 30—40 keltnesk karlanöfn frá landnámsöld, ýmist í örnefnum eða sem nöfn á nafngreindum persónum. Af þessum nöfnum náðu aðeins sjö rótfestu, flest þó aðeins fram á 12.—13. öld, en sum þeirra eru þó kunn frá 15. öld (**Brjánn, Dufgus, Erpr, Kjartan, Konáll, Kormakr, Njáll**). Kjartan virðist þó aldrei hafa fallið úr tízku. Nokkur hafa síðar verið tekin upp, eins og síðar verður vikið að. Keltnesk nöfn, sem kunnugt er, að borin hafi verið af íslenzkum konum á landnámsöld, eru innan við 10 og ekkert af þeim hélzt í málinu, en eitt hefir verið tekið upp á síðustu tímum (**Melkorka**). Í skýrslu Þorsteins Þorsteinssonar um skírnarnöfn 1921—50 eru þessi keltnesk nöfn (tala nafnbera í svigum): **Kjartan** (261), **Njáll** (33), **Kormákur** (4), **Kalman** (4), **Kjaran** (3), **Brjánn** (3), **Patrekur** (1), **Melkorka** (2). Auk þess eru notuð nokkur ættarnöfn af keltneskum uppruna.

Með tilkomu kristninnar flutu nokkur áhrif á íslenzkan nafnaforða. Frá 11. öld eru t. d. kunn nöfnin **Jón, Magnús, Markús** og **Pétur**, en á 12. og 13. öld verða kristin áhrif á hann mun meiri. Aðeins fá nöfn verða nefnd, t. d. **Páll, Benedikt, Stefán, Jakob, Klemenz** og **Nikulás**. Vitanlega hafði kristinn siður samsvarandi áhrif á kvennanöfn. Algengust þeirra, sem heimildir eru um frá 12. og 13. öld, eru **Margrét** og **Kristín**.

Annað atriði, sem skipt hefir máli fyrir upptöku tökunafna, er samband einstakra ætta við útlönd. Oft hefir t. d. verið á það bent, að Oddaverjar völdu börnum sínum nöfn, sem lítt eða ekki voru tíðkuð áður á Íslandi. Hér kemur bæði til greina

samband þeirra við norsku konungsættina og almennt samband þeirra við útlönd. Í þessari ætt koma t. d. fyrir nöfnin **Andrés, Páll** og **Filippus.** Sama fyrirbrigðis, að samband íslenzkra manna eða ætta við útlönd hafi áhrif á nafnaforðann, gætir einnig síðar í mjög ríkum mæli. Hér skal aðeins minnzt á, að **Eggerts**-nafn er þannig til komið. Eggert Hannesson lögmaður mun vera fyrsti Íslendingur, sem ber það nafn. Faðir hans var norskættaður, en Eggerts-nafn hafði borizt frá Þýzkalandi til Noregs. Frá síðari öldum eru ótöluleg dæmi þess, að flutningur erlendra manna og kvenna til landsins hafi skilið eftir sig spor í nafnaforðann, en óþarft er að rekja þá sögu hér.

Breytingar á íslenzkum nafnaforða við siðaskiptin eða á tímabilinu frá siðaskiptum til 1703 virðast ekki vera miklar. Á þessum tíma er t. d. tekið nafnið **Elísabet** og sömuleiðis latnesk nöfn sértekinnar merkingar eins og **Fides** og **Karitas.** Erlendis tíðkuðust slík nöfn í kaþólskum sið, en ekki hafa fundizt dæmi þess á Íslandi. Minna má á nafnið **Spes** í Spesarþætti, en hún var ekki íslenzk. Athugun á nafnaforðanum 1703 sýnir, að erlend áhrif á þessu skeiði hafa ekki verið eins mikil og við hefði mátt búast. Í manntalinu ber langsamlega mest á fornum íslenzkum nöfnum og nöfnum, sem komust inn fyrir kristin áhrif á fyrstu öldum kristninnar.

Við samanburð á manntalinu 1703 og manntalinu 1855 kemur í ljós, að mikil breyting hefir orðið. Tala erlendra nafna hefir aukizt mjög mikið, og þá er farið að gæta meira nafna, sem kallast bastarðanöfn, en með því er átt við nöfn, sem sett eru saman úr tveimur liðum, öðrum erlendum, en hinum íslenzkum. Þessum nöfnum má skipta í tvo hópa. Annars vegar eru nöfn, sem gerð eru úr tveimur stofnum, öðrum íslenzkum, hinum erlendum, hins vegar eru nöfn, sem mynduð eru með erlendu viðskeyti af íslenzkum stofni.

Fyrri gerðin á sér gamlar rætur. Nafnið **Kriströðr** kemur fyrir í norsku konungsættinni á 11. öld, og á Íslandi kemur það fyrir sem nafn á sonarsyni Jóns Loftssonar. Nafnið **Jóngeir** er kunnugt á Íslandi fyrir byrjun 14. aldar. Algeng nöfn af þessu tæi eru **Guðjón** og **Sigurjón.** Nafnið **Guðjón** kann þá að eiga sér franskar rætur, eins og prófessor Einar Ól. Sveinsson hefir bent á í Skírni 1965.

Seinni gerðin er miklu yngri. Elzt þessara nafna mun vera **Ólafía,** sem kunnugt er úr Stephensensætt snemma á 19. öld. Og árið 1855 bera 23 konur þetta nafn. Algengustu viðskeytin, sem notuð eru, eru **-ía,** og **-ína,** t. d. **Hákonía, Hálfdanía, Tryggvanía, Gestína, Sturlína** og **Vilmundína.** Þó að nöfnum af þessu tæi bregði fyrir 1855, er það þó barnaleikur miðað við það, sem síðar varð. Í manntalinu 1910 eru þau mjög tíð, og sama er að segja um tíðni þeirra í skýrslu Þorsteins Þorsteinssonar um skírnarnöfn 1921—50, sbr. um þetta efni greinina **Ólögleg mannanöfn** í Andvara 1962, bls. 327—339.

Goðfræðileg nöfn hafa upp á síðkastið komizt nokkuð í tízku. Eins og kunnugt er, tíðkaðist ekki að fornu að gefa börnum nöfn goða. Undantekning er nafnið **Bragi,** sem kunnugt er sem mannsnafn í Noregi frá fyrri hluta 9. aldar. Þær skýringar, sem fram hafa komið á þessari undantekningu, skulu látnar liggja milli hluta. Litlar sögur fara af þessu nafni á Íslandi fyrr á tímum. Þó mun einn maður með þessu nafni hafa verið uppi á 17. öld. Árið 1703 ber einn maður þetta nafn, en 1855 enginn. Það ár bar einn Baldursnafn og Nönnur voru þrjár og Iðunnir þrjár. Hins vegar voru sextán Nönnur 1703. En þetta breytir þó ekki þeirri staðreynd, að tíðni slíkra nafna hefir aukizt mikið. Til þess að sýna það má gera samanburð á tíðni sex nafna af þessu tæi 1910 og 1921—50: **Baldur** 41 á móti 337, **Bragi** 10 á móti 296, **Þór** 9 á móti 725, **Freyja** 11 á móti 42, **Laufey** 131 á móti 184 og **Nanna** 32 á móti 115. En þetta segir ekki alla söguna, því að eftir 1910 eru tekin upp mörg goðfræðileg nöfn, sem ekki hafa áður verið notuð sem mannanöfn á Íslandi. Mætti þar til nefna nöfn eins og **Fjalar, Sváfnir, Gullveig** og **Sif.**

Tvínefni.

Í bók sinni **Íslenzk mannanöfn** (Rvk. 1960), bls. 20—22, heldur Hermann Pálsson lektor því fram, að mörg forn viðurnefni hafi í rauninni verið síðara nafn, þ. e. að tvínefni hafi tíðkazt hér að fornu. Vitnar höfundur þar m. a. til Hauksbókar, þar sem segir, að menn hafi mjög borið tvö nöfn í fyrndinni. Sjónarmið H. P. er mjög athyglisvert, en enn hefir hann ekki stutt það svo sterkum fræðilegum rökum að hægt sé að hafna hinni eldri skoðun.

Einkennilegt er það, að allmargir bera bæði norrænt nafn og keltneskt. Hefir jafnan verið talið, að keltneska nafnið væri viðurnefni, t. d. **Ólafr feilan.** Ef hægt væri að sanna, að nafnið **feilan** hefði verið gefið við sérstaka athöfn, sem jafngilti skírnarathöfn, yrði vitanlega að telja það mannsnafn, en ekki viðurnefni. Meðan þetta hefir ekki verið sannað, verður að telja, að um viðurnefni sé að ræða. Erfitt er þó að fullyrða, að skoðun H. P. sé röng. Ef hann hefir rétt fyrir sér, hefir tvínefnasiðurinn orðið að lúta í lægra haldi, er fram liðu stundir. Í manntalinu 1703 er aðeins getið einna systkina, sem báru tvö nöfn. Hét bróðirinn Axel Friðrik Jónsson, en systirin Sesselja Kristín Jónsdóttir. Aðgætandi er, að móðir systkinanna var dönsk og þau að líkindum fædd í Danmörku. Hér getur tæpast verið um neinar leifar gamals siðar að ræða, heldur nýjan sið, sem er að ryðja sér til rúms fyrir dönsk áhrif. Hans gætir ekki að neinu ráði fyrr en á 19. öld. Það hefir alltaf verið tiltölulega fátítt á Íslandi, að menn hétu fleiri en tveimur nöfnum.

Tvínefni eða fjölnefni fóru þó í vöxt á síðara hluta 19. aldar og á 20. öld. Í nafnalögunum frá 1913 er gert ráð fyrir, að menn geti borið tvö eiginnöfn eða fleiri, en nafnalögin frá 1925 stemma stigu við, að menn geti borið meira en tvö eiginnöfn. Misbrestur hefir þó orðið á framkvæmd laganna frá 1925 í þessu efni, eins og mörgum öðrum. Má skjóta því fram hér, að menn, sem kunnugir eru refsimálum, hafa bent á, hve títt það er, að sakborningar heiti fleiri nöfnum en tveimur og raunar, að þeir beri oft nöfn, sem ankannaleg eru eða bagi er að.

Ættarnöfn.

Íslenzkir nafnsiðir eru mótaðir af tveimur nafnakerfum, annars vegar föðurnafnakerfinu, sem er germönsk arfleifð, og ættarnafnakerfinu, sem er hingað komið á síðari öldum.

Ættarnafnasiðurinn er sennilega hingað kominn frá Dönum. Til germanskra þjóða mun hann hafa borizt frá Rómverjum. Elztu íslenzku ættarnöfnin eru frá 17. öld, svo sem **Vídalín,** sem mun vera elzt, og **Thorlacius,** sem er ekki miklu yngra. Talið er, að Arngrímur lærði hafi fyrstur tekið upp nafnið Vídalín. Hann ritaði nafn sitt á bækur sínar Arngrímus Jónas Islandus og bætir stundum W aftan við, en það er talið skammstöfun á Widalinus, sbr. einnig Bjarni Jónsson, **Íslenzkir Hafnarstúdentar,** bls. 376. Barnabörn Arngríms tóku svo Vídalíns-nafnið upp. Thorlaciusar-nafn er runnið frá afkomendum Þorláks Skúlasonar biskups. Því miður hefir saga íslenzkra ættarnafna ekki verið skráð né rannsökuð, og um þau eru miklu óaðgengilegri heimildir en skírnarnöfnin. Þó skal vikið lítils háttar að sögu þeirra. Ættarnöfn virðast hafa náð til fárra ætta fram um 1800.

Í skýrslu **Um mannaheiti á Íslandi** 1855 segir, að heildartala ættarnafna sé þá 155, en hún segir ekkert um, hve margir bera þessi nöfn. Í formála skýrslunnar er talið, að ættarnafnatízkan, sem kölluð er „ósiður", fari minnkandi. Ekki skal það efað, en ef svo er, hefir riðið ný alda ættarnafna yfir þjóðina síðar. Tvær ástæður munu vega þar mest. Hin fyrri er, að erlendir menn hafa gerzt heimilisfastir á Íslandi og haldið sínum gömlu ættarnöfnum. Hin síðari er, að íslenzkir menn hafa tekið upp ættarnöfn. Í skýrslunni **Íslenzk mannanöfn samkvæmt manntalinu 1. des. 1910,** sem út var gefin af Hagstofu Íslands 1915, segir, að þá hafi 297 ættarnöfn verið borin af mönnum fæddum hér á landi. Um nöfn manna, sem hér voru heimilisfastir,

en erlendir að uppruna, er ekki getið. Sýnilegt er, að skýrslurnar eru ekki sambærilegar, þar sem í skýrslunni frá 1855 er getið um ættarnöfn allra, sem heimilisfastir eru í landinu, en í skýrslunni frá 1910 aðeins þeirra, sem fæddir eru í landinu. Hins vegar er vandalaust að gera skýrslurnar sambærilegar, því að 47 þeirra ættarnafna, sem skýrslan frá 1855 greinir frá, voru borin af erlendum mönnum að fæðingu. Sambærilegar tölur eru því 1855 108 ættarnöfn borin af mönnum fæddum á Íslandi, en 297 árið 1910. Hefir tala ættarnafna þannig því nær þrefaldazt á rúmum 50 árum. En um tölu berenda ættarnafna er enn sem fyrr ókunnugt.

Engar opinberar skýrslur um ættarnöfn hafa verið gefnar út síðan.

Löggjöf um mannanöfn.

Um og upp úr 1910 virðist ríkja mikill áhugi á því, að komið verði á skipan um nafnvenjur Íslendinga og um það sett lög á Íslandi. Einu fyrirmæli, sem í gildi voru, voru þessi:

a) Konungsbréf frá 11. des. 1812, þar sem fyrirmæli eru um, að nafn hvers barns skuli skráð í kirkjubók ásamt nöfnum foreldra þess.
b) Í 10. gr. laga nr. 4 frá 19. febr. 1886 var utanþjóðkirkjumönnum heimilað að láta ekki skíra börn sín, en allt um það skyldu þeir gefa þeim nöfn og tilkynna sóknarpresti til skráningar innan 12 vikna frá fæðingu barnsins.

Ýmsar réttarreglur danskar um þetta efni tóku ekki til Íslands, svo sem tilsk. 30. maí 1828 og kon.bréf 4. okt. s. á. og 20. okt. 1829, sbr. ráðuneytisbréf 22. okt. 1829, enda voru nafnvenjur að nokkru aðrar hér en í Danmörku á þeim tíma. Heimild konungs til leyfisveitinga samkvæmt 13. gr. stjórnarskrár 5. janúar 1874 mun hafa verið talin taka til leyfa til nafnbreytinga, og segir beinlínis um það í 1. málsgr. 11. gr. mannanafnalaganna frá 1913, að slík konungsleyfi hafi tíðkazt fyrir gildistöku laganna.

Á Alþingi 1912 fluttu þeir Guðlaugur Guðmundsson sýslumaður og Stefán Stefánsson skólameistari frumvarp til laga um nýnefni. Fjallaði frumvarp þetta um nafnbreytingar, ný nöfn á býlum og ný mannanöfn. Skal efni þess ekki nánara rakið hér, því að örlög frumvarpsins urðu ekki þau að hljóta samþykki Alþingis. Tilgangur þess átti hins vegar að vera sá að koma í veg fyrir glundroða og réttindamissi, sem óreglulegar nafnabreytingar gátu valdið. Þegar sýnt var, að frumvarpið yrði ekki útrætt á þinginu, lýsti Hannes Hafstein yfir því, en hann var þá ráðherra, að stjórnin myndi taka málið upp á næsta þingi. Í samræmi við þessa yfirlýsingu lagði stjórnin fyrir næsta þing (1913) tvö lagafrumvörp. Fjallaði annað um nafnbreytingar á býlum og ný býlanöfn, en hitt um ný mannanöfn og ættarnöfn. Það er aðeins síðar nefnda frumvarpið, sem hér skiptir máli. Eftir allmiklar umræður í þinginu var það samþykkt, og nefnast lögin **Lög um mannanöfn** nr. 41, 10. nóv. 1913. Tóku flest ákvæði þeirra gildi 1. janúar 1914, en sum 1. janúar 1915 og enn önnur ekki fyrr en 1. janúar 1916. Með þessum lögum eru ættarnöfn vernduð og raunar föðurnöfn líka. Helzti andófsmaður á þingi gegn lagasetningu þessari var Bjarni Jónsson frá Vogi, en fleiri voru þeim andsnúnir, t. d. vildi Skúli Thoroddsen, að málið yrði betur athugað og bar fram rökstudda dagskrá þess efnis, að málið yrði ekki afgreitt sem lög frá þinginu.

Mannanafnalögin frá 1913 eru allrækileg. Lögin fjalla bæði um eiginnöfn og kenningu til föður, ættarnöfn og enn fremur kenningarnöfn, sem er „það heiti, er maður hefir í viðbót við eiginheiti og föðurnafn, en gengur ekki til afkomenda hans“, sbr. 1. gr.

Um eiginnöfnin er það ákvæði í 11. gr., að prestum „er heimilt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg eða færa slík nöfn til bókar“. Vekur athygli, hve þar er varlega til orða tekið. Hægt var að fá konungsleyfi til breytingar á nöfnum eða til upptöku nýrra eiginheita, sbr. 11. gr. Lögunum

er hugað um að koma festu á nafnritun. Hver maður, sem hlotið hefir tvö nöfn eða fleiri, er skyldur til, frá því hann er 16 ára að nota sama nafn og nöfn alla ævi, nema hann fái leyfi til breytingar, og skal hann jafnan rita þau á sama hátt, sbr. 2. gr. Ríkisstjórn var boðið í 8. gr. 2. málsgr. 2. tl. að láta semja „skrá yfir góð íslenzk, forn og ný eiginheiti karla og kvenna, er sérstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni“. Skyldi skrá þessi vera til leiðbeiningar við nafnaval. Þá var raunar einnig boðið að semja skrá „yfir skammstafanir þær á eiginheitum manna, sem æskilegt þykir að nota“, sbr. 8. gr. 2. málsgr. 3. tl. Eiginheiti skyldi ávallt rita á undan föðurnafni eða ættarnafni, sbr. 2. gr. 1. málsgr. og gegndi þessu yfirleitt einnig um opinberar skrár, nema maður hafi ættarnafn, sbr. 13. gr. Ef maður hlaut í skírn eða tilkynningu til manntalsbókar nafn, sem er löglegt ættarnafn annarrar ættar, er honum óheimilt að hafa það fyrir kenningarnafn eða ættarnafn, sbr. 2. gr. lokaákvæði.

Um **kenningu til föður** var tveggja kosta völ, annaðhvort að menn kenndu sig til föður, með því að skeyta son eða dóttir við eiginnafn föður í eignarfalli, eða menn nefndu sig löglegu ættarnafni. Lögin greina ekki þann kost að kenna sig til móður, og virðast ekki byggja á honum sem löglegri kenningu, en ófeðrað barn skyldi kenna sig til móðurföður síns eða hafa ættarnafn móður, ef til er, sbr. 4. gr. Öllum var skylt að nota ættarnafn föður síns, „og tekur það einnig til óskilgetinna barna, ef faðerninu er játað“, sbr. 4. gr.

Þau ákvæði laganna, sem fyrirferðarmest voru, tóku til **ættarnafna.** Skulu þau nú reifuð stuttlega. 1. Ættarnafn, sem tekið hafði verið upp **fyrir aldamót** (1. janúar 1901), „telst viðurkennd eign þess, er það hefir notað“, en tilkynna skal það Stjórnarráði fyrir 1. janúar 1915. 2. Ættarnafn eða kenningarnafn, sem upp hafði verið tekið án löglegrar heimildar **eftir aldamót** má því aðeins nota eftir gildistöku laganna, að sá, sem í hlut á, fái heimild til að nota það með leyfisbréfi konungs fyrir 1. janúar 1916, sbr. 9. og 15. gr. 3. Eftir 1. janúar 1915 mátti enginn taka sér nýtt ættarnafn, nema með **leyfi Stjórnarráðsins,** sbr. 6. gr. Í þeirri grein segir enn fremur, að sé umsækjandi yngri en 16 ára, skuli samþykki þess foreldra, sem foreldraráð hefir yfir honum, fylgja umsókn. Hjón, er sóttu um ættarnafn, skyldu bæði samþykkja það, og systkin máttu sækja saman um upptöku sameiginlegs ættarnafns. Ef nafnbreyting verður með þessum hætti, skyldi hún taka til barna þess, sem fær ættarnafn, ef þau voru 16 ára eða yngri, og endranær ef börn samþykkja, enda hafi það foreldri, sem fær ættarnafn, haft foreldraráð yfir barni, þegar það náði 16 ára aldri. Gerlegt var fyrir foreldri að fá ættarnafn fyrir börn sín, þótt foreldri tæki ekki ættarnafnið. Enginn gat fengið nafni sínu breytt nema einu sinni eftir 16 ára aldur. Um gjaldheimtu vegna ættarnafna og um tilkynningu til kirkjubókar voru ákvæði í 10. og 12. gr. Svo sem fyrr greinir, var barni skylt að taka ættarnafn föður síns, sbr. 4. gr., en eiginkonu var í frjálst vald sett, hvort hún tæki upp ættarnafn manns síns „með eða án föðurnafns síns eða ættarnafns“, en ella skyldi hún nota nafn sitt og kenna sig til föðurnafns síns, sbr. 3. gr. Ef kona skildi við bónda sinn, var henni heimilt að taka aftur ættarnafn sitt, ef til var, en til þess varð hún þó að fá leyfi Stjórnarráðs, sbr. 10. gr. Gat þessi nafnbreyting einnig tekið til barna hennar, að tilteknum skildögum fullnægðum, sbr. 3. gr.

Lögin lögðu mikla áherzlu á, að menn rituðu nöfn sín með sama hætti eftir 16 ára aldur, sbr. 2. gr. Skyldu menn rita föðurnafn sitt eða ættarnafn fullum stöfum á eftir eiginheiti. Ef maður hefir löglegt kenningarnafn eða ættarnafn, og skal þá rita það fullum stöfum í stað föðurnafns, „og má þá rita föðurnafnið á undan því, fullt eða skammstafað eða upphafsstaf þess einn, eða sleppa því“, sbr. 2. gr. Í 13. gr. 2. málsgr. segir svo: „Útlendingum, sem hingað koma, er frjálst að rita löglegt heiti sitt á sinn vanahátt“.

Í 7. gr. eru nokkrar takmarkanir á því, hver ættarnöfn megi taka upp. M. a. var óheimilt að taka upp ættarnöfn, „sem eru lögleg eða viðurkennd eign íslenzks manns,

ef aðili sjálfur eða fjárhaldsmaður hans hefir með bréfi til Stjórnarráðsins fyrir 1. janúar 1915 tilkynnt ættarnafnið, og lagt bann við, að það sé notað". Skyldi greina þessi ættarnöfn á sérstakri skrá, er Stjórnarráð semur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 8. gr. Þá var óheimilt að taka upp ættarnafn, sem var löglega upp tekið eftir 1. janúar 1915. Í c-lið 7. gr. var ákvæði, er einkum olli deilum á Alþingi. Eftir 3. umræðu í efri deild hljóðaði hann upp á „nöfn, er telja verður óhæf í íslenzku máli, svo sem ættarnöfn, er enda á son, sen eða dóttir, eða hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er getur um í staflið a. og b., að villum geti valdið" (Alþingistíðindi 1913 A, 415). Í endanlegri gerð laganna hljóðaði liðurinn hins vegar svo: „Nöfn, er hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er um getur í staflið a. og b., að villum geti valdið". Ákvæðin um son, sen og dóttur eru með öðrum orðum brottu fallin.

Löggjafanum var ljóst, að upptaka margra nýrra ættarnafna gæti vart farið vel úr hendi, nema almenningi væru gefnar leiðbeiningar um, hvernig mynda mætti ættarnöfn, svo að vel færi. Þetta kemur fram í 8. grein laganna, þar sem segir, að Stjórnarráðinu sé falið að gefa út skrá og leiðbeiningar um þessi efni, m. a. „Skrá yfir orð og heiti, sem fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum", en annarra skráa samkvæmt 8. gr. er getið hér að framan.

Eftir að nafnalögin höfðu verið samþykkt, skipaði Stjórnarráðið nefnd til þess að semja fyrr greindar skrár. Sæti í henni áttu þeir Einar Hjörleifsson Kvaran, Guðmundur Finnbogason og Pálmi Pálsson. Nefndarálit þeirra er undirritað 24. febrúar 1915, og var álitið ásamt lögunum og nafnaskrám gefið út að tilhlutun Stjórnarráðs Íslands 1915. Er þetta hið merkilegasta plagg, og má þar fá skýringu á myndun ýmissa ættarnafna, sem nú tíðkast.

Lögin frá 1913 eru að mörgu leyti vel úr garði gerð, en þó sættu þau — og ekki síður fyrr greint nefndarálit — mikilli gagnrýni. Bjarni Jónsson frá Vogi var einn helzti talsmaður nýrra laga um mannanöfn.

Á árabilinu 1915—1925 veitti Stjórnarráðið leyfi til upptöku 204 ættarnafna, en auk þess eru birt í Stjórnartíðindum 45 önnur ættarnöfn, sem upp höfðu verið tekin fyrir gildistöku og staðfestingu laganna. Þá voru 7 kenningarnöfn tekin samkvæmt 1. gr. 6. málsgr. laga nr. 41/1913. Hin nýju ættarnöfn skera sig mjög úr eldri ættarnöfnum að gerð, og gætti ekki verulega erlendra áhrifa, svo sem áður hafði tíðkazt. Þess má geta, að ýmis þessara ættarnafna voru á skrá þeirri um ættarnöfn, er að framan greinir. Fjölmörg þessara ættarnafna eru enn notuð.

Bjarni Jónsson frá Vogi flutti frumvarp til laga um mannanöfn á þinginu 1923 (Alþt. A, 1923, 244—246), en það dagaði uppi. Á þinginu 1925 stóð úrslitahríðin um þetta efni. Virtist í fyrstu ekki blása byrlega fyrir frumvarpinu. Meiri hluti nefndar þeirrar, sem um málið fjallaði í neðri deild, lagði til, að frumvarpið yrði fellt, en minni hlutinn, að það yrði samþykkt með miklum breytingum. (Alþt. 1925 A, 547—548 og 648). Af umræðum er helzt að marka, að þingmenn hafi gert ráð fyrir, að frumvarpið næði ekki fram að ganga. En þótt frumvarpinu hafi ekki verið spáð góðu, náði það þó samþykki með 16 atkvæðum gegn 10 í neðri deild og 10 atkvæðum gegn 4 í efri deild, að vísu eftir að gerðar höfðu verið á því allmiklar breytingar í meðferð þingsins.

Mannanafnalögin nr. 54, 27. júní 1925 ollu straumhvörfum í sögu íslenzkrar nafnalöggjafar. Með þeim lögum voru lögin nr. 41/1913 felld úr gildi og sú stefna mörkuð, er skýrlega kemur fram í 2. gr. laganna: „Ættarnafn má enginn taka sér hér eftir". Lög þessi eru stuttorð og um margt ófullkomnari en lögin frá 1913. Skal nú helzta efni þeirra reifað.

Mannanafnalögin frá 1925 fjalla um eiginnöfn og hversu menn skuli kenna sig til föður eða móður. Ættarnöfnum skyldi að miklu leyti útrýmt, en lögin gera þó ráð fyrir, að eldri ættarnöfn haldi gildi sínu, sbr. síðar, og stemma ekki stigu við,

að erlendir menn flytji hingað inn ættarnöfn. Kenningarnöfn í þeirri merkingu, sem lögin frá 1913 nota það hugtak, eru ekki nefnd í lögum 54/1925.

Um **eiginnöfn** segir svo í 1. gr. laga 54/1925, að menn skuli heita einu nafni íslenzku eða tveimur, og er loku skotið fyrir, að þau geti verið fleiri en tvö, andstætt ákvæðum laga 41/1913. Samkvæmt 4. gr. mega menn ekki bera önnur nöfn en þau, „sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu". Skyldu prestar hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum væri fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild Háskólans úr. Í 6. gr. er boðið, að Stjórnarráð hlutist til um, að gefin sé út skrá „eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum". Skyldi gefa skrána út á hverjum 10 ára fresti og senda öllum prestum landsins. Er þar skemmst af að segja, að slík skrá hefir aldrei verið gefin út. Í 5. gr. laganna segir enn, að sá, sem fengið hefir „óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn, áður en lög þessi voru sett", geti fengið því breytt með konungsleyfi (nú með leyfi forseta Íslands). Löggjafinn hefir sýnilega verið ærið bjartsýnn um, að vel tækist til um framkvæmd laganna, enda er aðeins ákvæði um klaufaleg nöfn og óþjóðleg, sem skírð hafa verið fyrir gildistöku laganna, og ekkert ákvæði um hin, sem kynnu að slæðast með eftir gildistöku þeirra. Um þau nöfn má þó ugglaust beita 5. gr. með lögjöfnun, en bjartsýni löggjafans reyndist ekki á bjargi reist, svo sem síðar greinir.

Um **kenning til föður** er það ákvæði í 1. gr., að hver maður skuli kenna sig til **föður eða móður** eða kjörföður og jafnan rita nafn sitt með sama hætti alla ævi. Hér er tekin upp kenning til móður, sem ekki var í mannanafnalögunum frá 1913, en af vangá er aðeins getið kjörföður, en ekki kjörmóður. Ætla verður þó, að kenning til kjörmóður sé heimil samkvæmt þessu. Kenningar til móður gætir mjög lítið hér á landi, og örlar þó á því, að menn riti upphafsstaf í eiginnafni móður milli eiginnafns og kenningarnafns.

Ákvæði laganna um **ættarnöfn** hafa það að stefnumiði að skjóta loku fyrir upptöku nýrra ættarnafna. Þó er þess að geta, sem fyrr greinir, að lögin amast ekki við ættarnöfnum, sem upp voru tekin fyrir síðustu aldamót (þ. e. fyrir 1. janúar 1901), og girða ekki fyrir, að erlendir menn, sem hingað flytjast, haldi ættarnöfnum sínum. Um þau ættarnöfn, sem fyrir voru með lögmætum hætti, er lögin tóku gildi, mæla þau svo fyrir, að sum þeirra megi haldast og ganga í ætt um alla eða óákveðna framtíð, en önnur mega haldast um sinn og falla svo niður. Eru reglur um þetta í 3. gr., og samkvæmt því er ættarnöfnum skipað í þrjá flokka, svo sem hér segir:

1. **Ættarnöfn, sem eldri eru en frá 1. janúar 1901.**
   Íslenzkir þegnar, sem við gildistöku laganna báru ættarnöfn, er upp höfðu verið tekin fyrir síðustu aldamót, mega halda þeim fyrir sig og niðja sína.
2. **Ættarnöfn, sem upp eru tekin frá 1. janúar 1901 til 1. janúar 1915.**
   Íslenzkir þegnar, sem þessi ættarnöfn bera, mega einnig halda þeim fyrir sig og niðja sína, ef aflað hefir verið leyfis vegna þeirra samkvæmt 9. gr. l. nr. 41/1913.
3. **Ættarnöfn, sem upp voru tekin eftir gildistöku l. nr. 41/1913, þ. e. 1. jan. 1914, og til gildistöku laga nr. 54/1925, þ. e. 23. sept. 1925.**

Í umræðum á Alþingi (sbr. Alþtíð. 1925, B, bls. 3315) er því haldið fram, án þess að það sætti andmælum, að þau ein börn þessara manna, sem fædd væru fyrir gildistöku laganna, mættu bera ættarnöfn, og styður orðalagið „sem **nú** bera ættarnöfn" þá lögskýringu. Samkvæmt þessu ættu þeir menn, sem hlutu leyfi Stjórnarráðsins til að bera ættarnöfn samkvæmt lögum nr. 41/1915 á árabilinu 1915—1925, að mega bera ættarnöfn sín, svo og þau börn þeirra, er fædd eru fyrir 23. sept. 1925. Börn þeirra, sem fædd eru eftir 23. sept. 1925, svo og aðrir niðjar, mega hins vegar ekki bera ættarnöfn þessi, heldur ber þeim að kenna sig til föður eða móður að hætti 1. gr. laganna. Slík sundrun fjölskyldu um mannanöfn mun óvíða þekkjast í lögum grannlanda, og er mismunun þessi á engum rökum reist.

Samkvæmt 3. gr. mega erlendir menn, sem til landsins flytjast, halda ættarnöfnum sínum fyrir sig og niðja sína, því að þau nöfn eru sett í flokk með ættarnöfnum, er greinir í 1. tölulið hér að framan. Sýnt er, að mikill fjöldi ættarnafna af erlendri rót runnin hefir borizt til landsins með þessum hætti á síðustu árum. Er svo talið, að á árunum 1921—1951 hafi hátt á annað hundrað ný ættarnöfn borizt hingað með mönnum, sem veitt var íslenzkt ríkisfang með lögum, en á árinu 1952 var tekin upp ný stefna í þessum málum, svo sem síðar greinir. Erlend ættarnöfn geta þó einnig eftir 1952 náð fótfestu hér á landi. Fyrst er að geta þeirra erlendra manna, sem hér eru dvalfastir, án þess þó að vera íslenzkir ríkisborgarar, barna þeirra og annarra niðja. Þá geta börn, sem íslenzkar konur eiga með erlendum ríkisborgurum, borið erlend ættarnöfn, og á það aðallega við um óskilgetin börn. Enn fremur á íslenzk kona, sem giftist erlendum ríkisborgara, rétt á að bera hið erlenda ættarnafn hans, og getur hún haldið því, þótt hjúskap ljúki fyrir skilnað, ógildingu eða andlát bóndans.

Ekki var hirt um að taka upp í lög nr. 54/1925 ýmis ákvæði laga nr. 41/1913, sem horfðu til festu í nafngiftum og ritun nafns, svo sem t. d. 2. gr. 2.—4. málsgr., 4. gr. 2. málsgr. o. fl. Þá var þess ekki gætt, að lög nr. 54/1925 eru á því reist, að ættarnöfn geti haldizt, og var hrapað að því að fella niður öll ákvæði l. 41/1913, er ættarnöfn varða. Ákvæðin um nafnbreytingar eru næsta ófullkomin og ærinnar ósamkvæmni gætir í ákvæðum 3. gr., svo sem fyrr segir. Þá vantar sitthvað af ákvæðum, sem nauðsynlega þurfa að vera í nafnalögum. En hér er raunar meira í efni. Framkvæmd laganna hefir tekizt böslulega. Þrátt fyrir brýnt boð 4. gr. um, að þau ein nöfn megi menn bera, sem rétt séu að lögum íslenzkrar tungu, bera manntöl og mannanafnaskrár þess órækt vitni, að hér tíðkast hinn mesti óvandi um nafngiftir, bæði klaufaleg nöfn, óþjóðleg, ankannaleg og með röngum orðmyndum og nöfn, sem hljóta að vera nafnbera til baga. Þá tíðkast það enn, að börn séu skírð fleiri nöfnum en tveimur. Þau ættarnöfn, sem upp voru tekin á árunum 1915—1925, hafa og mörg hver í reyndinni gengið til niðja með sama hætti og eldri ættarnöfn, og hafa stjórnvöld ekki amazt við þeirri lagaframkvæmd. Er nærtækt að telja, að hér sé komin á réttarvenja, er helgi mönnum þetta nafn. Enn er þess að geta, að menn hafa alla tíð frá gildistöku laganna tekið sér nöfn, sem eftir gerð allri eru ættarnöfn, en ekki kenningarnafn samkvæmt l. 54/1925, og hafa þau gengið til barna og annarra niðja. Þegar manntal 1950 fór fram, var talið, að þessi nöfn væru á fjórða hundrað, en síðan Þjóðskrá tók við almannaskráningu 1953—54 hafa slík nöfn ekki komizt inn á skatt- og útsvarsskrár, kjörskrár og aðrar opinberar skrár, sem fylgja þjóðskrá.

Aðstaða presta og þeirra annarra, sem færa manntalsbækur, hefir verið mjög örðug, með því að ekki hefir verið gefin út skrá sú, sem greinir í 6. gr. mannanafnalaga. Án slíks bakhjarls verða lög sem þessi ekki framkvæmd með viðhlítandi hætti.

Á Alþingi 1951 var, eins og raunar á flestum eða öllum þingum, lagt fram **Frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar.** Í þessu frumvarpi voru, eins og venja var til áður, aðeins talin nöfn þeirra manna, sem dómsmálaráðuneyti mælti með, að fengju íslenzkt ríkisfang. Engin ákvæði voru þar um nafnbreytingu þessa fólks, en á þinginu kom fram (frá allsherjarnefnd) breytingartillaga á þá lund, að inn í lögin yrði tekið svofellt ákvæði: „Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925“ (Alþt. 1951 A, 824). Þessi tillaga var samþykkt og stendur óbreytt í lögunum (Alþt. 1951 A, 1098). Sams konar ákvæði hefir staðið í lögunum um veitingu ríkisborgararéttar síðan. Þetta lagaákvæði sætti 1951 og hefir síðan sætt nokkurri andspyrnu utan þings og innan, og hafa ýmsir haldið því fram, að nægilegt væri, að hin erlendu nöfn féllu niður í öðrum og þriðja lið. Gagnrýnin beindist og hefir beinzt einkum að því, að

ákvæðið skuli neyða fólk til nafnbreytinga. Telja þessir gagnrýnendur, að nægilegt væri, að börn eða barnabörn þessa fólks tækju upp íslenzk nöfn.

Hið næsta, sem gerist í málinu, var það, að hinn 1. marz 1955 fól þáverandi dóms- og menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, þeim Alexander Jóhannessyni prófessor, Jónatan Hallvarðssyni hæstaréttardómara, Þorsteini Þorsteinssyni fyrrv. hagstofustjóra og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að endurskoða mannanafnalög 1925 og semja nýtt frumvarp til laga um mannanöfn. Formaður nefndarinnar var dr. Þórður Eyjólfsson.

Nefndin brá skjótt við og samdi frumvarp, sem lagt var fyrir Alþingi 1955. Er það frumvarp rækilegt og vandað að allri gerð. Fylgir frumvarpinu allrækileg greinargerð, og kemur þar í ljós, að nefndarmenn hafa ekki verið sammála um einstök atriði. Í 1.—6. grein frumvarpsins er fjallað um eiginnöfn. Eru þar miklu fyllri og greinilegri ákvæði en í lögunum frá 1925.

Meginbreyting frumvarpsins frá lögunum frá 1925 felst í afstöðunni til **ættarnafna.** Um þau er fjallað í 10.—19. grein þess. Í 10. gr. segir svo:

> „Lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, mega haldast. Eftir að lög þessi öðlast gildi, er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi, nema Dómsmálaráðuneytið hafi veitt leyfi til þess, enda hafi Mannanafnanefnd samþykkt ættarnafnið".

Hér er um algera stefnubreytingu að ræða frá 1925. Ekki voru þó nefndarmenn allir sammála um þetta mikilvæga atriði. Þeir Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson skiluðu sérstöku áliti og virðist höfuðröksemd þeirra vera sú, að ættarnafnasiðurinn hér sé orðinn rótgróinn og að minnsta kosti ekki í ósamræmi við almenningsálitið, enda hafi flokkar þeir, sem staðið hafi að ríkisstjórnum, ekki krafizt þess af stjórnvöldum, að ættarnafnabanninu yrði framfylgt. Telja þeir, að erfitt eða óframkvæmanlegt yrði að útrýma með málshöfðunum og beitingu refsiákvæða þeim ættarnöfnum, sem upp hefðu verið tekin án stoðar í lögum. Þeir kveðast heldur ekki fá séð, að íslenzku máli eða íslenzku þjóðerni verði nein hætta búin „af ættarnöfnum, sem gerð eru í samræmi við lögmál íslenzkrar tungu". Þeir segja enn fremur:

> „Það er skoðun okkar, að afstaða manna til ættarnafna fari fremur eftir smekk og tilfinningum en efnisrökum. En um smekk og tilfinningar er ekki unnt að deila, og á því sviði á persónufrelsi að ríkja, enda sé þess gætt, að mikilvægum þjóðarhagsmunum, svo sem vernd íslenzkrar tungu, sé ekki misboðið".

Þorsteinn Þorsteinsson hafði nokkra sérstöðu í málinu, að ýmsu leyti mjög athyglisverða. Í séráliti hans segir m. a. svo:

> „Sérstaða mín varðandi ættarnöfn gagnvart meðnefndarmönnum mínum, Jónatan Hallvarðssyni og Þórði Eyjólfssyni, er aðallega í því fólgin, að ég er persónulega hlynntari ættarnöfnum heldur en þeir, því að ég tel þau mjög mikilvæg til þess að auðkenna menn, umfram það sem unnt er með eiginnöfnum einum og kenningu til föður. Vegna þess hve algengt er, að menn heiti sama nafni, er nauðsynlegt að auðkenna þá nánar, og er algengast hér á landi, að það sé gert með því að kenna þá til föður. En með því að sama máli gegnir um föðurnöfnin, að þau eru mjög samnefni, þá verða fjölmargir samnefndir þrátt fyrir það (bæði með sama eiginnafni og föðurnafni). Ef menn nú auk þess kenna sig til ákveðinnar ættar með ættarnafni, þá fækkar samnefnunum mjög mikið eða hverfa jafnvel".

Hér er vikið að því atriði, að bæði kerfin, föðurnafnakerfið og ættarnafnakerfið, séu notuð sameiginlega, eins og tíðkast í sumum löndum. Þannig myndi t. d. Jón, sonur Árna Briem, ekki heita annaðhvort Jón Árnason eða Jón Briem, heldur Jón Árnason Briem.

Alexander Jóhannesson hafði þó mesta sérstöðu og taldi flest íslenzk ættarnöfn vera málspjöll og mundu þau, er tímar liðu, valda skemmdum á íslenzkri tungu.

Hinn 4. nóv. 1955 var fyrr greindu frumvarpi útbýtt á Alþingi, og á fundi efri deildar 8. nóv. var það tekið til umræðu og vísað til 2. umræðu og menntamálanefndar, eftir að þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, hafði fylgt því úr hlaði. Á fundi í efri deild 9. des. 1955 var frumvarpið samþykkt með 7 atkvæðum gegn 6 og vísað til neðri deildar, en þar dagaði það uppi.

Fylgiskjal II.

ÞRÓUN NAFNRÉTTAR Í GRANNLÖNDUNUM

Nafnvenjur á Norðurlöndum eru af germönskum rótum runnar. Tíðkuðust þær venjur langt á aldir fram, að menn kenndu sig til feðra sinna. Ættarnafna tók að gæta á miðöldum, fyrst hjá aðalsfólki, en síðar hjá borgurum og lærðum mönnum. Bæði í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi fluttust ættarnöfn allmikið með erlendu fólki, er tók sér bólfestu í þessum löndum, og gætir þar m. a. talsvert þýzkra áhrifa. Í sveitum héldust fornar nafnvenjur fram á síðara hluta 19. aldar og raunar örlar á þeim enn í afskekktum byggðarlögum. Í öllum þessum löndum ríkti lengi los og hálfgerð ringulreið um mannanöfn, en ættarnöfnin hafa í þessum löndum með ýmsu öðru stuðlað að festu.

Í Danmörku eru fyrstu lög um mannanöfn tilsk. Friðriks I frá 1526, er bauð aðalsættum að taka upp föst ættarnöfn. Struense mælti svo fyrir 1771, að ættarnöfn skyldu tekin upp í Slésvík, en það var ekki fyrr en með tilsk. 30. maí 1828, að almennt var boðið að taka upp ættarnöfn í Danmörku. Sú skylda sætti þó víða um landið ærinni andspyrnu, og það var fyrst á síðara hluta aldarinnar, að verulegur skriður komst á framkvæmd þeirrar tilhögunar. Margir höfðu þá tekið upp hin alþekktu dönsku ættarnöfn, sem enda á -sen. Hófst hreyfing um að leggja þau niður og taka upp nöfn, sem sérgreindu betur ættir manna, og varð sú hreyfing kveikja að lögunum 22. apríl 1904 um nafnbreytingar. Í raun réttri má segja, að Danir fengju ekki fyrstu heildarlög sín um mannanöfn, fyrr en 1961.

Þróun mannanafnalöggjafar á hinum Norðurlöndunum þremur er með svipuðu sniði. Þar hefir verið við dreifð ákvæði og sundurleit að styðjast, unz kemur fram á þessa öld. Í Finnlandi voru sett sérstök lög um ættarnöfn 1920, en önnur um eigin-nöfn frá 1945, og gilda þau enn. Í Noregi voru sett heildarlög um nafnrétt 9. febrúar 1923, en núgildandi lög eru frá 29. maí 1964. Í Svíþjóð var nafnrétti skipað með tilsk. m. a. um ættarnöfn frá 5. des. 1901, er sætti síðar ýmsum breytingum, en fyrstu heildarlögin eru núgildandi lög frá 11. okt. 1963. Í öllum þessum löndum hafa verið sett ákvæði um einstaka þætti nafnréttar, t. d. með hjúskaparlögum, lögum um ættleiðingar, lögum um skilgetin börn og óskilgetin, o. fl. Gegnir þessu einnig hér á landi, sbr. t. d. lög nr. 39/1921, 48. og 81. gr. og lög nr. 19/1953, auk 10. gr. laga nr. 4/1886. Þá ber að hafa í huga, að skírnarskylda er næsta forn í lögum og þ. á m. skylda til að gefa barni nafn, en nafnskylda á sér þó miklu lengri sögu í lögum en skírnarskylda.

Fyrir röskum áratug tókst samvinna milli þriggja Norðurlanda, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, um samningu laga um mannanöfn. Af hálfu Finnlands og Íslands var þessu samstarfi ekki sinnt. Eftirtekjan af því voru ný nafnalög í löndunum þremur, sem fyrr greinir, í Danmörku 1961, í Svíþjóð 1963 og í Noregi 1964. Var bæði stefnt að því að semja frv. til heildarlaga og að reyna að samræma ákvæðin innbyrðis eftir föngum í þessum löndum. Náðist fyrra stefnumiðið að flestu leyti, og hið síðara að nokkru leyti. Við samningu frv. þess til laga um mannanöfn, sem hér liggur fyrir, hefir verið höfð nokkur hliðsjón af þessum lögum, en hér verður að gæta þess, að þróun á sviði mannanafna er svo sérstæð hér á landi og nafnvenjur, að takmörkuð hliðsjón verður höfð af erlendum lögum.

Fylgiskjal III.

ATHUGUN Á SKÍRNARALDRI BARNA

Að undirlagi nefndar þeirrar, er menntamálaráðherra skipaði til þess að endurskoða mannanafnalögin frá 1925, gerði Hagstofan athugun á skírnaraldri barna hér á landi. Í töflu þeirri, er hér fer á eftir, eru helztu niðurstöður þessarar athugunar.

Börn fædd árið 1964 eftir skírnaraldri o. fl.

Skírnarmánuður eftir fæðingarmánuð[1])	Móðir búsett: í Rvík., Kópav., Seltj.nesi	í öðrum kaupst., Garðahr., Njarðvíkurhreppi	í kauptúnum með fl. en 200 íbúa	í strjálbýli	erlendis	Alls	Hlutfallsleg skipting	Hlutfallstölur lagðar saman[2])
0	32	21	9	24	1	87	1,8	1,8
1	208	123	48	82	5	466	9,6	11,4
2	363	208	98	110	8	787	16,3	27,7
3	399	232	103	117	5	856	17,7	45,4
4	364	198	108	124	2	796	16,4	61,8
5	226	156	68	85	1	536	11,1	72,9
6	156	77	47	60	4	344	7,1	80,0
7	99	43	25	50	3	220	4,6	84,6
8	66	37	13	28	3	147	3,0	87,6
9	43	19	8	22	1	93	1,9	89,5
10	26	14	6	15	1	62	1,3	90,8
11	21	15	5	11	1	53	1,1	91,9
12	24	9	1	7	1	42	0,9	92,8
13—24	40	26	14	22	5	107	2,2	95,0
25 og yfir	18	9	4	8	2	41	0,8	95,8
Skírðir alls	2 085	1 187	557	765	43	4 637	95,8	95,8
Nafngjöf	36	6	3	3	3	51	1,1	96,9
Óupplýst	24	19	11	13	26	93	1,7	98,8
Dánir óskírðir	24	16	5	12	1	58	1,2	100,0
Alls	2 169	1 228	576	793	73	4 839	100,0	–

1) 0 merkir: börnin skírð í sama mánuði og þau eru fædd. Hér eru börnin þá að meðaltali hálfs mánaðar gömul við skírn.
1 merkir: börnin skírð í næsta mánuði eftir fæðingarmánuð, t. d. í febrúar, ef þau eru fædd í janúar.
11 merkir: börnin skírð t. d. í maí 1965, ef þau eru fædd í júní 1964.

2) Tölur í þessum dálki sýna, hve mikill hluti barnanna er skírður innan ákveðinna tímamarka frá fæðingarmánuði. Þannig þýðir t. d. talan 80,0, að 80,0% barnanna hafa verið skírð í fæðingarmánuði og næstu sex mánuðum þar á eftir.

Athugun þessi tók til allra barna fæddra árið 1964. Voru börnin flokkuð eftir skírnaraldri, sjá athugasemd 1) við töfluna, svo og eftir því, hvar móðir átti heimili, þegar barnið fæddist. Alls töldust börnin vera 4 839, en samkvæmt mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar eru lifandi fædd börn ársins 1964 4 787 að tölu. Þessi mismunur, 52, stafar af því, að með í athugunina komu börn mæðra, sem eigi eru taldar vera heimilisfastar hér á landi. Er hér aðallega um að ræða börn sendiráðsstarfsmanna og útlendinga á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt töflunni var tala þessara barna alls 73, eða 21 hærri en fyrr nefndur mismunur. Ástæða þess misræmis er sú, að við gerð mannfjöldaskýrslna er miðað við búsetu móður samkvæmt þjóðskrá, en athugunin var byggð á upplýsingu fæðingarskýrslna um búsetu móður, og þarf þetta tvennt ekki að fara saman. Upplýsingar vantaði um skírnaraldur rúmlega þriðjungs þessara barna (26 af 73).

Athugun var gerð á skírnaraldri sveina sér og meyja sér, og enn fremur var börnum skipt eftir því, hvort foreldrarnir voru taldir búa saman eða ekki, eftir upplýsingu fæðingarskýrslu þar um. Þessar sérathuganir leiddu ekki í ljós teljandi mun frá heildarniðurstöðum, og þykir því ekki ástæða til að láta þessar skiptingar koma fram í töflunni hér fyrir ofan. Þess má þó geta, að foreldrar 654 barna, af 4 839 börnum ársins 1964, bjuggu ekki saman samkvæmt upplýsingu fæðingarskýrslu. Lifandi fædd, óskilgetin börn 1964 voru 1 279 að tölu, en þar eru öll börn, sem ekki eru fædd í hjónabandi, talin óskilgetin.

Í töflunni er börnum skipt eftir búsetustað móður samkvæmt byggðarstigsflokkun Hagstofunnar. Samanburður á hlutfallstölum fyrir hvert byggðarstig leiðir í ljós, að ekki er umtalsverður munur á skírnaraldri barna í Reykjavíkurþéttbýli, öðrum kaupstöðum og í strjálbýli, þó er hann hæstur í strjálbýli.

Í töflunni kemur m. a. fram, að algengast er að skíra börn í 2., 3. og 4. mánuði eftir fæðingarmánuð, og að allt að 80% barna hafa verið skírð innan hálfs árs aldurs. Af öðru eftirtektarverðu, sem kemur fram í töflunni, má nefna, að aðeins 51 af 4 688 börnum, sem upplýst var um og ekki dóu óskírð, fengu nafn án skírnar, og raunar má vera, að sú tala sé of há, vegna þess að einhver af þessum börnum, 51 að tölu, geta hafa verið skírð þótt fæðingarskýrsla bæri það með sér, að um nafngjöf án skírnar væri að ræða.

Að því er varðar aðrar niðurstöður þessarar athugunar vísast til töflunnar.

Fylgiskjal IV.

HLUTVERK OG STARFSREGLUR ÞJÓÐSKRÁR Í SAMBANDI VIÐ SKRÁNINGU MANNANAFNA

Þjóðskráin — eða allsherjarspjaldskráin eins og hún var kölluð í upphafi — var reist á aðalmanntali 1950. Þeir, sem þar voru skráðir, voru teknir í vélspjöld með nafni og þeim upplýsingum öðrum, sem ákveðið hafði verið að hafa á vélskrá til nota í stjórnsýslu og hagskýrslugerð. Þessi upphaflegi stofn var síðan færður fram til hausts 1952 með aðstoð sérstaks manntals, sem fór fram 16. október 1952. Eftir það hefur þjóðskrá verið færð til samræmis við áorðnar breytingar eftir sérstökum breytingargögnum, svo sem tilkynningum um aðsetursskipti og skýrslum um fæðingar, skírnir, hjónavígslur og mannslát, o. m. fl. Hverju sinni liggur fyrir fastur stofn vitneskju um alla landsmenn, og helzt hann óbreyttur, nema breyting sé gerð samkvæmt gagni þar að lútandi.

Mikið var um villur í manntölum 1950 og 1952, og þau voru einnig gölluð á ýmsan annan hátt. Í manntali 1952 voru t. d. um 13 000 einstaklingar tilgreindir með annan fæðingardag en var í manntali 1950. Slíkt misræmi er óhjákvæmilegt í handskrifuðum gögnum af þessu tagi, en þegar störf eru vélvædd, þ. e. tekin til vinnslu í skýrsluvélum, standa upplýsingar óhreyfðar í vélspjöldum eða segulböndum eins og þær eru „skráðar" upphaflega, og geta þær ekki breytzt eða afbakazt. Þetta merkir t. d., að hvert mannsnafn á vélskrá helzt óbreytt á öllum skrám, sem gerðar eru með henni í skýrsluvélum, unz breyting kann að verða gerð á nafni að yfirlögðu ráði.

Upplýsingar manntala 1950 og 1952 um mannanöfn voru ónákvæmar og mótsagnakenndar, og nöfn auk þess oft illlæsileg. Ritháttur nafna var oft ekki hinn sami í báðum manntölum og jafnvel ekki í sama manntali, ef maður var skráður í tveimur eða fleiri umdæmum. Þá kom það og oft fyrir, að sami maður væri með tvö ólík nöfn, t. d. með ættarnafn á einum stað og kenningu til föður á öðrum. Þá var og allmikið um, að gælunöfn væru skráð á manntal í stað réttra eiginnafna. Öll slík vandamál voru leyst í bili, eftir því sem talið var næst liggja, enda gert ráð fyrir,

að margt yrði lagfært síðar. Hér var um það eitt að ræða að ná mannanöfnum í þjóðskrá í samræmi við það, sem menn sjálfir töldu, að þeir hétu. En jafnframt varð að taka afstöðu til, hvernig brugðizt skyldi við ólögmætum nöfnum á manntali. Að því er varðar eiginnöfn, var augljóslega ekki önnur leið fær en að taka þau í þjóðskrá eins og þau voru á manntalsskýrslu. Þó var reynt að sneiða hjá gælunöfnum. Að gera tilraun til að greina ólögmæt eiginnöfn frá lögmætum og taka aðeins hin síðar nefndu í þjóðskrá hefði leitt út í ófæru, eins og mál voru í pottinn búin. Það eina, sem unnt var að gera í þessu efni, var að sneiða hjá eiginnöfnum, sem talin voru ónefni, þegar nöfn voru tvö eða fleiri.

Um ættarnöfn gegndi nokkuð öðru máli. Sæmileg vitneskja lá fyrir um, hver ættarnöfn íslenzkra manna voru lögmæt og hver ekki. Hins vegar var í flestum tilvikum ógerlegt að kanna, hvort menn höfðu rétt til að bera þau ættarnöfn, sem þeir skráðu eða létu skrá á manntalsskýrslu. Og að því er varðar ólögmæt ættarnöfn, var ekki kunnugt um föðurnöfn hlutaðeiganda, nema barna hjá foreldrum. Þessir og aðrir framkvæmdaörðugleikar voru þungir á metunum, en hitt réð þó úrslitum, að eigi var talið stætt á því að hafna nöfnum, sem menn höfðu notað jafnvel áratugum saman og aldrei hafði verið amazt við af hálfu stjórnvalda. Bæði fyrir og eftir setningu mannanafnalaga 1925 höfðu menn skráð þessi sjálfteknu ættarnöfn sín óátalið á ársmanntöl, og þaðan komust þau hindrunarlaust inn á skatt- og útsvarsskrár, kjörskrár og aðrar opinberar skrár. Áður en varði voru þau orðin föst í sessi. Með þessu aðgerðaleysi stjórnvalda fengu þessi ættarnöfn í raun og veru opinbera viðurkenningu. Rétt er að geta þess, að eins og almannaskráningu og opinberri skrárgerð var háttað fyrir tilkomu Þjóðskrár, var það miklum vandkvæðum bundið, og jafnvel óframkvæmanlegt, að koma í veg fyrir þá þróun, sem hér varð.

Auk þess sem berendur þessara ættarnafna höfðu ómótmælanlega öðlazt sterkan siðferðislegan, og stundum jafnvel lagalegan, rétt til ættarnafna sinna, var á það að líta, að tilgangslaust var að hafna upptöku þessara nafna í þjóðskrá, þar eð slíkt hefði vafalítið leitt til þess, að hún hefði aldrei komizt á fót vegna andstöðu þeirra fjölmörgu einstaklinga, sem hér áttu hlut að máli.

Af greindum ástæðum var ekki önnur leið talin fær en að taka á þjóðskrárstofn þau ættarnöfn, sem fyrir komu í manntölum 1950 og 1952. Þó var það ekki gert, þegar ástæða var til að ætla, að ættarnafn væri ekki orðið fasttengt hlutaðeiganda, eins og t. d. þegar hann var á einum stað í manntali með ættarnafni, en á öðrum stað kenndur til föður.

Við töku mannanafna á skrá í upphafi var þannig lítið svigrúm til að færa til rétts vegar það, sem þróazt hafði í trássi við lög. En þegar Þjóðskrá var komin á fót og tekin við almannaskráningu — en það varð á árunum 1953—54 — hætti skráning mannanafna að vera einkamál manna í reynd. Hin árlegu manntöl bæjarstjórna og presta, sem verið höfðu grundvöllur opinberrar skrárgerðar, og þar sem menn í framkvæmd gátu skráð nöfn sín eftir vild, féllu niður. Í þess stað komu íbúaskrár Þjóðskrár. Mannanöfn og aðrar upplýsingar á þeim voru þar sem opinberlega skráð atriði, og fóru þaðan óbreyttar inn á skatt- og útsvarsskrár, kjörskrár og ýmsar aðrar opinberar skrár. Nú var það því Þjóðskráin, sem samkvæmt eðli málsins ákvað, með hvaða hætti nöfn væru rituð á þeim opinberu skrám, sem mestu máli skiptu. Hún var að sjálfsögðu skyld til að hafa hliðsjón af rétti einstaklinga við þessa skráningu, en það var jafnframt skylda hennar að gæta þess, að skráning nafna færi ekki í bág við lög, eins og talið var, að bæri að framkvæma þau. Í samræmi við þessi breyttu viðhorf setti Þjóðskráin sér í upphafi starfsreglur um skráningu nafna á almannaskrá, og hefur þeim síðan verið fylgt að mestu óbreyttum. Hafa þær verið við það miðaðar að koma þessum málum í fast samræmt horf, eftir því sem aðstæður frekast leyfðu. Skal nú gerð grein fyrir þessum starfsreglum í stórum dráttum.

Engin ný ættarnöfn Íslendinga hafa verið tekin í þjóðskrá, síðan hún tók til starfa. Í sambandi við skráningu ófeðraðra barna hefur þó ekki verið hjá því komizt að skrá sem kenninafn síðara nafn, sem þessum börnum hefur verið gefið, í því skyni að það yrði notað sem slíkt, þar eð ekki var um föðurnafn eða ættarnafn að ræða. Hér var ekki annarra kosta völ, nema þá að kenna börn til eiginnafns móður, en ekki var talið fært að knýja fólk til slíkrar lausnar á vanda þessara barna, vegna þess að þessi háttur er algerlega niður lagður. Rétt er að taka það fram, að skráning á nafni, sem ófeðruðu barni er gefið í því skyni, að það noti nafnið sem kenninafn, er að sjálfsögðu ekki jafngilt því, að veitt sé leyfi til upptöku ættarnafns.

Ættarnöfn, sem voru tekin á skrá upphaflega samkvæmt manntali 1950 og 1952, hafa haldizt í þjóðskrá sem kenninöfn niðja þeirra, sem fyrst báru nöfn þessi í henni, þó aðeins í karllegg. En þegar vafi hefur leikið á, að hlutaðeigendur sjálfir litu á slík nöfn sem ættarnöfn, hafa menn þó að jafnaði verið kenndir til föður við skráningu, og það hefur að sjálfsögðu einnig alltaf verið gert, þegar menn hafa látið í ljós, að þeir vildu ekki nota ættarnafn, heldur kenna sig til föður. Óskir um breytta skráningu kenninafns, þannig að ættarnafn kæmi í stað föðurnafns eða annars ættarnafns, hafa ekki verið teknar til greina, nema gengið hafi verið úr skugga um, að hlutaðeigandi hefði rétt til ættarnafnsins samkvæmt starfsreglum Þjóðskrár.

Síðan 1952 hefur það verið skilyrði fyrir veitingu íslenzks ríkisborgararéttar með lögum, að hlutaðeigendur tækju sér íslenzkt nafn samkvæmt mannanafnalögum. Þjóðskráin tók til starfa um líkt leyti og þetta var fyrst tekið í lög, og féll það því í hennar hlut að hafa hönd í bagga með, að þessir menn fengju ekki kosningarrétt og önnur réttindi, sem fylgja íslenzku ríkisfangi, nema þeir sættu skilyrði laga um þetta. Hefur verið beðið með að skrá íslenzkt ríkisfang þessara manna, unz tilkynning hefur borizt frá dómsmálaráðuneytinu um, að þeir hefðu fengið íslenzkt nafn. Skráning nýs nafns og nýs ríkisfangstákns hefur síðan farið fram samtímis.

Í manntölum 1950 og 1952 var nokkuð um það, að íslenzkar konur kenndu sig til föðurnafns eiginmanns, og voru slík kenninöfn tekin í þjóðskrá af sömu ástæðum og flestum ættarnöfnum — lögmætum og ólögmætum — var sleppt inn í hana. Hins vegar hafa engin slík ný kenninöfn íslenzkra giftra kvenna verið tekin í þjóðskrá, síðan hún hóf starfsemi, og nefna má, að konur, sem dvalizt hafa erlendis með eiginmönnum sínum og kennt sig þar til föðurnafns þeirra, hafa við heimflutning verið teknar á skrá með kenningu til föður eða með ættarnafni, sem þær hafa verið taldar eiga rétt til.

Í mannanafnalögum 1925 er kveðið svo á, að hver maður skuli heita einu íslenzku nafni eða tveim, og að óheimilt sé að bera önnur nöfn en þau, „sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu“. Þessi ákvæði höfðu verið lítt eða ekki framkvæmd í meira en aldarfjórðung, þegar Þjóðskráin tók til starfa, og hún taldi það ekki vera sitt verkefni að hefjast handa um framkvæmd á þeim. Samkvæmt lögunum skyldu prestar hafa eftirlit með því, að þessum ákvæðum væri fylgt. Hafa nöfn ungbarna samkvæmt þessu verið tekin á almannaskrá eins og þau hafa verið tilkynnt Þjóðskrá af sóknarprestum og forstöðumönnum löggiltra trúarfélaga.

Við töku eiginnafna í Þjóðskrá í upphafi var þeirri reglu fylgt við fleirnefni, að það nafn var skráð, sem menn notuðu venjulega, enda var við bæði manntöl, 1950 og 1952, svo fyrir mælt, að það nafn skyldi undirstrikað á manntalsskýrslu. Ef undirstrikað nafn var annað eða þriðja nafn, var fyrra nafni eða tveimur fyrstu nöfnum ávallt sleppt. En ef undirstrikað nafn var fyrr eða fyrst, fór það eftir atvikum og rúmi í vélspjaldi, hvort ónotað nafn (nöfn) voru tekin á almannaskrá eða ekki. Þessum reglum hefur verið fylgt ávallt síðan.

Þegar Þjóðskrá eru tilkynnt fleiri en eitt eiginnafn á ungbarni, eru þau tekin á skrá í tilgreindri röð, eftir því sem rúm í vélspjaldi leyfir, en stundum þarf hér að grípa til styttinga, og verður vikið nánar að því síðar.

Þegar maður með fleiri en eitt eiginnafn samkvæmt kirkjubók ber fram ósk um, að tekið verði í þjóðskrá annað skírnarnafn, í stað þess, sem er fyrir á skrá, er orðið við slíkri beiðni eftir föstum reglum. Maður, sem heitir Helgi samkvæmt þjóðskrá, en Björn Helgi samkvæmt kirkjubók, getur fengið ritun nafns síns á almannaskrá breytt í Björn Helgi, Björn H eða Björn, en hins vegar ekki í Helgi Björn. Röð eiginnafns er m. ö. o. aldrei breytt frá því, sem er í kirkjubók, og ónotuðu nafni eða nöfnum framan við það nafn, sem maður notar í daglegu lífi, er þá heldur sleppt.

Þegar borin er fram ósk um breytta ritun eiginnafns á þjóðskrá, er ávallt gengið úr skugga um, að beiðnin sé á rökum reist, og til þess eru tiltæk fullkomin gögn. Hagstofan lét á sínum tíma taka allar kirkjubækur 1896—1915 á míkrófilmur, en frá og með 1916 eru tiltækar á Hagstofunni fæðingarskýrslur presta og ljósmæðra um öll börn. Inn á þessar skýrslur hafa nafngjafir verið færðar jafnóðum samkvæmt skírnarskýrslum sóknarpresta og forstöðumanna löggiltra trúfélaga, en þær skýrslur eiga að vera í fullu samræmi við það, sem skráð er í kirkjubækur.

Breyting á kenninafni á almannaskrá er aldrei framkvæmd, án þess að athugun fari fram á réttmæti hennar.

Þegar Þjóðskráin telur, að fram borin beiðni um breytingu á ritun nafns á almannaskrá feli í sér raunverulega nafnbreytingu eða vafi sé á því, hvort svo sé eða ekki, er hlutaðeiganda ávallt bent á að snúa sér til dómsmálaráðuneytisins. Eiginleg nafnbreyting er að sjálfsögðu aldrei framkvæmd í þjóðskrá, nema hún hafi verið leyfð af því ráðuneyti. Annars er oft álitamál, hvort um eiginlega nafnbreytingu er að ræða eða ekki. Sem dæmi má nefna, að breyting úr Mary eða Marie í Maríu eða Kirsten í Kirstín telst ekki vera eiginleg nafnbreyting, sem krefst leyfis dómsmálaráðuneytisins, en breyting úr Kirsten eða Kirstín í Kristín mundi ekki verða gerð í þjóðskrá, nema með leyfi ráðuneytis.

Fram að 2. desember 1964 var þeirri reglu fylgt, að kona, sem giftist manni með ættarnafn samkvæmt þjóðskrá, fékk það nafn sem kenninafn á skrá, um leið og hjúskapartákni hennar var breytt þar, nema sérstök ástæða væri til annars. En eftir það hafa konur, sem gifzt hafa mönnum með ættarnafni, verið látnar halda kenninafni sínu á skrá, og þær hafa ekki fengið ættarnafn eiginmanns, nema sérstök beiðni kæmi fram um það. Þessi breyting stóð í sambandi við það, að vorið 1965 var hafin útgáfa nafnskírteina til allra einstaklinga 12 ára og eldri, og þar með þurfti framvegis alltaf að breyta nafnnúmeri og gefa út nýtt nafnskírteini, þegar breyting yrði á nafni — eiginnafni eða kenninafni. Þetta er talsvert fyrirhafnarmikil aðgerð, og því var ákveðið að láta konur halda kenninafni sínu á skrá, þegar þær giftust mönnum með ættarnafni. Reynslan hefur orðið sú, að tiltölulega fáar af þessum konum hafa óskað eftir, að kenninafni þeirra yrði breytt á skrá.

Eins og áður segir, varð ekki hjá því komizt, að gælunöfn slæddust inn í þjóðskrá í upphafi í stað réttra eiginnafna, en mörg slík nöfn hafa verið fjarlægð úr henni, og engin ný nöfn af þessu tagi eiga að hafa komizt á almannaskrá síðan Þjóðskráin tók til starfa.

Við skipulagningu þjóðskrár í upphafi var, að vandlega athuguðu máli, ákveðið að ætla skráningu nafns 23 dálka af 80 dálka rúmi vélspjalds. Þetta merkti, að nöfn máttu ekki vera lengri en 23 bókstafir, að meðtöldum bilum. Hér var um að ræða afdrifamikla ákvörðun, því að fyrirsjáanlegt var, að við þetta yrði að búa um áratuga skeið, vegna óhemjumikils kostnaðar við að gera á þessu breytingu, þegar Þjóðskráin væri komin á fót. Æskilegt var að hafa meira rúm í spjaldinu fyrir nafn, en það var ekki talið unnt, vegna þess að 57 dálkar gerðu ekki betur en nægja fyrir öðrum upplýsingum í þágu stjórnsýslu og hagskýrslugerðar, sem urðu að komast með. Sem betur fer, hafa ekki orðið teljandi vandkvæði á ritun nafna á þjóðskrá, þótt dálkarúm væri ekki meira en þetta. Það nægir alltaf, þegar eiginnafn er eitt, en stundum þarf að grípa til styttingar, þegar þau eru tvö eða þrjú, einkum ef

kenninafnið er langt. Fyrsta stytting, sem gerð er, er að rita s fyrir son og d fyrir dóttir, en þegar það ekki nægir, verður að fella niður 2. og/eða 3. nafn, eða rita aðeins fyrsta bókstaf nafns eða nafna, sem ekki er rúm fyrir. Eiginnafn er alltaf fullritað á skrá, þegar það er eitt, og svo er einnig nærri undantekningarlaust um fyrra eða fyrsta nafn, ef skráð eiginnöfn eru fleiri en eitt. Ef nauðsyn krefur, er kenninafn skammstafað, en þó aldrei svo, að ekki sé fullljóst, hvert nafnið sé. Þarf mjög sjaldan að grípa til þess úrræðis.

Það skal tekið fram, að mjög lítið hefur verið um árekstra milli Þjóðskrár og almennings í sambandi við ritun nafna á almannaskrá. Lögð hefur verið áherzla á að koma til móts við óskir fólks í þessu efni, eftir því sem aðstæður hafa leyft, en hins vegar hefur ekki verið um að ræða nein frávik eða undanþágur frá grundvallarreglum. Fólk, sem hefur borið fram ósk um sérstaka nafnritun, er það kom fyrst á skrá, eða um breytta nafnritun frá því, sem var fyrir, hefur yfirleitt alltaf sætt sig við synjun, þegar því hefur verið gerð grein fyrir ástæðum hennar.

Þjóðskrá hefur haft samráð við dómsmálaráðuneyti um alla framkvæmd þessara mála.

Á árinu 1965 (sbr. lög nr. 25/1965) hóf Þjóðskrá útgáfu nafnskírteina til allra einstaklinga 12 ára og eldri, og er þar m. a. nafn handhafa eins og það er ritað á almannaskrá. Ávallt er gefið út nýtt nafnskírteini, og eldra skírteinið eyðilagt, þegar einhverra ástæða vegna þarf að leiðrétta eða lagfæra ritun nafns í þjóðskrá. Með þessu er tryggt, að öll nafnskírteini séu á hverjum tíma í samræmi við almannaskrá að því er varðar ritun nafns. Nafnskírteinin stuðla mjög að aukinni festu í ritun mannanafna og notkun þeirra yfirleitt. — Sömu áhrif hefur sívaxandi hagnýting opinberra aðila — og raunar einnig annarra — á þjóðskrá til hvers konar gagnavinnslu í skýrsluvélum, en því fylgir m. a., að mannanöfn ritast sjálfkrafa eins og þau eru í þjóðskrá á allar skrár, eyðublöð, innheimtuskjöl, skírteini og margvísleg önnur vélunnin gögn, sem hér er um að ræða.

Ed. 836. Frumvarp til laga [309. mál]

um stofnun og slit hjúskapar.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

I. KAFLI
Hjónavígsluskilyrði.

1. gr.

Karl eða kona, sem eru yngri en 18 ára, mega ekki stofna til hjúskapar, nema leyfi dómsmálaráðuneytis komi til.

2. gr.

Nú er annað hjónaefna yngra en 20 ára, og má þá eigi vígja það án samþykkis foreldra, nema það hafi verið gift áður.

Nú er annað foreldra látið, geðveikt eða hálfviti eða fer ekki með foreldraráð eða miklir örðugleikar eru á að ná til þess, og nægir þá samþykki hins. Nú gegnir þessu um báða foreldra, og þarf þá samþykki lögráðamanns.

3. gr.

Nú er maður sviptur lögræði, og getur hann þá eigi stofnað til hjúskapar að svo förnu án samþykkis lögráðamanns.

4. gr.

Nú synjar foreldri eða lögráðamaður samþykkis til hjúskapar, og getur dómsmálaráðuneyti þá leyft vígsluna, ef ekki var gild ástæða til synjunar.

5. gr.

Geðveikur maður eða hálfviti getur ekki stofnað til hjúskapar, nema dómsmálaráðuneyti leyfi.

6. gr.

Hvorki má vígja skyldmenni í beinan legg né systkin.

7. gr.

Kjörforeldri og kjörbarn mega ekki stofna til hjúskapar, nema ættleiðing sé niður felld.

8. gr.

Eigi má vígja mann og skyldmenni þess í beinan legg, er hann áður átti, nema dómsmálaráðuneyti leyfi.

9. gr.

Eigi má vígja mann, sem giftur er fyrir.

10. gr.

Nú hefur hjónaefni verið gift, og má þá eigi vígja það, nema bú hjónanna hafi verið tekið til opinberra skipta eða einkaskiptum sé lokið. Þetta gildir þó ekki, ef fullkomin séreignaskipan hefur verið á fjármálum hjóna. Dómsmálaráðuneyti getur leyst undan þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á.

II. KAFLI

Könnun á hjónavígsluskilyrðum.

11. gr.

Áður en hjónavígsla fer fram, skulu hjónaefni sanna, að könnun hafi átt sér stað á hjónavígsluskilyrðum samkvæmt því, sem segir í þessum kafla, og að lög tálmi ekki ráðahagnum. Dómsmálaráðuneyti setur nánari reglur um könnun á hjónavígsluskilyrðum, þ. á m. um þau skilríki, sem rétt er að krefja hjónaefni um við gæzlu þessara skilyrða, svo sem læknisvottorð og yfirlýsingu hjónaefna um, að þau viti ekki um tálma á hjúskap þeirra.

12. gr.

Löggildir vígslumenn samkvæmt ákvæðum þessa kafla annast um könnun á hjónavígsluskilyrðum, og fer hún fram í lögsagnarumdæmi, þar sem annað hjónaefna á lögheimili. Nú á hvorugt lögheimili hér á landi, og fer könnun þá fram þar í umdæmi, sem annað þeirra dvelst. Til tryggingar krefur vígslumaður hjónaefni um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna, er báðir ábyrgjast, að enginn tálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap.

13. gr.

Hjónavígsla má ekki fara fram, nema fyrir liggi vottorð frá vígslumanni samkvæmt 12. gr. um, að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt. Vottorð þetta má þó ekki vera meira en fjögurra mánaða gamalt.

Nú er annað hjónaefna hættulega sjúkt, og má hjónavígsla þá fara fram, þótt könnun hjónavígsluskilyrða hafi ekki átt sér stað.

Nú er vígslumanni kunnugt um hjúskapartálma, og má hann þá eigi vígja hjónaefni, þótt fullgildu vottorði samkvæmt 1. málsgr. sé til að dreifa.

III. KAFLI
Hjónavígsla.

14. gr.

Hjúskapur er lögmætur, hvort sem hann er stofnaður fyrir presti (forstöðumanni safnaðar) eða veraldlegum vígslumanni.

15. gr.

Kirkjuleg hjónavígsla er heimil:

1. Innan þjóðkirkjunnar, ef annað hjónaefni heyrir henni til.
2. Innan annars löggilts trúfélags hér á landi, ef annað hjónaefna heyrir trúfélaginu til.

Dómsmálaráðuneyti getur veitt erlendum evangelísk-lútherskum mönnum sama rétt til kirkjulegrar hjónavígslu sem innlendir trúbræður þeirra njóta.

16. gr.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega hjónavígslu innan kirkju sinnar. Hinu sama gegnir um presta eða forstöðumenn annarra hérlendra trúfélaga, sem fengið hafa löggildingu dómsmálaráðuneytis til að annast hjónavígslu.

Kirkjumálaráðuneyti, setur að fengnum tillögum biskups, reglur um, hvaða prestar innan þjóðkirkjunnar hafi heimild til hjónavígslu og hvenær þeim sé skylt að framkvæma hjónavígslu. Frá 1. janúar 1972 að telja skal þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, óheimilt að framkvæma hjónavígslur.

17. gr.

Borgaraleg hjónavígsla er öllum kræf, jafnt þeim, sem eiga kröfu á kirkjulegri vígslu, sem öðrum.

18. gr.

Borgaralega hjónavígslu framkvæma sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík yfirborgardómari og borgardómarar. Þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður utan Reykjavíkur, er hann einnig vígslumaður. Fulltrúar greindra embættismanna, sem löggiltir eru til dómsstarfa, eru einnig vígslumenn.

19. gr.

Kirkjumálaráðuneytið getur löggilt íslenzka presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis.

Utanríkisráðuneyti getur, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti, sett reglur um heimild starfsmanna í íslenzkum sendiráðum, er hafa diplómatíska stöðu, til að

framkvæma hjónavígslur erlendis, svo og um heimild ræðismanna Íslands erlendis í sama skyni.

Ákvæði laga þessara um hjónavígsluskilyrði, könnun þeirra, svo og hjónavígslu, gilda einnig um hjónavígslur samkvæmt 1. og 2. málsgrein. Könnun hjónavígsluskilyrða getur farið fram af hálfu vígslumanna samkvæmt 1. og 2. málsgrein.

Heimilt er að ákveða með samningi við erlent ríki, að hjónabönd, sem til er stofnað hér á landi fyrir presti frá viðkomandi ríki eða starfsmönnum í sendiráði þess hér á landi eða fyrir útsendum ræðismanni þess hér, séu gild hér á landi.

20. gr.

Borgaraleg hjónavígsla fer fram í skrifstofu vígslumanns, nema vígslumaður og hjónaefni verði á annað sátt.

Kirkjuleg hjónavígsla fer fram í kirkju, nema vígslumaður og hjónaefni samþykki annað.

21. gr.

Hjónavígsla skal fara fram í viðurvist tveggja vitna.

Vígslumaður spyr hjónaefni, sem bæði eru viðstödd, hvort fyrir sig, hvort þau vilji stofna til hjúskapar, og lýsir þau hjón, er þau hafa játað því.

Ráðuneyti þau, sem í hlut eiga, setja nánari reglur um framkvæmd borgaralegrar og kirkjulegrar hjónavígslu, og má leggja sektir við vangæzlu þeirra reglna.

22. gr.

Hjónavígsla er gild, ef lögmætur vígslumaður hefur framkvæmt hana, enda hafi hann gætt þeirra reglna, sem greinir í 2. málsgrein 21. gr.

Nú er hjónavígsla ógild samkvæmt 1. málsgrein, og getur dómsmálaráðuneyti þá lýst hana gilda, ef sérstakar ástæður mæla með því.

23. gr.

Um færslu embættisbóka í sambandi við hjónavígslur og skil á skýrslum um það efni fer eftir þeim lögum og öðrum réttarreglum, sem um það efni gilda, eða sett kunna að verða. Sama er um greiðslu, sem hjónaefnum er skylt að gjalda fyrir hjónavígslu, svo og um greiðslu fyrir vottorð. Heimilt er að kveða nánar á um þessi efni í reglugerð, er dómsmálaráðuneyti setur.

Nú framkvæmir forstöðumaður (prestur) löggilts trúfélags hjónavígslu, og gilda þá framangreindar reglur um þá hjónavígslu, en heimilt er að öðru leyti að viðhafa þá helgisiði, er reglur eða venjur trúfélags segja til um.

IV. KAFLI

Ógilding hjúskapar.

24. gr.

Nú brýtur hjúskapur í bága við ákvæði 6. eða 9. gr., og skal þá ógilda hann með dómi. Ef hjúskapur gengur í berhögg við ákvæði 9. gr., er ekki unnt að ógilda hann, ef fyrra hjúskap er lokið, áður en mál er höfðað.

Mál til ógildingar hjúskapar samkvæmt þessum ákvæðum má höfða af hendi dómsmálaráðherra eða annars hvors hjóna. Ef ógilding hjúskapar er reist á ákvæði 9. gr., er málshöfðun einnig heimil því hjóna úr eldra hjúskap, sem tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

25. gr.

Annað hjóna getur krafizt ógildingar hjúskapar síns:

1. Hafi það verið viti sínu fjær, þegar vígsla fór fram, eða að öðru leyti svo ástatt um það, að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum.
2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim, sem það hafði bundizt hjúskaparorði, eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess.
3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því að villa vísvitandi á sér heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hitt frá hjúskapnum, ef vitað hefði.
4. Hafi það verið neytt til vígslunnar.

Mál til ógildingar verður ekki höfðað eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því að ástandi lauk, sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2. eða 3. lið, eða frá því að nauðung létti samkvæmt 4. lið. Hvernig sem á stendur verður ógildingarmál ekki höfðað eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu.

26. gr.

Ógilding hjúskapar hefur sömu áhrif að lögum og lögskilnaður, nema annars sé getið í lögum.

27. gr.

Við skipti vegna ógildingar hjúskapar tekur hvort hjóna að óskiptu verðmæti úr hjúskapareign, sem svarar til þess, er það flutti í búið, er til hjúskapar var stofnað, og til þess, sem síðar hefur bætzt því vegna gjafar eða arfs, og enn fremur virði þess, sem það hefur flutt frá séreign sinni til hjúskapareignar sinnar. Nú hrökkva eigur bús ekki til að fullnægja kröfum hvors um sig, og ber þá að lækka þær að tiltölu. Nú hefur annað hjóna gefið hinu eitthvað til séreignar, og er þá sú gjöf afturtæk.

28. gr.

Nú sætir hjúskapur ógildingu, og var annað hjónaefna grandlaust um ógildingarástæðu, þegar hjónavígsla fór fram, en hitt eigi, og getur þá hið fyrrnefnda krafizt hæfilegra bóta af hinu. Bætur ber að miða við kjör beggja og atvik að öðru leyti.

29. gr.

Nú deyr annað hjóna, áður en hjónaband sætir ógildingu, sem ógildanlegt er samkvæmt 24. gr., og getur þá hitt eða erfingjar hins látna krafizt þess að sérreglum um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt. Auk þess getur það hjóna, sem lifir, krafizt bóta samkvæmt 28. gr.

Sama rétt á það hjóna, sem gat höfðað mál samkvæmt 25. gr., þegar hitt hjóna andast, áður en ógilding hefur átt sér stað, enda séu málshöfðunarfrestir ekki liðnir. Nú er ógildingarmál höfðað og maki andast eftir það, og er þá erfingjum hans heimilt að krefjast þess, að sérreglum um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt.

Kröfur samkvæmt 1. og 2. málsgrein ber að hafa uppi innan 6 mánaða frá andláti.

30. gr.

Nú andast það hjóna, sem stofnað hefur til hjúskapar andstætt ákvæði 9. gr., áður en hjúskapur sætir ógildingu, og skal þá líta svo á, að réttur gagnvart þriðja manni til bóta, lífeyris og eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna, er lifir, er ætlaður, beri eftirlifandi maka úr þeim hjúskap, sem tvíkvænishjúskapur braut í bága við, nema annað sé ljóst af atvikum.

V. KAFLI
Hjónaskilnaðir.

31. gr.

Nú eru hjón sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng, og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar, enda séu þau á eitt sátt um skipan forráða fyrir börnum, um framfærslueyri með börnum og milli hjóna innbyrðis og annað tveggja sé samkomulag um fjárskipti eða skiptaráðandi hafi tekið eigur bús til uppskriftar og skiptameðferðar.

32. gr.

Nú sýnir annað hjóna af sér mikla vanrækslu á framfærsluskyldum sínum gagnvart hinu eða börnum, sem því er skylt að framfæra, eða brýtur að öðru leyti mjög í bága við skyldur sínar gagnvart þeim, og á þá hitt rétt á leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Sama gegnir, ef ósamlyndi milli hjóna er orðið svo magnað, að eigi þyki mega una frekari samvistum, enda skal þá veita skilnað, nema ósamlyndi sé aðallega að kenna leyfisbeiðanda.

Nú er til að dreifa lögskilnaðarástæðu samkvæmt ákvæðum þeim, er fara hér á eftir, og getur maki þá krafizt skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar, ef svo býður við að horfa.

33. gr.

Nú takast aftur samvistir með hjónum, sem skilið hafa að borði og sæng, og falla þá niður réttaráhrif skilnaðarins.

34. gr.

Nú hafa hjón verið skilin að borði og sæng og hafa eigi verið samvistum, sbr. 33. gr., og á þá hvort þeirra um sig kröfu til að fá lögskilnað, þegar eitt ár er liðið frá því að þau hlutu leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

35. gr.

Nú hafa hjón slitið samvistir vegna ósamlyndis og getur þá hvort þeirra krafizt lögskilnaðar, þegar samvistaslit hafa staðið í 3 ár.

36. gr.

Nú hefur annað hjóna slitið samvistir gegn vilja hins og án fullnægjandi tilefnis, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, þegar samvistaslit hafa staðið í 2 ár.

37. gr.

Nú er annað hjóna horfið og ekki hefur spurzt til þess í 3 ár, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar.

38. gr.

Nú hefur annað hjóna stofnað til hjúskapar andstætt ákvæðum 9. gr., og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar á hjúskap sínum, er tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

39. gr.

Nú hefur annað hjóna orðið bert að hjúskaparbroti eða atferli, sem jafna má til þess, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á verknaðinn eða stutt að framgangi hans.

Ákveða má, að aðeins verði dæmt til skilnaðar að borði og sæng eða veitt leyfi til hans í stað lögskilnaðar, þegar tillitið til barna hjóna eða aðrar veigamiklar ástæður mæla með því.

Mál skal höfða eða afhenda umsókn um leyfi til skilnaðar innan 6 mánaða frá því að maka varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 2ja ára frá því að hann var framinn.

40. gr.

Nú hefur annað hjóna sótzt eftir lífi hins eða orðið uppvíst að misþyrmingu á því eða börnunum, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, enda hafi það ekki lagt samþykki á verknaðinn eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Höfða skal mál eða afhenda umsókn um leyfi til lögskilnaðar innan eins árs frá því að maka varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3ja ára frá því að hann var framinn.

41. gr.

Nú hefur íslenzkur dómstóll dæmt annað hjóna til refsivistar í 2 ár eða lengur eða til öryggisgæzlu, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á verknaðinn eða sjálfviljugt stuðlað að framgangi hans. Nú hefur erlendur dómstóll kveðið upp dóminn, og er þá heimilt að telja þann dóm hafa sömu réttaráhrif, ef tillitið til háttsemi þeirrar, sem maður er talinn sekur um, og atvika máls að öðru leyti mælir með því.

Mál skal höfða eða afhenda umsókn um lögskilnað innan eins árs frá því, að krefjanda varð kunnugt um dóminn, og eigi síðar en 3 árum frá uppsögn hans.

42. gr.

Nú hefur annað hjóna verið haldið geðveiki 3 ár eða lengur, og getur hitt þá krafizt lögskilnaðar. Ef sérstakar ástæður mæla með því, má dæma til lögskilnaðar eða veita leyfi til hans, þótt sjúkdómurinn hafi ekki staðið í 3 ár.

43. gr.

Leyfi til skilnaðar að borði og sæng samkvæmt 31. gr. veita bæjarfógetar og sýslumenn, í Reykjavík yfirborgardómari, og lögreglustjórarnir í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli.

Leyfi til skilnaðar að borði og sæng samkvæmt 32. gr. veitir dómsmálaráðuneyti. Nú hefur ráðuneytið synjað um leyfi, og má þá krefjast skilnaðar að borði og sæng samkvæmt þessu ákvæði fyrir dómstólum.

Dómsmálaráðuneyti veitir leyfi til lögskilnaðar samkvæmt 34. gr. Lögskilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum má leita hvort heldur fyrir dómsmálaráðuneyti eða dómstólum. Synjun ráðuneytis er því ekki til fyrirstöðu að lögskilnaðar sé leitað fyrir dómstól.

44. gr.

Áður en mál er höfðað til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar eða umsókn er afhent um leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, skal leita um sættir með hjónum og kanna grundvöll að framhaldandi sambúð. Sáttanefnd leitar um sættir, ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfélagi. Ella skal prestur leita um sættir með þeim eða löggiltur forstöðumaður trúfélags. Mál er ekki unnt að höfða eða leyfi hægt að veita, nema sáttatilraun hafi átt sér stað á síðustu 6 mánuðum.

Nú sækir annað hjóna ekki sáttafund, þótt það hafi fengið kvaðningu tvívegis, og er þá nægilegt að reyna sættir með hinu. Nú er annað hjóna erlendis, og þarf þá ekki að reyna sættir með því.

Skylt er hjónum að sækja sjálf sáttafund, ef þau dvelja hér á landi og eigi hvorugt lengri leið en 100 kílómetra til fundarstaðar. Nú búa þau í meiri fjarska, og skal þá reyna sátt með hvoru í sínu lagi. Nú sækir annað hjóna ekki löglega boðaðan sáttafund, og varðar það sektum, nema lögmæt forföll hamli.

Dómsmálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd sátta og má þar m. a. tiltaka, hversu lengi sáttatilraunir geti staðið. Ákveða má í reglunum, að könnun á málefnum hjóna og sáttatilraun í stofnun um fjölskylduráðgjöf komi í stað sátta samkvæmt 1. málsgrein.

45. gr.

Áður en leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar, skal yfirvald reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan foreldraráða yfir börnum og um framfærslueyri og um aðra skilnaðarskilmála. Hjón skulu og staðfesta samkomulag um þessi efni fyrir yfirvaldi, svo og staðfesta umsókn um skilnað og lýsa horfi sínu til hennar. Umsókn um skilnaðarleyfi skal fylgja vottorð um, að sættir hafi verið reyndar, svo og endurrit úr hjónaskilnaðarbók, eftir því sem við á.

Dómsmálaráðuneyti setur nánari reglur um umleitun yfirvalds samkvæmt 1. málsgrein.

46. gr.

Þeir skilnaðarskilmálar, sem hjón hafa komið sér saman um, eða ákveðnir hafa verið með öðrum hætti í tilefni leyfis til skilnaðar að borði og sæng, skulu einnig gilda eftir að lögskilnaður er fenginn, nema annars sé getið. Framfærslueyrir með maka eftir lögskilnað kemur þó ekki til greina, nema þessa sé sérstaklega getið.

47. gr.

Þegar úrlausn er veitt um skilnað að borði og sæng og lögskilnað, ber að taka afstöðu til foreldraráða yfir sameiginlegum börnum hjóna, svo og um rétt foreldris til umgengni við börn.

Nú eru hjón á einu máli um forræði barna, og skal þá skipa máli í samræmi við það, nema í bága komi við þarfir barna. Í síðastgreindu tilviki, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefnum þessum til lykta, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem bezt hentar þörfum barnanna. Forræði barns skal vera óskipt hjá öðru hvoru foreldrinu.

Nú eru foreldrar ásátt um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess, og skal dómsmálaráðuneyti þá staðfesta þá skipan, nema það komi í bága við þarfir barnsins. Ef foreldra greinir á um umgengnisréttinn, kveður dómsmálaráðuneyti svo á eftir ósk þess foreldris, sem ekki fær forræði barns, að það skuli eiga rétt til umgengni við barn, nema sérstök atvik mæli gegn því, og mælir nánar fyrir um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns við framkvæmd á rétti til umgengni.

Nú torveldar það hjóna, sem hefur forræði barns, að hitt hjóna fái að umgangast barnið, og er þá hægt að knýja það, að viðlögðum 50—500 kr. dagsektum, að láta af tálmunum. Öðrum réttarfarsúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

48. gr.

Samningi um forræði barna, svo og ákvörðun dóms um forræðið, má breyta með dómi, ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barna. Dómsmálaráðuneyti getur með sama skilorði breytt ákvörðunum sínum í þessu efni. Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytis.

49. gr.

Við úrlausn um skilnað að borði og sæng og um lögskilnað ber að taka ákvörðun um skyldu hjóna til að greiða framfærslueyri hvort með öðru. Eftir að lögskilnaður

er veittur, verður öðru hjóna ekki gert að skyldu að greiða hinu framfærslueyri, nema sérstaklega standi á.

50. gr.

Nú næst ekki samkomulag um greiðslu framfærslueyris samkv. 49. gr., og leysir þá dómsmálaráðuneyti eða dómstóll úr ágreiningnum. Framfærslueyri ákveður dómsmálaráðuneyti, ef það leysir úr máli, en yfirvald, ef dómstóll kveður á um skyldu til greiðslu framfærslueyris.

Við úrlausn samkvæmt 1. málsgrein skal við það miða, hvað ætla megi að krefjandi geti aflað sér sjálfur, svo og við það, hvað telja megi hitt hjóna aflögufært um. Þá skal einnig taka tillit til atvika að öðru leyti, þ. á m. hversu lengi hjúskapur hafi staðið og hvort krefjanda sé þörf á menntun eða endurhæfingu.

Skylda til greiðslu framfærslueyris fellur niður, þegar sá, sem rétt á til framfærslueyris, giftist af nýju eða þegar annaðhvort hjónanna andast.

51. gr.

Nú hafa hjón komið sér saman um skyldu til greiðslu framfærslueyris eða um fjárhæð hans, og er þá unnt að breyta þessum samningi með dómi, enda sé sýnilega ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna að halda samningnum til streitu.

52. gr.

Ákvæði dóms eða úrlausn ráðuneytis um framfærsluskyldu annars hjóna með hinu er unnt að breyta, ef verulega breyttar aðstæður og atvik að öðru leyti mæla með slíkri breytingu.

Yfirvald getur breytt ákvörðun sinni um fjárhæð framfærslueyris, ef atvik mæla með því.

53. gr.

Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll geta ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forræði fyrir börnum hjóna, sem krafizt hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Ákvæði 47. gr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvæðum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun samkvæmt þessu ákvæði bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forræði barna til frambúðar.

54. gr.

Nú hafa hjón vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar komið sér saman um fjárskipti sín, framfærsluskyldu eða aðra skilnaðarskilmála, og er þá unnt með dómi að lýsa samning óskuldbindandi, ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað.

Dómsmál ber að höfða innan eins árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs.

Nú er freistað að hnekkja samningi með stoð í almennum reglum um fjármunaréttarsamninga, og gilda þá greindir tímafrestir ekki.

VI. KAFLI

Ákvæði, er lúta að fjárskiptum vegna skilnaðar o. fl.

55. gr.

Um fjárskipti vegna skilnaðar fer samkvæmt VII. kap. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna og samkvæmt skiptalögum nr. 3/1878, einkum 6. kap., svo og ákvæðum þeim, sem í þessum kafla greinir.

56. gr.

Um rétt maka til lífeyris eftir skilnað fer samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðslaga og annarra laga, sem um það gilda.

57. gr.

Nú stafa eigur bús, er skipta á vegna skilnaðar að borði og sæng, lögskilnaðar eða úrskurðar um slit á fjárfélagi, að mestu leyti frá öðru hjóna, er flutt hefur þær í bú með þeim hætti, er segir í 27. gr., og er þá heimilt að kveða svo á samkvæmt kröfu þess hjóna, að búi skuli skipta samkvæmt meginreglum 27. gr. að nokkru eða öllu leyti, enda teljist helmingaskipti á þessum verðmætum bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hafi staðið skamma stund og hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu.

58. gr.

Nú getur maki ekki innan marka þess hluta bús, sem fellur til hans, fengið nauðsynleg búsgögn og annað lausafé, sem er nauðsynlegt til að halda uppi heimili, og er þá heimilt samkvæmt kröfu hans að kveða svo á, að búshluti hans skuli aukast, enda séu ekki horfur á, að hann geti á annan hátt aflað sér þessara nauðsynja.

59. gr.

Unnt er að leggja maka muni út eftir virðingu, þótt verðmæti þeirra fari fram úr búshluta hans. Sá, er útlagningu fær, verður að greiða hinu þá fjárhæð, sem fram yfir er rétta tiltölu. Skiptaréttur getur ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að fjárhæð þessi sé greidd með afborgunum um tiltekinn tíma gegn tryggingu, er skiptaréttur áskilur, og með þeim vaxtakjörum, er hann tiltekur.

60. gr.

Nú höfðu hjón á leigu íbúðarhúsnæði, er hjúskap þeirra lauk, og fer þá eftir samkomulagi þeirra, hvort þeirra heldur áfram að búa í húsnæðinu. Nú greinir þau á, og skal þá dómsmálaráðuneyti eða dómstóll ákveða eftir öllum aðstæðum, hvort þeirra haldi áfram leigumála, og skal tillit sem mest tekið til þarfa hjóna og barna, sem hvort þeirra um sig hefur forræði fyrir.

VII. KAFLI

Um réttarfar í hjúskaparmálum o. fl.

61. gr.

Hjúskaparmál eru hér nefnd þau mál, sem höfðuð eru til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, eða til sönnunar því, að hjónaband sé gilt eða ógilt.

62. gr.

Sá einn getur höfðað hjúskaparmál, sem öðlast vill dóm til viðurkenningar á því, að hann sé eða sé ekki í hjónabandi, eða sá, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar.

63. gr.

Nú höfðar annar maður en annaðhvort hjóna mál til ógildingar því hjónabandi, og verður þá að stefna báðum hjónunum. Málið má höfða þar, sem lögsækja má annað hjóna samkvæmt 67. gr.

64. gr.

Dómsmálaráðuneyti getur vegna gæzlu almennra hagsmuna látið hjúskaparmál til sín taka, hvort heldur í héraði eða æðri dómi, svo og stefnt máli fyrir æðri dóm, þó að það hafi eigi komið við málið í héraðsdómi.

Nú er hjúskaparmál þannig vaxið, að komið virðist geta við almenna hagsmuni, og ber dómara þá að skýra dómsmálaráðuneyti frá málavöxtum.

65. gr.

Hjón eiga forræði hjúskaparmáls, nema svipt séu lögræði vegna geðveiki eða vitskorts.

Nú er annað hjóna eða bæði svipt lögræði vegna geðveiki eða vitskorts, og kemur þá lögráðamaður í stað þess, er sviptur er lögræði, enda hafi hann samþykki yfirlögráðanda til sóknar máls.

66. gr.

Hjúskaparmál má höfða hér á landi, ef stefndur á hér heima þá er mál er höfðað, eða eigi bæði hjónin þá íslenzkt ríkisfang, eða hafi síðasta sameiginlegt ríkisfang beggja verið íslenzkt, enda eigi þau nú ekki bæði ríkisfang í öðru og sama landi.

Hjúskaparmál má og höfða hér á landi, hafi síðasta heimilisfang beggja hjóna verið hér og hafi stefndur annaðhvort yfirgefið sækjanda án lögmætra ástæðna eða skipt um heimilisfang eftir að ógildingar- eða skilnaðarástæða varð til.

Gera má aðra skipun á hér nefndum reglum, ef svo semst um við annað ríki.

67. gr.

Mál skal höfða í þeirri þinghá, sem stefndur er heimilisfastur.

Nú hefur stefndur farið af landi brott eða ókunnugt er um dvalarstað hans, og skal þá mál höfða í þeirri þinghá, sem hjónin áttu bæði síðast heima í, eða þar sem sækjandi á heima.

Nú á mál eigi undir tiltekið varnarþing lögum samkvæmt, og ákveður þá dómsmálaráðuneyti, hvar mál skuli höfða.

68. gr.

Nú er ógildingarmál höfðað að tilhlutun dómsmálaráðuneytis, og fer þá um rekstur þess að hætti opinberra mála, hvort sem refsingar er krafizt eða ekki, sbr. lög nr. 82/1961, 2. gr.

Dómsmálaráðuneyti getur látið fresta málssókn til ógildingar tvíkvænishjúskap, sérstaklega ef ætla má, að fyrra hjúskap verði bráðlega slitið.

Hjúskaparmál, sem einstaklingur sækir, fer að hætti einkamála, ef eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

69. gr.

Héraðsdómari leitar um sættir með hjónum í hjúskaparmálum. Þó getur sáttaumleitun af hendi prests beggja eða annars komið í stað sáttaumleitunar fyrir dómi, ef um hjónaskilnaðarsök er að ræða og báðir aðiljar eru á eitt sáttir um að leita prests. Nú hefur prestur eigi reynt sátt áður en málið kemur fyrir dóm, og skal þá fresta málinu, ef aðiljar krefjast, svo að sátt megi reyna fyrir presti.

Nú leitar dómari eigi sátta samkvæmt 1. málsgrein, og skal hann þá samt reyna að ná samkomulagi um skilnaðarskilmála, áður en mál er dómtekið.

70. gr.

Nú þykir dómara ástæða til að skipa öðrum aðilja eða báðum málsvara, og skal þá greiða málsvaralaun af almannafé, að svo miklu leyti sem þau verða eigi lögð á sækjanda.

71. gr.

Dómari getur kvatt sækjanda í dóm, án tilefnis af hendi stefnds, til að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur sækjandi eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera um málavexti eða vinna eið, og skal þá frávísa málinu.

Dómari getur og kvatt stefndan í dóm, til þess að bera um málavexti eða heitfesta hann vegna skýrslu hans. Nú kemur stefndur eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera eða vinna eið, og metur þá dómari samkvæmt 72. gr., hverju það varði.

Ákvæði 124. gr. 1. málsgr. laga nr. 85/1936 gilda hér eftir því sem við á.

72. gr.

Nú játar stefndur atriði, sem máli skiptir, og kemur játningin þá aðeins til álita sem sönnunargagn.

Slíkt hið sama gildir um útivist stefnds, þögn og óákveðnar yfirlýsingar.

73. gr.

Hvor tveggja aðili getur gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli, unz mál er dómtekið, enda þarf eigi að leita sátta að nýju vegna nýrra dómkrafna.

Nú hefur hjúskaparmál verið dæmt að efni til, og er dómur bindandi úrslit sakarefnis með þeim hætti, er segir í 195. gr. laga nr. 85/1936, nema öðruvísi segi í lögum þessum.

74. gr.

Aðildareiður er eigi heimill í hjúskaparmáli, nema svo standi á sem lýst er í 71. gr.

75. gr.

Nú þarf í hjúskaparmáli að sanna geðveiki annars hjóna, og skal þá leita bréflegrar yfirlýsingar sérfróðs embættismanns eða annars löggilts læknis, sé eigi kostur sérfræðings, og eftir atvikum bera mál undir læknaráð.

76. gr.

Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðiljar séu á eitt sáttir um annað.

Eigi má heldur, án leyfis beggja aðilja, birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerzt hefur í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100—10 000 króna sekt til ríkissjóðs.

77. gr.

Nú hefur öðrum aðilja eða báðum verið skipaður málsvari, og skal þá einnig kveðja hann til að hlýða á dómsuppsögn, enda nægir að kveðja málsvara einan til, sé aðili staddur utanlands eða sé ókunnugt um dvalarstað hans, eða sé aðili sviptur lögræði vegna geðveiki.

78. gr.

Áfrýja skal héraðsdómi í hjúskaparmáli til æðri réttar innan 3ja mánaða frá dómsuppsögn.

Uppreisn verður eigi veitt nema til gagnáfrýjunar dómi í aðalmáli, sem áfrýjað er innan lögmælts áfrýjunarfrests.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því aðeins að gagnaðili og dómsmálaráðuneyti hafi bréflega fallið frá áfrýjun.

79. gr.

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli, og fellur þá málið niður.

80. gr.

Nú er svo ákveðið í lögum þessum, að mál skuli höfða innan lögmælts tíma, og fer þá um það samkvæmt 103. gr. laga nr. 85/1936 og 115. gr. laga nr. 82/1961, hvenær mál telst höfðað.

Nú er máli vísað frá dómi eða það fellt niður án kröfu sækjanda, og getur sækjandi þá höfðað mál að nýju innan 6 vikna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sé þá liðinn.

81. gr.

Nú er beiðzt hjónaskilnaðar eða mál höfðað til ógildingar hjúskapar eða skilnaðar, og getur þá dómsmálaráðuneyti, ef ástæður þykja til og annað hjóna krefst þess, boðið hinu hjóna að raska eigi eignum þeim, sem til skipta koma, unz kveðið er á um skilnað eða ógildingu.

Nú sinnir maki eigi boði ráðuneytis samkvæmt 1. málsgrein, og getur hitt hjóna þá þegar krafizt fjárslita að lögum, sbr. 39. gr. laga nr. 20/1923.

Enn getur dómsmálaráðuneyti, ef sérstaklega stendur á og annað hjóna krefst þess, leyft því að slíta um stund samvistir við hitt, og jafnframt gert því að greiða framfærslueyri með krefjanda og þeim börnum, sem hjá honum eru og hinu ber að framfæra. Fer þá um ákvörðun framfærslueyris samkvæmt 47. og 50. gr. laganna.

VIII. KAFLI

Gildistaka o. fl.

82. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1972.

83. gr.

Ákvæði 22. gr., 2. málsgr. gilda einnig um hjónabönd, sem til er stofnað fyrir gildistöku laga þessara.

84. gr.

Nú er sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá dæma um þá kröfu eða umsókn eftir eldri lögum. Ef bæði hjón óska þess, er þó unnt að beita reglum þessara laga.

Nú sætir hjúskapur ógildingu eftir gildistöku þessara laga, og fer þá um réttaráhrif þeirrar ógildingar eftir ákvæðum þessara laga.

85. gr.

Nú er veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng í gildistíð eldri laga, og fer þá um lögskilnað á grundvelli þess leyfis eftir eldri lögum. Þó getur hvort hjóna um sig krafizt lögskilnaðar eftir 1. janúar 1973 án tillits til þessa ákvæðis.

Í þeim tilvikum, er greinir í 1. málsgrein, er heimilt að beita ákvæðum þessara laga, ef bæði hjónin óska þess.

86. gr.

Ákvæðum 47. gr. ber að beita um samninga og ákvarðanir um foreldraráð, einnig þegar samningur var gerður eða ákvörðun tekin í gildistíð eldri laga.

87. gr.

Ákvæðum 51. og 54. gr. verður aðeins beitt um samninga, sem gerðir eru eftir gildistöku laga þessara.

Breyting á úrlausnum um framfærslueyri, sem fram fara fyrir gildistöku laganna, hlítir ákvæðum þessara laga.

88. gr.

Ákvæðum VI. kafla laga þessara verður beitt um fjárskipti, ef leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar er gefið út eftir gildistöku laganna, svo og ef dómur, sem fellst á kröfu um skilnað eða ógildingu hjúskapar, er sagður upp eftir greint tímamark eða úrskurður gengur um slit fjárfélags eftir það.

89. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 39 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar, svo og lög nr. 77 19. desember 1967 og lög nr. 34 5. maí 1969, bæði um breyting á lögum nr. 39 27. júní 1921, svo og það atriði í 13. gr. l. 36/1950, um ónæmisaðgerðir, er lýtur að hjónavígslu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Á þriðja fundi Norðurlandaráðs 1955 mælti ráðið með því við ríkisstjórnir Norðurlanda, að efnt yrði til samvinnu um endurskoðun löggjafar um stofnun og slit hjúskapar og um réttindi og skyldur hjóna í þeim tilgangi að samræma þessa löggjöf eftir föngum á öllum Norðurlöndum. Var hér m. a. stuðzt við álitsgerð nefndar um norræna löggjafarsamvinnu. Nefndir til endurskoðunar sifjalaga voru síðan settar í öllum löndunum, og fyrstu fundir norrænu nefndanna voru haldnir 1960. Hefur þessari samvinnu verið haldið áfram æ síðan allt til 1968. Í íslenzku sifjalaganefndinni hafa átt sæti: Prófessor Ármann Snævarr, fyrrv. háskólarektor, formaður, frú Auður Auðuns, nú dómsmálaráðherra og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri.

Á norrænum lögfræðingafundum hafa ýmsir þættir sifjalöggjafar verið til umræðu á síðustu árum, þ. e. 1954, þegar rætt var um fjármál hjóna, 1957, er umræður urðu um ákvæði norrænna sifjalaga um skilnaði, og 1963, þegar rætt var um ákvæði um foreldravald og umgengnisrétt. Á 15. þingi Norðurlandaráðs í febrúar 1967 var þessi löggjöf enn til umræðu, og var þar gerð ályktun, þar sem því var beint til ríkisstjórna Norðurlanda að freista þess að samræma ákvæðin um hjúskaparbrot sem lögskilnaðarástæðu. Enn var þessi löggjöf til umræðu á fundum Norðurlandaráðs í febrúar 1971, án þess að ályktun væri gerð um málið.

Norrænu sifjalaganefndirnar hafa sent frá sér álitsgerðir og frumvörp, nema finnsku og íslenzku nefndirnar. Fyrsta danska álitsgerðin er frá 1962 um skipti milli maka. Á grundvelli hennar voru sett lög um breytingu á skiptalögunum nr. 412/1963. Önnur álitsgerðin er frá 1964 og fjallar um stofnun og slit hjúskapar og ákvæði laga um foreldravald og umgengnisrétt. Á grundvelli þeirrar álitsgerðar og frumvarps voru síðan sett ný heildarlög um stofnun og slit hjúskapar nr. 256, 4. júní 1969 og breytt var lögræðislögunum, að því er varðar ákvæðið um umgengnisrétt föður við óskilgetið barn. Var sá réttur nú lögfestur að meginstefnu til, en Hæstiréttur Danmerkur taldi í dómi 14. október 1964, að slíkum lögvörðum rétti væri ekki til að dreifa. Þriðja álitsgerð dönsku sifjalaganefndarinnar er frá 1966 og fjallar um réttaráhrif hjúskapar. Þær tillögur, sem nefndin setti þar fram, hafa ekki enn náð lögfestingu. Fjórða álitsgerðin frá 1968 varðar sköttun á eignum og tekjum hjóna, en tillögur til breytinga voru ekki víðtækar og munu sumpart hafa náð fram að ganga.

Árið 1964 sendi sænska sifjalaganefndin frá sér mikla álitsgerð og tillögur um ýmsa þætti sifjalöggjafar, bæði um stofnun og slit hjúskapar og um fjármál hjóna. Tillögur nefndarinnar hafa aðeins verið lögfestar að litlu leyti, sbr. t. d. ákvæðin um lækkun á hjúskaparaldri og ákvæðin um hjúskaparbrot sem skilnaðarsök, sem lögtekin voru 1968, svo og ákvæði um framkvæmd á úrlausnum um umgengnisrétt, er lögfest voru 1967. Í ágúst 1969 skipaði dómsmálaráðherra Svía nýja sifjalaganefnd og setti henni fyrirmæli. Var gert ráð fyrir, að nefndin leitaði samvinnu við aðrar norrænar sifjalaganefndir, en af fundum hefur enn ekki orðið. Í erindisbréfi nefndarinnar er lögð áherzla á, að nefndin samræmi reglur sifjalaga við þær veigamiklu breytingar, sem orðið hafa á þjóðfélagsháttum og löggjöf á síðustu árum, þar sem m. a. almannatryggingalöggjöf er stórum víðtækari en áður og miklu meir kveður að atvinnu giftra kvenna utan heimilis. Er lagt fyrir nefndina að freista þess að gera sifjalög svo úr garði, að fólki sé látið frjálst, hvort það stofnar fremur til hjúskapar eða velur óvígða sambúð, og að afnema ákvæðin, sem tengja lagaáhrif við sök á samvistaslitum, ef til skilnaðar kemur. Þá var bent á ýmis ákvæði, sem hefðu harla lítið gildi nú orðið og hægt væri að skaðlausu að afnema, svo sem ýmis hjónavígsluskilyrði.

Norska sifjalaganefndin, sem tók til starfa árið 1957, eins og hin danska, hefur látið frá sér fara ýmsar álitsgerðir og tillögur, svo sem um sáttaumleitun í hjú-

skaparmálum (1963), um breytingar á lögum um stofnun og slit hjúskapar (1964), breytingar á lögum um skilgetin börn (1964), breytingar á lögum um fjármál hjóna (1964) og breytingar á lögum um líftryggingar og lífeyri (1965). Lög um breytingar á lögum um stofnun og slit hjúskapar voru lögtekin 1969, sbr. lög nr. 7 7. febrúar 1969 og nr. 30 22. maí 1970, en tiltölulega litlar breytingar voru gerðar á lögum um fjármál hjóna með lögum nr. 54 19. júlí 1969.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á finnsku hjúskaparlöggjöfinni frá 1929, einkum varðandi hjónavígsluskilyrði, og voru þær breytingar gerðar með lögum 23. maí 1969.

Þess var getið, að ný sifjalaganefnd var skipuð í Sviþjóð 1969, og einnig hefur verið skipuð ný sifjalaganefnd í Danmörku.

Rétt er að benda á, að á öllum Norðurlöndunum hefur lögræðisaldur verið lækkaður, á árunum 1967—1969, og urðu Íslendingar fyrstir til að lækka þann aldur, sbr. l. nr. 75/1967.

II.

Utan Norðurlanda hefur orðið stórvægileg breyting á sifjalögum síðasta áratuginn. Í Sovét-Rússlandi og löndum í austurhluta Evrópu hefur sifjalöggjöf t. d. sætt allgagngerri endurskoðun víðast hvar. Sifjalöggjöf í Bretlandi hefur og tekið talsvert miklum stakkaskiptum, einkum hefur skilnaðarlöggjöfin breytzt til muna, horfið hefur verið a. m. k. að formi til frá sakarþættinum, sem var miklu ráðandi um skilnaðarskilyrði, og tekin upp sú viðmiðun, sem mjög gætir í löggjöf í Austur-Evrópu og reist er á því, að hinn lögmælti skilnaðargrundvöllur sé aðeins einn, þ. e. þegar persónulegur og félagslegur grundvöllur sé hruninn undan hjúskapnum. Bæði í Bretlandi, löndum Austur-Evrópu og í frv. til skilnaðarlöggjafar í Vestur-Þýzkalandi frá 1970 gætir þeirrar lagastefnu mjög, að hverfa beri frá því að tengja lagaáhrif við sök annars hjóna á skilnaði, enda er það atriði næsta vandmetið. Er það einnig grunntónn í lagabreytingum á Norðurlöndum s. l. 2 ár eða svo að hverfa frá þeirri tilhögun. Enn fremur má benda á, að veruleg tilhneiging er til þess bæði í löndum Austur-Evrópu og í vestrænum löndum að takmarka til muna framfærslueyri með maka eftir lögskilnað. Kemur þar einkum tvennt til. Annars vegar að með aukinni menntun kvenna og atvinnustarfsemi þeirra utan heimilis eru þær síður háðar slíkum framfærslueyri en áður var, og í annan stað eru hinar víðtæku almannatryggingar til mikillar liðsemdar maka — og einkum konum — í þessu efni. Enn er það ríkt stefnumið í þessari þróun að afnema ýmis hjónavígsluskilyrði — hjónavígslutálma — sem nánast eru leifar frá gömlum tímum og hafa ekki framar stoð í siðgæðishorfum almennings. Þá er áberandi þróun á síðasta áratug til þess að bæta hlut óskilgetinna barna, sem rétt þykir að benda á í þessu sambandi, þótt frv. þetta víki ekki að þeim. Ný löggjöf um það efni hefur verið sett í Sviþjóð og Vestur-Þýzkalandi, er gekk í gildi í báðum löndum 1970, og í Bretlandi voru sett lög 1969, er mæla svo fyrir, að óskilgetin börn skuli í hvívetna hafa sömu erfðaréttarstöðu sem skilgetin börn. Enn hafa lagaákvæði um umgengnisrétt foreldra við börn, ef til skilnaðar kemur, svo og réttur föður til umgengni við óskilgetið barn sitt, verið mjög til umræðu og í brennidepli síðasta áratuginn. M. a. má árétta það, sem áður segir, um ný dönsk lög, er mæltu fyrir um umgengnisrétt föður við óskilgetið barn sitt, og enn fremur hafa verið sett ný lagaákvæði í Noregi um þetta atriði. Framkvæmd samkomulags eða úrskurða um umgengnisréttinn hafa lengi verið til umræðu, og hafa nú verið sett um það athyglisverð lög í Sviþjóð (1967) og í Danmörku (1969).

III.

Hér á landi hefur hjúskaparlöggjöfin tekið litlum stakkaskiptum síðustu árin. Helzt er að geta breytingar á ákvæðum laga 39/1921 um hjúskaparaldur, sbr. l. 77/1967, er breytir ákvæðum 7. og 8. gr. þeirra laga, og l. 34/1969, er breytir aldursákvæði 4. gr. sömu laga (50. gr. l. 39/1921 var afnumin með l. 8/1962).

Í því sambandi má raunar einnig minna á þá breytingu, sem gerð var á 29. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna með l. nr. 10/1962 (ný gerð kaupmála).

Íslenzk hjúskaparlöggjöf (l. 39/1921 og l. 20/1923) á rót að rekja til norrænnar lagasamvinnu, sem kunnugt er. Einsætt þótti, að af Íslands hálfu kæmi til þátttaka í því samstarfi, sem undanfarin ár hefur átt sér stað um endurskoðun þessara laga. Jafnframt bæri að bíða eftir niðurstöðu þess samstarfs og breyta ekki íslenzku sifjalögunum, fyrr en það væri afstaðið og sýnt, hvernig þjóðþing hinna landanna brygðust við tillögum nefndanna. Hefur íslenzka sifjalaganefndin tekið þátt í þessu samstarfi fyrir Íslands hönd.

Hjúskaparlöggjöf er í flestum greinum mjög áþekk hvarvetna á Norðurlöndum. Orkar ekki tvímælis, að mikill hagur er að því að skipa löggjöf um þetta efni á sem svipaðastan hátt í þessum löndum, jafnmikil samskipti og eru milli þeirra.

Hjúskapur milli fólks úr ýmsum norrænu landanna er og tíður. Sú staðreynd hefur bæði stuðlað að því, að leitazt hefur verið við að samræma löggjöf á Norðurlöndum um þessi efni, svo og að gerðir hafa verið samningar milli landanna um framkvæmd laga um sifjamálefni, þannig t. d. að viðurkenndar eru hvarvetna á Norðurlöndum úrlausnir stjórnvalda í tilteknu norrænu landi um könnun á hjónavígsluskilyrðum, eða leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða úrskurðir um framfærslueyri o. m. fl., sbr. l. nr. 29/1931, 62/1954 og 98/1969. Nú hafa flest ríkin lögfest a. m. k. hluta af þeim breytingartillögum við þessa löggjöf, sem sifjalaganefndirnar urðu ásáttar um, svo sem rakið var að framan. Þykir tímabært að lögfesta þær einnig hér á landi. Þess er þegar að geta, að tillögurnar til breytinga á lögum um réttindi og skyldur hjóna hafa yfirleitt ekki náð fram að ganga. Þykir rétt að bíða enn um sinn með breytingar á þeirri löggjöf, og er þetta frv. að mestu bundið við lög um stofnun og slit hjúskapar, sbr. þó ákvæði í VI. kafla um fjárskipti.

IV.

Lögin um stofnun og slit hjúskapar eru nákvæmlega hálfrar aldar gömul. Norrænu samstarfsnefndirnar sömdu frv. til þessara laga upp úr 1910, en frv. voru lögfest hvarvetna á Norðurlöndum á árabilinu 1915—1929. Margvíslegar þjóðfélagsbreytingar og umbyltingar hafa orðið síðan lög þessi voru sett. Siðgæðisleg og félagsleg viðhorf hafa um margt tekið breytingum, og hefur það mjög sett mark sitt á fjölskyldur og fjölskyldulíf og á hjúskapinn sem samlífsform. Þrátt fyrir það, er hjúskapurinn enn langtíðasta sambúðarformið. Af tölum þeim, sem greindar eru í janúarhefti Hagtíðinda 1971, má ráða, að hinn 1. des. 1970 hafi verið hér á landi alls 40 504 fjölskyldukjarnar, þar sem um sambúð karls og konu er að ræða. Af þeirri tölu nema hjónaböndin, hið vígða sambúðarform, alls 38 824, en óvígða sambúðin tekur til 1 680 tilvika. Hundraðstölurnar samkv. þessu verða þá: sambúð í hjúskap 95.85, en óvígð sambúð 4.15. Ef sambúðarform þessi eru borin saman í þeim tilvikum, þegar um börn er að ræða, verður niðurstaðan næstum hin sama. Hið óvígða sambúðarform verður þó aðeins undir 4% við þær aðstæður. Fjölskyldustærðin er og örlítið minni að meðaltali við óvígðu sambúðina en hina vígðu, þ. e. 4.30 á móti 3.97 (2.30 og 1.97 börn að meðaltali). Benda má á, að einstæðar mæður með börnum eru samkv. sömu heimild 4 224 talsins, en einstæðir feður með börnum 273. Koma 1.54 barn að meðaltali á einstæða móður, en 1.47 á föður. Sennilega kemur ekki öll óvígð sambúð til bókfærslu í hagskýrslum.

Athyglisvert er, að nú ganga mun fleiri hlutfallslega í hjúskap en áður var. Miðað við íbúafjölda (sem raunar er ekki örugg viðmiðun) námu hjónavígslur 7.9 af þús. íbúa að meðaltali árin 1956—60, en 5.9 af þús. íbúa árin 1936—40. Árið 1969 er þessi tala nálega 8.5‰. Hefur tala hjónavígslna hækkað mjög frá stríðsbyrjun. Er tala hjónavígslna hér á landi mjög svipuð og á hinum Norðurlöndunum, lægst í Svíþjóð (6.0‰), en hæst í Finnlandi (8.7‰), (í Danmörku 8.0‰, í Noregi 7.7‰). Tölurnar eru frá 1969.

Sú mikilvæga breyting hefur á orðið hér á landi, að **fólk giftir sig nú miklum mun yngra** en áður var. Um aldamótin var meðalaldur brúðguma rösklega 30 ár, en meðalaldur brúða 28 ár. Árið 1969 var meðalaldur allra brúðguma 25.5 ár og brúða 23.3, áður ógiftra brúðguma 24.3 ár og áður ógiftra brúða 22.3 ár. Árin 1951—55 voru 17% brúða innan 20 ára aldurs, en um 26% árið 1969, hliðstæðar tölur um brúðguma voru tæplega 2% og rösklega 6%. Brúðir á aldursskeiði 20—24 ára námu 47.5% 1951—1955, en um 50% 1969, og hliðstæðar tölur um brúðguma voru 41% og um 58%. Meðalaldur brúðguma hefur lækkað ört hin síðustu ár og aldursmunur brúða og brúðguma minnkað.

Hjónaskilnaðir hafa farið mjög í vöxt bæði hér á landi og á hinum Norðurlöndunum á þessari öld. Á fyrstu árum aldarinnar komu hér 15 hjónaskilnaðir á hver 1000 hjónabönd, sem stofnað var til. Árið 1969 hafði þessi tala hækkað í 153. Hliðstæðar tölur í Danmörku voru 70 árið 1923 og 180 árið 1967. Tölurnar í Svíþjóð eru 22 árið 1915, en 165 árið 1966. Í byrjun aldarinnar voru hjónaskilnaðir hér á landi næsta fátíðir, og voru t. d. á árabilinu 1906—1910 að jafnaði 8 á ári, en 12 á árabilinu 1911—1915. Ef lögskilnaðir eru settir í tengsl við fjölda hjónavígslna á þessum tveimur tímabilum, verður útkoman sú, að skilnaðir nema 17 af þús. fyrra tímabilið, en 23 hið síðara. Ef árabilið 1961—1965 er tekið til samanburðar, kemur upp, að talan verður 112 af þús., og árið 1969 er hún 153. Árið 1910 kom 0.1 lögskilnaður á hverja 1000 íbúa, en 1.3 árið 1969. Ættu því lögskilnaðir að vera þrettán sinnum tíðari nú en fyrir um 70 árum. Rétt þykir að benda á, að sú viðmiðun að setja fjölda skilnaða í hlutfall við íbúatölu eða fjölda hjónavígslna er ekki allskostar nákvæm. Réttara er t. d. að setja þessa tölu í tengsl við fjölda giftra kvenna. Samkv. norrænu hagskýrslunum frá 1970 verður samanburður um tíðni lögskilnaða miðað við 100 000 giftar konur á þessa lund, miðað við árið 1968 (árið 1967 í Noregi):

Danmörk 638 (árið 1963: 573).
Finnland 541 (árið 1963: 445).
Ísland 549 (árið 1965: 455), en árið 1969: 668.
Noregur 325 (árið 1963: 286).
Svíþjóð 588 (árið 1963: 466), en árið 1969: 633.

Hlýtur það að vekja athygli, að skilnaðartalan 1969 er í fyrsta skipti hærri hér á landi en í Svíþjóð. Má svo fara, að skilnaðartalan 1969 verði hærri hér á landi en í nokkru öðru norrænu landi, þótt ekki verði um það fullyrt. Hins ber að gæta, að töluverðar sveiflur eru í þessum tölum, sérstaklega hér á landi, og sambærileg tala hér á landi árið 1970 er áætluð 627 (sbr. við 668) og meðaltal 1966—1970 er 571. Jafnframt ber að vekja athygli á, að hér á landi eru fjölskyldur jafnaðarlega mun barnfleiri en annars staðar á Norðurlöndum. Verður því mun hærri hlutfallstala barna hjá foreldrum, sem skilja, en er í hinum norrænu löndunum. Í því efni má t. d. benda á, að á hverja 1000 íbúa komu 28.1 fæðingar árin 1951—1960 hér á landi, en í hinum norrænu löndunum voru tölur þessar: Í Danmörku 17.1, í Finnlandi 20.7, í Noregi 18.2 og í Svíþjóð 14.7. Árið 1969 hafa þessi hlutföll breytzt svo: Í Danmörku 14.6, í Finnlandi 14.5, í Noregi 17.6 í Svíþjóð 13.5, en hér á landi 20.7. Verður vikið nánar að nokkrum atriðum, er varða tíðni skilnaða, í almennum athugasemdum við V. kafla frv.

Fátt setur meiri svip á íslenzkt fjölskyldulíf í augum annarra þjóða en hin háa hundraðstala óskilgetinna barna. Er sú hundraðstala um 30% árin 1967—1969. Árið 1967 voru hundraðstölur óskilgetinna barna, miðað við heildartölu fæddra barna það ár þessar:

Danmörk 11.1.
Finnland 4.8.
Noregur 5.1.
Svíþjóð 15.1 (um 16.3 árið 1969).

Athygli er vakin á því, að hundraðstala óskilgetinna barna hefur allt frá síðara hluta 19. aldar verið há hér á landi, og er þetta því ekki nýtt félagslegt fyrirbrigði. Hún var t. d. 20.2% árin 1876—1885, en lægst hefur hún orðið 1916—1920, en þá var hún 13.1. Talan hækkaði 1936—1940 upp í 23.2% og hefur yfirleitt ávallt farið hækkandi síðan, en síðustu árin hefur hún verið fast að eða í námunda við 30%. Víðtækar félagslegar rannsóknir vantar hér á landi á þessu fyrirbrigði. Margt kemur hér til. Félagsleg viðhorf eru sjálfsagt nokkuð á aðra lund hér en á hinum Norðurlöndunum. Nokkur hluti þessara barna eru börn fólks, sem býr í óvígðri sambúð, en enn er allmikill hluti börn foreldra, sem giftast síðar, og fær barn þá réttarstöðu skilgetinna barna. Hagskýrslurnar miða hér við hagi foreldra á þeirri stundu, sem barn fæðist, en taka ekki í þessu sambandi tillit til hjúskapar síðar.

Í þessu frv. verður ekki fjallað um óvígða sambúð, enda er það fremur verkefni á vettvangi laga um réttindi og skyldur hjóna að íhuga lagareglur í því efni en þegar fjalla á um frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar. Er það brýnt verkefni að kanna, með félagslegum rannsóknum, hvernig slíkri sambúð er háttað, tíðni slíkrar sambúðar, varanleik hennar, sbr. við hjúskap, ástæður hennar og afstöðu þess fólks, sem hana velur, til hugsanlegra lagareglna um þá sambúð. Á síðustu árum hefur allmikið verið ritað um þetta efni frá félagsfræðilegu og lögfræðilegu sjónarmiði, en þær umræður og kannanir eru þó á frumstigi enn sem komið er. Ástæða er til að benda sérstaklega á, að skipan forræðis yfir börnum við slit á sambúð er ótryggileg við slíkt sambúðarform og raunar skipan fjármála, erfðatengsl sambúðarfólks o. fl. Á hinum Norðurlöndunum hefur ekki þótt fært að setja almenn lagaákvæði um slíka sambúð, þótt þar eins og hér njóti ýmissa ákvæða, er setji slíka sambúð í einstökum samböndum á borð við hjúskap.

V.

Höfuðefni frv. og breytingar, er í því felast, á eldri lögum.

1. Festar.

Lagt er til í frv., að I. kap. laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921, sem fjallar um festar, verði felldur niður. Ákvæði þessi fjalla um bætur fyrir festaslit, þegar sérstaklega stendur á. Dómsmál út af þeim ákvæðum eru mjög fágæt, og ætla verður, að til fébóta komi sjaldan. Þykja reglur þessar ekki gegna raunhæfu hlutverki, enda eru félagsleg viðhorf fólks til festaslita með öðrum hætti en áður var. Ætla má, að almenningur telji yfirleitt, að frjálsræði eigi að ríkja í þessum efnum, og að ekki eigi við að búa mönnum félagslegt aðhald á neinn hátt til þess að ganga í hjúskap, þótt til festa hafi stofnazt. Danir hafa í sifjalögum sínum frá 1969 einnig farið þessa leið, en í norsku lögunum hafa ekki allt frá öndverðu verið ákvæði um bætur fyrir festaslit. Ljóst er, að stundum væri hægt samkvæmt almennum bótareglum að sækja mann um bætur fyrir festaslit, sbr. t. d. að svik eða aðrar blekkingar væru í frammi höfð. Er engan veginn skotið loku fyrir slík fébótamál, þótt ákvæði I. kap. l. 39/1921 séu felld brott. Við slík mál myndu ekki gilda málshöfðunarfrestir, svo sem nú er um bætur fyrir festaslit, sbr. 5. gr. l. 39/1921.

2. Hjónavígsluskilyrði.

Í frv. felast ýmsar veigamiklar breytingar á ákvæðum laga um hjónavígsluskilyrði eða hjónavígslutálma, sbr. einkum II. kap. l. 39/1921, og skal þeirra nú getið.

a. **Hjónavígslualdur.** Hann er nú 18 ár fyrir konur, en 20 ár fyrir karla, sbr. um síðara atriðið lög nr. 77/1967. Í frv. er lagt til, að hjónavígslualdur beggja kynja verði 18 ár, svo sem nú er í Svíþjóð og Noregi, en gert er ráð fyrir, að eftir sem áður geti dómsmálaráðuneyti veitt undanþágu frá því ákvæði, sbr. 1. gr. frv.

b. **Samþykki foreldra og annarra forráðamanna** til hjónavígslu er áskilið í 2. gr. frv. að því er varðar fólk undir 20 ára aldri, og er það óbreytt frá því sem nú er, sbr. 8. gr. l. 39/1921 og 2. gr. l. 77/1967. Sama er um samþykki til hjúskapar lögræðissviptra, sbr. 3. gr. frv. og 9. gr. l. 39/1921, og enn um það, að dómsmálaráðuneyti geti veitt leyfi til hjónavígslu, þótt foreldrar eða aðrir forráðamenn synji um samþykki, sbr. 4. gr. frv. og nú 10. gr. l. 39/1921.

c. Bann við **hjónavígslu geðveikra manna og hálfvita** er fortakslaust samkv. 11. gr. l. 39/1921, en í frv. er lagt til, að það sé undanþægt, sbr. 5. gr., svo sem nú er hvarvetna á Norðurlöndum.

d. Bann við hjónavígslu þeirra, sem haldnir eru **holdsveiki, sóttnæmum kynsjúkdómi, smitandi berklaveiki og flogaveiki**, sbr. 12. gr., fellur niður samkv. frv. og er þar fylgt þeirri stefnu, sem nú hefur verið lögmælt víðast hvar á Norðurlöndum.

e. Bann 14. gr. l. 39/1921 við hjónavígslu **manns og afkvæmis bróður hans eða systur** fellur niður með öllu samkv. frv.

f. Bann gegn hjónavígslu **tengdra manna í beinan legg**, sbr. 15. gr. l. 39/1921 er nú fortakslaust, en frv. gerir ráð fyrir, að það bann sé undanþægt, sbr. 8. gr. frv.

g. Bann gegn hjónavígslu **konu, sem gift hefur verið áður**, næstu 10 mánuði eftir hjúskaparslit, sbr. 17. gr. l. 39/1921, er afnumið með öllu samkv. frv., og svo hefur nú verið gert annars staðar á Norðurlöndum.

h. Í 7. gr. frv. er það ákvæði, að **kjörforeldri og kjörbarn megi ekki eigast**, nema ættleiðing hafi verið niður felld. Slíkum tálma er ekki til að dreifa nú, sbr. hins vegar 19. gr. l. 19/1953 um ættleiðingu.

3. Lýsingarreglur samkv. III. kap. l. nr. 39/1921.

Þær reglur hafa sem kunnugt er nálega ekkert gildi, og eru lýsingar nú orðið mjög fágætar. Er lagt til í frv., að þær séu úr lögum numdar, en löggildur hjónavígslumaður gangi úr skugga um, að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt.

4. Hjónavígslumenn, hjónavígsla.

Ákvæði um það efni eru svipuð og nú gerast. Þó eru lögreglustjórar utan Reykjavíkur löggildir vígslumenn samkv. frv., en svo er þessu ekki farið um lögreglustjórann í Bolungarvík samkv. gildandi lögum. Ákvæði er um það í frv., að kirkjumálaráðuneyti geti löggilt íslenzka presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis og að utanríkisráðuneyti geti sett reglur um heimild starfsmanna í íslenzkum sendiráðum til að framkvæma hjónavígslur erlendis. Enn eru ákvæði um hjónavígslur af hendi erlendra presta og starfsmanna erlendra sendiráða hér á landi. Í 16. gr. 2. málsgr. er ákvæði um, að frá 1. janúar 1972 sé þjóðkirkjupresti, sem látið hefur af embætti, óheimilt að framkvæma hjónavígslur. Enn er það, að í 22. gr. 2. málsgr. er ákvæði um, að dómsmálaráðuneyti geti lýst hjónavígslu gilda, þótt ógild hafi verið, ef sérstaklega stendur á, sbr. og 83. gr. frv.

5. Ógilding hjúskapar.

Ákvæðin um ógildingu hjúskapar í V. kap. laga nr. 39/1921 hafa naumast raunhæft gildi, enda mun enginn hjúskapur hafa sætt ógildingu síðan þau lög tóku gildi. Hefur verið um það rætt að afnema þessi ákvæði, en gera skilnaðarákvæðin svo úr garði, að þau tækju einnig yfir þau hjúskaparslit, sem nú teljast til ógildingar. Á hinum Norðurlöndunum hefur þessum ákvæðum verið haldið enn um sinn, og þykir rétt að fara hér að því fordæmi. Í frv. breytast ákvæði þessi til samræmis við mildun hjónavígslutálma. Þótt hjúskapur gangi í berhögg við bann gegn vígslu tengdra í beinan legg, verður það ekki grundvöllur að ógildingu samkv. 24. gr. frv., sbr. hins vegar nú 41. gr. l. 39/1921.

6. Hjónaskilnaðir.

a. **Skilnaðarskilyrði.**

Þar gætir nokkurra breytinga. Í **fyrsta lagi** er tími sá, sem líða verður frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar ávallt eitt ár samkv. 34. gr., en ekki eins og nú er ýmist eitt ár eða tvö, sbr. 62. gr. l. 39/1921. Í **öðru lagi** er afnuminn sá fyrirvari, sem nú er greindur í 63. gr. sömu laga um það, að sök hjá beiðanda lögskilnaðar taki að jafnaði fyrir lögskilnað hjá hjónum, sem skilin hafa verið í þrjú ár að samvistum, sbr. 35. gr. frv., og sama er að sínu leyti um 36. gr. frv., sbr. við 64. gr. l. 39/1921. Í **þriðja lagi** er málshöfðunarfrestur (6 mánuðir) samkv. 66. gr. afnuminn, þegar um tvíkvæni er að ræða, sbr. 38. gr. frv. Í **fjórða lagi** er ákvæðinu um hjúskaparbrot sem lögskilnaðarástæðu breytt svo, sbr. 39. gr., að unnt er að ákveða, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng verði veitt, en ekki leyfi til lögskilnaðar, ef tillitið til barna eða aðrar veigamiklar ástæður mæla með því. Er þessi breyting á gerð í samræmi við ályktun Norðurlandaráðs í febrúar 1967 og að fordæmi annarra norrænna sifjalaga, sem breytt hefur verið í þetta horf. Málshöfðunarfrestum samkv. 39. og 40. gr. frv. hefur verið breytt lítillega. Í **fimmta lagi** er lagt til, að ákvæði 70. gr. l. 39/1921 um refsivist sem lögskilnaðarástæðu sé breytt nokkuð, sbr. 41. gr. frv., bæði um það atriði, að öryggisgæzlu er nú sérstaklega getið og ákvæði tekið með í greinina um refsivist samkv. erlendum refsidómum. Í **sjötta lagi** er svo lagt til, að ákvæði 71. gr. l. 39/1921 verði breytt á þá lund, að heimilt sé að veita lögskilnað vegna geðveiki, þótt sjúkdómur hafi ekki staðið í þrjú ár, ef sérstakar ástæður mæla með því, sbr. 42. gr. frv.

b. **Aðdragandi að veitingu skilnaða, úrlausn um skilnaði.**

Ákvæðin um sáttaumleitun í 44. gr. frv. eru áþekk hliðstæðum ákvæðum í l. 39/1921. Tekið er fram, að ef annað hjóna sækir ekki sáttafund, þótt það hafi fengið kvaðningu tvívegis, sé nægilegt að reyna sættir með hinu. Ákvæðin um skyldu til að sækja sáttafundi, þegar hjón búa í fjarska hvort frá öðru, eru tekin upp til endurskoðunar í ljósi samgöngutækni nútímans. Þá er það nýmæli, að dómsmálaráðuneyti setji reglur um framkvæmd sátta, og sé þar m. a. heimilt að ákveða, hversu lengi sættir geti staðið í lengsta lagi og að könnun á málefnum hjóna af hendi stofnana um félagsráðgjöf geti komið í stað sátta. Í 45. gr. frv. er haldið þeirri tilhögun, að yfirvald reyni að koma á samkomulagi milli hjóna um ýmis atriði, sem skilnað varða (skilnaðarkjör).

Reglur um það, hvernig greitt skuli úr umsóknum eða kröfum um skilnaði, eru óbreyttar. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng veita stjórnvöld ávallt, ýmist bæjarfógetar, sýslumenn, yfirborgardómari eða lögreglustjórar utan Reykjavíkur (í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli), er samkomulag er milli hjóna um að leita skilnaðar að borði og sæng og um skipan þeirra atriða, sem áskilið er að þau séu á einu máli um, sbr. 31. og 43. gr. frv., en dómsmálaráðuneyti að öðrum kosti sbr. 32. og 43. gr. frv. Dómsmálaráðuneyti veitir og leyfi til lögskilnaðar, að undanförnum skilnaði að borði og sæng, en endranær ýmist dómsmálaráðuneyti eða dómstólar. Dómstólaleiðin er nálega aldrei farin hér á landi — aðeins er kunnugt um eitt mál af Keflavíkurflugvelli frá árinu 1956 — en allt að einu er talið rétt að halda þeirri tilhögun, að hjónum sé unnt að leita til dómstóla með þessi mál. Má t. d. vera, að dómsmálaráðuneyti þyki málavextir ekki fullskýrir, og er þá sjálfsagt að girða ekki fyrir aðgang manna að dómstólum með þessi mál sín.

c. **Réttaráhrif skilnaðar.**

Um skipan forráða yfir börnum við skilnað er lagt til, að afnuminn sé sá fyrirvari í 56. og 76. gr. l. 39/1921, að sök á skilnaði geti nokkru um ráðið, hvernig það mál skiptist, sbr. 47. gr. frv. Er sök vandmetin og þykir einsætt að útrýma sakaratriðinu við þessa endurskoðun sifjalaga. Raunar má á það benda, að sakar gætir mjög lítið í lagaframkvæmdinni.

Um framfærslueyri með börnum eru ákvæðin svipuð hér og í l. 39/1921, en lagt er til, að nokkru rýmri kostir séu til að úrskurða maka framfærslueyri eftir lögskilnað en nú er, sbr. 49. gr. frv.

Um fjárskipti vegna skilnaðar eru ákvæði í VI. kafla frv. Heimila þau frekari frávik frá helmingaskiptareglu 18. gr. l. 20/1923 en nú eru í lögum.

d. Reglur um umgengnisrétt.

Lagt er til í frv., að reglur verði settar um rétt þess foreldris, sem fær ekki forræði barns, til umgengni við barnið, sbr. 47. gr. 3. málsgr. Í gildandi lögum skortir með öllu ákvæði um þetta efni. Er orðin brýn þörf á ákvæðum í lögum um þetta lagafyrirbrigði, sem verður æ raunhæfara eftir því sem skilnuðum fjölgar. Tekið skal fram, að ekki þykir viðeigandi að setja ákvæði í þetta frv. um umgengnisrétt föður við óskilgetið barn sitt, og bíður það endurskoðunar á barnalöggjöfinni að ráða því álitamáli til lykta.

7. Ákvæði VIII. kap. l. 39/1921 um réttarfar í hjúskaparmálum o. fl.

hafa sætt endurskoðun, en þar gætir þó ekki neinna veigamikilla breytinga, sbr. VII. kafla frv.

8. Ákvæði um gildistöku o. fl.

eru sett í VIII. kafla frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Frv. hefst á kafla um hjónavígsluskilyrði, en það hefur ekki að geyma ákvæði um festar og festaslit, sbr. I. kap. l. 39/1921, svo sem fyrr er greint. Hjónavígsluskilyrðin samkv. l. 39/1921 eru bæði fleiri en er eftir hinum Norðurlandalögunum, og auk þess gætir þess mun meir samkv. íslenzku lögunum, að hjúskapartálmar séu afdráttarlausir — óundanþægir — en er eftir hinum norrænu lögunum. Má t. d. geta þess, að **berklaveiki** er hvergi hjúskapartálmi á Norðurlöndum, nema hér. Varðandi **flogaveiki, holdsveiki og kynsjúkdóma** hefur víðast hvar á Norðurlöndum aðeins verið um tilkynningarskyldu að ræða hjá hinum sjúka, sem veit sig haldinn þessum sjúkdómum, en eftir íslenzku hjúskaparlögunum er afdráttarlaust bann gegn vígslu þeirra manna, sbr. 12. gr. l. 39/1921. Með breytingum þeim, sem urðu á norrænu lögunum 1968 og 1969, eru þessir sjúkdómar með öllu felldir úr tölu hjúskapartálma, nema í norsku lögunum, þar sem tilkynningarskyldu er haldið um kynsjúkdóma. Í frv. þessu er lagt til, að hinir líkamlegu sjúkdómar verði gersamlega felldir brott sem hjúskapartálmar. Bannið gegn vígslu **geðveikra og hálfvita** hefur verið gert undanþægt hvarvetna á hinum Norðurlöndunum, í sumum þeirra fyrir áratugum, og er lagt til, að svo verði gert hér í 5. gr. frv. Þá má sérstaklega geta þess, að bann við hjónavígslu **tengds fólks í beinan legg** var undanþægt þegar frá 1922 í dönsku lögunum, en var síðar lýst undanþægt í hinum norrænu lögunum, þ. e. 1937 í Noregi, 1944 í Finnlandi og 1947 í Svíþjóð. Íslenzku hjúskaparlögin eru því einu norrænu lögin, sem halda þeirri tilhögun, að hjúskapartálmi þessi sé óundanþægur. Er lagt til, að þessu sé nú breytt og tálminn lýstur undanþægur, sbr. 8. gr. Geta má þess einnig, að hjónaefnum er gert að skyldu í 13. gr. l. 36/1950 um ónæmisaðgerðir að leggja fram **bólusetningarvottorð**, en slíkri skyldu er hvergi fyrir að fara í norrænum lögum og virðist vera alllangt síðan slík skylda var lögð fyrir róða í lögum hinna Norðurlandaríkjanna. Er einsætt að fella úr gildi boð 13. gr. l. 36/1950. Óviðfelldin er sú tilhögun íslenzkra laga, að **kjörforeldri** geti gengið að eiga kjörbarn án þess að ættleiðing hafi áður verið niður felld. Er lagt til í 7. gr. frv., að þessi regla verði færð til sama horfs og í öðrum norrænum lögum, þ. e. að bann sé gegn hjónavígslu kjörbarns og kjörforeldris, nema ættleiðing hafi verið niður felld.

Í sambandi við þennan kafla er þess að gæta, að vegna hinna miklu samskipta milli fólks á Norðurlöndum er eðlilegt og heppilegt, að ákvæði um hjónavígsluskilyrði séu með sem líkustu móti hvarvetna á Norðurlöndum, og hefur það samræmingarsjónarmið ráðið í ýmsu ákvæðum frv. þessa. Samningar milli Norðurlandaríkjanna um hjúskap, lögráð og ættleiðingu stuðla að sínu leyti mjög að greiðri framkvæmd sifjalaga, þegar ríkisborgarar frá Norðurlöndum eiga hlut að máli.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um hjónavígslualdur. Í norrænu hjúskaparlögunum voru upprunalega sömu ákvæði í Danmörku, á Íslandi og í Svíþjóð, þ. e. 18 ár um konur og 21 ár um karla. Í Noregi var aldur þessi lögmæltur 18 ár fyrir konur og 20 ár fyrir karla, en í Finnlandi 17 ár fyrir konur og 18 ár fyrir karla. Undanþágur eru hvarvetna leyfðar. Með lögum 77/1967 var hjónavígslualdur karla lækkaður í 20 ár hér á landi, en 1968 var aldur beggja kynja lögmæltur 18 ár í Svíþjóð og sama varð upp á teningnum 1969 í Noregi. Í dönsku hjúskaparlögunum frá 1969 var hjónavígslualdur karla lækkaður í 20 ár, en hjónavígslualdur kvenna er eftir sem áður 18 ár.

Samkv. síðustu skýrslum, sem tiltækilegar eru, horfir hjúskaparaldur svo við í nokkrum löndum Evrópu:

	Konur	Karlar
Danmörk, Ísland, Sviss	18	20
Sovét-Rússland (í einstökum ríkjum 16—18), Tékkóslóvakía, Júgóslavía, A-Þýzkaland, Pólland, Noregur, Svíþjóð	18	18
Búlgaría, Finnland	17	18
Rúmenía, Ungverjaland, Holland, Portúgal, Austurríki, V-Þýzkaland	16	21
Bretland	16	16
Belgía, Frakkland, Ítalía, Luxemburg, Monaco	15	18
Tyrkland	15	17
Grikkland	14	18
Írland, Spánn	12	14

Sifjalaganefnd taldi rétt að láta fara fram sérstaka könnun á fjölda aldursleyfa síðasta áratuginn og á ýmsu öðru, er varðar framkvæmd á undanþágum samkv. 7. gr. laga 39/1921. Leiðir könnunin m. a. eftirfarandi í ljós:

1. Aldursleyfi fóru mjög í vöxt frá 1961 til 1967, að síðasta árinu meðtöldu eða frá 167 1961 upp í 338 árið 1967. Eftir að lög nr. 77 19. des. 1967 lækkuðu hjónavígslualdur karla úr 21 árí 20 ár hefur aldursleyfum karla farið mjög fækkandi. Námu leyfi til karla árið 1967 294, en árið 1968 124, og árin 1969 og 1970 töldust þau 99 og 93. Engin umtalsverð breyting er á fjölda aldursleyfa kvenna frá ári til árs, þau leika á tölunum 40 til 57 frá 1964—70. Þó er nokkuð athyglisverður munur á árunum 1969 og 1970, en þar er talan fyrra árið 57, en 40 hið síðara. Ef fjöldi aldursleyfa er settur í tengsl við tölu hjónavígslna kemur í ljós, að í 18.9% af öllum hjónavígslum árið 1967 þurfi á aldursleyfi að halda, en þessar hundraðstölur eru 9.5 og 8.3 árin 1968 og 1969 og verða að líkindum enn lægri árið 1970.

2. Sérstök könnun hefur farið fram á aldursleyfum, sem veitt voru árið 1970. Voru þá veitt leyfi til 93 karla og 40 kvenna (samtals 133) til 125 hjónavígslna, þ. e. bæði hafa fengið leyfi við 8 hjónavígslur. Kemur fram, að um fjórir fimmtu hlutar leyfanna eru veittir aðilum, sem vantar **minna en eitt ár** á lögmæltan aldur (78.5% varðandi karla, en 80% varðandi konur). Aðeins 3 leyfi eru veitt körlum, sem skortir meira en eitt og hálft ár í lögmæltan hjúskaparaldur og 2 konum, er svo hagar

til um. Piltarnir voru frá 18 árum og 2 mánaða gamlir til 18 ára og 5 mánaða, en stúlkurnar voru báðar 16 ára og 5 mánaða.

3. Könnunin leiðir enn fremur í ljós, að oft vantar lítið upp á lögmæltan aldur, eða í 4 tilvikum árið 1970 frá 5 dögum upp í 26 daga.

4. Bæði hjónaefna hafa þurft á leyfi að halda þennan áratug við 157 hjónavígslur af alls 2060, þar sem á aldursleyfi hefur reynt, eða í 7.6% af tilvikum.

5. Á einu leyfi, sem veitt var karlmanni 18 ára og 6 mánaða gömlum, sést, að honum var synjað um leyfi þremur mánuðum fyrr. Kemur þar í ljós sú meginregla, sem fylgt er í ráðuneytinu, að ekki megi skorta meira en eitt og hálft ár á hjónavígslualdur, svo að aldursleyfi sé veitt, nema mjög sérstaklega standi á.

Því er ekki að leyna, að ýmsar félagsfræðilegar rannsóknir víða um lönd, t. d. í Danmörku, Svíþjóð, Vestur-Þýzkalandi og Bandaríkjunum veita vísbendingu um, að hjónabönd mjög ungs fólks endist lakar, þegar á heildina er litið, en hjónabönd annarra, þ. á m. ef til samanburðar er tekið fólk, sem giftist 20—24 ára. Hliðstæðar rannsóknir hafa ekki farið fram hér á landi.

Rétt þykir að hafa sams konar aldurslágmark fyrir bæði konur og karla. Er álitamál, hvar þau mörk skuli sett. Hér er lagt til, að sú tilhögun verði upp tekin, sem lögfest hefur verið í Noregi og Svíþjóð, en sem fyrr greinir hafa Danir ekki lögfest þessa skipan.

Gert er ráð fyrir, að krafizt sé fæðingarvottorðs sem skilríkis af hálfu vígslumanns, eða annars jafngilds sönnunargagns.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um samþykki foreldra eða annarra forráðamanna á hjúskap yngra fólks en 20 ára. Er ákvæðið að mestu leyti óbreytt frá 8. gr. l. 39/1921, svo sem hún er orðuð með l. nr. 77/1967. Er ákvæðið í samræmi við önnur norræn hjúskaparlög.

Í 2. málsgr. er lagfært það atriði í 2. málsgr. 8. gr. l. 39/1921, þar sem segir, að foreldri sé „svipt foreldraráðum.“ Er hér valið orðalagið „fer ekki með foreldraráð“, og tekur ákvæðið þá samkv. beinum orðum sínum m. a. til föður óskilgetins barns — ekki hæfir það í mark að segja, að slíkur maður sé sviptur foreldraráðum, með því að hann hefur aldrei haft þau.

Þótt barn sé tekið af heimili fyrir atbeina barnaverndarnefndar, eiga foreldrar allt að einu að láta uppi samþykki samkv. 2. gr., nema beinlínis sé um sviptingu á foreldravaldi að ræða. Þegar barn skilinna foreldra á í hlut, verður við það að miða, hvort foreldrið hafði foreldravaldið, er barn varð 16 ára — eftir það fellur sú forsjá niður, svo sem kunnugt er.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er sama efnis og 9. gr. l. 39/1921.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er sama efnis og 10. gr. l. 39/1921, en óþarft þykir að geta þess sérstaklega, að dómsmálaráðuneyti leiti umsagnar hjónaefnis og foreldris, enda getur komið til greina að leita álits fleiri aðilja.

Um 5. gr.

Hér er lagt til, að bann gegn hjónavígslu geðveikra manna og hálfvita verði undanþægt, en ekki fortakslaust, eins og nú er, sbr. 11. gr. l. 39/1921. Er bann þetta undanþægt í hjúskaparlöggjöf allra annarra Norðurlandaríkja en Íslands. Vitaskuld verður undanþága ekki veitt, nema á grundvelli læknisumsagna. Er sjálfsagt að ganga eftir umsögn sérfræðings, og eftir atvikum Læknaráðs. Getur staðið mjög misjafnlega á, og verður að virða öll sératvik hverju sinni. Atriði, sem hér skipta máli, er t. d., hvort líklegt sé eða útilokað, að aðili geti átt barn, svo og t. d. hvort aðiljar

hafi búið saman um alllangt skeið o. fl. Hugmyndir, sem uppi hafa verið um að gera undanþágu skilyrta því, að hlutaðeigandi sætti vönun, telur sifjalaganefndin varhugaverðar og hafa þær raunar ekki mótað nýju norrænu hjúskaparlögin. Til samræmis við það breytta viðhorf til hjúskapar geðveikra manna og hálfvita, sem lýsir sér í 5. gr., er sú breyting í IV. kafla frv., að ekki er sérstakt ákvæði um ógildingu hjúskapar, sem stofnað er til andstætt 5. gr., og er ógilding þó hugsanleg, sbr. 25. gr. 1. tl., ef svo mikil brögð eru að óviti, sem þar greinir. Er þessi tilhögun einnig í samræmi við norrænu lögin nýju.

Um 6. gr.

Hún er óbreytt frá því, sem nú er, sbr. 13. gr. l. 39/1921. Skylt er að ógilda hjúskap þenna, þ. e. hjúskap foreldra og barna og systkina innbyrðis, samkv. 24. gr. frv. Nokkuð hefur verið um það rætt, að ekki ætti að vera skylt að ógilda hjúskap, sem hálfsystkin stofna til, grandlaus um skyldleikann. Slíkur hjúskapur er væntanlega mjög fágætur, og í Norðurlandalögunum hefur þeirri hugmynd verið hafnað að hafa sérákvæði um þetta tilvik í ógildingarákvæðum laganna.

Svo sem fyrr segir, er lagt til, að felld verði niður 14. gr. l. 39/1921, sem leggur undanþægt bann við hjúskap manns og afkvæmis bróður hans eða systur. Þetta ákvæði er með sama hætti hér og í sænskum sifjalögum, en slíkur hjúskapartálmi var hvorki í dönsku né norsku lögunum. Hins vegar er tálmi þessi óundanþægur í finnsku lögunum, og stendur við svo búið enn. Af hagskýrslum má ráða, að hjúskapur þremenninga og skyldara fólks er mjög fátíður, t. d. 1951—1960 alls 17 og 1961—1969 alls 9. Að því er varðar bann 14. gr. l. 39/1921, þá hefur dómsmálaráðuneyti aðeins veitt fjögur leyfi í tvo áratugi, þ. e. frá 1951—1970, og engri umsókn hafnað. Athyglisvert er, að í 3 tilvikum er um hálfsystkin að ræða sem tengilið (veitt leyfi til a. að maður kvæntist dóttur hálfsystur sinnar, b. kvæntist hálfsystur móður sinnar eða c. hálfsystur föður síns).

Ekki er sýnilegt, að hjúskaparbann 14. gr. l. 39/1921 styðjist við rík siðferðisviðhorf hjá almenningi, og mannerfðafræðingar munu nú yfirleitt telja, að ekki sé sérstaklega mikil hætta á, að meinlegar kynfylgjur magnist, þótt svo náin skyldmenni eigi saman börn. Dómsmálaráðuneyti mun ekki hafa hafnað umsókn um undanþágu samkv. 14. gr. um langt árabil. Af þessum ástæðum er lagt til, að 14. gr. verði algerlega afnumin.

Um 7. gr.

Eftir íslenzkum lögum er það ljóst, að ættleiðing tálmar ekki hjúskap milli kjörforeldris og kjörbarns, sbr. 13. og 19. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953, en í síðarnefnda ákvæðinu segir, að ættleiðing falli niður, ef kjörforeldri og kjörbarn gangi í hjúskap. Er þetta óviðfelldin tilhögun — kjörfaðir og kjördóttir ganga í kirkju sem faðir og dóttir, en koma út úr kirkju gift fólk. Sums staðar í löndum er ættleiðing talin alger hjúskapartálmi, en annars staðar hefur sú leið verið farin að mæla svo fyrir, að slíkt fólk geti ekki gengið í hjúskap, nema ættleiðing hafi áður verið niður felld. Þessi tilhögun var í finnskum og sænskum lögum, og fyrir áhrif frá lögum þeirra þjóða var dönsku og norsku ættleiðingarlögunum breytt 1956 í þetta horf. Er lagt til í 7. gr., að svo verði einnig gert hér á landi.

Um 8. gr.

Ákvæðið um bann gegn vígslu tengds fólks í beinan legg er sama efnis og 15. gr. l. 39/1921 með þeirri veigamiklu breytingu, að bannið er hér gert undanþægt, svo sem fyrr er getið, og er það að hætti annarra norrænna laga. Sums staðar í löndum eru tengdir þessar (ættarvenzl) alger hjúskapartálmi með sama hætti og hér á landi, en þau ríki eru einnig allmörg, sem ekki telja tengdir eiga að varna hjúskap, sbr. t. d. sifjalöggjöf Sovét-Rússlands (eða lýðvelda þess) og Austur-Þýzkalands og margra ríkja í Bandaríkjunum. Sú tilhögun tíðkast með nokkrum þjóðum, að tengdir

varna hjúskap, meðan sá maður, sem er tengiliður, er á lífi — eftir lát hans, t. d. eiginkonunnar, er hjúskapur frjáls með ættingjum hins látna í beinan legg.

Þótt hjónavígslubann þetta sé undanþægt með öllum norrænum þjóðum, hefur orðið alllangur þróunarferill um umtak undanþágunnar. Í dönsku lögunum frá 1922 var undanþága t. d. einskorðuð við það tilvik, er hjúskap lauk fyrir andlát annars maka, en þegar Svíar breyttu sifjalögum sínum 1947 veittu þeir almenna heimild til undanþágu án nokkurra sérstakra fyrirvara, og er lögunum víðast hvar á Norðurlöndum nú breytt í það horf. Þykir vafalaust rétt að fylgja þeirri stefnu. Tilbrigðin geta hér verið margvísleg, og er eðlilegt að leggja það alfarið á vald dómsmálaráðuneytis að meta, hvort undanþága skuli veitt eða ekki. Á því er þó byggt, að undanþága verði veitt, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, sem geri slíkt varhugavert, svo sem óvenjumikill aldursmunur hjóna.

Ekki er grundvöllur samkv. 24. gr. frv. til að lýsa hjúskap ógildan, sem gengur í berhögg við 8. gr., og er það veigamikil breyting frá því, sem nú er, en samkv. 41. gr. l. 39/1921 er skylt að ógilda slíkan hjúskap.

Um 9. gr.

Það ákvæði fjallar um tvíkvæni, svo sem það er tíðast nefnt á ónákvæman hátt, og er greinin óbreytt frá því sem nú er, sbr. 16. gr. l. 39/1921. Haldið er þeirri tilhögun, að skylt sé að ógilda slíkan hjúskap, sbr. 24. gr. frv.

Um 10. gr.

Ákvæðið áskilur, að skipti hafi farið fram á búi manns, sem giftur er fyrir, eða bú hans sé a. m. k. tekið til opinberra skipta, svo að hann megi giftast af nýju. Ákvæðið er sama efnis og 18. gr. l. 39/1921, að því þó breyttu, að þegar algert séreignafyrirkomulag hefur ríkt í fyrra hjúskap, þykir ekki ástæða til að halda skiptakröfu til streitu.

Aðrir hjónavígslutálmar.

1. Í frv. er lagt til, að 17. gr. l. 39/1921 verð felld úr tölu hjónavígslutálma. Tekur það ákvæði til konu, sem gift hefur verið áður, og meinar henni að höfuðstefnu til hjúskap, fyrr en 10 mánuðir eru liðnir frá slitum fyrra hjúskapar. Þetta ákvæði gegnir nokkru hlutverki til þess að draga úr hættu á rangfeðrun barna. En hvort tveggja er, að ákvæðið er þess ekki ávallt umkomið, og getur m. a. s. komið í veg fyrir rétta feðrun barnsins, með því að það kann að vera hinn nýi bóndi konu, sem raunverulega er faðir barnsins, og í annan stað er þetta svo viðkvæmt svið mannlegs lífs, að ekki þykir vert að beita hjúskapartálma, nema óyggjandi rök séu til. Er ekki sýnilegt, að almenningsálit telji slíkan hjúskap sem þennan neina óhæfu. Hefur þetta ákvæði nú verið lagt fyrir róða í öllum hinum nýju sifjalögum á Norðurlöndum.

2. Í dönsku lögunum nýju er tekið upp það ákvæði úr norskum hjúskaparlögum, að hjónaefni eigi að skýra hinu, svo og vígslumanni, frá því, hvort það eigi barn með öðrum en hinu hjónaefni eða eigi slíkt barn í vændum, þegar stofna á til hjúskapar. Upplýsingaskyldan tekur einnig til kjörbarna, en ekki til barna, sem aðili á, en hafa verið ættleidd af öðrum. Íslenzka sifjalaganefndin telur ekki ástæðu til að lögmæla slíkt ákvæði. Vegna fámennis er ekki sérstaklega rík þörf á því, þar sem menn þekkja yfirleitt hér á landi náið til haga hvers annars. Eru ekki mikilvæg rök almennt til þess að festa slíkt ákvæði í lögum.

3. Í 38. gr. l. 39/1921 er ákvæði, sem minnir á, að afla skuli lögmæltra skilríkja fyrir því, að annað hjóna skuli tryggja hinu framfærslustyrk eftir sinn dag.

Stóð það ákvæði í sambandi við lögboðna ekkjutryggingu, sem þá gilti í vissum tilvikum, sbr. 11. gr. tilsk. 30. apríl 1824 og 5. gr. l. 30/1917. Ákvæði 38. gr. á ekki framar við og má að skaðlausu falla niður.

4. Í 99. gr. 3. málsgr. l. 39/1921 segir, að hvorugt hjóna megi ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því aðeins að gagnaðili og stjórnarráð hafi bréflega fallið frá áfrýjun. Þetta ákvæði á út af fyrir sig heima í kaflanum um hjónavígsluskilyrði. Það er þó látið haldast í kaflanum um hjónabandsmál, þar sem það tengist bezt að efni til ákvæðum þess kafla, sbr. 78. gr. 3. málsgr. frv.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um könnun á hjónavígsluskilyrðum.

Því er fyrr lýst, að lagt er til að ákvæði laga 39/1921 um lýsingu séu numin úr lögum. Þessi ákvæði eru að mestu lagaleifar, þótt enn beri við, að lýst sé með hjónaefnum. Lagt er til í frv., að sú tilhögun verði lögfest, sem tíðust er, og fólgin í því, að vígslumaður gangi úr skugga um, að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt, en þá fellur leyfisbréf til hjúskapar, sbr. 25. gr. l. 39/1921, af sjálfu sér niður. Frv. dregur til muna úr fjölda hjónavígslutálma, en á hinn bóginn er að því stefnt, að vandað verði meir en nú er til könnunar á hjónavígsluskilyrðum. Er boðið í 11. gr. frv., að dómsmálaráðuneyti setji reglur um þessi efni, og er brýnt verkefni að koma við samræmdum reglum um framkvæmd þessara mála.

Samkv. 12. og 13. gr. eru sett um það ákvæði, hvaða vígslumaður eigi að fjalla um könnun á hjónavígsluskilyrðum, svo og að gefa skuli út vottorð um þetta efni, er haldið geti gildi sínu um fjögurra mánaða skeið. Ef til hjúskapar er stofnað síðar, verður ný könnun að fara fram að stofni til.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um hjónavígslumenn og heimild þeirra og skyldu til að framkvæma hjónavígslu, sbr. 14.—19. gr., um hjónavígsluna sjálfa, sbr. 20.—22. gr. og um færslu hjónavígslna til embættisbóka, sbr. 23. gr. Nokkrar breytingar felast í þessum ákvæðum og verður þeirra getið í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 14. og 15. gr.

Þær eru sama efnis og 27. og 28. gr. laga 39/1921.

Um 16. gr.

Í þessari grein er lagt til, að kirkjumálaráðuneyti setji reglur um, hvaða prestar þjóðkirkjunnar hafi heimild til hjónavígslu og hvenær þeim sé skylt að framkvæma hjónavígslu. Að jafnaði hafa allir prestar þjóðkirkjunnar þessa heimild, en eftir því sem flokkum presta fjölgar er ekki sagt, að svo verði þessu farið um þá alla. Þykir rétt, að ráðuneytið skeri úr þessu, svo og setji reglur um skyldu presta til að framkvæma hjónavígslu, að sjálfsögðu að fenginni umsögn biskups og prestastefnu. Sbr. nú um þetta efni 29. gr. 3. málsgr. laga 39/1921. Benda má enn fremur á ákvæðið í 10. gr. laga 35/1970. Samkvæmt lokaákvæði 16. gr. frv. skal þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, vera óheimilt að framkvæma hjónavígslu frá 1. janúar 1972 að telja. Hefur tíðkazt alllengi, að þjóðkirkjuprestar, sem látið hafa af embætti, framkvæmdu hjónavígslu, að jafnaði samkv. heimild frá þjóðkirkjupresti þar í prestakalli, sem hjónavígsla fer fram (yfirleitt þá þar sem annað þeirra er búsett, sbr. 29. gr. l. 39/1921). Nokkur óvissa hefur ríkt um lögmæti þessa, og kom mál þetta til dómsmeðferðar í Hæstarétti árið 1968. Segir svo

um þetta atriði í dómi Hæstaréttar frá 9. apríl 1968, „að það sé venjuhelguð réttarregla, að menn, sem prestvígðir hafi verið í þjóðkirkjunni, þótt ekki séu þjónandi sóknarprestar, geti löglega gefið saman hjónaefni". Tveir dómendur dæmdu málið á öðrum grundvelli. Má raunar benda á, að fyrir 1968 höfðu tveir prófessorar í lögfræði látið uppi þá skoðun, að þessi réttarregla væri á komin fyrir lagavenju. Ekki þykir viðfelldið, að svo mikilvægt grundvallaratriði, eins og það, hverjir séu lögmætir hjónavígslumenn, ráðist af réttarreglum, sem Alþingi hefur ekki sett. Er málið því borið undir Alþingi með ákvæði 16. gr. frv. Koma þar vissulega til greina mismunandi sjónarmið. Á það skal aðeins bent hér, að ekki er hörgull á hjónavígslumönnum almennt á landi hér og greiðfær aðgangur að þeim. Enn fremur er nokkur hætta á, að embættisbókfærsla verði ekki jafntryggileg sem ella, ef prestar, sem látið hafa af embætti, framkvæma hjónavígslu, og um embættisábyrgð þeirra kann einnig að ríkja óvissa. Þá er það í andstöðu við almennar reglur í stjórnsýslurétti, að embættismaður, sem látið hefur af embætti, geti framkvæmt embættisstarf, og skýtur hér raunar skökku við um sýslumenn eða bæjarfógeta, sem látið hafa af embætti, en það hefur verið talið fullvíst, að þeir væru ekki lögmætir vígslumenn, og sama gegnir um forstöðumenn trúarbragðasafnaða, sem löggiltir eru til hjónavígslu. Hér skal umfram allt lögð áherzla á, að glögg afstaða komi fram hjá Alþingi til þessa máls.

Kirkjulegar hjónavígslur eru stórum tíðari en borgaralegar hjónavígslur hér á landi. Hefur kirkjulegum hjónavígslum fjölgað hlutfallslega hina síðustu áratugi, sérstaklega eftir 1940. Borgaralegar hjónavígslur voru tiltölulega tíðastar 1936—40 (21.2%). Síðasta áratug nema kirkjulegar vígslur 94—95% allra hjónavígslna, og eru þær miklum mun tíðari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Eftirfarandi skrá sýnir hlutfallið milli þessara tvenns konar hjónavígsluforma og jafnframt þróunina síðustu áratugi:

	Kirkjulegar hjónavígslur	Borgaralegar hjónavígslur
1916—1920	95.9	4.1
1936—1940	78.8	21.2
1961—1965	94.6	5.4
1966	94.1	5.9
1967	94.5	5.5

Um 17. og 18. gr.

Ákvæði 17. gr. um að allir eigi tilkall til borgaralegrar hjónavígslu er í samræmi við 30. gr. l. 39/1921. 18. gr. er að mestu í samræmi við 31. gr., en því er þó bætt við, að lögreglustjórar utan Reykjavíkur séu einnig lögmætir vígslumenn, og hefur þetta í svipinn þá breytingu í för með sér, að lögreglustjórinn í Bolungarvík verður hjónavígslumaður að lögum. Mæla öll rök með því, enda eru þeir embættismenn, sem hér eiga í hlut, embættisgengir lögfræðingar.

Um 19. gr.

Hér er fyrst greind í 1. málsgr. heimild til handa kirkjumálaráðuneytinu til að löggilda íslenzka presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis. Svo sem kunnugt er, hefur íslenzkur prestur starfað við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn undanfarin ár, og er hann löggiltur til að framkvæma hjónavígslur þar í landi svo og í Noregi, enda séu bæði hjónaefna íslenzkir ríkisborgarar. Þykir réttmætt, að grundvöllur að slíkri löggildingu sé í hjúskaparlögum, en benda má á, að heimild til ráðningar þessa starfsmanns er nú í lögum 35/1970, 9. gr.

Samkv. 2. málsgr. má setja reglur um heimild tiltekinna starfsmanna í íslenzkum sendiráðum til að framkvæma hjónavígslur erlendis. Slík heimild er ekki í gildandi lögum, en þörf getur verið á því, að íslenzkir sendiherrar, sendifulltrúar, ræðis-

menn o. fl. fái þess konar heimild. Að sjálfsögðu er byggt á því bæði í 1. og 2. málsgr., að leitað sé samráða við utanríkisráðuneyti og rétt stjórnvöld í því landi, sem starfsmaður á að starfa í. Vígslumenn þessir, ef því er að skipta, hljóta þá að jafnaði að kanna sjálfir hjónavígsluskilyrði, nema hjónaefni leggi fyrir þá skilríki um slíka könnun frá öðrum lögmætum vigslumanni, sbr. 13. gr. frv.

Í 4. málsgr. er heimilað að ákveða með samningi við erlend ríki, að hjónaband, sem stofnað er til hér á landi fyrir presti frá viðkomandi ríki eða fyrir starfsmönnum í sendiráði þess hér á landi eða útsendum ræðismanni, séu gild hér á landi. Að jafnaði myndu þá hjónaefnin bæði vera ríkisborgarar þess erlenda ríkis, sem hlut á að máli, og eru slíkir samningar tíðast við það miðaðir.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um það, hvar borgaraleg og kirkjuleg hjónavígsla fari fram. Eru þessi ákvæði í samræmi við 34. gr. l. 39/1921.

Um 21. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hjónavígsluathöfnina. Greinin er í samræmi við 35. gr. l. 39/1921, en hér er þó í 2. málsgr. lagt til, að lögfest sé sú fræðiskýring, að hjónaefni skuli vera viðstödd vígsluathöfn. Dugir því ekki, að annað sé nærstatt, en hitt sendi umboðsmann fyrir sig.

Um 22. gr.

1. málsgr., sem mælir fyrir um lágmarksskilyrði þess, að hjónavígsla sé lögmæt, er í samræmi við 36. gr. 1. málsgr. l. 39/1921, þótt orðalagi sé nokkuð vikið við. Ýmiss konar frávik frá réttum reglum hagga ekki við gildi athafnar, og er tekin skýr afstaða til þessa máls í 1. málsgr.

2. málsgr. er nýmæli. Er dómsmálaráðherra þar heimilað að lýsa hjónavígslu gilda, sem ekki stenzt lágmarkskröfur 1. málsgr., enda standi sérstaklega á. Þörf getur verið á slíkri heimild til staðfestingar á hjónavígslu, þegar maður, sem ekki er löggildur vígslumaður, hefur framkvæmt hjónavígsluna, t. d. sýslumaður eða forstöðumaður safnaðar, sem látið hefur af starfi, eða þjóðkirkjuprestur, sem horfið hefur frá starfi, ef 16. gr. frv. lokaákvæði verður lögfest. Sama er, ef mistök eiga sér stað um spurningar til hjónaefna og svör við þeim, sbr. 21. gr. 2. málsgr. frv. o. fl. Heimilt er samkv. þessu að staðfesta vígsluathöfn, þótt annað eða bæði séu látin. Forsenda staðfestingar er sú, að raunverulega hafi athöfn farið fram, sem aðiljar hafi talið gilda vígsluathöfn. Vitaskuld kæmi sjaldan til þess, að á slíka heimild sem þessa reyni. Hliðstæð heimild var lögfest í Noregi 1937, og hefur hún nú verið tekin í lög í Danmörku með nýju hjúskaparlögunum frá 1969.

Um 23. gr.

Hér eru fyrirmæli um embættisbókfærslu um hjónavígslur og gjöld fyrir þær og fyrir hjónavígsluvottorð. Er veitt heimild til þess að skipa þeim málum nánar með reglugerðum, og verður þá vitaskuld að taka tillit til lagaákvæða um það mál, sbr. t. d. aukatekjulög 104/1965, 36. gr., þar sem mælt er fyrir um gjald fyrir borgaralega hjónavígslu. Hér má og minna á gj.skr. 318/1969, 2. gr. um gjöld fyrir kirkjulega hjónavígslu og álag samkv. því. Ákvæði 23. gr. eru nánast samtak af 37., 39. og 40. gr. l. 39/1921. Um skil á skýrslum til hagstofu eru nú skýr ákvæði, og er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneyti hafi samvinnu við hagstofu, ef breyta á þeim reglum.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla svara til V. kap. l. 39/1921, en þó með nokkrum breytingum.

1. **Skilyrði ógildingar** verða önnur en er eftir þeim lögum, með því að hjónavígsluskilyrðin eru einfaldari í sniðum samkv. frv. en l. 39/1921. Sem fyrr greinir,

verður brot á banni gegn vígslu tengdra manna ekki efni til ógildingar samkv. 23. gr. frv. og ekki er heldur sérákvæði um ógildingarviðbrögð í tilefni af vígslu geðveikra og hálfvita. Þá er ekki ákvæði í kaflanum, sem svarar til 3. tl. 43. gr. l. 39/1921, þar eð sjúkdómar þeir, er þar greinir, eru ekki hjúskapartálmar samkv. frv., og ekki þykir ástæða til að tengja ógildingaráhrif við það, er menn eru óhæfir til kynmaka, svo sem gert er í þeim tölulið.

2. **Réttaráhrif ógildingar** verða í stórum dráttum hin sömu og samkv. l. 39/1921, en notað er tækifæri til að lagfæra ákvæðið um fjárskipti, sem er næsta óljóst í 46. gr. l. 39/1921 og vefst fyrir mönnum að túlka, sbr. 27. gr. frv.

Þótt engir dómar hafi gengið samkv. V. kap. l. 39/1921, þykir samt ekki gerlegt að fella þessi ákvæði úr hjúskaparlögum. Þeim er m. a. ætlað það hlutverk að auka virkni hjónavígsluskilyrða og skapa aðhald vegna þeirra. Þá er talið, að almannahagsmunir krefjist ógildingarviðbragða, ef vanvirt eru ákvæðin um bann gegn frændsemisgiftingum, sbr. 6. gr. frv., svo og um bann gegn tvíkvæni, sbr. 9. gr. frv. Dugi ekki að láta það vera háð vilja aðiljanna sjálfra, hvort hjúskapur þeirra haldist eða ekki. Þá gegna ákvæðin því hlutverki að rétta hlut aðilja, sem t. d. er neyddur til að ganga í hjúskap eða beittur hefur verið blekkingum eða stofnað hefur til hjúskapar af vangá eða vegna annarra mistaka o. fl. Eru og réttaráhrif ógildingar út frá þessum forsendum nokkuð önnur en hjónaskilnaðar. Af þessum sökum duga ekki ákvæði um skilnaði, og er því farin sú leið hvarvetna á Norðurlöndum að hafa sérstök ákvæði um ógildingu hjúskapar við hlið ákvæða um hjónaskilnaði.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta er sambærilegt við 41. gr. l. 39/1921, en nokkuð breytt, svo sem áður greinir, sbr. að hér er ekki heimiluð ógilding vegna þess að hjúskapur gangi í berhögg við bann gegn vígslu tengdra. Í 2. málsgr. er orðalag skýrara en fyrr var, og nánast lögfest fræðileg túlkun á ákvæði 41. gr. 3. málsgr.

Um 25. gr.

Ákvæði, sem sé sambærilegt við 42. gr. l. 39/1921, er ekki í frv. þessu, sbr. athugasemdir við 5. gr. frv.

1.—2. tl. 25. gr. eru sama efnis og 1. og 2. tl. 43. gr. l. 39/1921 og 3. og 4. tl. svara til 4. og 5. tl. sömu greinar. Ákvæði sama efnis og 3. tl. 43. gr. er hins vegar ekki í frv.

Málshöfðunarfrestirnir eru óbreyttir frá því sem er í 43. gr.

Um 26. gr.

Grein þessi er að efni til sams konar og 44. gr. l. 39/1921.

Um 27. gr.

Þessi grein svarar til 45. gr. l. 39/1921 og mælir fyrir um fjárskipti vegna ógildingar. Er hér reynt að lagfæra orðalag 45. gr., en mjög torvelt er að skýra hana, enda virðist hún stangast á við skýringu þá, sem greinargerð veitir á henni. Megintilhögun norrænu hjúskaparlaganna á fjárskiptum vegna ógildingar er sú, að hvort hjóna á að taka til sín þær eigur, sem það flutti í bú, þær sjálfar eða virði þeirra. Þá á maki enn fremur að taka þau verðmæti, sem hann hefur hlotið að gjöf eða fyrir arf, meðan á hjúskap stóð, og enn virði þess, sem hann hefur flutt úr séreign sinni til að bæta hjúskapareign sína. Önnur verðmæti, sem myndast í hjúskapnum, verða ýmist séreign eða hjúskapareign — og að svo miklu leyti sem þau verða hjúskapareign, eiga þau að skiptast milli maka, svo sem við skilnað. Ef eigur þær, sem hvort á tilkall til að óskiptu, nema svo miklu, að eigur bús hrökkva ekki til að fullnægja tilkalli, ber að lækka kröfur að tiltölu. Samkv. þessu á spörunin, sem

verður í hjúskap og ekki er séreign, að skiptast milli maka. Tilkall maka snýr ekki eingöngu að hlutnum heldur og að virði hans, og er meginsjónarmiðið, að leggja skal til grundvallar verðlag á þeim tíma, er fjárskipti fara fram.

Um 28. gr.

Greinin samsvarar 46. gr. l. 39/1921. Þó er bætt við, að bæturnar beri að miða ekki eingöngu við kjör beggja heldur og „atvik að öðru leyti". Er með því veitt svigrúm til að taka tillit til þess m. a., hversu saknæmt atferli hins bótaskylda er. Ekki þykir þörf á ákvæði 3. málsgr. 46. gr. og er það ákvæði fellt hér niður. Setja verður kröfu fram, meðan á ógildingarmáli stendur.

Rétt er að taka fram, að ekki þykir ástæða til að hafa ákvæði í frv., sem svarar til 47. gr. l. 39/1921. Almenna ákvæðið í 26. gr. dugir í þessu efni. Þá er hér ekki tekið ákvæði um áhrif ógildingar á nafn konu, og er eðlilegra að skipa því atriði í heildarlögum um mannanöfn.

Um 29. gr.

Greinin svarar til 49. gr. 1., 3. og 4. málsgr. og er að mestu leyti sama efnis og þær. Ákvæði 2. málsgr. 49. gr. er ekki tekið hér með, enda er ekki fyrir að fara ógildingarákvæði í frv., sem hliðstætt er við 42. gr. l. 39/1921.

Um 30. gr.

Greinin samsvarar 49. gr. 5. málsgr. l. 39/1921 og er sama efnis.

Vakin er athygli á ákvæði erfðalaga 8/1962, 26. gr., er fjallar um erfðaaðstöðuna í ógildanlegum hjúskap, sem ekki hefur sætt ógildingu, er annað hjóna andast. 50. gr. laga 39/1921 var afnumin með 62. gr. erfðalaga, enda samsvarar 26. gr. 2. málsgr. erfðalaga ákvæði 50. gr.

Um V. kafla.

Hér eru ákvæði um hjónaskilnaði. Er fjallað samfellt í þessum kafla um skilnaði að borði og sæng og lögskilnaði, andstætt því, sem er í l. 39/1921, þar sem ákvæði eru um fyrra flokk skilnaða í VI. kap., en um hinn síðara í VII. kap. Efnisskipan l. 39/1921 leiðir til margvíslegra endurtekninga, og er það gleggra til yfirlits að skipa ákvæðum um hjónaskilnaði í einn og sama kafla.

Svo sem áður er greint, felast ekki veigamiklar breytingar í frv. á skilnaðarskilyrðunum, a. m. k. ef miðað er við lagaframkvæmdina. **Aðalbreytingin** er sú, að þeim maka, sem fengið hefur leyfi til skilnaðar að borði og sæng, er réttkræfur lögskilnaður eftir eitt ár samkv. 34. gr. frv. án tillits til þess, hvort hitt hjóna er sammála því að leita lögskilnaðar. Samkv. 62. gr. l. 39/1921 eru frestir þessir hins vegar ýmist eitt ár eða tvö ár. **Önnur breyting** er sú, að sakaratriðinu er með öllu útrýmt í ákvæðinu um samvistaslit sem lögskilnaðarástæðu, þ. e. sök beiðanda lögskilnaðar girðir ekki fyrir, að lögskilnaður verði veittur eftir þriggja ára samvistaslit, svo sem nú er þó í orði kveðnu samkv. 63. gr. l. 39/1921 (í lagaframkvæmdinni skiptir sakarþáttur ekki máli). Þá er í **þriðja lagi** lögð til breyting á ákvæðinu um hjúskaparbrot, svo sem fyrr er greint. **Að lokum** má benda á 32. gr. 3. málsgr. frv., þar sem vikið er að því, að maki geti ávallt beiðzt skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar, þótt lögskilnaðarástæðu sé ekki til að dreifa.

Um **úrlausn skilnaðarmála** og aðdraganda að henni eru ákvæði frv. áþekk því, sem er í l. 39/1921. Um **réttaráhrifin** er lagt til, að útrýmt sé sakaratriðinu við úrlausn um forræði barna, en jafnframt eru tekin í frv. ákvæði um umgengnisrétt þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess. Eru þau ákvæði nýmæli í settum lögum. Þá eru nokkur nýmæli um fjárskipti, svo sem síðar verður greint.

Hér á eftir verða nú veittar ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um skilnaði hér á landi umfram það, sem greint er í almennu greinargerðinni hér áður.

1. Flokkun lögskilnaðarástæðna.

Kannaðar hafa verið allar umsóknir um lögskilnaðarleyfi árin 1965 og 1970, sem fallizt var á, og athugað, á hvaða lagaákvæði umsókn um skilnað var reist. Leggja ber áherzlu á, að hér er aðeins um hina formlegu lagaástæðu að ræða, og sker hún ekki úr um raunverulega ástæðu til skilnaðarins. Þegar lögskilnaður er t. d. veittur samkv. samkomulagi aðilja, veitir það enga leiðsögn um, hvað hafi efnislega orðið hjúskapnum að aldurtila. Allt að einu hefur þessi rannsókn upplýsingargildi um lagaframkvæmdina á þessu sviði.

Formleg lögskilnaðarástæða samkvæmt lögum 39/1921	Ár 1965 Fjöldi	%	Ár 1970 Fjöldi	%
62. gr. (undanf. skiln. að borði og sæng)	128	78.1	190	75.7
63. gr. (samvistaslit, 3 ár)	6	3.6	8	3.2
64. gr. (samvistaslit, 2 ár)	2	1.2	1	0.4
67. gr. (hjúskaparbrot)	28	17.1	51	20.3
69. gr. (misþyrming)			1	0.4
	164	100.0	251	100.0
Hjúskaparbrot:				
Eiginmaður viðurkennir hjúskaparbrot	17	60 %		
Eiginkona viðurkennir hjúskaparbrot	11	40 %		

2. Fjöldi lögskilnaða 1961—1968, barnafjöldi hjóna og niðurstaða um forræði.

Oft er á það bent, að skilnaðir bitni hatrammlega á börnum hjóna undir 16 ára aldri. Rannsakað hefur verið, hve mörg börn voru samtals í þeim hjónaböndum, sem lauk með skilnaði á ofangreindu tímabili, og hvernig skipaðist um forráð barna. Á þessum 8 árum voru alls veitt 1407 lögskilnaðarleyfi, og börn undir 16 ára aldri voru samtals 2122. Kemur því sem næst nákvæmlega 1.5 barn að meðaltali á hvert hjónaband, sem lokið hefur með skilnaði. Rannsóknin leiðir í ljós, að móðir hefur fengið forræði barna í 93.6% tilvika, en faðir í 6.4%. Brýn nauðsyn er að taka fram, að við meginhluta þessara skilnaða ræðst forræði barna af samkomulagi foreldra, og verður því ekki dregin ályktun af þessum tölum um afstöðu ráðuneytisins til þessara mála. Með þeirri athugasemd er eftirfarandi skrá birt.

Lögskilnaðir 1961—1968, fjöldi leyfa, fjöldi barna, forræði barna.

Ár	Fjöldi leyfa	Fjöldi barna	Móðir fær forræði	Faðir fær forræði
1961	161	252	236	16
1962	126	176	168	8
1963	196	301	283	18
1964	174	265	248	17
1965	164	252	228	24
1966	192	287	271	16
1967	184	283	262	21
1968	210	306	290	16
	1 407	2 122	1 986 (93.6%)	136 (6.4%)

Áætla má, að árin 1969 og 1970 hafi bætzt við um 780 börn, svo að heildartala barna undir 16 ára aldri, sem eiga foreldri, er skilið hafa, sé 2900 á áratugnum öllum.

3. Hversu langur tími líður frá skilnaði að borði og sæng til lögskilnaðar.

Könnuð voru öll lögskilnaðarleyfi, sem veitt voru á árinu 1965 á grundvelli fyrirfarandi skilnaðar að borði og sæng. Kom þar fram, að 60.9% þeirra voru veitt eftir 1 árs skilnað að borði og sæng, 22.7% eftir 2 ára skilnað að borði og sæng, 10.2% eftir 3 ára skilnað, 2.3% eftir 4 ára, 1.6% eftir 5 ára, 1.6% eftir 7 ára og 0.8% eftir 12 ára skilnað að borði og sæng. Eftir 2 ár frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng hafði því samtals 83.6% hjóna fengið lögskilnað.

Við aðra rannsókn var fylgt eftir þeim leyfum til skilnaðar að borði og sæng, sem veitt voru árið 1965, og það kannað, hve mörg þeirra hjónabanda, alls 217, sem leyfin lúta að, væru niður fallin með lögskilnaði í marz 1971 og hvenær þeim hefði lokið. Helztu niðurstöður eru þessar:

Hjúskap lauk með lögskilnaði innan 1 árs	4	1.8%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 1 ár	102	46.9%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 2 ár	37	17.0%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 3 ár	6	2.8%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 4 ár	1	0.5%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 5 ár	1	0.5%
Ólokið 31. marz 1971	66	30.5%

Af þeim hjónaböndum, sem lokið er 31. marz 1971, lauk 67.5% eftir eitt ár, 24.5% eftir tvö ár og 8% á öðrum tíma.

Síðari könnunin hefur tvímælalaust meira gildi en hin fyrri, þótt rétt þyki að greina þær báðar hér.

Um þau 66 hjón, sem greinir síðast í skránni hér á undan, er vitað, að 15 þeirra tóku upp sambúð, og fengu 12 þeirra síðar leyfi til skilnaðar að borði og sæng, þar af hafa 10 fengið lögskilnaðarleyfi, en 3 þeirra fengu síðar beint lögskilnaðarleyfi án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng. Ætlandi er, að þorri þeirra hjóna, 51 talsins, sem upplýsingar eru ekki um, hafi tekið upp sambúð að nýju.

4. Hverjir veittu árið 1970 leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Könnun á þessu efni leiðir í ljós, að dómsmálaráðuneytið hefur gefið út leyfi samkv. 52. gr. l. 39/1921 í 14% tilvika, en borgardómari, sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli í 86% tilvika samkv. 51. gr. laganna. Borgardómari í Reykjavík hefur gefið út 59% allra leyfanna, sem yfirleitt voru gefin út þetta ár. Fjöldi heildarleyfa þessara hefur vaxið úr 164 árið 1959 í 302 árið 1969.

5. Meðalvaranleiki hjónabanda, sem lauk með lögskilnaði 1965—1969.

Könnun á þessu atriði leiðir í ljós, að meðaltímalengd hjónabanda þessara var sem næst 9 ár. Dönsk rannsókn bendir til, að meðalvaranleiki hjónabanda, er ljúka með skilnaði, sé 11 ár þar í landi.

6. Aldur hjóna, þegar lögskilnaður fer fram.

Yfirlit þetta er samið á grundvelli upplýsinga í Hagtíðindum 1970, septemberhefti, og eru tölurnar hundraðstölur:

Ár 1961—1965	—24 ára	25—29	30—34	35—39	40—44	45—49	50—59	60 og eldri
Karlar	9.2	19.5	21.3	16.4	9.7	8.6	12.2	3.1
Konur	16.5	25.0	18.9	14.6	10.4	6.7	6.1	1.8
1969								
Karlar	13.3	23.6	17.9	16.4	8.5	10.7	6.5	3.1
Konur	24.7	23.2	14.5	13.7	8.4	8.0	6.4	1.1

Hundraðstala þeirra, sem fá lögskilnað innan 24 ára aldurs, hefur hækkað til muna á sjöunda áratugnum, og á það jafnt við um karla og konur. Í 36.9% af skilnuðum er bóndinn 29 ára eða yngri og í 54.8% 34 ára eða yngri. Í 47.9% er konan 29 ára eða yngri, en í 62.4% skilnaða 34 ára eða yngri.

Um 31. gr.

Þessi grein svarar til 51. gr. l. 39/1921, og er þar mælt fyrir um leyfi til skilnaðar að borði og sæng, ef hjón eru sammála um að leita leyfis. Er áskilið, að samkomulag hjóna taki einnig til þess, hversu skipa eigi forráðum fyrir börnum og um framfærslueyri með börnum og maka, svo og um viss grundvallaratriði um fjárskiptin. Eru ákvæði þessi að öllu verulegu sama efnis og 51. gr., eins og henni er beitt í framkvæmd. Um það hver veiti skilnað þenna segir í 43. gr. og um sættir í 44. gr., en í 45. gr. segir um samkomulagsumleitun fyrir yfirvaldi.

Um 32. gr.

Í 1. málsgr. er mælt fyrir um skilnað að borði og sæng vegna saknæms atferlis annars hjóna. Ákvæði þetta er að efni til á sömu lund og 52. gr. 1. málsgr. l. 39/1921, en ekki þykir þörf á að geta þess sérstaklega, að maki sé hneigður til drykkjuskapar eða annarra lasta.

2. málsgr. er sama efnis og 2. málsgr. 52. gr. l. 39/1921, og er þessi skilnaðarástæða við það miðuð, að grundvöllur sé nánast hruninn undan hjúskapnum vegna ósamlyndis hjóna. Þessarar skilnaðarástæðu gætir nú æ meir í sifjalögum víða um heim, og þá raunar einkum sem lögskilnaðarástæðu. Í norrænum sifjalögum er enn við það látið sitja, að þessi ástæða sé grundvöllur að skilnaði að borði og sæng, en sé ekki lögskilnaðarástæða.

Í 3. málsgr. segir, að maki geti takmarkað kröfu sína við skilnað að borði og sæng, þótt lögskilnaðarástæðu sé til að dreifa og hann gæti því krafizt lögskilnaðar. Þetta ákvæði er nýtt, og hefur m. a. það gildi að vekja athygli á, að sú leið sé fær að óska aðeins skilnaðar að borði og sæng, þótt t. d. hjúskaparbrot sé sannað. Um þetta atriði kann að ríkja óvissa, nema lagaákvæði taki af skarið.

Um 33. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 61. gr. l. 39/1921.

Um 34. gr.

Hér er kveðið á um, hvenær hjón, sem fengið hafa leyfi til skilnaðar að borði og sæng, geti krafizt lögskilnaðar, og er ætlazt til, að sú gr. leysi af hólmi 62. gr. l. 39/1921, sem fyrr er lýst. Tilhögun 62. gr. l. 39/1921 er hin sama og eftir norskum sifjalögum og að höfuðstefnu til hin sama og samkv. dönskum sifjalögum allt fram til 1969, þótt frestir væru þar 1½ ár og 2½ ár. Í finnskum og sænskum lögum hefur hér verið eins konar frestur, eitt ár. Dönsku sifjalögin hafa nú lögmælt þessa tilhögun finnsku og sænsku laganna, og er lagt til í 34. gr., að hún verði einnig lögmælt hér á landi. Veigamikið er oft og einatt fyrir aðilja að hugsa vel sitt ráð, áður en horfið er að lögskilnaði, og gegnir réttarúrræðið skilnaður að borði og sæng vafalaust talsvert miklu hlutverki. Rannsóknir á hinum Norðurlöndunum virðast benda til þess, að um 15% af þeim, sem fá leyfi til skilnaðar að borði og sæng, gangi ekki eftir leyfi til lögskilnaðar, og er verulegur hluti þess fólks hjón, sem tekið hafa upp samvistir af nýju. Benda má á upplýsingar í 3. tölulið í almennu greinargerðinni við þennan kafla, er varða leyfi til skilnaðar að borði og sæng 1965. Eftir rösk 5 ár var 30.5% af hjónaböndum, er leyfin vörðuðu, enn ólokið. Telja verður, að eins árs reynslutími sé fullnægjandi í þessu efni, og þá sé reynt til þrautar, hvort saman gangi með hjónum eða ekki. Sú tilhögun að hafa tvenns konar fresti er og fremur óglögg fyrir almenning, og verður stundum vart nokkurs misskilnings út af henni.

Svo sem fram kemur í almennu greinargerðinni í upphafi þessa kafla, er langtíðast, að lögskilnaður sé veittur á grundvelli 62. gr. l. 39/1921 (78.1% árið 1965, en 75.7% árið 1970).

Um 35. gr.

Hún er sama efnis og 63. gr. l. 39/1921, með þeirri undantekningu, að 2. málslið þeirrar greinar er sleppt, en þar segir: „Þó getur sá, er ber verður að því að hafa aðallega valdið samvistaslitum, eigi vænzt skilnaðar, nema sérstaklega standi á". Þessa fyrirvara um sök hefur að litlu eða engu gætt í lagaframkvæmd síðustu áratugi. Sök á samvistaslitum er torvirt, og þykir einsætt að útrýma sakaratriðinu úr greininni, en sú stefna hefur einnig verið tekin í nýju norrænu sifjalagabreytingunum. Mismunur á 63. og 64. gr. l. 39/1921 hefur verið næsta óskýr, þegar litið er til orðalagsins, og er reynt að skýra umtak hliðstæðra ákvæða í frv., 35. og 36. gr., með breyttri orðun þeirra.

Fremur er fágætt, að beitt sé 63. gr. l. 39/1921, þ. e. í 6 tilvikum 1965 og í 8 1970, en hún er þó þriðja tíðasta lögskilnaðarástæðan.

Um 36. gr.

Hún svarar til 64. gr. l. 39/1921, og er þar fyrir að fara þeirri lögskilnaðarástæðu, sem nefnd hefur verið desertio eða brotthlaup af heimili. Á það ákvæði sjaldnar við en 35. gr., enda hefur krefjandi lögskilnaðar sönnunarbyrði fyrir því, að skildögum greinarinnar sé fullnægt. Verður sönnunarfærsla oft örðugri um, að 36. gr. eigi við en 35. gr.

Um 37. gr.

Hún er sama efnis og 65. gr. l. 39/1921.

Um 38. gr.

Greinin er sama efnis og 66. gr. l. 39/1921, en málshöfðunarfrestum er þó sleppt. Samkv. þessu ákvæði er það maki í eldri hjúskapnum, sem getur krafizt lögskilnaðar á hjúskap sínum, en ekki maki í yngri hjúskapnum, þótt grandlaus sé. Maki úr eldra hjúskap getur einnig haft uppi ógildingarkröfu samkv. 23. gr. 2. málsgr. frv., en hér er um valkvæða kosti að ræða, og getur ekki komið til álita að unnt sé að hafa hvorar tveggja kröfurnar uppi.

Um 39. gr.

Hér er fjallað um hjúskaparbrot sem skilnaðarástæðu. 1. málsgr. er samhljóða 67. gr. 1. málsgr. l. 39/1921 og 3. málsgr. er sama efnis og 2. málsgr. 67. gr. að því fráskildu, að frestur til að hafa uppi kröfu til skilnaðar er styttur úr 3 í 2 ár.

2. málsgr. 39. gr. er nýmæli, svo sem fyrr er reifað. Í norrænu sifjalaganefndunum skildi menn nokkuð á um, hvernig haga skyldi skilnaðarreglunum í tilefni hjúskaparbrots. Mjög hefur farið í vöxt, einkum í Danmörku og Finnlandi og nokkuð í Svíþjóð, að menn æsktu lögskilnaðar með vísan til þess ákvæðis sifjalaga, sem fjallar um hjúskaparbrot (í Danmörku hefur hjúskaparbrot verið formleg lögskilnaðarástæða í framundir helmingi allra lögskilnaða síðustu ár). Hefur legið sá grunur á, að hér væri um aðferð að tefla til þess að losna hratt úr hjúskap, og væri ekki ávallt til að dreifa hjúskaparbroti. Væri í þessum tilvikum farið á svig við ákvæði sifjalaga um hjúskaparbrot. Sú skoðun kom því fram og naut allmikils fylgis, að breyta ætti ákvæðinu svo, að þetta atferli gæti aðeins orðið tilefni til skilnaðar að borði og sæng, en ætti ekki að vera lögskilnaðarástæða, sbr. m. a. umræður á norrænu lagamannaþingi í Helsingfors 1957. Var ærin hætta á, að mismunandi afstaða yrði tekin til þessa máls í hinum einstöku sifjalögum. Af þessari ástæðu ályktaði Norðurlandaráð í febrúar 1967 að skora á ríkisstjórnir Norðurlanda að samræma frv. til sifjalaga, sem þá voru í uppsiglingu, og mæla þar svo fyrir, að hjúskaparbrot yrði eftirleiðis sem hingað til lögskilnaðarástæða, en heimilt

væri þó að dæma til skilnaðar að borði og sæng eða veita leyfi til þess í stað lögskilnaðar, þegar tillit til barna hjóna eða aðrar veigamiklar ástæður mæltu með því. Hefur sifjalögunum nú hvarvetna verið breytt í þetta horf á Norðurlöndum, nema hér, og er lagt til í 2. málsgr. 39. gr., að þessi háttur verði lögmæltur hér á landi. Þetta ákvæði á fyrst og fremst við, þegar hjón eiga ung börn saman. Þykir þá mikils um vert að reyna til þrautar, hvort sambúð geti tekizt. Ljóst er, að fyrst eftir að upp kemur um ótryggð maka, er hætt við að rót verði á tilfinningum hins, og ber við, að sá maki hrapi að lögskilnaði, en iðrist þess síðar. Ósýnt er, hversu oft þessi heimild verði notuð, en hinu verður naumast í móti mælt, að hún getur komið að góðu gagni, þegar sérstaklega stendur á.

Af skrá 1 í greinargerð við upphaf þessa kafla verður ráðið, að það fer í vöxt hér á landi að byggja kröfu til lögskilnaðar á hjúskaparbroti (17.1% 1965, en 20.3% 1970). Ef skyggnzt er lengra aftur í tímann verður þetta enn ljósara, t. d. var áætlað 1957, að þessi hundraðstala væri fremur undir en yfir 8.

Um 40. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 69. gr. l. 39/1921.

Bent skal á, að ákvæði, er svari til 68. gr. l. 39/1921, er ekki tekið með í frv., og er lagt til, að það verði úr lögum numið. Í grein þessari er mælt fyrir um kynsjúkdóma og tengd lögskilnaðarkrafa við það, þegar annað hjóna, sem haldið er sjúkdómnum, hefur samfarir við hitt þann veg, að sýking geti af hlotizt. Hvort tveggja er, að kynsjúkdómar eru nú fátíðari en áður var og auk þess eru nú tiltölulega örugg læknisráð við þeim. Er því lagt til, að ákvæðið sé niður fellt. Þess skal getið, að norrænu sifjalaganefndirnar töldu ákvæði þetta óþarft, en í dönsku sifjalögunum frá 1969 var því þó haldið.

40. gr. frv. er, sem fyrr segir, sama efnis og 69. gr. l. 39/1921, en málshöfðunarfrestur eða frestur til að afhenda umsókn um lögskilnað er lengdur úr 6 mánuðum í eitt ár. Mjög fátítt er á hinum Norðurlöndunum, að ákvæði þessu sé beitt.

Um 41. gr.

Ákvæðið fer með sama efni og nú er í 70. gr. l. 39/1921, sem er einskorðuð við innlenda dóma, er dæma refsivist. Ákvæði frv. er þó rýmra en 70. gr., þar sem það er einnig látið taka til dóms, sem dæmir sakborning til að sæta öryggisgæzlu. Þá er og kveðið svo á, að erlendir dómar geti haft sambærileg réttaráhrif að þessu leyti, „ef tillitið til háttsemi þeirrar, sem maður er talinn sekur um, og atvika máls að öðru leyti, mælir með því".

Að því er varðar öryggisgæzlu, þá er hún dæmd ótímabundið, sbr. einkum 62. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Er því ekki skýrt, hvernig beita eigi 70. gr. l. 39/1921, ef slík viðurlög eru dæmd. Þykir rétt að mæla svo fyrir, að maka þess, er sætir slíkum dómi, sé unnt að hafa uppi lögskilnaðarkröfu vegna þess konar dóms. Eru hliðstæð ákvæði nú í norrænu sifjalögunum. Rétt þykir enn fremur að heimila að leggja erlenda refsidóma að líku við innlenda. Nokkur varnagli er þó við slegginn, enda geta hin erlendu refsilög eða dómvenjur verið mjög ólík því, sem gerist hér á landi, og er því eðlilegt að forma ákvæðið eingöngu sem heimildarákvæði, er veiti svigrúm til mats hverju sinni. Frestur til að hefjast handa um kröfu til lögskilnaðar er lengdur úr 6 mánuðum í eitt ár með sama hætti og í 40. gr. frv. Er sú breyting ráðin í báðum tilvikum til samræmingar við norrænu sifjalögin nýju.

Um 42. gr.

Hér er fjallað um geðveiki sem lögskilnaðarástæðu, og er ákvæðið að mestu sama efnis og 71. gr. l. 39/1921. Er áskilið hér sem þar, að geðveiki hafi staðið 3 ár. Í 71. gr. er bætt við orðunum: „enda bati ólíklegur". Þeim er sleppt hér til samræmis við nýju norrænu sifjalögin, og fyrir ábendingu frá geðlæknum, sem telja illmögulegt og stundum ógerning að kveða svo fast að orði um batahorfur sem í

70. gr. felst. Í 42. gr. frv. er hins vegar veitt heimild, sem ekki er í 71. gr. gildandi laga, til að veita lögskilnað, „ef sérstakar ástæður mæla með því, . . . þótt sjúkdómur hafi ekki staðið í 3 ár". Fordæmið eru finnsku sifjalögin, sem hafa alllengi haft hliðstæða heimild. Ákváðu norrænu sifjalaganefndirnar að leggja til, að slík heimild yrði lögfest í norrænum lögum. Hún getur einkum haft gildi, þegar geðlæknar telja sig geta staðhæft, að bati sé útilokaður, svo og t. d. þegar veikin lýsir sér í ofsóknaræði gagnvart heilbrigða makanum. Dönsku lögunum var breytt í þetta horf 1969, en skylt er að geta þess, að þetta viðbótarákvæði var fellt úr norska frv. í meðförum Stórþingsins. Þótt þetta nýmæli verði lögfest hér á landi, er ætlazt til þess, að því yrði aðeins beitt í sérstæðum tilvikum.

Um 43. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um það samfellt, hver það er, sem greiði úr kröfu um skilnað að borði og sæng annars vegar og um lögskilnað hins vegar.

Samkv. 1. málsgr. er þeirri tilhögun haldið að meginstefnu til, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng veiti stjórnvöld, en ekki dómstólar. Frá þessu er þó gerð ein undantekning. Ef krafa um skilnað að borði og sæng er reist á 32. gr., er unnt að krefjast slíks skilnaðar fyrir dómstól, enda hafi dómsmálaráðuneyti synjað um að veita leyfi. Er hér lögmælt, að fyrst þurfi að leita leyfis ráðuneytis. Varhugavert þykir að meina mönnum allskostar að leita slíks leyfis fyrir dómstól, og er tilhögunin hér að mestu í samræmi við dönsku og norsku lögin. Sú breyting er enn á gerð í 1. málsgr., að lagt er til, að lögreglustjórinn í Bolungarvík veiti leyfi til skilnaðar að borði og sæng, og er það nýmæli.

Tilhögunin um úrlausn á kröfu um lögskilnað er hin sama samkv. 3. málsgr. og nú er, sbr. 72. gr. l. 39/1921. Má leita lögskilnaðar hvort sem er í dómsmálaráðuneyti eða fyrir dómstól. Ekki þarf fyrst að leita leyfis í ráðuneyti andstætt því, sem er samkv. 2. málsgr. 43. gr. Tekið er sérstaklega fram í 3. málsgr. 43. gr. — og til öryggis — að ekki girði það fyrir að dómsmál sé höfðað, þótt ráðuneyti hafi synjað umsókn.

Um 44. gr.

Hér er rætt um sáttaumleitan í samfelldu máli — bæði sem aðdraganda að skilnaði að borði og sæng og að lögskilnaði. Eru þessar reglur að flestu leyti svipaðar því, sem nú er samkv. 53., sbr. 62. gr. og 72. gr. l. 39/1921. Þeirri tilhögun er haldið, að ýmist leiti sáttanefnd um sættir eða prestur. Í 4. málsgr. er nýmæli, sem heimilar dómsmálaráðuneyti að kveða svo á, að könnun af hendi stofnunar um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sætta.

Að öðru leyti eru þessar breytingar fólgnar í ákvæðinu:

1. Í 1. málsgr. segir, að sáttatilraun þurfi að hafa átt sér stað á síðustu 6 mánuðum, áður en leyfi sé veitt eða dómsmál höfðað. Skiptir vissulega máli, að tryggt sé, að sáttatilraun hafi nýlega farið fram, enda geta viðhorf hafa breytzt, ef langt er umliðið síðan sátta var leitað. Er þetta nýmæli í samræmi við norrænu lögin nýju.

2. Í 2. málsgr. segir, að ef annað hjóna sæki ekki sáttafund, þótt það hafi tvívegis fengið kvaðningu, sé nægilegt að reyna sátt með hinu. Þetta ákvæði er einnig í samræmi við nýmæli m. a. í dönsku hjúskaparlögunum nýju. Er varhugavert að láta öðru hjóna haldast uppi að tefja sáttir með því að skella skollaeyrum við kvaðningu til sáttafundar. Gegnir ákvæðið og öðrum þræði því hlutverki að eyða óvissu, sem vaknað getur hjá sáttasemjara í þessu sambandi. Í reglum dómsmálaráðuneytis samkv. 4. málsgr. verða væntanlega sett ákvæði um það m. a., hvaða formlegan hátt skuli á hafa um kvaðningu til sáttafundar. Nú eru engin sérstök fyrirmæli gildandi í því efni.

3. Í 3. málsgr. er hjónum gert að skyldu að sækja sáttafund, ef hau dvelja hér á landi og eigi hvorugt lengri leið en 100 kílómetra til fundarstaðar. Í 53. gr. l. 39/1921 er miðað í þessu efni við 30 kílómetra. Þá er sektarrefsing við lögð samkv.

lokaákvæði 3. málsgr., ef hjón sækja ekki löglega boðaðan sáttafund. Eru engin ákveðin sektamörk nefnd, andstætt því, sem nú er í 53. gr. Í 53. gr. er við það miðað, að stjórnvald leggi á sekt, en hér er á því byggt, að það sé dómstóll, er dæmi sekt — en þó er vitaskuld heimil önnur sektaafgreiðsla eftir því er segir í l. 82/1961. Að jafnaði er það sáttasemjari, sem óskar að sekt sé á felld, en hana má dæma fyrir hvert einstakt skipti, sem vanrækt er að sinna kvaðningu. Í kvaðningu er rétt að geta þess, að sekt varði, ef ekki er sinnt um að sækja sáttafund.

4. Í 4. málsgr. er dómsmálaráðuneyti gert að setja reglur um sáttir samkv. þessari grein. Í reglunum væri t. d. rétt að setja ákvæði um, hvaða prestur (forstöðumaður trúfélags eða prestur þess) eigi að fjalla um mál eða hvaða sáttanefnd eigi að leita eftir sáttum.

Setja mætti þar ákvæði um lögmæt forföll, m. a. vegna sjúkdóma o. fl. Frávik frá þeirri meginreglu, að bæði hjón sæki samtímis sáttafund, mætti gera t. d. þegar annað er í fangelsi eða á geðveikrahæli. Í 4. málsgr. er gagngert heimilað að setja ákvæði í reglur þessar um það, hversu lengi sáttatilraun geti staðið í lengsta lagi. Í því efni má geta þess, að samkv. hliðstæðum reglum, er danska dómsmálaráðuneytið hefur sett, er miðað við 6 vikur sem hámarkstímalengd. Þá má enn setja reglur um, að félagsráðgjöf af hendi slíkrar ráðgjafarstofnunar geti komið í stað sátta, sbr. áður. Í reglum þessum væri enn rétt að setja ákvæði um vottorð sáttasemjara um sáttatilraun. Samkv. frv. verða hjón sjálf að sækja sáttafund, enda er það grundvallarforsenda fyrir raunhæfum sáttum, og dugir ekki að senda umboðsmann í því skyni. Hjón mega og ekki hafa lögmann eða annan umboðsmann með sér á sáttafundi.

Norrænu sifjalaganefndirnar hafa rætt rækilega kosti sátta og jafnframt ágalla, sem á eru nú. Vafalaust eru sáttir úrræði, sem til kemur um seinan eftir gildandi löggjöf, þ. e. ekki fyrr en hjón hafa ákveðið að leita skilnaðar. Hins vegar hafa nefndirnar talið, að sáttir geti gegnt mikilvægu hlutverki í því skyni að búa hjónum aðstöðu til að ræða vandamál sín við þriðja mann, sem oft hefur innsýn í þau þjóðfélagsvandamál, sem tengjast skilnaði, og nokkra sérkunnáttu.

Í framtíðinni er ótvírætt nytsamlegt, að komið væri á fót stofnunum, sem fjölluðu gagngert um ýmiss konar ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir hjón og raunar hjónaefni, skipuðum sérfróðu starfsfólki, þ. á m. sálfræðingum, lögfræðingum og prestum, félagsráðgjöfum o. fl. Vert er einnig í þessu sambandi að vekja athygli á tilraunum, sem gerðar hafa verið víða um lönd með sérstaka dómstóla, sem fjalla alfarið um fjölskyldumálefni (family courts), þ. á m. slit hjúskapar og vandamál, sem af þeim stafa, málefni barna ýmiss konar, ættleiðingar og niðurfellingu þeirra, um faðernismál o. fl. Eru allskiptar skoðanir um árangur af slíkum dómstólum, en t. d. í Bandaríkjunum hafa þeir sums staðar þótt gefa góða raun, ekki síst vegna þess að ýmsir sérfræðingar í öðrum greinum en lögfræði eru tengdir dómstól og þar er í reynd viðhöfð mikilvæg sáttastarfsemi og félagsráðgjöf. Er mikilvægt, að fylgzt sé með reynslunni af slíkum dómstólum og öðrum nýjungum í meðferð hjúskaparmála. Hér ber og að benda á þá brýnu þörf, sem er á rannsóknarstarfsemi um fjölskyldumálefni á breiðum félagsvísindalegum grundvelli, og er mikilvægt að koma á fót rannsóknarstarfsemi um þessi málefni við háskólann.

Um 45. gr.

Samkv. 52. gr. 3. málsgr. l. 39/1921 verður leyfi til skilnaðar að borði og sæng ekki veitt, nema skilnaðarbeiðandi sanni, að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með hjónum um atriði þau, er greinir í 55.—57. gr. laganna, þ. e. um framfærslueyri maka innbyrðis, forráð fyrir sameiginlegum börnum og skiptingu á framfærslu barna með foreldrum. Samkv. 72. gr. sömu laga skal fylgja beiðni um lögskilnað, sem leitað er í dómsmálaráðuneyti, sönnun þess m. a., að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi um þau atriði, er 76. og 77. gr. ræða um, þ. e. um forræði barna og hversu framfærslu barna verði skipt með hjónum. Í 72. gr. er

ekki rætt um, að yfirvald skuli fjalla um framfærslueyri með maka, enda kemur sjaldnast til hans, sbr. 75. gr. Við skilnað að borði og sæng, sem veittur er samkv. 51. gr. laganna, og við lögskilnað, sem veittur er samkv. 62. gr., er ekki áskilið, að atbeini yfirvalds komi til, en þó er venja að hjón komi einnig fyrir yfirvald við þær aðstæður, og er þetta skylt a. m. k. ef beita á 62. gr., sbr. athugasemdir í greinargerð með frv. á sínum tíma. Ber yfirvaldi að ganga úr skugga um, hvort samkomulag sé um skilnaðarkjör og almennt, hvort hallað sé á annað hjóna með samningi. Er sérstök bókun gerð um þetta í hjónaskilnaðarbók og þá einnig um skilnaðarástæður, sem aðili byggir á, þ. á m. er þar bókuð játning maka um hjúskaparbrot, ef því er að skipta. Hvílir hér leiðbeiningarskylda á dómara við hjón. Gæta verður þess, að hjón séu hæf til að fara með mál sitt, en skipa ber lögráðamann að öðrum kosti eða annan gildan fyrirsvarsmann.

Ákvæði 45. gr. frv. er í megindráttum í samræmi við greind ákvæði l. 39/1921. Er hér boðið, að atbeina yfirvalds njóti við ávallt, þegar leitað er skilnaðar, hvort sem er skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, og hver sem skilnaðarástæðan er. Skal yfirvald reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan foreldraráða yfir börnum og um framfærslueyri, þ. e. með hjónum innbyrðis og skiptingu framfærslu barna milli hjóna, leiðbeina hjónum og benda á óvenjuleg samningskjör, þar sem hallað er á annað hjóna. Þessi leiðbeiningarstarfsemi verður sérstaklega rík, þegar hjón hafa ekki notið liðsinnis lögfræðings. Þá er mælt fyrir um það í greininni, að hjón skuli staðfesta samkomulag sitt um þessi efni fyrir yfirvaldi, ef samkomulagi er til að dreifa. Þá skal bóka í hjónaskilnaðarbók um þá ástæðu eða þær ástæður, sem skilnaðarkrafa er reist á, og horf aðilja við þeim.

Í 2. málsgr. er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðuneyti setji almennar reglur um umleitun yfirvalda um skilnaðarkjör o. fl. Þar er m. a. rétt að setja reglur um, hvar fjalla skuli um umleitun þessa, um skyldu hjóna til að koma sameiginlega fyrir yfirvald, nema alveg sérstakar ástæður geri það örðugt, heimild hjóna til að hafa lögfræðing sér við hlið við slíkt mót, um hæfi hjóna til að binda sig við umleitun þessa og nánar um umsýslu yfirvalds og leiðbeiningarstarfsemi.

Benda má á, að í vestur-þýzku hjúskaparlagafrv. frá 1970 er gert ráð fyrir því, að hjón eigi ávallt tilkall til lögfræðilegs liðsinnis, sem eftir atvikum er goldið af almannafé, þegar þau ganga frá málefnum sínum vegna skilnaðar.

Um 46. gr.

Oft getur orðið álitamál, hvort skilnaðarkjör, sem hjón hafa komið sér saman um, eigi einnig við eftir að lögskilnaður er veittur, þegar á undan fer skilnaður að borði og sæng. Hér er lagt til — að fyrirmynd nýju norrænu hjúskaparlaganna — að kveðið verði svo á í lögum, að samkomulag um þessi efni gildi einnig eftir lögskilnað, nema annars sé getið. Framfærslueyrir með maka komi þó ekki til greina eftir lögskilnað, nema þessa sé sérstaklega getið. Hér yrði samkv. því, sem lýst var, um hjákvæmilegt lagaákvæði að ræða, ef lögfest yrði, sem hefði verulegt leiðsögugildi fyrir aðilja og ýmsa aðra.

Um 47. gr.

Í þessari grein eru reglurnar um það, hvernig skipa eigi forræði fyrir börnum við skilnað, svo og um umgengnisrétt þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess.

Í 1. málsgr. er boðið, að taka skuli afstöðu til þessara efna, þegar leyfi er veitt (eða dæmt er) til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar.

Meginsjónarmið í báðum tilvikum er það, að ef hjón koma sér saman um tilhögun þessara mála tveggja, skuli skipa málunum í samræmi við það, nema það komi í bága við þarfir barnsins. Að öðrum kosti, svo og þegar foreldra skilur á, verður stjórnvald, sem veitir skilnaðarleyfi, eða dómstóll, er dæmir skilnaðarmálið, að ráða máli til lykta eftir því sem bezt hentar þörfum barnsins.

Um forræði fyrir börnum við skilnað eru nú ákvæði í 56. og 76. gr. l. 39/1921. Í þessum ákvæðum segir m. a., að ef báðir foreldrar séu jafnhæfir til að ráða börnunum, en öðru hjóna verður aðallega um skilnaðinn að kenna, og skuli þá „að jafnaði fá hinu foreldrinu forræði barnanna". Þetta sakaratriði þykir ekki eiga rétt á sér, svo sem fyrr er greint, og er lagt til, að því sé með öllu útrýmt.

Við úrlausn þessara vandasömu mála ber að leggja aðaláherzlu á að kanna uppeldishæfni hvors foreldris um sig, tök þeirra hvors um sig á að sinna barni og að búa því þroskasamlegt uppeldisumhverfi, aldur barns og aldur foreldra, heilsuhagi þeirra, tilfinningatengsl barns við hvort foreldri um sig o. m. fl. Í lögum sumra ríkja er það ákvæði, að mjög ung börn, t. d. undir 2 ára aldri, skuli yfirleitt fylgja móður. Ekki þykir ástæða til að lögfesta slíkt ákvæði hér. Sérstök vandamál rísa um systkinahóp, hvort sundra eigi honum eða láta öll börn fylgja öðru foreldri. Við það mat reynir á margvísleg sjónarmið, og atvik eru svo sundurleit, að torvelt er að setja fram almennar leiðbeiningar, er að haldi komi, um það mál. Sama er um þá spurningu, að hve miklu leyti eigi að taka tillit til vilja barnanna sjálfra, þegar mál þetta er leyst. Forræði barns skal vera óskipt hjá öðru foreldra, svo sem er eftir gildandi lögum. Ákvæðið í 2. málsgr. 47. gr. er mestmegnis í samræmi við ákvæði 56. og 76. gr. l. 39/1921. Þó er m. a. lagt til, að lögmælt verði, að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar, og má nú heita, að slíkt sé orðin föst venja. Hugsanlegt er, að mál gangi til barnaverndarráðs samkv. almennum ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna. Í 56. gr. 2. málsgr. og 76. gr. 2. málsgr l. 39/1921 er boðið, að leita skuli umsagnar nánustu venzlamanna barns, áður en forræðismáli er til lykta ráðið. Hliðstætt ákvæði er ekki í 47. gr. frv. Þykir ekki ástæða til að lögbjóða slíka tilhögun, en sjálfsagt er, að stjórnvald eða dómstóll leiti umsagnar þeirra, sem talið er að geti komið fram með umsagnir, sem hald sé að, hvort sem þeir eru nánir venzlamenn eða ekki. Um breytingu á samningi eða ákvörðun um forráð barna vísast til 48. gr.

Í 3. málsgr. er lagt til, að lögfest verði ákvæði um umgengni þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess. Slík ákvæði eru ekki í skráðum lagareglum hér á landi. Er tvímælalaust orðið mjög tímabært að lögmæla slíkar reglur, enda verður þess æði oft vart, að slík mál verði efni til óvissu og ágreinings. Hér er um næsta viðkvæm mál að ræða og oft vandmeðfarin. Er ótækt, að ekki sé við löggjöf að styðjast við úrlausn þeirra, svo og til leiðsögu fyrir foreldra þá, sem í hlut eiga, lögmenn, barnaverndaryfirvöld og félagsmálastofnanir.

Brýn ákvæði um umgengnisréttinn voru fyrst sett í sænskum lögum hér á Norðurlöndum, og var það 1915. Þau ákvæði tóku til aðstæðna við skilnað. Hliðstæð ákvæði voru lögfest 1922 í Danmörku. Í Finnlandi voru ákvæði sett árið 1922 í löggjöf um óskilgetin börn þess efnis, að faðir slíks barns hefði rétt til umgengni við barnið, svo og móður, ef hún hefði ekki foreldravaldið. Ákvæði um umgengni þess foreldris skilgetins barns, sem ekki hefur forræði barns, hefur hins vegar skort í finnskum lögum, en sá réttur er allt að einu talinn vera fyrir hendi. Árið 1949 var umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barnið lögmæltur í Svíþjóð. Með barnalöggjöf árið 1956 var réttur til umgengni við börn, hvort sem þau voru skilgetin eða óskilgetin, lögmæltur í Noregi, en árið 1940 hafði Hæstiréttur Noregs kveðið upp dóm þess efnis, að slíkum rétti væri til að dreifa fyrir það foreldri skilgetins barns, sem ekki hefði forræði þess. Var sá réttur talinn vera fyrir hendi, þótt lögskráðum reglum væri ekki fyrir að fara. Hliðstæð málalok urðu hjá Hæstarétti Hollands sama ár, þar sem ekki heldur var við lög að styðjast. Hæstiréttur Danmerkur dæmdi árið 1964, að samkv. dönskum rétti ætti faðir ekki lögvarinn rétt á umgengni við óskilgetið barn sitt, en 1969 var dönskum lögum breytt svo, að slíkur réttur er nú lögfestur. Norsku reglunum var breytt 1969 og í það athyglisverða horf, að réttur þessi er orðaður sem réttur barns til umgengni við báða

foreldra. Ákvæði laga í Svíþjóð, Danmörku og Noregi um fullnustu úrlausna um umgengnisrétt hafa sætt endurskoðun, og eru ný lög um efnið frá 1967 og 1969.

Telja verður, að lögvörðum umgengnisrétti sé til að dreifa hér á landi í skilnaðartilvikunum, þótt lögskráðar reglur skorti, og allmikið kveður að úrlausnum um þennan rétt. Ýmis lagarök mæla og með því, að slíkum rétti til umgengni sé fyrir að fara milli föður og óskilgetins barns hans, en ekki er ástæða til að ræða þann þátt sérstaklega hér. Er vissulega mikilvægt, að tengsl milli barns og foreldris haldist, þótt foreldrar skilji, og skiptir höfuðmáli, að foreldrar sjálfir geri sér þessa ljósa grein og að komið sé við leiðbeiningum til fólks um þetta efni. Forsenda þess, að vel takist um umgengni milli foreldris og barns, er að jafnaði sú, að hér sé um samkomulag milli foreldra að ræða. Ef til verulegs ágreinings kemur út af því, er vandhaldið á málum þessum, og er þá hætt við, að barn verði bitbein foreldra og að framkvæmd á rétti þessum bitni þá harkalega á barni. Þrátt fyrir þessa ágalla er þó gengið út frá því, að hér eigi að höfuðstefnu að koma við umgengni milli foreldris, sem ekki fær forræði barns, og barns þess. Hér verður þó að slá við varnagla. Til er, að högum foreldris sé þannig farið, að varhugavert sé að mæla fyrir um umgengni þess við barn, t. d. þegar foreldri er geðveikt, spillt að siðferði, áfengissjúklingur eða fíknilyfja o. fl. Þá má einnig vera, að örðugleikum sé bundið að koma við umgengni, svo sem vegna dvalar foreldris erlendis eða í miklum fjarska við heimili barns. Þá verður enn fremur að hafa í huga hagi barns, svo sem aldur þess, heilsuhagi, og að nokkru afstöðu þess til foreldris, er sækist eftir umgengni við það, þótt sú afstaða ráði engan veginn ávallt úrslitum.

Þótt dómstóll mæli fyrir um umgengnisrétt, svo sem hugsanlegt er samkv. frv., er þó talið heppilegast, að dómsmálaráðuneyti sjái um framkvæmd mála út af umgengnisréttinum, enda mun það vera svo um fyrirsjáanlega framtíð, að skilnaðarmálin séu jafnaðarlega leyst með stjórnvaldsúrlausn, en ekki með atbeina dómstóla. Dómsmálaráðuneyti staðfestir samkomulag hjóna um umgengnisrétt, ef sú skipan er ekki talin andstæð þörfum barnsins. Að öðrum kosti getur ráðuneyti kveðið svo á samkv. ósk þess hjóna, sem ekki fær forræði barns, að það skuli eiga rétt til umgengni við barn. Ef varhugavert er að leyfa umgengni, ber þó dómsmálaráðuneyti að synja um umgengnisrétt, og ráðuneytið getur enn fremur fellt niður rétt þennan síðar, ef atvik hafa breytzt og nú þykir varhugavert vegna þarfa barns að halda áfram slíkri umgengni. Þá mælir ráðuneytið fyrir um inntak þessa réttar og hversu honum verði beitt. Að jafnaði mun vera heppilegast að setja ákveðnar reglur um þessa umgengni, t. d. hvaða dag eða yfir hvaða tímabil hún skuli taka og gera ákvarðanir sem sérgreindastar, og eftir atvikum ákveða hvar umgengni megi eiga sér stað, hvar og hvenær foreldri skuli vitja barns og hvar og hvenær skila barni o. s. frv.

Eitt af örðugustu vandamálum við umgengnisréttinn er það, hvernig unnt er að fylgja honum eftir með lagaúrræðum, ef ekki reynist kleift að framkvæma umgengnina eftir því, sem mælt hefur verið fyrir um eða um hefur samizt. Ljóst er, að slíkir örðugleikar geta oft beint eða óbeint stafað af mótþróa eða andstöðu hjá því foreldri, sem hefur forráð barns. Á Norðurlöndum hefur þá t. d. verið beitt beinni fógetagerð til þess að knýja forráðaaðiljann til að afhenda barnið og annað úrræði er að beita hann dagsektum. Fyrri úrkosturinn bitnar oft hatrammlega á barni og getur verið stórlega viðsjárverður. Síðara úrræðið hefur ekki þessa ókosti, en hins vegar er örðugleikum bundið að beita því gagnvart t. d. móður, sem á í vök að verjast efnahagslega með framfærslu barns. Í Noregi hefur þetta síðarnefnda úrræði gefizt vel, og hefur mjög sjaldan til þess komið að dagsektir hafi verið innheimtar — álagning þeirra virðist þar skapa nægilegt aðhald. Byggt er á því, að ef til átaka komi út af framkvæmd þessara mála, þá geti dómsmálaráðuneyti falið barnaverndarnefnd eða barnaverndarráði eða sérstökum tilsjónarmanni

að freista þess að greiða úr örðugleikum. Ef það stoðar ekki, þá er heimilt að leggja á forráðaaðiljann, sem valdur er að því, að ekki reynist unnt að framkvæma skipan þessa, dagsektir 50—500 kr. Um afplánun dagsekta má m. a. vísa til 55. gr. alm. hgl. Þar sem önnur nauðungarráð, svo sem bein fógetagerð, þykja varhugaverð, er hér tekið fyrir þau að fordæmi norsku laganna.

Um forræði barna við skilnað má minna á tölfræðilegar upplýsingar í upphafi greinargerðar að V. kafla.

Um 48. gr.

Hér er mælt fyrir um það, hvernig unnt sé að fá breytt samningi eða annarri úrlausn um skipan forráða fyrir börnum og um umgengnisrétt. Er lagt til, að sama regla gildi, hvort sem samningur liggur til grundvallar þessari skipan eða úrlausn dómstóls. Í báðum tilvikum getur dómstóll breytt þessari skipan, „ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barna". Hér er viðmiðunin fyrst og fremst, hvað barni sé fyrir beztu.

Ef dómsmálaráðuneyti hefur gert þá skipan á forráðum fyrir barni eða umgengnisrétti, sem á reynir, ber breyting undir það, og getur það þá breytt fyrri úrlausn með sama skilorði og dómstóll, þ. e. ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barna. Ekki þykir almennt unnt að leggja mál til úrlausnar ráðuneytis, ef samkomulag liggur skipaninni til grundvallar, og þótt ráðuneyti staðfesti samkomulag aðilja, haggar það ekki því, að samkomulagi er til að dreifa, en mál hefur ekki verið leyst með úrlausn ráðuneytisins.

Um 49. gr.

Hér er mælt fyrir um framfærslueyri til handa maka við skilnað. Ber að taka afstöðu til þessa atriðis, þegar veittur er skilnaður, hvort sem er að borði og sæng eða lögskilnaður. Í 55. gr. l. 39/1921 segir, að þegar gefa verði öðru hjóna aðalsök á skilnaði, verði því eigi áskilinn framfærslustyrkur af hinu, nema sérstaklega standi á. Í 75. gr. er kveðið enn fastar að orði. Þar segir, að aldrei verði því hjóna, sem skilnaðurinn er aðallega að kenna, áskilinn styrkur af hendi hins. Því er lýst hér að framan, að norrænn hjúskaparréttur er nú mjög að vaxa frá því, að sök hjóna á skilnaði eigi að skipta máli um atriði, eins og framfærslueyri. Er lagt hér til, að þetta sakaratriði sé með öllu afnumið. Í þessu efni skipta félagslegu þarfirnar fyrst og fremst máli og auk alls annars er sök hjóna á skilnaði næsta tormetin.

Í 75. gr. l. 39/1921 segir, að annað hjóna verði ekki skyldað til að framfæra hitt eftir lögskilnað, „nema alveg sérstaklega standi á". Íslenzku hjúskaparlögin eru um þetta atriði í samræmi við þær tillögur, sem norrænu hjúskaparlaganefndirnar lögðu til á sínum tíma. Á þjóðþingunum norrænu, utan Íslands, var þessi heimild til að úrskurða framfærslueyri lögmælt miklu rýmri en hér. Er og vissulega unnt að benda á ríkar félagslegar þarfir hjá maka á framfærslueyri eftir lögskilnað, svo sem þegar hlutaðeigandi er lasburða eða getur ekki tekið vinnu utan heimilis vegna þess að hann er bundinn við ung börn eða á ekki kost á heppilegri vinnu. Í ýmsum löndum er nú andstaða gegn viðtækum framfærslueyri eftir lögskilnað, og er m. a. bent á almannatryggingalög, er rétta hlut hins fráskilda, a. m. k. ef hann hefur forræði barna, svo og á það, að nú er það stórum tíðara en áður var að konur stundi atvinnu, meðan þær eru giftar, og þá verður hægara fyrir þær að halda áfram vinnu sinni en að taka upp vinnu, að loknum hjúskap, ef þær hafa ekki um langt árabil stundað slíka vinnu. Sifjalaganefnd er þeirrar skoðunar, að ákvæði 75. gr. sé of þröngt og lagarök mæli með því að unnt eigi að vera að úrskurða framfærslueyri einnig eftir lögskilnað, ef sérstaklega stendur á. Eigi hér að leysa úr máli bæði með hliðsjón af þörfum krefjanda og svo með tilliti til þess, hvað hitt sé aflögufært um, svo og atvika að öðru leyti, svo sem lengd hjúskapar og þörf krefjanda á menntun og endurhæfingu. Lagt er til, að sama viðmiðun sé á höfð sem við mat á framfærslueyri við skilnað að borði og sæng, en þó er gengið út frá, eins

og orðalag gefur til kynna, að sjaldnar komi til skyldu á greiðslu framfærslueyris eftir lögskilnað en meðan á skilnaði að borði og sæng stendur.

Um 50. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um ákvörðun á framfærslueyri milli hjóna innbyrðis, hver ákveði hann og eftir hvaða efnislegu viðmiðunum. Þá er þar kveðið á um, hvaða áhrif það hafi á framfærslurétt og framfærsluskyldu, ef sá, sem tilkall á til framfærslueyris, giftist af nýju.

Framfærslueyrir er mjög oft ákveðinn af hjónum sjálfum. Ef 31. gr. frv. á að beita, er það efnisforsenda, að um þetta atriði sé samkomulag og samkv. 45. gr. frv. ber yfirvaldi að reyna að ná samkomulagi með hjónum m. a. um þetta atriði. Ef ekki gengur saman með hjónum um ákvörðun framfærslueyris, leysir dómsmálaráðuneyti eða dómstóll úr máli, þ. e. sá úrlausnaraðili, sem fjallar um skilnaðarmálið að efni til.

Efnislega viðmiðunin við slíkar úrlausnir er svipuð í 2. málsgr. 50. gr. frv. sem í 55., sbr. 75. gr. l. 39/1921. Ákvæðið er reist á jafnræðissjónarmiðum, og er því engan veginn skotið loku fyrir, að eiginkona verði skylduð til framfærslugreiðslna með eiginmanni. Vakin er sérstök athygli á, að unnt er að taka tillit til þess, hvort krefjanda sé þörf á menntun eða endurhæfingu. Oft ber það við, að t. d. kona giftist ung og hefur þá annað tveggja ekki lokið sérmenntun sinni eða hefur ekki stundað starf, sem sérmenntun hennar laut að, um langan tíma. Getur henni þá verið brýn þörf á fé til að sérmennta sig eða til endurhæfingar eftir atvikum. Með ákvæði 2. málsgr. 50. gr. frv. er sérstaklega vikið að þessu mikilvæga atriði. Miklu varðar, að skýrlega sé kveðið á um tímalengd framfærslueyrisgreiðslna, ef því er að skipta.

Samkv. 3. málsgr. 50. gr. fellur skylda til greiðslu framfærslueyris niður, þegar sá, sem rétt á til framfærslueyris, giftist af nýju eða þegar annað hvort hjóna andast. Um áhrif þess á framfærslueyri, er maki giftist af nýju, eru nú ákvæði í 75. gr. 2. málsgr. l. 39/1921, og er 50. gr. 3. málsgr. í samræmi við það, en ákvæðið í 50. gr. um áhrif andláts á framfærsluskylduna er í samræmi við fræðiskýringar. Á Norðurlöndum hefur nokkuð verið um það rætt og ritað, hvort skilinn maki, sem rétt á til framfærslueyris, glati þeim rétti, ef hann tekur upp óvígða sambúð við karl eða konu, þ. e. hvort óvígða sambúðin verði að þessu leyti lögð að líku við að aðili hafi gifzt af nýju. Má um það efni minna á danskan hæstaréttardóm frá 1960 (U 1960, bls. 546), þar sem hæstiréttur taldi ekki, að óvígð sambúð yrði lögð á borð við hjúskap í þessu sambandi.

Um 51. og 52. gr.

Hér eru fyrirmæli um breytingu á samningi milli hjóna um skyldu til greiðslu framfærslueyris eða um fjárhæð hans, sbr. 51. gr., og um breytingu á ákvæðum dóms eða á úrlausn dómsmálaráðuneytis (eða yfirvalds, ef dómur hefur fjallað um skylduna, sjá 1. málsgr. 50. gr.), sbr. 52. gr. Má í fyrra tilvikinu breyta samningi, ef sýnilega er „ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna að halda samningnum til streitu". Til samanburðar er tilhögunin samkv. 48. gr. varðandi forræði barna, þar sem heimilað er að breyta samningi, „ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barna". Þá ber einnig að bera þetta ákvæði saman við 54. gr. frv., en samkv. því má lýsa ógildan samning um þau efni, sem þar greinir og m. a. taka til framfærsluskyldna, „ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað". Fjallar 51. gr. því um breyttar aðstæður, en 54. gr. um það, er samningsgerð er ósanngjörn frá öndverðu. Samningar þeir, sem 51. gr. lýtur að, kunna að verða gerðir til langs tíma, og er örðugt að hafa fulla yfirsýn yfir þau atriði, sem máli skipta um samningsgerð og þá þróun, sem verður eftir hana. Atvik geta breytzt gagngert, t. d. vegna breytinga á fjárhag aðilja, heilsuhögum þeirra eða öðrum högum, vegna breytinga á kaupgildi peninga o. fl. Er ákvæði 51. gr. frv. rýmra en samkv. 58. og 78. gr. l. 39/1921, og er hér farið mjög að fordæmum norrænu laganna nýju.

Samkv. 52. gr. er unnt að breyta ákvæði dóms eða úrlausn dómsmálaráðuneytis, „ef verulega breyttar aðstæður og atvik að öðru leyti mæla með slíkri breytingu“. Sú breyting, sem hér er um að ræða, getur bæði lotið að því að fella niður skyldu til greiðslu framfærslueyris eða að breyta fjárhæð hans.

Stundum getur vafi vaknað um, hvort framfærslueyrir sé samningsbundinn eða ákvarðaður af stjórnvaldi eða dómstól, en í lögum er ógerlegt að setja fram ábendingar um það efni, er haldkvæmar séu.

Um 53. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er kveðið á um úrlausnir til bráðabirgða um, hvernig fara skuli um forræði fyrir börnum hjóna, sem krafizt hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Eiga ákvæði 47. gr. hér við, en þeirri skipan, sem á kemst, má breyta vegna breyttra aðstæðna, enda bindur úrlausn til bráðabirgða ekki hendur úrskurðaraðilja, þegar skipa skal forræði til frambúðar. Er auðsæ þörf á slíku ákvæði sem þessu, og er hér raunar aðeins lagt til, að sú skipan sé lögfest, sem farið er eftir í lagaframkvæmdinni, en tryggilegra er að úrlausnaraðili hafi hér skráð lög að bakhjarli.

Ákvæði 53. gr. lýtur aðeins að þeirri aðstöðu, að krafizt hafi verið skilnaðar, en á ekki samkv. orðanna hljóðan við, þegar samvistaslit hafa átt sér stað án þess að skilnaðarkrafa hafi verið gerð. Verður þá einnig að taka afstöðu til þess, hvernig fari um dvalarstað barns og hvoru foreldri það fylgi. Koma þá svipaðar reglur til greina og í 53. gr. Slíkt ákvæði á þó fremur heima í lögræðislögum en í þessu frv.

Um 54. gr.

Ákvæðið er að mestu sama efnis og 79. gr. l. 39/1921. Á það við um samninga hjóna í tengslum við skilnaði, er lúta efnislega að fjárskiptum, framfærsluskyldum og öðrum skilnaðarmálum. Ákvæðið varðar annmarka á samningsgerð frá öndverðu, og heimilar dómstól að lýsa samning ógildan, ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað. Ákvæði 51. og 52. gr. eiga hins vegar við um breyttar aðstæður, en þær geta valdið því að sýnilega sé ósanngjarnt að halda samningi til streitu af þessum sökum, þótt hann hafi ekki verið ósanngjarn frá fyrstu gerð.

Í 2. málsgr. er lagt til, að málshöfðunarfrestur verði 1 ár frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu skilnaðarbréfs. Er frestur þessi lengdur frá því sem er í 79. gr. 1. málsgr., en samkv. því ákvæði er hann 6 mánuðir.

Í 3. málsgr. er lagt til, að nánast verði lögfest fræðiskýring þess efnis, að málshöfðunarfrestur 2. málsgr. gildi ekki, ef freistað sé að hnekkja samningi, er lúti 1. málsgr., með stoð í almennum reglum um ógildi fjármunaréttarsamninga. Felst raunar einnig í því ákvæði ráðagerð um, að unnt kunni að vera að beita slíkum reglum um þess konar samninga.

Um VI. kafla.

Um skipti á búi hjóna, sem skilja, eru ákvæði í lögum 20/1923, sbr. einkum almenna ákvæðið um helmingaskipti á hjúskapareignum hjóna í 18. gr. 2. málsgr. l. 20/1923, svo og ákvæði VII. kafla sömu laga og 6. kap. skiptalaga 3/1878. Í VI. kafla þessa frv. er lagt til, að nokkur ákvæði verði lögfest, er skiptin varða, og ber þá að taka tillit til þeirra auk greindra ákvæða l. 20/1923 og skiptalaga, svo og annarra lagafyrirmæla, sem mál þetta varða. Er á það minnt í 55. gr. frv. Ákvæði þessa kafla eru sundurleit, en þörf er á þeim frá hagnýtu sjónarmiði. Sérstaklega er þess að geta, að helmingaskiptareglan getur verkað ósanngjarnlega, einkum þegar hjúskapur hefur staðið skamma hríð og ekki leitt til samstöðu hjóna að marki.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringar, en rétt er að benda á, að ákvæðin, sem hér eru greind um skipti, eru engan veginn tæmandi.

Um 56. gr.

Hér er minnt á ákvæði laga um lífeyri, en sum þeirra kveða á um hlutdeild skilins maka í lífeyri fyrrv. eiginmanns eða eiginkonu, sbr. einkum l. 29/1963, 14. gr. lokamálsgr. og l. 85/1963, 12. gr. lokamálsgr. Ljóst er, að þetta ákvæði gegnir aðeins leiðsöguhlutverki, en felur ekki í sér sjálfstæða efnislýsingu.

Um 57. gr.

Samkv. 18. gr. 2. málsgr. l. 20/1923 á hvor maki um sig tilkall til helmings úr skirri hjúskapareign hins, þegar til búskipta kemur m. a. vegna skilnaðar. Þessi regla er rótgróin bæði í íslenzkum og öðrum norrænum hjúskaparrétti. Þegar hjúskapur hefur staðið skamma stund og sérstaklega þegar hjónaband er barnlaust og hjón hafa lítt eða ekki búið saman, er einsætt, að helmingaskiptaregluna skortir, eins og á stendur, þann rökræna og félagslega bakgrunn, sem reglan styðst að öðru leyti við. Getur þá verið óréttmætt að beita henni. Í umræðum norrænu sifjalaganefndanna náðist um það samstaða að leggja til, að lögmælt væru fyllri frávik frá helmingaskiptareglunni en nú er í lögum. Raunar má geta þess, að norskur réttur hefur nokkra sérstöðu í þessu efni, með því að þegar 1927 var lögfest sú tilhögun, að víkja mætti frá helmingaskiptum, þegar skiptadómur teldi sanngirni mæla með því. Í 57. gr. frv. er lagt til, að svipuð heimild verði lögfest og þó nokkuð þrengri en er eftir norsku lögunum. Er fyrirmyndin dönsku lögin nr. 412/1963 um breytingu á skiptalögunum.

Forsendur þess, að unnt sé að víkja frá helmingaskiptareglunni, eru þessar samkv. 57. gr.:

1. Eigur þær, sem undir skipti koma, þurfa að stafa „að mestu leyti frá öðru hjóna, er flutt hefur þær í bú með þeim hætti, er segir í 27. gr.“ Ef ekki er verulegur munur á þeim eignum, sem hvor um sig hefur flutt í búið, á ákvæðið ekki við. Eignir þær, sem hér á að miða við, eru eigur, sem hvor um sig flytur með sér við stofnun hjúskapar, og svo verðmæti, er honum bætist að gjöf eða að arfi, meðan hjúskapur stendur, og væntanlega einnig verðmæti, sem hliðstætt stendur á um, svo sem verðmæti, er flytjast frá séreign hlutaðeiganda í hjúskapareign hans.

2. Krafa verður að koma fram frá því hjóna, sem fullnægir skilorði því, er greinir í 1. tölulið. Skiptadómur ætti að vekja athygli aðilja á þessu ákvæði, ef um mál væri fjallað þar.

3. Helmingaskiptareglan verður að teljast bersýnilega ósanngjörn, eins og á stendur, einkum vegna þess að hjúskapur hefur verið skammvinnur. Danski lagatextinn hefur verið túlkaður þannig með vísan til greinargerðar fyrir frv., að ef hjúskapur hefur staðið 5 ár eða lengur, þá eigi ákvæðið yfirleitt ekki við. Hér ber einnig að gaumgæfa, hvort hjúskapur hafi leitt til fjárhagslegrar samstöðu. T. d. má vera, að hjúskapur hafi staðið að formi til í 4 ár, en allan þann tíma hafi hjón þó verið fjarvistum að vilja annars eða beggja. Að öðru leyti er hér miðað við hvort helmingaskipti séu bersýnilega ósanngjörn.

Þegar forsendum 57. gr. er fullnægt, á að beita reglum um skipti vegna ógildingar hjúskapar að nokkru eða öllu leyti, þ. e. hvort hjóna á að taka að óskiptu virði þess, er það flutti í búið eða síðar eignaðist fyrir gjöf eða arf. Önnur verðmæti sæta yfirleitt helmingaskiptareglunni. Samkv. þessu er frávik 57. gr. frá helmingaskiptareglunni á ýmsan hátt æði takmarkað, sbr. og regluna um að helmingaskipti séu „bersýnilega ósanngjörn“.

Ákvæðið á bæði við um skilnað að borði og sæng og lögskilnað og svo fjárskipti vegna úrskurðar um fjárslit, sbr. 39. gr. l. 20/1923 og aðrar greinar VI. kafla laganna.

Í norrænum dómum hefur stundum verið beitt ákvæði, er samsvarar 74. gr. l. 39/1921 um fébætur vegna þess að annað hjóna hafi stórlega misboðið hinu, í því skyni að rétta hlut þess maka, sem á hefur verið hallað einnig í fjárskiptunum. Heppilegra er að lögfesta skiptaákvæði sem þetta í því skyni að ná þessu takmarki. Um ákvæði 74. gr. l. 39/1921 er þess að geta, að það er reist á saknæmisgrundvelli og samkv. þeirri meginstefnu þessa frv. að útrýma yfirleitt sakarþættinum úr hjúskaparlöggjöf, nema í sérstökum, sérgreindum tilvikum (sbr. skilnaðarforsendur), þá er hér lagt til, að 74. gr. sé afnumin án þess að nokkurt nýtt ákvæði komi í stað þess. Bent skal þó á 28. gr. frv. í þessu sambandi.

Um 58. gr.

Samkv. 54. gr. 2. málsgr. l. 39/1921 getur annað hjóna krafizt þess, er leyfi hefur verið veitt til skilnaðar að borði og sæng, „að fá innanstokksmuni, vinnuáhöld og aðra lausafjármuni, jafnvel þó að verð þeirra fari fram úr lögmæltum búshluta hans, en þó því aðeins að ætla verði, að hann megi eigi án þeirra vera til heimilishalds". Ákvæði þetta er einskorðað við það, að skilnaðar sé krafizt samkv. 52. gr. 1. málsgr. laganna og að búið sé „lítið".

Í 58. gr. frv. er lagt til, að þetta ákvæði verði rýmkað að efni til. Nær það til fjárskipta, hvort heldur er við skilnað að borði og sæng eða lögskilnað, og gegnir einu, á hvaða grundvelli krafa um skilnað er reist. Þá er einnig afnuminn sá fyrirvari, að bú sé „lítið", en samkv. eðli máls mun ákvæðinu ekki verða beitt, nema um tiltölulega litlar eignir sé að ræða í búi.

Í lok 58. gr. er sleginn við sá varnagli, að ákvæðið eigi ekki við, ef krefjandi geti með öðrum hætti útvegað sér nauðsynjar, svo sem fyrir séreignarfé sitt eða vegna tekna, sem í vændum eru.

Minnt er að öðru leyti á ákvæði 58. og 59. gr. l. 20/1923 og 59. og 64. gr. skiptalaga.

Um 59. gr.

Nokkur óvissa er um túlkun 64. gr. skiptalaga, er varðar tilkall maka til útlagningar á eign við fjárskipti. Ljóst er, að það hjóna, sem á verðmæti að hjúskapareign, hefur forgangsrétt til þess að fá sér lagt út verðmæti þetta, ef það fer ekki fram úr búshluta þess við skiptin. Hins vegar hefur þótt orka tvímælis, hvort maki gæti krafizt verðmætisins, ef það rúmast ekki innan búshlutans að fjárhæð til, gegn greiðslu þess hluta virðingarverðs, sem fer fram úr búshluta. Hæstiréttur hefur talið í dómi frá 1948 (XIX, bls. 151), að hér yrði að einskorða 64. gr. við þau tilvik, er verðmætið rúmaðist innan búshlutans. Á þeirri lagaframkvæmd eru ýmsir ágallar og þykir réttmætt að lögfesta þann úrkost, miðað við þá hagsmuni, sem hér leikast á, að útlagning geti átt sér stað, þótt verðmæti fari fram úr búshluta krefjanda. Þá er einnig kveðið á um greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem umfram er búshluta, og er skiptadómi heimilað að mæla fyrir um, að sú greiðsla geti farið fram með afborgunum um tiltekinn tíma gegn tryggingum og með þeim vaxtakjörum, sem skiptadómur ákveður. Sambærilegt ákvæði var lögfest í Danmörku 1963.

Um 60. gr.

Í húsaleigulögum á Norðurlöndum eru víðast hvar ákvæði um það, hvort hjóna fái rétt til að halda leiguíbúð, er þau hafa búið í, ef til skilnaðar kemur. Eru það þá þarfir hvors hjóna um sig, sem virða á, og svo barna, sem hvort þeirra um sig hefur forræði fyrir. Ljóst er, að samkomulag þeirra hjóna sker yfirleitt úr, hvort þeirra haldi áfram að búa í íbúðinni. En ef þau greinir á, er þörf á ákvæði um, að dómsmálaráðuneyti eða dómstóll úrskurði, hvort þeirra fái rétt til að búa í íbúð-

inni, miðað við könnun á þeim þörfum, sem áður greindi. Þykir tímabært að lögfesta þetta ákvæði hér, enda nýtur ekki við almennrar húsaleigulöggjafar hér á landi, svo sem kunnugt er.

Um VII. kafla.

Hér eru ákvæði um réttarfar í hjúskaparmálum o. fl. Þykir réttmætt að hafa þessi ákvæði í hjúskaparlögum, sbr. VIII. kap. l. 39/1921. Þessi kafli bíður fyllri könnunar í sambandi við endurskoðun réttarfarslaga í heild, og hefur jafnlitlu verið breytt hér eins og fært þótti. Meðal breytinga er lagfæring á orðalagi, sbr. 65. gr. 1. málsgr. frv. og svo vísun til l. 82/1961, 2. gr. í 68. gr. 1. málsgr. frv. og til laga 85/1936, 195. gr. í 73. gr. frv. Enn er sektarmörkum breytt í 76. gr., sbr. við 97. gr. l. 85/1936. Þá eru 80. og 81. gr. frv. einnig færðar til samræmis við l. 85/1936 og svo l. 20/1923. Að öðru leyti skal á það bent, að við endurskoðun réttarfarslega þyrfti m. a. að kanna nánar, hvort þörf sé yfirleitt á sérákvæðum um meðferð hjúskaparmála.

Um VIII. kafla.

Hér eru ákvæði um gildistöku laganna svo og hvernig einstökum ákvæðum þeirra skuli beitt um atvik, sem gerzt hafa fyrir gildistöku laganna. M. a. má benda á, að krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað, sem sett hefur verið fram fyrir gildistöku laganna, hlítir eldri lögum, sbr. 84. gr. frv. Sérstaklega er og tekið fram í 85. gr., að þetta gildi einnig, ef skilnaður að borði og sæng sé fenginn í gildistíð eldri laga og lögskilnaðar er krafizt á grundvelli þess leyfis eftir gildistöku laga þessara. Um samninga, sem gerðir eru í tíð eldri laga, verður álitamál, hvort unnt sé að beita reglum yngri laga um breytingu á þeim. Er þetta hægt um samninga um forráð barna og umgengnisrétt, sbr. 86. gr., en ekki um samninga um greiðslu framfærslueyris, sbr. 50. gr., og t. d. um fjárskipti, sbr. 54. gr., og segir um þetta í 87. gr. frv. Ákvæðum VI. kafla frv., er lúta að fjárskiptum vegna skilnaðar, verður beitt, ef leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar er gefið út eftir gildistöku laganna eða ef dómur til skilnaðar er sagður upp eftir gildistöku laganna, sbr. 88. gr.

Í 82. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lögin taki gildi 1. janúar 1972.

Ákvæði VI. kafla frv. gilda við hlið ákvæða l. 20/1923 og l. 3/1878 um fjárskiptin, en ekki þykir rétt að afnema nein ákvæði þeirra beinlínis í þessum lögum. Athygli er vakin á, að efni 19. gr. l. 19/1953 um ættleiðingu breytist að efni til, ef 7. gr. frv. verður lögfest.

Nd. 837. Breytingartillaga [266. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

Frá Þórarni Þórarinssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 7. gr. Á eftir „Sjóefnarannsóknir“ komi nýr liður, svo hljóðandi:

Landgrunnsrannsóknir	35.0

Ed. 838. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Ólafur Björnsson.
Karl Guðjónsson.	Björn Fr. Björnsson.	Einar Ágústsson.
	Steinþór Gestsson.	

Nd. 839. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.
Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Þórarinn Þórarinsson.	Geir Hallgrímsson.
	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	

Nd. 840. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 10 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Í stað 6. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:
Landsvirkjun er heimilt:

1. **Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.**
2. **Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.**
3. **Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.**

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar

þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Sþ. 841. Þingsályktun [92. mál]

um fiskileit við Austfirði.

(Afgreidd frá Sþ. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 96.

Sþ. 842. Nefndarálit [295. mál]

um till. til þál. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, að öllum ákvörðunum í landhelgismálinu verði skotið á frest. Allt verður jafnóljóst og áður um það, hvað ætlazt er fyrir í málinu, nái þingsályktunartillagan samþykki. Kemur í þingsályktunartill. t. d. ekki fram, hvort ætlunin væri að færa út landhelgina eða stefna að kvótaveiðum með öðrum þjóðum á landgrunninu.

Aðalákvæði tillögunnar er að kjósa nefnd til þess að semja og setja í nýtt frumvarp þau efnisákvæði varðandi landgrunns- og landhelgismálið, sem Alþingi og ríkisstjórn hafa þegar lögfest eða tekið ákvarðanir um og unnið að undanfarið.

Ekki er minnzt á landhelgissamninginn við Breta og Vestur-Þjóðverja í þáltill. né hvernig með hann skuli fara. Þó er sá samningur alvarlegasta hindrunin á útfærsluleiðinni.

Minni hlutinn leggur til, að þáltill. verði felld, enda styður hann þáltill. á þskj. 638 um landhelgismál.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Eysteinn Jónsson, frsm. Gils Guðmundsson. Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. 843. Nefndarálit [294. mál]

um till. til þál. um landhelgismál.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Minni hluti utanríkismálanefndar telur eðlilegt, að þjóðin sjálf fái tækifæri til þess að láta í ljós ótvírætt vilja sinn í landhelgismálinu og efna beri því til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið samhliða alþingiskosningunum 13. júní n. k.

Þess vegna lagði minni hl. fram í utanríkismálanefnd svo hljóðandi tillögu:

„Utanríkismálanefnd samþykkir að leggja til við Alþingi, að samhliða alþingiskosningunum 13. júní n. k. fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur til þingsályktunar á þskj. 638 og 647.“

Tillagan var felld í utanríkismálanefndinni með 4 atkv. gegn 3.

Minni hlutinn telur verr farið, að ekki náðist samkomulag um þjóðaratkvæðagreiðslu um báðar tillögurnar, því að með því móti hefðu menn getað tekið afstöðu

í landhelgismálinu alveg ótruflaðir af samúð sinni eða andúð á flokkum og frambjóðendum í alþingiskosningunum sjálfum. Minni hl. telur þýðingarlaust að flytja sérstaka tillögu á Alþingi um þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem hann telur fullprófað í utanríkismálanefnd, að stjórnarflokkarnir geta ekki á hana fallizt, og er þá að snúa sér að afgreiðslu þingsályktunartillagnanna.

Hefði á hinn bóginn orðið samkomulag um þjóðaratkvæðagreiðslu, var að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að afgreiðsla landhelgismálsins biði eftir úrslitum hennar hinn 13. júní.

Minni hl. telur ríka nauðsyn bera til, að Alþingi samþykki nú að færa út landhelgina. Útfærslustefnan verði tekin upp á ný og þar með gert ljóst, svo að engum misskilningi valdi, að Íslendingar stefna ekki að því að deila veiðikvóta með öðrum þjóðum á sínu eigin landgrunni, í stað þess að færa út landhelgina.

Hæfilegt er í þessum áfanga að færa út þannig, að fiskveiðilandhelgin verði 50 sjómílur frá grunnlínum, og rétt, að jafnframt verði ákveðið, að íslenzk lögsaga varðandi mengunarvarnir verði 100 sjómílur.

Útfærslan verði gerð áður en hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna verður haldin, og þó ekki síðar en 1. september 1972. Það er of áhættusöm leið að bíða fram yfir ráðstefnuna, og frá okkar sjónarmiði hafa Íslendingar allt að vinna með því að bætast fyrir ráðstefnuna í hóp þeirra þjóða, sem einhliða hafa stækkað landhelgi sína út fyrir 12 mílur.

Landhelgissamningurinn við Breta og Vestur-Þjóðverja er mjög hættuleg hindrun á útfærsluleiðinni. Í honum eru ákvæði um, að við Íslendingar einir allra þjóða höfum ekki einhliða útfærslurétt á okkar eigin landgrunni, en séum bundnir Haagdómnum. Alþjóðalög um víðáttu fiskveiðilandhelgi eru þó engin í gildi handa Haagdómnum að dæma eftir og allt undir mati dómsmanna sjálfra, hvað þar yrði ofan á, ef til kæmi.

Yfir þessa hindrun verður að komast, áður en til útfærslu kemur, með því að gera stjórnum Bretlands og Vestur-Þýzkalands grein fyrir því, að vegna lífshagsmuna íslenzku þjóðarinnar og breyttra aðstæðna geti samningarnir ekki talizt bindandi fyrir Ísland og verði þeim sagt upp. Enginn samningur getur verið óuppsegjanlegur eða þannig vaxinn, að hann skuli gilda um aldur og ævi, og er það sjónarmið nú almennt viðurkennt í umræðum um landhelgismálið.

Minni hlutinn leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Eysteinn Jónsson, frsm. Gils Guðmundsson. Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 844. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Einn nm., Jón Árm. Héðinsson, var fjarstaddur.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Steinþór Gestsson, fundaskr. Axel Jónsson, frsm. Björn Fr. Björnsson.
Ólafur Björnsson. Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson.

Nd. 845. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá iðnaðarráðherra.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan skv. því:
2. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað orðsins „raforkumálastjóra“ í 3. tölul. komi: Orkustofnun.
b. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, nr. 4, svo hljóðandi:
Að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa til hitunar húsa og annarra þarfa, eftir því sem hagkvæmt er talið.

Ed. 846. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi sínum og leggur til, að það verði samþ. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. — Einn nm., Jón Árm. Héðinsson, var fjarstaddur.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Steinþór Gestsson, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.	Björn Fr. Björnsson.
Ólafur Björnsson.	Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.

Nd. 847. Nefndarálit [280. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Eyjólfur Konr. Jónsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Pétur Sigurðsson.	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	Jón Skaftason, með fyrirvara.
	Björn Pálsson, með fyrirvara.	

Ed. 848. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um sérfræðilega aðstoð við þingflokka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (JÁH) var fjarstaddur sökum veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. apríl 1971.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Axel Jónsson. Björn Jónsson.
Einar Ágústsson. Steingrímur Hermannsson. Sveinn Guðmundsson.

Ed. 849. Lög [241. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 810.

Nd. 850. Lög [179. mál]

um Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 800 (sbr. 687).

Nd. 851. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar (GíslG).

Við 3. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimild í 2. og 3. tölul. 3. gr. er bundin því skilyrði, að Landsvirkjun skuldbindi sig til, gegn tilsvarandi hækkun ríkisábyrgðar fyrir láni, að tengja saman með aðalorkuveitu raforkukerfin á austanverðu Norðurlandi og á Suðurlandi, ef ráðherra mælir svo fyrir, að fengnum tillögum Rafmagnsveitna ríkisins og á þann hátt og á þeim tíma, sem ráðherrann ákveður með hæfilegum fyrirvara. Enn fremur að selja raforku á sama verði til allra almenningsrafveitna, sem kaupa orkuna frá aðalorkuveitum Landsvirkjunar.

Nd. 852. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar (GíslG).

1. Við 3. gr. Á eftir 1. tölul. greinarinnar komi nýr tölul., svo hljóðandi:
   Að reisa allt að 130 MW raforkuver í Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss eða raforkuver í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn ásamt aðalorkuveitum, enda liggi ekki fyrir lögleg ákvörðun um, að Rafmagnsveitur ríkisins eða norðlenzkur virkjunaraðili annist þessar framkvæmdir.
2. Við 4. gr. Orðin „í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá“ falli niður.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „Búrfellsvirkjunar og virkjana í Tungnaá“ komi: virkjana.
4. Á eftir 5. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (6. gr.) Ríkisstjórnin lætur endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku, og skulu tillögur um breytingar á þeirri löggjöf lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en í árslok 1972.
   b. (7. gr.) Að því skal stefnt, að fyrirtækið Landsvirkjun verði annaðhvort ríkiseign eða sameign ríkisins og þeirra sveitar- og sýslufélaga, er þess óska, í réttu hlutfalli við fólksfjölda.
   c. (8. gr.) Að því skal stefnt, að raforka til sams konar nota verði sem fyrst seld á sama verði um land allt.

Nd. 853. Lög [282. mál]

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 567.

Nd. 854. Lög [222. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 826 (sbr. 691).

Sþ. 855. Þingsályktun [45. mál]

um rannsókn og skipulag skelfisk- og rækjuveiða á Breiðafirði.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 45.

Sþ. 856. Þingsályktun [51. mál]

um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 51.

Sþ. 857. Þingsályktun [58. mál]

um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á vöruflutningum landsmanna og gera tillögur um bætta skipan þeirra.

Stefna ber að því að gera flutningakerfið sem hagkvæmast og hraðvirkast án óhæfilegs tilkostnaðar. Leita skal leiða til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þeim efnum, eftir því sem við verður komið.

Sþ. 858. Þingsályktun [61. mál]

um haf- og fiskirannsóknir o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera 3 ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskveiðiflotann. Áætlunin sé gerð af Hafrannsóknastofnuninni í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Áætlunina skal leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Sþ. 859. Þingsályktun [97. mál]

um kynferðisfræðslu í skólum.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 102.

Sþ. 860. Þingsályktun [108. mál]

um bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Í samræmi við eindregna stefnu Íslands á alþjóðavettvangi ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir samkomulagi Evrópuþjóða um algert bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi.

Sþ. 861. Þingsályktun [112. mál]

um eflingu kalrannsókna á Akureyri.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að láta endurskoða rannsóknakerfi landbúnaðarins, sérstaklega með það í huga, að vænlegra sé til árangurs að efla sjálfstæði tilraunastöðvanna í landsfjórðungunum um staðbundin verkefni og dreifðar tilraunir og að höfuðstöðvar kalrannsókna verði á Akureyri.

Sþ. 862. Þingsályktun [114. mál]

um rannsókn á möguleikum á útflutningi á hreinu neyzluvatni.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að rannsókn verði gerð á möguleikum á útflutningi hreins vatns í stórum stíl frá Íslandi. Niðurstöður þessara athugana verði lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Sþ. 863. Þingsályktun [129. mál]

um rannsókn á möguleikum á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 151.

Sþ. 864. Þingsályktun [141. mál]

um athugun möguleika á byggingu og rekstri flöskuverksmiðju á Íslandi.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna, hvort tiltækilegt sé að stofna og reka flöskuverksmiðju á Íslandi.

Meðal annars sé haft í huga við þá könnun, hvort unnt sé að nýta fyrir starfsemi slíkrar verksmiðju að einhverju eða öllu leyti eitthvað af byggingum Síldarverksmiðja ríkisins, sem nú standa ónotaðar víða um land.

Sþ. 865. Þingsályktun [190. mál]

um rannsókn á aðstöðu æskufólks til framhaldsnáms.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 313.

Sþ. 866. Þingsályktun [194. mál]

um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að ráða bót á skorti hjúkrunarfólks til starfa í landinu.

Sþ. 867. Þingsályktun [215. mál]

um rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi og athugun á nýtingu hans.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 372.

Sþ. **868. Þingsályktun** [218. mál]

um raforkumál Vestfjarða.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 383.

Sþ. **869. Þingsályktun** [47. mál]

um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 47.

Sþ. **870. Þingsályktun** [164. mál]

um samgöngur við Færeyjar.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 210.

Sþ. **871. Þingsályktun** [135. mál]

um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 165.

Sþ. **872. Þingsályktun** [251. mál]

um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-vegáætlun fyrir árið 1972.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 823.

Nd. **873. Frumvarp til laga** [281. mál]

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 566 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem síðar lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

35. gr. hljóðar svo:

Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 7 368.00 á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða ekkill, sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.
b. Ef ekkja eða ekkill eru orðin 50 ára eða hafa tapað meiru en 50% af starfsorku sinni, er slysið ber að höndum, greiðist auk bóta samkvæmt a-lið lífeyrir til 67 ára aldurs, kr. 70 560.00 á ári miðað við 60 ára aldur eða 75% örorku. Lífeyrir lækkar um 5% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 60 ára aldur, og 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku. Lífeyrir samkvæmt þessum staflið fellur niður, ef bótaþegi gengur í hjónaband á ný.
c. Barnalífeyrir, kr. 36 108.00 á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 14. gr.
d. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 92 088.00 og allt að kr. 276 264.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.
e. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 92 088.00 og allt að kr. 276 264.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en kr. 128 924.00 fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkvæmt þessum staflíðum, og skal þá bæta slysið með kr. 128 924.00, sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna, ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið í einu lagi samkvæmt 4. málsgr. 34. gr. vegna sama slyss.

72. gr. hljóðar svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geta án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki, snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar, þó innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur barna.

Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mán-

aðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, eftir því sem meðlögin innheimtast, en fullnaðarskil skulu gerð í síðasta lagi fyrir 1. október næsta ár.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

80. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972. Jafnframt eru úr gildi numin eftirtalin lagaákvæði:

1. Lög nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sbr. þó 2. tölulið ákvæða til bráðabirgða.
2. Lög nr. 72 9. des. 1963, um hækkun á bótum almannatrygginga.
3. Lög nr. 2 28. febr. 1964, um hækkun á bótum almannatrygginga.
4. Lög nr. 14 30. apríl 1964, um breyting á lögum nr. 40/1963.
5. Lög nr. 20 23. apríl 1965, um breyting á sömu lögum.
6. Lög nr. 98 22. des. 1965, um breyting á sömu lögum.
7. Lög nr. 94 20. des. 1966, um breyting á sömu lögum.
8. Lög nr. 83 29. des. 1967, um breyting á sömu lögum, sbr. þó 2. tölulið ákvæða til bráðabirgða.
9. Lög nr. 4 24. marz 1968, um hækkun á bótum almannatrygginga.
10. Lög nr. 57 25. apríl 1968, um breyting á lögum nr. 40/1963.
11. Lög nr. 7 6. marz 1969, um hækkun á bótum almannatrygginga.
12. Lög nr. 11 18. marz 1970, um breyting á lögum nr. 40/1963.
13. Lög nr. 20 4. apríl 1970, um hækkun á bótum almannatrygginga.
14. Lög nr. 29 27. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 40/1963.
15. Lög nr. 32 6. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
16. Lög nr. 42 12. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
17. Lög nr. 43 12. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
18. Lög nr. 110 29. des. 1970, um breyting á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótagreiðslur í hlutfalli við þann tíma, sem bótaþegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. málsgr.

Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi, og skal þá einungis reikna til réttindatíma samkvæmt 12. gr. þann tíma, sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

2. Fresta skal til ársloka 1972 gildistöku þeirra ákvæða laga þessara, er varða fækkun og stækkun sjúkrasamlaga. Til sama tíma gildi þau ákvæði laga, er varða héraðssamlög og hlutverk þeirra, tekjur þeirra, gjöld og stjórn.

Fyrir árslok 1971 skal Tryggingastofnun ríkisins, eða sérstök nefnd, gera áætlun um það, hvernig störfum hinna nýju sjúkrasamlaga skuli fyrir komið, hvar þau skuli hafa starfsstöðvar og hvernig innheimtu og útborgun skuli háttað. Kynna skal hlutaðeigandi sveitarstjórnum áætlunina, jafnskjótt og hún hefur verið gerð, og gefa þeim kost á að láta uppi álit um hana. Hin nýja skipan tekur þó ekki gildi, sbr. 1. málsgr., ef ⅗ þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, kjósa fremur óbreytt fyrirkomulag.

3. Þegar núverandi sjúkrasamlög hætta störfum, yfirfærast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við hlutverki þeirra, þannig, að helmingur

hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt, skal renna í varasjóð hins nýja samlags, en helmingur skal ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags til hins nýja samlags. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins ábyrgist skuldir samlaga þeirra, sem niður eru lögð, sem eigin skuld.

4. Þegar héraðssamlög hætta störfum, yfirfærast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við tryggingahlutverki þeirra.

5. Stjórnir sjúkrasamlaga, sbr. 38. gr., skulu skipaðar eigi síðar en 1. júlí 1972.

Nd. 874. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá Jóni Kjartanssyni.

1) 1. gr. orðist svo:

7. gr. laga nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, orðist svo:

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. Einnig er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skylt að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um alla framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndahúsum og utandyra skulu bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

2) 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Nd. 875. Breytingartillaga [281. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (SV, JK, JónasÁ).

Við 80. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. september 1971.

Nd. 876. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [186. mál]

í málinu: Frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá Jóni Kjartanssyni, Ágústi Þorvaldssyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Birni Pálssyni.

Vegna þeirra mótmæla, er fram hafa komið gegn frv. þessu, m. a. frá háskólamenntuðum kennurum, og þar sem frv. í skólamálum, er lögð voru fram jafnhliða frv., verða ekki afgreidd á þessu þingi og samþykkt hefur verið í Ed. að endurskoða lögin, ef samþykkt yrðu, að tveim árum liðnum, telur neðri deild Alþingis betri vinnubrögð að fresta afgreiðslu málsins nú og undirbúa málið betur fyrir næsta Alþingi, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 877. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 13. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

Ed. 878. Breytingartillaga [191. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Birni Fr. Björnssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein (verður 2. gr.), svo hljóðandi:
Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður:
Framlag ríkissjóðs, er nemi eigi minna en 15 millj. kr. árlega.

Nd. 879. Breytingartillaga [266. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

Frá Þórarni Þórarinssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 35 millj. kr. lán vegna rannsókna á landgrunninu.

Nd. 880. Breytingartillaga [266. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

Frá fjármálaráðherra.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
Enn fremur að taka lán, allt að 30 millj. kr., til rannsókna á landgrunninu.

Nd. 881. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Tóbaksauglýsingar hvers konar eru bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

Ed. **882. Frumvarp til laga** [10. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað orðsins „raforkumálastjóra“ í 3. tölul. komi: Orkustofnun.

b. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, nr. 4, svo hljóðandi:

Að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa til hitunar húsa og annarra þarfa, eftir því sem hagkvæmt er talið.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóði svo:

Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.

3. gr.

Í stað 2. málsgr. 5. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til sem höfuðstól allt að 350 millj. kr. gegn jöfnu framlagi frá Reykjavíkurborg. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán innan lands eða utan til greiðslu á höfuðstólsframlagi ríkissjóðs. Af höfuðstól þessum greiðir Landsvirkjun aðilum arð skv. nánari ákvörðun í reglugerð.

4. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

5. gr.

Í stað 1. málsgr. 13. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Við virkjanir Landsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá, sbr. 6. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjananna. Hið *sama gildir um eldsneytisaflstöðvar* Landsvirkjunar.

6. gr.

Í stað 1. málsgr. 15. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar og virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, sbr. 6. gr., að fjárhæð allt að 5 900 millj. króna (67 millj. Bandaríkja-

dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 883. Frumvarp til laga [217. mál]

um utanríkisþjónustu Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

Utanríkisþjónustan fer með utanríkismál og gætir í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Hún skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir

1) stjórnmál og öryggismál,
2) utanríkisviðskipti, og
3) menningarmál.

Utanríkisþjónustan annast í umboði forseta samningagerðir við önnur ríki, nema þar frá sé gerð undantekning í lögum eða forsetaúrskurði.

Þá skal utanríkisþjónustan einnig veita ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

2. gr.

Utanríkisþjónustan greinist í utanríkisráðuneytið, sendiráð Íslands, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur.

3. gr.

Yfirstjórn utanríkisþjónustunnar er hjá utanríkisráðuneytinu, og hefur það eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd utanríkismála sé framfylgt.

Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess ásamt öðrum starfsmönnum, sem til þess eru skipaðir.

4. gr.

Hafa skal sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur á þeim stöðum erlendis, þar sem slíkt er álitið nauðsynlegt til gæzlu hagsmuna Íslands.

Ákveða skal með forsetaúrskurði, á hvaða stöðum skuli hafa sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur (sbr. 7. gr.).

Um ákvarðanir samkvæmt þessari grein skal hafa samráð við utanríkismálanefnd.

5. gr.

Heimilt er utanríkisráðherra að fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu eða vera jafnframt fastafulltrúi hjá alþjóðastofnunum.

Fela má forstöðumanni sendiráðs og öðrum sendiráðsmönnum að annast ræðisstörf jafnframt öðrum störfum.

6. gr.

Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar eða sendifulltrúar. Forstöðumenn fastanefnda hjá alþjóðastofnunum eru fastafulltrúar og getur utanríkisráðherra veitt þeim sendiherranafnbót, meðan þeir gegna því starfi, séu þeir eigi skipaðir sendiherrar.

7. gr.

Ræðismenn eru ýmist úr hópi fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar, sendiræðismenn, eða valdir til starfa fyrir utanríkisþjónustuna, kjörræðismenn. Hinir síðar nefndu þurfa eigi að vera íslenzkir ríkisborgarar. Þeir taka eigi laun, en heimilt er, ef ástæða þykir til, að greiða þeim skrifstofufé að einhverju leyti.

Aðalræðismenn veita aðalræðisskrifstofum forstöðu, ræðismenn veita ræðisskrifstofum forstöðu og vararæðismenn veita vararæðisskrifstofum forstöðu.

8. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar aðrir en kjörræðismenn skiptast í þessa flokka heima og erlendis:

1. flokkur: Ráðuneytisstjóri. Sendiherrar.
2. flokkur: Skrifstofustjóri. Sendifulltrúar. Aðalræðismenn.
3. flokkur: Deildarstjórar. Sendiráðunautar. Ræðismenn.
4. flokkur: Fulltrúar A-flokks. Sendiráðsritarar. Vararæðismenn.
5. flokkur: Fulltrúar B-flokks. Aðstoðarmenn.

Auk þess starfa í utanríkisþjónustunni skjalavörður utanríkisráðuneytisins, bókarar, ritarar og annað starfsfólk eftir nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

9. gr.

Forseti Íslands skipar þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 1.—3. flokki samkvæmt 8. grein, en utanríkisráðherra þá, sem taldir eru í 4.—5. flokki sömu greinar. Kjörræðismenn eru skipaðir af utanríkisráðherra, nema aðalræðismenn, er forseti Íslands skipar. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

10. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun utanríkisráðherra. Eigi þarf nýja skipun, þótt starfsmaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks samkvæmt 8. grein þessara laga.

11. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 8. gr., er heimilt að ráða menn í utanríkisþjónustuna um tiltekinn tíma til að gegna sérstökum störfum, t. d. sem viðskiptafulltrúar, fiskifulltrúar, blaðafulltrúar eða menningarfulltrúar. Viðskiptafulltrúar skulu vinna að markaðsleit fyrir íslenzkar afurðir og greiða á annan hátt fyrir viðskiptum við aðrar þjóðir.

Þann tíma, er menn gegna störfum í utanríkisþjónustunni samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þeir, eftir því sem við á, hlíta sömu reglum og fastir embættismenn utanríkisþjónustunnar í samsvarandi störfum.

12. gr.

Í utanríkisráðuneytinu skal vera bókasafn um þjóðarétt og alþjóðamál.

Utanríkisráðuneytið sér um skrásetningu allra samninga Íslands við önnur ríki og útgáfu þeirra.

Auk annarra starfa hefur skjalavörður ráðuneytisins að jafnaði með höndum umsjá bókasafnsins og skrásetningu og útgáfu samninga.

Heimilt er að veita fræðimönnum afnot af bókasafni ráðuneytisins að fengnu leyfi ráðherra.

13. gr.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar taka laun samkvæmt almennum reglum um laun starfsmanna ríkisins. Auk þess skulu starfsmenn erlendis fá greiddar staðaruppbætur, sem miðast við kostnað á nauðsynjum (fæði, húsnæði o. fl.) og aðrar sérstakar aðstæður á hverjum stað. Þá skulu starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast langdvölum erlendis, fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Þessar staðaruppbætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum, er utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við utanríkismálanefnd. Reglur skulu settar á sama hátt um greiðslu sjúkrakostnaðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar erlendis.

14. gr.

Óheimilt er starfsmönnum utanríkisþjónustunnar að vinna störf utan hennar nema sérstaklega standi á og samþykki utanríkisráðherra komi til.

Að öðru leyti gilda um starfsmenn utanríkisþjónustunnar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kjörræðismanna.

15. gr.

Starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, sem veita sendiráðum forstöðu, og sendiræðismönnum er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra borgara, og einnig, ef annar aðili er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.

Ef ástæða er til, getur utanríkisráðherra veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgrein þessarar greinar.

16. gr.

Kostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar skal innheimta gjald eftir nánari fyrirmælum, er utanríkisráðherra setur með reglugerð.

18. gr.

Utanríkisráðherra setur almennar starfsreglur fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og ákveður starfssvið þeirra.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Ed. 884. Frumvarp til laga [266. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 522 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að ábyrgjast innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 80 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins til stækkunar verksmiðjunnar. Enn fremur að taka lán, allt að 30 millj. kr., til rannsókna á landgrunninu.

Ed. 885. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

7. gr. laga nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, orðist svo:

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. Einnig er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skylt að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um alla framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndahúsum og utandyra skulu bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

Ed. 886. Lög [242. mál]

um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 465.

Ed. 887. Lög [19. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 808.

Ed. 888. Lög [303. mál]

um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 714.

Ed. 889. Lög [191. mál]

um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 314.

Nd. **890. Lög** [186. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 801 (sbr. 577).

Ed. **891. Lög** [281. mál]

um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 873 (sbr. 566).

Ed. **892. Lög** [10. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 882.

Ed. **893. Lög** [266. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 884 (sbr. 522).

Sþ. **894. Tillaga til rökstuddrar dagskrár** [294. mál]

í málinu: Till. til þál. um landhelgismál.

Frá forsætisráðherra.

Þar sem Alþingi hefur á þessum fundi samþykkt þál. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið, sem mótar stefnuna í landhelgismálinu, telur Alþingi, að ekki sé þörf á að samþykkja þessa tillögu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **895. Lög** [280. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög.

(Afgreidd frá Nd. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 565.

Ed. **896. Lög** [217. mál]

um utanríkisþjónustu Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 883.

Ed. **897. Lög** [109. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 885.

Sþ. **898. Þingsályktun** [295. mál]

um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið.

(Afgreidd frá Sþ. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 647.

Sþ.

899. Nefndaskipun.

(91. löggjafarþing).

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi:

1. *Fjárveitinganefnd:*

Jón Árnason, formaður,
Halldór E. Sigurðsson,
Matthías Bjarnason,[1])
Gunnar Gíslason,
Ingvar Gíslason,[2])
Sverrir Júlíusson,[3])
Geir Gunnarsson,
Birgir Finnsson, fundaskrifari,
Ágúst Þorvaldsson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvarp:

Fjárlög 1971 (1, n. 221 (meiri hl.), n. 223 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
Frsm. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Siglingar milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar (40).
Nefndarálit kom ekki.
2. Staðgreiðsla opinberra gjalda (5).
Nefndarálit kom ekki.
3. Varanlegt slitlag á vegi á Reykjanesskaga (48).
Nefndarálit kom ekki.
4. Leit að bræðslufiski (57).
Nefndarálit kom ekki.
5. Haf- og fiskirannsóknir (63, n. 478).
Frsm.: Jón Árnason.
6. Flugvöllur í Siglufirði (79).
Nefndarálit kom ekki.
7. Áætlun um skólaþörf landsmanna (78).
Nefndarálit kom ekki.
8. Menntaskóli í Reykjaneskjördæmi (47, n. 526).
Frsm.: Gunnar Gíslason.
9. Raforkumál Vestfjarða (383, n. 703).
Frsm.: Jón Árnason.
10. Vegáætlun fyrir árin 1971 og 1972 (482, n. 824 (meiri hl.), n. 825 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
Frsm. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.

---

1) Í forföllum hans, frá 22. febr. til 9. marz, tók sæti hans í nefndinni Ásmundur B. Olsen.
2) Í fjarveru hans, frá 9. til 24. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jónas Jónsson.
3) Í fjarveru hans, frá 17. febr. til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Eyjólfur Konráð Jónsson.

2. *Allsherjarnefnd:*
Matthías Bjarnason,[1])
Gísli Guðmundsson,
Friðjón Þórðarson,[2])
Jónas Pétursson, fundaskrifari,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Bragi Sigurjónsson, formaður,
Jónas Árnason.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Skoðanakannanir (27, n. 138).
Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
2. Strandferðir (28, n. 381).
Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
3. Varnir gegn mengun (26, n. 144).
Frsm.: Gísli Guðmundsson.
4. Framfærsluvísitala fyrir hvern kaupstað (25).
Nefndarálit kom ekki.
5. Fiskileit og fiskirannsóknir (37, n. 353).
Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
6. Endurskoðun stjórnarskrárinnar (41).
Nefndarálit kom ekki.
7. Upplýsingaskylda stjórnvalda (42).
Nefndarálit kom ekki.
8. Vetrarorlof (31, n. 352).
Frsm.: Friðjón Þórðarson.
9. Skelfisk- og rækjuveiðar á Breiðafirði (45, n. 407).
Frsm.: Matthías Bjarnason.
10. Sinfóníuhljómsveit Íslands (53).
Nefndarálit kom ekki.
11. Æðarrækt (49, n. 229).
Frsm.: Jónas Pétursson.
12. Jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi (51, n. 424 (meiri hl.), n. 442 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bragi Sigurjónsson.
Frsm. minni hl.: Jónas Pétursson.
13. Skipulag vöruflutninga (60, n. 683).
Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
14. Iðnþróunaráætlun (70, n. 425 (meiri hl.), n. 427 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bragi Sigurjónsson.
Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
15. Útflutningsráð (66).
Nefndarálit kom ekki.
16. Varnir gegn sígarettureykingum (83, n. 339).
Frsm.: Matthías Bjarnason.
17. Skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum (85).
Nefndarálit kom ekki.

1) Á fundi nefndarinnar 4. marz tók sæti hans í nefndinni Ásmundur B. Olsen.
2) Á fundi nefndarinnar 12. nóv. tók sæti hans í nefndinni Ásgeir Pétursson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjarnefnd.

18. Stjórnkerfi sjávarútvegsins (91, n. 379 (meiri hl.), n. 393 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Bragi Sigurjónsson.
    Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
19. Einkaréttur ríkisins til lyfsölu (93).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Innkaup landsmanna (95).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Fiskileit við Austfirði (96, n. 382).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
22. Bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi (115, n. 720).
    Frsm.: Friðjón Þórðarson.
23. Kynferðisfræðsla í skólum (102, n. 655).
    Frsm.: Jónas Pétursson.
24. Menntastofnanir og vísinda utan höfuðborgarinnar (103).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Kalrannsóknir á Akureyri (121, n. 685).
    Frsm.: Jónas Pétursson.
26. Útflutningur á neyzluvatni (123, n. 692).
    Frsm.: Jónas Pétursson.
27. Klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum (126).
    Nefndarálit kom ekki.
28. Hagnýting fiskimiðanna umhverfis landið (127).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Löggjöf um rétt til óbyggða, afrétta og almenninga (97).
    Nefndarálit kom ekki.
30. Sjóvinnuskóli á Siglufirði (141).
    Nefndarálit kom ekki.
31. Atvinnulýðræði (145).
    Nefndarálit kom ekki.
32. Útflutningur á framleiðsluvörum gróðurhúsa (151, n. 541).
    Frsm.: Friðjón Þórðarson.
33. Flugstöð á Vestmannaeyjaflugvelli o. fl. (132).
    Nefndarálit kom ekki.
34. Dreifing framkvæmdavalds (124).
    Nefndarálit kom ekki.
35. Flöskuverksmiðja á Íslandi (173, n. 684).
    Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
36. Endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins (175).
    Nefndarálit kom ekki.
37. Rekstrarlán iðnfyrirtækja (153).
    Nefndarálit kom ekki.
38. Viðgerðarþjónusta sjónvarps (189).
    Nefndarálit kom ekki.
39. Samgöngur við Færeyjar (210, n. 490).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
40. Aðstaða æskufólks til framhaldsnáms (313, n. 545).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
41. Bann við því, að hljóðfráar þotur fljúgi yfir Ísland (316).
    Nefndarálit kom ekki.
42. Ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki (317, n. 719).
    Frsm.: Bragi Sigurjónsson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála- og kjörbréfanefndir.

43. Rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi (372, n. 656).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
44. Fiskverð á Íslandi og í Noregi (190).
    Nefndarálit kom ekki.
45. Móðurmálskennsla í barna- og gagnfræðaskólum (324).
    Nefndarálit kom ekki.
46. Verknáms- og þjónustuskylda ungmenna (165, n. 649 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Bragi Sigurjónsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

3. *Utanríkismálanefnd:*

Birgir Kjaran, formaður
Eysteinn Jónsson,
Friðjón Þórðarson,
Matthías Á. Mathiesen,
Þórarinn Þórarinsson,
Gils Guðmundsson,
Gylfi Þ. Gíslason, fundaskrifari.

Varamenn:

Gunnar Gíslason,
Ólafur Jóhannesson,
Guðlaugur Gíslason,
Pétur Sigurðsson,
Jón Skaftason,
Magnús Kjartansson,
Benedikt Gröndal.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Úrsögn úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings (36, n. 833 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gils Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
2. Öryggisráðstefna Evrópu (206, n. 834 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gils Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
3. Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar (587, n. 706).
   Frsm.: Birgir Kjaran.
4. Réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið (647, n. 832 (meiri hl.), n. 842 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Birgir Kjaran.
   Frsm. minni hl.: Eysteinn Jónsson.
5. Landhelgismál (638, n. 843 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Eysteinn Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

4. *Kjörbréfanefnd:*

Matthías Á. Mathiesen, formaður,
Ólafur Jóhannesson,
Pálmi Jónsson,[1])
Geir Hallgrímsson,
Björn Fr. Björnsson,[2])
Jón Þorsteinsson, fundaskrifari,
Karl Guðjónsson.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Gísla Jónssonar, 2. (vara)þm. Norðurl. e., Halldórs Kristjánssonar, 3. (vara)þm. Vestf., og Daníels Ágústínusson, 3. (vara)þm. Vesturl., og lét uppi munnleg álit um þau.

1) Í fjarveru hans, frá 10. til 25. okt., tók sæti hans í nefndinni Óskar E. Levy.
2) Í fjarveru hans, frá 18. okt. til 14. des., tók sæti hans í nefndinni Helgi Bergs.

Fastanefndir Sþ.: Þingfararkaupsnefnd. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*
Jónas Pétursson, fundaskrifari,
Halldór E. Sigurðsson,
Jónas G. Rafnar,
Gunnar Gíslason,
Bjarni Guðbjörnsson,[1])
Jón Þorsteinsson, formaður,
Björn Jónsson.

B.

Í efri deild:

1. *Fjárhagsnefnd:*
Ólafur Björnsson, formaður,[2])
Einar Ágústsson,
Axel Jónsson,[3])
Sveinn Guðmundsson,
Bjarni Guðbjörnsson,[4])
Jón Árm. Héðinsson, fundaskrifari,
Björn Jónsson.

Lagafrumvarp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Ríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar (3, n. 58).
Frsm.: Ólafur Björnsson.
2. Ríkisreikningurinn 1968 (4, n. 108).
Frsm.: Ólafur Björnsson.
3. Atvinnumálastofnun (81).
Nefndarálit kom ekki.
4. Stöðugt verðlag og atvinnuöryggi (148 (sbr. 106), n. 154 (1. minni hl.), n. 156 (meiri hl.), n. 160 (2. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Björn Jónsson.
Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
Frsm. 2. minni hl.: Einar Ágústsson.
5. Gjaldaviðauki (2, n. 203).
Frsm.: Ólafur Björnsson.
6. Tollskrá o. fl. (205, n. 254).
Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
7. Tekjuskattur og eignarskattur (198).
Nefndarálit kom ekki.
8. Fyrirframinnheimta opinberra gjalda (250, n. 281 (meiri hl.), n. 283 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Guðmundsson.
Frsm. minni hl.: Björn Jónsson.

---

1) í forföllum hans, frá 17. febr. til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Steingrímur Hermannsson.

2) Í fjarveru hans, frá 7. til 18. des., tók sæti hans í nefndinni Guðmundur H. Garðarsson, en Sveinn Guðmundsson gegndi formannsstörfum sama tíma.

3) Í fjarveru hans, frá 3. til 16. nóv. og 15. til 28. marz, tók sæti hans í nefndinni Oddur Andrésson.

4) Í fjarveru hans, frá 26. nóv. til 9. des., tók sæti hans í nefndinni Halldór Kristjánsson, en í forföllum hans, frá 17. febr. til þingloka, Steingrímur Hermannsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

9. Búnaðarbanki Íslands (225).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja (305, n. 362).
    Frsm.: Axel Jónsson.
11. Hagstofnun launþegasamtakanna (346, n. 751).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
12. Happdrættislán Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi (69, n. 461).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
13. Tollskrá o. fl. (436, n. 462).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
14. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (475).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Aukatekjur ríkissjóðs (476, n. 532).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
16. Stimpilgjald (477, n. 533).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
17. Bankavaxtabréf (473, n. 531).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
18. Laun forseta Íslands (523, n. 595).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
19. Lán vegna framkvæmdaáætlunar (522, n. 594).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
20. Tekjuskattur og eignarskattur (743 (sbr. 722), n. 759 (meiri hl.), n. 762 (minni hl.).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
21. Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka (714, n. 848).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Jónas G. Rafnar,
Ásgeir Bjarnason,
Jón Árnason, fundaskrifari,
Steinþór Gestsson,
Páll Þorsteinsson,
Jón Þorsteinsson, formaður,
Karl Guðjónsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Vegalög (62, n. 821).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
2. Ráðstefnustofnun ríkisins (172).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Vegalög (233, n. 287 (meiri hl.), n. 288 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Þorsteinsson.
   Frsm. minni hl.: Karl Guðjónsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 258 (frsm.: Ásberg Sigurðsson).

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðarnefnd.

3. *Landbúnaðarnefnd:*
Steinþór Gestsson, formaður,
Ásgeir Bjarnason,
Jónas G. Rafnar,[1])
Jón Árnason,
Páll Þorsteinsson,[2])
Jón Þorsteinsson, fundaskrifari,
Karl Guðjónsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Lífeyrissjóður bænda (6, n. 158).
Frsm.: Steinþór Gestsson.
2. Stofnlánadeild landbúnaðarins (24, n. 194).
Frsm.: Steinþór Gestsson.
3. Sauðfjárbaðanir (99, n. 430 (meiri hl.), n. 507 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Páll Þorsteinsson.
Frsm. minni hl.: Steinþór Gestsson.
4. Sauðfjárbaðanir (77, n. 208).
Frsm.: Steinþór Gestsson.
5. Dýralæknar (122).
Nefndarálit kom ekki.
6. Sala Áss í Nesjahreppi (174).
Nefndarálit kom ekki.
7. Sala eyðijarðarinnar Karlsstaða í Helgustaðahreppi (178).
Nefndarálit kom ekki.
8. Sala Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi (241, n. 341).
Frsm.: Jón Árnason.
9. Sala Holts í Dyrhólahreppi (270, n. 325 (meiri hl.), n. 340 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Steinþór Gestsson.
Frsm. minni hl.: Karl Guðjónsson.
10. Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán (251).
Nefndarálit kom ekki.
11. Sala Sandfells í Hofshreppi (348).
Nefndarálit kom ekki.
12. Eyðing refa og minka (150, n. 508).
Frsm.: Steinþór Gestsson.
13. Framleiðnisjóður landbúnaðarins (419, n. 467).
Frsm.: Steinþór Gestsson.
14. Sala hluta úr jörðinni Kollafirði (466, n. 592).
Frsm.: Steinþór Gestsson.
15. Girðingalög (551, n. 747).
Frsm.: Steinþór Gestsson.
16. Áburðarverksmiðja ríkisins (687, n. 746).
Frsm.: Steinþór Gestsson.
17. Stofnlánadeild landbúnaðarins (691, n. 779).
Frsm.: Steinþór Gestsson.
18. Sala hluta af landi jarðarinnar Dysja og jarðarinnar Háagerðis (810, n. 822).
Frsm.: Steinþór Gestsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 21. okt. til 15. nóv., tók sæti hans í nefndinni Gísli Jónsson.
2) Á fundi nefndarinnar 9. marz tók sæti hans í nefndinni Kristján Ingólfsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti (72).
Frsm.: Steinþór Gestsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Jón Árnason, formaður,
Ólafur Jóhannesson,
Axel Jónsson,[1])
Sveinn Guðmundsson,
Bjarni Guðbjörnsson,[2])
Jón Árm. Héðinsson, fundaskrifari,
Gils Guðmundsson.[3])

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (13, n. 364).
   Frsm.: Jón Árnason.
2. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (12, n. 363).
   Frsm.: Jón Árnason.
3. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (14, n. 386 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
4. Togaraútgerð ríkisins (94).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Fiskvinnslustofnun ríkisins (111).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins (117).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Fiskveiðasjóður Íslands (167).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu (342, n. 444).
   Frsm.: Axel Jónsson.
9. Fiskimálasjóður (201, n. 387).
   Frsm.: Jón Árnason.
10. Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu (451, n. 548).
    Frsm.: Jón Árnason.
11. Hafnalög (90).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Bátaábyrgðarfélög (565, n. 704).
    Frsm.: Jón Árnason.
13. Fiskvinnsluskóli (658 (sbr. 516), n. 727).
    Frsm.: Jón Árnason.

B. Þingsályktunartillaga:

Rækjuvinnsla á Suðurnesjum (104, n. 739).
Frsm.: Jón Árnason.

---

1) Í fjarveru hans, frá 3. til 16. nóv. og 15. til 28. marz, tók sæti hans í nefndinni Oddur Andrésson.

2) Í forföllum hans, frá 17. febr. til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Steingrímur Hermannsson.

3) Í fjarveru hans, frá 18. okt. til 25. nóv., tók sæti hans í nefndinni Karl Sigurbergsson.

Fastanefndir Ed.: Iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Jónas G. Rafnar,[1])
Björn Fr. Björnsson,[2])
Axel Jónsson,[3])
Sveinn Guðmundsson, formaður,
Einar Ágústsson,
Jón Árm. Héðinsson, fundaskrifari,
Gils Guðmundsson.[4])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Iðnlánasjóður (9, n. 140).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
2. Landsvirkjun (10, n. 243).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
3. Orkulög (67, n. 349 (meiri hl.), n. 350 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sveinn Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Björn Fr. Björnsson.
4. Virkjun Lagarfoss (256 (sbr. 8), n. 263).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
5. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins (193, n. 506).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
6. Iðnþróunarstofnun Íslands (429, n. 619).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
7. Olíuhreinsunarstöð (488, n. 618).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
8. Sementsverksmiðja ríkisins (537).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Námulög (588).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Virkjun Svartár í Skagafirði (665, n. 789).
    Frsm.: Sveinn Guðmundsson.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:*

Ólafur Björnsson,[5])
Ásgeir Bjarnason,
Steinþór Gestsson, fundaskrifari,
Axel Jónsson,[6])
Björn Fr. Björnsson,[7])
Jón Árm. Héðinsson, formaður,
Björn Jónsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 21. okt. til 15. nóv., tók sæti hans í nefndinni Gísli Jónsson.
2) Í fjarveru hans, frá 18. okt. til 14. des., tók sæti hans í nefndinni Helgi Bergs, en frá 2. til 21. marz Sigurgeir Kristjánsson.
3) Í fjarveru hans, frá 3. til 16. nóv., tók sæti hans í nefndinni Oddur Andrésson.
4) Í fjarveru hans, frá 18. okt. til 25. nóv., tók sæti hans í nefndinni Karl Sigurbergsson.
5) Í fjarveru hans, frá 7. til 18. des., tók sæti hans í nefndinni Guðmundur H. Garðarsson.
6) Í fjarveru hans, frá 3. til 16. nóv. og 15. til 28. marz, tók sæti hans í nefndinni Oddur Andrésson.
7) Í fjarveru hans, frá 18. okt. til 14. des., tók sæti hans í nefndinni Helgi Bergs, en frá 2. til 21. marz Sigurgeir Kristjánsson.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (17, n. 456 (meiri hl.), n. 480 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árm. Héðinsson.
   Frsm. minni hl.: Sigurgeir Kristjánsson.
2. Sala á íbúðum framkvæmdanefndar byggingaáætlunar (61, n. 157).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
3. Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum (112, n. 334).
   Frsm.: Björn Jónsson.
4. Innheimtustofnun sveitarfélaga (128, n. 185).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
5. Almannatryggingar (129, n. 186).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
6. Afstaða foreldra til óskilgetinna barna (130, n. 187).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
7. Hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja (87, n. 459).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
8. Verzlun með áfengi, tóbak og lyf (116, n. 479).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
9. Almannatryggingar (236, n. 244).
   Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
10. Lyfsölulög (240, n. 326).
    Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
11. Háskóli Íslands (292, n. 328).
    Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
12. Lyfsölulög (312, n. 327).
    Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
13. Almannatryggingar (423).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Húsnæðismálastofnun ríkisins (443, n. 563).
    Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
15. Tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir (514, n. 564).
    Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
16. Fávitastofnanir (567, n. 708).
    Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
17. Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum (568, n. 639).
    Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
18. Almannatryggingar (566, n. 689 (meiri hl.), n. 699 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jón Árm. Héðinsson.
    Frsm. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.
19. Tekjustofnar sveitarfélaga (550, n. 675).
    Frsm.: Jón Árm. Héðinsson.
20. Byggingarsjóður aldraðs fólks (314, n. 846).
    Frsm.: Axel Jónsson.
21. Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar (465, n. 844).
    Frsm.: Axel Jónsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Neyzluvatnsleit (409).
   Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

2. Sjúkraflug á Vestfjörðum (543).
   Nefndarálit kom ekki.

7. *Menntamálanefnd:*
   Ólafur Björnsson, formaður,[1])
   Einar Ágústsson,
   Sveinn Guðmundsson,
   Steinþór Gestsson, fundaskrifari,
   Páll Þorsteinsson,
   Jón Þorsteinsson,
   Gils Guðmundsson.[2])

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Kirkjuþing og kirkjuráð (18, n. 88).
      Frsm.: Ólafur Björnsson.
   2. Ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála (39, n. 445).
      Frsm.: Ólafur Björnsson.
   3. Leiklistarskóli ríkisins (149).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Fóstruskóli (207).
      Nefndarálit kom ekki.
   5. Háskóli Íslands (262, n. 297).
      Frsm.: Guðmundur H. Garðarsson.
   6. Stýrimannaskólinn í Reykjavík (369, n. 608).
      Frsm.: Gils Guðmundsson.
   7. Höfundalög (368).
      Nefndarálit kom ekki.
